Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar [141. mál] (A. 210).

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 20. des., var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það hefur verið venja, eins og menn vita, að gefa nokkurt þinghlé um hátíðarnar, og ég hef þess vegna leyft mér fyrir hönd ríkisstj. að bera fram till. á þskj. 210 um, að þinginu verði frestað, eins og þar greinir, enda komi það saman að nýju eigi síðar en 16. janúar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt til að lýsa yfir því, að við í Framsfl. erum ekki samþykkir þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, og munum þess vegna greiða atkv. gegn henni. Ástæðurnar eru þær, að eins og við vitum hafa staðið yfir og standa enn samningar um landhelgismálið við Breta. Það var von manna, að gefin yrði skýrsla hér í þinginu um þá samninga, en það hefur ekki orðið. Við vitum ekki annað en þeir samningar standi yfir enn, og með tilliti til þess viljum við ekki eiga þátt í því að fresta þingi og munum því verða á móti ályktuninni. Við teljum, að við þessar ástæður hefði verið alveg nægilegt að veita stutt jólaleyfi með því að fresta fundum Alþingis án þál. Hér kemur einnig til, að við erum ekki samþykkir því, að hæstv. ríkisstj. fái þann möguleika til að gefa út brbl., sem það gefur að samþykkja þessa frestun.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þingflokkur Alþb. er andvígur þessari þáltill.

Hæstv. ríkisstj. hefur haldið áfram viðræðum um landhelgismálið við brezku ríkisstj. þrátt fyrir kröfu þjóðarinnar um, að þeim viðræðum sé hætt, og nú síðast í dag fengum við í blöðunum að lesa, að hæstv. utanrrh. væri á fundum með brezka utanríkisráðherranum. Hins vegar hefur ríkisstj. lofað að hafa samráð við Alþ. um þetta mál, en ekki fengizt til þess að gefa yfirlýsingu um, að ekki yrði haldið áfram viðræðunum, meðan þingi væri frestað. Þess vegna erum við andvígir því, að þessi þingfrestunarbeiðni hæstv. forsrh. sé veitt, — álítum, að það hefði átt að hafa þingið hér til taks, þannig að sífellt væri hægt við það að ræða um þetta, og álítum hættulegt, að þinginu sé frestað á þennan hátt. Þetta er höfuðatriðið.

Þá kemur og hitt til, að það er mjög alvarlegt ástand í efnahagsmálum landsins og verður tvímælalaust nú um áramótin. Við álítum óheppilegt, að ríkisstj. geti gefið út brbl., og álítum satt að segja, að það sé ófært, meira að segja þó að þingi sé frestað með þáltill., að það sé notað til þess að gefa út brbl. Við álítum þess vegna líka, að með tilliti til hins alvarlega efnahagslega ástands hefði Alþingi átt að sitja á fundum eða a. m. k. þannig, að aðeins fundum væri frestað og hægt væri að skjóta á fundi hvenær sem væri. Þess vegna er þingflokkur Alþb. mótfallinn þessari till. og mun greiða atkv. á móti henni.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29:24 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 28:23 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 265).

2. Byggingarsamvinnufélög.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun lagaákvæða um byggingarsamvinnufélög [72. mál] (A. 79).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að orðlengja mikið um till. þessa. Hún hefur verið flutt hér áður, en varð þá ekki útrædd.

Húsnæðismálin munu vera til athugunar hjá hæstv. ríkisstj. um þessar mundir. Hins vegar er

hér um nokkuð sérstakan þátt þeirra mála að ræða, sem þessi till. fjallar um og ég hygg að hafi ekki verið sérstaklega tekinn til meðferðar enn sem komið er og snertir ekki beinlínis heldur fjárhagsmál húsbyggjenda.

Það er, eins og hv. þm. vita, starfandi í landinu mikill fjöldi samvinnubyggingarfélaga, sem starfa samkv. ákvæðum laga um slík félög, en samkv. þeim l. er gert ráð fyrir, að slíkum félögum sé veitt ákveðin aðstoð af hálfu ríkisvaldsins, sem vissulega er mjög þýðingarmikil, en jafnframt eru lagðar á félagsmenn samvinnubyggingarfélaga allþungar kvaðir, sem þeir verða að undirgangast að sínu leyti. Það er að sjálfsögðu ekkert óeðlilegt, að á móti þeim réttindum, sem veitt eru, komi hliðstæðar skuldbindingar af hálfu þessara aðila, en megintilgangurinn með þeim skuldbindingum hefur verið sá að reyna að koma í veg fyrir, að það verði óeðlileg hækkun á söluverði húsa umfram það, sem byggingarkostnaður hækkar á hverjum tíma. Nú hygg ég að vísu, að reyndin sé sú, að þetta aðhald hafi komið að mjög litlu haldi í praksis. En hvað sem því máli líður, þá er vert að gera sér grein fyrir því, að framkvæmd á þessum málum hefur orðið í mjög verulegum efnum á annan veg en lögin gera ráð fyrir. Þar er gert ráð fyrir því, að samvinnubyggingarfélögin í raun og veru byggi húsin, íbúðirnar, fyrir meðlimi byggingarfélaganna. En um margra ára bil hefur það verið svo í flestum eða jafnvel öllum samvinnubyggingarfélögum, að þeir, sem eru meðlimir þeirra, verða að verulegu eða jafnvel öllu leyti sjálfir að standa í því að afla fjár, sem þarf til þess að ljúka byggingunum.

Ég hygg, að ég megi fullyrða það, enda hefur það komið í ljós í viðtölum við ýmsa forvígismenn samvinnubyggingarfélaga, að það sé ástæða til þess að breyta í ýmsu þeim reglum, sem um samvinnubyggingarfélög gilda, m. a. vegna þessa, sem ég gat um, að í framkvæmd hefur þetta orðið á nokkuð annan veg en lögin gera ráð fyrir, og af þeim sökum er þessi till. flutt.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið, nema sérstakt tilefni gefist til, en vil leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 16. jan., var fram haldið einni umr. um till. (A. 79, n. 208).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Sú þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 79, var til meðferðar í hv. allshn. sameinaðs þings á fyrri hluta þessa þings og var þar afgreidd samhljóða á þann veg, að nefndin öll mælir með því, að hún nái samþykki.

Efni hennar er það að fara fram á að fela ríkisstj. að láta endurskoða lög um byggingarsamvinnufélög. Þessi lög eru nokkurra ára gömul og hafa verið í mikilli framkvæmd víðs vegar, og þykir nauðsyn til bera að taka þau til endurskoðunar. Nefndin fékk um þetta umsögn frá Sambandi íslenzkra byggingarfélaga og húsnæðismálastjórn ríkisins, sem bæði mæla með þessari tillögu. Mér er kunnugt um, að starfsemi þessara byggingarfélaga er orðin býsna víðtæk, og m. a. er ríkissjóður í ábyrgð fyrir þau fyrir skuldum, sem nema samtals nokkuð á þriðja hundrað millj. kr., og auk þess hafa sumar ríkisstofnanir verið látnar lána byggingarsamvinnufélögum allverulegar upphæðir.

Nú er það svo, að hvort sem hæstv. ríkisstj. lætur starfsmenn stjórnarráðsins endurskoða þessi lög eða setur í það sérstaka menn, þá er ekkert um það í þessari tillögu, hvernig sú endurskoðun verði, og eðlilega hljóta þær brtt. að ganga í gegnum Alþingi, þegar þar að kemur. En þó að ég sé nú í rauninni ekki lengur í þeirri nefnd, sem um þetta fjallaði, þá er mér óhætt að mæla með því fyrir nefndarinnar hönd, að þessi till. verði samþykkt eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 267).

3. Hafnarframkvæmdir.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um athuganir á hafnarframkvæmdum [32. mál] (A. 32).

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Eins og kunnugt er, er um algera hafnleysu að ræða hér á suðurströnd landsins allt frá Þorlákshöfn að Hornafirði. Strandlengja þessi mun vera um 400 km að lengd, og mun hvergi haga svo til annars staðar á landinu, að algerlega hafnlaust sé á svo stóru svæði sem hér um ræðir. Þegar það er haft í huga, að einmitt svæðið frá Reykjanesi að Eystrahorni er mjög fjölfarin skipaleið, bæði fiskiskipa, sem veiðar stunda hér við suðurströnd landsins, svo og annarra skipa, sem af hafi koma, og einnig þeirra, sem við strendur landsins sigla, má segja, að það sé vonum seinna, að hv. Alþ. láti fram fara athugun á möguleikum til byggingar hafna á þessu svæði, eins og lagt er til í till. þeirri, sem hér liggur fyrir á þskj. 32. Þegar þess er enn fremur gætt, að svo hagar til á því svæði, sem hér um ræðir, að ekki er einasta um það að ræða, að enga höfn sé að finna, heldur er þar bókstaflega hvergi um afdrep að ræða fyrir skip, sem landvars vildu leita, ef haflægar áttir eru, nema vera skyldi við Vestmannaeyjar, verður nauðsyn þessa máls

enn ljósari. Og allir, sem eru staðháttum kunnugir í Vestmannaeyjum, vita, að landtaka þar getur verið mjög erfið og oft stórhættuleg, ef myrkur er eða dimmviðri.

En þó að aðstaðan hafi verið slík í þessum efnum sem ég hér hef drepið á allt frá fyrstu tíð Íslandsbyggðar, þá er ástæðan fyrir því, að ekki hefur fram að þessu verið ráðizt í byggingu hafna á einum eða fleiri stöðum hér á suðurströnd landsins, ekki sú, að þess hafi ekki verið talin full þörf, heldur hitt, að allt fram á síðustu tíma hefur það verið talið erfitt eða næsta óframkvæmanlegt tæknilega séð að ráðast í slík mannvirki.

Með þeirri framþróun, sem í þessum málum hefur orðið, sérstaklega síðasta hálfan annan áratuginn, er þetta ekki lengur fyrir hendi, heldur það eitt, hvort fjármagn til slíkra hluta er fyrir hendi eða ekki. En þrátt fyrir þetta telja flm. þeirrar till., sem hér liggur fyrir, nauðsynlegt, að sú rannsókn, sem þar um getur, verði látin fara fram, svo að ljóst liggi fyrir, hverjir möguleikar eru fyrir hendi til hafnarframkvæmda á þeim stöðum, sem um getur í till.

Eins og fram kemur í grg. till., eru hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn komnar á það stig, að vonandi kemur ekki til frekari kasta hv. Alþingis í því sambandi á næstu árum.

Um hafnarframkvæmdir í Þykkvabæ eða við Dyrhólaey gegnir aftur á móti öðru máli. Á vegum íslenzkra aðila hefur engin athugun farið fram eða rannsókn á, hvaða möguleikar séu fyrir hendi til hafnarframkvæmda á þessum stöðum. Á árinu 1952 mun hins vegar hafa á vegum varnarliðsins farið fram allýtarleg athugun á möguleika á hafnargerð í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu. Flutningsmönnum er ekki kunnugt um, að niðurstöður þeirra athugana séu í höndum íslenzkra aðila. Vera má þó, að þær yrðu látnar íslenzkum aðilum í té og að við þær mætti styðjast. Yrði það þá til þess að flýta þeirri athugun, sem farið er fram á í tillögunni, og minnka útgjöld, sem af athuguninni kann að leiða, ef till. verður samþykkt.

Um nauðsyn fyrir höfn á þessum stað er óþarft að fjölyrða. Í Árnes- og Rangárvallasýslum búa um 10 þúsund manns. Suðurlandsundirlendið er eitt mesta landbúnaðarhérað landsins og flutningsþörf þangað og þaðan því mikil. Órugg og fengsæl fiskimið eru fyrir utan ströndina og því líklegt, að útgerð yrði rekin þaðan í verulegum stíl, ef höfn væri þar. Auk þess má á það benda, að þegar ráðizt verður í virkjun fallvatna hér á Suðurlandi með stóriðju fyrir augum, hefur, þegar um þetta hefur verið rætt, þjórsá verið þar ofarlega á dagskrá, enda nokkurt undirbúningsstarf þegar unnið í því sambandi. Mun öllum ljóst, að örugg höfn er bein nauðsyn í sambandi við slíkan atvinnurekstur, sem þar kynni að rísa upp í sambandi við fyrirhugaða stóriðju.

Á árinu 1956 var samþykkt hér á hv. Alþ. till. til þál., sem þáv. þm. V-Sk., Jón Kjartansson, flutti um athugun á hafnarbótum við Dyrhólaós. Athugun þessi hefur þó enn ekki fram farið. Rök fyrir byggingu hafnar við Dyrhólaey, strax og auðið er, eru þrenns konar: Í fyrsta lagi sem eðlileg samgöngubót fyrir það fólk, sem býr í Vestur-Skaftafellssýslu og austurhluta Rangárvallasýslu. Í öðru lagi ber að hafa það í huga, að við Dyrhólaey og meðfram ströndunum þar fyrir austan eru mjög fengsæl fiskimið, sem enn þá eru ekki nýtt nema að litlu leyti á vetrarvertíð, þar sem aðstaða til þess að sækja þessi mið er mjög erfið, hvort heldur er fyrir báta frá höfnum á Austurlandi eða frá Vestmannaeyjum, sökum fjarlægðar. Er því auðsætt, að ef höfn kæmi við Dyrhólaey, mundi þar fljótlega rísa upp veruleg bátaútgerð, sem byggði afkomu sína á fiskimiðum, sem nú í dag eru hvergi nærri fullnýtt. Mundi slíkt að sjálfsögðu skapa auknar tekjur fyrir þjóðarbúið og auknar gjaldeyristekjur fyrir þjóðina í heild.

Þá er ótalið það atriði, sem er ekki hvað sízt mikils um vert, en það er, að höfn við Dyrhólaey mundi verða lífhöfn fyrir þá báta, sem veiðar stunda á svæðinu á milli Hornafjarðar og Vestmannaeyja, og einnig fyrir þau skip, sem af hafi koma, sem mörg miða stefnu sína einmitt á Dyrhólaey, þegar þau taka land. Höfn á þessum stað væri því mikið öryggi fyrir þá sjómenn, sem á þessum slóðum ferðast, hvort sem er í sambandi við fiskveiðar eða aðrar siglingar. Þeir, sem þekkja aðstöðu þeirra manna, sem sjósókn stunda á þessum slóðum, vita vel um þá erfiðleika og þær hættur, sem að þeim steðja við störf þeirra vegna hins algera hafnleysis hér á suðurströnd landsins. Ég veit dæmi þess, að bátur, sem við veiðar var við Dyrhólaey, komst ekki til hafnar í Vestmannaeyjum fyrr en eftir nær tveggja sólarhringa hrakninga á hafi úti í aftakaveðri og var af öllum talinn úr helju heimtur, þegar hann loks náði höfn. Allir þeir, sem þarna áttu hlut að máli, hefðu ábyggilega óskað þess, að höfn hefði þá verið komin við Dyrhólaey, svo að þeir sjómenn, sem á þessum bát voru, hefðu losnað við nær tveggja sólarhringa baráttu upp á líf og dauða, áður en þeir náðu höfn. Ótal dæmi svipuð þessu eru til, en því miður hefur ekki alltaf tekizt eins giftusamlega til og í þetta skipti.

Að öllu þessu athuguðu leggja flm. till. á það áherzlu, að þeirri rannsókn, sem þar um getur, verði hraðað, eins og unnt er.

Herra forseti. Ég leyfi mér svo að leggja til, að till. verði að umr. lokinni vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 32, n. 330).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir á þskj. 32, hefur verið athuguð í fjvn. og um hana fengin umsögn vitamálastjóra. Vitamálastjóri vekur athygli á því í umsögn sinni, að jafnhliða athugun á möguleika fyrir byggingu hafna á þeim stöðum, sem till. gerir ráð fyrir, verði einnig gerðar athuganir á, hvort þörf sé á höfnum á þessum stöðum, og einnig á líklegu flutningsmagni um þær. Verður þessi ábending vitamálastjóra að teljast eðlileg og sjálfsögð. Hlýtur sú stefna að verða ríkjandi í framtíðinni,

að fjármagni til hafnarframkvæmda verði fyrst og fremst beint þangað, sem talizt getur að það komi að sem beztum notum fyrir þjóðarheildina, og til þeirra staða, þar sem líklegast er, að hafnirnar sjálfar geti staðið undir slíkum fjárhagsskuldbindingum, sem þær koma til að taka á sig, í sambandi við uppbyggingu þeirra.

Flm. þessarar till. benda á, að hvergi sé hér á landi eins langt á milli hafna og hér við suðurströnd landsins, á einni fjölförnustu skipaleið við strendur landsins, og að hafnir á báðum þeim stöðum, sem tilgreindir eru í till., kæmu til að liggja við auðug fiskimið, sem enn hafa ekki verið fullnýtt af vélbátaflota landsmanna af þeirri ástæðu fyrst og fremst, að um enga nægjanlega nálæga höfn hefur verið að ræða. Eru því miklar líkur fyrir, ef athugun leiðir í ljós, að tiltækilegt þyki að ráðast í byggingu hafna á þessum stöðum, að þær framkvæmdir mundu fljótlega svara kostnaði.

Eins og fram kemur á þskj. 330, leggur fjvn. til, að till. verði samþykkt með þeirri breytingu, að í stað orðanna í niðurlagi gr.: „Rannsóknum þessum verði hraðað svo, að þeim verði lokið á árinu 1961, ef mögulegt er" komi: Rannsóknum þessum verði hraðað svo sem aðstæður leyfa. — Einn nefndarmanna, Karl Guðjónsson, hv. 6. þm. Sunnl., var fjarverandi, þegar málið var afgr. í fjvn.

ATKVGR.

Brtt. 330 samþ. með 32 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 351).

4. Umferðaröryggi á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður.

Á deildafundum 21. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um umferðaröryggi á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður [65. mál] (A. 71).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt tveimur hv. alþm. að flytja till. til þál. um að fela ríkisstj. að láta í samráði við vegamálastjóra gera athugun á því, á hvern hátt hægt sé að tryggja betur öryggi vegfarenda á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður en nú er gert, og verði þær úrbætur, sem gerðar verða, miðaðar við lagningu tvöfaldrar akbrautar.

Það er kunnugt, að vegurinn frá Reykjavík suður með sjó er einn fjölfarnasti vegur landsins. Hann liggur á ýmsum stöðum í gegnum mjög mikið þéttbýli, eins og t. d. í Kópavogskaupstað og svo í gegnum byggðahverfin við Hraunsholt og í Silfurtúni í Garðahreppi. Þegar farið er um veg þennan, má sjá, að á öryggi vegfarenda er mjög mikil misbrestur og oft og tíðum ýmsar umferðartruflanir, sem leitt hafa af sér slys, sem hafa myndazt, þegar farið er eftir þessum vegi. Í grg. fyrir till. er bent á ýmsar þær leiðir, sem hægt yrði að fara í þessum efnum og ég tel ekki ástæðu til þess að rekja hér nánar.

Þau byggðarlög, sem meðfram þessum vegi liggja, hafa sum hver skipulagt byggðir sínar þannig, að þarna verði lagðar á sínum tíma tvöfaldar akbrautir. En eins og nú er, þá er hér um að ræða mikla umferðaræð allt suður um Suðurnes, ekki aðeins leið á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða sérstaklega um þetta meira, en vil óska eftir því, að umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 71, n. 325).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. fjvn. á þskj. 325 ber með sér, er nefndin sammála um að mæla með samþykkt till.

Mér þykir rétt, að það komi hér fram nokkur atriði úr umsögn vegamálastjóra um þetta mál, því að þar fæst glögg staðfesting á því, hversu mikilvægt vandamál er hér við að fást og hversu brýn nauðsyn er á því, að einhverjar umbætur verði gerðar á þessari leið, og þá fæst þar einnig staðfesting á því, sem segir í niðurlagi till., að nauðsynlegt sé, að þær bráðabirgðaúrbætur, sem kynnu að verða gerðar, miði að því, að hægt verði að framkvæma þá endanlegu lausn, sem er augljóst að verður að fást í náinni framtíð, og það er, að þarna komi tvöföld akbraut.

Vegamálastjóri segir í sinni umsögn, með leyfi hæstv. forseta:

„Umferð bifreiða um Reykjanesbraut á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hefur líðlega tvöfaldazt á undanförnum fimm árum og var á þessu ári að meðaltali mánuðina júlí til október sem hér segir: Um Fossvogslæk 10630 bílar á dag og um Kópavogslæk 5250 bílar. Til samanburðar má geta þess, að umferð um Keflavíkurveg í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar var á sama tíma 1055 bílar á dag. Af þessum tölum má þegar ráða, að nú er orðið aðkallandi að hafa tvöfaldar akbrautir á leiðinni Reykjavík—Kópavogur, þar sem víðast hvar er talið, að vegur með aðeins einni akbraut í hvora átt geti ekki með góðu móti annað meiri umferð en 9—10 þús. bílum á dag. Haldi byggðin í Kópavogi, Garðahreppi og Silfurtúni áfram að aukast með svipuðum hraða og verið hefur, þá verður orðið fullkomið umferðaröngþveiti á núverandi vegi á milli Reykjavíkur og Kópavogs eftir 3—5 ár, og umferðin sunnan við Kópavogslæk mun þá einnig komin í það hámark, sem núverandi vegur getur annað".

Þess er jafnframt getið í umsögn vegamálastjóra, að bráðabirgðaskipulagsuppdrættir, sem gerðir hafa verið af Kópavogskaupstað, Silfurtúni og Hraunsholti, geri ráð fyrir því, að þar verði lagðir fjögurra akbrauta vegir með nokkru færri vegamótum en nú er. En það er þó skoðun vegamálastjóra, þrátt fyrir þessa hugmynd, að það verði mjög erfitt um vik að gera þessa leið að nokkurri hraðbraut vegna þess, hve þarna eru mörg vegamót og auk þess vegurinn mjög krókóttur og mishæðóttur, þannig að til þess að fá slíka lausn, sem vel getur orðið nauðsynlegt í framtíðinni, yrði að flytja veginn algerlega og leggja nýjan veg austan við alla byggð, úr Elliðavogi og norðan Vífilsstaða á núverandi veg ofan við Hafnarfjörð. Þetta er að sjálfsögðu framtíðarmál, sem kemur naumast til greina, að á næstunni verði komið í framkvæmd. En öll rök virðast benda ótvírætt í þá átt, að hér sé um vandamál að ræða, sem nauðsynlegt sé að sinna. Það hefur í framkvæmd verið svo, að allt frá Fossvogslæk og alla leið suður til Hafnarfjarðar hefur þessi vegur verið á vegum ríkisins, enda þótt meginhluti hans liggi gegnum kaupstaði, þannig að það sýnist eðlilegt, að þetta verði tekið til sérstakrar athugunar af ríkisstj., af vegamálastjóra ríkisins, og verði þá að sjálfsögðu höfð samráð við þau bæjar- og sveitaryfirvöld, sem hér koma við sögu. Það er framkvæmdaatriði, hvernig því verði hagað, og þarf því ekki að ræða það sérstaklega í sambandi við þetta mál. En það er skoðun fjvn. eftir að hafa athugað þessi rök málsins, að það sé rétt að samþykkja umrædda till.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd flm. að þakka hv. fjvn. fyrir þá afgreiðslu, sem þessi till. hefur fengið. Við hlýddum á smákafla úr bréfi frá vegamálastjóra, sem réttilega hefur staðfest það, sem fram kom í grg. þeirri, sem fyrir þessari till. var gerð. Engu að síður tel ég rétt, að þessari till. verði sinnt, og þau atvik, sem fyrir hafa komið, allt frá því að þessi till. kom hér fram, fram á þennan dag, sýna ljóslega, að hér er um stórvægilega hættu að ræða fyrir þá, sem um þennan veg fara, því að ég má segja, að það sé rétt, að á þessum stutta tíma, sem þessi till. hefur verið hér til afgreiðslu í hv. Alþ., hafi átt sér stað á þessari leið tvö dauðaslys og eitt meiri háttar slys til viðbótar. — Ég vil svo þakka nefndinni þessa afgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 374).

5. Rykbinding á þjóðvegum.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um tilraunir með nýjar aðferðir til rykbindingar á þjóðvegum [75. mál] (A. 82).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Till. þessi á þskj. 82 er samhljóða till., sem ég flutti á síðasta þingi með hv. 5. þm. Sunnl., en var þá ekki afgreidd. Nú hef ég leyft mér að flytja hana á ný ásamt hv. meðflutningsmönnum mínum. Þetta er mikið nauðsynjamál. Í þéttbýli og raunar á þjóðvegum, sem mikil umferð er um, er rykplágan orðin alveg óþolandi. Það er því nauðsynlegt að leita þeirra ráða, sem tiltæk kunna að vera, til að aflétta henni. Til þess að stuðla að því er þessi till. flutt.

Það mun aðallega vera ein aðferð, sem til þessa hefur verið beitt hér á landi nokkuð að ráði, að strá klórkalsíum á göturnar. Þessi aðferð er dýr og árangur misjafn, oftast til mikilla bóta, en endingin tiltölulega lítil. Ef mikið rignir, skolast saltið fljótt í burtu og aftur fer að rjúka. Ef hins vegar ganga miklir þurrkar, þá er svo lítill raki í loftinu, að saltið nær ekki nægilegum raka úr því til að halda götunum rökum og ryklausum. Vegna þessa hefur verið horfið að öðrum aðferðum erlendis. Mest reynsla er komin þar á að olíubera vegina eða blanda olíu í yfirborðslagið. Þetta getur alveg bundið yfirborðið, svo að ekki rýkur. Enn betra er þó af ýmsum ástæðum að blanda í olíuna efni, sem hefur þann eiginleika að auka viðloðunarhæfni olíunnar við ofaníburðinn. Þá hafa einnig verið gerðar tilraunir með það erlendis að blanda sementi í ofaníburðinn og gefizt vel, að talið er, í vissum tilfellum. Þessar aðferðir eru að vísu nokkuð dýrar og ekki hægt beint að heimfæra erlenda reynslu hingað, vegna þess að efni það, sem notað er til ofaníburðar, er misjafnt, ekki aðeins í ýmsum löndum, heldur einnig misjafnt á ýmsum stöðum í sama landi. Bót er í máli, að hægt er að gera tilraunir með ýmsa þætti þessa máls í tilraunastofu, t. d. hjá atvinnudeild háskólans. Þar er hægt að gera frumtilraunir um ofaníburðinn og blöndun hans og finna út með allmikilli vissu, hvernig hver blanda muni reynast, t. d. þrýstiþol, frostþolni og hvernig langvarandi þurrkur eða væta muni verka á blönduna. Þannig má finna það, sem líklegast er til að reynast vel, og reyna það síðan úti á vegi, sem mikil þörf er á að rykbinda.

Eins og ég sagði áðan, eru þessar aðferðir nokkuð dýrar. En það er heldur ekki svo lítið, sem fæst á móti. Í fyrsta lagi er mikils virði að losna við rykið, en erfitt að meta það beint til fjár. Þó er víst, að nokkur slys hafa hlotizt af blindu, sem mikið ryk hefur valdið, en þau kosta jafnan mikið fé, þótt sleppt sé að ræða um aðrar afleiðingar þeirra. Í öðru lagi er vafalaust, að ofaníburður,

sem beinlínis fýkur af þjóðvegunum hér á landi, nemur árlega milljónum kr. Í þriðja lagi, ef notað er rykbindiefni, sem jafnframt ver veginn fyrir raka eða vætu, þá er vafalaust, að sá ofaníburður, sem árlega skolast í burtu hjá okkur, nemur einnig milljónum kr. Takist vel til, geta þessir vegir slagað hátt upp í malbikaða eða steypta vegi, a. m. k. ef ekki er mjög mikil þungaumferð um þá. Hér á landi veit ég ekki til, að það hafi verið reiknað út hagfræðilega, hver munur er á að aka bíl eftir sléttum og góðum vegi og vegum eins og þeir eru oftast hjá okkur hér. En í Belgíu lét vegamálastjóri þar gera þetta fyrir nokkrum árum, og útkoman var, að munurinn var furðulega mikill. Góði vegurinn sparaði gúmmí og benzín mjög verulega. Bíllinn entist lengur. Slysahætta minnkaði. Talsverður tími sparaðist við betri vegi. Vegaviðhald sparaðist að mestu, a. m. k. fyrstu árin. Útkoman af þessari hagfræðilegu athugun í Belgíu varð sú, að þar gat vegurinn ekki aðeins borið fjárfestingarkostnaðinn að fullu, heldur 12% vexti árlega að auki, og mestur hluti þessa fjár sparaðist í erlendum gjaldeyri. Nú eru aðstæður að vísu aðrar hér en þar, en það má líka fyrr gagn gera. Þetta mál er svo fjárhagslega mikilsvert fyrir okkur, að ég tel, að óverjandi sé að láta ekki gera tilraunir í þessa átt, þótt þær kosti nokkurt fé, sem ég hygg þó að þyrfti ekki að vera mjög mikið.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 82, n. 326).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað þessa till. og leggur til, að hún verði samþykkt, svo sem nál. á þskj. 326 ber með sér. Þess er getið í nál., að nefndin hafi aflað sér umsagnar vegamálastjóra um till., og hann hefur gert nefndinni ýtarlega grein fyrir því, hvað gert hefur verið í þessu efni, og jafnframt því, hvað hann telur að þurfi að gera, og hefur hann fyrir sitt leyti talið rétt að samþykkja þessa till. Hann telur mikilvægt, að haldið verði áfram að kanna úrræði til þess að leysa þetta mikla vandamál.

Ég skal ekki lengja tímann með því að lesa nema lítið eitt úr þessari umsögn vegamálastjóra, en skal aðeins geta þess, að hann nefnir þær tilraunir, sem þegar hafa verið gerðar í sambandi við rykbindingu. Það er í fyrsta lagi að bera klórkalsíum á vegina, sem gert hefur verið á undanförnum árum, en virðist ekki skila sérlega góðum árangri. Það hafa verið notuð í þetta hundrað tonn á ári síðustu árin á nokkrum köflum á fjölförnustu vegum bæði út úr Reykjavík og Akureyri, og segir í umsögninni, að ef hér væri notað það magn, sem er algengast erlendis, mundi kostnaðarverð við þessar rykbindingarráðstafanir kosta um kr. 3.10 á fermetra eða 20 þús. kr. á km. Kostnaður við að rykbinda fjölförnustu vegi út frá Reykjavík, svo sem leiðina til Keflavíkur, Selfoss og Þingvalla, yrði því röskar 3 millj. kr. Hann bendir á, að reynslan hafi sýnt, að slíkar ráðstafanir þurfi að gera árlega. Þá getur hann einnig um, að það sé farið að tíðkast nokkuð að nota sement til rykbindingar, og er enda vikið að því í grg. með umræddri tillögu, en hann segir, að það sé víðast hvar gert í þeim tilgangi að styrkja burðarþol veganna og fá sterkt undirlag undir asfalt, en sé mjög óvíða notað sem slitlag beint. Vegamálastjóri vísar jafnframt til þess, að hér hafi dvalizt sérfræðingur í vegagerð á vegum tæknideildar Sameinuðu þjóðanna í tvo mánuði og hann hafi talið, að blöndun sements í yfirborð til rykbindingar komi ekki til greina hér, en gæti hins vegar hugsazt til styrkingar í undirlagi undir annað slitlag.

Þá ræðir vegamálastjóri einnig í umsögn sinni nokkuð um þá aðferð, sem sérstaklega er vikið að í grg. með till., að nota olíu til rykbindingar. Hann segir, að í því efni hafi verið gerðar hér smávægilegar tilraunir á nokkrum metrum á götum í Reykjavík fyrir tveimur árum og á Ísafirði s. l. sumar, en þessar tilraunir séu þó í of smáum stíl til þess, að af þeim megi draga nokkrar almennar ályktanir. Til þess að gera tilraun á eins km kafla þarf um 180 þús. kr. og auk þess helzt einföld dreifingarkerfi, sem mundu kosta um 120 þús. kr. Hann telur, að ef þetta yrði unnið í stórum stíl, mætti ætla, að kostnaður gæti komizt niður í 20—25 kr. á ferm. eða 120—150 þús. kr. á km. Mölina, sem í þetta er notuð, þarf alla að harpa, og verður því ekki hægt að koma þessu við nema þar, sem hægt er að harpa mölina í vissa stærð. En þessi aðferð hefur hins vegar þann kost, að þetta getur enzt í nokkur ár. Þetta hefur verið gert allmikið erlendis, fyrst og fremst í Svíþjóð, þar sem það hefur verið gert í stórum stíl, og vegamálastjóri segir, að þar hafi á s. l. ári verið lögð olíuborin möl í um 2000 km; í Noregi sé enn fremur byrjað á þessu. En vegamálastjóri bendir á, að það sé ein hætta í þessu sambandi hér á landi, að mjög sé hætt við, að þessi aðferð þoli illa keðjunotkun á bílum á veturna.

Það er sem sagt niðurstaðan hjá vegamálastjóra, að það sé nauðsynlegt að halda þessum tilraunum áfram og ekki hvað sízt hinni síðartöldu, og mælir hann því fyrir sitt leyti með því, að till. verði samþ. Hann leggur að vísu áherzlu á, að séð verði fyrir nýju fé til þess að gera þessa tilraun.

Hér er að skoðun n. um að ræða þátt í viðhaldi vega, og það er augljóst, að ef hægt væri að koma þessu við á hinum meiri umferðarleiðum, mundi það geta stórfelldlega sparað viðhaldsfé, og þessi tilraun út af fyrir sig sýnist ekki svo dýr, að miðað við þá háu fjárveitingu, sem veitt er til viðhalds vega, ætti að vera hægt að framkvæma þessa tilraun nú í sumar, án þess að sérstök fjárveiting þurfi til að koma. Það er því niðurstaða n. að leggja til við hið háa Alþingi, að till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 375).

6. Fiskveiðar með netjum.

Á deildafundum 8. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skipulagningu fiskveiða með netjum [90. mál] (A. 99).

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Vöruvöndun er frumskilyrði þess, að við getum selt afurðir okkar við góðu verði og byggt upp örugga markaði fyrir þær. Á þessu leikur enginn vafi, og í harðnandi samkeppni við aðrar þjóðir um fiskmarkaðina rekum við okkur hvað eftir annað á þessa staðreynd. Það er einnig staðreynd, að við Íslendingar höfum betri skilyrði en flestar aðrar þjóðir til þess að framleiða fyrsta flokks gæðavöru úr fiski okkar, ef rétt er að farið.

Ríkisútvarpið og blöðin héldu uppi miklum og gagnlegum áróðri s. l. vetur fyrir aukinni vöruvöndun, og á síðasta þingi voru sett lög um ferskfiskmat. Í umr. um þessi mál beindist athygli manna ekki hvað síst að þeirri meðferð, sem fiskurinn hlýtur, áður en komið er með hann að landi, og er það að vonum, því að engin leið er að gera góða vöru úr þeim fiski, sem kemur stórskemmdur í land. Hefur mönnum í þessu sambandi orðið tíðræddast um netjafiskinn, sem oft er sjódauður, þegar hann er innbyrtur, og um gegndarlausa netjanotkun og yfirleitt þær aðfarir við netjaveiðarnar, sem með engu móti fá samrýmzt því, að við séum að vernda fiskistofnana eða vanda vöruna. Fer það naumast á milli mála, að í þessum efnum þurfi að verða mikil breyting til batnaðar frá því ástandi, sem ríkt hefur, og með þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, er til þess ætlazt, að hafizt verði handa um skipulegar úrbætur í samráði við þá aðila, sem hlut eiga að máli. Koma þar fyrst til greina þeir, sem af opinberri hálfu annast eftirlit með vöruvöndun, samtök útgerðarmanna og sjómanna og raunar einnig fisksölusamböndin, þó að þau séu ekki nefnd sérstaklega í tillögunni.

Þáltill. er um þrennt:

1) Um takmörkun á veiðitíma netjabáta. Er þar átt við það, að reynt verði að draga úr veiðunum á hrygningarsvæðunum yfir hrygningartímann, t. d. með því að leyfa ekki, að netjaveiðar hefjist fyrr en 15. marz eða 15. apríl. Slíkt tímatakmark getur að sjálfsögðu verið breytilegt fyrir hina ýmsu staði, og þarf að fá um það álit fiskifræðinga og hinna kunnugustu manna. Einnig er átt við það, að spornað verði gegn því, að net séu látin liggja í sjó í meira en einn sólarhring í einu, ef veður hamlar ekki drætti, og enn fremur, að bannað verði að láta net liggja í sjó yfir helgidaga.

2) Um takmörkun á netjanotkun. Það er á vitorði allra, sem fylgzt hafa með þessum málum, að fjöldi báta hefur miklu fleiri net í sjó en áhafnirnar komast yfir að draga daglega. Af því leiðir, að einnar eða fleiri nátta sjódauður fiskur blandast saman við fisk, sem innbyrtur er lifandi og blóðgaður um leið, og verður þá netjafiskurinn í heild lélegri vara en vera þyrfti. Talið er hæfilegt, að hver bátur dragi 5 trossur eða 75 net á dag. Þó getur samhent og dugleg skipshöfn komizt yfir meira, ef netin eru ekki á mjög miklu dýpi. Breytilegar aðstæður geta þannig gert það að verkum, að erfitt sé að finna reglu um netjafjöldann, sem alls staðar eigi við. Mundi vafalaust verða áhrifaríkast í þessu efni að gera verulegan verðmun á fiski eftir gæðum, og hefur sú skoðun rutt sér æ meira til rúms, að það beri að gera. Yrði þá lögð meiri áherzla á að ná sem mestu af netjafiskinum lifandi og blóðga hann jafnóðum og hann er innbyrtur.

Tillögur um mismunandi verð á ferskfiski eftir gæðum hafa undanfarna daga verið til umræðu á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna og verða vafalaust samþykktar af aðalfundinum. Þar með er stigið spor í rétta átt, sem vonandi verður til þess að hvetja menn til vöruvöndunar, bæði skipstjórnarmenn og háseta. Annars tel ég það vera hlutverk útgerðarmannanna að reyna að hafa meira taumhald á netjanotkuninni en nú er.

Mönnum þótti það ótrúleg saga s. l. vetur, þegar það kom fram í útvarpsþætti, að netjakostnaður gæti orðið allt að því 1 kr. á hvert kg af fiski, en í áætlun Landssambands ísl. útvegsmanna um úthald 60 rúmlesta báts á línu- og netjaveiðum 1961 er talið, að netjakostnaður verði 90.36 aurar á kg af fiski eða 35.7% af verðmæti hvers kg af þorski. Þegar haft er í huga, að í áætlun Landssambands ísl. útvegsmanna er miðað við meðalbát, þá hættir sagan um 1 kr. kostnaðinn á kg að vera ótrúleg. Ein ástæðan fyrir þessum háa kostnaði er sú, að sumt af netjunum glatast blátt áfram vegna þess, að áhafnirnar komast ekki yfir að innbyrða allan staginn, og þegar bátur hefur þannig skilið við sig net í sjó, er hætta á, að þau haldi áfram að veiða tímunum saman, séu þau úr næloni eða öðrum efnum með svipaðan styrkleika. Á þessu hafa verið gerðar athuganir, sem naumast verða vefengdar, og hefur nýlega með tilliti til þessa verið sett reglugerð um takmarkaðan styrkleika kúluhanka. Þeirri reglugerð ber umfram allt að framfylgja. En bezt væri að fyrirbyggja sem mest af netjatjóninu með því að draga úr hinni óhóflegu netjanotkun.

Á það hefur verið bent, að síðustu árin hefur netjaúthald stöðugt verið að lengjast á kostnað línuveiðanna. Þessi þróun er vægast sagt miður æskileg, bæði vegna þess, að netjafiskur er yfirleitt miklu lélegri vara en línufiskur, og einnig vegna þess, að erlendur kostnaður við útgerð netjabáta er mun meiri en við útgerð línubáta. Samkv. upplýsingum, sem fram komu á aðalfundi L. Í. Ú. um síðustu helgi, er erlendur kostnaður við útgerð netjabáts 41.39%, en við útgerð línubáts er erlendi kostnaðurinn 36.55% eða 4.84% lægri. Er augljóst af framansögðu, að það er á allan hátt æskilegt að draga

úr netjaveiðum, en auka aftur fiskveiðar með línu, og er þess að vænta, að mismunandi fiskverð eftir gæðum stuðli að þeirri þróun, auk þess sem það á að vera mönnum hvatning til þess að ná fiskinum daglega úr netjunum og tryggja þannig gæði hans betur en nú er gert.

3) Loks er í þáltill. lagt til, að settar verði reglur um sérstök veiðisvæði þeirra skipa, sem fiskveiðar stunda með netjum. Með því er átt við, að netjaveiði verði leyfð á tilteknum tímum á afmörkuðum svæðum og gangi þá fyrir öðrum veiðiaðferðum. Með því móti ætti að vera hægt að koma í veg fyrir átök um miðin milli þeirra skipa, sem nota mismunandi veiðiaðferðir, en slík átök hafa stundum valdið afla- og veiðarfæratjóni. Mun fiskmatsráð hafa þetta mál í undirbúningi, og ætti sú hv. nefnd, sem fær þessa þáltill. til athugunar, að afla sér nánari upplýsinga um þetta atriði m. a. hjá fiskmatsráði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vænti þess, að þáltill. fái góða afgreiðslu hjá nefnd, eins og raun varð á um sams konar till. á síðasta þingi, því að það er ætlun okkar flm. till., að reglur í þá átt, er hún fjallar um, verði settar fyrir komandi vertíð, sé þess nokkur kostur. Legg ég til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 23. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 99, n. 317).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þessa till. og leitað umsagnar Fiskifélags Íslands og fiskmatsráðs. Báðir þeir aðilar mæla með samþykkt till. N. er einróma sammála um að mæla með því, að till. verði samþykkt með tveimur smávægilegum breytingum.

Talað er um í till., að við undirbúning þessa máls til löggjafar yrði haft samráð við ýmsa aðila, og benti Fiskifélag Íslands á, að rétt væri að bæta þar inn í fiskideild atvinnudeildar háskólans. Það leggur n. til, að gert verði.

Síðustu orðin í tillögunni, eins og hún var lögð fram, eru á þessa leið: „Alþingi það, er nú situr", — m. ö. o.: að leggja beri fram frv. um skipulagningu fiskveiða með netjum fyrir það Alþingi, sem nú situr. N. þykir þetta heldur mikil vinnuharka, með því að nú er þegar liðið fram yfir mitt þing, og hún vill taka þessi orð út. En sú breyt. þýðir þó ekki, að n. vilji á nokkurn hátt draga úr því, að málið hafi hraðan framgang. Finnst henni eingöngu, að hitt sé að krefjast of mikils. Tillgr. mundi því hljóða svo með þeim breytingum, sem allshn. leggur til við hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu reglna um takmörkun á veiðitíma, veiðarfæranotkun og veiðisvæðum þeirra skipa, er fiskveiðar stunda með netjum. Við þann undirbúning verði haft samráð við fiskmatsráð, Fiskifélag Íslands, fiskideild atvinnudeildar háskólans og samtök útvegsmanna og sjómanna. Ef í ljós kemur, að lagasetningar þurfi um þetta efni, verði frumvarp þar að lútandi lagt fyrir Alþingi."

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég leyfi mér fyrir hönd flm. þessarar þáltill. að þakka undirtektir hv. allshn., og ég hef fyrir mitt leyti ekki neitt að athuga við þær brtt., sem n. flytur, að fengnum þeim skýringum, sem frsm. bar fram. En ég vil þó leggja á það áherzlu, að ef þessi þáltill. verður samþykkt, verði þegar hafizt handa um að vinna að því verkefni, sem þáltill. fjallar um. Enn þá er netjaveiði ekki almennt byrjuð í landinu, og það mundi, ef þegar væri hafizt handa, vera hægt að setja reglur um þau atriði, sem um er að ræða, þannig að þær kæmu að einhverju leyti a. m. k. til framkvæmda á yfirstandandi vetrarvertíð.

Ég skal geta þess, að mér bárust í gær tilmæli frá smábátaeigendum í Bolungavík um það, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að friða Ísafjarðardjúp fyrir netjaveiðum. Útgerð smábáta, bæði í Bolungavík og annars staðar á Vestfjörðum, hefur að undanförnu færzt mjög í vöxt og afli þeirra stórum batnað, og þeir, sem við Djúpið búa, sækja aðallega í Djúpið og fara á nálæg mið, en þeir hafa áhyggjur af því, að netjaveiðarnar, sem einnig er farið að stunda í Djúpinu, kunni að stórspilla sinni útgerð. Ég nefni þetta sem dæmi um, að það getur komið til álita að friða ákveðin svæði fyrir netjaveiðum, þannig að ekki komi þar til árekstra milli þeirra, sem þær veiðar stunda, og þeirra, sem stunda annan veiðiskap.

Ég vil enn fremur leyfa mér að undirstrika það, sem aðallega vakir fyrir okkur flm. þessarar till., en það er auðvitað, að sá fiskur, sem færður er á land, sé sem beztur, í hvaða vinnslu sem hann fer. Og til þess að undirstrika enn betur, hvað þetta er þýðingarmikið atriði, vil ég leyfa mér að vitna til skýrslu, sem fráfarandi formaður Samlags skreiðarframleiðenda, Óskar Jónsson, flutti á aðalfundi sambandsins nýlega, en skýrslan birtist í Morgunblaðinu 6. desember s. l. Óskar Jónsson sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Gæðavöru kalla ég Ítalíufiskinn og ef við ættum eitthvað, sem gæti farið til Finnlands og Svíþjóðar, en ég kem að því seinna. Ítalíuvaran hefur farið minnkandi ár frá ári, og er illt til þess að vita, og var s. l. ár um 124 lestir, en sárafáir, einstaka framleiðendur hafa þó haldið í horfinu. Ég skal t. d. taka einn framleiðanda hér sunnanlands, sem hafði 39350 kg af Ítaliener. Hann fær bæði í fob-söluverði og með uppbótum ca. 210 þús. kr. meira fyrir þessar tæpar 40 lestir en ef skreiðin hefði lent í Afríkuskreið. Ég nefni hér tölur, sem eru ekki út í bláinn, heldur raunverulegar tölur. Af þessu má sjá, hve gífurlegur munur er fyrir framleiðandann að vanda vel sína vöru."

Á öðrum stað segir Óskar Jónsson í sömu skýrslu:

„Norðmenn hafa venjulega frá 20 til 30% af heildarframleiðslu sinni sem Ítalíuvöru. Ef okkur tækist nú að ná í lágmarkið, 20%, þá hefðu samlagsmenn fengið yfir 5 millj. meira fyrir sína framleiðslu en ella."

Og að lokum vil ég gefa mönnum hugmynd um,

hvað mikið af þeim fiski, sem fer í skreið, lendir í lélegasta flokki, með því að vitna hér enn í umrædda skýrslu Óskars Jónssonar, með leyfi hæstv. forseta:

„Af heildarútflutningi s. l. ár varð svartur fiskur, úrkast og blandað úrkast alls ca. 1382 lestir, eða meira en fjórðungur af öllum útflutningnum. Það skiptist þannig: Svartur fiskur af bátum ca. 830 lestir, af togurum 53 lestir, alls 883 lestir. Úrkast eða „offal" af bátum ca. 384 lestir, af togurum 42 lestir, alls ca. 426 lestir. Blandað úrkast eða „mixed offal" af bátum ca. 52, af togurum 21 lest, alls ca. 73 lestir.

Samkvæmt framansögðu er svartur fiskur og úrkast af togarafiski alls ca. 116 lestir af ca. 1340 lesta útflutningi, eða um 8%, en bátafiskur sömu tegundar ca. 1266 lestir af 3752¼ úr lest útflutningi, eða um ⅓ af öllum útflutningi bátafisks, verkuðum í skreið á vegum samlagsins. Þetta eru mjög iskyggilegar tölur, en hér mun netjafiskurinn eiga sinn stóra hlut í. Það er allt of mikið að fá 8% í bein og svart af togarafiski, sem yfirleitt eru farnir að koma með góða vöru að landi að vetri til, en það er líka afar iskyggileg tala, að ⅓ af bátafiskinum skuli vera svartur fiskur og úrkast."

Ég læt þetta nægja til þess að undirstrika, hvað það er þýðingarmikið, að reynt sé að vanda sem bezt þann fisk, sem við flytjum út, og undirstöðuatriðið er vitanlega það, að komið sé með fiskinn að landi í því ástandi, að hægt sé að gera úr honum góða vöru. Það er því aðeins hægt, að vel sé farið með hann á sjónum og leitazt sé við að blóðga sem mest af fiskinum lifandi. Þeir, sem netjaveiðar stunda, hafa að nokkru leyti sýnt skilning á þessu með því að taka upp þá aðferð að halda fiskinum aðgreindum í bátunum eftir því, hvort hann er blóðgaður lifandi eða eftir að hann er dauður, og það þarf að koma þeirri reglu á almennt.

Ég læt svo þetta nægja um efni þessarar þáltill., en leyfi mér að endurtaka þakkir mínar til hv. allshn. fyrir undirtektirnar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég er út af fyrir sig alveg sammála tilgangi flm. þeirrar till., sem hér liggur fyrir, um, að nauðsynlegt sé að gera einhverjar ráðstafanir til þess að bæta úr um vöruvöndun á fiskafla landsmanna. Hins vegar tel ég ekki, að till. þessi nái þeim tilgangi eða sé eins fljótvirk og annað, sem eðlilegt væri að gera, og annað, sem nú þegar er farið að framkvæma, en það er um flokkun á þeim fiski, sem að landi berst. Ég mun þó ekki mæla gegn þessari till., og er það vegna þess, að flm. hafa haldið fram og gera það sjálfsagt með einhverjum rökum, að þetta geti miðað í þá átt að bæta um vöruvöndun á fiskinum.

En það er annað, sem ég vil vekja hér athygli á, og það er það, hvort rétt er af hv. Alþingi að leggja til við hæstv. ríkisstj., að settar séu reglur, sem ég tel að nokkurn veginn sé vitað fyrir fram að ekki sé hægt að framfylgja og ekki verði hægt að fylgjast með. Ég á þá við það ákvæði eða það atriði í till., sem fjallar um takmörkun á veiðarfærum með netum. Frsm. gat þess, að flm. gerðu sér í hugarlund, að hver bátur hefði um 75 net í sjó og væri það hámark, sem leyft væri að bátar færu með. Fyrir þá, sem til þekkja um þessi atriði, virðist vera ákaflega erfitt að gera sér það ljóst, hvernig og hver ætti að fylgjast með því, að bátar hefðu ekki meiri net í sjó en gert er ráð fyrir. Það er vitað, að hver einasti bátur, sem netaveiðar stundar, hefur svo og svo mikið af tilbúnum netum innanborðs í hverjum róðri til þess að bæta inn í, ef eitthvað fer forgörðum í einhverri af þeirra netatrossum, sem svo eru kallaðar. Ég vildi gjarnan fá um það ábendingu frá hv. flm. þessarar till., hvernig þeir hugsa sér framkvæmdina á þessum málum. Ég sé ekki, að það sé neinn aðili frá löggjafarvaldinu, sem geti fylgzt með því, hvort þessu ákvæði væri í raun og veru framfylgt og hvort það yrði raunhæft. Og þá er spurningin: Er það rétt af Alþingi að leggja til við hæstv. ríkisstj. að gefa út reglur, sem fyrir fram er vitað að ekki verða framkvæmdar og ekki verður hægt að fylgjast með?

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég vil í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns undirstrika það, að ástæðan fyrir því, að við flm. þessarar till. teljum, að takmarka beri þann netjafjölda, sem bátar hafa í sjó hverju sinni, er sú, að það er í fjöldamörgum tilfellum, sem skipshafnirnar komast ekki yfir á sama sólarhringnum að draga öll þau net, sem þær eiga liggjandi í sjó. Og afleiðingin verður sú, að bátarnir koma að landi með tveggja eða fleiri nátta sjódauðan fisk, sem er engin leið að gera úr góða vöru.

Mér er alveg ljóst, og ég minnist þess, að s. l. vetur, þegar þessi till. var til umr., þá kom það fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það er mjög mismunandi, hvað skipshafnirnar eru duglegar við að draga netin. Ein skipshöfn getur kannske dregið 90 net, þegar önnur á fullt í fangi með að draga 75 net. En ég hygg þó, að það sé algengust skoðun meðal útvegsmanna og sjómanna, að hæfilegt sé, eins og segir í grg. með þáltill., að netjafjöldinn sé takmarkaður við 75 net, eða við þann netjafjölda, sem sæmilega samhent og dugleg skipshöfn á að komast yfir á einum degi.

Það var í raun og veru ekki annað en þetta atriði, sem hv. 3. þm. Sunnl. hafði við till. að athuga eða vildi fá nánari skýringar á. En ég vil bæta því við, að það er talsvert fjárhagslegt atriði fyrir þjóðina, hve miklu er eytt í veiðarfæri á netjabátunum. Ég held, að það hafi komið fram í skýrslum hjá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna í kostnaðaráætlun um útgerð netjabáta og línubáta fyrir yfirstandandi ár, að erlendur kostnaður við útgerð netjabáta er 4—5% meiri en við útgerð línubáta, og það segir sig auðvitað sjálft, að ef hægt væri að gera raunhæfar ráðstafanir til þess að takmarka netjaveiðarnar frá því, sem nú er, þá væru líkur til þess, að línuúthaldið mundi aukast, og frá því sjónarmiði, að línuveiðarnar eru ódýrari í erlendum gjaldeyri, væri vinningur að því fyrir þjóðarbúið.

Enn fremur hefur það komið fram í skýrslum landssambandsins, að fyrir kemur, að veiðarfærakostnaður hjá bátum, sem veiða fyrri hluta vertíðar með línu og seinna með netjum, er allt að

því 90 aurar til ein króna á hvert fiskkíló, og ég held, að það sjái hver heilvita maður, að slíkt bruðl getur ekki gengið og á engan rétt á sér.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla engan veginn að fara að mæla bót því ástandi, sem ríkt hefur hér í þessu sambandi undanfarin ár, þar sem vitað er og sannað, að bátar hafa notað eða lagt í sjó miklu fleiri net en þeir hafa ráðið við að draga á einum degi. Ég benti á það við umr. á síðasta þingi, þegar þessi till. lá einnig fyrir, að það væru mjög mikil vandkvæði á því að setja ákveðið mark um, hvað hver bátur mætti hafa mörg net í sjó, þar sem skipshafnir væru mjög misjafnar og afkastageta bátanna mjög misjöfn í þessu sambandi. En það, sem ég beindi nú til hv. flm., var það, hvernig þeir hefðu hugsað sér að framkvæma þessa takmörkun. Það er það, sem ég tel að flm. hljóti, áður en þeir báru þessa till. fram, að hafa gert sér einhverja grein fyrir, hvernig ætti að framkvæma eftirlit með þessari takmörkun veiðarfæranna.

Ég tók það fram í síðustu ræðu minni, að ég vekti athygli á þessu vegna þess, að ég veit ekki, hvort það er rétt fyrir hv. Alþingi að leggja til við hæstv. ríkisstj. að setja reglur, sem ég tel að fyrir fram sé útilokað að framfylgja eða hafa eftirlit með. Ég hef ekki komið auga á, hvaða aðili það er eða getur verið frá löggjafarvaldinu, sem getur haft eftirlit með þessu og fylgzt með því, að þessu ákvæði, ef reglur verða um það settar, sé framfylgt.

Ég endurtek því fsp. mína til hv. flm. um það, hvernig og á hvaða hátt þeir hafa hugsað sér, að slíkum reglum sem þeir leggja til að verði gefnar út verði framfylgt.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég er einn af flm. þeirrar þáltill., sem hér er til umr., og sé sérstaklega ástæðu til að segja nokkur orð í sambandi við ræðu hv. 3. þm. Sunnl. (GuðlG).

Það er ekkert óeðlilegt, að fram komi slík fsp. sem þessi í sambandi við afgreiðslu málsins, því að vitanlega skiptir það miklu máli um þessa löggjöf eins og aðrar, hvaða möguleiki er á að framfylgja lögunum. Það er nú svo, að á sínum tíma var komið eins með línuveiðarnar og netaveiðarnar, það gekk langt úr hófi fram, hvað línunotkunin var orðin mikil, og bátarnir voru komnir með það langa línu, að sólarhringurinn entist ekki í róðurinn. Þess vegna var það, að krafa kom frá sjómönnunum sjálfum í þeim efnum að stytta línuna og ákveða, hvað mætti róa með mörg bjóð. En sú krafa kemur fram vegna þess, að álagið í þessu efni var orðið svo mikið á sjómennina, eins og ég sagði áðan, að sólarhringurinn dugði ekki til þess að ljúka við róðurinn. Það gegnir öðru máli í sambandi við þorskanetin, og kann að vera, að afstaða sjómannanna til netanotkunarinnar sé af þeim sökum önnur en í sambandi við línuna, vegna þess að það er ekki nauðsynlegt eins og með línuna að vitja um öll netin í hverjum róðri. Það er ekki hægt að setja belg á línuna og finna svo spottann, sem eftir er, í næsta róðri, en það er hægt að skilja eftir netatrossuna og láta hana halda áfram að veiða fiskinn og vitja næsta eða þar næsta dag. En við vitum allir, hvaða afleiðingar slíkt hefur í sambandi við vöruvöndunina og í því sambandi að koma með góðan fisk að landi.

Það er eins með þorskanetin og línuna, að það verður að vera eitthvert skynsamlegt hámark, sem ræður í þeim efnum. Og ef þeir, sem afla fisksins og gera skipin út, hafa ekki vit fyrir sér í þessum efnum, þá verða aðrir að koma til. Ég held, að allir séu yfirleitt orðnir sammála um það, að netanotkunin hafi gengið svo langt úr hófi fram, að ekki verði öllu lengur við það unað, að hér verði ekki sett einhver ákvæði um. Og með tilliti til þess er sjálfsagt að miða markið við afkastagetu þeirra, sem eru duglegir og afkasta miklu. Það nær náttúrlega ekki neinni átt, og það er ekki tilgangur þessarar till. eða ætlun flm. þáltill. að setja neinar hömlur á, að þeir, sem duglegir eru, fái að leggja svo mörg net í sjó sem þeir geta afkastað á einum degi eða í einum róðri. Ég álít, að þær hömlur eða takmarkanir, sem beri að setja í sambandi við netaveiðarnar, beri að setja það hátt, að það verði ekki settar hömlur á duglegu mennina, á þá, sem afkasta mestu á sjónum. En hér er um svo þýðingarmikið atriði að ræða í sambandi við bæði útgerðarkostnaðinn og vöruvöndunina, að ég tel, að því verði ekki öllu lengur slegið á frest að setja hér einhver skynsamleg ákvæði um. Ég er þeirri till. samþykkur, sem hér liggur fyrir, og tel, að það hljóti að vera næsta sporið til afgreiðslu á þessu vandasama máli.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef nú hlýtt hér á ræður manna um þessa till., og það kemur fram, að það eru nokkuð skiptar skoðanir um, að hve miklu gagni það muni verða, þó að till. verði samþykkt og ríkisstj. undirbúi og væntanlega setji reglur um þær takmarkanir, sem hér um ræðir.

Það hefur verið bent á það af hv. 3. þm. Sunnl., að það geti verið nokkuð vafasamt um framkvæmdina, hvernig hún yrði, og hann hefur ekki heldur fengið svar við fsp. sinni um það, hvernig eigi að haga eftirliti með þessum reglum að áliti þeirra, sem standa að till. Það er sennilega ekki ástæða samt til þess að beita sér á móti því, að þessi till. verði samþykkt. Það getur vel verið, að það verði eitthvert gagn að þessu, en það verði ekki eingöngu pappírsgagn, reglugerð, sem um þetta yrði sett.

Það eru sjálfsagt allir sammála um, að það sé ákaflega þýðingarmikið að vanda þá vöru, sem flutt er úr landi. En ég hefði haldið, að það, sem fyrst og fremst væri að treysta á í þessu efni, væru ekki einhverjar væntanlegar reglur um veiðitíma og veiðarfæranotkun, eins og hér er talað um, því að á það er bent, að bátarnir væru misfljótir að draga netin, og ef netafjöldinn væri ákveðinn með tilliti til þess að setja ekki hömlur á þá, sem væru afkastamestir, eins og mér skildist á síðasta ræðumanni, að hann teldi að ætti að vera, þá mætti búast við, að farinn yrði að ljúkka fiskurinn hjá þeim, sem lengstan tíma þurfa til að draga jafnmörg net.

Það, sem ég held að hljóti að hafa hér mesta þýðingu og helzt sé á að treysta, er mat á fiskinum, þegar komið er með hann að landi. Það þarf

að meta fiskinn nýjan úr bátunum, og þeir, sem koma með skemmdan fisk, eiga ekki undir neinum kringumstæðum að koma honum í fyrsta verðflokk. Þetta mat verður að framkvæma þannig, að þeir, sem koma með skemmdan fisk að landi, fái lægra verð fyrir hann, hann verði verðfelldur. Þetta er — held ég — það eina úrræði, sem hægt er á að treysta, og það, sem þarf að gera, því að það er vitanlega ákaflega hættulegt fyrir okkur að senda út skemmda vöru, hvort sem það er fiskur eða annað. Það skiptir þá ekki máli, hvort fiskurinn er frystur eða hertur eða öðruvísi með farinn. Það þarf að koma í veg fyrir það, að send sé út gölluð vara, og það verður ekki gert með öðru móti en því, að gerðar séu strangar kröfur um, að fiskurinn sé óskemmdur og góður, þegar komið er með hann að landi, á hvern hátt sem hann hefur verið veiddur, hvort sem það er á línu eða í net.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 317 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 376).

7. Lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Á deildafundum 27. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta [204. mál] (A. 428).

Á 43. fundi í Sþ., 1. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að um þetta mál fari fram tvær umr. Ástæður eru þær í fyrsta lagi, að málið sjálft er með þýðingarmestu málum, sem fyrir Alþingi koma, í öðru lagi er formlega um millirikjasamning að ræða, og samkvæmt lögum um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1949 segir svo í 2. gr.: „Reglum þeim, sem settar verða samkv. 1. gr. laga þessara, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við millirikjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.“ 1. gr. laga þessara, eins og öllum er kunnugt, er heimildin til ríkisstj. um að ákveða takmörk verndarsvæðanna innan endimarka landgrunnsins. Með þeim millirikjasamningi, sem hér er lagt til að lögfesta, mundi því lögunum um visindalega verndun fiskimiðanna vera gerbreytt. Þeim heimildum, sem ríkisstj. hefur samkv. þeim, mundu vera þær skorður settar, að héðan í frá mætti ekki beita þar reglum, sem væru í andstöðu við þann samning, sem hér á að gera. Með þessari þáltill. er því lagt til að binda og gerbreyta lögum, sem gengið hafa gegnum sex umræður hér á Alþingi. Ég álít því rétt, að um þetta mál fari fram tvær umr., eins og þingsköp allra fyllst heimila um þáltill., og vona, að bæði forseti og hv. þm. geti á það fallizt. — [Fundarhlé.]

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið hér í fundarbyrjun, en ég var látinn vita um það, að hér hefði komið fram ósk varðandi meðferð landhelgismálsins, og kom þess vegna hingað til þess að kynna mér, hvað um væri að vera.

Ég tel ástæðu til að segja frá því, að á mánudagsmorguninn bar ég fram þá ósk við hv. 3. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Vestf., að þeir vildu koma til viðtals við mig hingað niður í þinghús kl. hálf tvö þann dag, og það gerðu þeir. Ég var þá að láta þá vita, að ríkisstj. mundi leggja till. varðandi þetta mál fyrir Alþingi þennan dag, á mánudaginn kl. 5, og vildi þá ræða við þá um meðferð málsins. Við ræddum svo þetta mál nokkuð fram og aftur. Ég bar fram ósk um, að þeir féllust á, að útvarpsumr. færu fram um málið á miðvikudagskvöld, þ. e. í dag. En ég heyrði þá þegar, að nokkur tregða var af þeirra hendi um að verða við þeirri ósk, einkum skildist mér það á hv. 2. þm. Vestf. Við ræddum svo málið áfram nokkru síðar, og þá voru fleiri þeirra flokksmenn með þeim, en ég var einn af hálfu stjórnarliðsins.

Það atriði, sem hér er deilt um, var rætt einvörðungu á milli okkar þriggja, Hermanns Jónassonar, hv. 2. þm. Vestf., Einars Olgeirssonar, hv. 3. þm. Reykv., og mín. Það, sem var afgert um málsmeðferðina og allir urðu sammála um, var það, að ég tæki til athugunar, hvort ég sæi mér fært að verða við óskum um það, að útvarpsumræður færu fram á fimmtudag. Ég tjáði þeim svo síðar eftir frekari umr. um málið þennan sama dag, að við féllumst á það, stjórnarliðar, enn fremur, að að loknum þeim útvarpsumr. yrði málið sent til nefndar og yrði þá tekið aftur fyrir hér á þinginu á mánudaginn kemur. Um þetta eru allir sammála.

Nokkur ágreiningur eða misskilningur hefur risið um það, hvort fram skyldi fara ein eða tvær umr. um þetta mál. Ég hef skilið þetta á ákveðinn hátt, hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, á annan veg, en hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, sagði: Ég lagði ekkert upp úr því og festi mér það ekkert í minni og læt það mig einu gilda. — Nú er það sannleikur málsins, að ég hafði engan áhuga sjálfur fyrir því, hvort það væri ein umr. eða tvær, og sannast sagna var það að minu minni hv. 3. þm. Reykv., sem færði það í tal, núverandi gamall forseti úr hv. Nd. og kunnugur þingsköpum, og ég man, að ég sagði við hann: Tala þú um þetta, því að á því hefur þú betur vit en ég. Ég skildi hann þá svo, að það færi fram ein umr. um málið og henni yrði aðeins frestað eftir útvarpsumr. og svo yrði framhald umr., þegar málið kæmi úr nefnd. Ég segi það alveg eins og er, að ég beit mig í þetta, sem hann sagði, vegna þess að ég vissi, að hann hafði miklu meiri þekkingu en ég um þetta. Ég skýrði svo minum flokki frá þessu.

Þegar ég frétti um þann ágreining, sem hér hefur orðið, og það, að hv. 3. þm. Reykv. teldi, að um þetta hefði ekki verið samið, þá vildi ég þó festa

hann á þessu, einkum til þess að slá því föstu, að viðræður okkar á milli stæðu og skilaboð, sem ég flytti mínum flokki, væru áreiðanleg, og ég held mér að þeim skilningi. Hins vegar segir hv. þm., að hann óski eftir hinu. Ég fór þá og ræddi við minn flokk, og með því að öllum mönnum í þeim flokki, Sjálfstfl., var nákvæmlega sama, hvort yrði ein eða tvær umr., þá get ég ekki að þessu sinni um þetta mál rifizt við hann meira og fellst á hans óskir um það í umboði míns flokks og með heimild Alþýðuflokksins.

Ákveðnar voru tvær umr. um till.

Á 44. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til fyrri umr. (útvarpsumr.).

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Síðan við Íslendingar hlutum fullveldi okkar fyrir 17 árum, höfum við staðið sem einn maður um þá skoðun, að útvíkkun fiskveiðilögsögu og verndun fiskstofna við strendur landsins sé mesta og alvarlegasta hagsmunamál þjóðarinnar. Fjórum árum eftir stofnun lýðveldisins var lagður grundvöllur að landhelgisbaráttunni með setningu landgrunnslaganna, en strax og við losnuðum úr fjötrum samningsins frá 1901 var hafizt handa.

Einn áratugur er liðinn, og nú stöndum við á tímamótum í þessu mikla sjálfstæðismáli, sem snertir sjálfa tilveru þjóðarinnar um langa framtíð. Tvisvar sinnum höfum við fært út landhelgina, fyrst í 4 mílur með mikilsverðum grunnlínubreytingum, síðan í 12 mílur án grunnlínubreytinga. Þessar aðgerðir okkar hafa mætt harðvítugri mótspyrnu og í seinna skiptið íhlutun vopnavalds af hálfu Breta.

Að þessu sinni hafa vopnin ekki borið sigur úr býtum. Bretar eru nú fúsir til að viðurkenna ekki aðeins 4 mílurnar og grunnlínurnar frá 1952 og 12 mílurnar frá 1958, sem þeir hafa með öllu mótmælt til þessa, heldur einnig mikilsverðar grunnlínubreytingar, sem Íslendingar hafa ekki enn ráðizt í, gegn því að Bretar fái mjög takmarkaðan umþóttunartíma. Er það von mín, að Íslendingar beri gæfu til að taka sigrinum og sameinast um að fagna þeim árangri, sem náðst hefur.

Sigra sína í landhelgismálinu eiga Íslendingar öðru fremur því að þakka, að þeir hafa leitazt við að byggja allar aðgerðir sínar á sem traustustum réttargrundvelli og jafnframt unnið kappsamlega að túlkun málstaðar Íslands á alþjóðavettvangi.

Landhelgissamningur Dana við Breta frá 1901 var alvarlegt áfall fyrir þjóðina. Á meðan sá samningur var í gildi, voru fiskstofnar við landið hvað eftir annað nær gengnir til þurrðar vegna ofveiði togara. Íslendingar geta þakkað hörmungum tveggja heimsstyrjalda, að fiskimiðin við Ísland voru ekki gereydd, þar eð erlendir togarar stunduðu lítt veiðar við Ísland á styrjaldarárunum. Ítrekaðar tilraunir voru gerðar á samningstímabilinu til að fá aðrar þjóðir til að skilja og viðurkenna nauðsyn útfærslu fiskveiðilögsögunnar, en árangurslaust. Án samkomulags við aðrar þjóðir töldu Íslendingar ekki nægilega traustan grundvöll fyrir útfærslu. Því varð dráttur á uppsögn samningsins, þótt hann væri uppsegjanlegur með 2 ára fyrirvara.

Sigur Norðmanna fyrir alþjóðadómstólnum í Haag í deilumáli þeirra við Breta lagði grundvöllinn að útfærslunni 1952 í 4 mílur og nýju grunnlínukerfi. Þrjár þjóðir mótmæltu þessari útfærslu, en Bretar einir beittu þvingunaraðgerðum með löndunarbanni. Ríkisstjórn Steingríms Steinþórssonar svaraði þessum aðgerðum með því að bjóða Bretum hinn 24. apríl 1953, að alþjóðadómstóllinn skyldi úrskurða um réttmæti útfærslunnar. Útfærslan 1952 var því byggð á niðurstöðu alþjóðadómstólsins, og Íslendingar buðust til að láta hann gera um deiluna. Bretar höfnuðu þessu, enda var þeim ekki skylt að leggja málið til dómsins.

Samhliða útfærslunni 1952 tóku Íslendingar að vinna að því á alþjóðavettvangi að fá viðurkenndar almennar reglur um víðari fiskveiðilögsögu. Menn gerðu sér vonir um, að á Genfarráðstefnunni 1958 mundu fást viðurkenndar alþjóðareglur, er heimiluðu 12 mílna fiskveiðilögsögu. Svo fór þó ekki. Í lok ráðstefnunnar var hins vegar ljóst, að 12 mílna reglan átti mestu fylgi að fagna, auk þess sem mörg ríki höfðu fært fiskveiðilögsögu í 12 mílur. Á þessum grundvelli ákvað ríkisstjórnin útfærslu í 12 mílur 1958. Grunnlínum þótti hins vegar ekki tiltækilegt að breyta.

Ljóst var sumarið 1958, að útfærslan mundi sæta hörðum mótmælum og andstöðu frá ýmsum grannþjóðum. Alþfl. lagði þá á það ríka áherzlu, að nokkurt tóm gæfist til að eyða þessari andstöðu. Framsfl. studdi þessa stefnu Alþfl. að nokkru, en Alþb. vildi ekkert ráðrúm veita til að brjóta andstöðuna á bak aftur. Alþfl. fékk því þó ráðið, að tilraunir voru gerðar á vegum Atlantshafsbandalagsins til að afla viðurkenningar á útfærslunni.

Ýmsar hugmyndir komu fram innan bandalagsins til lausnar á málinu, og að tilhlutan forsrh., Hermanns Jónassonar, bauð ríkisstj. það fram með símskeyti 23. maí 1958, að ef 12 mílurnar fengjust viðurkenndar, mættu erlendar þjóðir veiða allt árið næstu 3 ár á vissum svæðum á milli 6 og 12 mílna, enda fengjust grunnlínur leiðréttar. Þessu tilboði var hafnað. Hinn 22. ágúst 1958 var þetta tilboð endurtekið að tilhlutan forsrh., en nú í því formi, að erlend skip mættu veiða næstu 3 árin allt árið á öllu svæðinu milli 6 og 12 mílna, ef 12 mílurnar fengjust viðurkenndar, enda yrði grunnlínum breytt. Því var yfir lýst af forsrh., að grunnlínubreytingar þær, sem hann ætti við, væru frá Horni í Skaga, frá Langanesi að Glettinganesi og yfir Mýrabugt. Þessu tilboði var einnig hafnað.

Viðræðurnar innan Atlantshafsbandalagsins sumarið 1958 báru ekki þann árangur, að viðurkenning fengist fyrir 12 mílna mörkunum, enda lá Alþb. ekki á liði sínu til að koma í veg fyrir, að tilætlaður árangur næðist. Árangurslausar urðu viðræðurnar samt ekki með öllu. Snemma sumarið 1958 bundust togaraútgerðarmenn og fiskimenn nokkurra þjóða, sem hér höfðu stundað veiðar, samtökum um að halda veiðunum áfram með ofbeldi inn að 4 mílunum, eftir að reglugerðin gengi í gildi. Fyrir ötult starf innan Atlantshafsbandalagsins og fyrir forgöngu framkvæmdastjóra þess,

Paul Henri Spaaks, tókst að eyða þessum samtökum, og urðu Bretar einir um ofbeldisaðgerðirnar 1. sept. 1958.

Þetta var fyrsti sigurinn fyrir 12 milunum, eftir að ákvörðun var tekin um útgáfu reglugerðarinnar. Menn geta gert sér í hugarlund, hvernig aðstaða okkar hefði verið, ef Bretar hefðu notið samstarfs margra annarra þjóða við ofbeldisaðgerðir sínar, er reglugerðin gekk í gildi 1. sept. 1958.

Átökin á hafinu, sem eftir fylgdu, skulu ekki rakin hér. Hættuástandið á miðunum var augljóst og mikið áhyggjuefni. Íslenzk varðskip háðu ójafna baráttu við ofurefli brezka flotans, og framferði brezkra togara og herskipa leiddi hvað eftir annað til háskalegra árekstra, svo að lífsháski stafaði af.

Íslendingar gerðu sér von um, að á síðari Genfarráðstefnunni, sem haldin var á s. l. vori, mætti takast að fá almenna viðurkenningu fyrir 12 mílna fiskveiðimörkum án umþóttunartíma. Þegar þetta tókst ekki og ráðstefnan reyndist árangurslaus, ríkti alger óvissa um, hvað nú tæki við. Hlé hafði orðið á ofbeldisaðgerðunum á Íslandsmiðum, á meðan á ráðstefnunni stóð. Í lok hennar mátti öllum ljóst vera, að aftur mundi fljótlega sækja í sama horfið og áður var, ef ekkert væri að gert. Raunin varð og sú.

Í júlímánuði var ástandið á Íslandsmiðum orðið svo alvarlegt, að annar fulltrúi Framsfl. í utanrmn., Hermann Jónasson, lýsti því yfir á nefndarfundi, að nú, þegar lokið væri alþjóðafundum um landhelgismálið án árangurs, væru Bretar að færa sig upp á skaftið við Ísland og gæti slíkt endað með stórslysum, enda væri ástandið þegar svo alvarlegt, að sennilega hefði það aldrei verið verra. Krafðist Hermann Jónasson mótaðgerða af hálfu ríkisstj.

Ríkisstj. var sammála Hermanni Jónassyni um, að leita bæri allra ráða, sem tiltækileg þættu, til að afstýra slysum og reyna að leysa deiluna. Þegar því ríkisstj. Bretlands óskaði viðræðna við ríkisstj. Íslands í því skyni að kanna leiðir til að leysa deiluna, ákvað ríkisstj. að verða við þeim tilmælum, jafnframt því sem hún tilkynnti Bretum, að hún mundi ræða við þá á grundvelli ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959.

Viðræður við Breta hófust í Reykjavík hinn 1. okt. 1960. Að þeim loknum er það mat ríkisstjórnarinnar, að unnt sé að leysa fiskveiðideiluna á grundvelli orðsendingar, sem fylgir þáltill. þeirri, sem hér er til umr. Er málið nú lagt fyrir Alþingi til ákvörðunar skv. yfirlýsingu hæstv. forsrh. í þingbyrjun um, að samráð yrði haft við Alþingi, áður en fullnaðarákvörðun yrði tekin.

Skal ég nú gera grein fyrir því, í hverju lausnin, sem ríkisstj. mælir með, er fólgin í einstökum atriðum.

Í 1. tölulið orðsendingarinnar segir, að ríkisstj. Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, og er sú lögsaga miðuð við breyttar grunnlínur. Er hér fengin skýr og óafturkallanleg viðurkenning á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland.

Í 2. lið orðsendingarinnar er fallizt á, að 12 mílna fiskveiðilögsagan miðist við nýtt grunnlínukerfi okkur miklu hagkvæmara en það, sem hingað til hefur gilt. Breytingar þær, sem gerðar eru á gildandi grunnlínukerfi, eru á fjórum þýðingarmiklum stöðum við landið.

Fyrsta breytingin er á Húnaflóa. Verður línan dregin þar þvert yfir flóann, frá Horni að Ásbúðarrifi. Við þessa breytingu stækkar svæðið innan 12 mílna markanna um 972 km2.

Önnur breytingin er sunnan Langaness. Verður grunnlínan dregin úr Langanesi í Glettinganes. Við það stækkar svæðið innan 12 mílna markanna um 1033 km2.

Þriðja breytingin er við Faxaflóa. Hér verður grunnlínan dregin úr Geirfugladrang í Skálasnaga á Snæfellsnesi. Aukning svæðisins innan 12 mílna markanna nemur hér 860 km2.

Loks er fjórða grunnlínubreytingin á Selvogsbanka. Þar verður grunnlínan dregin úr Geirfuglaskeri í Eldeyjardrang. Með þessu stækkar fiskveiðilögsagan um 2200 km2.

Þær fjórar grunnlínubreytingar, sem ráðgerðar eru, leiða samanlagt til aukningar á fiskveiðilögsögunni um 5065 km2. Þessar breytingar á grunnlínum taka gildi, um leið og lausn deilunnar fæst, og þær verða ekki aftur teknar.

Sú aukning fiskveiðilögsögunnar, sem fæst við grunnlínubreytingarnar, er mikil að flatarmáli, enda nemur hún ⅛ hluta af allri aukningunni, sem fékkst við útfærsluna 1958 úr 4 mílum í 12. Hitt er þó jafnvel miklu þýðingarmeira, að þau svæði, sem aukningin tekur til, eru aðalhrygningarsvæði nytjafiska við Ísland, mikilsverðar ungfiskstöðvar og að fleiri skip stunda veiðar á þessum svæðum en annars staðar við landið.

Það hefur lengi verið þýðingarmikið hagsmunamál Íslendinga að geta fært út grunnlínur. Við útfærsluna 1952 var gengið eins langt í grunnlínubreytingunum og fært þótti. Síðan hefur verið hikað við grunnlínubreytingar. Við útfærsluna 1958 var ekki lagt í að hreyfa við grunnlínum þrátt fyrir nokkurt tilefni eftir þann árangur, sem fékkst á Genfarráðstefnunni.

Á þessu þingi fluttu þm. Framsfl. og Alþb. frv. í hv. Ed., þar sem lagt var til, að fiskveiðireglugerðin frá 1958 væri gerð að lögum með óbreyttum grunnlínum frá 1952. Ég varaði við samþykkt þessa frv., m. a. á grundvelli þess, að grunnlínubreyting væri ekki svo vonlaus, að ástæða væri til að lögfesta gildandi grunnlínur og þar með beinlínis banna ríkisstj. að breyta þeim. Flm. létu sér ekki segjast og hafa gefið út nál. fyrir fáum dögum, þar sem krafizt er samþykktar frv. óbreytts. Væntanlega endurskoða flm. frv. nú vonleysi sitt, þegar ríkisstj. hefur tryggt stækkun fiskveiðilögsögunnar um 5065 km2 með breyttum grunnlínum á hinum þýðingarmestu stöðum við landið.

Í 3. og 4. tölul. orðsendingarinnar eru ákvæði um, að brezk skip megi stunda veiðar milli 6 og 12 mílna. Þessari veiðiheimild Breta eru þó sett takmörk á þrennan hátt: Í fyrsta lagi eru veiðarnar aðeins heimilar í þrjú ár, í öðru lagi eru þær ekki leyfðar nema hluta úr ári hverju, og í þriðja lagi eru þær bundnar við viss, afmörkuð svæði, en bannaðar með öllu á öðrum svæðum. Því hefur verið haldið fram af þeim, sem andvígir eru hvaða samkomulagi sem er við Breta, að ákvæði um, að veiðiheimild þeirra vari takmarkaðan árafjölda, væri ekki mikils virði. Bretar mundu að samkomu-

lagstíma loknum krefjast framlengingar á veiðitímanum. Var þessi röksemd t. d. meginuppistaðan í andstöðu stjórnarandstöðunnar á s. l. hausti gegn samkomulagi við Breta. Hér er um algerlega óréttmætar getsakir að ræða. Vil ég biðja þjóðina að hafa þrennt í huga, þegar hún hlustar á þessi rök andmælenda samkomulagsins: Í fyrsta lagi er orðalag orðsendingarinnar ótvírætt. Fallið er endanlega og óafturkallanlega frá öllum andmælum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu. Í öðru lagi: Þeir, sem fylgzt hafa með frásögnum af umr. í brezkum blöðum undanfarna daga, hafa áreiðanlega veitt því eftirtekt öðru fremur, að Bretar gera sér glögga grein fyrir því, að veiðum þeirra á milli 6 og 12 mílna lýkur til fulls eftir 3 ár. Og í þriðja lagi: Ríkisstj. Íslands hefur í höndum yfirlýsingu ríkisstj. Bretlands um, að ekki verði farið fram á framlengingu heimildarinnar til að veiða innan 12 mílnanna í lok 3 ára tímabilsins. Séu þetta ekki fullnægjandi rök gegn fullyrðingum stjórnarandstöðunnar um þetta efni, þá jafngildir það því, að allir millirikjasamningar séu marklaus plögg og því þýðingarlaust að gera þá. Vildi ég mega vænta þess, að stjórnarandstaðan misbjóði ekki dómgreind almennings svo freklega hér eftir að halda fram fyrri fjarstæðum sínum um þetta efni.

Skal þá vikið að þeim svæðum á milli 6 og 12 mílna, sem Bretar mega veiða á í 3 ár. Ber að hafa í huga, að sjálf svæðin eru takmörkuð, að um takmarkaðan tíma úr ári er að ræða og að grunnlínubreytingar skipta hér miklu máli.

Á svæðinu frá Horni að Langanesi er veiðiheimildin bundin við 4 mánuði úr ári, júní til september, eða samanlagt 12 mánuði. Við þetta athugast enn fremur, að svæðið milli Grímseyjar og lands, frá Siglunesi og Lágey og umhverfis Kolbeinsey er algerlega lokað fyrir Bretum. Auk þess hefur grunnlínubreytingin á Húnaflóa svo mikla þýðingu, að veiðar Breta þar verða að mestu utan núverandi 12 mílna marka.

Veiðiheimild Breta á veiðisvæði Austfjarðabáta skiptist í þrennt: Nyrzt, frá Langanesi að Glettinganesi, 8 mánuðir, maí til desember, samtals 24 mánuðir. Vegna grunnlínubreytinga er langmestur hluti þessa svæðis utan núverandi 12 mílna. Miðsvæðis, frá Glettinganesi að Reyðarfirði, 6 mánuðir, janúar til apríl og júlí og ágúst, samtals 18 mánuðir. Syðst, frá Reyðarfirði að Mýrnatanga, 5 mánuðir, marz til júlí, samtals 15 mánuðir. Á veiðisvæðunum við Hornafjörð og Ingólfshöfða eru veiðar Breta þó með öllu bannaðar. Frá Mýrnatanga að 20° v. l., sem er nokkuð austan við Vestmannaeyjar, er brezkum skipum heimiluð veiði 5 mánuði á ári, apríl til ágúst, samtals 15 mánuði. Þá er svæðið frá 20° v. l. að Geirfugladrang. Bretum er hér heimiluð veiði í 3 mánuði, marz til maí, eða samtals 9 mánuði. Hér gætir að sjálfsögðu hinna stórkostlegu grunnlínubreytinga á Selvogsbanka. Á svæðinu frá Geirfugladrang að Bjargtöngum er veiðin heimiluð í 3 mánuði, marz til maí, það eru 9 mánuðir alls. Grunnlínubreytingin á Faxaflóa verkar hér mjög, og auk þess eru þrjú veiðisvæði með öllu lokuð fyrir Bretum: út af sunnanverðum Faxaflóa, út af Snæfellsnesi og út af Breiðafirði. Loks er svo svæðið frá Bjargtöngum að Horni með öllu lokað fyrir Bretum.

Ef litið er í heild á svæði þau milli 6 og 12 mílna, sem gert er ráð fyrir að brezkum skipum verði leyft að stunda veiðar á, er flatarmál þeirra samanlagt 14487 km2. Hér verður hins vegar að taka tillit til þess, að veiðarnar eru leyfðar aðeins í þrjú ár og í öðru lagi er tíminn takmarkaður á hverju ári við 3—8 mánuði. Þegar þessa er gætt, samsvara fyrrgreind svæði því, að Bretum séu heimilaðar veiðar á um 5500 km2 svæði í 3 ár. Er það um 435 km stærra en það svæði samanlagt, sem aukningin innan 12 mílna markanna nemur vegna grunnlínubreytinga.

Reiknað hefur verið út, hve langur veiðitími milli 6 og 12 mílna kringum allt landið jafngildi þeim svæðisbundna veiðitíma, sem orðsendingin heimilar. Niðurstaðan er sú, að ef þannig hefði verið að farið, hefðu Bretar fengið 9.6 mánuði alls. Er þetta fróðlegur samanburður við till. í Genf, sem aðeins vantaði eitt atkv. til þess að ná tilskildum meiri hluta, en samkv. henni hefði Bretum borið veiðiréttur á 6—12 mílum í jafnmörg ár og þeir fá nú mánuði.

Þá eru og í orðsendingu ríkisstj. tvö þýðingarmikil atriði:

Hið fyrra er þess efnis, að ríkisstj. lýsir yfir því, að hún muni halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögu við Ísland að endimörkum landgrunnsins. Við þessari yfirlýsingu tekur ríkisstj. Bretlands.

Hið síðara er, að framtíðarútfærsla verði tilkynnt brezku stjórninni sex mánuðum áður en hún kemur til framkvæmda og rísi ágreiningur varðandi ráðstafanirnar, skuli þær bornar undir alþjóðadómstólinn, ef annar hvor aðili óskar þess.

Þessi ákvæði eru í fullu samræmi við aðgerðir Íslendinga í landhelgismálinu til þessa og afstöðu þeirra á báðum Genfarráðstefnunum um réttarreglur á hafinu.

Á Genfarráðstefnu 1958 bar íslenzka sendinefndin samkv. fyrirmælum ríkisstj. Hermanns Jónassonar fram till. þess efnis, að þar sem þjóð byggði afkomu sína á fiskveiðum meðfram ströndum og nauðsynlegt reyndist að takmarka afla á hafinu utan fiskveiðilögsögu hlutaðeigandi ríkis, beri þeirri þjóð forgangsréttur til hagnýtingar fiskstofnanna á því svæði. Í till. var lagt til, að ágreiningur í slíkum málum skyldi lagður fyrir alþjóðagerðardóm. Þessi till. var felld. Á Genfarráðstefnu 1960 flutti íslenzka sendinefndin þessa tillögu á ný. Till. var að vísu felld sem fyrr. En með endurteknum flutningi hennar hafa Íslendingar greinilega lýst yfir þeim vilja sínum, að alþjóðlegur dómur úrskurði um ágreining varðandi útfærslu þeirra svæða, sem strandríkinu einu eru heimiluð veiðar á.

Á fyrri Genfarráðstefnunni var samþykktur samningur um verndun fiskimiða úthafsins. Í samningi þessum er byggt á þeirri meginreglu, að þau ríki, sem hagsmuna hafa að gæta af fiskveiðum á úthafinu, reyni að ná samkomulagi um nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda fiskstofna á hinum ýmsu veiðisvæðum. Beri slíkar viðræður ekki árangur innan tiltekins tíma, getur hlutaðeigandi ríki gert einhliða verndarráðstafanir. Gerðardómur sker úr, ef ágreiningur verður. Ísland samþykkti þennan samning 1958 og undirritaði hann.

Á þessari ráðstefnu var einnig samþykkt ályktun, þar sem mælt var með, að hlutaðeigandi þjóðir hefðu samvinnu um að tryggja forgangsrétt strandríkis, þegar nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir gegn ofveiði, og var þá einnig ákveðið, að gerðardómur skyldi skera úr. Ísland samþykkti þessa till.

Á seinni Genfarráðstefnu 1960 var samþykkt ályktun, þar sem gert var ráð fyrir því, að strandríki, sem byggðu afkomu sína að verulegu leyti á fiskveiðum, gætu krafizt forgangsréttar til fiskveiða á svæðum utan hinnar eiginlegu fiskveiðitakmarka. Einnig hér skyldi ágreiningi skotið til gerðardóms. Ísland greiddi þessari till. atkvæði.

Íslendingar hafa þannig sjálfir lagt til á báðum Genfarráðstefnunum, að alþjóðlegur gerðardómur úrskurðaði um réttmæti útfærslu fiskveiðilögsögu, og eftir að till. þeirra var felld, tóku þeir þátt í að samþykkja og undirrituðu þær ályktanir allar, sem gerðar voru og byggðust á því, að gerðardómur skæri úr ágreiningi.

Sameinuðu þjóðirnar hafa stofnsett alþjóðadómstólinn í Haag. Öll þátttökuríki þeirra eru aðilar að þessum dómi. Það er smáríkjum, sem geta ekki fylgt rétti sínum eftir með valdi, mikil vernd og öryggi, að slíkur dómstóll skuli vera til, og á þetta ekki sízt við um vopnlausa smáþjóð eins og Íslendinga.

Allar aðgerðir Íslendinga í fiskveiðilögsögumálinu hafa byggzt og hljóta að byggjast á réttargrundvelli. Þeir eiga því ekki að vera því frá hverfir, að alþjóðadómstóllinn fjalli um gerðir þeirra. Þvert á móti, það er eftirsóknarvert fyrir Íslendinga, að sú þjóð, sem verið hefur þeim örðugust í landhelgismálinu, skuldbindi sig til að grípa ekki til ofbeldis framvegis, en þess í stað hlýða úrskurði alþjóðadómstóls, ef ágreiningur verður, þegar Íslendingar hefjast handa um útfærslu út fyrir 12 mílurnar, sem nú er verið að viðurkenna, frá hinum nýju grunnlínum.

Prófessor Ólafur Jóhannesson hafði vissulega rétt að mæla, er hann sagði í hv. Ed., er rætt var um landhelgismálið 14. nóv. síðastliðinn, þannig orðrétt:

„Ég verð að segja og vil láta það koma fram í sambandi við þetta, að ég tel raunar eina veikleikamerkið á okkar málstað hér vera það, ef rétt er hermt, að við höfum neitað að leggja þetta mál til úrlausnar hjá alþjóðadómstólnum."

Síðar í sömu ræðu segir prófessorinn orðrétt:

„Og vissulega er það svo, að smáþjóð verður að varast að ganga svo langt, að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín til úrlausnar alþjóðadómstóls, því að sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki annars staðar frekar skjóls að vænta en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því að hún hefur ekki valdið til að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin, og þess vegna hefði að mínu viti hvert einasta spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið, að við hefðum verið við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómstóls."

Hér lýkur tilvitnunum í ræðu prófessors Ólafs Jóhannessonar.

Sá, sem heldur því fram, að réttindum og hagsmunum sé fórnað með því að fela alþjóðadómstólum úrskurð ágreinings vegna framtíðarútfærslu fiskveiðitakmarkanna, er að lýsa því yfir, að í framtíðinni skuli ekki unnið að útfærslu á grundvelli laga og réttar, heldur ofbeldis. Slíkur hugsunarháttur hæfir ekki Íslendingum. Okkur skortir bæði mátt og vilja til að beita ofbeldi. Rétturinn er styrkur okkar eins og annarra smáþjóða.

Íslendingar eiga nú um tvennt að velja í landhelgismálinu: annars vegar að hafna þessu samkomulagi og taka afleiðingunum af því, hins vegar að fallast á það, hljóta áfturkallanlega viðurkenningu 12 mílna markanna, geta fært grunnlínurnar út, svo að fiskveiðilögsagan stækki um rúma 5000 km2, fá skuldbindingu Breta um, að ofbeldi verði ekki haft við framtíðarútfærslu, en alþjóðadómstóllinn skeri úr ágreiningi, gegn því að veita Bretum umþóttunartíma á takmörkuðum svæðum og um takmarkaðan tíma, sem jafngildi því, að þeir stunduðu veiðar í 9.6 mánuði á öllum ytri 6 mílunum. Þetta val er ekki erfitt þeim, sem vill þjóð sinni vel, vill farsælan framgang landhelgismálsins. Hinum, sem leggja höfuðáherzlu á fjandskap og illindi við grannþjóðir okkar, verður friðsamleg og okkur hagkvæm lausn tvímælalaust þyrnir í augum.

Stjórnarandstaðan heldur því mjög á lofti, að óþarft sé að ganga til samkomulags við Breta, þeir séu búnir að tapa deilunni, farnir með herskipin og mundu hljóta slíka fordæmingu um allan heim, ef þeir kæmu með þau aftur, að slíkt mundu þeir aldrei gera. Hér gætir alvarlegs misskilnings. Á Genfarráðstefnunni s. l. vor vantaði aðeins eitt atkvæði til, að nægur aukinn meiri hl. fengist fyrir tillögu um 12 mílna fiskveiðilögsögu með 10 ára umþóttunartíma á seinna 6—12 mílna belti. Allir þeir, sem greiddu þessari till. atkvæði, töldu það sérstaka ósanngirni af Íslendingum að vilja ekki veita Bretum nokkurra ára umþóttunartíma. Það kom og fram hjá ýmsum þeim, sem greiddu atkvæði gegn till., að enda þótt þeir viðurkenndu þörf Íslands fyrir 12 mílna fiskveiðilögsögu og vildu veita okkur allan stuðning í því efni, þá töldu þeir okkur sýna ósanngirni, er við neituðum um nokkurn frest. Þessir vinir okkar og samherjar vöruðu við slíkum vinnubrögðum. Með þá viðvörun fórum við frá Genf. Samúðin, sem Íslendingar höfðu hlotið, var í hættu vegna vinnuaðferða okkar. Ætti nú ofan á þetta að bætast, að Íslendingar neiti að taka við viðurkenningu á 12 mílunum frá Bretum, stórkostlegri útfærslu grunnlína og samkomulagi um alþjóðadómstól gegn því, að Bretar fái hér skamman umþóttunartíma, þá þurfa Íslendingar ekki að vera í neinum vafa um, að þeir verða taldir sýna frámunalegan þjösnaskap og ósanngirni. Íslendingar þurfa ekki að efast um, að ef þeir hafna slíkri lausn, eiga Bretar samúð heimsins, en Íslendingar ekki. Eftir það væri 12 mílna fiskveiðilögsagan við Ísland haldlítið plagg.

Til slíks kemur þó ekki. Íslendingar vita, hvenær þeir hafa sigrað. Þeir leysa fiskveiðideiluna á grundvelli framlagðrar orðsendingar og treysta samstarf og samvinnu við grannþjóðir sínar og bandamenn.

Ég leyfi mér að leggja til, að í lok þessarar umræðu verði málinu vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn. — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrir 10 mánuðum flutti ráðh. sá, sem hér var nú að ljúka máli sínu, íslenzku þjóðinni boðskap í ríkisútvarpinu um landhelgismálið. Þá sagði ráðh. orðrétt á þessa leið:

„Við munum berjast gegn öllum frádrætti, hverju nafni sem nefnist, tímatakmörkunum og öðrum, gegn öllu, sem veitir öðrum þjóðum fiskveiðiréttindi innan 12 mílna við Ísland."

Þegar þetta var sagt, hafði borizt út sá orðrómur, að ráðh. væri byrjaður að makka við Breta um landhelgismálið, og brezk blöð fullyrtu beinlínis, að svo væri. En þjóðin var andvig öllu makki við Breta um málið, og af því þótti nauðsynlegt að sverja á þennan hátt, sem ráðh. gerði í útvarpsboðskap sínum.

Á miðju s. l. sumri lýstu tveir ráðh. yfir því, þeir Bjarni Benediktsson dómsmrh. og Guðmundur Í. Guðmundsson utanrrh., að allar getsakir um það, að til stæði að semja við Breta um landhelgismálið, væru uppspunnar og ósannar og ætlaðar til þess að sverta ríkisstj. Aðeins mánuði síðar urðu þessir ráðherrar að viðurkenna, að þeir höfðu samþ. að taka upp viðræður við Breta um landhelgismálið. Fyrst hét það svo, að hér væri aðeins um viðræður að ræða, ekki samningaviðræður.

Þannig var þjóðin blekkt stig af stigi með ósönnum yfirlýsingum og röngum svardögum æðstu embættismanna þjóðarinnar.

En brátt kom að því, að viðræðurnar við Breta urðu formlegar samningaviðræður. Þann 1. okt. s. l. kom samninganefnd Breta hingað til lands, og augljóst var á öllum vinnubrögðum, að ætlunin var að hafa lokið samningum, áður en Alþingi kæmi saman 10. okt. En þá reis slík mótmælaalda í landinu, að fá dæmi eru slíks. Ríkisstj. varð hrædd og lét undan síga í bili. Til þess að lægja óánægjuölduna lýsti forsrh. því hátíðlega yfir á Alþingi, að haft skyldi samráð við Alþ. um málið. Þetta hátíðlega loforð var svikið. Ekkert samráð hefur verið haft við Alþingi. Þvert á móti hefur öllum upplýsingum verið haldið fyrir Alþ. og þar sagt ósatt um gang málsins.

Fyrir aðeins nokkrum dögum spurðist ég fyrir um það á Alþ., hvort það væri rétt, sem brezk blöð skýrðu frá, að íslenzka ríkisstj. hefði gert till. um lausn landhelgisdeilunnar við Breta, og jafnframt spurði ég, hvort ríkisstj. teldi ekki ástæðu til að skýra Alþ. frá því, sem gerzt hefði í málinu. Nú er það öllum ljóst, að þegar ég gerði fsp. mína á Alþingi, var samkomulag það, sem nú hefur verið lagt fram, þegar gert að fullu. Það samkomulag var gert rétt fyrir jól, þegar Guðmundur Í Guðmundsson utanrrh. var kallaður á NATO-fund og ræddi um málið við utanrrh. Breta á lokastigi málsins. En utanrrh. Íslands, Guðmundur Í. Guðmundsson, var samt ekki hikandi, þegar hann svaraði fsp. minni á Alþ. fyrir nokkrum dögum. Blygðunarlaust sagði hann, að Íslendingar hefðu enga till. gert um lausn deilunnar, að fréttir um slíkt væru rangar, og hann bætti við, að ekkert það hefði gerzt í málinu, að ástæða væri til að skýra Alþ. frá því. Sá maðurinn, sem sjálfur geymdi í gögnum sínum samkomulagsplaggið og sjálfur hafði gert samkomulagið, sagði þannig Alþingi Íslendinga ósatt um málið.

Samkomulagsplaggið var vandlega geymt og tilvist þess afneitað allan janúar og allan febrúar, vegna þess að það þótti ekki vogandi að tilkynna það, á meðan verkföllin stæðu yfir. Það var hræðsla við það, að slíkur svikasamningur í landhelgismálinu gæti magnað verkföllin og beinlínis orðið ríkisstj. að falli. En nú eru verkföllin liðin hjá, og þá á með skyndiáhlaupi að ryðja málinu í gegnum Alþ. Enn á að læðast að þjóðinni, og blekkingum er ausið yfir hana í stærri stíl og ósvífnara formi en nokkru sinni áður.

Vinnubrögðin eru þessi: Kl. 5 síðd. er þskj. um málið útbýtt á Alþ. Óvenjulegur tími er valinn, sýnilega af ásettu ráði. Þannig getur ríkisstj. fengið einn sólarhring til blekkingaráróðurs, áður en stjórnarandstaðan getur komið skýringum sínum að. Um kvöldið eru gefnar út aukaútgáfur stjórnarblaðanna með ótrúlegum blekkingum. Þannig er aðalfyrirsögn Alþýðublaðsins: „Aldrei framar inn fyrir 12 mílur." En aðalefni samningsins er þó að hleypa Bretum upp að 6 mílum. Og síðan er ríkisútvarpið notað í marga daga til þess að tyggja upp áróðursósannindi ríkisstj. um efni málsins. Með þessum vinnubrögðum hefur eflaust tekizt að villa einhverjum sýn í fyrstu lotu. En upp komast svik um síðir. Ósannindi ríkisstj. munu verða öllum Íslendingum ljós, áður en margir dagar líða. Stórsigur Íslands í landhelgismálinu, segir ríkisstj., þegar hún leggur fyrir Alþ. til staðfestingar nýjan samning við Breta um málið.

Hvað er nú hið sanna um efni þessa samkomulags? Við skulum athuga það lið fyrir lið. Ríkisstj. segir sjálf, að samkomulagið feli í sér fjögur meginatriði:

1) Bretar viðurkenni 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands.

2) Bretar viðurkenni þýðingarmiklar grunnlínubreytingar.

3) Íslendingar heimili brezkum skipum að veiða upp að 6 mílum í þrjú ár á ýmsum svæðum við landið.

4) Íslendingar lofa því að færa ekki út fiskveiðimörkin að nýju án þess að tilkynna Bretum með sex mánaða fyrirvara og ágreiningi skuli verða vísað til alþjóðadómstólsins, ef óskað er.

Rétt er að íhuga hvert þessara atriða um sig og ganga úr skugga um, hvað er hið sanna um efni þeirra.

Bretar viðurkenna 12 mílur við Ísland, segir ríkisstj. og leggur á það höfuðáherzlu í málflutningi sínum. Hvernig er viðurkenningin orðuð í sjálfu samkomulaginu? Orðalagið er þannig: „Ríkisstj. Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland." Ekki eitt orð er að finna í samkomulaginu um viðurkenningu eða samþykkt á 12 mílunum, en í stað þess er sagt: „falli frá mótmælum". Að falla frá mótmælum jafngildir ekki viðurkenningu, og sannar ríkisstj. það bezt sjálf í grg. sinni með till. Í grg. till. segir ríkisstj. orðrétt á þessa leið:

„Með þessu samkomulagi fær Ísland viðurkenningu Breta á 12 mílna mörkunum, og er auðsætt, hversu mikla þýðingu það hefur, ekki sízt þegar þess er gætt, að til þessa hafa Bretar hvorki viðurkennt formlega 4 mílna fiskveiðilögsöguna frá 1952 né 12 mílna lögsöguna frá 1958."

Hér er berum orðum sagt, að Bretar hafi ekki viðurkennt 4 mílna mörkin frá 1952. Þetta er líka rétt. En hvað hafði gerzt í deilunni um 4 mílna mörkin frá 1952? Fyrst mótmæltu Bretar þá, eins og nú, 1958. Þeir beittu þá ofbeldi eins og nú, þótt með öðrum hætti væri. Síðan féllu Bretar frá mótmælum sínum gegn 4 mílum, en viðurkenndu þær ekki. Framkoma Breta hefur óumdeilanlega sannað, að þeir gera grundvallarmun á því að falla frá mótmælum og því að viðurkenna. Frá mótmælum er hægt að falla um stundarsakir, en taka þau upp aftur, þegar hentugt þykir. Bretar höfðu fallið frá mótmælum sínum gegn 4 mílum og meira að segja gert nýjan löndunarsamning við okkur. En þegar deilan reis út af 12 mílunum, tóku Bretar bara aftur upp mótmæli sín gegn 4 mílum og hindruðu íslenzk varðskip í að taka brezka veiðiþjófa innan 4 mílna markanna. Bretar sögðu þá skýrt og skorinort, að þeir hefðu aldrei viðurkennt 4 mílur.

Samkv. samkomulagi ríkisstj. nú við Breta er aðeins um að ræða, að Bretar falli frá mótmælum sínum, og engin tímatakmörk eru þar sett. Ekkert orð er að finna í samningnum sjálfum um það, hvað gerist að þremur árum liðnum. Allar yfirlýsingar ráðh. um, að þeir hafi loforð brezku stjórnarinnar um, að þeir skuli fara út fyrir mörkin eftir þrjú ár, eru vitanlega haldlausar, á meðan það stendur ekki í þeim millirikjasamningi, sem nú á að gera. Slík loforð einstakra ráðh. geta ekki bundið þær ríkisstjórnir, sem taka við í Bretlandi á eftir. Það er aðeins samningurinn einn, sem stendur. En það er líka ljóst á þessum samningi, að annað orðalag hans ber það greinilega með sér, að Bretar geta túlkað það svo, að þeir séu aðeins bundnir af samkomulagi í þrjú ár eða á meðan þeir fá að skarka í landhelgi okkar. Þannig er eitt meginatriðið í röksemdum ríkisstj. fyrir samkomulagi þessu, viðurkenning Breta á 12 mílum, fallið um sjálft sig. Hið sanna er líka það, að Bretar neituðu um formlega viðurkenningu og neituðu öllum ákvæðum, sem skuldbundu þá í samningnum til þess að víkja út úr landhelginni eftir 3 ár. Af því vantar þessi atriði öll í samninginn.

Bjarni Benediktsson dómsmrh. á eflaust eftir að tala hér á eftir mér. Ég vil skora á hann að tilfæra hér fyrir hlustendum þau ummæli samkomulagsins við Breta, sem skuldbinda þá til þess að fara út úr landhelginni eftir þrjú ár, og enn fremur skora ég á hann að lesa fyrir hlustendum þau ákvæði í samningnum, sem fjalla um viðurkenningu Breta á 12 mílna landhelginni við Ísland. Veitið því athygli, hvað ráðh. gerir í þessum efnum. Ekkert svar hans er staðfesting á því, að Bretar hafa enga formlega viðurkenningu gefið og þeir eru óbundnir eftir 3 ár.

Víkjum þá að öðru meginatriði samkomulagsins, en það er breytingin á grunnlínum. Ríkisstj. hefur lagt á það ofurkapp að benda landsmönnum á 4 grunnlínubreytingar, sem hún ætlar að gera. Þessar grunnlínubreytingar eru taldar stórsigur og gildi þeirra talið ómetanlegt. Augljóst er, að ríkisstj. vill láta landsmenn horfa á þær skákir, sem vinnast við þessar breytingar, á meðan hún er að hleypa hundruðum erlendra skipa inn á miklu stærri svæði landhelginnar og miklu nær landi en þessar skákir eru. Svo ósvífinn er þessi málflutningur, að sagt er, að Bretar hafi látið okkur hafa þessar skákir og þær séu næstum eins stórar og svæðið, sem við látum þá hafa. Já, Bretar geta gefið okkur Íslendingum hluta af Selvogsbanka, Húnaflóa og Bakkaflóa. Þeir eru svo sem ekki vondir menn, Bretarnir, nei, ónei. En skyldu Bretar eiga eitthvað í fiskimiðunum í kringum Ísland? Skyldu þeir eiga eitthvað í þeim neðansjávarstöpli, sem Ísland stendur á? Ekki aldeilis. En er þá grunnlínubreytingin ekki góð út af fyrir sig? Jú, vissulega. En við getum bara ekki keypt það af neinum, sem við eigum sjálfir. Við þurfum ekki að hleypa Bretum upp á bátamið okkar til þess að gera þær breytingar á landgrunnslínum okkar, sem við eigum rétt til samkv. alþjóðalögum.

Allt raus hæstv. utanrrh. hér áðan um það, að við Alþýðubandalagsmenn og framsóknarmenn hefðum sýnt fjandskap okkar gegn grunnlínubreytingum með því að leggja til, að núgildandi fiskveiðilandhelgi með þeim grunnlínum, sem nú gilda, skyldi lögbundin, er vitanlega út í hött, þar sem slík lögfesting tók ekkert vald af Íslendingum í málinu. Réttur meiri hl. Alþingis gat vitanlega ákveðið grunnlínubreytingar, hvenær sem hann vildi, aðeins með því að breyta lögunum aftur. Lögin höfðu það eitt gildi, eins og skýrt var tekið fram af flm. frv., að það átti að koma í veg fyrir, að veiklunduð ríkisstj. gæti án samþykkis Alþingis breytt fiskveiðilandhelgi Íslands Íslendingum í óhag.

Margyfirlýst afstaða okkar Alþb.-manna og einnig framsóknarmanna til grunnlínubreytinganna sannar, að allt fjas ráðherrans er út í bláinn. Á fyrri Genfarráðstefnu, 1958, var gerður alþjóðasamningur um grunnlínur, og við Íslendingar vorum aðilar að þeim samningi eins og flestar aðrar þjóðir. Grunnlínuvandamálið var leyst. Hvorki Bretar né aðrir gátu veitt neina mótstöðu gegn því, að við notfærðum okkur í þeim efnum alþjóðalög, sem Bretar voru beinir aðilar að. Þetta lá skýrt fyrir, þegar landhelgisstækkunin var ákveðin 1958. Ég lagði þá fyrir hönd okkar Alþb.-manna fram skriflegar tillögur í landhelgismálanefnd flokkanna þann 28. apríl 1958 um útfærslu á grunnlínum við landið og lagði fram kort, sem sýndi breyt. Í þeim till. voru allar þær grunnlínubreytingar, sem nú er ætlað að gera. En í mínum tillögum voru aðrar grunnlínubreytingar, nákvæmlega jafnréttháar, teknar einnig með, en nú er þeim sleppt. Í mínum till. var lagt til að færa út við Grímsey fyrir Norðurlandi, þannig að þá yrðu ekki þeir krikar inn í landhelgina, sem nú eru þar og áfram eiga að vera þar. Sams konar till. gerði ég varðandi Hvalbak fyrir Austurlandi. Og ég lagði enn fremur til að rétta grunnlínurnar í Mýrnabugt og Meðallandsbugt, eins og ótvíræður réttur okkar er til. Samkv. till. okkar Alþb.-manna hefði útfærslan á Selvogsbanka og við Reykjanes orðið meiri en nú er lagt til, þar sem við lögðum til, að grunnlínan yrði dregin beint á milli Geirfuglaskers sunnan Vestmannaeyja og í Geirfugladrang út af Reykjanesi, en ekki í Eldeyjardrang, eins og nú er lagt til. Allar þessar grunnlínubreytingar áttum við Íslendingar samkv. alþjóðalögum. En hvers vegna voru þessar grunnlínubreytingar ekki gerðar 1958, þegar 12 mílurnar voru ákveðnar? Það liggur ljóst fyrir. Sjálfstfl. og Alþfl. vildu

ekki á þær fallast. Þeir voru þá, eins og allir vita, á móti aðgerðum í landhelgismálinu. Þeir vildu fresta málinu og ganga til samninga við erlenda aðila um málið. Þeir þvældu að vísu um grunnlínubreytingar, en neituðu öllum tillögum, sem fram komu, og fengust aldrei til að leggja fram eina einustu till. um grunnlínubreytingu.

Þann 28. júní 1958, eða daginn áður en reglugerðin um 12 mílurnar var gefin út, lýstum við fulltrúar Alþb. og Framsfl. yfir því, að við værum reiðubúnir að samþykkja grunnlínubreytingar ásamt 12 mílunum, ef samkomulag gæti orðið um málið. Á þeim fundi lýsti Guðmundur Í. Guðmundsson yfir því, að Alþfl. væri ekki reiðubúinn til þess að taka afstöðu til grunnlínubreytinga, en vildi fresta útgáfu reglugerðarinnar í heild. Sigurður Bjarnason, fulltrúi Sjálfstfl., lýsti yfir sömu afstöðu, að hann vildi fresta málinu og tæki ekki afstöðu til grunnlínubreytinga. Þegar málin stóðu þannig, lýstu Framsfl. og Alþb. yfir því, að aðeins annað stækkunarskrefið yrði stigið nú, 12 mílna stækkunin, en rétturinn til breytinga á grunnlínum yrði geymdur.

Ofan á þessa sögu kemur svo ríkisstj. nú með grunnlínubreytingar sínar, og nú á aðeins að taka hluta af þeim grunnlínubreytingum, sem réttur okkar stendur til. Aukningin við Grímsey og Hvalbak er skilin eftir, af því að Bretar stunda mikið veiðar einmitt á þessum slóðum. Og eitt bezta fiskisvæði við Ísland, Meðallandsbugtin, má standa áfram opin fyrir Bretum þrátt fyrir skýlausan rétt okkar til þess að rétta af grunnlínuna þar. Og út á það, að íhald og kratar drattast nú tveimur árum of seint í það að samþykkja nauðsynlegar grunnlínubreytingar og þó aðeins til hálfs nú, á að veita Bretum rétt til þess að skarka upp að 6 mílum svo að segja í kringum allt landið.

Þannig eru þá þau tvö meginatriði í samkomulaginu, sem við áttum að njóta góðs af, Íslendingar, þau atriði, sem Bretar áttu að láta af hendi við okkur. Viðurkenningin á 12 mílunum er engin, og grunnlínubreytingarnar áttum við allar samkv. alþjóðalögum.

Hvað fá svo Bretar samkv. þessu samkomulagi í staðinn? Brezkir togarar fá leyfi til þess að veiða upp að 6 mílna mörkum við Ísland allt árið. Enginn mánuður skal úr falla. Svæðin og tíminn, sem Bretar fá, eru í fullu samræmi við óskir þeirra og þarfir. Bretar fá öll þau svæði, þar sem þeir áður höfðu markað sér veiðibása, nema út af Vestfjörðum. Fyrir öllu Norðurlandi nema á smáskika landmegin við Grímsey mega Bretar vera þá fjóra mánuði, sem þeir óska helzt eftir. Fyrir Austurlandi mega þeir vera alla mánuði ársins, færa sig lítillega til eftir því, sem reynslan hefur sýnt þeim að er þeim sjálfum í hag. Fyrir Suðurlandi mega Bretar vera á aðalaflatímanum, á sjálfri vetrarvertíðinni. Í Faxaflóa og Breiðafirði mega þeir vera í marz, apríl og maí, á aðalvertíðarmánuðunum.

Augljóst er, að afleiðing þessa verður mikill ágangur erlendra togara. Bretar eiga um 300 togara, sem veiðar geta stundað við Ísland. Á þeim eigum við von upp að 6 mílum næstu 3 árin a. m. k. En allir vita, að Bretar verða hér ekki einir. Aðrar fiskveiðaþjóðir munu fá hér sömu réttindi og þeir. Í kjölfar 300 brezkra togara geta komið 100 þýzkir, og enn geta bætzt 100 við, þar sem eru íslenzkir togarar, belgískir togarar og færeyskir togarar. 500 togarar upp að 6 mílum í þrjú ár. Mér er spurn: Vita menn, hvað þeir eru að gera? Hafa menn ekki fylgzt með því, hvers konar ofveiði hefur verið hér í Norður-Atlantshafi undanfarandi ár? Aflaleysi íslenzku togaranna hér á Íslandsmiðum s. l. 3 ár er dæmi um það. Friðun grunnmiðanna síðan 1948 var að byrja að segja til sín. Afli fyrir Norðurlandi og Austurlandi og alls staðar á grunnmiðum var að glæðast aftur. Nýjar vonir voru að glæðast með þjóðinni, að okkur mundi e. t. v. takast að bjarga fiskimiðum okkar aftur. En þá kemur þetta reiðarslag: 500 togarar upp að 6 mílum, upp á smábátamiðin, á uppeldisstöðvarnar, á smáfiskinn, þar sem hann er að alast upp. Hvílík skammsýni, hvílík þjóðsvik!

Ég veit það vel, að aðalsamningamenn ríkisstj., þeir Guðmundur Í. Guðmundsson utanrrh. og Bjarni Benediktsson dómsmrh., hafa ekki meira vit á íslenzkum sjávarútvegi og aðstöðu íslenzkra sjómanna á fiskimiðunum en kötturinn á sjöstirninu. Slíka fávizku geta þeir haft sér til afsökunar. En hvað um Ólaf Thors forsrh. og Emil Jónsson sjútvmrh.? Einu sinni hafa þessir ráðherrar þó a. m. k. stungið nefinu í útgerðarmál. En eru þeir kannske komnir líka á sama stigið í þessum efnum og hinir tveir ráðherrarnir? Eða eru engin takmörk fyrir því, hve djúpt þessir ráðherrar geta sokkið í undirlægjuhætti sínum við erlent vald?

Ég kem þá að fjórða meginatriðinu í samkomulaginu. Samkvæmt því afsalar Ísland sér einhliða rétti til frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar en nú er orðið. Hugsi Íslendingar til frekari stækkunar, skal þeim vera skylt að tilkynna Bretum það með sex mánaða fyrirvara og sæta úrskurði alþjóðadómstóls, sé þess krafizt. Hér er um hættulegasta og alvarlegasta ákvæði þessa samkomulags að ræða. Með þessu ákvæði erum við raunverulega bundnir á höndum og fótum. Það er alger blekking að halda því fram, að raunverulega sé hægt að láta alþjóðadómstólinn skera úr um deilur varðandi stærð fiskveiðilandhelginnar. Á síðustu Genfarráðstefnu um landhelgismálið kom þetta atriði skýrt fram í ræðum margra heimskunnra lögfræðinga. Ástæðan til þess, að alþjóðadómstóllinn getur alls ekki fellt neinn eðlilegan dóm um stærð landhelgi, er sú, að það er viðurkennd staðreynd, að nú eru engin alþjóðalög til um viðáttu landhelgi. Tvær alþjóðlegar ráðstefnur hafa einmitt verið haldnar til þess að reyna að setja lög um þetta efni, en það hefur ekki tekizt. Lögin, sem dæma ætti eftir um þetta atriði, stærð landhelgi, eru því ekki til. Úrskurður alþjóðadómstólsins í þessum efnum gæti aldrei verið annað en persónuleg atkvgr. þeirra, sem dóminn skipa, um vilja þeirra eða þeirra ríkja, sem þeir eru fulltrúar fyrir. Þær þjóðir, 31 að tölu, sem nú hafa 12 mílna landhelgi, hafa allar tekið sér þá landhelgi með einhliða yfirlýsingu. Þær þjóðir, sem lýst hafa lögsögu yfir stærra svæði, hafa líka allar gert það með einhliða yfirlýsingum. Ákvæðið um áfrýjun til alþjóðadómstólsins í þessum efnum er því sett inn í samkomulagið af ráðnum hug til þess að stöðva alla frekari útfærslu á landhelgi Íslands.

Í grg. till. reynir ríkisstj. að skjóta sér á bak við það, að ákvæðin um málskot til alþjóðadómstólsins séu í samræmi við tillögur og afstöðu Íslands á báðum Genfarráðstefnunum, þar sem lagt hafði verið til að leggja ágreininginn undir gerðardóm. Hér er gersamlega óskyldum hlutum jafnað saman. Annað atriðið varðar ágreining um ofveiði á úthafinu, en hitt er um stærð fiskveiðilandhelgi. En það er fróðlegt að heyra, hvað helztu ráðunautar ríkisstj. í landhelgismálinu, þeir Hans G. Andersen og Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, segja í skýrslu sinni um Genfarráðstefnuna 1958 um þetta atriði, sem ríkisstj. ætlar sér nú að skjóta sér á bak við. Segir orðrétt í skýrslu þessara tveggja fulltrúa:

„Þær fréttir bárust til Genf á sínum tíma, að íslenzku n. hefði verið hallmælt í íslenzkum blöðum vegna þess, að einungis væri talað um forgangsrétt, og sérstaklega af því, að talað var um gerðardóm. Virtust þau gefa í skyn, að íslenzka nefndin hefði þarna framið talsvert axarskaft og falið útlendingum úrskurðarvald varðandi íslenzka lögsögu. Þetta er auðvitað hreinn misskilningur, því að í till. sjálfri segir, að þessar reglur skuli gilda utan fiskveiðilögsögu hlutaðeigandi ríkis, og hvergi er minnzt á, hversu langt hún skuli ná, og því síður, að gerðardómur skuli um hana fjalla. Það, sem um var að ræða, var, að Ísland hefði forgangsrétt utan íslenzku fiskveiðimarkanna, eins og þau eru á hverjum tíma, og er óskiljanlegt, hvernig nokkur Íslendingur getur gert við það athugasemdir."

Þetta eru orð þeirra Hans G. Andersens og Davíðs Ólafssonar um þessar gerðardómstillögur.

Það er rétt, að Íslendingar voru árið 1958 svo viðkvæmir í þessum málum, að þeir vildu ekki einu sinni gera ráð fyrir gerðardómi um það, hvort um ofveiði eða ekki væri að ræða utan fiskveiðimarkanna. En óhætt er að fullyrða, að þá heyrðist ekki í einum einasta Íslendingi sú rödd, að til mála kæmi að sæta úrskurði erlends dómstóls um sjálfa fiskveiðilögsöguna, eins og nú er lagt til. Slíkt er í fullkominni andstöðu við alla afstöðu Íslands í landhelgismálinu fyrr og síðar.

Þegar blekkingarhjúpnum hefur verið svipt af þessu samkomulagi ríkisstj. við Breta, stendur þetta eftir:

1) Bretar veita enga formlega viðurkenningu á 12 mílum.

2) Bretar veita engin loforð um að hverfa úr landhelginni eftir þrjú ár, sem Íslendingar geti handsamað þá á.

3) Mörg hundruð erlend skip fá leyfi til þess að skarka á bátamiðunum kringum landið upp að 6 mílum í a. m. k. 3. ár.

4) Íslendingar afsala sér rétti til frekari stækkunar fiskveiðilögsögunnar við landið án samþykkis Breta.

5) Landgrunnslögin frá 1948 eru raunverulega felld úr gildi.

Þannig er þá sannleikurinn um stórsigur Íslands í landhelgismálinu. Hann er þá um stórsvik við hagsmuni lands og þjóðar. Öll undanbrögð ríkisstj. í þessu máli, allur laumuskapurinn, öll ósannindin, öll sviknu loforðin, allt verður þetta skiljanlegt, en ekki afsakanlegt, þegar sannleikur málsins liggur fyrir umbúðalaus. Það er ekkert nýtt fyrirbæri, að þeir, sem hafa illt í huga og ætla sér að vinna óþurftarverk, laumist með undirbúning sinn og þræti fyrir ráðagerðir sínar, á meðan þess er nokkur kostur. Núv. ríkisstj. hefur tamið sér slík vinnubrögð. Af fádæma fyrirlitningu á réttu og röngu snýr hún staðreyndum við og lætur alltaf vera að gera þveröfugt við það, sem hún er að gera. Þegar hún t. d. lækkar allt kaup í landinu, segir hún, rétt eins og hún meini það, að hún sé að berjast gegn dýrtíð. Og þegar hún setur lög, sem banna kauphækkun, segir hún í fullri alvöru, að hún skipti sér ekki af kaupgjaldsmálum. Og þegar hún byrjaði að makka við Breta um landhelgina, lýsti hún auðvitað yfir því, að samningar við Breta kæmu ekki til mála. Þegar hún semur um að hleypa Bretum inn í landhelgina, æpa blöð hennar: „Aldrei framar inn fyrir 12 mílur." Og þegar hún hefur svikið samþykkt Alþ. frá 5. maí 1959 um, að ekki skuli hvika frá 12 mílum allt í kringum landið, þá lýsir hún því yfir í sjálfu svikaplagginu, að hún muni áfram vinna að framkvæmd þessarar samþykktar. Og hvað gat svo sem annað orðið framhaldið af svona staðreyndafölsun en það að orga yfir þjóðina nú, að stjórnin hafi unnið stórsigur, þegar hún var að fremja stórsvik? Það er eins og alkunn regla úr þekktri bók eigi að vera þeirra regla: „Þegar hann sver, þá lýgur hann."

Góðir Íslendingar. Landhelgismálið er að komast á lokastig. Sá óttalegi grunur, sem þjóðin hefur hræðzt að undanförnu, er nú að koma fram. Ríkisstj. hefur unnið að svikasamningi. Sá samningur er jafnvel verri en nokkrum manni hafði komið til hugar. Það á að binda hendur okkar um ókomin ár. Hvað er hægt að gera til þess að afstýra þessum þjóðarvoða? Það væri enn hægt að knýja ríkisstj. til undanhalds. En til þess þarf þjóðin öll að rísa upp. Flokksmenn stjórnarflokkanna verða að leggjast hér á eina sveif með stjórnarandstæðingum.

Landhelgismálið er mál þjóðarinnar allrar án tillits til flokka. Eyðing fiskimiðanna við landið bitnar á öllum landsmönnum jafnt. Einnig þeir, sem nú verða í fyrstu lotu ekki eins hart fyrir barðinu á hinum erlenda flota, munu tapa eins og hinir, sem fá á sig erlendan flota allt árið. Tap þeirra kemur aðeins síðar. Þjóðin getur ekki á komandi árum, þegar grunnmiðin við landið eru urin upp, lifað á öfugmælum ríkisstj. Nú verður hver og einn einasti íslenzkur fiskimaður, hver og einn einasti verkamaður og allir landsmenn að láta Alþingi heyra vilja sinn í þessu máli.

Það er hægt að hræða stjórnarflokkana frá samþykkt þessa samkomulags. Það, sem þeir óttast, er fylgishrun. En þeir verða að skilja það nú strax, að fylgishrunið verður ekki umflúið, fremji þeir svikin.

Það er krafa okkar, sem hér á Alþingi stöndum gegn þessum svikasamningi, að samningurinn verði borinn undir þjóðaratkvæði. Við krefjumst þjóðaratkvæðis. Sú krafa þarf að dynja á ríkisstj. Ríkisstj. gumar af stórsigri þjóðarinnar. Hún getur þá ekki óttazt þjóðaratkvæði um málið. Hvar er lýðræðisást stjórnarflokkanna, ef þeir færast nú undan þjóðaratkvgr.? Eða trúa þeir kannske ekki á málstað sinn, eins og þeir láta? Hér er slíkt stórmál

á ferðinni, að þjóðaratkv. er sjálfsagt. Hér er teflt um framtíðarhag þjóðarinnar. Hér er um skuldbindingu um ókomin ár að ræða. Þjóðaratkvgr. er hægt að framkvæma um málið á stuttum tíma, og þá liggur vilji þjóðarinnar fyrir ótvírætt.

Íslendingar! Gerum kröfuna um þjóðaratkvgr. að kröfu allra landsmanna. Látum þá kröfu bergmála um allt land. Knýjum fram þjóðaratkvæði og björgum þar með heiðri og málstað Íslands. — Góða nótt.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Íhaldsflokkar ýmissa landa hafa mikið lært af bardagaaðferðum nazistanna. Nazistarnir komu næstum aldrei fram í neinu máli eins og þeir voru klæddir. Þeir notuðu alls konar loddarabrögð til þess að dylja stefnu sína og tilgang og hvað þeir voru raunverulega að gera. Þeir kölluðu sig flokk fjöldans, en voru raunverulega flokkur fámennrar auðklíku, sem kostaði flokkinn. Þegar nazistarnir töluðu um frið, meintu þeir blóðuga styrjöld. Þegar þeir gerðu samning við ríki um hlutleysi, var árás oftast yfirvofandi. Ef nazistarnir hefðu verið búnir að ákveða stórfellda kjaraskerðingu eftir kosningar, mundu þeir áreiðanlega fyrir kosningarnar hafa notað slagorðin: „Leiðin til bættra lífskjara er að kjósa nazistaflokkinn.“ Eða ef þeir hefðu ætlað að innleiða óðaverðbólgu eftir kosningar, mundu þeir fyrir kosningarnar hafa lofað algerri stöðvun verðbólgunnar án nýrra álaga. Ef nazistar hefðu ætlað sér sérstaklega að lækka útsvör og skatta á þeim ríkustu, mundu þeir hafa lofað hátíðlega og margendurtekið, að þeir ætluðu að lækka útsvör og skatta á hinum fátæku.

Þekkið þið ættarmótið? Það er þessi vinnuaðferð, þessi loddaraleikur, sem notaður er af stjórnarflokkunum í flestum málum. Þessa vinnuaðferð þarf þjóðin að skilja. Þegar gera á eitthvað óvinsælt, eitthvað, sem er þjóðinni hættulegt, er venjulega lofað alveg því gagnstæða, eins og ég rakti hér að framan með fáeinum dæmum, og er þó af mörgu að taka. Þegar svo loks er gert það, sem alltaf var ásetningurinn að gera, er því kastað fyrir þjóðina alveg að óvöru með margbreytilegum, háværum áróðri úr öllum áttum til þess að rugla og æra dómgreind almennings og yfirvegun. Þessi vinnuaðferð var notuð í landhelgismálinu og er nú í algleymingi.

Stjórnarflokkarnir hafa alla tíð barið sér á brjóst og sagzt vera allra flokka einlægastir og kröfuharðastir í landhelgismálinu, nema einstöku sinnum, þegar þeir hafa fallið út úr þessari leikararullu af vangá, og það sýnir sig nú, sem margir vissu, að aðeins þá var nokkuð að marka það, sem þeir sögðu. Þegar vinstri stjórnin vann að útfærslu landhelginnar í 12 mílur 1958, léku núverandi stjórnarflokkar opinberlega áhugamenn í landhelgismálinu. En þegar átti að taka ákvörðun um framkvæmd, voru þeir undantekningarlaust á móti um einhver einstök atriði og gátu því ekki verið með. Þennan hráskinnaleik léku þessir flokkar viku eftir viku, eins og ég sannaði í útvarpsumr. frá Alþingi um landhelgismálið í vetur. Það var ekki fyrr en Framsfl. tók af skarið, heimtaði svar hjá Alþfl. og sagði við hann: Ætlarðu að vera með, eða ætlarðu að rjúfa stjórnarsamstarfið á því að neita að vera með útfærslunni og láta kjósa um málið? Játaðu eða neitaðu. — Þá guggnaði Alþfl., því að hann vissi, að hann yrði þurrkaður út í kosningunum, ef hann sviki í landhelgismálinu fyrir kosningar. Sjálfstfl. neitaði að fallast á útfærsluna vegna þess, að hann var henni andvígur, en sagðist vera á móti því, hvernig hún væri gerð. Hann vildi gera hana öðruvísi, án þess að segja nokkurn tíma, hvernig það ætti að vera.

Ef Framsfl. og Alþb. hefðu ekki tekið af skarið, beygt Alþfl. — svínbeygt hann, eins og Pétur Benediktsson orðaði það í Ölver, og framkvæmt útfærsluna þrátt fyrir mótmæli Sjálfstfl., væri engin útfærsla enn í dag og allar þjóðir sargandi hér upp að 4 mílum. Útfærsla ákveðin einhliða af okkur Íslendingum var eina færa leiðin. Öðruvísi hefði hún aldrei verið gerð. Eftir að útfærslan var gerð, voru blöð Sjálfstfl. með margendurtekið nið og nagg um útfærsluna, hún væri heimskuleg, enda stæðu að henni kommúnistar einir. Á fundum vestur á landi sagði Bjarni Benediktsson, að fávíslegt væri að ætla Íslendingum stærri landhelgi en Bretar vildu samþykkja. Svipuð ummæli hafði Pétur Benediktsson í Ölver.

Bretar fylgdust vel með þessum röddum, töldu þær merki þess, að Íslendingar væru klofnir í landhelgismálinu. Þess vegna sendu þeir herskip hingað. Það voru sjálfstæðismenn, sérstaklega þáverandi ritstjóri Morgunblaðsins, Bjarni Benediktsson, sem með skrifum sínum og tali kölluðu brezku herskipin í íslenzka landhelgi.

En undir haustið 1958 sáu sjálfstæðismenn, að þessi afstaða þeirra var hættuleg fyrir kjörfylgi þeirra, enda fengu þeir þá vitneskju um það frá Alþfl., að stjórnin mundi klofna og kosningar væru fram undan. Það var eins og við manninn mælt, sjálfstæðismenn urðu allt í einu allra manna skeleggastir í landhelgismálinu á yfirborðinu. Engir vissu þó betur en við framsóknarmenn af reynslunni, að sjálfstæðismenn og Alþýðuflokksmenn voru óheilir í málinu og þeim illa treystandi. En um tvær leiðir var að velja. Önnur var sú að reyna að fletta ofan af þeim í tvennum kosningum, sem hefðu vakið hatrammar deilur í landhelgismálinu. Hin var að halda eins og hægt var frið um málið og reyna að binda þessa flokka í málið með sameiginlegri þál. frá Alþ. Þetta er aðalástæðan til þess, að þál. frá 5. maí 1959 var samþykkt. Þar var því hátíðlega lofað af hverjum einasta þm. úr öllum flokkum að hvika hvergi frá 12 mílum í landhelgismálinu og afla viðurkenningar fyrir öllu landgrunninu Íslendingum til handa. Það tók Framsfl. margar vikur að fá Sjálfstfl. og Alþfl. til að samþykkja þessa till., sverjast í þetta mál, en með henni töldum við að gert væri allt það, sem í okkar valdi stóð, til að koma í veg fyrir, að núv. stjórnarflokkar svikju í landhelgismálinu. En þetta hefur nú komið að engu liði. Brigðmælgin hefur orðið heitinu á Alþ. yfirsterkari. En samþykkt þeirra á Alþ. 1959 fyrir kosningar sýnir, að þessir flokkar vita, hvað þjóðin vill. Þess vegna eru slík heit gefin fyrir, en brigðuð eftir kosningar.

Við skulum líta á aðdraganda þál. þeirrar, sem hér liggur fyrir, síðustu mánuðina. Þegar kvisast tók, að samningamakk væri hafið við Breta, brugð-

ust forustumenn stjórnarflokkanna reiðir við, sögðu, að það væri aðeins kurteisi að tala við mennina. En þeir sóru lengi vel við hvert tækifæri, að samningar um að sleppa Bretum inn í landhelgina kæmu aldrei til mála. „Ég veit ekki til, að ég hafi umboð til þess frá einum einasta kjósanda," sagði Ólafur Thors. Og Guðmundur Í. Guðmundsson var ekki síður háfleygur í sínum svardögum og hefur verið fram á síðustu stund.

Þegar ég heyrði þessa og aðra svardaga forustumanna stjórnarflokkanna um, að Bretum skyldi aldrei leyft að fiska innan 12 mílna markanna, fór mér ekki að lítast á blikuna. Samkv. hinni alþekktu vinnuaðferð var verið að sverja þeim málstað tryggð, sem gróflegast átti að svíkja. Það leynist engum, að stjórnarflokkarnir gera sér ljóst, að þeir eru með vondan málstað. Ríkisútvarpið er notað til að tvílesa hina hálfföisuðu greinargerð. Gefin eru út aukablöð full af blekkingum. Fyrirsögnin í Alþýðublaðinu hljóðar: „Aldrei inn fyrir tólf." Daginn eftir: „Hörfa úr þremur í tólf." Sömu dagana er verið að hleypa Bretum inn í landhelgina, a. m. k. til þriggja ára, og það er lauslegt loforð, eftir því sem hæstv. utanrrh. segir núna, frá Bretum um það, að þeir skuli fara eftir þann tíma. Rök stjórnarflokkanna fyrir því, að samningurinn sé góður fyrir Íslendinga, eru ummæli brezka útvarpsins og ýmissa brezkra blaða um, að samningurinn sé Bretum óhagstæður. Halda menn, að Bretar kunni ekki að hræsna, þegar þeir hafa hag af því? Hvenær hafa brezkir nýlendukúgarar verið öðruvísi en óánægðir eða látizt vera óánægðir, ef þeir hafa ekki fengið allt? Sögðu þeir ekki 1952, að 4 mílur væru gereyðilegging á brezkum fiskveiðum, og settu löndunarbann á íslenzka togara? Var óánægja Breta 1952 gild sönnun fyrir því, að 4 mílna landhelgi væri meira en nóg handa Íslendingum? Auk þess er í blöðum stjórnarflokkanna að mestu þagað um það, að brezkir útgerðarmenn lýsa ánægju yfir því, að við höfum orðið að éta ofan í okkur 12 mílurnar og lofað því *að færa aldrei út nema tilkynna Bretum það með* hálfs árs fyrirvara, fá samþykki þeirra eða fara með málið fyrir alþjóðadómstól.

Oft hefur ríkisstj. endurtekið það, að hún mundi aldrei aftur hleypa Bretum inn í íslenzka landhelgi. Oftar munu þó brezkir ráðamenn hafa endurtekið hitt, að aðalatriðið væri að stöðva Íslendinga í frekari útfærslu, nema það færi fyrir alþjóðadóm. Þetta hafa þeir nú fengið ásamt stórri meðgjöf.

Og nú skulum við athuga samninginn. Hann er aðeins orðsending íslenzka utanrrh., tilboð hans, sem Bretar virðast hafa svarað eða munu svara játandi. Hvort svar Breta verður algert samþykki eða hálfyrði að einhverju leyti, liggur ekki fyrir. En segjum, að jáið verði án frekari vífilengja. Hvað fáum við með þessum samningi? Því er fljótsvarað. Við fáum minna en ekki neitt.

Það er alger fölsun hjá ríkisstj., að Bretar hafi gefið okkur það eftir að rétta grunnlínurnar á fjórum stöðum. Þessar og fleiri bognar grunnlínur voru dregnar 1952. Eftir Genfarráðstefnuna 1958 var talið heimilt að rétta þær. En þegar átti að gera það, um leið og fært var út í 12 mílur 1958, var ósamkomulag um það, hvaða grunnlínur skyldi rétta og hverjar yrðu látnar bíða. Sérstaklega voru Alþfl. og Sjálfstfl. með alls konar uppsteyt í málinu til þess að koma þannig í veg fyrir útfærsluna, sem þeir voru í hjarta sínu á móti, eins og kom hvað eftir annað fram. Hins vegar lýstu flokkarnir yfir, að rétt til að gera hinar bognu grunnlínur beinar hefðu Íslendingar, hvenær sem þeir óskuðu. Til þess að skera á hnútinn var því breyting grunnlinanna látin bíða 1958. En um leið og íslenzka ríkisstj. kaupir af Bretum á fjórum stöðum þann rétt, sem við áttum skýlausan, afsalar hún sér rétti okkar til frekari grunnlínubreytinga, nema samþykki Breta eða alþjóðadómstóls komi til. Þó er þörf á ýmsum grunnlínubreytingum. Þetta er ekki illa haldið á íslenzkum málstað!

Sagt er í þál. sjálfri og grg., að Bretar viðurkenni nú þegar 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Þetta er rangt, því að í orðsendingunni fer Guðmundur Í. Guðmundsson ekki fram á meira en Bretar falli frá mótmælum gegn 12 mílna landhelgi Íslands. Stjórnin segir auðvitað: Þetta er sama og viðurkenning. — Enginn, sem nokkuð þekkir til, tekur mark á slíkum yfirlýsingum. Hvers vegna segja Bretar ekki: Við viðurkennum 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands? — Dettur nokkrum manni í hug, að hitt orðalagið sé valið án sérstaks tilgangs? Þetta orðalag er valið til þess að geta sagt við Íslendinga síðar, eins og þeir hafa sagt áður, ef þeir standa höllum fæti: Við Bretar höfum aldrei viðurkennt 12 mílna landhelgi við Ísland. Ef þið leyfið okkur ekki að fiska á vissum stöðum innan 12 mílna, kaupum við ekki af ykkur fisk o. fl., o. fl.

Við fáum með þessari yfirlýsingu ekki neitt. Fiskveiðar Breta undir herskipavernd höfðu misheppnazt. Sjómennirnir, jafnvel sjóliðarnir, óánægðir og taugaveiklaðir yfir að geta ekki leitað landvars. Fiskveiðarnar svo lélegar undir herskipavernd, að þær borga ekki herskipakostnaðinn. Framferði Breta svo mikil smán fyrir þá og álitshnekkir meðal þjóða, sem þeim ríður lífið á að vera í áliti *hjá, að þetta eitt var margfalt meira tap en allar* fiskveiðar í íslenzkri landhelgi. Þess vegna höfðum við sigrað í deilunni, eins og Bjarni Benediktsson hefur lýst yfir oftar en nokkur annar maður. Inn í íslenzka landhelgi hefðu brezku togararnir aldrei komið aftur undir herskipavernd eftir seinni Genfarráðstefnuna, ef Bjarni Benediktsson hefði ekki kallað þá þangað í annað sinn með því að náða veiðiþjófana, en á það litu Bretar sem veilu og undanhald.

Eftir að landhelgismálið komst í hendur undanhaldsmanna, hlaut að fara eins og nú horfir. Það, sem Íslendingar afsala sér, er tilgreint með ákveðnum orðum og ekki skorið við nögl. Næstu þrjú ár hafa veiðiskip, sem skrásett eru í Bretlandi, — þeir geta boðið upp á skrásetningu, Bretarnir, — leyfi til að fiska hér upp að 6 mílum á svæðum að mestu leyti í kringum landið. Eru þessi svæði auðsjáanlega valin með tilliti til þess, hvar fiskigengd er mest á hverjum tíma og hægast að sitja fyrir fiskigöngum inn á svæði, þar sem veiði er ekki leyfð. Eftir því sem ríkisstj. upplýsir, mega Íslendingar eiga von á fleiri skipum en þeim, sem skrásett eru í Bretlandi, inn í landhelgina. Með þessu leyfi erum við Íslendingar búnir að ómerkja

það, sem við höfum sagt á alþjóðavettvangi og í mörgum hvítum bókum, sem dreift hefur verið út um heim. Þar höfum við haldið því fram m. a., að við hefðum rétt til útfærslu í 12 mílur og mundum aldrei víkja frá þeim rétti. Við höfum haldið því fram, að þetta sé okkar lífsnauðsyn, því að sannað hafi verið með vísindalegum aðferðum, að um ofveiði verði að ræða, ef útlendum veiðiskipum, sem fjölgar hratt við landið, verði hleypt inn í landhelgina. Nú gerum við allt þetta tal okkar að engu. Frammi fyrir öllum þjóðum segjum við: Það, sem við héldum fram, var skrök eitt.

En það er ekki allt þar með búið, því að ákveðið er í orðsendingunni, að ef Íslendingar hér eftir þurfi að færa út landhelgina, þótt ekki sé nema rétta grunnlínu, sem víða þarf að gera, þá megi þeir það ekki nema tilkynna Bretum náðarsamlegast með sex mánaða fyrirvara einum þjóða. Og ef Bretar vilja ekki fallast á útfærsluna, geta þeir heimtað, að alþjóðadómstóll skeri úr. M. ö. o.: við étum ekki aðeins ofan í okkur, að við höfum haft heimild til að færa út án samþykkis Breta í 12 mílur, heldur lofum við því að gera þetta aldrei aftur. Þar með eru landgrunnslögin frá 1948, sem allir flokkar stóðu einhuga að og eru heimildarlög til að friða allt landgrunnið, raunverulega þurrkuð út. Þessi leyfisbeiðni til Breta um stækkun íslenzkrar landhelgi og úrskurður alþjóðadómstóls virðast alls ekki tímabundin. Ég skora á stjórnarflokkana að svara nú þegar hér í útvarpinu, hvort Íslendingar, aldir og óbornir, eigi að vera bundnir á þennan klafa, nema þeir brjóti hann af sér.

Sjálfsagt er að koma fram með brtt. um að afnema þetta ákvæði úr samningnum, en til vara, að það verði tímabundið. Sést þá, hvort ríkisstj. er alvara að leggja þessa fjötra á óborna Íslendinga, þannig að íslenzka þjóðin megi ekki um alla framtíð gera neitt í landhelgismálinu nema með samþykki Breta eða alþjóðadómstóls, sem enginn veit, hvernig kann að verða skipaður í framtíðinni.

Það getur verið gott að hafa alþjóðadómstól til að skera úr vissum málum. Norðmenn gátu vel farið fyrir Haagdómstólinn með það, hvar þeir mættu hafa beinar grunnlínur, enda fiskveiðar Norðmanna ekki nema 7% af þjóðartekjum þeirra. Við hefðum og eftir útfærsluna 1952, sem var í samræmi við dóminn í máli Norðmanna, áhættulaust getað látið málið koma fyrir Haagdómstólinn, því að vitað var fyrir fram um málalokin, enda neituðu Englendingar. Ef friða á einhver svæði á úthafinu, eins og við Íslendingar gerðum till. um í Genf, utan landhelgi strandríkis fyrir ofveiði, til þess að strandríki, sem lifir aðallega á fiskveiðum, geti fiskað þar, er ekki óeðlilegt, að sérfræðingar og alþjóðadómstóll skeri úr um það, hvort þar er um ofveiði að ræða og hvað þetta svæði úthafsins á að vera stórt. En að reyna að rugla þessu saman við alþjóðadómstól um stærð landhelginnar alla tíð sýnir aðeins, að stjórnarflokkarnir verða að grípa til beinna falsana til að verja sinn vonda málstað.

Við Íslendingar höfum alltaf sagt: Ef allar þjóðir, sem hafa 12 mílna landhelgi og meira, vilja játast undir dóm alþjóðadómstólsins um það, hvort þær eigi rétt á 12 mílna landhelgi eða stærri, þá munum við ekki skerast úr leik. En að við, sem þurfum stærri landhelgi en aðrar þjóðir, séum teknir út úr einir þjóða og kúgaðir til að játast undir það um aldur og ævi, að við megum aldrei breyta landhelgi okkar, hve rík sem þörfin er, nema með leyfi Breta eða alþjóðadómstóls, það er hróplegt ranglæti, því að vegna veiðitækninnar getur vel svo farið, að 12 mílna landhelgi verði okkur að minna gagni en 3 mílna landhelgi áður. Með þessu værum við að fá alþjóðadómstóli vald til þess að ákveða, hvort okkur á hér eftir að vera heimilt að vernda auðlindir, sem tilvera þjóðarinnar byggist á, þ. e. vald til þess að kveða upp dóm um það, hvort við eigum að fá að lifa í eigin landi. Slíkt vald mun engri þjóð nokkurn tíma hafa komið til hugar að fá alþjóðadómstóli í hendur, kannske ævarandi, ef á að skilja ákvæðið þannig.

Eitt er þó ótalið, sem er ekki beinlínis fjárhagslegt, en engu minna fyrir það. Ríkisstjórnir hafa undanfarið gefið út og dreift um mörg lönd svonefndum hvítum bókum um skýlausan rétt okkar til að gera það, sem við höfum gert í landhelgismálinu, um lífsnauðsyn okkar til þess að gera það og margt fleira. Í þessum bókum er margt og mikið rætt um yfirgang Breta og veiðiþjófnað. Allt í einu berast þær fréttir af Íslandi, að við kyngjum öllum stóryrðunum, gefum upp mikið af landhelgi, sem við höfum helgað okkur á þriðja ár og allar þjóðir hafa virt nema ein. Þessari einu þjóð, þeirri sem hefur sýnt okkur ofbeldi og stundað hér veiðiþjófnað undir herskipavernd, bjóðum við fyrstri þjóða inn í landhelgina til þess að hirða árangur friðunarinnar. Og við skuldbindum okkur í ofanálag til að hreyfa ekki við því að færa út landhelgina nema með þessarar þjóðar samþykki, þessarar sömu þjóðar, sem hér hefur stundað ofbeldi og veiðiþjófnað fyrr og síðar. Hvílík niðurlæging frammi fyrir öllum þjóðum! Hvílík smán!

„Lífgjafi þessa lands er vor saga," segir Einar Benediktsson. Þessi lífgjafi segir okkur afdráttarlaust, að alltaf, þegar við Íslendingar guggnuðum fyrir ofbeldi og hótunum erlendis frá, alltaf þegar við létum kúga okkur til að gera nauðungarsamninga um afsal réttinda, vorum við að færa bölvun yfir þjóðina. Hér er einn slíkur samningur á ferð, sem þróttlaus ríkisstj. ætlar að láta kúga sig til að gera. Slíkir samningar eru alltaf forgylltir með ofsalegu skrumi, meðan verið er að koma hlekkjunum á þjóðina. Einfaldar sálir blindast um skeið. En bak við skrumið, undir gyllingunni er nú eitt stórfelldasta afsal réttinda, sem saga þjóðarinnar greinir. Til þess að gefa slíkt réttindaafsal hefur enginn þm. umboð, enginn þm. hér í þessum sal, því að allir flokkar og allir þm. sóru þann eið fyrir síðustu kosningar að hvika hvergi í landhelgismálinu. Vegna þess er skylt að hafa þjóðaratkvæði um þetta mál. Kjósendur einir hafa rétt til að samþykkja samninginn eða hafna honum. Án samþykkis kjósenda verður hann því markleysa ein. — Verið þið sæl.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Á langri þingævi minni hef ég aldrei heyrt illan málstað jafnilla varinn og stjórnarandstæðingar nú hafa gert, — og þó. Kannske er þetta of harður dómur, þegar á það er litið, að málstaður þeirra er óverj-

andi. En auk þess finna þessir menn andúðarnepjuna næða um sig frá nær allri þjóðinni, sem búin er að gegnumlýsa þá og sér, að þegar Íslendingar vinna stóran sigur undir forustu ríkisstj. sinnar, þá reiðast þeir, en gleðjast ekki. Fyndnastur fannst mér hv. síðasti, ræðumaður, Hermann Jónasson, þegar hann sagði: Nazistar lofa alltaf því gagnstæða við það, sem þeir gera. — Man þessi maður eftir manni, sem myndaði stjórn í júlímánuði 1956, lofaði ýmsu og gerði alltaf það gagnstæða?

Þessi sami maður sagði, að rök ríkisstj. fyrir ágæti samningsins væru eingöngu þau, að Bretar séu sagðir óánægðir. Ég skal nú sýna sannleiksgildi þessarar fullyrðingar.

Á öndverðu þingi báru Alþb. og Framsfl. fram lagafrv. í Ed., en síðan þáltill. í Sþ. varðandi fiskveiðilögsöguna úti fyrir ströndum Íslands. Í umr., sem þá fóru fram, gerðu hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, og hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, ýtarlega grein fyrir málinu. Þeir skýrðu m. a. frá því, að ríkisstj. teldi mjög æskilegt að eyða deilunni við Breta, ef ekki þyrfti að sæta neinum afarkostum, og drápu á sum helztu rökin, sem að því hníga. Eins og þá stóðu sakir, var ekki auðið að segja allt um málið án þess að eiga á hættu að skaða hagsmuni Íslendinga. Nú, þegar málið er á lokastigi og við höfum bindandi tilboð frá Bretum um lausn þess, þarf engu að leyna.

Rétt tel ég að benda á, að meðferð landhelgismálsins eftir Genfarráðstefnuna 1958 var af Íslands hálfu með þeim hætti, að sú gagnrýni, sem að okkur hefur verið stefnt af þeim sökum, er vel skiljanleg, og hæpið, að smáþjóð geti oft leikið slíkan leik. Menn athugi, að Genfarráðstefnan var haldin til þess að ákveða viðáttu landhelginnar. Íslendingar tóku þátt í ráðstefnunni án alls fyrirvara og viðurkenndu í rauninni með því, a. m. k. að vissu leyti, að ákvarðanir ráðstefnunnar skyldu marka stefnuna. Okkar óskir lutu þar í lægra haldi. Við héldum heim og tilkynntum, að þrátt fyrir þetta hefðum við ákveðið að skammta sjálfum okkur 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Bretar svöruðu: Þetta er ólöglegt athæfi. Úthafið er afrétt okkar beggja og raunar margra annarra. Við munum vernda hagsmuni fiskimanna okkar. Látum okkur a. m. k. ræða málið. Svar okkar var: Við ykkur höfum við helzt ekkert að tala. — Það var þá, sem Bretar sendu herskip sín hingað.

Ég hef alltaf talið, að hyggilegra hefði verið að halda öðruvísi á málinu. Um það má auðvitað alltaf deila og þýðingarlaust úr þessu. Og hvað sem öðru líður, er það staðreynd, að þegar menn berjast fyrir hagsmunum þjóðar sinnar, gilda nokkuð önnur lögmál en í einkaviðskiptum manna. Og vilji einhver á okkur deila út af málsmeðferðinni, hverfum við án efa í ljósi eða skugga þeirrar yfirsjónar Breta að senda flota sinn inn í landhegi okkar.

Í hinni ýtarlegu grg., sem fylgir þáltill. ríkisstj., er saga landhelgismálsins rakin og rökin lögð á borðið. Hæstv. utanrrh. hefur nú einnig skýrt málið. Ég skal ekki endurtaka þessi rök nema að litlu leyti, heldur aðeins lýsa gleði minni yfir því, að með þessari lausn málsins hefur mikið og viðkvæmt vandamál verið leyst og fullar sættir tekizt milli gamalla vinaþjóða. Ég fer ekki dult með, að mér er mikið gleðiefni, að sáttagerðin ber órækt vitni um sáttfýsi Breta og sýnir, að þeir skilja hvort tveggja, að öll afkoma Íslendinga veltur á landhelginni, sem og hitt, að vestræn samvinna fær aldrei staðizt, ef stærsti bróðirinn brýtur upp búrhurð hins minnsta, leggur sér matarforða hans til munns og skilur hann eftir í svelti. Og þetta gildir alveg jafnt, hvort sem slíkt atferli á sér stoð í lögum eða ekki. Þetta er og verður kjarni málsins. En hitt ber að játa, að frá brezkum sjónarhóli blasir margt fleira við, og erum við menn að meiri, ef við reynum einnig að sjá þeirra hlið á málinu.

Í haust, þegar forsætisráðherra Breta, herra Macmillan, samkv. ósk íslenzku ríkisstj. kom við á Íslandi á leið sinni til New York, átti ég við hann nokkurra stunda viðtal. Við ræddumst við einir og af fullri hreinskilni. Ein af þeim myndum, sem forsrh. brá þá upp fyrir mér, var af brezku togaramönnunum. Hann sagði eitthvað á þá leið, að þeir væru kjarni enska sjóliðsins, sem ætti hvað veigamesta þáttinn í því, að Bretar og bandamenn þeirra unnu báðar heimsstyrjaldirnar. Þessir menn væru því hans og margra annarra uppáhald, sem brezka þjóðin og raunar allur hinn frjálsi heimur stæði í þakkarskuld við. Öll skerðing á afrakstrinum af starfi þeirra ylli því brezkum stjórnarvöldum miklum sársauka o. s. frv. Þá rökstuddi herra Macmillan mjög vel það sjónarmið, að meðan Bretar ekki viðurkenndu 12 mílna fiskveiðilandhelgina, bæri stjórninni skylda til að hindra töku og refsingu brezkra skipa. Frá brezku sjónarmiði hefðu þeir ekki brotið af sér, og Íslendingar gætu ekki með sanngirni krafizt þess, að Bretar beygðu sig fyrir einhliða ákvörðunum um, að Íslendingar helguðu sér úthafið sem einkaeign og vildu ekki svo mikið sem ræða málið við Breta. Ég vona, að ég brjóti ekki þagnarheit, þótt ég nú að leikslokum greini frá þessum hluta af okkar löngu viðræðum.

Mín gagnrök skipta Íslendinga minna. Þau eru öll kunn. En mesta áherzlu lagði ég á þetta:

Ég tel aðgerðir Íslendinga reistar á lögum og rétti. A. m. k. kann ég engin lög og engar reglur, sem banna 12 mílna fiskveiðilandhelgi. En hvað sem því líður, hvort heldur mannanna lög eru með okkur eða móti, þá eru guðs lög með okkur, þ. e. a. s. hęlgur réttur lítillar, dugmikillar menningarþjóðar til þess að lifa frjáls og öðrum óháð í landi sínu. Og þennan rétt má enginn skerða, meðan við höfum dug og áræði til þess að berjast við vetrarmyrkur, storma og stórsjói og sækja ‘ greipar Ægis þá fjármuni, sem 180 þús. sálir þurfa til að lifa menningarlífi í stóru landi. Íslenzka ríkið væri tilraun minnstu þjóðar veraldarinnar til að lifa menningarlífi á borð við stærstu menningarþjóðirnar, — tilraun, sem væri einstök í veraldarsögunni, — tilraun, sem mundi heppnast, ef við kynnum fótum okkar forráð og ef ekki yrði framið innbrot í fjárhirzlu okkar, þ. e. a. s. fiskveiðilandhelgina. Allir Íslendingar vissu, að í okkar lögmáli stæði: landauðn eða landhelgi.

Ég rek ekki frekar viðræður mínar við forsrh. Breta. Ég skal ekki heldur tíunda hér þau hin sterku rök, sem aðrir ráðherrar hafa fram borið okkur til styrktar, en þar eiga þeir hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh. fyrst og fremst hlut að máli. Minni ég í því sambandi m. a. á sakaruppgjöf

dómsmrh. að aflokinni Genfarráðstefnunni og viðræður utanrrh. við utanrrh. Breta rétt fyrir áramótin, en hvort tveggja þetta á ómetanlegan þátt í þeirri prýðilegu lausn, sem nú hefur náðst.

En, segja menn, yfir hverju er verið að býsnast? Er það nokkuð að miklast af að láta Breta svínbeygja sig? Nei, ekki ef svo er. En sé það Bretinn, sem hefur látið undan síga, þá er það að sönnu honum mest til sóma, en kannske líka nokkuð ríkisstj. Íslands og þá einkum þeim ráðh., sem málið fellur undir, og samninganefndarmönnum þeirra, en allir þessir menn hafa skýrt þarfir og rétt okkar, og með sterkum rökum, hóflegum, en einörðum málflutningi hefur þeim tekizt að skapa okkur þá samúð, sem ein gat leitt til þess ágæta samkomulags, sem við nú eigum kost á. Hófst sú viðureign í Genf á s. l. vori og hefur staðið nær linnulaust alla tíð síðan.

En er þetta þá nokkurt afrek, sem unnið hefur verið? spyr einhver.

Þeim, sem vilja gera sér réţta grein fyrir því, er hollt að hafa til samanburðar það tilboð, sem vinstri stjórnin gerði NATO og þá fyrst og fremst Bretum, þegar leitazt var við að fá þá til að viðurkenna rétt okkar til 12 mílna landhelginnar sumarið 1958, rétt áður en reglugerð okkar um 12 mílurnar var gefin út og einnig skömmu áður en hún tók gildi. Skeytin, sem Hermann Jónasson forsætisráðherra vinstri stjórnarinnar þá sendi Spaak framkvæmdastjóra NATO með samþykki Finnboga Rúts Valdimarssonar og án efa með vitund ráðh. Alþb. í ríkisstj., þeirra Lúðvíks Jósefssonar og Hannibals Valdimarssonar, hafa verið birt og eru því þjóðinni kunn. Af þeim er ljóst, að Hermann Jónasson bauð þá Bretum full afnot af ytri 6 mílunum í þrjú ár og gegn því einu, að Bretar að loknu því tímabili viðurkenndu einkarétt Íslendinga á 12 mílunum auk lítils háttar breyt. á grunnlínum. Þessu tilboði höfnuðu Bretar þá.

Nú hins vegar fá Bretar aðeins lítinn hluta þessara friðlinda. Nú fá þeir aðeins rétt til að vera frá 3—8 mánuði á ári á ytri 6 mílunum í þrjú ár, þ. e. a. s. frá 9—24 mánuði alls á öllu tímabilinu, í stað 36 mánaða samkv. tilboði vinstri stjórnarinnar. Sé eingöngu miðað við flatarmál veiðisvæðanna og lengd veiðitímanna á hverju veiðisvæði, kemur í ljós, að friðlindi Breta jafngilda aðeins rúmum ¼ hluta þess, sem vinstri stjórnin bauð 1958. Hún bauð þá afnot allra ytri 6 mílnanna, sem eru um 20500 km2, í þrjú ár, allt árið, alls staðar og alltaf. Nú heimilast Bretum hins vegar aðeins veiðar á sem svarar 5500 km2 svæði í þrjú ár og gegn því, að Ísland fái sem einkaeign þegar í stað að heita má jafnstóran viðauka á úthafinu utan 12 mílnanna, eða 5065 km2, og ekki aðeins til þriggja ára, heldur um allra framtíð.

Þetta er ótrúlegt, segja menn. Já, það er satt. En samkomulagið er okkur samt sem áður enn hagstæðara en þessar tölur gefa til kynna. Það stafar af því, að auðvitað höfum við af fremsta megni leitazt við að miða við þann tíma ársins, sem veiðar Breta eru okkur skaðminnstar. En auk þessa er svo á hitt að líta, sem afar miklu máli skiptir, að á aðalaflamiðum Íslendinga er veiðitíminn stytztur og grunnlínustækkanirnar mestar, eins og bezt sézt af því, þegar athugað er, að á veiðisvæðinu frá Vestmannaeyjum til Stykkishólms veiddist árið 1950 70.3% af heildaraflamagni bátaflotans. Á öllu þessu veiðisvæði er veiðitími Breta 3 árin samtals aðeins 9 mánuðir.

Er þá loks þess ógetið, sem mestu skiptir, en það er, að á þessum helztu veiðistöðvum okkar fá Bretar aðeins þriggja ára afnot af sem svarar 755 km2, en viðurkenna fyrir sitt leyti að afhenda Íslendingum strax nýja og um alla framtíð óafturkallanlega stækkun friðunarsvæðisins utan 12 mílnanna, sem nemur hvorki meira né minna en 3060 km2. Menn taki eftir: Á langdýrmætustu fiskimiðunum lánum við Bretum afnot af 755 km2 svæði í enn þrjú ár, en fáum á þessum stöðum í staðinn, auk alls annars, nú þegar og um alla framtíð meir en fjórum sinnum stærra svæði utan 12 mílnanna, eða 3060 km2. Þetta leyfi ég mér að kalla tíðindi.

Enn er þess ógetið, að fyrir öllum Vestfjörðum og á nokkrum öðrum stöðum viðurkenna Bretar 12 mílna landhelgina þegar í stað.

M. ö. o.: það, sem við nú látum, er aðeins lítið brot af því, sem vinstri stjórnin bauð árið 1958, en það, sem við nú fáum, er hins vegar svo ósambærilega margfalt meira en vinstri stjórnin bað um, að tæplega er saman berandi.

Ég skal ekki um það dæma, hvort eða að hve miklu leyti Íslendingar hefðu getað fengið sér tildæmdan einhvern rétt til útfærslu á grunnlínum fyrir alþjóðadómstóli. En það er ljóst mál, að mat núv. stjórnarandstæðinga, þeirra sem hér hafa verið að tala, á líkunum til þess hefur ekki einkennzt af bjartsýni. Um það vitnar sú staðreynd, að þegar landhelgin var færð út 1958, var ekki hirt um að færa út grunnlínurnar, og ber hitt þó enn þá meiri vott um skeytingarleysi eða svartsýni af hendi þessara manna um hugsanlegan rétt Íslendinga í þessum efnum, að fyrir þessu þingi liggur lagafrv., flutt af Alþb. og Framsfl., þar sem lagt er til, að lögfestar verði núgildandi grunnlínur, en ekki svo mikið sem minnzt á þá 5065 km2 útfærslu þeirra, sem við nú höfum fengið viðurkenningu Breta á okkur til handa. Þessi lítilþægni stjórnarandstæðinga er ekki til fyrirmyndar, heldur víti, sem núv. ríkisstj. hefur haft vit á að varast.

Þá vil ég aðeins víkja að því örfáum orðum, að þrátt fyrir þetta samkomulag munu Íslendingar að sjálfsögðu halda áfram baráttunni á alþjóðavettvangi fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar og hagnýta sérhvern aukinn rétt, jafnóðum og hann fellur til að okkar mati. Íslendingar munu án efa telja sér hagkvæmt að rasa ekki um ráð fram, þ. e. a. s. gera ekki aðrar ráðstafanir en þær, sem við teljum að fái sennilegast staðizt fyrir óhlutdrægum alþjóðadómi. En héðan af er líka tryggt, að það verður ekki ofbeldið, ekki hervaldið, sem sker úr, hvort aðgerðir okkar verða virkar eða að meira eða minna leyti aðeins pappírsgagn, eins og var 1958, heldur alþjóðalög og réttur, eins og hann á hverjum tíma er að mati óhlutdrægra dómara. Þetta tel ég einna mesta vinning Íslendinga af þessu ágæta samkomulagi. Hygg ég, að þegar rennur af framsóknarmönnum, verði þeir að sættast á þetta sjónarmið, enda hefur Framsfl. frá öndverðu fallizt á að láta Haagdóminn dæma í landhelgismálum okkar. Þannig var það stjórn

Steingríms Steinþórssonar, en í henni sátu bæði Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson, sem bauðst til að vísa landhelgisdeilunni við Breta til Haagdómstólsins 1953. Og fáir Íslendingar hafa betur lýst nauðsyn Íslendinga og raunar allra smáþjóða á því, að deilur verði útkljáðar fyrir alþjóðadómi, en ekki með ofbeldi, en einmitt höfuðlögfræðingur stjórnarandstöðunnar, Ólafur Jóhannesson prófessor, gerði á Alþingi í haust.

Að lokum vil ég segja þetta: Þessir samningar eru okkur svo hagstæðir, að sumum finnst, að ótrúlegt sé. Mitt mat er, að þeir séu okkur ósambærilega miklu hagstæðari en þótt okkur hefðu boðizt 12 milurnar óskiptar og skilmálalaust þegar í stað. Þegar þess er gætt, að þetta samkomulag er endir á deilu milli fámennustu sjálfstæðu þjóðar veraldarinnar og eins mesta stórveldis heims, þá verður að viðurkenna, að það er rétt, að með því hafa Íslendingar unnið einn sinn allra stærsta sigur á sviði stjórnmálanna. Auk þess er samkomulagið Bretum til sóma. Þessu samkomulagi getur því enginn hafnað annar en sá, sem vill hætta lífi og fjármunum íslenzkra sjómanna og íslenzku þjóðarinnar í því einu skyni að glæða elda ófriðar við Breta, og svo hinir, sem vita ekki, hvað þeir gera.

Ég veit, að þjóðin fagnar þessari farsælu lausn hinnar löngu og leiðu deilu við Breta af heilum hug. Og úr þessu fækkar þeim áreiðanlega, sem til skamms tíma letruðu á skjöld sinn: „Samningar eru svik". Það er líka boðskapur, sem réttara er að flytja öðrum en viti borinni þjóð, sem liggur á mörkum austurs og vesturs og veit, að einasta lífsvon mannkynsins er, að ólíkir hagsmunir og lífsskoðanir semji um deilumál sín, og þar með, að hroðalegustu svikin, sem auðið er að fremja gegn öllum þjóðum veraldarinnar, eru einmitt þau að svíkjast um að semja.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ísland rís upp af grunnsævishjalla, sem er í lögun svipaður landinu sjálfu, og standast firðir og víkur, sem skerast inn í þennan hjalla, víðast á við firði og víkur, sem skerast inn í landið. Þetta grunnsævi umhverfis landið, landgrunnið, er jarðfræðilega og jarðsögulega óaðskiljanlegur hluti af Íslandi sjálfu, lægsti hluti landsins. Þar eru hin dýrmætustu fiskimið, þar eru hrygningar- og uppeldisstöðvar, þar er gull og silfur hafsins.

Þetta fiskauðga landgrunn kringum landsins vogskornu strendur viljum við Íslendingar einir eiga. Við teljum okkur eiga til þess sögulegan rétt, þjóðlegan rétt og landfræðilegan, auk þess helgan réttar, sem lífsnauðsyn heillar þjóðar skapar henni.

Meginmark Íslendinga í landhelgismálum er yfirráð okkar yfir landgrunninu öllu. Það speglast í lögunum frá 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Það kemur fram í þál. frá 1959, þar sem Alþingi lýsti yfir því, að afla bæri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls.

Undanfarin ár hefur miklu moldviðri verið þyrlað upp um landhelgismálið, svo að truflað hefur dómgreind sumra manna um meginatriði þess, svo og um það, hvaða vinnubrögð væru hyggilegust til að þokast nær þessu marki. Þetta gerningaveður hefur villt svo um fyrir sumum, að þeir eru farnir að trúa því, að talan 12 sé heilög landhelgistala, lokamark og fullnæging óska okkar og þarfa, — svo ginnheilög tala, að hvergi megi frá henni hvika, jafnvel um stundarsakir, þótt sannað væri, að slík frávik — tímabundin og svæðisbundin — gætu fært þjóðinni margfalt meiri hagsbætur í staðinn. 12 mílur eru ekki takmarkið. Landgrunnið allt er lokatakmarkið. Að því ber að stefna með festu og einurð, með hyggindum og drengskap, sæmandi menningarþjóð, sem virðir lög og rétt annarra þegar af þeirri ástæðu, að hún á sjálf allt sitt líf og tilveru undir lögum og rétti.

Nú eru stjórnarandstæðingar sumir, sem löngum hafa ekki grillt í neitt nema 12 mílur, farnir að elska landgrunnið allt enn þá meira en mílurnar 12. En í því sambandi minnist ég aðdragandans að ályktun Alþingis frá 1959. Leiðtogi framsóknarmanna í landhelgismálum, hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, afhenti þá formanni þingflokks sjálfstæðismanna svo hljóðandi till. Framsfl.:

„Alþingi ályktar að lýsa yfir, að það mótmælir harðlega ofbeldisaðgerðum brezkra stjórnarvalda í fiskveiðilandhelgi Íslands og að af Íslands hálfu verði haldið fast við 12 mílna fiskveiðilandhelgi og samningar um minni fiskveiðilandhelgi komi því ekki til greina."

Í till. Framsfl. var aðeins talað um að halda fast við 12 mílna landhelgi, en ekki minnzt á landgrunnið eða nauðsyn á frekari útfærslu landhelginnar. Þingmenn Sjálfstfl. settu það skilyrði fyrir samþykkt slíkrar till. um landhelgismál, að skýrt væri tekið fram í henni, að markmið Íslendinga væri landgrunnið allt. Eftir kröfu sjálfstæðismanna er því sú stefnuyfirlýsing komin í ályktun Alþingis.

Nú er því haldið fram, að samkomulagið við Breta torveldi okkur að vinna að þessu framtíðarmarki, að færa landhelgina út framvegis. Í orðsendingu Íslands er sérstaklega tekið fram, að ríkisstj. muni halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en í þeirri ályktun lýsir Alþingi yfir, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Hér er því ekki verið að dylja framtíðarfyrirætlanir okkar, og Bretastjórn er það fyllilega ljóst.

En nú er reynt að fræða okkur um það, að Íslendingar mundu hér eftir ekki geta fært út landhelgi sína nema með samþykki Breta. Þetta er rangt. Við þurfum að sjálfsögðu ekki samþykki Breta né neinnar annarrar þjóðar til að færa út landhelgina í framtíðinni eða breyta grunnlínum. Skuldbinding okkar er sú að tilkynna ríkisstj. Bretlands væntanlega útfærslu með 6 mánaða fyrirvara.

Þá hef ég heyrt því haldið fram, að samkomulagið beri að skilja svo, að eftir 3 ár næstu eigi alþjóðadómstóllinn að fjalla um núverandi 12 mílna fiskveiðilögsögu. Þetta er misskilningur. 12 mílurnar eru endanlega viðurkenndar af Bretum og koma ekki til úrskurðar alþjóðadómstólsins.

Nú spyrja menn: Felur samkomulagið í sér viðurkenningu Breta? Segir ekki aðeins, að þeir falli frá mótmælum sínum? Þetta orðalag vilja sumir túlka þannig, að það sé ekki viðurkenning og hafi ekki gildi að lögum sem slíkt. Ég vil skýra þetta nokkru nánar.

Ef aðili í málsókn hefur mótmælt einhverju atriði

og lýsir því síðan yfir, að hann falli frá mótmælum sínum, þá jafngildir það tvímælalaust að lögum viðurkenningu hans á því atriði, og sama gildir að þessu leyti í þjóðarétti.

Rússar hafa 12 mílna landhelgi. Bretar hafa mótmælt henni og viðurkenna ekki stærri landhelgi þar en 3 mílur. Árið 1956 gerðu Rússar samning við Breta og veittu þeim heimild til þess að stunda fiskveiðar inn að 3 mílum á tilteknum svæðum. En jafnframt tóku Bretar það fram með sérstakri orðsendingu til Rússa, að þeir héldu fast við fyrri mótmæli sín gegn landhelgi þeirra. Hér er þessu á annan veg farið. Hér er skýrt tekið fram, að Bretar falli frá fyrri andstöðu sinni og mótmælum. Ég ætla að það verði ekki vefengt með réttu, að þessi yfirlýsing Breta mundi af Sameinuðu þjóðunum og alþjóðadómstóli metin jafngild viðurkenningu berum orðum.

Rísi ágreiningur um útfærslu landhelginnar síðar, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til alþjóðadómstólsins. Þessi aðferð er eðlileg í samskiptum síðaðra ríkja. En þetta ákvæði miðar ekki að því fyrst og fremst að binda hendur okkar. Þýðing þess er ekki síður sú að binda hendur Breta, því að með þessu heita þeir því að beita ekki aftur herskipavaldi í sambandi við útfærslu íslenzku landhelginnar síðar, heldur hlíta alþjóðadómi. Það á að vera afsal landsréttinda og þjóðarsmán að fallast á að skjóta ágreiningsefnum til alþjóðadóms. Þeir sömu aðilar, sem gagnrýna nú þetta ákvæði, hafa jafnan talið sjálfsagt, að Íslendingar leituðu ásjár Sameinuðu þjóðanna í landhelgismálinu og tækju m. a. tvívegis þátt í sjóréttarráðstefnum í Genf á þeirra vegum. En við megum ekki bera mál okkar undir alþjóðadómstólinn, sem er einn hluti Sameinuðu þjóðanna og sá þátturinn, sem er og á að vera óháðastur og óhlutdrægastur og mest til hans vandað.

Í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sem Alþingi staðfesti fyrir sitt leyti 1946, eru taldar meðal aðalstofnana Sameinuðu þjóðanna allsherjarþingið, öryggisráðið og alþjóðadómstóllinn. Í 14. kafla sáttmálans segir, að alþjóðadómstóllinn skuli vera aðaldómstóll hinna Sameinuðu þjóða og að allir meðlimir hinna Sameinuðu þjóða séu af sjálfu sér aðilar að dómstólnum. Nú ætla ég, að það sé nokkuð samróma álit ábyrgra manna í lýðræðislöndum, að réttarríki geti ekki skorazt undan því að bera ágreining við annað ríki undir alþjóðadómstólinn, ef það vill njóta trausts og virðingar meðal þjóða. Og það er gengið feti of langt, þegar íslenzkir alþingismenn leyfa sér fyrir fram að vefengja réttdæmi alþjóðadómsins og gefa í skyn, að hann hljóti jafnan að standa með stórveldi gegn smáríki.

Alþjóðadómurinn, sem starfar í Haag í Hollandi, er skipaður 15 dómendum, sem kosnir eru af allsherjarþingi og öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Til þessara starfa veljast eingöngu lærðir, viðurkenndir og valinkunnir þjóðréttarfræðingar. Og eftir hvaða reglum dæmir alþjóðadómurinn? Í samþykktum hans, sem Alþingi Íslendinga hefur einnig staðfest, segir: Þá er leysa skal úr ágreiningsmálum, skal dómstóllinn fara eftir: a) millirikjasamningum, b) millirikjavenjum, c) almennum grundvallarreglum laga, sem viðurkenndar eru af siðuðum þjóðum, d) dómsúrlausnum og kennisetningum beztu sérfræðinga. Og loks þegar þessar réttarheimildir þrýtur, þá á dómstóllinn að dæma — ex aequo et bono — eins og það heitir á latnesku lagamáli, þ. e. eftir sanngirni og réttlæti. Þetta stendur skýrum stöfum í samþykktum dómsins.

Íslendingar hafa ekki minnstu átyllu til þess að tortryggja alþjóðadómstólinn. Reynslan sýnir, að dómurinn hefur í starfi sínu ekki síður staðið á verði um hagsmuni smáþjóða en stórvelda. Nærtækasta dæmi og það, sem okkur skiptir mestu, er dómur alþjóðadómstólsins 1951 í landhelgisdeilu Norðmanna og Breta, þar sem dómurinn gekk Norðmönnum algerlega í vil, en Bretar töpuðu málinu.

Við úrlausn dómsmála þurfa dómendur oft að meta þá hagsmuni, sem vegast og leikast á. Í landhelgisdeilu Norðmanna og Breta var sérstaklega á það bent, hversu ríkir væru hagsmunir norskra sjómanna og útvegsmanna og nauðsyn þeirra að njóta fiskimiðanna sér til lífsframfæris. Í dómi alþjóðadómstólsins þá er sérstaklega tekið fram, að taka skuli til greina réttmætar reistar á lífsnauðsyn landsmanna, eins og dómstóllinn kemst að orði. Og eins mun verða í framtíðinni. Ef útfærsla á íslenzkri landhelgi kemur fyrir alþjóðadóm, munu lífshagsmunir íslenzku þjóðarinnar af fiskveiðum og nauðsynlegri friðun fiskstofna verða áhrifamesta röksemdin fyrir málstað okkar. Og þeim mun sterkari gögnum og rökum sem við styðjum þá lífsnauðsyn þjóðarinnar, að hún eigi ein aðgang og nytjar fiskimiðanna umhverfis landið á landgrunninu öllu, þeim mun meiri líkur eru til þess, að aðrar þjóðir og alþjóðadómur meti slíka þörf og fallist á íslenzk sjónarmið.

Herra forseti. Það eru tvær leiðir, sem Alþingi og íslenzka þjóðin þurfa nú að velja á milli. Önnur er leið stjórnarandstöðunnar um óbreytt ástand, og sú leið felur m. a. í sér eftirfarandi atriði: Deilan við Breta heldur áfram. Brezkir togarar hefja aftur veiðar innan 12 mílna — allt að 3 mílum — sem er sú eina landhelgi sem Bretar hafa hingað til viðurkennt. Brezku togararnir munu biðja um herskipavernd, ef til vill fá hana. Gífurleg hætta verður á árekstrum á Íslandsmiðum. Líf og limum íslenzkra sjómanna og varðskipsmanna verður stefnt í voða. Grunnlínur óbreyttar. Engar af þeim þýðingarmiklu útfærslum, sem nú er völ á, koma þá til greina, enda leggja stjórnarandstæðingar til að lögbinda nú hinar gömlu grunnlínur frá 1952. Löndunarbannið heldur áfram. Brezki markaðurinn fyrir íslenzkan fisk lokaður. Óhugsandi verður að ráðast í nýja friðun fiskimiða á landgrunninu, á meðan deilan heldur áfram. Þessi er leið stjórnarandstöðunnar. Hin leiðin er friðsamleg lausn deilunnar með stórfelldri stækkun landhelginnar nú þegar, lausn, sem hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa gert hér glögga grein fyrir. Alþingi og íslenzk þjóð ættu ekki að vera í vafa, hvora leiðina við eigum að velja, leið skaða og skammsýni eða leið sátta og sigurs.

Forseti (FS): Ræðumaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., lauk máli sínu. Er þar með lokið fyrri umferð þessarar útvarpsumræðu. Alþfl. hefur notað 31 mínútu og á eftir 14 mínútur til síðari umferðar.

Alþb. hefur notað 36 mínútur, á eftir 9 mínútur í síðari umferð. Framsfl. hefur notað 26 mínútur, á eftir 19 mínútur í síðari umferð. Sjálfstfl. hefur notað 30 mínútur, á eftir 15 mínútur í síðari umferð. — Ég leiðrétti síðar tíma Sjálfstfl., ef tíminn er rangur.

Næstur tekur til máls ræðumaður Alþfl., hæstv. félmrh., Emil Jónsson.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Ég hef sjaldan heyrt af hálfu stjórnarandstöðunnar jafnmikið moldviðri eins og hér hefur verið þyrlað upp í kvöld. Svikabrigzl, blekkingavaðall og útúrsnúningar bar uppi málflutning hv. 4. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar. Hann fullyrti að vísu margt, en á það vil ég benda, að honum er ýmislegt annað betur gefið en bera sannleikanum vitni. Hann sagði, að við hefðum enga tryggingu fyrir 12 mílna mörkunum, þrátt fyrir skýlaus ummæli orðsendingarinnar um þetta. Hann og Hermann Jónasson fullyrtu, að við hefðum getað fært út grunnlínur eins og hér er nú gert, og á hv. 2. þm. Vestf., Hermanni Jónassyni, skildist mér, að það væri raunar Alþfl. að kenna, að þessar grunnlínur hefðu ekki verið færðar utar. En þá vildi ég spyrja þessa hv. þm.: Hvers vegna hafa þeir borið fram frv. sitt um óbreyttar grunnlínur, ef þeir hafa haldið, að það væri svo auðvelt að færa þær út þangað, sem þær nú eiga að vera samkvæmt samkomulaginu, sem gert hefur verið við Breta? Hann sagði, hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, að Alþfl. hefði verið kúgaður til fylgis við málið 1958. En sannleikurinn er sá, að það var aldrei efnislegur ágreiningur við Alþfl. um málið, heldur var sá ágreiningur, sem var, eingöngu um tíma, því að Alþfl. vildi fá tíma til þess að kynna málið og vinna því fylgi erlendis, en hinir flokkarnir vildu báðir hespa það af, án þess að nokkuð væri tryggt eða vitað um, hvaða fylgi það mundi fá. Enn minntust þeir á alþjóðadómstólinn, en að honum mun ég koma lítillega síðar.

Með samningnum, sem Danir gerðu 1901 um fiskveiðilögsögu Íslands og gerður var til 50 ára, var svo nærri gengið, að greinilega fór að bera á ofveiði með stöðugt minnkandi aflamagni veiðiskipa. Það þurfti að segja má tvær heimsstyrjaldir til þess að koma í veg fyrir, að þessi ofveiði hefði örlagaríkar afleiðingar fyrir Íslendinga, því að þann tíma, sem styrjaldirnar stóðu, voru fiskimið okkar laus við hin erlendu veiðiskip, og aflamagnið jókst þá aftur mjög verulega. Þegar samningstímabilið um 3 sjómílna fiskveiðitakmörkin rann út, var því þessum samningi sagt upp, miðað við árið 1951.

Síðan hafa íslenzk stjórnvöld haldið uppi látlausri baráttu fyrir því að fá viðurkennda útfærslu fiskveiðitakmarkanna, fyrst 1952 úr 3 í 4 mílur og breytingu á grunnlínum, síðar 1958 með útfærslu úr 4 í 12 mílur og nú með frekari útfærslu grunnlína, þannig að með öllu þessu stækkar fiskveiðilögsagan úr 24500 km2 1951 í nálega 75 þús. km2 nú, eða um það bil þrefaldast. Liggur í augum uppi, hversu geysiþýðingarmikil þessi útfærsla er fyrir fiskveiðar okkar. En gallinn er bara sá, að þessi stækkun hefur ekki hlotið viðurkenningu þeirra þjóða, sem mest hafa stundað fiskveiðar hér við land, og tilraunir á alþjóðavettvangi til að setja allsherjarreglur um viðáttu fiskveiðilögsögunnar hafa hingað til farið út um þúfur.

Í verki hafa þó allar þjóðir viðurkennt hin nýju fiskveiðimörk, sem nú eru í gildi, nema Bretar. En við þá höfum við líka átt í svo harkalegum útistöðum, að nálgazt hefur styrjaldarástand, auk þess sem eðlileg viðskipti hafa að verulegu leyti stöðvazt. Er þetta þeim mun hraklegra, þar sem þetta eru okkar næstu nábúar og viðskipti milli landanna hafa jafnan verið mikil og góð og báðum til hagsbóta.

Nú er þó svo komið eftir um það bil hálfs árs viðræður, að lausn virðist vera fundin á þessari hættulegu deilu, — lausn, sem hér liggur fyrir að taka afstöðu til. Í sem allra stytztu máli er þessi lausn þannig, að við fáum þegar í stað viðurkennd 12 mílna mörkin, og við fáum einnig nú þegar útfærslu fiskveiðilögsögunnar frá því, sem hún er nú, um rúma 5 þús. km2. Og við lýsum yfir þeim ásetningi okkar, að við munum halda áfram frekari útfærslu síðar í samræmi við ákvörðun Alþingis frá 5. maí 1959, enda verði ágreiningsatriði, er rísa kunna út af þessari útfærslu, lögð fyrir alþjóðadómstólinn, ef annar hvor aðili óskar þess. Þetta er, eins og lýst hefur verið hér áður í kvöld, í fullu samræmi við afstöðu og tillögur Íslands á báðum Genfarráðstefnunum, 1958 og 1960.

Á móti fá svo Bretar rétt til þess að veiða á ytri 6 mílunum á takmörkuðum svæðum og takmörkuðum tíma úr árinu í þrjú ár. Þessi veiðisvæði og veiðitími, sem Bretar fá innan 12 mílna markanna, svarar til þess, að þeim sé heimilað að veiða í tæpt eitt ár eða nánar tiltekið 9—10 mánuði á öllu svæðinu milli 6 og 12 mílna, eða ef öðruvísi er talið, í þrjú ár samfleytt á svæði, sem er álíka stórt og það svæði, sem fiskveiðilögsagan stækkar nú um samkvæmt samkomulaginu.

Fyrir þá, sem í raun og veru vilja leysa deiluna við Breta, er þetta, vildi ég segja, miklu framar öllum vonum, og má raunar telja, að það sé stórmerkilegt, að samkomulag skuli hafa náðst við Breta upp á þessi býti, sérstaklega þegar litið er á þá samninga, sem bæði Danir og Norðmenn hafa gert til þess að fá sín fiskveiðitakmörk viðurkennd, og svo hitt, að útfærslu grunnlinanna höldum við um alla framtíð.

En það hefur berlega komið í ljós í þessari deilu, að til er hópur manna hér á landi, sem vill ekki, að deilan við Breta verði leyst. Þegar samtölin hófust hér við fulltrúa Breta í byrjun októbermánaðar s. l., hélt þetta fólk uppi varðstöðu við staðinn, þar sem viðtölin fóru fram, og þingsetningardaginn, 10. okt. s. l., var þessi varðstaða flutt að alþingishússdyrunum og blasti við þm., þegar þeir gengu til þings. Þar voru borin kröfuspjöld, og minnist ég sérstaklega eins spjaldsins, því að á því stóð orðrétt með geysistórum stöfum: „Samningar eru svik". Það virðist ekki fara á milli mála, að þeir, sem að þessari varðstöðu stóðu, töldu alla samninga, sem gerðir yrðu við Breta, svik við íslenzku þjóðina, hvernig svo sem þessir samningar yrðu. Fyrir þessu fólki virtist aðeins hafa vakað eitt: að koma í veg fyrir, að deilan við Breta yrði leyst, að koma í veg fyrir, að samkomulag tækist. Og það er nú raunar komið

í ljós, hvaðan þessi krafa var ættuð, þó að hún í haust væri skrifuð á reikning svokallaðra hernámsandstæðinga. Á fundi Alþb. svokallaða hér í bænum í fyrrakvöld höfðu kommúnistar uppi sama spjaldið með sömu áletruninni, svo að ekki er lengur um að villast, hvaðan þessi krafa er ættuð. Og þegar betur er að gáð, þá er þetta í raun og veru auðskilið mál. Þeir, sem að þessum málflutningi standa, eru þeir menn, sem vilja koma í veg fyrir, að Ísland sé aðili að samstarfi hinna vestrænu þjóða. Deilan við Breta hefur gefið þeim kærkomið tilefni til þess að standa að tillöguflutningi á ýmsum samkomum um það, að Ísland slíti öllu stjórnmálasambandi við Breta og segi sig úr þeim samtökum, þar sem Bretar eru þátttakendur og við erum nú í, eins og t. d. Atlantshafsbandalaginu og fyrst og fremst því náttúrlega. Deilan við Breta er þessu fólki því nauðsynlegur grundvöllur fyrir árásir sínar á hina vestrænu samvinnu, og þess vegna krefst það þess, að á fiskveiðilögsögumálinu sé þannig haldið, að útilokað megi telja, að um það náist nokkurt samkomulag, hvorki við Breta né aðrar vestrænar þjóðir. Þetta hefur komið ákaflega greinilega fram í þeim tillögum, sem bornar hafa verið fram víðs vegar um land á fundum, hvarvetna þar sem þessir áhugamenn hafa búizt við nokkrum undirtektum. Það er ekki af áhuga fyrir lausn landhelgismálsins, að þessar tillögur hafa verið bornar fram, heldur þvert á móti. Þær eru bornar fram af áhuga fyrir því, að málið leysist ekki.

Þessi afstaða og þessi stefna er vel skiljanleg, þegar kommúnistar eiga í hlut, og hún er í fullu samræmi við baráttuaðferð þeirra, bæði hér og annars staðar. En hitt er aftur erfiðara að skilja, hvaða ástæður geta legið til þess, að Framsfl. hefur tekið sér stöðu við hliðina á þessum mönnum og jafnvel genglð fram fyrir skjöldu. Hann hefur þó ekki verið talinn andvígur hinni vestrænu samvinnu. þó að stefna hans þar sé — eins og raunar á svo mörgum öðrum sviðum — harla óljós og tækifærissinnuð.

Ég hef ekki getað fundið nema eina skýringu á afstöðu Framsfl. í þessu máli. Stjórnarandstöðunáttúra flokksforustunnar gengur svo langt, að hún kýs heldur að stofna framtíð þjóðarinnar í hættu en að viðurkenna það, sem núv. ríkisstj. gerir vel, eins og ég tel að hún hafi gert með lausn þessarar deilu. Blað flokksins, Tíminn, gerir að vísu það að höfuðatriði þessa máls, að Íslendingar fallast á að leggja ágreining, sem rísa kann síðar um frekari útfærslu, undir úrskurð alþjóðadómstólsins, og það hefur komið mjög greinilega fram í kvöld, m. a. hjá formanni Framsfl., Hermanni Jónassyni, þar sem hann segir, að þetta ákvæði í samkomulaginu væri fjötur á óborna Íslendinga. En þessi tylliástæða stenzt alls ekki, því að engum er nauðsynlegra en kotríki eins og okkur, að alþjóðalög og reglur sé í heiðri haft, en hnefaréttur og valdbeiting sé útilokað. Og við þurfum ekki heldur að ætla okkur þá dul að komast upp með það til lengdar að taka okkur einhliða rétt, sem við eigum ekki að alþjóðalögum og við efumst um að alþjóðadómstóll dæmi okkur í vil.

Á þessu máli var líka varaformaður Framsfl., eins og vitnað hefur verið til hér í kvöld, Ólafur Jóhannesson, þar sem hann sagði í umr. um málið í Ed. í vetur, að hann teldi, að að sínu viti yrði hvert eitt spor í þessu máli að vera þannig undirbúið, að við værum við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómstóls. Þarna eru að því er virðist formaður og varaformaður flokksins ekki á sama máli, og væri vel, að þeir kæmu sér saman, áður en þeir færu að kenna öðrum reglur um þetta efni.

Hér ber allt að sama brunni, og er sama, hverl litið er. Ástæður þær, sem bornar hafa verið fram gegn samkomulaginu, eru tylliástæður einar, og lausnin, sem fáanleg er á þessu vandamáli, er betri en nokkurn gat órað fyrir, farsæl lausn, sem ég tel sjálfsagt að samþykkja.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Heimsstyrjöldinni síðari var varla lokið, þegar mannkyni öllu var ljóst, hve því fór fjarri, að úrslit hennar hefðu bundið enda á deilur og átök þjóða í milli. Enn varpaði ótti við nýja alheimsstyrjöld dimmum skugga í hug manna, og sá ótti var nú jafnvel sárari en áður, því að eyðingarmáttur vopnanna var nú orðinn ægilegri en nokkru sinni fyrr. Af þessu hafa helztu þjóðaleiðtogar heims og allir góðir menn um víða veröld dregið þá ályktun, að ekki megi framar koma til stórstyrjaldar, með vopnavaldi verði engin vandamál leyst til frambúðar, þjóðir verði að semja um deilumál sín og jafna ágreining friðsamlega. Allir helztu forustumenn vestrænna, austrænna og hlutlausra þjóða hafa ekki þreytzt á því allan undanfarinn áratug að undirstrika nauðsyn þess að setja niður deilur með samningum, þótt skemmra hafi að vísu miðað en margur hefði kosið. Það hafa ekki sízt verið vinstrisinnaðir menn um heim allan, sem lagt hafa á það ríka áherzlu, að höfuðdeiluaðilarnir á sviði heimsstjórnmálanna, Bandaríkin og Sovétríkin, ræddust við sem mest og sem oftast til þess að semja um ágreiningsefni sín. Krústjof, forsætisráðherra Sovétríkjanna, notar hvert tækifæri til þess að undirstrika nauðsyn viðræðna og samninga, og Kennedy Bandaríkjaforseti lýsti skoðun sinni á snjallan hátt, er hann sagði, að Bandaríkjamenn ættu ekki að semja af ótta, en ekki heldur að óttast að semja.

En meðan þetta gerist úti í heimi, meðan þannig er talað um víða veröld, gerist það hér úti á Íslandi, að hrópað er: Samningar eru svik. Viðræður við Breta eru svívirða. — Það er talinn glæpur, jafnvel landráð að semja um lausn deilu við aðra þjóð og meinsæri nefnt í því sambandi. Og það er talið jafnast á við afsal landsréttinda að lýsa því yfir, að Íslendingar muni ávallt hlýða alþjóðalögum, eins og þau eru túlkuð af alþjóðadómi.

Ég held, að fyllsta ástæða sé til þess fyrir þjóðina, fyrir hvern einasta Íslending að hugleiða af alvöru, hvað hér er í raun og veru að gerast. Með hverjum hætti getum við tryggt sjálfstæði okkar og rétt? Getum við það með nokkrum öðrum hætti en þeim að stuðla eftir megni að því, að alþjóðalög taki til sem flestra sviða í samskiptum þjóða? Hefur það ekki verið og er það ekki æðsta hugsjón allra góðra manna, að lög og réttur móti skipti ríkja hvers við annað með sama hætti og þau móta skipti einstaklinga í réttarríkjum? Og

hver skyldi eiga meira undir því, að þessi hugsjón rætist, hverjum skyldi standa nær að styðja hana og efla en einmitt þeirri þjóð, sem er minnst allra, því ríki, sem eitt allra á ekkert vopn? Er það ekki einmitt af þessum sökum, sem Íslendingar hafa í nær þúsund ár talið það til mestu spakmæla, sem sögð hafa verið á íslenzka tungu, er Þorgeir Ljósvetningagoði mælti á lögbergi: „Það mun verða satt, er vér slitum í sundur lögin, að vér munum slita og friðinn.“

Það er staðhæft, að með samkomulaginu við Breta afsali Íslendingar sér rétti til einhliða ákvörðunar um frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Réttur til einhliða aðgerða á alþjóðavettvangi er enginn til nema í samræmi við alþjóðalög. Í samkomulaginu taka Íslendingar fram, að þeir muni nota þann rétt, sem þeir eigi að alþjóðalögum. Þeir afsala sér því engum rétti. Á þeim sviðum alþjóðamála, þar sem alþjóðalög eða reglur eru ekki til, en það á enn við um viðáttu fiskveiðilögsögu, er hins vegar ekki hægt að eiga neinn rétt og þess vegna engum rétti hægt að afsala. Einhliða aðgerðir á slíku sviði geta ekki grundvallazt á öðru en valdi, — valdi til þess að knýja aðra til þess að viðurkenna þær. Þjóðir, sem hafa ekki slíkt vald, en óska að gera ráðstafanir í alþjóðamálum, sem alþjóðalög eða reglur eru ekki til um, eiga einskis annars úrkost en semja um þessar ráðstafanir. Það var auðvitað af þessum sökum, sem ráðh. Alþfl. og Framsfl. í ríkisstj. Hermanns Jónassonar buðu Bretum samninga um málið árið 1958. Það hefði sérhver ríkisstjórn ábyrgra manna gert. Þá voru það Bretar, sem höfnuðu því, sem boðið var.

Núv. ríkisstj. taldi sig hafa sömu skyldur til samninga og ríkisstjórn Hermanns Jónassonar. Nú hafa Bretar fallizt á samninga, sem eru miklum mun hagstæðari en boð þau, sem ráðherrar Alþfl. og Framsfl. gerðu 1958. Þá gerist það, að ekki aðeins Alþb., heldur einnig Framsfl. snýst algerlega gegn þeim. Þetta er alvarleg staðreynd. Afstaða Alþb. þarf engum að koma á óvart og engum að valda vonbrigðum. Málstað kommúnista er augljóslega bezt þjónað með því, að Íslendingar eigi í sem mestum og langvinnustum deilum við ríki í Atlantshafsbandalaginu. En hvers vegna hefur þingflokkur Framsfl. skipt um skoðun síðan 1958? Hvers vegna telur hann það nú glæp, sem hann þá taldi sér skylt að gera og gerði? Hvers vegna hamast hann nú gegn samningum, sem eru tvímælalaust hagstæðari en samningar, sem hann bauð 1958 og var reiðubúinn til þess að samþykkja á Alþingi með Alþfl. og Sjálfstfl.? Það eru engin rök, að boðin 1958 hafi verið gerð, áður en reglugerðin hafi verið gefin út, en nú sé hún í gildi, því að Íslendingar fengu ekki 12 mílna landhelgi í reynd með útgáfu reglugerðarinnar 1958. Þeir fá hana fyrst fulla og óskoraða í kjölfar þess samnings, sem nú er lagt til að gera.

Framsfl. átti nú gullið tækifæri til þess að sýna þjóðhollustu, drengskap og ábyrgðartilfinningu í afstöðu sinni. Allt og sumt, sem hann hefði þurft að gera, var að lýsa yfir því, að hann væri enn sömu skoðunar og 1958. Þá hefðu allir lýðræðisflokkar landsins nú staðið saman í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar, eins og þeir hefðu gert 1958, ef Bretar hefðu þá borið gæfu til þess að samþykkja tilboð Íslendinga. En Framsfl. hefur því miður valið þann kost að hasla sér völl við hlið íslenzkra kommúnista og gera málstað þeirra og málflutning að sínum í einu og öllu. Þetta verður varla skilið á annan veg en þann, að ráðamenn Framsfl. stefni nú að því og því einu að ná völdum með kommúnistum og stjórna landinu með þeim einum. Ég heyrði framsóknarmann segja um daginn, að landinu yrði ekki stjórnað án kommúnista. Sannleikurinn er þvert á móti sá, að því verður ekki stjórnað með kommúnistum. Þetta var aðalleiðtogum Framsfl., þeim Hermanni Jónassyni og Eysteini Jónssyni, ljóst haustið 1958. Þess vegna rofnaði samstarfið í vinstri stjórninni. Ríkisstj. Framsfl. og Alþb. gæti ekki komið sér saman um neina aðra stefnu í innanlandsmálum en þá, sem hefði algert öngþveiti í för með sér, og í utanríkismálum hlyti hún að einangra þjóðina frá öðrum vestrænum þjóðum, einmitt þeim þjóðum, sem eru okkur nálægastar og skyldastar að þjóðfélagsháttum og menningu allri. Ég trúi því ekki, að kjósendur Framsfl. yfirleitt æski slíkrar þróunar, og þá er íslenzkum samvinnumönnum brugðið, ef þeir una því til lengdar, að í nær engu máli megi lengur greina afstöðu flokks þeirra frá afstöðu íslenzkra kommúnista.

Það er mikilvægt, enn mikilvægara en virðast kann í fljótu bragði, hvernig flokkar og einstaklingar bregðast við í þessu máli. Hér er ekki aðeins um að tefla lausn á mjög vandasömu deilumáli vopnlauss smáríkis og voldugs stórveldis, — lausn, sem þó er hinum smáa tvímælalaust hagkvæmari en hinum stóra. Hér er einnig um það að ræða, hvort Íslendingar eiga að skipa sér í fylkingu þeirra, sem vilja efla alþjóðalög og rétt, eða hinna, sem vilja láta vald og vopn ráða. Hér er um það að tefla, hvort Íslendingar eiga að vera meðal þeirra, sem vilja leysa deilumál með samningum, eða hinna, sem vilja auka þau með æsingum. Kjarni málsins er í raun og veru sá, hvort menn vilja stuðla að því, að sams konar reglur gildi í samskiptum þjóða og sjálfsagðar þykja í skiptum siðaðra einstaklinga í réttarríkjum.

Ég efast ekki um það eitt andartak, að mikill meiri hluti íslenzku þjóðarinnar vill ekki aðeins, að íslenzkt þjóðfélag sé réttarríki inn á við, heldur einnig að það komi fram sem réttarríki út á við. Í þessu stórmáli sem öðrum munu allir góðir Íslendingar ætlast til þess af fulltrúum sínum, að þeir haldi þannig á málum, að hagur Íslands batni og sómi þess vaxi, að þeir hiki ekki við að virða lög og hafi kjark til þess að gera það, sem þeir álíta rétt. — Góða nótt.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í upphafi þessarar aldar vorum við Íslendingar ekki sjálfir málum okkar ráðandi. Við vorum nýlenda Dana, og þeir gerðu samning við Breta um 3 mílna landhelgi við Ísland. Sá samningur hélt gildi allt til ársins 1951. 3 mílna landhelgin náði aðeins yfir tæplega 25 þús. km2 svæði og var okkur og atvinnulífi okkar auðvitað algerlega ófullnægjandi. Hún var ekki heldur við okkar þarfir miðuð, heldur hafði hún orðið fórnarpeð Dana til þess að ná sér hagstæðari kjötmarkaðssamningi við Breta. En við þetta hlaut að sitja fram yfir miðja öldina,

enda þótt öllum ráðandi mönnum hins sjálfstæða Íslands væri ljóst, að við svo búið mátti ekki lengur standa en óhjákvæmilegt var.

Það er því engin tilviljun, að upp úr lýðveldisstofnuninni 1944 er tekið að undirbúa stækkun landhelginnar þegar að dansk-brezka samningnum útrunnum. Eitt skrefið, sem stigið var í þeim undirbúningi á bernskuárum íslenzka lýðveldisins, einmitt á meðan hugir landsmanna sneru beint að framtíðarheill lands og þjóðar óblandaðri af erlendum sjónarmiðum en síðar varð, var setning landgrunnslaganna árið 1948. Í þeim lögum helguðu Íslendingar sér landgrunnið allt og fólu sjútvmrh. að ákveða það á hverjum tíma í samráði við hlutaðeigandi vísindastofnanir landsins og innan ramma, sem millirikjasamningar leyfðu, hvernig fiskveiðitakmörkin skyldu dregin innan endimarka landgrunnsins. Við máttum ekki heldur seinni vera með setningu landgrunnslaganna, því að ári síðar en þau voru sett gengum við í Atlantshafsbandalagið illu heilli, og þaðan hefur jafnan síðan í sívaxandi mæli verið lagzt gegn eðlilegri þróun okkar landhelgismáls.

Um landgrunnslögin var enginn ágreiningur á þingi, og stóðu því allir flokkar að því að leggja þann lagagrundvöll, sem einhliða útfærsla fiskveiðilandhelginnar hefur hingað til byggzt á. Á grundvelli þessara laga var landhelgin svo stækkuð 1952 upp í 4 mílur með grunnlínubreytingum, þannig að hafflötur innan fiskveiðitakmarkanna varð 43 þús. km2 að stærð, og öll var þessi breyting gerð undir fiskverndunarákvæðum, sem bönnuðu ekki einasta veiðar útlendinga á hinu tiltekna svæði, heldur takmörkuðu einnig að verulegu leyti veiðar landsmanna sjálfra á því.

En þótt svona varlega væri í sakirnar farið um hagnýtingu þess hluta íslenzku fiskimiðanna, sem friðunarlínan spennti um, risu þó upp deilur um það mál. Bretar mótmæltu, og þeir svífðust þess ekki að setja löndunarbann á fisklandanir íslenzkra skipa í Bretlandi þvert ofan í millirikjasamning þeirra við okkur á þeim tíma. Tilgangur þeirra með því var auðvitað allur annar en vinsemd við okkur. Þó er vafamál, hvort nokkur önnur ráðstöfun hefur orðið fremur þessari til þess að hrða atvinnuuppbyggingu okkar og forða okkur frá því að selja óunnin hráefni á erlenda markaði í stað unninnar vöru fyrir aukin verðmæti. Á löndunarbannstímabilinu fleygði fisklðnaði okkar fram með tilkomu nýrra frystihúsa, og við fundum markaði, sem gerðu miklu betur en bæta upp löndunarbannið. Hinu er ekki að neita, að óvild Breta í 4 mílna deilunni dró allan mátt úr þeim stjórnmálamönnum á Íslandi, sem þeim voru vinveittastir, til þess að halda áfram eðlilegri landhelgisstækkun í samræmi við þarfir hins stækkandi fiskiflota og vaxandi fisklðnaðar.

Það var ekki lengur neinn sóknarhugur í stjórnarvöldum landsins í landhelgismálunum á tímabilinu fyrst eftir löndunarbannsaðgerðir Breta. Þau aðhöfðust ekkert annað en gefa út varnarrit fyrir aðgerðunum. Í einum ritlingi ráðuneytisins frá þeim tíma segir berum orðum, að samkv. alþjóðareglum hefðu Íslendingar haft fullan rétt til þess að ákveða grunnlínur sínar utar en gert var á ýmsum tilteknum svæðum, í aðalatriðum á þeim stöðum, þar sem grunnlínubreyting er nú ráðgerð samkv. till. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. En þrátt fyrir þessar yfirlýsingar og þrátt fyrir augljósa þörf bátaflotans reyndist stjórn Ólafs Thors á árunum 1953—56 með öllu ófáanleg til þess að framkvæma neina þá stækkun, sem hún þó í ritum sínum taldi engum vandkvæðum bundna gagnvart alþjóðarétti. Öllum tillögum, sem fram komu á Alþingi á þessu tímabili og fólu í sér útfærslu á landhelginni, var stungið undir stól. Þær fengust ekki afgreiddar. Slík var samúð stjórnarinnar með Bretum, á meðan þeir voru að tapa löndunarbannsdeilunni.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð árið 1956, var það eitt af ákvæðum í hennar stjórnarsáttmála, að landhelgin skyldi stækkuð. Enginn skyldi þó halda, að um framkvæmd þess ákvæðis hafi ríkt einhugur í þeirri stjórn. Alþfl. tregðaðist þar við svo sem hann mest mátti og alþjóð nú er kunnugt. Hann vildi bíða eftir ráðstefnu á ráðstefnu ofan og var ófáanlegur til þess að hreyfa svo mikið sem grunnlínurnar, á meðan beðið var eftir ráðstefnunum. Til allrar sinnar tregðu naut hann auðvitað hins fyllsta trausts og bakstuðnings Sjálfstfl. En þegar ekki varð lengur á móti 12 mílna útfærslunni staðið, fengu núv. stjórnarflokkar því þó til leiðar komið, að ekki var stærra skref stigið en 12 mílna útfærsla frá óbreyttum grunnlínum. Með 12 mílna landhelginni, svo sem hún varð 1. sept. 1958, var fiskveiðilögsagan 70 þús. km2 að stærð, en eftir lágu 7000 km2, sem hægt var að taka, hvenær sem samstaða var til þess innan íslenzkrar ríkisstj.

Viðbrögð annarra þjóða við 12 mílna landhelginni eru flestum enn í fersku minni. Allar bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu mótmæltu henni. En Bretar einir fóru að okkur með vopnuðu ofbeldi, og hafa þeir haldið því með mjög útdeyjandi þrótti í 2½ ár, aluppgefnir í 3—4 vetrarmánuði 2 s. l. ár. Árangur þeirra af ránsveiðunum í þásum sínum hefur verið næsta lítill, og aldrei munu þeir hafa náð að hersetja meira en 1—2 þús. km2 landhelginnar í einu.

Þannig standa þá málin, þegar ríkisstj. Íslands leggur fram till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Till. þessa boða stjórnarvöldin sem stórsigur Íslands í málinu. En það er dálítið merkilegt, um leið og þessi stórsigur er boðaður, að hæstv. ráðherrar, sem hér hafa talað á undan mér, skuli allir hafa verið með ofarlega í kokinu eina áletrun á gömlu kröfuspjaldi, þar sem stóð: „Samningar eru svik.“ En rök þeirra fyrir því, að hér væri um stórsigur að ræða, telja þeir vera að finna í blaðaummælum í Bretlandi, sem sýni, hvað Bretar séu óánægðir með þessi málalok. Rétt er það, að sumir Bretar munu hafa óskað eftir því, að lengra væri gengið í því að beygja íslenzk stjórnarvöld til framsals á landhelgi Íslands, eftir að þeir fundu ístöðuleysi þeirra. Engu að síður er það vitað mál og ómótmælt af íslenzkum aðilum, að það eru Bretar, sem á eftir reka um staðfestingu á þessum samningi. Og trúi því svo hver, sem trúa vill, að stjórn hennar hátignar Bretadrottningar reki á eftir því að fá auðmýkjandi samning eða uppgjafarsamning sér til handa úr hendi Íslendinga sem sigurvegara.

Hvað felst svo í efni þessa samnings, sem Alþingi er boðið upp á að samþykkja? Efnisatriðin eru

aðallega fjögur. Ég verð að láta mér nægja að ræða hér aðeins tvö þeirra, en hlaupa yfir bæði fráhvarf Breta frá mótmælunum gegn 12 mílna landhelginni og fráhvarf okkar frá frekari útfærslu á grundvelli landgrunnslaganna. Réttindi þau, sem Bretum eru veitt samkv. till., og grunnlínubreytingarnar fyrirhuguðu eru þá eftir til að líta nokkru nánar á.

Réttindin til handa Bretum næsta þriggja ára tímabil ná með dálitlð mismunandi tímatakmörkunum yfir allt ytra 6 mílna belti landhelginnar óslitið frá Reykjanesi að Ingólfshöfða og raunar allt austur um land og norður að Horni með þremur óverulegum skörðum í við Ingólfshöfða, Hornafjörð og Grímsey. Öll tímatakmörk eru sjáanlega sett eftir forskrift Breta. Veiðisvæðin eru þeim opin á þeim tímum, sem Bretar eru vanir að sækja á þau og þar er fisks að vænta. Á suður-, austur- og norðurlandssvæðinu lætur því nærri, að till. jafngildi samningi um 6 mílna landhelgi í þrjú ár. Fyrir vestanverðu landinu eru réttindi Breta takmarkaðri og ekki gengið á 12 mílna landhelgi okkar nema út af Látrabjargi, Snæfellsnesi og norðaustanverðum Faxaflóa. Alls fá Bretar þarna til sinna afnota hafsvæði í okkar landhelgi, sem er 14500 km2 að stærð, og verður því a. m. k. 7—10 sinnum rýmra um þá á okkar miðum en á þásum þeim, sem þeir gátu markað sér með herskipunum.

En þótt Bretar komi til með að þrengja hér að á miðunum, ef við þá verður gerður slíkur samningur, þá liggur auðvitað í hlutarins eðli, að sömu réttindi og þeir koma til með að hljóta innan landhelginnar verði veitt öllum öðrum þjóðum, sem þess óska, enda væri allt annað fráleitt. Það eru því ekki einasta brezkir togarar, sem við getum vænzt í heimsókn á miðin hjá okkur. Samningurinn nær til allra fiskiskipa. Þess vegna geta fiskiskip allra Evrópuþjóða komið hér með ekki einasta botnvörpur, heldur einnig með dragnætur, síldarnætur, síldarvörpur, reknet, handfæri, þorskanet, svo að eitthvað sé nefnt af þeim veiðarfærum, sem útlendingar notuðu hér við land fyrir eina tíð, þó að sleppt sé öllum þeim, sem við kunna að hafa bætzt, síðan þeir hurfu af okkar miðum. Og það, sem máske er athyglisverðast af þessu öllu saman, er það, að öll okkar venjulegu síldveiðimið, þar sem sumarsíldveiðarnar eru stundaðar, standa opin upp að 6 mílunum fyrir öllum þeim þjóðum, sem þar vilja veiða, þegar þessi samningur er gerður, ef hann á fyrir sér að hljóta samþykki.

Það liggur í augum uppi, að það, sem við látum af hendi, er ekkert lítilræði. Smækkun landhelginnar í 6 mílur fyrir þremur landsfjórðungum og skörðótt 12 mílna landhelgi fyrir einum í millirikjasamningi skyldi maður ætla að væri ráðstöfun, sem eitthvað verulegt kæmi á móti. Af öllum málflutningi forsvarsmanna þessa samnings má sjá, að gjaldið fyrir þetta telja þeir vera grunnlínubreytingarnar fjórar: út af Ströndum, sunnan Langaness, vestan Vestmannaeyja og norðvestur af Eldey. Ég vil taka það fram, að Alþb. er samþykkt öllum þessum útfærslum, og það hefði viljað hafa þær fleiri. Auk þessara breytinga eigum við ótvíræðan rétt á hliðstæðri útfærslu grunnlínanna í Meðallandsbugt, í Mýrnabugt og einnig við Grímsey, við Hvalbak og við Geirfugladrang. Það er sem sagt ekki ráðgert að taka inn í landhelgina nema 5 af 7 þús. km2, sem enginn vafi getur leikið á, að við eigum rétt til. Er það næsta torskilið, af hvaða ástæðum er látið hjá líða nú, þegar grunnlínubreyting er ráðgerð, að helga okkur einnig þessi svæði. Á hinn bóginn hlýt ég að mótmæla því eindregið, að hægt sé að líta á grunnlínuútfærsluna sem eftirgjöf af Breta hálfu fyrir réttindi, sem þeir eiga að fá í okkar landi.

Það er með eindæmum, hverjar blekkingar ríkisstj. og hennar málsvarar leyfa sér að hafa uppi í sambandi við þessa fyrirhuguðu samningsgerð. Stærsta blekkingin liggur þó í því að telja Breta hafa goldið sín réttindi með samþykkt á grunnlínubreytingunum. Réttindin til grunnlínubreytinganna áttum við að alþjóðalögum.

Hvað sem standa kann í brezkum blöðum samningum þessum til hnjóðs af brezkri hálfu, er enginn vafi á því, að brezka stjórnin getur sæl og ánægð brosað í kampinn yfir sigri sínum í þessari samningsgerð. Hingað til hefur hún þurft að gjalda fyrir þau réttindi, sem hún ávann landi sínu, annaðhvort með gagnkvæmum réttindum til viðsemjenda eða með sterlingspundum. Hér virðist hún hafa sloppið við hvort tveggja. Hér borgar hún Íslendingum með sneið af Selvogsbanka, sneið af Faxaflóa, sneið úr Húnaflóa og sneið úr Bakkafjarðarflóa, m. ö. o., hún borgar með eignum Íslendinga sjálfra. Og þennan samning leyfir ríkisstj. sér að kalla stórsigur Íslands. Sér er nú hver sigurinn!

Þessi samningstill. er gerð af þeim aðilum, sem lögðu af stað út í tvennar síðustu kosningar með sérstaka samþykkt, gerða á Alþingi hinn 5. maí 1959, sem sitt skjaldarmerki í landhelgismálinu. Í þeirri samþykkt lýsa þeir því yfir, eins og þar segir orðrétt, „að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið". Ég var einn þeirra, sem í kosningabaráttunni á því ári drógu í efa, að það væri fullur vilji hjá öllum þeim, sem að þessari samþykkt stóðu, til þess að standa við hana. Því svöruðu þeir mér eins og öðrum, sem þá grunsemd ólu, að það væri eingöngu illur hugarburður vondra manna að gruna nokkurn Íslending um að láta sér detta í hug að hvika frá þessari samþykkt. Og það færi betur, að slíkur grunur hefði aldrei verið annað en hugarburður vondra manna. Þá hefði enginn þurft að telja sér trú um það í dag, að framsal á 14500 km2 af okkar landhelgi í hendur Breta væri stórsigur fyrir Íslendinga.

En samningurinn er aðeins til þriggja ára, svo að þetta er svo sem ekki neitt, heyrir maður stjórnarsinna stundum segja. Rétt er það, samningurinn á að gilda þetta ár, næsta ár og árið 1963. Það ár fara fram kosningar til Alþingis, verði þær ekki áður um garð gengnar. Í þeim kosningum ætla þeir, sem tala um stórsigur Íslands, að fá endurnýjaðan meiri hluta sinn á þingi út á stórsigurinn. Takist þeim það, getur máske rifjazt upp, að einhver fordæmi séu fyrir því, að samningar séu stundum endurnýjaðir. Og eftir allt, sem á undan er gengið, mundi það vera lítið, þó að fullyrt sé af sömu manna hálfu, að framlenging samningsins komi ekki til mála, enda eru þeir byrjaðir á því strax í kvöld og þykjast eiga einhver skjöl frá

Bretum í skúffunni sinni um það, en þeir hafa látið ógert að prenta þau sem fskj. með sinni grg.

Þessa síðustu daga, síðan till. var útbýtt hér á Alþ., hefur ríkisstj. og hennar lið rekið áróður fyrir málstað sínum af mikilli hörku, bæði í blöðum sínum og með sinni gamalkunnu misnotkun útvarpsins til margendurtekins lesturs á fyrirframgerðum áróðursplöggum í grg.-formi, þar sem engum aths. verður við komið. Og í kjölfar þessa hefur stjórninni tekizt að knýja fram fáeinar fundarsamþykktir um stuðning við málið, þótt auðvitað séu þær hverfandi á móti þeim samþykktum, sem móti máli hennar hafa verið gerðar bæði fyrr og síðar. Það er að vísu skiljanlegt, að stjórn, sem allt til þessa hefur engan stuðning fengið hjá þjóðinni, verði harla glöð, ef hún verður vör við hina minnstu samúð einhvers staðar við eitthvert sinna mála, jafnvel þótt hún viti, að fljótræði manna í áróðursmoldviðri muni vera helzta stoðin undir samþykkinu. Og nú er þeim stjórnarsinnum gjarnt að fullyrða, að till. ríkisstj. eigi stuðning meiri hl. þjóðarinnar. Þetta er vert að prófa. Sú stjórn, sem telur sig eiga slíkan stuðning vísan, ætti því með ljúfu geði að fallast á tilmæli okkar stjórnarandstæðinga um að leggja málið undir þjóðaratkv. Ekki liggur okkur Íslendingum svo á því að ljá Bretum 14 eða 15 þús. km2 af landhelginni okkar yfir hávertíðina, að við höfum ekki nægan tíma til þess að lofa þjóðinni að tala. Ef stjórnin hefur aðeins íslenzkt sjónarmið í málinu, hlýtur hún á þetta að fallast, og eftir slíka þjóðaratkvgr. verður óþarft um það að deila, hvort þjóðin vill gefa Bretum eftir landhelgisréttindi sín eða ekki. Ég óska ríkisstj. fyrir fram til hamingju með úrslit þeirra kosninga, en vænti þess líka jafnframt, að hún þrjózkist ekki við að láta atkvgr. fara fram.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. fór með ýmsar býsna lævísar blekkingar í ræðu sinni hér áðan. Ein var sú — og sú, sem hæstv. ráðh., fjmrh. og félmrh., létu sér sæma að taka undir, að samþykkt frv. stjórnarandstæðinga um lögfestingu landhelgisfrv. mundi hafa komið í veg fyrir eða verið ósamrýmanleg breytingu grunnlína. Þetta er auðvitað alrangt. Munurinn er aðeins sá, að eftir lögfestingu frv. er það Alþingi, en ekki ríkisstj., sem ákveður grunnlínur. Og eins og allir vita, var frv. um lögfestingu landhelgisreglugerðarinnar flutt í því skyni að taka málið úr höndum veikgeðja og istöðulausrar ríkisstj. og flytja það í hendur Alþingis sjálfs.

Það hefur verið látið að því liggja í þessum umr. og raunar líka í grg. þáltill., að samningurinn við Breta nú sé sambærilegur því, sem var boðið af hálfu vinstri stjórnarinnar sumarið 1958. Þetta er vægast sagt villandi röksemdafærsla og fær með engu móti staðizt, því að hér er um tvennt ólíkt að ræða. Með orðsendingu íslenzku ríkisstj. til NATO í maí og ágúst 1958 var leitað eftir því að fá fyrir fram og áður en reglugerðin var komin til framkvæmda viðurkenningu annarra ríkja á einhliða rétti Íslands til útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 12 sjómílur. Í þessum orðsendingum var framkvæmdastjórinn látinn vita, að ef slík viðurkenning fengist, yrði tekið til athugunar að láta útfærsluna á ytri 6 mílunum koma til framkvæmda í áföngum á þremur árum. Það var vitað, þegar orðsendingar þessar voru sendar, að af hálfu ýmissa þjóða, þ. á m. sumra bandalagsþjóðanna, var litið á mál þetta öðrum augum en af Íslands hálfu og réttur Íslendinga til einhliða útfærslu vefengdur. Það liggur í augum uppi, að það er á engan hátt sambærilegt að leita þannig eftir viðurkenningu á reglugerðinni fyrir fram og áður en hún var komin til framkvæmda og hitt: að semja um tilslakanir frá gerðri ákvörðun gagnvart einni þjóð, að fara nú, eftir að reglugerðin hefur verið í gildi í nær hálft þriðja ár, að semja um undanþágur frá henni og það gagnvart þeirri einu þjóð, sem hefur ekki viljað viðurkenna gildi hennar, þeirri einu þjóð, sem hefur beitt Íslendinga hernaðarlegu ofbeldi í þessu máli. Og þessum augljósu sannindum verður ekki haggað af þeirri furðulegu fullyrðingu hæstv. menntmrh., sem hann lét sér um munn fara hér áðan, að þrátt fyrir allt væri þetta tvennt sambærilegt, vegna þess að 12 sjómílna landhelgin hefði ekki fengizt sumarið 1958. Þetta er nýstárleg kenning. Ég hef ekki heyrt þessa kenningu áður fram borna af Íslendingum. Þvert á móti hefur það hvað eftir annað verið tekið fram af ráðh., bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh., að við höfum þegar unnið sigur í þessu máli og að ekki mundi verða hvikað frá 12 mílunum, sem teknar voru upp 1958. Allur samanburður hæstv. forsrh. á ferkm í þessu sambandi er út í hött, vegna þess að málið komst aldrei á það stig sumarið 1958, að til athugunar væri tekið, hvernig áfangaútfærslu á ytri 6 mílunum skyldi háttað í einstökum atriðum. Þegar svo hér við bætist, að viðræðurnar við NATO sumarið 1958 fóru fram samkvæmt beinni og óumdeildri skyldu, þá hljóta allir að sjá, að þetta tvennt, undirbúningsaðgerðirnar 1958 og samningurinn við Breta nú, er ekki sambærilegt.

Það hefur til þessa verið stefna íslenzkra stjórnarvalda, að landhelgina ætti að færa út með einhliða ákvörðun Íslendinga, en ekki með samningum við aðrar þjóðir nema þá alþjóðasamþykkt. Þess vegna var margendurteknum tilmælum frá NATO-þjóðunum um að taka upp samninga um landhelgismálið vísað á bug. Slíkum tilmælum var einmitt hafnað með orðsendingunni 20. ágúst 1958. Nú eru hins vegar teknir upp samningar við Breta um stærð landhelginnar og um réttindi Bretum til handa í fiskveiðilandhelginni. Það eru ný og hættuleg vinnubrögð í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Hvenær hefðu Íslendingar getað fært fiskveiðilandhelgina út í 12 sjómílur, ef sú útfærsla hefði verið háð samningum við aðrar þjóðir?

Þegar þess er gætt, sem ég hef hér stuttlega drepið á, er auðsætt, hversu allur samanburður á aðgerðum vinstri stjórnarinnar sumarið 1958 og samningum núv. ríkisstj. er fráleitur og fjarri lagi. En hvers vegna er þá ríkisstj. að reyna að réttlæta samninga sína við Breta með skírskotun til aðgerðanna 1958? Ástæðan er augljós. Ríkisstj. finnur, að málstaður hennar er veikur og vondur. Það er áreiðanlegt, að allur þorri fólks í þessu landi skilur ekki, hverja nauðsyn ber nú á þessu stigi til undansláttar gegn Bretum í landhelgismálinu. Það er viðurkennt af öllum, jafnvel af hæstv. ráðherrum, að 12 sjómílna reglan hafi

sigrað, raunverulega hafi sigur verið unninn í landhelgismálinu. Það mun flestra kunnugra manna mál, að nú hafi aðeins vantað herzlumuninn til þess, að Bretar gæfust algerlega upp. Þess vegna reið einmitt á því nú, að öll þjóðin stæði fast á rétti sínum og hopaði hvergi. Þá hefði Bretum brátt skilizt, að þeir hefðu raunverulega tapað í þessari deilu, og líklega hafa þeir þegar gert sér það ljóst. Og það er trú margra, sem til þekkja, að þeir hefðu aldrei lagt út í herskipaverndina aftur. Þeim mun einkennilegra og óskiljanlegra er það, að ríkisstj. skuli, einmitt þegar málin standa svona, semja við Breta um að opna þeim landhelgina. Út yfir tekur þó, að ríkisstj. skuli semja svo um við Breta, að henni sé óheimilt að breyta fiskveiðimörkum á landgrunninu, nema hún hafi áður tilkynnt Bretum þá ákvörðun sína með sex mánaða fyrirvara og þar með auðvitað óbeint opnað samningaviðræður um málið og viðurkennt Breta, einu þjóðina, sem hefur beitt okkur hernaðarlegu ofbeldi í sambandi við útfærsluna, sem eins konar herraþjóð í landhelgismálum.

Með samningagerðinni við Breta hefur og ríkisstj. brotið í bága við áður yfirlýstan vilja Alþingis og gengið á gefin heit í landhelgismálinu. Í ályktun Alþingis frá 5. maí 1959 segir m. a.: „Lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið.“ Þarna er því berum orðum lýst yfir, að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 sjómílur. Við þessa yfirlýsingu Alþingis hefur ríkisstj. til þessa verið siðferðislega og þingræðislega bundin og það því fremur, sem ríkisstj. skírskotaði til þessarar ályktunar við valdatöku sína. Þá gaf forsrh. svo hljóðandi yfirlýsingu fyrir hennar hönd, orðrétt svo: „Þá þykir ríkisstj. rétt að taka það fram, að stefna hennar í landhelgismálinu er óbreytt, eins og hún kemur fram í samþykkt Alþingis 5. maí 1959.“ Þessa yfirlýsingu og þennan umboðsskort íslenzku ríkisstj. áréttaði svo forsrh. á Alþingi 25. apríl 1960. Þá sagði hann: „Ég hef ekkert umboð frá neinum í þessu þjóðfélagi, til þess að afsala Íslandi 12 mílna fiskveiðilandhelgi.“ Þarna hitti forsrh. vissulega naglann á höfuðið. Ríkisstj. hafði ekki umboð til þess frá neinum í þessu þjóðfélagi að fara að semja við Breta um þetta mál á þann hátt, sem raun ber vitni um, enda eru samningar þessir í algeru ósamræmi við kosningaloforð stjórnarflokkanna í síðustu kosningum. En með því að opna landhelgina fyrir veiðiskipum annarra þjóða er landhelgin raunverulega minnkuð. Og hvernig sem menn annars líta á efni samningsins, þá verður aldrei komizt fram hjá þessum staðreyndum: heitrofum og umboðsskorti íslenzku ríkisstj.

Þegar alls þessa er gætt, er sannarlega ekki að undra, þótt ríkisstj. finnist hún þurfa að skjóta sér á bak við aðra, að hún telji sig þurfa að styðja sinn slæma málstað við fordæmi. En það getur hún bara ekki, því að framkoma hæstv. ríkisstj. í þessu máli er algert einsdæmi.

En það er segin saga, að þegar maður hefur gert eitthvað illt af sér eða telur sig hafa framið eitthvert skammarstrik, þá reynir hann að skjóta sér á bak við aðra. Það er sú gamalkunna staðreynd, sem liggur til grundvallar þeirri tilraun stjórnarsinna og málgagna þeirra og síðast hér í þessum umræðum hæstv. utanrrh. að vitna til fyrri ummæla minna til framdráttar þessum undanslátt-arsamningum sínum við Breta. Þar er auðvitað um vísvitandi rangtúlkun að ræða. Við umr. um landhelgismálið í vetur sagði ég það eitt, sem allir vitibornir menn hljóta að taka undir, að hvert eitt spor í landhelgismálinu hefði átt að vera þannig undirbúið, að við hefðum verið við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadóms, og að samþjóð yrði jafnan að gæta þess að hafa réttinn á sína hlið og ganga ekki í berhögg við alþjóðalög. Í ræðu minni er ekki eitt orð í þá átt, að við eigum að semja um það fyrir fram við eina þjóð að leggja allan ágreining varðandi stækkun landhelginnar undir alþjóðadóm, en það er auðvitað allt annað en að undirbúa mál svo vel og vandlega að vera við því búinn að leggja málið undir úrlausn alþjóðadómstóls, en þá að sjálfsögðu eftir samningi um það hverju sinni. Það skilur hver, sem skilja vill. Í umræddum ummælum mínum var ekkert ofsagt, og við þau stend ég hvar og hvenær sem er. Ánægjulegt væri það, ef hæstv. ráðh. Alþfl., utanrrh. og menntmrh., gætu gefið yfirlýsingu um það hér á Alþingi, að þeir vildu standa við öll sín fyrri ummæli hér á Alþingi, því að öllum er kunnugt, að þeir hafa horfið frá svo að segja öllum stefnuskrármálum Alþfl.

Það ákvæði þessa samnings við Breta, sem að mínum dómi er langsamlega háskalegast og ógeðfelldast, er skuldbindingin um að tilkynna Bretum með sex mánaða fyrirvara, er færa á út landhelgislínuna í framtíðinni. Þessi skuldbinding felur það óbeinlínis í sér, að við viðurkennum Breta sem eins konar samningsaðila um útfærslu fiskveiðimarkanna eftirleiðis, að við hverfum frá landgrunnslögunum frá 1948, en þau eru byggð á þeirri forsendu, að allt landgrunnið umhverfis Ísland tilheyri því. Frá þeirri reglu er horfið með þessum samningi. En frá landgrunnsstefnunni á alls ekki að hopa, því að miðað við þá þróun, sem átt hefur sér stað í landhelgismálum til þessa, er hvort tveggja sennilegt, að innan tíðar verði þörf nýrrar, verulegrar útfærslu og að alþjóðalög viðurkenni rýmri rétt fiskveiðiþjóðar í því efni en nú. Með þessu tilkynningarákvæði er opnað fyrir samningaviðræður við Breta hverju sinni, og þá fer niðurstaðan eftir því, hverjir þá halda um stjórnvölinn í þessu landi.

Hér er um að tefla hreinan nauðungarsamning, sem felur í sér það tvennt að opna landhelgina fyrir Bretum og torvelda frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar um ófyrirsjáanlegan tíma eða loka þar jafnvel leiðum. Þess vegna er stundarfriðurinn í landhelgisdeilunni við Breta of dýru verði keyptur að mínum dómi. — Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í ræðum ráðh. hér í kvöld hefur það komið fram, að þeir telja sig hafa fordæmi fyrir því, sem þeir hafa gert, í viðræðum þeim, er fram fóru 1958, áður en

fiskveiðilandhelgin var færð þá út. Þessu hefur seinasti ræðumaður nú svarað, og þarf engu við það að bæta, en það aðeins áréttað, að í þeim viðræðum var aldrei léð máls á því að afsala réttinum til frekari einhliða útfærslu landhelginnar. En afsölun þessa réttar er meginatriði samkomulagsins við brezku stjórnina, sem ríkisstj. hefur nú gert.

Hæstv. ráðh. segja enn fremur, að Íslendingar hafi flutt tillögur á hafréttarráðstefnunni 1958 þess efnis, að þeir gætu sætt sig við gerðardóm. Í þeirri till., sem hér er átt við, fólst engin takmörkun á útfærslu sjálfrar fiskveiðilandhelginnar, heldur fjallaði hún eingöngu um friðun vissra svæða á úthafinu, þ. e. a. s. utan sjálfrar fiskveiðilandhelginnar, sem nauðsyn bæri til að friða vegna eyðingar á fiskstofninum. Íslenzka gerðardómstillagan, sem flutt var á hafréttarráðstefnunni í fyrra, gekk nokkru lengra. En hún var líka flutt gegn eindregnum mótmælum fulltrúa Framsfl. í sendinefndinni. Það er því algerlega rangt, að Framsfl. hafi nokkru sinni léð máls á því, að réttur Íslands til frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar yrði háður gerðardómsákvæði.

Hæstv. fjmrh., sem er langmestur loddari af ráðh., sýndi það greinilega, að þegar ráðh. tala fagurlega um einhvern hlut, þá meina þeir hið gagnstæða. Hæstv. fjmrh. talaði með miklum fjálgleik um það, að okkur bæri að halda fast á rétti okkar til landgrunnsins. Með samkomulaginu við Breta er raunverulega verið að ógilda landgrunnslögin og hinn einhliða rétt okkar til landgrunnsins og gera rétt okkar til þess háðan samþykki Breta eða alþjóðadómstóls. Samt er loddaraskapur hæstv. fjmrh. svo mikill, að hann þykist standa trúan vörð um landgrunnið. Sami hæstv. ráðh. talaði líka af miklum fjálgleik um Haagdóminn og hve mikið traust smáþjóðirnar bæru til hans. Þetta er því miður ekki rétt, því að margar smáþjóðir hafa einmitt að undanförnu látið uppi óánægju yfir skipun dómsins, vegna þess að stórveldin ráði óhæfilega miklu um hana, en enginn maður nær kosningu í dóminn, nema hann sé kjörinn af öryggisráðinu, en þar ráða stórveldin langsamlega mestu. Af þessum ástæðum m. a. hefur Haagdómurinn enn ekki unnið sér tiltrú smáþjóðanna, eins og sést á því, hve fáar þeirra hafa vísað málum til hans og margar þeirra hafa tekið upp baráttu fyrir breyttri skipan hans.

Vegna þess að ég hef talið mig persónulegan kunningja hæstv. menntmrh., fannst mér sorglegt að hlusta á mál hans. Hann talaði nær ekkert um málið, sem hér liggur fyrir, en eyddi mestu af tíma sínum til þess að reyna að setja kommúnistastimpil á Framsfl. að hætti Mac Carthys hins ameríska. Á ráðh. varð ekki annað skilið en það væri kommúnismi að vilja ekki afsala rétti Íslands til einhliða útfærslu á landhelginni, og nægir það til að sýna, á hvert andlegt stig ráðh. er kominn.

Ráðherrarnir hafa hreykt sér mjög af því, að Bretar telji samkomulagið óhagstætt fyrir sig. Þekkja þeir ekki þá grundvallarreglu enskra utanríkismála, að Bretar reyna jafnan að tefla þannig, að andstæðingurinn áliti sig vera að vinna, þegar hann er raunverulega að tapa? Ríkisstjórn Elisabetar leikur nú sömu listina við íslenzku ríkisstj. og ríkisstjórn Viktoríu lék við negrahöfðingjana í Afríku á öldinni, sem leið. Bretar töldu negrahöfðingjunum trú um, að Viktoría væri þeim undirgefin, á sama tíma og stjórn hennar hátignar var að hneppa þá í nauðungarfjötra.

Ráðh. hafa sagt, að samkomulag þeirra við brezku stjórnina sé mikill sigur í sjálfstæðisbaráttunni. Hvernig er hann í reynd, þessi sigur, sem á að hafa unnizt? Bezta svarið við því er að bera saman ástandið í landhelgismálunum, eins og það er í dag og eins og það verður, ef samkomulag ríkisstj. við brezku stjórnina kemur til framkvæmda.

Í dag er ástandið í landhelgismálunum þannig, að við höfum óskerta 12 mílna fiskveiðilandhelgi umhverfis allt landið, sem allir erlendir togarar, þ. á m. brezkir togarar, hafa virt um margra mánaða skeið. Auk þess höfum við óskoraðan einhliða rétt samkvæmt landgrunnslögunum frá 1948 til friðunarráðstafana innan endimarka landgrunnsins og þurfum engan að spyrja um, hvenær eða hvernig við notfærum okkur þann rétt. Hvernig verður svo ástandið, eftir að samkomulagið gengur í gildi? Í fyrsta lagi verður það þannig, að nær alls staðar umhverfis landið, að Vestfjörðum undanskildum, verður ekki í reynd nema 6 mílna fiskveiðilandhelgi, þegar veiðitíminn er beztur á hverju svæði. Í öðru lagi höfum við ekki lengur hinn lífsnauðsynlega rétt að geta fært fiskveiðilandhelgina út einhliða, heldur verðum við háðir samþykki Breta eða alþjóðadómstóls. Það liggur því ljóst fyrir, að samkv. þessu samkomulagi minnkum við fiskveiðilandhelgina raunverulega úr 12 mílum í 6 mílur víðast hvar umhverfis landið á bezta veiðitímanum og glötum hinum mikilvæga rétti til einhliða útfærslu landhelginnar. Geta menn hugsað sér meiri blekkingar og argari öfugmæli en að kalla þetta sigur í sjálfstæðisbaráttunni?

Hæstv. ráðh. hafa hampað því hér í kvöld, að fyrir þetta auglýsa réttindaafsal fengjum við mikilsverð hlunnindi. Ráðh. hafa nefnt, að nú sé fengin fullgild viðurkenning Breta. Þetta eru hin óskammfeilnustu ósannindi, því að Bretar lofa aðeins að hætta mótmælum, en það er vissulega allt annað en fullgild viðurkenning. Í samkomulaginu eða orðsendingu utanrrh. er ekki minnsta trygging fyrir því, að Bretar telji sig ekki alveg óbundna að þremur árum liðnum.

Ráðh. hafa einnig sagt í kvöld, að nú hætti Bretar að beita herskipum til ofbeldisverka innan fiskveiðilandhelginnar. Bretar hafa ekki treyst sér til að gera þetta mánuðum saman vegna fordæmingar almenningsálitsins í heiminum og þeirrar reynslu, að ekki er hægt með neinum árangri að stunda togveiðar undir herskipavernd. Það þurfti því ekki að kaupa þá til að hætta því, sem þeir voru hættir.

Þá segir ráðh., að við höfum fengið leiðréttingu á grunnlínum. Til þess að fá þessa leiðréttingu þurfti enga samninga við Breta, því að samkv. einróma samþykktum hafréttarráðstefnunnar í Genf 1958 áttum við skýlausan rétt til þessara leiðréttinga og gátum notað þann rétt, hvenær sem við vildum. Við höfðum notað þennan rétt strax 1958, ef ekki hefði þá strandað á Sjálfstfl. og Alþfl.

Samkvæmt þessum samþykktum Genfarráðstefnunnar 1958 eigum við ekki aðeins rétt til þeirra breytinga, sem nú eru gerðar, heldur til stórfelldra grunnlínubreytinga við Norðurland og Austurland, í sambandi við Grímsey og Hvalbak, og víðar við landið. Fram að þessu höfum við getað notað okkur þennan rétt, hvenær sem okkur hefur þóknazt. Ef samkomulagið gengur hins vegar í gildi, getum við ekki leiðrétt grunnlínurnar við áðurnefnda staði nema með samþykki Breta eða úrskurði alþjóðadóms, og það getur vel tekið 5—6 ár að fá slíkan úrskurð.

Sannleikurinn um grunnlínubreytingarnar er því sá, að við höfum ekki áunnið okkur þar neinn nýjan rétt, heldur er raunverulega verið að takmarka stórkostlega þann rétt, sem við eigum nú til stórfelldra grunnlínubreytinga við Norður- og Austurland og víðar. Það falla því um sjálf sig öll rök hæstv. ráðherra fyrir því, að hægt sé að benda á einhvern ávinning í sambandi við þetta samkomulag. Við fáum ekki neitt með því, en við fórnum hættulega miklu.

Hæstv. ráðh. segja, að ekki sé hundrað í hættunni, því að undanþágur fyrir erlenda togara eigi ekki að gilda nema í 3 ár. En hvað sögðu þessir hæstv. ráðh. fyrir síðustu kosningar? Þeir sögðu þá, að það ætti aldrei að veita neinar undanþágur. Þeir sóru það þá og sárt við lögðu. Nú eru þeir þó búnir að veita undanþágu til þriggja ára. Hvað mundu þeir gera að þeim þrem árum liðnum, ef þeir hefðu völdin? Nokkra vísbendingu um það er að finna í grg. till., sem hér liggur fyrir, en þar er bent á brezk-rússneska landhelgissamninginn sem sérstaka fyrirmynd og það tekið fram, að hann hafi verið framlengdur hvað eftir annað. Og jafnvel þótt undanþágur féllu niður eftir 3 ár, vegna þess að önnur ríkisstj. yrði komin til valda, stendur eftir sem áður, að við erum búnir að afsala okkur um ófyrirsjáanlegan tíma réttinum til frekari einhliða útfærslu fiskveiðilandhelginnar, einum mikilvægasta réttinum, sem við eigum í dag.

Ráðh. hafa í umr. hér í kvöld reynt að gera lítið úr hinum einhliða rétti til útfærslu, hann sé lítils virði, þegar um sé að ræða andspyrnu annarra þjóða. Það var þó á þessum rétti, sem við byggðum útfærslurnar 1952 og 1958 gegn mótmælum annarra. Landhelgin væri í dag 3 mílur og mestallir stærri firðir og flóar utan hennar, ef við hefðum ekki notað hinn einhliða rétt gegn mótmælum annarra. Þeir einir geta talið hinn einhliða rétt einskis virði, sem álíta útfærslu landhelginnar árin 1952 og 1958 hafa reynzt okkur einskis virði þau ár, sem síðan eru liðin. Eins og við stækkuðum landhelgina á grundvelli hins einhliða réttar í bæði þessi skipti, eins gætum við haldið því áfram í nýjum áföngum, ef þessi réttur væri ekki látinn af hendi, eins og nú er ætlunin að gera.

Hvað er það, sem er raunverulega orsök þess, að ríkisstj. fórnar svona miklu án þess að fá nokkuð í staðinn? Orsökin er hin algera undirgefni, sem jafnan hefur einkennt alla framkomu foringja núv. stjórnarflokka í afstöðu þeirra til Bretlands og Bandaríkjanna. Þeir hafa jafnan skilið þátttöku Íslands í samstarfi vestrænna þjóða á þann veg, að Íslendingar ættu að sitja og standa eins og stjórnirnar í London og Washington vildu. Afstaða þeirra til London og Washington hefur verið á nákvæmlega sama veg og afstaða línukommúnista til Moskvu. Foringjum stjórnarflokkanna hefur ekki skilizt, að þótt við eigum um margt sameiginlega hagsmuni með Bretum og Bandaríkjamönnum, þá rekast hagsmunir okkar og þeirra oft á, og þá er ekki nema eðlilegt, að t. d. Bretar hugsi meira um hagsmuni sína en okkar. Í stað þess að skilja þetta hafa foringjar stjórnarflokkanna talið sér skylt og sjálfsagt að gera það eitt, sem stjórnirnar í London og Washington óskuðu, oft og tíðum án alls tillits til íslenzkra hagsmuna.

Vegna samstarfs við aðra flokka á undanförnum árum hefur þessi þjónustuafstaða foringja Sjálfstfl. og Alþfl. gagnvart Bretum og Bandaríkjamönnum oft ekki komið eins glöggt í ljós og ella. Það er í þessu sambandi fróðlegt að rifja upp, að við áttum í landhelgisdeilu við Breta á árunum 1952—1956 og leiddum hana til lykta með fullum sigri. Hvers vegna var ekki látið undan þá eins og nú? Hvers vegna stóðum við þá af okkur löndunarbannið og aðrar tilraunir Breta til að neyða okkur til undanhalds? Það var vegna þess, að allan þann tíma sat Framsfl. í ríkisstj. og neitaði að láta undan í hvert sinn, þegar Sjálfstfl. vildi svíkja og semja. Þess vegna vannst fullur sigur í þeirri deilu, og sæmd þjóðarinnar óx meðal annarra þjóða.

Ég er í hópi þeirra, sem telja þátttöku Íslands í samstarfi vestrænna þjóða eðlilega. Hún getur orðið okkur til margvíslegs gagns, ef rétt er á haldið. En hún getur líka orðið okkur til tjóns, ef við leyfum stórveldum að troða þar á rétti okkar, þegar hagsmunir þeirra og okkar rekast á. Við eigum að taka þátt í vestrænu samstarfi til þess að tryggja og treysta rétt okkar, eins og gert var á árunum 1952 og 1956, en ekki til þess að láta rétt okkar af hendi, eins og nú er verið að gera.

Það er staðreynd, sem verður ekki á móti mælt, að þjóðin var búin að vinna fullan sigur í þessari hinni síðari landhelgisdeilu við Breta. Einhugur þjóðarinnar, einurð og drengileg framkoma áhafna íslenzku varðskipanna, erfiðleikar Breta við fiskveiðar undir herskipavernd og samúð almenningsálitsins í heiminum, — allt stuðlaði þetta að því, að Bretar hrökkluðust með herskip sín úr íslenzkri landhelgi fyrir mörgum mánuðum og hafa ekki þorað að senda þau þangað aftur og mundu aldrei hafa þorað að senda þau þangað aftur. Fullnaðarsigur í þessu máli var því raunverulega unninn. Þessum mikla sigri þjóðarinnar hefur nú verið breytt í hinn mesta ósigur. Það hefur verið afsalað hinum dýrmætasta rétti þjóðarinnar, réttinum til einhliða útfærslu, og erlendum togurum hleypt inn í landhelgina á ný, án þess að nokkuð hafi fengizt í staðinn, er við áttum ekki fyrir eða vorum ekki búnir að vinna.

Hér hefur sannarlega gerzt einn hörmulegasti atburður allrar Íslandssögunnar, — atburður, sem vel getur átt eftir að kippa grundvellinum undan einum helzta atvinnuvegi okkar, sjálvarútveginum, þar sem afnuminn er rétturinn til frekari einhliða útfærslu á fiskveiðilandhelginni. Að því leyti er þessi nýi samningur við Breta miklu verri en landhelgissamningurinn 1901, að þeim samningi var hægt að segja upp, en þessi nýi samningur er

óuppsegjanlegur að því er snertir bannið á útfærslu fiskveiðilandhelginnar.

Ég vil ljúka máli mínu með því að vitna til ummæla Eysteins Jónssonar, sem vegna forfalla getur ekki tekið þátt í þessum umræðum, en þau er að finna í Tímanum í dag, Eysteinn segir m. a. á þessa leið:

„Ég læt í ljós það traust á þjóðinni, að hún bregðist við nú þegar og reisi slíka öldu gegn samningnum, að ekki verði talið fært að halda honum til streitu. Þetta er hægt, ef menn liggja ekki á liði sínu, en láta í þess stað skoðanir sínar óhikað í ljós. En menn verða að bregða skjótt og skörulega við með fundarhöldum og ýmsu öðru móti, því að tíminn er naumur. En sigurinn er líka vís, ef allir fara af stað, sem samstöðu eiga gegn þessum samningi."

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er rétt, að íslenzka þjóðin þarf og á að láta til sín heyra í þessu mikla máli. Hún hefur brugðið skjótt við. Hvaðanæva streyma nú, eins og stjórnarandstæðingar hafa viðurkennt, yfirlýsingar frá þeim, sem bezt hafa vit á og mest eiga í húfi, til stuðnings þáltill., sem hér liggur fyrir. Hv. þm. Karl Guðjónsson hélt því raunar fram áðan, að þetta væri vegna þess, að ríkisstj. hefði haft svo mikinn áróður í frammi máli sínu til stuðnings og útvarpið hefði verið misnotað í því skyni. Það voru einmitt stjórnarandstæðingar, sem fengu frestað útvarpsumr., en ríkisstj. vildi, að rödd þeirra fengi að heyrast fyrr til þjóðarinnar en þeir sjálfir óskuðu eftir.

Hv. þm. Karl Guðjónsson var á fundi í gærkvöld sem heiðursgestur flokkssamtaka Framsóknar á Suðurlandi, þar sem þeir félagar höfðu undirbúið tvær miklar tillögur til áfellis þessu samkomulagi og til vantrausts á hæstv. ríkisstj. En þegar þeir félagar sáu og heyrðu undirtektir fundarmanna, gáfust þeir upp við að bera upp sínar eigin tillögur og fóru þess á leit að mega slíta fundinum, áður en héraðsmenn fengju sjálfir að taka til máls. Þeir voru þá búnir að fá nóg.

Allir eru sammála um, að ályktunin, sem Alþ. Íslendinga gerði shlj. 5. maí 1959, sé sú umboðsskrá, sem ríkisstj. hafi verið bundin við um meðferð þessa máls. Ályktunin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan 4 mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið."

Þannig hljóðaði þessi ályktun, umboðsskráin, sem ríkisstj. bar að fara eftir.

Í ályktun þessari eru fjögur efnisatriði:

Í fyrsta lagi mótmælir Alþingi brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld efndu til með ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi.

Í öðru lagi lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi.

Í þriðja lagi, að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið.

Í fjórða lagi, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948.

Í fyrsta lið orðsendingar utanríkisráðherra Íslands til utanrrh. Bretlands, sem hér liggur fyrir, segir:

Ríkisstj. Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland o. s. frv.

Með staðfestingu brezku ríkisstj. á þessu frumskilyrði okkar er tryggt, að ofbeldisaðgerðir af hennar hálfu innan fiskveiðilandhelgi okkar hverfi úr sögunni. Mótmæli Alþingis gegn þeim hafa þess vegna borið tilætlaðan árangur. En áður hafði ríkisstj. Íslands með sakaruppgjöfinni s. l. vor og ákvörðuninni um viðræður við Breta á s. l. sumri tekizt að hindra þær að mestu um sinn.

Ákvörðun brezku ríkisstjórnarinnar um að falla frá mótmælum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögunni tryggir ekki einungis, að hún taki ekki upp ofbeldisaðgerðir að nýju, heldur felur ákvörðunin einnig í sér, að héðan í frá muni brezka stjórnin ekki bera brigður á hinn ótvíræða rétt, sem Alþingi Íslendinga hinn 5. maí 1959 lýsti yfir að Ísland hefði til 12 mílna fiskveiðilögsögu, og þetta heitorð er helgað með skrásetningu, þinglýsingu, hjá sjálfum Sameinuðu þjóðunum til tryggingar því, að við það verði staðið. Héðan í frá verður ekki um það deilt, að Íslandi einu ber þessi réttur og það getur þar af leiðandi án samráðs við aðra ráðstafað honum eins og það telur sér henta.

Hv. þm. Lúðvík Jósefsson og Hermann Jónasson héldu því að visu fram, að með þessu væri ekki fengin viðurkenning Breta á 12 mílna lögsögunni. Þetta segja þeir í sömu andránni og Hermann Jónasson fjölyrðir um þá „viðurkenningu í verki", er við höfum hlotið frá ríkjum, sem létu ekki skip sín fiska hér undir herskipavernd, en mótmæltu þó stækkuninni 1958 berum orðum. Nú falla Bretar ekki einungis frá valdbeitingu, heldur berum orðum frá mótmælum sínum. Þetta er svo skýr viðurkenning sem á verður kosið. Hitt er annað mál, að Alþingi hefur aldrei falið ríkisstj. að afla viðurkenningar Breta á 12 mílna fiskveiðilögsögunni, þegar af því, að það taldi rétt okkar til hennar ótvíræðan og þess vegna óþarfa aðra viðurkenningu Breta en þá, að þeir hættu ofbeldisaðgerðum, eins og fram kemur í ályktuninni frá 5. maí 1959.

Um þriðja meginefni þeirrar ályktunar leiðir af því, sem þegar hefur verið skýrt, að fiskveiðilögsagan verður hvergi minni en 12 mílur umhverfis landið. En vegna hinna nýju grunnlína, sem í öðrum lið orðsendingar utanrrh. Íslands er áskilið að Bretar viðurkenni, verður fiskveiðilandhelgin nú þegar 5065 km2 stærri en hún var, þegar samþykktin 5. maí 1959 var gerð. Með hinum nýju

grunnlínum fást færð inn fyrir íslenzka fiskveiðilögsögu sum hin allra þýðingarmestu fiskimið við Íslandsstrendur. Um úrslitaþýðingu þeirrar ákvörðunar verður ekki deilt.

Stjórnarandstæðingar halda því raunar fram, að þennan rétt hefðum við getað tekið okkur, hvenær sem okkur þóknaðist. Lúðvík Jósefsson sagði, að við ættum þennan rétt. En af hverju gaf hann þá Bretum þessa ómetanlegu gjöf með reglugerð sinni 1958? Tal Lúðvíks og Hermanns um sína eigin vanrækslu afsakar sízt atferli þeirra. Með skrafi sínu nú kveða stjórnarandstæðingar upp harðan og harðasta áfellisdóm yfir gerðum vinstri stjórnarinnar, sem nokkur hefur upp kveðið fyrr og síðar, að þeir hafi gefið Bretum ómetanlega eign Íslendinga.

Hv. þm. Lúðvík Jósefsson og félagi hans, Hermann Jónasson, létu óbreyttar standa grunnlínurnar, sem settar voru með reglugerðinni 19. marz 1952. Ef þeir töldu Íslendinga eiga rétt til annars og meira, af hverju beittu þeir þeim rétti þá ekki 1958, þegar þeim bar réttur og skylda til að gæta hagsmuna Íslands? Trúi hver annar en sá, sem þessa menn þekkir, því, að þeir hafi gert þetta af undanlátssemi og tillitssemi við okkur sjálfstæðismenn. Um þetta hljóta þeir að verða krafðir svara nú og síðar og þá einnig um hitt, af hverju þeir í okt. 1960 lögðu fram á Alþ. frv. um að lögfesta þessar gömlu grunnlínur frá 1952. Óumbreytileiki þeirra var svo ríkur í þeirra huga allt til hinna síðustu daga, að jafnvel hinn 13. febr. s. l. lögðu þeir til í nál. um lögfestingarfrv. sitt að samþykkja frv. óbreytt og þar með hagga í engu hinum sömu grunnlínum og þeir treystust ekki til að breyta 1958, heldur vildu þeir enn lögfesta þær um óákveðna framtíð fyrirvaralaust.

Á þessu athæfi er engin skýring önnur en sú, að þeir hafi talið breytingu grunnlínanna svo vafasama, að ekki væri á hana hættandi. Því augljósara er, hversu mikla þýðingu það hefur, að Bretland, sem ætíð hefur staðið fastast gegn stækkun fiskveiðilandhelgi okkar, skuli nú fallast á þessar þýðingarmiklu breytingar. Bretar gerðu það að vísu gegn því, að við af fullveldi Íslands yfir fiskveiðilögsögunni allri veitum þeim tímabundinn, takmarkaðan rétt til veiða á nokkrum hluta fiskveiðilandhelgi okkar milli 6 og 12 mílna. Þeirri tímabundnu, takmörkuðu veiðiheimild lýkur með öllu að þrem árum liðnum, þar sem grunnlínubreytingin og stækkunin, sem af henni leiðir, stendur um alla eilífð. Ekki þarf að eyða orðum að því, hvort hagkvæmara er fyrir Ísland. Vinningur okkar er auðsær, jafnvel þótt miðað væri einungis við næstu þrjú ár, hvað þá ef litið er til allrar framtíðar. Má t. d. um það vitna til ummæla hins gerkunnuga manns í landhelgismálunum, Eiríks skipherra Kristóferssonar, sem hann viðhefur í Morgunblaðinu í morgun.

Fjórða meginatriði samþykktar Alþingis hinn 5. maí 1959 var, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948. Á orðalagi þessarar yfirlýsingar og hinnar fyrri um hinn ótvíræða rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi er þýðingarmikill munur. Alþingi mælir fyrir um, að „afla beri viðurkenningar á rétti til landgrunnsins," þar sem það aftur á móti segir réttinn til 12 mílna fiskveiðilögsögu ótvíræðan. Hvernig er hægt að afla þessarar viðurkenningar nema með því að fá hann með málaleitun til einstakra ríkja eða með samningum þeirra í milli eða með alþjóðasamningum eða loks staðfestingu alþjóðadómstólsins á því, að þessi réttur sé fyrir hendi? Hér koma vissulega ekki fleiri möguleikar til greina.

Í umr. um landhelgismálið fyrr í vetur lögðu stjórnarandstæðingar megináherzlu á, að ef við semdum nú við Breta, mundum við þar með svipta okkur rétti eða möguleikum til að gera frekari stækkanir síðar nema með samningum við Breta og þar með binda okkur við þá leið til öflunar viðurkenningar á landgrunninu, sem ólíklegast er að leiði til árangurs. Hv. þm. Hermann Jónasson sagði t. d. í lok útvarpsræðu sinnar hinn 25. nóv. s. l.:

„Landhelgi, sem þjóðirnar viðurkenna, stækkar svo að segja með hverju árinu. Þjóðir, sem nú fá frelsi og koma í Sameinuðu þjóðirnar, heimta stækkaða landhelgi. Það getur svo farið, að eftir nokkurn tíma verði landgrunnið viðurkennt sem landhelgi. Ef Bretar geta tælt okkur nú til samninga, segja þeir næst, þegar við ætlum að færa út, þótt þá væri í samræmi við alþjóðalög: „Þegar þið fenguð 12 mílur, urðuð þið að viðurkenna það, að þið gætuð ekki tekið ykkur þær nema með samþykki okkar. Þar með játuðuð þið ykkur undir það, að þið gætuð ekki gert frekari útfærslu nema með samningum við okkur."

Þetta voru ummæli Hermanns Jónassonar 25. nóv. í vetur. Í orðsendingu utanrrh. Íslands til utanrrh. Bretlands er tekið af skarið um þetta, þegar segir:

„Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstj. Bretlands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til alþjóðadómstólsins."

Þetta segir í orðsendingunni.

Með þessu bindur Ísland sig hvorki við viðurkenningu, sem fást kynni með málaleitun eða samningum við einstök ríki, Bretland eða önnur, né við alþjóðasamninga, heldur við það eitt, að við áskiljum okkur rétt til að gera einhliða ákvarðanir um stækkun, jafnskjótt og við teljum, að einhver sú réttarheimild sé fyrir hendi, sem alþjóðadómstóllinn viðurkenni. Á þennan veg höfum við Íslendingar tryggt okkur að njóta góðs af allri þeirri þróun alþjóðaréttar, sem kann að verða okkur til hags í þessum efnum. Á hvern hátt er betur hægt að tryggja sér þá viðurkenningu, sem Alþingi hinn 5. maí 1959 lagði fyrir ríkisstj. að afla? Því er skemmst til að svara, að engin okkur hagkvæmari leið er hugsanleg.

Þeir, sem nú telja réttindaafsal fólgið í till. ríkisstj., gefa þar með til kynna, að þeir hafi hvorki gert sér grein fyrir efni fyrirmæla Alþingis 5. maí 1959 til ríkisstj. né þeir skilji frumatriði þessa máls. En auðvitað eru hv. þm. ekki eins skyni skroppnir og þeir láta.

Til góðs eða ills töldu íslenzk stjórnarvöld á sínum tíma réttinn til 12 mílna fiskveiðilögsögu svo ótvíræðan, að óþarft væri að bera hann undir

alþjóðadómstólinn. Alþingi hefur hins vegar lýst því berum orðum, að um réttinn til landgrunnsins alls beri að leita viðurkenningar annarra. Sú ályktun Alþingis var síðar enn svo af fljótræði gerð. Hún var tekin að vel íhuguðu máli og í fullu samræmi við yfirlýsta stefnu allra stjórnmálaflokka, sem nú eru á Alþingi.

Hv. þm. Hermann Jónasson segir nú, að sök sér hafi verið, þótt Norðmenn legðu ágreining sinn og Breta undir alþjóðadómstólinn, því að þeir hafi átt svo lítið í húfi, allt öðru máli sé að gegna um okkur, því að um lífið sjálft sé að tefla. En hvað hefur Hermann Jónasson sjálfur gert, þegar hann réð, hvað gert var, og hvað hefur hann sagt allt fram á síðustu daga?

Þegar deilt var við Breta um reglugerðina frá 19. marz 1952, þar sem nýjar grunnlínur voru aðalatriðið, lagði þáv. ríkisstj., sem skipuð var Steingrími Steinþórssyni, Hermanni Jónassyni, Eysteini Jónssyni, Ólafi Thors, Birni Ólafssyni og mér, til, að þeim ágreiningi yrði skotið til alþjóðadómstólsins. Þá voru það Bretar, sem vildu ekki fallast á þá málsmeðferð, heldur tóku upp löndunarbann á íslenzkum ísvörðum fiski í þess stað.

Á Genfarráðstefnunni fyrri 1958, þegar vinstri stjórnin undir forustu Hermanns Jónassonar sat við völd á Íslandi og Lúðvík Jósefsson réð meðferð landhelgismálanna, lét hún leggja fram tillögu um rétt strandríkis til ráðstafana utan við sjálfa fiskveiðilögsöguna. Í þeirri till. var eitt meginatriðið, að ef ágreiningur yrði, skyldi gerðardómur skera úr. Sú till. náði þá ekki samþykki, en var á ný flutt á ráðstefnunni 1960, þá að tilhlutan núv. stjórnar, en með samþykki allra íslenzku fulltrúanna á Genfarráðstefnunni, þ. á m. Hermanns Jónassonar og Lúðvíks Jósefssonar. Þannig var það tvívegis berum orðum gert að beinni tillögu af Íslands hálfu á alþjóðavettvangi, að ráðstafanir utan 12 mílna fiskveiðilögsögu yrðu ekki gerðar, nema ágreiningur út af þeim væri borinn undir dóm.

Það er ekki um að villast, að Alþingi Íslendinga hefur talið þörf á viðurkenningu annarra á ráðstöfunum utan 12 mílna fiskveiðilögsögu, og íslenzkar ríkisstj. hafa fyrr og síðar boðið fram, að þann ágreining, sem af slíkum ráðstöfunum stafaði, skyldi útkljá með dómi, ýmist sjálfum alþjóðadómstólnum eða gerðardómi.

Ef um gerðardóminn eða alþjóðadómstólinn er að velja, er augljóst, að okkur er meiri trygging í ákvörðunum hins síðarnefnda. Hann er hæfasta stofnunin, sem til er, til þess að skera úr því, hver séu gildandi alþjóðalög.

Hingað til hefur enginn haldið því fram, að við gætum eða ættum að gera frekari ráðstafanir til stækkunar landhelgi nema í samræmi við alþjóðalög. Í umræðum um landhelgismálið á fyrri hluta þessa þings lýsti Hermann Jónasson t. d. hvað eftir annað yfir því, að þær ráðstafanir ættu að vera í samræmi við alþjóðalög, eins og hann sagði, og þar „yrðum við eingöngu að fara eftir alþjóðalögum", eins og hann komst að orði í hv. Ed. hinn 7. nóv. s. l. Nú minnist Hermann Jónasson ekki á alþjóðalög, og félagi hans, Lúðvík Jósefsson, segir, að um þetta séu engin alþjóðalög til — sú heimild, sem Hermann Jónasson sagði hvað eftir annað í vetur að yrði að vera grundvöllur allra aðgerða okkar, en hann virðist nú telja landráð, ef við fylgjum.

Hv. þm. Hermann Jónasson spurði í vetur, hvernig mönnum gæti dottið í hug, ef samið yrði við Breta, eins og hann segir, „þegar á að fara að færa út fyrir 12 mílur, út á landgrunnið, þar sem allt er vafasamara út frá alþjóðarétti, að við gætum gert það, nema þeir heimti, að við semjum um það við stærri ríkin, og beiti ofbeldi að öðrum kosti."

Þetta sagði Hermann Jónasson þá. Með till. ríkisstj. er þessari hættu bægt frá. Bretar skuldbinda sig til að krefjast hvorki samninga né grípa til ofbeldis, heldur sætta sig við úrskurð alþjóðadómstólsins. En eru það þá ekki samningar? segja þeir, sem halda því fram að samningar séu svik. Hvað sagði Eysteinn Jónsson um það í útvarpsumræðunum 25. nóv. s. l.? Þá sagði hann:

„Þá er það utanrrh., sýnishorn af hans málflutningi áðan. Hann segir, að það hafi verið samið um landhelgismálið áður. Dæmi: Það var samið um landhelgismálið 1952. Með hverju? Með því að gera boð um að skjóta því til Haagdómstólsins. Það voru samningar um landhelgismálið að dómi hæstv. utanrrh. Það hlýtur að vera meira en lítið bogið við þann málstað, sem þarf svona málflutning, ef nefna á þvílíkan útúrsnúning svo virðulegu nafni."

Þetta sagði Eysteinn Jónsson þá. Og það er hverju orði sannara, sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson sagði í umræðum á Alþingi hinn 14. nóv. s. l.:

„Vissulega er það svo, að smáþjóð verður að varast að ganga svo langt, að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín undir úrlausn alþjóðadómstóls, því að sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki annars staðar frekar skjóls að vænta en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því að hún hefur ekki valdið til þess að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin. Þess vegna hefði að mínu viti hvert eitt spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið, að við hefðum verið við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómstóls."

Þetta sagði Ólafur Jóhannesson í vetur. Hv. þm. reyndi nú að hlaupast frá þessum ummælum, en viðurkenndi þó í öðru orðinu, að alþjóðadómstóllinn væri helzta skjól smáþjóða. Svo kom flokksbróðir hans, Þórarinn Þórarinsson, og sagði dómstólinn sérstaklega hættulegan þessum smáþjóðum, sem Ólafur segir að hann sé helzta skjólið fyrir. Ólafur Jóhannesson sagði, að ekki vantaði nema herzlumun, að Bretar hefðu verið búnir að tapa deilunni. Þórarinn Þórarinsson hélt því aftur á móti fram, að við værum þegar búnir að vinna sigur. Ósamræmið er í einu og öllu hjá þeim félögum. Hið eina, sem þeim kemur saman um, er, að þegar aðrir gera hið sama og svipað — og þótt það sé betra — og Framsókn gerði, meðan hún var við völd, þá sé það ekki sambærilegt. Það er kjörorð gömlu forréttindamannanna: Það er ekki sambærilegt, það sem við gerum og aðrir.

Sannleikurinn er sá, að við erum búnir að vinna sigur í deilunni við Breta. Samkomulagið, sem nú hefur verið gert, er staðfesting á þeim sigri, eins og viðurkennt er jafnt innanlands og utan.

Spurningin er: Hvort viljum við Íslendingar heldur, að ágreiningur um ákvarðanir okkar um enn meiri stækkun fiskveiðilandhelginnar, jafnskjótt og við teljum tímabært, verði leiddur til lykta með nýjum löndunarbönnum eða herskipasendingu á Íslandsmið eða með úrskurði alþjóðadómstólsins um það, hvort við styðjumst við lög og rétt?

Þeir, sem síðari kostinum hafna, vilja þar með skipa Íslandi í flokk ofbeldisþjóða. Heimskulegra tiltæki væri trauðla hugsanlegt fyrir þjóð, sem sjálf býr yfir engu afli öðru en því, sem lög og réttur, hófsemi og sanngirni veita henni.

Landhelgismálið sjálft er þýðingarmikið, og verður seint orðum aukið, hver nauðsyn okkur er á að tryggja rétt okkar í því sem allra bezt. Enn þýðingarmeira er þó, að Ísland haldi áfram að vera réttarríki. Undir því er gæfa þjóðarinnar komin, og á því getur sjálfstæði hennar oltið. Með samþykkt þeirrar till., sem nú liggur fyrir, er allt þetta tryggt. Slegin er skjaldborg um lífshagsmuni íslenzku þjóðarinnar og fáni laga og réttar, frelsis og fullveldis hennar dreginn að hún. Alþingi Íslendinga má allra síst hverfa af verðinum, eins og sumir hv. þm. leggja nú til, þegar svo mikið er í húfi. Þess vegna kemur ekki til mála, að það samþykki að víkjast undan þeirri ábyrgð, sem stjórnarskrá Íslands leggur því á herðar. Það mun ekki skjóta þessu máli frá sér, heldur afgreiða það lögum samkvæmt og með samþykkt sinni afla sér virðingar og þakklætis þjóðarinnar í bráð og lengd. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 3. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, JKs, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, FS.

nei: LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, DÁ, BFB, BjörnJ, EðS, EOl, PM, IG, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, JSk, KGuðj, KK.

2 þm. (BP, FRV) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 55 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 428, n. 447, 448 og 449).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, JKs, AuA, BGr, BF, FS.

nei: BjörnJ, EðS, EOl, PM, GeirG, GJóh, HÁ, HermJ, KGuðj, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, AGl, HB, HS, JSk, KK, ÞÞ, ÁÞ greiddu ekki atkv.

6 þm. (BP, FRV, IG, GíslG, HV, DÁ) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eftir að þáltill. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta á þskj. 428 var vísað til utanrmn., átti n. fund um málið. Á þessum fundi n. mættu hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh. eftir ósk nefndarmanna, og svöruðu ráðherrarnir fyrirspurnum um einstök málsatvik, sem beint var til þeirra. Herra fiskimálastjóri, Davíð Ólafsson, mætti einnig á þessum fundi nefndarinnar.

Það kom fljótt í ljós, að ekki gat orðið samkomulag innan utanrmn. um afgreiðslu málsins. Varð niðurstaðan sú, eins og fram kemur á þskj. 447, að meiri hl. leggur til, að till. verði samþykkt óbreytt. Fulltrúar Framsfl. í n., hv. 2. þm. Vestf. og hv. 7. þm. Reykv., skila séráliti og sömuleiðis fulltrúi Alþb. í n., hv. 3. þm. Reykv.

Ég vil nú leyfa mér, herra forseti, að gera nokkra grein fyrir afstöðu meiri hl. utanrmn.

Í utanrmn. voru rædd sérstaklega nokkur veigamikil atriði í orðsendingu utanrrh. Íslands til utanrrh. Bretlands, sem prentuð er sem fskj. með þáltill. Andstæðingar þessa máls héldu því fram, eins og fram hefur komið í málflutningi þeirra hér í þinginu, að ekki væri sama að falla frá mótmælum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu og að viðurkenna 12 mílna fiskveiðilögsögu, sbr. 1. tölulið orðsendingarinnar. Lögð var á það rík áherzla af ráðherranum, að hér væri engin skilsmunur, enda styddi öll meðferð málsins í viðræðunum við Breta, að svo væri ekki. Bretar hefðu mótmælt rétti okkar til 12 mílna fiskveiðilögsögu, stutt mótmæli sín með herskipavaldi, þeir féllu nú frá mótmælum sínum, „will no longer object to a twelve-mile fishery zone around Iceland," eins og stendur í enska textanum. Þetta væri endanleg og óafturkallanleg viðurkenning af hálfu Breta á 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland.

Það var einnig upplýst í nefndinni, að ríkisstj. teldi sig vera örugga um það, að ekki mundi af hálfu Breta verða farið fram á neina framlengingu hinna takmörkuðu veiðiréttinda á ytri 6 mílunum, sem um getur í 3. tölulið orðsendingar utanrrh. Íslands, að 3 ára samningstímabilinu loknu.

Við Íslendingar ættum ekki að hafa löngun til þess að draga í efa það, sem alveg ótvírætt hefur samizt um réttarstöðu okkar við lok fiskveiðideilunnar við Breta.

Ætla verður, að efasemdir þær, sem ég hef vikið að, séu af góðum huga fram settar, og að því leyti er þá mikilsvert, að þær hafa komið til umræðu, að með því er öllum vafa um hinn ótvíræða rétt okkar Íslendinga eytt og sá rétti skilningur óvefengjanlega skjalfestur hér á Alþingi.

En er ekki samkomulagið, sem lagt er til að gert sé við Breta, tímabundið, uppsegjanlegt af okkar hálfu, eða er því ætlað að standa til eilífðarnóns? Þannig heyrum við andstæðinga málsins spyrja, og það er tortryggni í hreimnum. Við erum minnt á það, að þegar Danir gerðu landhelgissamninginn við Breta fyrir okkar hönd árið 1901, hafði þó verið svo um samið, að samningnum mætti segja upp af beggja hálfu. Þá var samið um þá minnstu landhelgi, 3 mílna landhelgina, eftir brezkri forskrift með opnum flóum og fjörðum. Jafnvel Bretar gerðu sér fullljóst þá, að slíkt samkomulag væri ekki til þess fallið að standa til lengdar. Stóð það nærri hálfa öld, þó að upp-

sagnarákvæði samningsins væri það, að hægt væri að segja því upp með tveggja ára fyrirvara.

En hvers eðlis er hið umrædda samkomulag nú? Í fyrsta lagi: Bretar viðurkenna nú þegar 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands, endanlega og óafturkallanlega. Er einhver Íslendingur, sem vildi, að Bretar gætu sagt þessu samningsákvæði upp eftir tiltekinn tíma? Í öðru lagi: Bretar viðurkenna þýðingarmiklar breytingar á grunnlínum á fjórum stöðum umhverfis landið, en af því leiðir aukningu fiskveiðilögsögunnar um 5065 km2. Þetta er líka óafturkallanleg og ótímabundin viðurkenning á íslenzkum réttindum. Í þriðja lagi: Brezkum skipum verður heimilað að stunda veiðar á takmörkuðum svæðum á milli 6 og 12 mílna og takmarkaðan tíma á ári næstu þrjú ár. Hér eru tvær tímatakmarkanir, báðar Bretum í óhag. Þeir fá aðeins að njóta tiltekinna réttinda takmarkaðan tíma á ári og aldrei lengur en í þrjú ár. Og þá komum við loks að fjórða atriðinu, sem gjarnan er orðað svo af andstæðingum þessa máls, að við Íslendingar höfum samhliða framangreindu afsalað okkur einhliða rétti til frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar en nú er tilskilið um alla eilífð. Og er þetta þá rétt? Nei, þetta er ekki heldur rétt, heldur hið gagnstæða. Það, sem um þetta meginatriði segir, felst í niðurlagi hinnar fyrirhuguðu orðsendingar til utanrrh. Bretlands, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstj. Bretlands slíka útfærslu með 6 mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til alþjóðadómstólsins.“

Í þessu felst í fyrsta lagi, að Íslendingar tilkynna Bretum strax, að þeir muni halda áfram að vinna að frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar; í öðru lagi, að Íslendingar muni tilkynna Bretum slíka útfærslu með 6 mánaða fyrirvara; í þriðja lagi, að ef ágreiningur rís um slíka útfærslu, skuli honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til alþjóðadómstólsins; í fjórða lagi, að ef alþjóðadómstóllinn hefur ekki úrskurðað um málið innan 6 mánaða, kemur útfærslan til framkvæmda og Bretar skuldbinda sig til að beita ekki herskipum sínum eða annarri valdbeitingu gegn henni; í fimmta lagi, að einhliða útfærsla Íslendinga er skuldbindandi fyrir Breta um alla framtíð, nema alþjóðadómstóllinn kveði upp þann dóm, að útfærslan sé ekki í samræmi við alþjóðalög og rétt.

Það er því aðeins eitt atriði, sem við Íslendingar höfum skuldbundið okkur til um alla framtíð með því samkomulagi, sem ráðgert er til lausnar fiskveiðideilunni við Breta, og það er að gera ekki ráðstafanir, sem skv. dómi alþjóðadómstólsins brjóta í bága við alþjóðalög og rétt. Er nú einhver hv. alþm. þeirrar skoðunar, að okkur Íslendingum væri sæmandi að hafa slíka skuldbindingu tímabundna, að við féllumst á það, en þó ekki nema í tiltekinn tíma, að gera ekki ráðstafanir, sem færu í bága við alþjóðalög og rétt að dómi alþjóðadómstólsins? Enn fremur spyr ég: Er þetta nokkur ný skuldbinding, sem við tökum hér á okkar herðar? Nei, þessa skuldbindingu höfum við áður undirgengizt með aðild okkar að Sameinuðu þjóðunum, en skv. 93. gr. sáttmála hinna Sameinuðu þjóða eru allir meðlimir þeirra „ipso facto“ aðilar að samþykkt alþjóðadómstólsins, sem samkvæmt 7. gr. er ein af aðalstofnunum hinna Sameinuðu þjóða. Skv. 1. gr. sáttmála hinna Sameinuðu þjóða er markmiði þeirra þannig lýst, með leyfi hæstv. forseta: „að koma á sættum eða lausn millirikjadeilumála á friðsamlegan hátt og í samræmi við grundvallarreglur réttvísi og þjóðaréttar“.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja að nokkrum atriðum, sem rædd voru innan utanrmn. á fundi hennar og hafa þýðingu að ljóst liggi fyrir.

Menn hafa spurt, hver afstaða annarra þjóða verði til þessa samkomulags milli Breta og Íslendinga — eða afstaða okkar til annarra þjóða í sambandi við þetta samkomulag. Í því efni verður að ráðgera, að við mundum ekki meina öðrum þjóðum réttindi þau, sem hér um ræðir, enda tækju þær þá á sig sömu skuldbindingar og Bretar. Enginn vafi er á því, að viðurkenningin á hinum nýju grunnlínum er mjög veigamikil, þó að hér skuli ekkert um það fullyrt, hvort við Íslendingar fáum með samkomulaginu annað eða meira viðurkennt en við hefðum getað fengið okkur tildæmt með alþjóðadómi. Staðreynd er hins vegar, að ríkisstj. Hermanns Jónassonar gekk ekki svona langt með reglugerðinni frá 1. sept. 1958 og í till. sínum á þessu þingi hafa hv. stjórnarandstæðingar lagt til að lögfesta nú hinar gömlu grunnlínur. Það nýjasta, sem sézt hefur um helgina, er svo það í málgagni Alþb., að við Íslendingar höfum nú afsalað okkur rétti til að færa út grunnlínurnar á 7 tilteknum stöðum, sem dregnar eru upp á korti og sýndar í þessu blaði. Að sjálfsögðu verður mönnum að spyrja: Hví ákvað ekki fyrrv. sjútvmrh., hv. 4. þm. Austf. (LJós), ekki aðeins þessar 7 grunnlínubreytingar, heldur og þær fjórar, sem hér eru ákveðnar, með reglugerðinni frá 1958? Látum alveg liggja á milli hluta, vegna hvers þessir menn, sem fóru þá með völdin í þjóðfélaginu, létu slíkt undir höfuð leggjast. En hverju er afsalað nú, jafnvel þó að það sé einlæg skoðun þessara manna, að þessar 7 útfærslur á grunnlínunum væru leyfilegar? Engu er með þessu samkomulagi slegið föstu um eða afsalað í því sambandi, aðeins hitt, að ef ágreiningur yrði um þá útfærslu, þá mundum við tilkynna Bretum það með 6 mánaða fyrirvara, og ef alþjóðadómstóllinn teldi, að þessi útfærsla samrýmdist ekki alþjóðalögum, m. ö. o. ekki þeirri alþjóðasamþykkt, sem gerð var á Genfarráðstefnunni 1960 og sagt er að slíkar útfærslur eigi að byggjast á, þá verðum við að hlíta því. Ef hins vegar niðurstaðan yrði önnur og þeir, sem með völdin fara, hafa trú á, að líkur séu til þess, þá er ævinlega opin leið til þessara og annarra útfærslna og yrði þeim þá ekki haggað nema vegna þess, að alþjóðadómstóllinn hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að þær samrýmdust ekki þeim alþjóðaályktunum, sem hér um gilda og mundu skoðast sem alþjóðalög í þessu sambandi og gerðar voru á hafréttarráðstefnunum í Genf.

Andstæðingar þessa máls hafa látið uppi, að þeir muni leggja til, að þetta mál fari undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Það má að sjálfsögðu alltaf hverju sinni margt um það segja, hvort málum beri að

skjóta til þjóðaratkvæðis eða ekki. Þó er þetta mál þess eðlis, að það er auðvitað þingsins fyrst og fremst og þingsins helgasta skylda, þeirra þm., sem hér sitja, að taka ákvörðun og afstöðu til málsins. Hitt er svo annað mál, að það er enginn vafi á því, að það gæti verið freistandi, að þjóðaratkvæðagreiðsla væri látin fara fram um mál eins og þetta, ekki síst eftir að fyrir liggur, hvernig þessu máli hefur verið tekið hér á landi, eftir að það varð kunnugt. Við stjórnarsinnar erum hins vegar á móti þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þess, að þetta er þannig undirbúið, það er þess eðlis sem samkomulag, sem heimila á þinginu að staðfesta á milli tveggja ríkja, að þingið verður og þinginu ber að skera úr um það.

Áður en nokkuð varð uppvíst eða vitað um, hvers konar samkomulagi núv. hæstv. ríkisstj. mundi geta komizt að við ríkisstj. Bretlands um lausn fiskveiðideilunnar, hefur verið hafður uppi mikill áróður í þessu máli og margar ályktanir hafa verið gerðar á fundum og mannamótum úti um landið. En um hvað hafa þær ályktanir verið gerðar? Þær hafa engar verið gerðar um það samkomulag, sem hér er um að ræða, heldur um allt annað, svo fjöldamargt annað, sem fólki hefur fyrr og síðar, áður en vitað var um þetta samkomulag, verið sagt ósatt af þeim mönnum, sem höfðu fyrirsvar í þeim áróðri. Allt, sem gerzt hefur fyrir þennan tíma, að mál þetta var lagt fyrir þing, hefur þess vegna að þessu leyti ekkert gildi eða gefur neina vísbendingu um afstöðu almennings til þess máls, sem hér liggur fyrir. Hitt er svo mjög fróðlegt að athuga, að eftir að þetta mál var lagt fyrir þingið, hafa þinginu borizt margar ályktanir og verið birtar í blöðum og útvarpi um afstöðu mikilvægra félagasamtaka með þessu máli ekkert síður en móti. Ég hef að vísu ekki tæmandi upptalningu á því, en hún fer þó nokkuð langt og sýnir, að það er full ástæða til þess að ætla, að almenningur engu síður meti og skilji það samkomulag, sem lagt er til að heimila stjórninni með þessari þáltill. að staðfesta við Breta, heldur en hitt, að einhver andúð sé um það ríkjandi.

Mér þykir rétt, til þess að það komi fram í þessum umr., að minna á nokkrar veigamiklar ályktanir og ákvarðanir, sem gerðar hafa verið í þessu máli.

Á fjölmennum fundi Vélstjórafélags Vestmannaeyja, sem haldinn var hinn 1. marz s. l., er lýst yfir fylgi við þessa till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta og skorað sérstaklega á þingmenn Suðurlandskjördæmis að styðja þessa till. Sams konar ályktun var gerð 1. marz af matsveinum á sjó, þar sem sérstaklega er tekið fram, að stjórn matsveinafélagsins áliti, — þetta er ályktun stjórnarinnar, — að þetta sé mikilvægur áfangi á þeirri leið að fá viðurkenndan rétt Íslendinga yfir landgrunninu öllu. Og þetta veigamikla atriði er einnig áréttað í ályktun frá stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem segir m. a., að sambandsstjórnin telji, að vel hafi tekizt í miklu vandamáli, og leggur áherzlu á, að ríkisstj. Íslands hafi haldið svo á máli þessu og fengið fram þær sáttatillögur, sem til gagns og sóma séu fámennri þjóð í átökum við voldugan andstæðing. Stjórn Farmanna- og fiskimannasambandsins lítur á það sem mikinn ávinning, að náðst hefur samkomulag um fækkun grunnlínupunkta og réttingu grunnlína, sem hefur í för með sér mikla stækkun fiskveiðilögsögusvæðisins eða svæðanna. Og enn fremur segir þar: „Sambandsstjórnin lítur á lausn þessa máls sem mikilsverðan áfanga á þeirri leið að fá aukinn yfirráðarétt yfir landgrunni Íslands, þar sem engin alþjóðalög eru til, sem fyrirbyggja þann rétt.“ Þessi sjómannasamtök leggja m. ö. o. megináherzlu á, að það samkomulag, sem hér er um að ræða, sé áfangi að hinu endanlega og setta marki, og það er með réttum skilningi á þeirri afstöðu hæstv. ríkisstj. að tilkynna Bretastjórn nú þegar, að ríkisstj. muni halda áfram að vinna að útfærslu fiskveiðilögsögunnar á grundvelli ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959, þar sem því er lýst sem lokatakmarkinu og ríkisstj. falið að vinna að því að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi í Vestmannaeyjum sendir einnig ályktun, sem var samþ. með 41:3 atkv., þar sem lýst er yfir sérstakri ánægju félagsmanna með lausn þá, sem felst í þáltill. ríkisstj., og skorað á þm. Suðurlandskjördæmis að styðja till. Í öðru mikilvægu sjávarútgerðarþorpi, Akranesi, hefur útvegsmannafélagið sent frá sér ályktun, þar sem fagnað er glæsilegum og óvæntum áfangasigri í landhelgismálinu. Bæjarstjórnir hafa gert ályktanir með þessu máli, bæði hér í Reykjavík og Siglufjarðarkaupstað. Sjómannafélag Reykjavíkur hefur skorað á þingið að samþykkja þessa ályktun og Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Landssamband íslenzkra útvegsmanna hefur sent frá sér mjög ýtarlega ályktun um málið, þar sem m. a. er lögð á það megináherzla, að með samkomulaginu sé fengin trygging fyrir því, að frekari útfærsla verði ekki hindruð með ofbeldi. Sams konar ályktun hefur borizt frá útvegsmannafélagi Hafnarfjarðar. Og eins og hv. þingmönnum er kunnugt um, hafa ýmsir málsmetandi menn, bæði í sjómannahópi og útgerðarmanna og þeir, sem um þessi mál hafa fjallað og haft mikla reynslu af framkvæmd og meðferð landhelgismálanna, eins og t. d. hinn ágæti og reyndi skipherra, Eiríkur Kristófersson, tjáð sig á opinberum vettvangi um mikilvægi þess samkomulags, sem hér væri kostur á að ná til úrlausnar hinni löngu og erfiðu deilu, sem við höfum staðið í, og sem, eins og ég sagði, áfanga að hinu endanlega marki.

Nú er það ekki svo, að ekki hafi heyrzt ýmsar raddir og sendar þinginu líka frá ýmsum öðrum aðilum í þessu máli. Sumt af því er, eins og verða vill, frá pólitískum aðilum og hefur í sjálfu sér minni þýðingu í þessu sambandi, eins og frá fundi Alþýðubandalagsins í Austurbæjarbíó, framkvæmdanefnd Æskulýðsfylkingarinnar, miðnefnd Samtaka hernámsandstæðinga, kjósendafundum Alþb. og Framsfl. og Sambandi ungra framsóknarmanna. En hins vegar eru þó ýmis stéttarfélög og verkalýðsfélög, sem eru ekki að þessu leyti pólitísk samtök, sem hafa einnig tjáð sig mjög andvíg þessu samkomulagi. T. d. lýsir Sveinafélag húsgagnasmiða því yfir, að það sé mjög andvígt þessu samkomulagi, og sama gerir Félag afgreiðslustúlkna í mjólkur- og brauðabúðum.

Það er þó að mínum dómi þannig, að miðað við

þær almennu undirtektir, sem þetta mál hefur fengið, þá er ég sjálfur persónulega þeirrar skoðunar, að það væri lítill vafi á því, hvernig þjóðaratkvgr. mundi fara um þetta mál, enda mun að sjálfsögðu elga eftir að koma fram, þótt síðar verði, afstaða almennings við þjóðaratkvgr. eða þingkosningar um þetta mál eins og mörg önnur, þegar þar að kemur.

En þar sem ég hef vikið að afstöðu almennings hér, eftir að þetta mál varð kunnugt á Alþ., þá er líka nokkuð fróðlegt, að það komi hér inn í umr. á þingi, hvernig almenningur og hlutaðeigandi aðilar í Bretlandi hafa nú brugðizt við þessu samkomulagi, hvernig þeim lízt á blikuna eða hvað þeir segja um það, sem þeim er boðið. Þar höfum við séð, bæði af útvarpsfréttum og fréttum í blöðunum, að það er yfirleitt mjög mikil andstaða og að vissu leyti þung gremja hjá mörgum, sem elga þar hagsmuna að gæta, varðandi þann undanslátt, sem Bretar sjálfir telja að brezk ríkisstj. hafi gert sig seka um í sambandi við þetta mál. Forustumenn brezka fiskiðnaðarins hafa skýrt sjútvmrh. brezka frá því, að þeir hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum um lausn þessa máls. Sama kemur fram í yfirlýsingum brezka sjútvmrh. og félags brezkra togaraeigenda. Þegar sagt er frá fundum þessara aðila um málið, þá er því lýst yfir, að brezkir togaraeigendur séu sáróánægðir vegna þess, hve stuttur sá tími er, sem þeir fá að veiða á vissum svæðum innan 12 mílnanna. Einnig eru þeir óánægðir með hinar ströngu takmarkanir á ytri 6 mílunum. Stórblöð í Bretlandi, eins og Daily Mail, hafa sagt það í forsíðufréttum og fyrirsögnum, að hinn brezki fáni hafi verið dreginn niður, að Bretar hafi dregið niður fánann í fiskveiðistyrjöldinni við Ísland og látið undan úrslitakostum Íslendinga um 12 mílna fiskveiðilögsögu. Þeir eru ekki í nokkrum vafa um, um það ríkir enginn efi, að 12 mílurnar eru með þessu samkomulagi í eitt skipti fyrir öll viðurkenndar. Og þetta blað nefnir þennan samning uppgjafarkosti, „surrender terms", og segir m. a., sem er eftirtektarvert, með leyfi hæstv. forseta, að það er ekki lengra síðan en á síðasta ári, að hámarkseftirgjöf Breta var að fá að veiða í 10 ár innan 12 mílnanna, meðan togaramenn væru að endurskipuleggja veiðarnar og togaraflotann. Um helmingur af afla 230 úthafstogara Breta, aðallega þorskur, er veiddur við Ísland. Uppgjöfin, „the surrender", mun hafa í för með sér stórkostlegt fjárhagslegt tjón, segir í þessu blaði. Og mjög svipuð ummæli koma fram í mörgum blöðum öðrum. The Guardian tekur fram í sinni umsögn, að það sé að vísu gott, að þessi deila sé á enda, því að hún hafi alltaf frá öndverðu verið, eins og þar segir, Bretum til meiri álitshnekkis en Íslendingum. London Times segir um þetta samkomulag: „Togaraútgerðin óánægð", og í grein, sem er skrifuð undir þessari fyrirsögn, segir, að Íslendingum standi til boða rausnarlegir skilmálar, er færi Íslendingum svo til allt það, er þeir kepptu að í landhelgismálinu undanfarið. Í Grimsby Evening Telegraph kemur fram viðhorf kannske frá þeim mönnum framast, sem hafa beinna hagsmuna að gæta, — þetta er ein af fiskiborgum Englands, — en þar segir um þetta samkomulag, með leyfi hæstv. forseta: „Samkomulagið við Noreg var erfiður biti fyrir fiskiðnaðinn brezka að kingja. En samkomulagið við Íslendinga er þó enn erfiðari biti. Fiskimennirnir okkar hófu veiðar undan Íslandi fyrir 500 árum, löngu áður en Íslendingar sjálfir hófu fiskveiðar. Við unnum að þróun þessara fiskveiða, fundum upp gufutogara og kenndum Íslendingum veiðarnar. Þetta eru launin, sem við fáum, að vera hreinlega sparkað út."

Þetta lýsir viðhorfi Grimsby-manna til þessa máls og hvernig þeir líta á frá sínu sjónarmiði.

Af fréttum þeim, sem okkur hafa borizt í sambandi við meðferð málsins í brezka þinginu, er það ljóst, að stjórnin þar hefur sætt mjög miklum ádeilum og ávítum fyrir málið, og réðst stjórnarandstöðuflokkurinn þar mjög harkalega að stjórninni fyrir að lúta í lægra haldi, að því er þeir vildu telja, fyrir Íslendingum í þessari deilu. Í einu brezku blaði, Daily Express, segir varaforseti félags brezkra togaraeigenda, Joseph Cobley, eða blaðið hefur eftir honum, með leyfi hæstv. forseta, að brezka stjórnin hefði með samkomulaginu svipt brezka togaramenn fiskimiðum í slíkum mæli, að jafna mætti til þess, að brezkir bændur misstu héruðin Cornwall, Devon, Sommerset, Dorset, Hampshire og Glocestershire í hendur keppinauta sinna á meginlandinu í einni svipan og um alla framtíð.

Það er svo í raun og veru, að hvar sem gripið er niður í blaðaummælum eða tekið eftir fregnum frá Bretlandi, þá þykir sem Íslendingar hafi fyrir sitt leyti getað náð svo hagstæðum samningum, að þeir hafi, eins og þeir orða það, fengið nærri því allt, sem þeir hafa verið að berjast fyrir að undanförnu. Og það kemur greinilega fram, sem er mjög þýðingarmikið í þessu atriði, að Englendingum dettur ekki í hug, eins og hv. stjórnarandstæðingar hér gera, að halda fram, að Íslendingar hafi afsalað sér rétti til frekari útfærslu, um leið og þeir tilkynna, að þeir muni halda áfram tilraunum til frekari útfærslu, heldur benda þeir réttilega á, að mesta hættan er þó sú, að Íslendingar eru staðráðnir í að halda þessu áfram. Einn af þm. Verkamannaflokksins segir, að hann sjái fram á, þegar þetta liggi fyrir, að eftir 3 ár muni Ísland friða allt landgrunnið og verði þá alvarlegt atvinnuleysi hjá brezkum fiskimönnum. Gerið ykkur ljósar þær ógnir, sem stafa af þessu hræðilega samkomulagi, „shocking settlement", eins og þessi hv. brezki þm. kemst að orði, og er ykkur ljóst, að fiskimenn okkar kysu heldur að fara inn fyrir og veiða í íslenzkri landhelgi undir vernd herskipa en verða að lúta þessu lélega samkomulagi, sem að lokum mun gera þá atvinnulausa, segir þessi brezki þm. Hann óttast sem sagt, að mest hætta fyrir Breta felist í framhaldandi sókn Íslendinga til að eignast landgrunnið allt í samræmi við þær yfirlýsingar, sem Íslendingar sjálfir gefa Bretum samhliða því samkomulagi, sem hér er gert.

Ég vil svo aðeins að lokum vitna til ummæla fyrirlesara brezka útvarpsins, sem ræddi efnislega um lausn fiskveiðideilunnar, þar sem hann gerði brezku þjóðinni grein fyrir því svo, að það virtist vera, að samkomulagið væri Íslendingum mjög mikið í hag. Þeir fá allt, sem þeir hefðu getað fengið í Genf, ef bandarísk-kanadíska tillí. hefði

verið samþ., og meira til. Brezkir togaramenn fá nú aðeins þriggja ára frest til að finna ný fiskimið og til að byggja ný og nothæf skip. En þeir verða jafnvel á þessum þriggja ára fresti að hlíta ströngum takmörkunum. Og svo vekur hann athygli á því, að enn hafa hinar svokölluðu grunnlínur verið dregnar að nýju Íslendingum mjög í vil. Hvað fá Bretar í staðinn? spyr þessi brezki útvarpsfyrirlesari og segir — með leyfi hæstv. forseta: Sáralítið eða ekkert, munu brezkir fiskimenn svara. Eina eftirgjöf Íslendinga er, að þeir fallast á að gefa Bretum sex mánaða uppsagnarfrest, ef þeir ætla að vikka fiskveiðilandhelgina enn frekar.

Ég hef leyft mér að minna á þessar undirtektir í Bretlandi annars vegar og svo hér á Íslandi hins vegar til þess að varpa nokkru ljósi yfir það, hvernig máli þessu hefur verið tekið almennt og á víðari vettvangi en hér innan þingsalanna einna. Ég tel ekki þörf á því að gera að þessu sinni í lengra máli grein fyrir afstöðu okkar í meiri hl. utanrmn. til þáltill. þeirrar, sem hér liggur fyrir. Málið hefur verið mjög ýtarlega rætt við fyrri umr. í þinginu, enn fremur í blöðunum, á fundum og í félagasamtökum. Meiri hl. utanrmn. er ljóst, að hæstv. ríkisstj. hefur haft til úrlausnar mikið vandamál, þar sem er fiskveiðideila Breta og Íslendinga. Ríkisstj. Íslands hefur borið gæfu til að leggja nú fyrir hv. Alþ. till. til lausnar þessa vandamáls, sem er Íslendingum til mikils sóma og mun verða þeim til ómetanlegs trausts og halds í viðskiptum við aðrar þjóðir í framtíðinni. Barátta Íslendinga í landhelgismálinu hefur oft verið erfið. Aðstaða þeirra hefur aldrei verið traustari en nú með samkomulagi því, sem hæstv. ríkisstj. fer fram á að Alþ. heimili henni að gera við ríkisstj. Bretlands. Við í meiri hl. utanrmn. leggjum eindregið til, að till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Bretland á þskj. 428 verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir, er stærsta og örlagaríkasta mál, sem Alþ. Íslendinga hefur fjallað um áratugum saman. Ef till. sú, sem hér liggur fyrir, verður samþykkt, þá markar sá atburður mikil þáttaskil í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Allt síðan Jón Sigurðsson hóf merki hinnar stjórnarfarslegu sjálfstæðisbaráttu fyrir meira en öld, hefur það verið grundvallarregla í sjálfstæðisbaráttunni, sem var mörkuð af hinum mikla leiðtoga, að láta aldrei neinn rétt af hendi, en þola heldur órétt og óbilgirni um stund. Með samþykkt þeirrar till., sem hér liggur fyrir, væri þessi regla fullkomlega brotin og einhver mikilsverðasti réttur þjóðarinnar af hendi látinn, hinn óskoraði réttur hennar yfir landgrunninu. Það er alveg víst, að þeim mönnum, sem með köldu blóði geta látið af hendi rétt þjóðarinnar til landgrunnsins, er vel trúandi til þess með jafnköldu blóði að láta af hendi réttinn til landsins sjálfs.

Áður en ég vík nánar að þeirri till., sem hér liggur fyrir, finnst mér ástæða til þess í tilefni af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér, að fara vissum viðurkenningarorðum um þá andstæðinga, sem hafa sigrað okkur í þessari deilu, Bretana. Hv. ræðumaður vitnaði til ýmissa ummæla brezkra blaða og brezkra þingmanna þess efnis, að Bretar hefðu orðið undir í þessum átökum. Hv. þm. virðist ekki gera sér grein fyrir því, að þótt margt megi að Bretum finna, þá er það háttur þeirra að fylgja vissum drengskaparreglum í skiptum sínum við andstæðingana. Bretar hafa þjálfazt mikið við íþróttir og á íþróttavöllum og lært á því þessar reglur. Ein af þessum reglum Breta er fólgin í því að hælast aldrei yfir sigri og sparka aldrei í fallinn andstæðing. Þess vegna er venjan sú, að þegar Bretar vinna mestu diplómatísku sigra sína, þá tala stjórnmálamenn þeirra þannig og þá ræða blöð þeirra þannig, eins og það sé raunverulega andstæðingurinn, sem hafi hlotið mesta ávinninginn, þó að það séu Bretar sjálfir, sem hafi hlotið hann. Það er með tilliti til þessarar drengskaparreglu Breta, sem við verðum að skilja þau brezku blaðaskrif, sem hv. þm. vitnaði í. En hinu er ekki að neita, að þessi drengskaparregla Breta hefur verið misskilin af fleirum en hv. þm., líka af hæstv. ráðh. Þeir hafa undanfarið verið að tala mjög um það, hvað þeir hafi unnið mikla sigra í þessu máli. Hæstv. forsrh. var í umr. hér fyrir nokkrum dögum ærið mikið dýldinn, þegar hann var að skýra frá viðræðum sínum og Macmillans í morgunverði, sem þeir snæddu saman á Keflavíkurflugvelli. Hann sagði allrækilega frá því, sem Macmillan hafði að segja um deiluna, vildi hins vegar af sínu alkunna litillæti og yfirlætisleysi lítið segja frá því, sem hann sagði sjálfur, en hins vegar mátti vel álykta af því, sem hann sagði um sjálfan samninginn, að það var hann, en ekki Macmillan, sem hafði orðið ofan á í þessum viðskiptum. Hinum stjórnarflokknum fannst, að hæstv. forsrh. væri hér að eigna sér heiður, sem hann ætti ekki að öllu leyti, og næsta dag birti Alþýðublaðið alllanga grein eftir aðalritstjóra sinn, þar sem því var lýst, að eiginlega hefði sigurinn ekki unnizt í morgunverðarveizlu þeirra Macmillans og hæstv. forsrh., heldur hefði hann verið unninn úti í London, þegar þeir snæddu hádegisverð saman, hæstv. utanrrh. og utanrrh. Breta. Þá hefði í raun og veru verið rekið smiðshöggið á þennan sigur, sem á að hafa unnizt í landhelgismálinu.

Ég skal nú víkja að því, í hverju þessi sigur á að vera fólginn, sem hæstv. ríkisstj. telur sig hafa unnið í þessu máli. Það eru þrjú atriði, sem einkum eru færð fram í því sambandi. Í fyrsta lagi er sagt, að Bretar séu búnir að veita fulla viðurkenningu á 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Í öðru lagi er sagt, að við höfum fengið viðurkenningu fyrir nokkrum leiðréttingum á grunnlínum. Og í þriðja lagi er sagt, að nú hafi brezk herskip verið látin hætta að beita okkur ofbeldi innan fiskveiðilandhelginnar. Ég tel rétt að víkja nokkrum orðum að hverju þessara atriða út af fyrir sig.

Ef menn lesa þá orðsendingu, sem þessi till. fjallar um og hæstv. ríkisstj. ætlar að senda brezku stjórninni, þá kemur þar hvergi fram, að ríkisstj. Bretlands ætli að veita Íslandi fulla viðurkenningu á 12 mílna fiskveiðilandhelginni. Það er aðeins sagt, að Bretar lofi því að falla frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta orðalag þýðir vitanlega allt annað en full viðurkenning. Það er hægt að túlka það á marga vegu. Það segir ekkert um það, hvort það sé raun-

veruleg viðurkenning fólgin í þessu eða ekki. Það fer alveg eftir þeirri meiningu, sem hver og einn vill í þetta orðalag leggja. Hins vegar kemur það fram síðar í orðsendingunni, að það býr eitthvað undir því, að þetta orðalag er haft þannig, vegna þess að þar er tekið fram, að Bretar lofi því ekki lengur en um þriggja ára skeið að veiða ekki á vissum svæðum milli 6 og 12 mílna línunnar, þannig að eftir að þessi þrjú ár eru liðin, þá er ekkert í þessum samningum, sem meinar Bretum að gera tilkall til þess, að þeir hafi rétt til að veiða þarna áfram. Hæstv. utanrrh. hefur að vísu lýst því yfir hér í þinginu og endurtekið það í utanrmn., að ríkisstj. hafi sérstakt bréf í höndum, þar sem brezka stjórnin heiti því, að hún muni ekki fara áfram fram á nýjar undanþágur, þegar þessi þriggja ára tími er liðinn. En þess var óskað í utanrmn. og þess er óskað einnig hér, að hæstv. ráðh. lofi þm. að sjá þetta bréf og heyra, hvernig það hljóðar. Í utanrmn. var því svarað neitandi, að þetta bréf yrði birt þar. Ég endurtek þá kröfu, sem þar var borin fram, að hæstv. utanrrh. birti þinginu þetta bréf og það sjáist þannig svart á hvítu, að það liggi fyrir skrifleg yfirlýsing brezku stjórnarinnar um þetta efni, og það jafnframt, hvort í þessu bréfi felist þá ekki einhver önnur atriði, sem valda því, að ríkisstj. telur ekki heppilegt að láta það koma fyrir almenningssjónir. Þetta verða menn að meta eftir því, hvort hæstv. ríkisstj. vill fallast á að birta þetta bréf nú þegar eða ekki.

Ég vil í framhaldi af því, sem segir um viðurkenninguna, spyrja hæstv. utanrrh. að því, hvort það hafi raunverulega verið afstaða íslenzku samningamannanna í viðtölunum við Breta, að þetta orðalag yrði haft: „að falla frá mótmælum“, og þeir hafi ekki lagt til, að það væri með öðrum hætti og ákveðnara en þar segir. Það væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það frá hæstv. ráðh. eða hæstv. ráðherrum, — ég sé, að utanrrh. er hér ekki staddur, — hvort það sé virkilega, að samningamenn okkar hafi ekki farið fram á það, að annað orðalag væri haft hér heldur en þetta, sem segir í 1. gr., að ríkisstj. Bretlands lofi að falla frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands, — að þeir hafi ekki gert kröfu til þess, að þar kæmi fram alveg skýr og greinileg viðurkenning. Ef það líka er svo, að brezka stjórnin er búin að fallast á það að viðurkenna fiskveiðilandhelgi Íslands 12 mílur, hvaða rök ættu þá að mæla á móti því, að þessari orðsendingu væri breytt þannig, að það kæmi alveg skýrt og greinilega fram, að þessi viðurkenning lægi fyrir? Hvers vegna er þá verið að hafa orðalagið svona? Hvers vegna er það þá ekki haft alveg skýrt og afdráttarlaust? Ef því fæst ekki breytt hér á Alþingi, að þetta orðalag verði alveg skýrt og afdráttarlaust, þá liggur það ekki í öðru en því, að ríkisstj. Bretlands er ekki búin að lofa því að viðurkenna fiskveiðilandhelgi Íslands sem 12 mílur til frambúðar, enda var yfir lýst af brezkum stjórnarvöldum, eftir að Genfarráðstefnunni lauk, svo sem kom fram í brezka þinginu og víðar, að Bretar mundu hvergi viðurkenna formlega 12 mílur, þangað til ný hafréttarráðstefna yrði haldin. Og ég hygg, að það sé afstaða brezku stjórnarinnar enn í dag að viðurkenna hvergi fullkomlega 12 mílna fiskveiðilandhelgi, og þess vegna er það mín skoðun, að hæstv. ráðherrar séu að fara með vísvitandi ósatt mál, þegar þeir eru að reyna að túlka þetta orðalag þannig, að í því felist fullgild viðurkenning. En úr þessu verður skorið hér í þinginu, því að það mun koma fram till. um, að þetta orðalag verði gert alveg ótvírætt. Ef hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar treysta sér ekki til að fallast á það, þá sýnir það glöggt, hvað liggur hér undir steini og hvað það er, sem raunverulega felst í þessum orðum: „að falla frá mótmælum“, — þá er það vissulega ekki það, að Bretar séu búnir að fallast á endanlega viðurkenningu á 12 mílna fiskveiðilandhelgi.

Þá er komið að öðru atriðinu, sem hæstv. ráðherrar færa fram til réttlætingar fyrir þessu samkomulagi, en það er, að nokkrar breytingar eða leiðréttingar á grunnlínunni hafi átt sér stað. Getum við litið svo á, að hér sé um einhverja gjöf frá Bretum að ræða? Getum við álitið það, eins og konan á Selfossfundinum spurði hæstv. landbrh. að, hvort Bretar eigi Selvogsbanka? Getum við svarað þeirri spurningu játandi hér í þessum sal? Sannarlega ekki. Það rétta í þessum efnum er það, að samkvæmt þeim sáttmála um landhelgina, sem fullt samkomulag náðist um á fyrri hafréttarráðstefnunni í Genf árið 1958, þá eigum við skýlausan rétt til allra þeirra lagfæringa á grunnlínunni, sem nú hafa verið gerðar, og jafnframt til miklu meiri lagfæringar víða kringum landið, eins og t. d. bæði fyrir Norðurlandi, við Grímsey, fyrir Austurlandi, við Hvalbak o. s. frv. Og þessi réttur okkar til þess að færa út grunnlínurnar í samræmi við sáttmálann, sem samþykktur var á hafréttarráðstefnunni 1958, hefði strax verið notaður vorið 1958, þegar fiskveiðilandhelgin var færð út þá, ef Alþfl. og Sjálfstfl. hefðu ekki staðið í vegi þess, að það væri gert. Þennan rétt höfum við getað notað okkur, hvenær sem við höfum viljað. Það, sem gerist raunverulega með þessu samkomulagi nú, er það, að þær lagfæringar, sem við eigum eftir að notfæra okkur, eins og t. d. við Grímsey, við Hvalbak og fyrir Suðausturlandi, getum við ekki notfært okkur lengur öðruvísi en að fá til þess annaðhvort samþykki Breta eða þá að láta málið ganga undir úrskurð alþjóðadómstóls, þar sem það gæti tekið mjög langan tíma að fá slíkan úrskurð.

Hér hefur raunverulega ekki verið tryggður neinn réttur, eða aukinn neinn réttur, heldur hefur í mjög þýðingarmiklum efnum verið hafður af okkur réttur. Réttur okkar til þess að færa út grunnlínuna fyrir Austurlandi og Norðurlandi hefur verið stórlega skertur. Það er því síður en svo, að það sé nokkuð hólsvert, sem átt hefur sér stað í sambandi við þetta atriði, eða það sé nokkuð, sem við höfum unnið með því að gera samkomulagið við Breta vegna þessa atriðis.

Þá kemur þriðji ávinningurinn, sem ríkisstj. telur sig hafa hlotið við það að gera þetta samkomulag við brezku stjórnina, og það er, að Bretar muni ekki hér eftir, a. m. k. á næstu þremur árum, beita herskipavaldi innan íslenzku fiskveiðilandhelginnar. Það rétta í þessum efnum er, að brezk herskip hafa ekki beitt þessu ofbeldi um margra mánaða

skeið, og það eru engar líkur til þess, að þeir hefðu ráðist í það ævintýri aftur að beita slíku ofbeldi. Þeir voru búnir að hljóta slíka fordæmingu almenningsálitsins í heiminum fyrir þetta ofbeldi sitt, og þeir voru jafnframt búnir að reyna, að það var ekki hægt að stunda togveiðar með neinum árangri undir herskipavernd, að þeir tóku sjálfir þann kost að draga herskipin burt úr landhelginni og hafa ekki látið sjá sig þar um margra mánaða skeið. Og það er engin ástæða til þess að ætlast til þess, að þeir hefðu gripið til slíkra ráða *aftur, vegna þeirrar reynslu, sem* þeir voru búnir að hafa af því. Þess vegna þurfti ekki neitt að kaupa Breta til þess að hætta því, sem þeir voru raunverulega hættir. Það er þess vegna hrein yfirskinsástæða, þegar hæstv. ríkisstj. er að færa það fram, að hún hafi þurft að gera samkomulagið við Breta vegna ofbeldis brezku herskipanna, vegna þess að því ofbeldi var hætt og það voru engar líkur til þess, að slíku ofbeldi yrði beitt aftur. Það mælir líka, auk þess sem ég hef þegar greint frá, á móti því, að slíku ofbeldi yrði beitt, að nú er unnið að því, ekki síst eftir að ný ríkisstjórn kom til valda í Bandaríkjunum, að bæta samstarf hinna vestrænu þjóða og koma í veg fyrir, að þær beiti ofbeldi í skiptum sínum. Það ásamt öðru hefði átt að nægja til þess, að Bretar hefðu ekki farið inn á þá braut að beita herskipavaldi á *nýjan leik innan* íslenzku fiskveiðilandhelginnar.

Ég hef þá rakið hér þau atriði, sem hæstv. ríkisstj. og fylgismenn hennar færa helzt fram til réttlætingar á því samkomulagi, sem ríkisstj. hefur gert við Breta. Ég held, að þetta nægi til að sýna það, að hér er hvergi um neinn raunverulegan ávinning að ræða, heldur er hér ekki um annað að ræða en rétt, sem við áttum fyrir eða vorum búnir að vinna okkur og þurftum ekki að semja um við einn eða neinn til þess að fá. Það eru þess vegna hreinar yfirskinsástæður, þegar verið er að færa þetta fram til réttlætingar fyrir því, að þessir samningar voru gerðir.

Ég kem þá að því, sem er hið alvarlega í þessu máli, og það er sá réttur, sem við fórnum með því að gera þetta samkomulag.

Þar er í fyrsta lagi um það að ræða, að brezkir togarar fá nú rétt til þess a. m. k. um þriggja ára skeið að veiða á svæðinu milli 6 og 12 mílna innan *fiskveiðilandhelginnar umhverfis* landið og það á hverju svæði, þegar veiðitíminn er þar beztur. Vestfirðir einir eru undanskildir. Í þessu eru að sjálfsögðu fólgin mikil réttindi fyrir Breta og mikill réttindamissir fyrir íslenzkan bátaútveg, því að það er alveg víst, að brezku togararnir og aðrir erlendir togarar, sem reiknað er með að komi þar á eftir, hljóta að spilla mjög veiðum bátaflotans á þessum tíma, auk þess sem þeir geta höggvið það skarð í fiskistofninn, að af því hljótist varanlegt tjón til frambúðar. Hér eru þess vegna mjög mikilsverð réttindi af hendi látin og mikið tjón unnið íslenzkum bátaútvegi. En þó er það ekki þetta, sem er aðalatriði þess réttindaafsals, sem felst í þessum samningi. Aðalréttindaafsalið, sem felst í þessum samningi, er það, að við afsölum okkur endanlega hinum einhliða rétti, sem við eigum nú til landgrunnsins og til útfærslu á fiskveiðilandhelginni. *Eftir að þessi samningur er kominn* í gildi, verður ekki hægt fyrir okkur að færa út fiskveiðilandhelgina með einhliða ákvörðun, eins og við gerðum 1952 og 1958, með þeim glæsilega árangri, sem öllum er nú kunnugt um. Sá einhliða réttur, sem við höfðum þá og byggðum á í bæði þessi skipti, verður ekki lengur fyrir hendi, eftir að þessi samningur er genginn í gildi. Þeim einhliða rétti er að öllu leyti glatað. Og þó að Bretar reyni nú að tala sem minnst um það, að þeir hafi áunnið eitthvað við þessa samninga, og reyni að gera sem mest úr því, sem íslenzka ríkisstj. hafi fengið fram, til þess að sætta hana og menn hér á landi við orðinn hlut, þá hafa brezku blöðin og brezku þingmennirnir ekki getað leynt því, þegar þetta mál hefur verið rætt í þinginu, að í þessu atriði sé mikill ávinningur fyrir Breta fólginn. Brezku blöðin hafa sagt það alveg hiklaust, brezku þingmennirnir hafa sagt það sömuleiðis hiklaust, að með þessu telji Bretar sig vera búna að stöðva útfærslu á íslenzku fiskveiðilandhelginni um ótiltekinn tíma. Ég las síðast í morgun í „Fishing News“ ummæli eftir varaformann brezkra togaraeigenda, sem mun gegna formannsstöðu í samtökum þeirra nú, vegna þess að formaðurinn er nýlátinn. Hann segir þar berum orðum, að vonandi þýði þetta samkomulag það, að búið sé að stöðva útfærslu á íslenzku fiskveiðilandhelginni og Íslendingar komi ekki til með að hafa nema 12 mílna fiskveiðilandhelgi um næstu áratugi. Og í grein, sem blaðið skrifar sjálft um þessi *mál, segir jafnframt, að* þetta atriði sé svo mikilvægt, að það réttlæti hvaða aðrar eftirgjafir sem kynnu að hafa verið gefnar. Það, sem Bretar hafi raunverulega verið að *sækjast eftir um 13 ára* skeið, væri að ná einhverri fótfestu til að stöðva frekari útfærslu á fiskveiðilandhelginni, og það, sem þeir hafi óttazt langsamlega mest í sambandi við útfærslu 1958, þegar farið var út í 12 mílurnar, hafi verið, að það væru ekki endamörkin, heldur væri það aðeins byrjunin á öðru meira og enn frekari útfærslu. Það var þetta, eins og málum var komið, sem skipti meginmáli fyrir Breta að fá stöðvað. Þeir vissu, að það var ekki nema tímaspursmál, að 12 mílna fiskveiðilandhelgi yrði viðurkennd ekki aðeins við Ísland, heldur alls staðar í heiminum, eins og seinasta Genfarráðstefnan um hafréttarmálin leiddi mjög glögglega í ljós. Þess vegna var það aðalatriðið fyrir Breta, eins og komið var, að fá því til vegar komið, að stöðvuð yrði frekari útfærsla á íslenzku fiskveiðilandhelginni, og komið í veg fyrir það, að Íslendingar gætu hagnýtt sinn rétt til landgrunnsins. Það er það, sem Bretar hafa fyrst og fremst keppt að í þessum samningum, og það er það, sem þeir hafa nú fengið fram.

Ef við göngum að þessu samkomulagi, erum við fullkomlega búnir að ónýta landgrunnslögin, sem sett voru á Alþingi fyrir 13 árum og tryggðu óskoruð yfirráð okkar yfir landgrunninu, sem vissulega er líka landið sjálft. Við eigum ekki að gera neinn mun á landinu sjálfu og landgrunninu, því að það getur verið okkur jafndýrmæt og þýðingarmikil eign til frambúðar og landið sjálft. Eftir að þetta samkomulag er komið til framkvæmda, þá getum við ekki framar, eins og við getum nú,

notað með einhliða ákvörðun rétt okkar til landgrunnsins og fært fiskveiðilandhelgina út, þegar við teljum nauðsynlegt og æskilegt fyrir okkur að gera það. Um það erum við orðnir háðir ákvörðun annarra, eins og ég mun síðar vikja að. Og hér er meira að segja svo langt gengið í þessu samkomulagi, að raunverulega er viðurkenndur jafn réttur Breta til landgrunnsins og Íslendinga sjálfra. Bretar hafa eftirleiðis svo að segja nákvæmlega sama rétt til landgrunnsins og Íslendingar hafa sjálfir. Íslendingar geta ekki hreyft við landhelgislínunni á landgrunninu, nema með því móti að bera það undir Breta, og eftir það hafa Bretar nákvæmlega sama rétt og Íslendingar sjálfir til að skjóta þeirri útfærslu undir ákvörðun alþjóðadómstólsins. Þetta þýðir það, að raunverulega erum við með þessu atriði að viðurkenna jafnmikinn rétt Breta til landgrunnsins og rétt okkar sjálfra.

Ég kem þá að einu atriði, sem hæstv. stjórnarsinnar hafa lagt nokkuð mikla áherzlu á í þessum umr. Það er, að það sé engin skerðing á rétti okkar, að máli sem þessu, þ. e. frekari útfærslu á fiskveiðilandhelginni, sé skotið undir úrskurð alþjóðadómstólsins. Ef menn athuga það mál nokkru nánar, hljóta þeir að komast að þeirri niðurstöðu, að á því er mjög mikill munur.

Í fyrsta lagi er það að athuga í þessu sambandi, að eins og skipan alþjóðadómstólsins er nú háttað, þá ráða þær þjóðir langsamlega mestu um skipan dómsins, sem eru andstæðingar okkar í þessu máli, Bretar og Bandaríkjamenn. Það er öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, sem ræður mestu um skipan dómsins, og við vitum það, að fram að þessu hafa Bretar og Bandaríkjamenn ráðið öllu í öryggisráðinu, sem þeir hafa viljað, þegar aðrir hafa ekki komið við neitunarvaldi, en í sambandi við kjör á dómurum í alþjóðadómstólinn verður ekki komið við neitunarvaldi. Það eru m. ö. o. þær þjóðir, sem eru íhaldssamastar í landhelgismálinu, sem ráða mestu um það, hvernig þessi dómur er skipaður. Í því getur verið fólgin sú hætta, að það veljist miklu frekar íhaldssamir menn í þessum efnum en frjálslyndir í dóminn.

Það er svo þessu næst að athuga, að alþjóðarétturinn, sem dómurinn dæmir eftir, byggist að langsamlega mestu á hefð og venjum. Það er mjög lítið til af alþjóðlegum samningum, sem hægt er að fara eftir í sambandi við ágreiningsmál, og þá verður að fara eftir þeirri hefð og þeim venjum, sem hafa myndazt. Nú er þannig ástatt um sjálfa viðáttu landhelginnar, að um hana ríkir ekki nein viðurkennd regla, engin viðurkennd hefð, engin viðurkennd venja. Af þeim ástæðum hafa þrisvar sinnum verið kvaddar saman alþjóðaráðstefnur til að ná samkomulagi um þetta atriði, en það ekki tekizt. Þar af leiðandi eru það ekki neinar ákveðnar reglur, sem alþjóðadómurinn getur farið eftir í þessum efnum, heldur verður hann að reyna að meta, ef slíku máli er skotið til hans, hvað hann á að telja að sé hin eðlilega regla í þessum efnum. Þetta er svo óljóst, að fram að þessu hefur engin þjóð farið þá leið að skjóta ágreiningsmálum eins og þessum, þ. e. a. s. ágreiningsmálum um viðáttu sjálfrar landhelginnar, til alþjóðadómstólsins. Málið, sem Norðmenn skutu til alþjóðadómstólsins fyrir nokkrum árum, fjallaði ekki um viðáttu sjálfrar landhelginnar, heldur um það, hvernig grunnlínur skyldu vera dregnar, og um það atriði er nú komið fullt alþjóðlegt samkomulag, eins og ég minntist á áðan, að hefði náðst á Genfarráðstefnunni um hafréttarmálin 1958. En sem sagt, ef alþjóðadómstóllinn ætti að fjalla um deilumál eins og hér mundi skapast milli okkar og Breta, ef við færum út fiskveiðilandhelgina, yrði hann að byggja á hefð og reglum, sem ekki njóta neinnar alþjóðlegrar viðurkenningar í dag. Hann yrði þá að reyna að meta það, eftir hverju hann ætti að fara. Það er alveg visst mál, að þegar dómstóll á að kveða upp dóm undir slíkum kringumstæðum, þá hlýtur hann og þá verður hann skyldu sinni samkvæmt að vera nokkuð íhaldssamur. Hann verður að vera varfærinn. Hann má ekki ganga of langt. Og þess vegna er hætta á því, þegar dómar eru kveðnir upp undir slíkum kringumstæðum, að dómararnir séu heldur á eftir þróuninni, fylgist ekki með henni. Til þess að ganga ekki of langt fara þeir frekar eftir því, sem teljast gamlar reglur, heldur en hinum nýju reglum, sem eru að skapast. Í því sambandi er að sjálfsögðu mikil hætta fyrir okkur fólgin, ef við þyrftum að leggja slíkt mál undir úrskurð alþjóðaréttarins.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að þegar Kýpurdeilan var að byrja, þá buðu Bretar upp á það, bæði Grikkjum og Kýpurbúum, að hún skyldi lögð undir alþjóðadómstólinn og alþjóðadómstóllinn skyldi látinn dæma um það, hvort Kýpurbúar ættu rétt til sjálfsákvörðunarréttar og sjálfstæðis. Þessu tilboði Breta var eindregið hafnað, bæði af Grikkjum og Kýpurbúum, og það var einfaldlega vegna þess, að það var talið nokkurn veginn fullvíst, að ef alþjóðadómstóllinn dæmdi í þessu máli, mundi hann fara eftir hefð og reglum, sem væru þannig lagaðar, að Bretar mundu þar bera sigur úr býtum. Þeir mundu vinna málið, þó að aðstæður væru hins vegar þannig, að Kýpurbúar hefðu allan hinn siðferðislega rétt með sér í málinu. Og ég held, að það sé ekki hægt að benda á eitt einasta dæmi þess, að nýlenduþjóð hafi snúið sér til alþjóðadómstólsins og óskað eftir úrskurði hans um það, að hún ætti tilkall til sjálfstæðis eða yfirráða í landi sínu, einfaldlega af þeim ástæðum, að reglum eða hefð um þessi mál er enn þannig háttað í heiminum, að viðkomandi þjóð mundi ekki fá sinn rétt viðurkenndan hjá alþjóðadómstólum og þess vegna yrði hún að sækja rétt sinn eftir öðrum leiðum. Nú má segja, að það sé að mjög miklu leyti svipað háttað tilkalli okkar til landgrunnsins og nýlenduþjóða til yfirráða í landi sínu, og þess vegna verðum við að sækja þann rétt eftir svipuðum leiðum og nýlendurikin hafa sótt sinn rétt. Eins og alþjóðalögum er enn háttað, þar sem þau eru raunverulega ekki til í þessum efnum og fara verður eftir gamalli hefð, þá getum við ekki treyst á úrskurð alþjóðaréttar í þessum efnum, heldur verðum að sækja mál okkar eftir öðrum leiðum, eins og við höfum hingað til gert með fullum árangri og eins og aðrar þjóðir hafa gert, sem svipað hefur staðið á um og okkur. Þær hafa allar sótt sinn rétt með einhliða ákvörðunum, eins og nefna má um tugi dæma á undanförnum árum, en engin hefur snúið sér til alþjóðadómstólsins og óskað eftir einhverjum ákvörð-

unum hans eða dómi um þessi mál, vegna þess, að þeir álitu alþjóðareglur um þetta svo óákveðnar og að mörgu leyti afturhaldssamar, að það væri ekki hægt að leita til dómsins undir þeim kringumstæðum. Þegar þetta er allt saman athugað, hljóta menn að gera sér fulla grein fyrir því, að á því er reginmunur, hvort við áskiljum okkur einhliða rétt til útfærslu fiskveiðilandhelginnar og til landgrunnsins eða hvort við viljum láta þennan rétt vera háðan samþykki Breta og úrskurði alþjóðadómstóls, sem á mjög erfitt með að úrskurða um þetta vegna þess, hve óljósar reglurnar eru og mikil hætta er á, að hann verði fremur íhaldssamur en frjálslyndur í slíkum úrskurði, eins og á vissan hátt honum ber líka að vera, þegar reglur eru óákveðnar um einstök efni.

Hér hefur komið fram í umr., fyrst hjá hæstv. fjmrh. og svo hjá seinasta ræðumanni, að við *værum skyldir til þess sem réttarriki* að láta alþjóðadómstólinn kveða upp dóm í deilumálum okkar við önnur ríki. Þetta er mikill misskilningur. Þær reglur, sem um þetta eru í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, ákveða ekki beina skyldu í þessum efnum, heldur er hvert einstakt ríki látið sjálfrátt um það, í hvaða tilfellum það vísar málum til alþjóðadómstólsins. Hitt er það, að einstök ríki geta gefið yfirlýsingar um það, að þau vilji útkljá deilumál sín með því, að málskot eigi sér stað til alþjóðadómstólsins. Seinast þegar ég vissi um þessi mál, í árslok 1959, voru ekki nema 38 ríki af 100 ríkjum, sem nú eru í Sameinuðu þjóðunum, búin að gefa slíka yfirlýsingu og öll eða langflest með vissum fyrirvara, eins og til dæmis með þeim fyrirvara, að þau yrðu að meta það sjálf í hverju einstöku tilfelli, hvort um innanlandsmál væri að ræða eða ekki. Meðal þeirra ríkja, sem hafa sett slíkan fyrirvara, er það stórveldi, sem við hæstv. fjmrh. getum vafalaust verið sammála um að telja einna mesta réttarríkið í heiminum í dag, en það eru Bandaríkin. Þing þeirra setti þann fyrirvara fyrir aðild að alþjóðadómstólnum, að það yrði metið í hverju einstöku tilfelli, *af Bandaríkjunum sjálfum*, hvort um innanlandsmál væri að ræða eða ekki.

Ég skal nefna dæmi um, hvernig þetta mundi vera framkvæmt af hálfu Bandaríkjastjórnar. Árið 1945 gaf Bandaríkjastjórn út yfirlýsingu, sem helgaði Bandaríkjunum rétt til allra auðæfa, sem felast í botni landgrunnsins umhverfis Bandaríkin. Þetta gerðu Bandaríkin með einhliða ákvörðun og töldu sig hafa fullan og óskoraðan rétt til þess, það væri innanríkismál þeirra. Það er alveg víst, að ef hefði komið krafa um það frá öðru ríki, að þessari eignatöku Bandaríkjanna á landgrunninu yrði skotið til alþjóðadóms, þá hefðu Bandaríkin neitað því, vegna þess að þau töldu, að hér væri um hreint innanríkismál þeirra að ræða og þau ættu ein óskoraðan rétt til námuauðæfa, sem finnast kynnu á landgrunninu. Þess vegna erum við ekki að ganga í berhögg við neinar reglur, þó að við viljum hafa rétt til þess að meta það í hverju einstöku tilfelli, hvort deilumálum okkar við aðrar þjóðir um landgrunnið verði skotið til alþjóðadómstóls eða ekki.

Þá kom það fram hjá hæstv. fjmrh. einnig, að það væri eiginlega enginn munur á því að skjóta máli til alþjóðadómstóls eða til þings Sameinuðu þjóðanna eða alþjóðaráðstefnu, það væri nokkurn veginn hið sama. Á þessu er vitanlega mjög mikill munur, og ég skal nefna aðeins eitt dæmi til að *sýna fram á, í hverju slíkur munur getur verið* fólginn.

Við skulum taka t. d. dæmi af portúgölsku nýlendunni Angóla. Við skulum segja, að það kæmi upp sú hugmynd, að íbúarnir í Angóla ættu að leita til alþjóðadómstólsins til að úrskurða um það, hvort þeir hefðu rétt til þess að vera frjálsir, rétt til sjálfstæðis, rétt til sjálfsákvörðunarréttar. Það er alveg víst, hvernig úrskurður alþjóðadómsins mundi falla um það mál, eins og nú er háttað hefð og reglum um þetta atriði í heiminum. Rétturinn mundi dæma það, að Portúgalar hefðu fullkomið tilkall til landsins og ættu að halda þar yfirráðum sínum áfram. Þess vegna er það áreiðanlegt, að engum þeirra, sem berst fyrir sjálfstæði Angóla í dag, dettur í hug að snúa sér til alþjóðadómstólsins og óska eftir úrskurði hans um þetta mál. Hins vegar má nokkurn veginn búast við því, að þessir aðilar muni snúa *sér til þings Sameinuðu þjóðanna og óska eftir* því, að það skerist í málið og stuðli að því, að Angólabúar fái sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt, eins og margar aðrar þjóðir á undan þeim hafa gert, eins og Tíbetbúar, Alsírbúar o. s. frv. Og hvers vegna kjósa þessar þjóðir heldur að fara þessa leið? Það er vegna þess, að ef málið kæmi fyrir þing Sameinuðu þjóðanna, þá er það nokkurn veginn víst, eins og málum er þar nú háttað, að mikill meiri hluti fulltrúanna þar mundi styðja sjálfstæðiskröfu Angólabúa og þar mundu þeir fá stuðning við málstað sinn, en ekki úrskurð um hið gagnstæða, eins og allar líkur benda til að mundi verða, ef þeir sneru sér til alþjóðadómstólsins. Þess vegna er meginmunur á því undir slíkum kringumstæðum, þegar þjóð er að sækja rétt sinn í hendur annarra, hvort við leitum til alþjóðadómstólsins, sem í mörgum tilfellum verður að dæma eftir úreltum og gömlum reglum, eða hvort við leitum t. d. til Sameinuðu þjóðanna eða ráðstefnu, sem þær halda, þar sem hin nýju réttarsjónarmið mega sín miklu meir en á hinum vettvanginum.

Ég tel, að það, *sem ég hef nú rakið, sýni* ljóslega, að það er meginmunur á því, hvort við höldum áfram einhliða rétti til landgrunnsins, einhliða rétti til að færa út fiskveiðilandhelgina, eða hvort við *erum háðir um það samþykki Breta* og alþjóðadóms, eins og reglur um þessi mál eru í pottinn búnar. Það er meginmunur á þessu tvennu. Það er fólgið alveg stórkostlegt réttindaafsal í því að afsala sér hinum einhliða rétti í sambandi við þessi mál, og það getur átt eftir að reynast íslenzkum sjávarútvegi dýrt, að við afsölum þessum rétti. Sá tími getur komið fyrr en varir, þó að við óskum ekki eftir því, að íslenzkur sjávarútvegur þurfi á því að halda að fá stærri fiskveiðilandhelgi en við höfum í dag. Ef við héldum í landgrunnið, landgrunnslögin og útfærsluréttinn, eins og hann er í dag, gætum við tryggt sjávarútveginum þann rétt að færa fiskveiðilandhelgina út. Eftir að við erum búnir að fallast á samkomulag, sem þessi till. fjallar um, þá er það úr sögunni, þá eru Bretar búnir að setja þann slag-

brand í dyrnar, sem óvíst er um að okkur takist að færa þaðan í burtu.

Þess vegna þýðir ekki að mæla neitt á móti því, að með því samkomulagi, sem hér hefur verið gert, er verið að afsala stórfelldum réttindum, án þess að við fáum nokkuð í staðinn. Og það er það, sem gerir þetta samkomulag alveg sérstaklega sorglegt, að við vorum búnir að vinna þessa deilu við Bretana, við vorum búnir að sigra Bretana í þessari deilu. Þeir voru farnir með herskipin í burtu, brezku togararnir voru búnir að viðurkenna fiskveiðitakmörk okkar um margra mánaða skeið, og það eru engar líkur til þess, að þeir hefðu reynt neitt til þess að hrófla við þessu aftur. Sigur okkar í þessu máli var því orðinn fullkominn, og þess vegna var ekki minnsta ástæða til þess að láta undan og hvika frá þeim rétti, sem við vorum búnir að ávinna okkur í þessu máli.

En ég kem að því aftur, að þó að ég sé í þessu máli mikill andstæðingur Breta og vilji enga sætt við þá gera, fyrr en við erum búnir að fá fullan rétt til landgrunnsins að nýju, þá kemst maður ekki hjá að viðurkenna það, — maður verður alltaf að viðurkenna sína andstæðinga, þegar þeir standa sig vel, — að Bretar hafa sýnt að mörgu leyti hyggilegt og glæsilegt fordæmi í þessu máli. Þeir voru búnir að tapa deilunni. En vegna þess að þeir gáfust ekki upp, vegna þess að þeir héldu áfram að semja, hóta og blíðka, þá hefur þeim tekizt að ná þeim árangri, sem þeir hafa nú náð. Af þessu getum við vissulega mikið lært í framtíðinni. Við getum lært það af Bretum að gefast ekki upp. Og þegar a. m. k. er við heldur ístöðulitla mótstöðumenn að ræða, þá er hægt að ná sigri, jafnvel þótt illa kunni stundum að horfa, eins og t. d. hjá Bretum núna, þar sem þeir voru búnir að tapa, en tókst þó með sínum kænlegu aðferðum að snúa ósigrinum í einhvern þeirra mesta diplómatíska sigur.

Ég kem að því aftur, — og það er jafnvel eitt hið alvarlegasta í þessu sambandi, — að ef þessi samningur verður samþykktur, þá er búið að brjóta þá megingrundvallarreglu, sem öll okkar sjálfstæðisbarátta hefur hvílt á til þessa dags, síðan Jón Sigurðsson markaði hana: að láta aldrei neinn rétt af hendi, en þola heldur órétt og ójöfnuð um stundarsakir. Það fordæmi, sem hér er skapað með því að víkja frá þessari reglu, getur reynzt okkur hættulegast til frambúðar. Þótt ekki væri um að ræða nema óveruleg réttindi, sem verða af hendi látin, þá mættum við ekki gera það, vegna þess að frá áðurnefndri reglu megum við ekki undir nokkrum kringumstæðum hvika, því að ef við gerum það, þá eigum við það á hættu, að búið sé að opna barna dyr, sem meira missist út um síðar, ef það er einu sinni gert.

Það er mjög lærdómsrikt og ánægjulegt að minnast þess í þessu sambandi, að þegar tilraun var gerð til þess af ýmsum helztu ráðamönnum þjóðarinnar 1908 að víkja frá þessari reglu Jóns Sigurðssonar, þá var það hin unga kynslóð í landinu, stúdentarnir, studdir af alþýðunni um allar byggðir Íslands, sem risu upp, slógu skjaldborg um þessa reglu Jóns Sigurðssonar og unnu hinn glæsilegasta kosningasigur, sem nokkru sinni hefur unnizt á Íslandi. Ég er alveg sannfærður um það, — ég trúi það enn á íslenzku þjóðina, — að sá tími eigi eftir að koma, þó að viðbrögðin hafi ekki orðið núna strax eins og þau áttu að vera gagnvart þessu nýja „uppkasti", þessu nýja undanhaldi, að þá muni það gerast alveg eins og 1908, þegar þjóðin fær ráðrúm til að íhuga þetta mál, hugsa það niður í kjölinn, þá verði niðurstaðan nokkuð svipuð í þessum efnum, áður en lýkur, og hún varð 1908. Þá trú hef ég á þjóðinni, og ég er sannfærður um það, að sú trú mín á eftir að rætast.

Í því nál., sem við framsóknarmenn leggjum fram, og í till., sem við flytjum, leggjum við til í fyrsta lagi, að till. verði felld, og þarf ég ekki frekar að færa rök að því en ég hef þegar gert. Í öðru lagi eða til vara leggjum við til, að gerðar verði breyt. á orðsendingunni, sem hér liggur fyrir, þannig að viðurkenningin verði gerð alveg skýr og í öðru lagi að afsal hins einhliða útfærsluréttar verði látið falla niður. Við leggjum það svo jafnframt til, að þetta mál verði afgreitt við þjóðaratkvæðagreiðslu, og rökin fyrir því eru alveg augljós og þarf ekki að fara um þau mörgum orðum. Enginn þm., sem er í þessum sal, hefur umboð eða rétt til þess að samþ. slíka till. eins og þessa. Yfirlýsing Alþ. frá vorinu 1959, heit allra þm. í kosningabaráttunni, bæði um vorið og haustið 1959, voru með þeim hætti, að það er hverjum þm. óleyfilegt að samþ. slíka till. eins og þessa. Það voru yfirlýsingar allra núverandi hv. alþm. þá, að það skyldi hvergi hvika frá 12 mílna landhelginni, það skyldu engar undanþágur veittar brezkum togurum, erlendum togurum skyldi aldrei aftur leyft að fiska innan 12 mílna fiskveiðilandhelginnar. Þetta voru þær hátíðlegu yfirlýsingar, sem allir frambjóðendur gáfu fyrir seinustu alþingiskosningar. Þess vegna hefur enginn þm. rétt til þess að samþ. slíka till. eins og þessa. Þess vegna er það skylda þeirra, sem kunna að fylgja þessari till., að láta hana ganga undir dómstól þjóðarinnar sjálfrar og láta hana úrskurða um það, hvort þetta verði gert eða ekki. Hér er líka um svo stórkostlegt mál að ræða, þar sem er afsal á einum dýrmætasta rétti þjóðarinnar, þar sem er frávik frá einu hinu merkasta grundvallaratriði sjálfstæðisbaráttunnar, að það er ekki hægt annað en láta þjóðina sjálfa hafa seinasta orðið um þetta mál. Þess vegna trúi ég ekki öðru en hæstv. stjórnarsinnar fallist á það, að þetta mál verði látið ganga undir þjóðaratkvgr. Og fyrst þeir láta nú svona vel af þeim undirtektum, sem þeir telja sig hafa fengið, eins og hv. frsm. gerði hér áðan, þá ættu þeir vissulega ekki að skorast undan því, að þjóðin fái að segja sitt álit um þetta mál.

Ég vil svo að lokum segja nokkur orð, ef svo fer, að þessi samningur verði samþ., og hvert muni þá og eigi að verða viðhorf þjóðarinnar til þessa samkomulags. Ég held, að það liggi í augum uppi, að hér er um nauðungarsamning að ræða, því að einu raunverulegu rökin, sem hæstv. stjórnarsinnar geta haft fyrir þessu máli og helzt kynni að vera hægt að taka tillit til, eru þau, að Bretar mundu aftur beita okkur ofbeldi, ef ekki væri á þetta samkomulag fallizt. Ég er að vísu

þeirrar skoðunar, að það sé algerlega rangt og að Bretar mundu alls ekki gera það. En eina röksemdin, sem þó er helzt hægt að færa fyrir því, að slíkur samningur sé gerður, og stjórnarsinnar færa helzt fyrir honum, er sú, að Bretar kynnu aftur að grípa til nýrra ofbeldisverka. Það er þess vegna ljóst, að hæstv. stjórnarsinnar gera þennan samning undir ótta frá brezku herskipunum, undir ótta frá brezku ofbeldi, og þess vegna verður ekki hægt að líta öðruvísi á þennan samning, ef hann verður gerður, en sem nauðungarsamning, og það verður að líta á hann samkvæmt því. Jafnframt verður að líta á þennan samning þannig, ef þjóðaratkvgr. er hafnað, að hann sé gerður af íslenzkum aðilum, sem hafi ekkert umboð haft til þess að gera hann. Núverandi ríkisstj. hefur ekkert umboð til að gera þennan samning, núverandi þingmeirihluti hefur ekkert umboð til að gera þennan samning, vegna þess að það var allt annað, sem þeir lofuðu í seinustu þingkosningum. Þess vegna verður og hlýtur að verða litið þannig á þennan samning af íslenzkum aðilum og Íslendingum í framtíðinni, að hann sé gerður af umboðslausum aðilum, nauðungarsamningur, sem sé gerður af umboðslausum aðilum, og á þann hátt hlýtur íslenzka þjóðin að vega hann og meta á komandi tímum.

Og það vil ég segja jafnframt, að þó að nú sé verið að tala um það, að deilan á milli okkar og Breta sé búin og að nú verði aftur sátt og samlyndi milli okkar og Breta um þessi mál, að sannleikurinn er sá, að ef þessi samningur verður samþ., þá er deilan við Breta raunverulega nú fyrst að hefjast, því að nú þurfum við að sækja rétt í hendur þeirra, sem þeir hafa aldrei áður haft, þ. e. stöðvunarréttinn á útfærslu fiskveiðilandhelginnar.

Þessi samningur, sem nú á að gera, er að því leyti verri en samningurinn, sem danska stjórnin gerði fyrir okkar hönd 1901, að í honum var uppsagnarákvæði, en í þessum samningi er ekkert uppsagnarákvæði. Íslenzkir aðilar hafa þess vegna samið verr fyrir þjóðina í þessu máli en dönsk stjórn gerði fyrir 60 árum. Og vegna þess að Bretar hafa með nauðung fengið umboðslausa aðila hér á Íslandi til að gera þennan samning, þá getum við ekki talizt vinir þeirra, á meðan slíkur samningur er í gildi, og vináttа okkar og Breta getur því aðeins komizt í eðlilegt horf á ný, að þessi samningur verði felldur niður, og fyrir því mun verða barizt, þótt hæstv. ríkisstj. hafi nú dregið niður hinn íslenzka fána í þessari baráttu.

Það er svo, að oft þegar hinir mestu ósigrar hafa átt sér stað, þá hefur verið lagður grundvöllurinn að *mesta sigrinum í framtíðinni*. Það er skoðun mín nú, að þó að Bretar og þeir, sem fylgja þeim hér á landi, kunni um stundarsakir að fagna sigri í þessu máli, eða því, sem þeir telja sigur í þessu máli, þá verði það niðurstaðan, að þjóðin muni með margfalt harðari baráttu fyrir landgrunninu en nokkru sinni fyrr halda þannig á þessu máli, að því verði, áður en lýkur, snúið í meiri sigur en nokkru sinni fyrr, þó að það verði ekki þeim óhamingjumönnum að þakka, sem að þessum voðaverknaði standa.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það hefur nú í meir en hundrað ár verið starf okkar þjóðar og beztu stjórnmálamanna hennar að reyna að hefja Ísland upp úr gömlu nýlenduánauðinni og þurrka burt leifar hennar af íslenzku landi og íslenzkum sjó. Við vorum einu sinni fyrir löngu frjálst land og réðum okkar landgrunni. Við urðum í sex aldir að þola það, að aðrar þjóðir réðu yfir okkar landi og kúguðu okkar þjóð, og við höfum baráttuna fyrir því að vinna okkar land og okkar sjó aftur úr höndum þessara aðila. Við höfum farið langt með að vinna landið, þó að við höfum misst nokkuð af því aftur. Um vinninga okkar viðvíkjandi landgrunninu stóð svo, að meira að segja á okkar mestu niðurlægingartímum, 17. öldinni og þar í kring, voru þó okkar landhelgis- og fiskveiðitakmörk talin frá 32 og niður í 16 mílur. Meira að segja þegar við vorum allra aumastir og ofurseldir erlendu einveldi, þá réðum við þó, a. m. k. að nafninu til, yfir slíku landgrunni. Dýpst sukkum við, þegar Danir seldu okkar landhelgi Bretum fyrir sinn svínakjötsmarkað 1901 gegn mótmælum Íslendinga. Við hétum því þá, Íslendingar, að þegar við fengjum frelsi og aðstöðu til þess, þá skyldum við vinna aftur allan þann rétt, sem við á öldum kúgunarinnar höfðum tapað.

Við endurreistum lýðveldið 1944 með sterkustu samtökum, sem okkar þjóð nokkru sinni hefur séð. Við vorum ákveðnir í því þá að vinna aftur í okkar hendur íslenzkt land og íslenzkan sjó. Aðeins eitt af þeim ríkjum, sem viðurkenndu okkur, gerði það með skilyrðum. Það var Bretland, sem tilkynnti, þegar það viðurkenndi okkur, að það væri gengið út frá því, að við héldum þá samninga, sem Danir hefðu gert fyrir okkar hönd, sem við út af fyrir sig vel gátum gert þá, því að við fengum þá uppsagnarréttinn í okkar hendur.

Sú þjóðfrelsisalda, sem gagntók okkar þjóð í sambandi við lýðveldisstofnunina og kvað að í okkar löggjöf á árunum næstu á eftir og markaði með sínum stórhug þá löggjöf, sem þá var sett, — hann lýsti sér, þessi stórhugur, í því, að 1948, fyrir réttum 13 árum, — það var líka í marz, 23. marz, — þá lýstum við yfir lögsögu Alþingis yfir landgrunni Íslands. 1. gr. þeirra laga, sem við settum, hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjútvmrh. skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur.“

Þetta var okkar lögsöguyfirlýsing um landgrunnið. Þegar þetta var samþ. hér á Alþ., var þriggja flokka stjórn hér. Sósfl. — ég var þá formaður fyrir þingflokki hans — var í stjórnarandstöðu, og sá ráðh., sem hafði með þetta mál að gera, kom til mín og óskaði þess við þingflokkinn, að um þetta næðist algert samkomulag, þannig að engar umr. færu fram í þinginu um þetta mál. Það hafði verið hafður hinn sami háttur á 10. apríl 1940, þegar við tókum konungsvaldið inn í landið. Það var óskað eftir því af hálfu ríkisstj., að allir þingflokkar stæðu saman um þetta, þannig

að þjóðin stæði sem ein heild að þessum verknaði, að því að lýsa yfir lögsögu Alþingis Íslendinga yfir landgrunninu kringum Ísland. Okkar flokkur hét því, og því var lofað þá, að allt, sem gert yrði í þessum málum, skyldi ávallt gert í samráði við alla flokka Alþ., og hefur það heit verið haldið þar til nú.

Af hverju vorum við sammála um þetta, jafnsammála um þetta og að flytja konungsvaldið inn í landið? Við vorum sammála um það af því, að okkur var ljóst, að það var lífsskilyrði fyrir Íslendinga að ráða þessu. Það var pólitísk og efnahagsleg nauðsyn fyrir Ísland að hafa lögsögu yfir landgrunninu, a. m. k. hvað fiskistofninn yfir því landgrunni snerti.

Síðan voru undirbúin skrefin hvert af öðru til þess að framkvæma þessa lögsöguyfirlýsingu, framkvæma þessi lög. Það var í fyrsta lagi undirbúin uppsögn samningsins við Breta. Það var í öðru lagi sett og framkvæmd reglugerðin 1952 um fjögurra mílna fiskveiðilandhelgina, og það var síðan 1. sept. 1958 sett fiskveiðilögsagan 12 mílur, eins og öllum er kunnugt.

Það, sem við höfum reklð okkur á, og það, sem þarf að verða ekki aðeins öllu Alþ., heldur og þjóðinni ljóst, það er, hvaða fjandmann við höfum átt við að etja í þessari baráttu. Við erum svo vanir því, Íslendingar, að líta ekki á annað ríki en Danmörku, sem hafi kúgað okkur og hafi þrengt okkar kosti. Og jafnvel okkar uppeldi í skólabókunum er enn svo, að það er eins og það sé eini aðilinn, sem við höfum átt við að stríða af þjóðum, sem við höfum þurft að berjast við fyrir okkar frelsi og fyrir okkar umráðum yfir okkar landi. Það er þó svo raunverulega síðan 1916, að þá er það Bretland, brezka auðvaldið, sem fyrst og fremst hefur verið sá útlendur aðili fram á tímabilið nú í síðustu styrjöld, sem hefur haft heljartök á okkar landi og við höfum þurft að berjast við. Ég skal ekki rekja alla þá sögu hér frá 1916 og þar til Bretar hernámu landið 1940, en ég vil aðeins minna á, að einmitt í baráttunni um þetta mál, sem við ræðum nú, okkar fiskveiðilandhelgi, þar hefur Bretland og brezka auðvaldið sýnt sig að vera okkar harðvítugasti fjandmaður.

1952, þegar við færðum landhelgina út í 4 mílur, bjóst Bretland við því að geta komið okkur á kné. Bretland var aðili að efnahagssamvinnu Norðurálfu með okkur. Bretar höfðu heitið því að hafa við okkur góða samvinnu um efnahagsmál. Hvað gerði Bretland þá? Bretland tók upp verzlunarbann á íslenzkum fiski í þeirri trú að geta þar með brotið Ísland efnahagslega á bak aftur. Bretland rauf allar skuldbindingar, sem það hafði undirgengizt í alþjóðlegum samningum við okkur, og setti bann á sölu okkar fisks í Bretlandi.

Það var þá sú manndáð í þeirri ríkisstjórn, sem að völdum sat, að hún beygði sig ekki fyrir þessu banni. Hún mun máske hafa leitað til einhverra ríkja Atlantshafsbandalagsins um aðstoð, til einhverra ríkja efnahagssamvinnu Norðurálfu um aðstoð, um markaði, þegar Bretar ráku rýtinginn í bakið á okkur, bandamönnum sínum. Mér er ekki kunnugt um þær umleitanir né þær undirtektir. En hitt veit ég, að engan árangur báru þær. Þessi ríkisstjórn hafði þó manndáð, þó að allir vinir hennar svikju hana þá, að snúa sér til Sovétríkjanna og æskja eftir viðskiptasamningi við þau, og þessi ríkisstjórn, sem var ríkisstjórn *Sjálfstfl. og Framsfl., fékk þann samning, og* í krafti þess samnings gat Ísland boðið brezka stórveldinu byrginn, þannig að öllum heimi varð ljóst, að smáríkið Ísland lét ekki undan fyrir Bretlandi, heldur þvert á móti sýndi því í tvo heimana í því viðskiptastríði, sem þá hófst, og sigraði það.

1959 gerðust þau tíðindi, sem ég þarf ekki að rifja upp. Þau eru öllum þm. og allri þjóðinni í fersku minni. Bretar beittu okkur ofbeldi aftur eins og 1940, héldu með sinn her gegn okkur. Við skulum gera okkur ljóst, hvað það er, sem hefur verið að gerast í sambandi við þessa baráttu okkar gagnvart Bretaveldi. Þessi barátta okkar hér á Íslandi er ekki neitt einstakt fyrirbrigði í veröldinni núna. Það, sem er að gerast, er, að við sem smáþjóð, sem gömul, kúguð nýlenduþjóð, erum að rísa upp og heimta fornan rétt í okkar hendur. Og slíkar uppreisnir nýlenduþjóða, slík frelsisbarátta þeirra, slík sjálfstæðisbarátta þeirra fyrir að ná aftur því, sem þær áður höfðu glatað, stendur nú um allan heim, bæði gagnvart Bretum og öðrum. Það, sem er að gerast í okkar tilfelli gagnvart Bretlandi, er frelsisbarátta gamallar nýlendu gegn kúgara, og þessi frelsisbarátta hinna kúguðu þjóða í heiminum hefur magnazt með hverju árinu, sem líður. Það skipta tugum þau ríki, *sem verða sjálfstæð* nú á hverju ári og heimta aftur í sínar hendur þær auðlindir, sem auðvaldsríki Evrópu hafa árum, áratugum og jafnvel öldum saman ausið af.

En það, sem hefur gerzt, og það, sem nú gerir okkar aðstöðu erfiða í þessum málum og rétt er að horfast alveg í augu við, það er, að 1949 sverjast þessi nýlenduveldi í bandalag, Atlantshafsbandalagið, *til þess að reyna að standa á móti frelsisbaráttu* þjóðanna í veröldinni, til þess að reyna að halda niðri þeim þjóðum, sem eru að berjast fyrir sínu frelsi. Gömlu nýlenduveldin, sem fundu, að uppreisnir smáþjóða, frelsisbarátta smáþjóða jafnvel eins og okkar, ógnuðu þeirra valdi, þau sórust í þetta fóstbræðralag sem Atlantshafsbandalagið er á milli þessara voldugu auðvalda til þess að reyna að halda sinni fornu yfirdrottnun. Frakkland í Atlantshafsbandalaginu hefur haldið sínu stríði nú í 6 ár í Alsír eftir að hafa tapað í Indókína. Hollendingar og Belgir sýndu okkur strax í byrjun Atlantshafsbandalagsins og Belgíumenn *núna alveg nýlega, hvar þeir standa.* Og Englendingar hafa þurft allan þennan tíma að berjast við þau lönd, eins og Kenýa og önnur slík, sem þeir eru enn þá að reyna að halda undir kúgunararminum. Það, sem gerir okkur erfitt nú, er, að Bretland á sterka bandamenn í þessu bandalagi gömlu kúgaranna, nýlenduveldanna, í þessu bandalagi auðhringanna í heiminum, sem vilja fá að halda í þær auðlindir, sem þeir hafa sölsað undir sig.

Einn af voldugustu auðhringum heimsins, sjötti voldugasti auðhringur veraldarinnar, sterkasti auðhringur, sem til er utan Bandaríkjanna, er sá auðhringur, sem við höfum átt í höggi við í þessum efnum, það er Unilever-hringurinn, — Unilever-

hringurinn, sem ræður svo að segja allri fisksölu í Bretlandi, sem ræður meiri hlutanum af öllum togaraflota Bretlands og er sami hringurinn og sá, sem á mestar eignir allra brezkra auðhringa í Afríku. Sömu aðilarnir sem eru að berjast gegn sjálfstæðisbaráttu nýlenduþjóðanna í Afríku nú eru þeir, sem eru að reyna og hafa verið að reyna undanfarið með hervaldi að kúga okkur. Þessir auðhringar finna, að þeir eru að missa völdin, hvort svo sem það var vald yfir fiskimiðum Íslands eða yfir pálmalundum Afríku, hvort sem það var vald yfir námum suður í Afríku eða hafi, — úthafi, eins og þeir kalla það, — út við Ísland. Það eru þessir voldugu auðhringar, sem stjórna þessari harðvítugu pólitík, sem rekin er af hálfu Breta og Atlantshafsbandalagsins til þess að reyna að halda þessum gömlu nýlendum, jafnvel þótt þær séu orðnar frjálsar, pólitískt undir gamla kúgunararminum. Því var það svo, að þegar við færðum fiskveiðilögsöguna út í 4 mílur 1952, þá var það ekkert ríki úr Atlantshafsbandalaginu, sem studdi okkur, — ekkert. Níðingarnir halda saman gagnvart þeim smáu. Auðveldin í heiminum, gömlu nýlenduveldin reyna að sjá um, að enginn, hversu smár sem hann er, hvort það eru Íslendingar úti á hjara veraldar eða svartir menn suður í Kenýa, fái sinn rétt.

Þegar við færðum út fiskveiðilögsöguna í 12 mílur 1958 og öll þjóðin stóð á bak við það, þá voru það ríki Atlantshafsbandalagsins hvert á fætur öðru, sem mótmæltu, þó að ekkert þeirra gerðist svo ósvífið, að það léti hafa sig til níðingsverka nema Bretland, að ráðast á varnarlausa smáþjóð, sem þar að auki átti að heita bandamaður þess.

Bretar biðu ekki aðeins ósigur fyrir okkur óvopnuðum í því þorskastríði, eins og þeir hafa kallað það. Þeir biðu enn tilfinnanlegri ósigur fyrir almenningsálitinu í veröldinni. Og sjaldan mun Ísland hafa átt meiri samúð í heiminum en þegar t. d. grísku blöðin lýstu því sem baráttunni á milli Davíðs og Golíats, baráttu okkar við Bretland. Við stóðum því sterkt. Það, sem var okkar veikleiki, var að Ísland hafði verið vélað inn í Atlantshafsbandalagið, inn í þetta bandalag nýlenduræningjanna, inn í þetta bandalag auðhringanna, sem stóð saman á móti okkur, hvenær sem á reyndi. Þessi veikleiki er orsök þess sorgarleiks, sem við höfum upplifað í dag. Bretland er að reyna að halda í úrelt yfirráð, pólitísk yfirráð sín yfir landgrunninu við Ísland. Við erum að heyja okkar pólitísku sjálfstæðisbaráttu gagnvart því. En ítök Atlantshafsbandalagsins í valdhöfum þjóðarinnar valda því nú, að þeir láta undan síga í þessari sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Við skulum gera okkur ljóst í fyrsta lagi, þegar við ræðum þetta mál, að hér er háð stjórnmálaleg frelsisbarátta Íslands um valdið yfir sínu landgrunni, — frelsisbarátta, sem er hliðstæð allri þeirri baráttu, sem við höfum háð fram að þessu, hliðstæð barátta allri þeirri baráttu, sem aðrar þjóðir, sem áður hafa verið eins og nýlendur, eru að heyja í heiminum nú, — frelsisbarátta, þar sem við stóðum mjög vel að vígi, svo framarlega sem ekkert brysti hjá okkur sjálfum. En þessi barátta okkar er ekki aðeins pólitísk sjálfstæðisbarátta Íslendinga. Þessi barátta er efnahagsleg hagsmunabarátta okkar þjóðar.

Ég þarf ekki að ræða um gildi fiskimiðanna við Ísland við þessa samkundu. Það er öllum alþm. jafnljóst. En annað vil ég segja. Ef einhverjum dytti það í hug, sem ég gæti jafnvel helzt trúað að hlyti að vera á bak við hjá einhverjum þeirra, sem gera sér ljóst, hvert þetta skref leiðir, sem nú á að stíga, — ef einhverjum dytti í hug, að það væri óhætt að eyðileggja fiskimiðin við Ísland vegna þess, að Ísland hefði nógar aðrar auðlindir, þar sem fossarnir eða annað slíkt væri, hitinn í okkar jörðu eða annað slíkt, þá er það misskilningur. Ef það eru einhverjir menn í dag, sem halda, að það geri ekki svo mikið til, þó að Bretar og bandamenn þeirra í Atlantshafsbandalaginu ráðist á fiskimiðin við Ísland og þurrki þau upp, amerískir alúmíníumhringar muni lána okkur fé til að virkja fossana og koma upp iðjuverum, svo að Íslendingar geti fengið að vinna þar, við skulum því engu kvíða, — ef einhverjum af þeim valdhöfum, sem taka á sig ábyrgðina af því að pína þetta fram nú, dettur slíkt í hug, þá vil ég segja við þá: Þetta er misskilningur. Fiskimiðin við Ísland eru og verða um alla framtíð langmesta auðlindin, sem Ísland getur hagnýtt sér. Við erum ekki farnir að hagnýta nema hverfandi lítið af þessum fiskimiðum enn þá. Við erum ekki farnir að hjálpa sjálfri náttúrunni með klaki í stórum stíl til þess að margfalda þann fiskistofn, sem hér elst upp. Við höfum svo að segja rekið rányrkju í þúsund ár hérna og eigum fram undan núna tímabil, þar sem við getum látið þennan fiskistofn margfaldast. Það er greinilegt af allri okkar reynslu, að vinnuafl íslenzkra manna, hvað mikið sem við kynnum að búa til af verksmiðjum í framtíðinni, þá eru afköstin, sem við getum skapað við fiskveiðar á Íslandi, ef við höldum þeim miðum, sem þar hafa verið, meiri en við getum vænzt í náinni framtíð að iðnaðarverkamenn í verksmiðjum komi til með að sýna af sér. Það er ekki út í bláinn, þegar við tölum um, að afköst íslenzks sjómanns við að veiða fisk séu tíföld á við þann sjómann annarra þjóða, sem næstur kemur í veröldinni. Við skörum svo stórkostlega fram úr í afköstum hvað þetta snertir, að eigi að eyðileggja þessi fiskimið, þá hrynur þar með ekki aðeins efnahagslegur grundvöllur Íslands, heldur líka allur afkastamöguleiki íslenzkra verkamanna, í hvað svo sem þeir eru settir. Og taki íslenzk auðmannastétt þá ákvörðun og á sig þá ábyrgð að stíga þau skref, sem þetta leiðir af, þá verður hún sjálf að fá að bera afleiðingarnar af því. Það þýðir ekki fyrir íslenzka auðmannastétt að koma þá seinna og segja við íslenzka verkamenn: Ja, því miður, það veiðist nú ekki betur en þetta í ár, þjóðarbúið gefur nú ekki meira af sér en þetta í ár, við getum ómögulega borgað hærra kaup. — Það þýðir ekki að taka á einum tíma þá ákvörðun við mótmæli alls verkalýðsins í landinu að ráðstafa auðlindum þjóðarinnar á þann máta, sem hér á að gera, og ætla svo seinna meir að afsaka sig með, að þessar auðlindir gefi ekki nægilegt til þess, að auðmannastéttinni finnist hún geta greitt verkamönnum sæmilegt kaup. Auðmannastéttin verður sjálf að taka afleiðingunum af því, sem hún gerir, þegar hún hagar sér þannig. En

hún er hins vegar ekki maður til þess að bæta úr því tjóni, sem hún getur unnið þjóðinni. Þess vegna erum við ekki aðeins að heyja pólitíska sjálfstæðisbaráttu, þegar við erum að berjast fyrir okkar valdi yfir landgrunninu og stjórn okkar Íslendinga á fiskimiðunum umhverfis þetta land, við erum líka að heyja efnahagslega lífsbaráttu okkar fyrir alla framtíð.

Það var þetta tvennt, hin pólitíska sjálfstæðisbarátta, sem vildi útrýma leifum nýlendudrottnunarinnar úr okkar landi, og hagsmunabarátta fiskimannaþjóðarinnar, sem fór saman og skóp þá þjóðareiningu, sem kom fram í l. um vísindalega verndun fiskimiða frá 1948 og kom skýrt fram árið 1958, þegar reglugerðin um 12 mílurnar var sett. Einróma fordæmdu allir Íslendingar Breta. Og ég býst við, að síðan á þeim dögum, þegar hatur gegn Dönum var mest hér á Íslandi, — og er þó rangt að kenna allri brezku þjóðinni það, sem brezka auðvaldið gerir, — þá hafi ekki annað ríki verið meira hatað en Bretland var hér á árinu 1958.

Það fóru fram kosningar 1959. Við fulltrúar Alþb. vöruðum þjóðina þá við því, hver hætta væri yfirvofandi, ef hún athugaði ekki sinn gang. Við birtum henni í bók, sem hét „Átökin um landhelgismálið", allan gang landhelgismálsins, eins og hann hafði verið, til þess að vara hana við, að tveir flokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., sætu á svikráðum við þjóðina í þessum efnum. Hvert var svarið frá hálfu þessara flokka í þeim kosningum? Svarið var: Hvílíkur óhróður er þetta! Því er verið að gruna okkur um annað eins? Við stöndum þó sannarlega allir saman um að hvika ekki frá 12 mílunum. Það er að rjúfa þjóðareininguna að láta svona rödd heyrast, að það sé nokkur, sem ætlar að hvika frá þessu. Það var sagt jafnvel, að við værum vargar í véum að vara við að þetta kynni að koma. Við vissum hins vegar, að við höfðum við voldugan óvin að berjast. Við vissum, að sá óvinur var ekki aðeins þeir veikgeðja stjórnmálaandstæðingar okkar hér heima á Íslandi, — við vissum, að það var sjálf miðstöð Atlantshafsbandalagsins, sem allan tímann lá í stjórnmálamönnum Íslands til þess að reyna að beygja þá, til þess að reyna að skirskota til alls konar hollustu við Atlantshafsbandalagið og annað slíkt, til þess að fá þá til þess að beygja sig í þessu hagsmunamáli Íslands. Og við vissum, að eins og danskir konungar forðum og dönsk hirð hafði oft áhrif á þá Íslendinga, sem heimsóttu Dani, eins vissum við, að Atlantshafsbandalagið og miðstöð þess í Paris hafði oft áhrif á þá Íslendinga, sem stefnt var þangað utan. Við vissum þess vegna jafnvel betur kannske en mikill hluti af þjóðinni, hver hætta var á ferðum, hve voldugur andstæðingur það var, sem Ísland var að berjast við, þar sem var bandalag auðvaldsins í heiminum. Og jafnvel þó að okkar landar í Sjálfstfl. og Alþfl. kynnu margir hverjir að vilja vel, eins og við efuðumst ekki um, þá óttuðumst við, að þegar til lengdar léti, þegar þrýstingurinn yrði sterkari frá þessu volduga bandalagi, þá létu þeir undan. Þess vegna vöruðum við þjóðina við. Miðstöð nýlendudrottnunarinnar í heiminum, Atlantshafsbandalagið, hafði verið allan þennan tíma að reyna að beygja Ísland. Það gengu meira að segja svo langt þeirra tilraunir til slíks, að jafnvel blindir fengu sýn. Ég býst við, að það hafi verið hæstv. utanrrh., sem í ágúst 1958 gaf út litinn bækling á ensku, sem hét „The Icelandic Fishery Limits" — Fiskveiðitakmörk Íslands, þar sem var verið að ræða um þá kröfu Breta, að vegna þess að þeir hefðu fiskað áður allt upp að þrem mílum við Ísland, þá ættu þeir hér sögulegan rétt, — meira að segja hæstv. utanrrh. lét svara þessu á þann hátt, að slíkt væri ekkert annað en snefill af gamaldags eða úreltri nýlendustefnu. Meira að segja þeir, sem þægastir hafa verið Bretum og Atlantshafsbandalaginu í þessari frelsisbaráttu Íslendinga, meira að segja þeir sáu, að það var ekkert annað en úrelt nýlendustefna af hálfu Atlantshafsbandalagsins og Bretlands, sem þarna var á ferðinni gagnvart Íslandi, sáu þetta og sögðu þetta í bæklingi, sem var útbýtt um allan heim til að verja málstað Íslands. En það var í ágúst 1958, og þjóðin var heit, og kosningar voru fram undan. Nú er verið að láta undan fyrir þessari úreltu nýlendustefnu Breta, því að það, sem hér er lagt til að gera, er ekkert annað en það að taka nokkurt tillit til þess, sem Bretar með slæmu orðalagi hafa kallað sinn sögulega rétt, það, sem við köllum þeirra gamla ránsrétt. Nú er árangurinn af öllum fortölum Atlantshafsbandalagsins, öllum kúgunartilraunum brezka auðvaldsins við okkur að koma í ljós. Í því ljósi skulum við athuga þetta samningsuppkast, sem nú liggur fyrir.

Þá skulum við fyrst athuga 1. gr. í orðsendingunni, þar sem því er haldið fram, að Bretar viðurkenni okkar 12 mílna fiskveiðilögsögu. Hæstv. utanrrh. hafði, að ég held í útvarpsumr., það orðalag um þetta, að hann álíti, að með 1. gr. féllu Bretar endanlega og óafturkallanlega frá mótmælunum, þeir viðurkenndu endanlega og óafturkallanlega 12 mílna lögsögu Íslands. Ég spurði hæstv. utanrrh. að þessu í utanrmn., og ég tók eftir, þegar hann svaraði, að hann lagði áherzlu á, — hann sagði, held ég, nokkurn veginn orðrétt, þegar hann var að ræða þetta: Min skoðun er. — Við vorum að ræða um, hvort það væri ekki betra að breyta þessu orðalagi og segja, að Bretar viðurkenni endanlega og óafturkallanlega — eða eitthvað annað slíkt — 12 mílna fiskveiðilögsögu, en hans skoðun var, utanrrh., að þetta þýddi það.

Að vísu höfum við orðið þess varir, að það virðist ekki vera algert samkomulag um skilninginn á þessum atriðum innan hæstv. ríkisstj. Hæstv. utanrrh. segir sem sagt, að þetta þýði alveg hreint og beint og ótvírætt endanlega og óafturkallanlega viðurkenningu. Hæstv. dómsmrh. hefur hins vegar sagt í umr. á Alþingi, útvarpsumræðum, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Hitt er annað mál, að Alþingi hefur aldrei falið ríkisstj. að afla viðurkenningar Breta um 12 mílna fiskveiðilögsöguna, þegar af því að það taldi rétt okkar til hennar ótvíræðan og þess vegna óþarfar aðrar viðurkenningar Breta en þá, að þeir hættu ofbeldisaðgerðum." Hæstv. dómsmrh., sem er skarpur maður og gamall lagaprófessor, skildi auðsjáanlega betur en hæstv. utanrrh., hvað þarna var um að ræða.

En þarna er ekki bara um það að ræða, á hvern hátt ráðherrar í íslenzkri ríkisstj. skilji þessa hluti. Hér eru miklu hættulegri hlutir á ferðinni, og þar

vil ég eindregið mælast til þess, líka við hæstv. ríkisstj. og stjórnarsinna, að þeir athugi af reynslunni, hve erfitt er fyrir okkur Íslendinga, sem höfum ekki langa reynslu í samningum um utanríkismál, að gera utanríkissamninga þannig, að við séum öruggir um, að þeir standi. Það er ekki nóg, að við skiljum orðalagið og að það sé okkar skoðun, að orðin merki þetta. Þetta þarf líka að vera skoðun þeirra, sem við erum að semja við, og það svo ótvíræð, að það sé ekki hægt að koma á eftir og segja: Nei, minir herrar, þið hafið skilið þetta alveg rangt.

Það var gerður samningur hér á Alþingi Íslendinga, ef samning skyldi kalla, fyrir réttum 20 árum. Í þeim samningi — í upphafi hans — stóð, — það var hinn svokallaði herverndarsamningur við Bandaríkin 1941, — með leyfi hæstv. forseta: „1. Bandaríkin skuldbinda sig til að hverfa burt af Íslandi með allan herafla sinn á landi, í lofti og á sjó, undireins og núverandi ófriði er lokið.“ Þetta skildum við Íslendingar, allir alþm. og allir ráðh., þannig, að Bandaríkin væru skuldbundin til þess að fara burt með sinn her, um leið og ófriðnum væri lokið, og samkvæmt þessum samningi gerði Alþingi Íslendinga og ríkisstj. þá kröfu, að Bandaríkin færu burt með sinn her hér, eftir að ófriðnum lauk 9. maí 1945. Þá sögðu Bandaríkin: Þetta er ekki rétt skilið hjá ykkur, við erum ekki skyldugir til þess að fara enn þá. — Og þeir skildu þetta öðruvísi en við. Þótt við þættumst vera öruggir með skilninginn á orðunum: „undireins og núverandi ófriði er lokið“, þá komu Bandaríkin með annan skilning. Sumir þeirra aðila virtust tala um, að á meðan undanþáguástand gilti í Bandaríkjunum, sem forsetinn hefði sett, — okkur þótti jafnvel ekki örgrannt um, að sumir þeirra vildu segja, að á meðan ekki væru gerðir friðarsamningar, þótt ófriðnum væri lokið, og vopnahlé væri gert, þá væru þeir ekki skyldugir til að fara. M. ö. o.: það, sem við, hver einasti af öllum okkar lögfræðingum, öllum okkar lögspekingum, öllum okkar ráðherrum, vorum sammála um, það skildi viðkomandi ríki öðruvísi. Bandaríkin stóðu á því, að þau væru ekkert skyldug til þess að fara, og þau fóru ekki. Þau sögðu við ríkisstj. Íslands: Ég skal hins vegar gera samning við ykkur um að fara af Íslandi. — Og þau gerðu tilboð, sem þá snerti Keflavíkurflugvöll og ýmislegt fleira, og sá samningur, sem þá var gerður, hét samningur um niðurfellingu herverndarsamningsins. M. ö. o.: Bandaríkin notuðu sér túlkun sína, sem var önnur en vor Íslendinga, á ákveðnum þætti í samningi til þess að knýja Íslendinga til þess að gera nýjan samning og sögðust ekki fara fyrr. Og það leiddi meira að segja, eins og mönnum er kunnugt, til stjórnarslita milli þeirra, sem unnu þá saman á Íslandi. Sú ríkisstj., sem gerði þennan samning, lýsti því yfir, að hún sæi sig tilneydda að gera þennan samning til þess að fá herinn burt. M. ö. o.: fyrsti og aðalliðurinn í þessum herverndarsamningi, sem allir Íslendingar túlkuðu eins, hann stóðst ekki álit hins samningsaðilans, og Bandaríkin, sem voru hinn samningsaðilinn, notuðu sér þessa aðstöðu til þess að knýja fram nýja samninga.

Af því að ég er nú orðinn einn af svo að segja elztu þingmönnunum hér á þingi, ásamt einum 6—7 öðrum, sem hafa verið á þingi, meðan svona samningar voru gerðir, þótt ég væri að vísu ekki staddur hér, þegar þessi samningur var gerður, þá vil ég minna þá þm. á, sem nú sitja hér og nú eiga að fara að taka á sína ábyrgð millirikjasamning, að athuga þessa reynslu og þá þeirra, sem vilja taka þátt í því að gera millirikjasamning, að ganga þannig frá orðalagi slíks samnings, að það sé ekki aðeins skýrt, að allir Íslendingar skilji hann eins, heldur líka hitt, að Bretland, sem þarna væri verið að semja við, skildi það eins, þannig að við skulum segja eftir þrjú ár, að svo miklu leyti sem partur af honum snertir þrjú ár, þá væri ekki komið á ný og sagt: Nei, minir herrar, ég samdi um þetta, og ég samdi um þetta, en ekki þetta hérna, sem þið haldið.

Það að gera millirikjasamning fyrir ríki eins og okkur er ekki hlutur, sem við eigum að hlaupa að, og sú litla reynsla, sem við höfum, síðan við tókum okkar utanríkismál í eigin hendur, sýnir okkur, að þegar við erum að gera slíka samninga við stórveldin, þá þurfum við að gæta okkar.

Það er því ekki nóg, þó að meira að segja hæstv. utanrrh. hafi þá skoðun, að þetta og þetta felist í samningnum. Nú er það svo, að meira að segja við Íslendingar erum ekki sammála um það, hvað þarna felst í. Við svo og svo margir leggjum til, að þetta orðalag sé gert ákveðnara, einmitt vegna þungrar reynslu af, hvað það er að semja við stórveldi eins og Breta, dýrkeyptrar reynslu.

Þess vegna vil ég vara þá við, sem vilja taka það á sína ábyrgð að gera þessa samninga, að athuga vel sinn gang áður. Það að viðurkenna og það að hætta að mótmæla aðgerðum er tvennt ólíkt, og við skulum ekki láta okkur til hugar koma, að það sé eitt og hið sama. Viðurkenningu á 12 mílna lögsögu elga Bretarnir bágt með að taka til baka. Við vitum aldrei, hvenær þeir kunna að taka upp á ný mótmælaaðgerðir, þó að þeir láti þær niður falla um eitthvert ákveðið skeið.

Ég vil enn fremur vekja athygli á orðalaginu á þessari 1. málsgr. Hún er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórn Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn tólf mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, sem mæld er frá grunnlínum samkvæmt 2. gr. hér á eftir, og er þá eingöngu átt við fiskveiðilögsögu.“

M. ö. o.: Bretar falla frá mótmælum gegn einni ákveðinni 12 mílna fiskveiðilögsögu, sem sé þeirri, sem miðast við þær grunnlínur, sem eru í 2. gr. Það þýðir: engri annarri. Það þýðir, að hvar sem við Íslendingar kynnum að breyta grunnlínu, þá hafa Bretar með þessu áskilið sér að falla ekki frá mótmælaaðgerðum gegn slíku. Það er einvörðungu þessi nána takmörkun, þessi fiskveiðilögsaga, sem skilgreinist eins og stendur í 2. gr. Þýðir þetta á lögfræðimáli, að þeir áskilji sér að taka upp mótmælaaðgerðir gegn hverri annarri ráðstöfun, sem við gerum? Ég spyr þá, sem mér eru lögfróðari. Ef við einhvern tíma á komandi árum og jafnvel kannske ekki þið, sem hér sitjið núna, heldur aðrir en þið, drögum grunnlínu öðruvísi en greinir í þessari 2. gr., áskilja þá Bretar sér samkvæmt þessu að beita mótmælaaðgerðum, að halda með herskipaflota inn, og hafa þeir fengið staðfestingu frá ríkis-

stj. Íslands með þessum samningi, að þeir megi gera það, það sé einvörðungu ætlazt til, að þeir falli frá mótmælum gegn þessu ákveðna, sem þarna er?

Ég vil eftir dýrkeyptri reynslu Alþingis af millirikjasamningum við stórveldi hvetja hv. þm. til þess að vera á verði í þessum efnum. Við gætum okkar aldrei of vel, þegar við erum að semja við svona volduga aðila. Það er ekki nóg fyrir okkur að fá þá fullvissun, að það sé skoðun utanrrh., að þetta þýði þetta og þetta. Það, sem við þurfum að hafa svart á hvítu, er skoðun Breta, aðilans, sem við erum að semja við, að það sé þetta, þannig að dómstóll geti ekki efazt um á eftir. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég vildi óska þess við hæstv. forseta, að hann gerði ráðstafanir til þess, að einhver af hæstv. ríkisstj., sérstaklega hæstv. utanrrh. og dómsmrh., mætti hér á fundinum, því að ég býst ekki við, að það sé meining ríkisstj., að það eigi að halda áfram umr. hér, án þess að hæstv. ráðh. séu viðstaddir, um annað eins mál og þetta, og það er ekki að sýna þinginu tilhlýðilega virðingu, ef þessir hæstv. ráðh. eru ekki við. Vill ekki hæstv. forseti gera ráðstafanir til þess, að þeir viti, að þingfundur er að byrja á ný? (**Forseti**: Utanrrh. er að koma.) Nú, það er kannske rétt, að ég doki við af kurteisi við hann, svo að hann fari ekki á mis við það, sem þarf að segja við hann. Honum mun ekki af veita, og ekki er vert að þurfa að endurtaka það allt saman aftur, þegar hann kemur. Það bólar víst ekkert á honum enn þá. Þarna er hann kominn. Jæja, það er gott, þá er bezt að halda áfram.

Þá er það í öðru lagi viðvíkjandi þessari 3. gr. í orðsendingu utanrrh. Íslands til utanrrh. Bretlands, sem ég vildi segja nokkur orð.

Þar er gengið út frá, að ríkisstj. Íslands muni ekki á næstu 3 árum hindra, að skip, sem séu skrásett í Bretlandi, stundi veiðar á ákveðnum svæðum hér við Ísland. Það er nú í fyrsta lagi við þessu að segja, að með þessu móti er Bretum hleypt inn á viss stór svæði við Ísland, þar sem þeirra togarar m. a. *fá tækifæri til þess að jafnvel stöðva allt* að fiskigöngur. Og allt það, sem í þessari þriggja ára undanþágu felst, er náttúrlega mjög skaðlegt fyrir hagsmuni Íslendinga og óþarfi að veita Bretum þetta, vegna þess að á þessu voru þeir raunverulega guggnaðir, að reyna að beita okkur þarna hervaldi. Við vorum búnir að sigra þarna. En með þessum þriðja þætti er verið að láta undan við þá og verið að gefa þeim sigur, sem þeir höfðu ekki. En það er ekki nóg með það. Á fundi í utanrmn. beindi ég þeirri fsp. til hæstv. utanrrh., hvort það mætti ekki búast við, að aðrar þjóðir, sem hefðu þarna hagsmuna að gæta, mundu líka koma og fara fram á að fá að vera þessa samnings Breta aðnjótandi. Og hæstv. utanrrh. sagði: Við því má búast, að aðrar þjóðir hefðu uppi þessar kröfur, og það væri ekki hægt að neita þeim. — Þannig liggur þegar fyrir, að líka þær þjóðir, sem mótmæltu að vísu í orði kveðnu útfærslu í 12 mílur, en ekki beittu okkur ofbeldi eins og Bretar, þær koma þarna líka inn, þær fara fram á að vera aðnjótandi þessara sömu réttinda og Bretar, þær koma til með að fá þessi réttindi. Ég býst við, að frá sjónarmiði almennra millirikjasamninga sé þetta alveg rétt hjá hæstv. utanrrh., það hefði ekki verið hægt að neita þeim um þetta, ef við veittum Bretum það. En við þurfum að gera okkur ljóst, hvað þetta þýðir. Það þýðir, að fyrir utan alla þá brezku togara, sem hingað koma, þá koma hér belgiskir, vestur-þýzkir og allir mögulegir togarar, sem veiða á þessum sömu slóðum. M. ö. o.: öll gamla hersingin heldur aftur þarna inn í íslenzka landhelgi.

Öllum hlýtur náttúrlega að vera ljóst, að þetta er stórkostlegt tjón fyrir okkur. Þó að Bretar hefðu viljað reyna að halda áfram að standa í þessu þorskastriði, sem þeir hafa kallað það, og við við þá, þá var vitanlegt, að Bretar gátu aldrei sigrað í því stríði og þeir gátu ekki efnahagslega séð haft nokkurn skapaðan hlut upp úr þessu. Þeir viðurkenndu það. *Þeirra eigin togaramenn hér viðurkenndu*, að þetta var engin veiði, það var ómögulegt að veiða undir herskipavernd. Efnahagslega séð stóðst Bretland ekki þetta stríð, það var tap á því. Það eina, sem Bretland reyndi þarna að vinna á, er sem sé þetta, að þeir segja við Ísland: Þið eruð í Atlantshafsbandalaginu eins og við. Við verðum að halda saman. Það dugir ekki, að þetta verði til skammar fyrir Atlantshafsbandalagið. — Það er ekki vegna þess, að þeir hafi raunverulega slegið okkur út í sjálfri landhelgisdeilunni hér heima, heldur einvörðungu þetta stórpólitíska atriði, sem þarna veldur því, að við erum látnir bíða þarna ósigur og Bretar vinna sigur. Þetta er nauðsynlegt að mönnum sé ljóst, að aðrar þjóðir koma þarna á eftir.

Þá kemur spurningin um, hvað verði eftir 3 ár. Hæstv. utanrrrh. sagði, — ég held í útvarpsumræðunum, — að hann hefði yfirlýsingu brezku stjórnarinnar eða loforð brezku stjórnarinnar um það, að hún fari ekki fram á framlengingu á þessu. Ég bað um það á utanrmn.-fundinum að fá að sjá þessa yfirlýsingu eða að hún yrði lögð fyrir utanrmn. Hæstv. utanrrh. tilkynnti, að hann mundi ekki birta utanrmn. þessa yfirlýsingu eða þetta loforð. Hann neitaði að birta það. Hann segir, að það sé skýrt og ótvírætt. En ef það nú á annað borð *er til og ekki skýrara og ótvíræðara en þessi* samningur yfirleitt er, þá er ég nú hræddur um, að það sé ekki leggjandi sérstaklega mikið upp úr því. Sem sagt, þetta loforð Breta hefur ekki fengizt fram til þessa, *og ég vil nú enn einu sinni* koma fram með þau tilmæli, að það sé sagt nákvæmlega hér, hvernig þetta loforð er, í hvers konar formum, það og orðalagið á því. Mér sýnist satt að segja, að eftir orðalaginu á þessari orðsendingu, sem hér liggur fyrir, þá sé ekki vanþörf á því, að þm. gagnrýni þann hátt, sem hafður er á um orðalag í samningum við aðrar þjóðir.

En hvað getur svo gerzt annað? Segjum nú, að þetta væri rétt hjá hæstv. utanrrh., að hann hefði yfirlýsingu frá Bretastjórn um, að hún ætli ekki að fara inn aftur í landhelgina eftir 3 ár. En getur ekki ýmislegt annað gerzt? Við skulum segja, að við eigum fleiri bandamenn í Atlantshafsbandalaginu en Breta, fleiri vini, fleiri, sem vinna með okkur að efnahagssamvinnu, við skulum segja t. d. Belgíu, af því að hún er mikið á dagskrá núna og hún hefur sýnt, hvernig hún fer með gamlar nýlendur, — við skulum segja bara, að Belgir segðu eftir þrjú ár: Ja, ég hef aldrei lofað að virða þetta, sem hér er um að ræða, — og þeir segðu: Nú

höldum við hér inn í landhelgina. — Þeir kæmu með sinn flota, hann er að vísu ekki mikill — meiri en okkar — og þá hafa þeir dæmið fyrir sér. Jú, Bretar þurftu bara að halda með flota inn í landhelgina, tala dáltið í París á fundum Atlantshafsbandalagsins, og svo beygði íslenzka ríkisstj. sig. Ef Belgíumenn eða Vestur-Þjóðverjar gerðu svo eitthvað svipað, — Vestur-Þjóðverjar hafa áður kúskað fram landráðasamninga við Ísland, t. d. 1935, sérréttindi, sem Bretar voru búnir að ná sér í hérna áður, þá er minnstur vandinn fyrir þessar þjóðir að koma á eftir, — þær sjá fordæmið núna. Það er bara að beita Íslendinga ofbeldi, þá er látið undan, jafnvel þótt menn séu að tapa, eins og Bretar í þessari ofbeldisbeitingu. Þess vegna er hættan með því að gefast upp núna svona fyrir Bretum, að haldið verði áfram að gefast upp.

Viðvíkjandi þessari þriggja ára undanþágu, þá er sem sé hætta á ferðum og orðalagið á þessari orðsendingu, hvað þriðja liðinn snertir, hefði átt að breytast þannig, að það væri alveg skýrt tekið fram, að framvegis kæmi þetta ekki til greina, að neinir flotar færu þarna eða farið væri fram á neinar undanþágur eða neitt slíkt.

Svo var enn fremur spurt að því í utanrmn., hvort íslenzkir togarar mundu þá ekki fara inn á þessi svæði líka og feta í fótspor þeirra útlendu, og því var lýst yfir af hæstv. dómsmrh., að náttúrlega mundi þessi millirikjasamningur hafa í för með sér endurskoðun á rétti íslenzkra togara. Ég skil það náttúrlega mjög vel, að íslenzk ríkisstj. á bágt með að neita togurum okkar eigin þjóðar um þann rétt, sem hún veitir togurum annarra þjóða. Og við heyrðum hér áðan lesna yfirlýsingu frá Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda um, að þeir væru mjög ánægðir með þennan samning og þeir hvettu Alþingi mjög til þess að samþykkja hann. Það þótti mér satt að segja ekkert undarlegt. Ég minnist nú satt að segja varla þess, með allri virðingu fyrir okkar ágætu löndum í Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, að þeir hafi haft mikinn áhuga fyrir íslenzkri landhelgi þessa áratugi. Ég er hræddur um, að ef farið væri að rekja alla söguna, þá mætti frekar finna dæmin um hitt, að það hefðu jafnvel verið menn úr því félagi, sem hefðu gefið útlendum togurum upplýsingar um, hvenær væri bezt að brjóta íslenzka landhelgi, þannig að ég skil ekki, að það veki neina sérstaka hrifningu hér hjá þm., meira að segja stjórnarliðsins, þó að það sé lesið upp, að stjórnin í Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda sé sérstaklega ánægð yfir þessu. Hún hefur aldrei verið brautryðjandinn í því að skapa íslenzkum fiskimiðum friðun.

Við sjáum þess vegna, að allur sá togarafloti, sem yfirleitt áður þjáði okkur, kemur nú til með að leggjast að fiskimiðunum aftur með þeim afleiðingum, sem við þurfum ekki að ræða um. Það er vafalaust enginn maður, sem lokar augunum fyrir því, hvaða afleiðingar það hefur fyrir íslenzk fiskimið. Þessi 3 ára undanþága er þess vegna stórhættuleg í sjálfri sér, þessi 3 ár, fyrir utan þá hættu, sem í því felst, að hún komi til með að gilda áfram.

Þá er viðvíkjandi öðrum punktinum, þar sem eru grunnlínurnar. Það er af hálfu þeirra, sem mæla með þessum samningi, gert að miklu atriði, að Bretar fallist á að samþykkja ákveðnar grunnlínur á Íslandi. Hvergi kemur það greinilegar fram, að verið er að afhenda útlendum aðilum vald yfir okkar eigin lögsögu, heldur en þarna. Í fyrsta lagi skv. lögunum frá 1948 og raunar samkvæmt miklu eldri lögum erum það við sjálfir, sem drögum grunnlínurnar og ráðum þeim. Í öðru lagi er það beinlínis eitt af því fáa, sem er algerlega viðurkennt í alþjóðareglum og nú seinast einmitt á fundunum í Genf, að grunnlínurnar *hefur viðkomandi þjóð* rétt til þess að draga sjálf, þannig að þarna er beinlínis verið að gefa stórhættulegt fordæmi með því að *semja um ákveðnar grunnlínur*. Það er verið að afsala valdi, sem okkur bæði að íslenzkum lögum og alþjóðarétti ber, í hendur Bretum, og með einmitt því, sem ég var að benda á hér áðan í sambandi við skilninginn á 1. gr., þar sem Bretarnir takmarka það að falla frá mótmælum eingöngu miðað við þessar grunnlínur, þá er alveg greinilegt, hve okkur er sniðinn þröngur stakkur með þessu móti og hvernig Bretar áskilja sér rétt til þess að hefja mótmælaaðgerðir að nýju, svo framarlega sem við ætlum að víkka þann stakk nokkurn skapaðan hlut út. Þetta er þess vegna stórhættulegt fordæmi, þar sem verið er að binda Íslendinga á höndum og fótum.

Það var verið að tala hér áðan um ýmsar yfirlýsingar. Skyldu nú allir útvegsmenn og skipstjórar á Íslandi vera búnir að átta sig á því, hvað er verið að gera með þeim grunnlínuákvörðunum og þeim samningum, sem hér er verið að gera? Ég *er hræddur um*, að þeir séu fyrst margir að vakna við vondan draum núna. Ég er hræddur um, að menn, sem fyrir nokkrum dögum gáfu yfirlýsingar í Mbl. um, að þeir væru þessu samþykkir, séu að lýsa því yfir nú, að þeir séu algerlega andvígir þessu. Það var seinast í gær t. d. fundur í Ólafsvík, þar sem allir útvegsmenn og skipstjórar allra bátanna, sem eru þar, skrifa undir alger mótmæli á móti þessu. Þeir sýna fram á, að með þessum samningi fengju Bretarnir nú næstu 3 árin að minnsta kosti rétt til þess svo að segja að sitja fyrir fiskinum í Kolluál, næstum því stöðva fiskgöngurnar inn Breiðafjörðinn. Eitt sinn var Breiðafjörðurinn einn fiskisælasti flói Íslands, og fyrir um 100 árum átti jafnvel íslenzk sjálfstæðisbarátta ekki sízt hauk í horni við Breiðafjörð vegna þess, hver uppgangur var í sjávarútveginum þar. Nú er alveg sérstaklega veitzt að þessum aðilum, — Ólafsvík, sem tvö undanfarin ár hefur horft upp á það, að það *hefur farið stórvaxandi* þar, — þeir standa núna frammi fyrir því, að það eigi aftur að byrja á með samningum íslenzkra stjórnarvalda við Breta, við árásarmennina, að eyðileggja þessi fiskimið. Jafnvel einn bátaformaður komst svo að orði, að eftir að Bretarnir væru komnir þarna aftur, mundu þeir ekki aðeins fá engan fisk, Íslendingarnir, heldur meira að segja enga trossu til baka. Það er engin tilviljun, að Breiðafjörðurinn hefur hvað eftir annað verið eins og vígvöllur í okkar átökum um landhelgismálin, og Bretarnir hafa ekki hvað sízt fyrir nokkrum áratugum beitt sínu ofbeldi þar, m. a. við ýmsa helztu stjórnmálamenn Íslands, og ég er hræddur um, að það fari svo, að mönnum þyki við Breiðafjörðinn, eins og víðar á Íslandi,

nokkuð þröngt fyrir dyrum, eftir að þessi samningur hefur verið gerður. Þessi ákvæði viðvíkjandi grunnlínunum eru stórhættuleg sem fordæmi.

Þá skulum við koma að 4. liðnum, bannsvæðunum, sem eiga að vera. Það byrjar svo einkennilega, það orðalag, sú grein, sem sagt: „Á áðurgreindu 3 ára tímabili er þó skipum ... óheimilt.“ Hví skyldi ekki standa þarna: Framvegis er? Af hverju er allt þetta miðað við 3 ára tímabil? Þarna á þó Bretum að vera bannað þetta alveg framvegis. Þetta á að vera lokað fyrir þeim um aldur og ævi. Af hverju er þá endilega sagt: „Á áðurgreindu 3 ára tímabili?“ Er gengið út frá nýjum samningum eftir 3 ár? Er gengið út frá því, ef þessir flokkar, sem þessa samninga gera og ábyrgð taka á þeim, sleppa fram yfir næstu kosningar, að þeir geti þá aftur byrjað að tala við Bretann og semja á ný, eftir að hafa kannske lofað öllu fögru í kosningunum, eins og þeir eru vanir? Þarna ætti líka að breyta til um orðalagið, — og um það verður útbýtt brtt. frá stjórnarandstöðunni, — þarna ætti að breyta orðalagi, svo framarlega sem þeir, sem svona samning vilja samþykkja, vilja virkilega ganga þarna tryggilega frá.

Það er rétt, áður en ég kem að síðasta punktinum, að ég minnist rétt á það hér, af því að það hefur verið notað mikið í umræðunum um þessi mál, hver viðbrögð okkar andstæðinga hafi verið út af þessu samningsuppkasti.

Það er að mínu áliti alveg greinilegt, að okkar andstæðingar skiptast í tvo hópa eins og venjulega, þegar um svona er að ræða, að það er verið að berjast við gömul nýlenduveldi um rétt nýfrjálsrar þjóðar, og yfirþjóðin gamla skiptist á um það, hvernig taka skuli á málunum. Þeir ofstækisfyllstu af okkar andstæðingum í Bretlandi eru mjög háværir og álita, að það eigi í engu undan að láta, það eigi að standa fast við sínar 3 mílur og sína hnefa. Þetta eru þeir, sem vilja fram í rauðan dauðann halda í sérréttindin, þó að þeir eigi á hættu að tapa öllu, og enda þá líka venjulega með því, ef þeir fá að ráða, að þeir tapa öllu. Þetta eru þeir menn, sem ýmist sjálfir eru í yfirstétt eða tilheyra andlega gamalli yfirstétt og eru á annan hátt svo smitaðir af hennar hugsunarhætti, að þeir skilja ekki, hvenær er kominn tími til þess að láta undan. Og það eru þessir menn, sem eru háværir nú og bölsótast. Og það eru þeirra orð, sem mest eru nú tilfærð í stjórnarblöðunum, af því að þeim finnst, að aldrei hefði átt að láta neitt undan í nokkrum sköpuðum hlut, ekki einu sinni frá 3 mílum, og eru þess vegna mjög háværir nú. Það eru menn af sömu tegund og þeirra forustumaður í Suður-Rhódesíu, Roy Walensky, sem nú vill ekki láta undan svertingjunum, þegar þeir eru að heimta sinn rétt yfir sínu landi, og mun líklega enda með því að tapa öllu saman með því að sýna óbilgirni. Þetta eru ekki hættulegustu andstæðingar okkar.

Það er annað hljóð í þeim, sem hættulegastir eru, þeim klókari, eins og brezku ríkisstjórninni. Brezka ríkisstjórnin er sú, sem ber ábyrgð fyrir hönd brezka auðvaldsins um að tapa ekki öllu, um að láta undan í tíma og láta undan þannig, að maður græði um leið. Hennar aðferð hefur verið að reyna að fá áhrif á okkar stjórnarvöld, — hennar aðferð, brezku ríkisstjórnarinnar, hefur verið að reyna að beita Atlantshafsbandalaginu, sam heldni innan þess og öðru slíku til þess að fá íslenzka stjórnmálamenn til þess að láta undan. Fyrir brezku ríkisstjórninni, sem er framsýn og vitur, er höfuðatriðið landgrunnið og að hindra frekari útfærslu Íslendinga. Þetta nákvæmlega sama kemur fram í allri afstöðu Breta til allra þeirra þjóða, sem þeir áður hafa kúgað. Þeir eru reiðubúnir að gefa þjóð eins og Indverjum frelsi, þegar þeir sjá, að þeir geta ekki haldið henni lengur niðri með hnefavaldi. En þeir eiga bara að tryggja sér um leið áframhaldandi tök á þeirra auðlindum. Unilever er reiðubúinn til þess að láta brezku stjórnina gefa þeim í Nígeríu og annars staðar frelsi. Þeir reyna bara um leið að tryggja sér áframhaldandi umráð yfir auðlindunum í landinu. Það er þessi aðferð, sem brezka auðvaldið og ríkisstjórn þess sér að er langskynsamlegasta aðferðin. Jú, jú, tala við viðkomandi forustumenn þjóðarinnar, viðurkenna þá jafnvel sem sjálfstæða ríkisstjórn, taka þá jafnvel með í sjálft Atlantshafsbandalagið, og sumir gangast upp við að komast í svo fínan félagsskap, ekki sízt veizluglaðir menn, og telja þá svo á að láta undan. Þetta eru aðferðir okkar andstæðinga, sem hættulegastir eru. Bretarnir hafa alltaf kunnað það undanfarið. Þeir réðu yfir fjórðungi veraldarinnar um síðustu aldamót. Þeir hafa kunnað að láta undan þannig í tíma að leyfa þeim þjóðum, sem voru að sækja fram, að verða stjórnarfarslega frjálsar, en reyna bara að halda í auðlindir þeirra. Og það er sú aðferð, sem þeir eru að beita gagnvart okkur núna. Þeir eru að þykjast vera að gefa eftir, þegar þeir hafa sjálfir tapað stríðinu, eftir að þeir vissu, að þeir gátu ekki haldið áfram að reyna að kúga okkur, en tryggja sér um leið, að þeir fái ekki aðeins opnaðar fyrir sig 12 mílurnar, sem var búið að loka fyrir þeim, heldur að þeir tryggi sér, að Íslendingar reyni ekki útvíkkun nema raunverulega með þeirra leyfi. Þannig snúa þeir á okkur.

Nú skulum við koma að því, sem er þýðingarmesta atriðið í þessum samningi og um leið hættulegast, og það er síðasti liðurinn, þar sem ríkisstj. Íslands skuldbindur sig til þess að tilkynna ríkisstj. Bretlands héðan af um útfærslu fiskveiðilandhelginnar með 6 mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar þess, skotið til alþjóðadómstólsins. Við spurðum að því í utanrmn., hvort þessi samningur, þessi orðsending, væri uppsegjanleg. Og hæstv. utanrrh. tók það greinilega fram, að þessi samningur væri ótímabundinn, hvorki við né Bretar gætum sagt honum upp, hann væri óuppsegjanlegur, þannig að það fer ekki neitt á milli mála um það. Og það er rétt nú fyrir okkur Íslendinga að athuga vel, hvað við erum að gera, þegar við erum að gera óuppsegjanlegan samning. Það er satt að segja ekki sérstaklega oft í íslenzkri sögu, sem slíkt hefur komið fyrir. Það hafa að vísu verið gerðir samningar hér upp á síðkastið, sem við höfum deilt mjög harðlega út af. Það var gerður hér hervarnarsamningur 1951, svokallaður. Honum átti að segja upp með hálfs annars árs fyrirvara. Það var gerður samningur 1949 um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Hann er þó takmarkaður við 20 ár. Það var gerður 1918 samningur við Dani.

Hann var takmarkaður við 25 ár. En hér á að gera samning, sem er óuppsegjanlegur. Þegar Gamli sáttmáli var gerður, stóð þó í honum, að ef við að beztu manna yfirsýn álitum, að sá samningur væri rofinn af okkur eða okkar eftirkomendum, þá værum við lausir allra mála. Það er aðeins einn einasti samningur, ef samning skyldi kalla, sem Íslendingar yfirleitt hafa ekki viljað fallast á að væri samningur, sem mér virðist eitthvað líkur þessum, og það er Kópavogssamningurinn fyrir rétt tæpum 300 árum, þegar Ísland var að afsala sér síðustu leifum sinna lýðréttinda í hendur einvaldskonungi. Það gerðu þá forustumenn þjóðarinnar, að því er sagt er, grátandi, og þeim hafði verið bent á hermennina, sem í kringum þá stóðu. Nú ætla valdhafar þjóðarinnar að gera þennan samning glaðklakkalegir, talandi um stórsigur um leið. Það er þess vegna það minnsta, sem hv. Alþingi getur gert, þegar svona samningur er lagður fyrir það, að kryfja hann þannig til mergjar, að enginn sá þm., sem greiðir atkv. um þennan samning, sé í neinum vafa um, hvað samningurinn merkir. Meira að segja þegar Danir gerðu „svínakjötssamninginn" — landhelgissamninginn 1901 (þeir seldu okkur fyrir svínakjötsmarkaðinn), þá létu þeir þó vera í honum 3 ára uppsagnarfrest, sem við gátum notað okkur, þegar við vorum orðnir frjálsir.

Og nú skulum við athuga þau rök, sem bæði hæstv. utanrrh. og fleiri hafa fært fyrir því að gera þennan samning svona.

Þeir segja, að við verðum að treysta á alþjóðadómstól, — við Íslendingar eigum að geta treyst á alþjóðadómstól, og þess vegna verðum við að gera samning, sem sé óuppsegjanlegur. Hæstv. utanrrh. sagði: Þeir, sem neita alþjóðadómstól, vilja vinna á grundvelli valds og ofbeldis, en ekki á grundvelli laga og réttar. — Ég held, að það sé nokkurn veginn rétt eftir haft. Mér fannst satt að segja þetta orðalag hæstv. utanrrh. vera táknrænt fyrir þann skilningsskort á allri þróun réttar og laga í veröldinni, sem einkennir þá menn, sem þannig hugsa. Hvað er það, sem skapar alltaf að nýju lög og rétt? Lög og réttur eru alltaf að breytast hjá þjóðunum. Það, sem skapar að nýju lög og rétt, er barátta fólksins í viðkomandi löndum, hvort heldur undirokaðra stétta eða undirokaðra þjóða, — barátta þeirra á móti gömlum, úreltum lögum og rétti, lögum og rétti, sem einu sinni var kannske ekki einu sinni góður, en einu sinni var þó lög og réttur, en síðan verður úreltur fyrir baráttu fólksins og er afnuminn og fólkið skapar ný lög og nýjan rétt. Svona hefur það gengið í veröldinni allan tímann síðustu árþúsundin, og svona kemur það til með að ganga áfram. Það er talað um þetta af hálfu utanrrh. og ég held hæstv. menntmrh. líka, — hann hefur verið að minnast á þetta í sinni útvarpsræðu, — að það er rétt eins og að allt vald, sem fólkið verður að beita í slíku sambandi, væri af því illa, en það eina, sem væri gott, það eina, sem smáþjóðirnar gætu treyst á, það væri þessi lög og réttur. Það er nú helzt! Hefur ekki öll barátta einmitt þeirra undirokuðu í veröldinni einmitt verið á móti lögum og rétti þeirra stóru? Svo að ég taki land, sem þessum mönnum er kært og virðist vera kærara en Ísland, svo að ég taki Bandaríki Norður-Ameríku, urðu þau ekki sjálf að gera uppreisn til þess að öðlast sín eigin lög og rétt, til þess að afnema lög og rétt Englendinga í þeirra nýlendu, — og láta þau ekki sjálf standa í sinni stjórnarskrá, sinni frelsisyfirlýsingu, að þann rétt að gera slíkt hið sama hafi alltaf hver þjóð? Þess vegna skulum við gera okkur það ljóst, að hvort sem við metum lög og rétt, eins og stendur nú, eða alþjóðadómstólinn hátt eða lágt, þá er þetta hlutur, sem er breytingum undirorpinn. Það verður barizt fyrir því að breyta því, sem nú er lög og réttur. 3 sjómílur voru máske einu sinni skoðaðar lög og réttur, meira að segja alþjóðleg lög og réttur. Það er strax verið að breyta því nú. Nýlendukúgun var einu sinni skoðuð lög og réttur, og það er jafnvel kannske ekki fjarri því, að Haagdómstóll ætti til að dæma enn þá út frá slíkum kringumstæðum. Það eru ekki nema 100 ár síðan þrælahald var skoðað lög og réttur og dæmt samkvæmt lögum og rétti, að menn mættu selja konur og börn sem þræla. Það er ekki heldur nema öld síðan verkalýðsfélög voru bönnuð og verkamennirnir í Bretlandi, þeir smáu, þeir fátæku, þeir undirokuðu, þeir risu upp og börðust og knúðu fram, að það yrði lög og réttur, að slík félög fengju að vera til. Sem sagt, lög og réttur eru alltaf að breytast í heiminum, og þau breytast fyrir baráttu þeirra smáu, fyrir baráttu fjöldans, jafnvel fyrir valdbeitingu þessa fjölda. Sá gamli, úrelti réttur yfirstéttanna og yfirþjóðanna hverfur fyrir þessari baráttu. Þetta er það, sem við verðum að gera okkur ljóst. Það er ekki til neins að tala eins og fífl með einhverri fyrirlitningu þannig, að þeir smáu í veröldinni eigi ekki neina stoð nema í lögum og rétti. Lög og réttur hafa lengst af verið notuð á móti þeim smáu í heiminum, þótt þeir smáu séu hins vegar smátt og smátt að verða það sterkir nú, að þeir séu að skapa lög og rétt og umbreyta lögum og rétti meir og meir í sína þágu. En það er barátta, sem stendur, og barátta, sem heldur áfram.

Þetta vildi ég segja viðvíkjandi því, að það er ekki til neins að ætla að koma með slíkar mótbárur almennt séð: Við eigum bara að beygja okkur fyrir lögum og rétti, hvar eigum við aðstoð nema í alþjóðadómstól? — eða eins og hæstv. menntmrh. sagði í útvarpsumræðunum, að utan við alþjóðalögin væri aðeins vald. Og það virtist liggja í hans orðum, að valdið væri aðeins af því illa. Auðvitað getur valdið alveg eins verið af því illa og af því góða. En það, sem við verðum að gera okkur þarna ljóst, það er, að það stendur yfir baráttu í heiminum fyrir að breyta lögum og rétti og sérstaklega þeim lögum og rétti, sem eru úrelt lög og úreltur réttur þeirra fáu og voldugu og ríku, og umskapa þetta í lög og rétt fyrir þá fátæku og fyrir þá smáu, sem eru undirokaðir. Það er þess vegna óviðkunnanlegt, að menn séu að slá um sig með einhverjum svona almennum slagorðum og hafa ekki hugmynd um þróunina í heiminum. Þetta er nú aðeins almennt, nema menn vilji fara að ræða þetta heimspekilega.

En hvað snertir svo okkur Íslendinga sjálfa, það, sem við stöndum í, — hvað höfum við verið að gera á síðustu áratugum og sérstaklega síðasta áratug? Við höfum verið að berjast fyrir að umskapa lög og rétt í veröldinni. Við höfum verið að taka

okkur sjálfum viss lög og rétt, við höfum verið að lýsa lögsögu yfir landgrunninu hjá okkur, og við erum að slást fyrir því í heiminum, að það sé skapaður nýr réttargrundvöllur svo að segja. Við höfum meira að segja verið að vinna á með þetta. Við höfum fengið nokkru áorkað í þessu efni. Við erum að vísu ekki búnir að sigra þarna, ekki einu sinni í baráttunni fyrir 12 mílum, og þótt við sigruðum í baráttunni fyrir 12 mílum á næstu sjóréttarráðstefnu, hver segir nema við förum upp í 16 mílur næst eða eitthvað annað slíkt og reynum að fá aðrar þjóðir inn á það? 12 mílur er ekki aldagamalt hugtak, það er ekkert eilífðarhugtak. 12 mílur er hugtak, sem skapazt hefur á síðustu áratugum. Eitt af því, sem m. a. hefur átt þar sinn þátt í, er kannske samningur Englendinga og Rússa frá gömlum tímum. Það er ýmislegt af tímabundnum sögulegum skilyrðum, sem veldur því. Þess vegna ættum við ekki að binda það sem eitthvert óuppsegjanlegt, tólf mílna fiskveiðilögsögu, og elga það annars undir Bretum eða einhverjum alþjóðadómstól, hvernig um slíkt færi.

Viðvíkjandi þeim rökum, sem þannig hafa verið sett fram, hefur heyrzt annað hljóð úr horni, og það er það, að þeir, sem vildu þetta ekki, þeir vildu ofbeldi. Það, að við vildum reyna að ráða landgrunninu, lögsögunni á því hvað fiskveiðar snerti, það væri, að við værum að leggja þetta undir okkur með ofbeldi. Voru lögin um lögsögu okkar yfir fiskveiðunum á landgrunninu 1948 ofbeldi, var það tilraun til ofbeldis frá Íslandi? Nei, það var viðleitni til þess að vinna aftur rétt, sem við einu sinni áttum, vinna okkur rétt, sem okkur var lífsnauðsyn vegna okkar lífsafkomu. Aðrar þjóðir hafa tekið sér þennan rétt. Í alþjóðalögum er meira að segja nú þegar viðurkennt, að á allt að 100 metra dýpi skuli viðkomandi strandríki ráða og elga botninn. En það, sem deilan stendur um enn þá, er: Á strandríki líka að ráða því, sem á þessum botni er eða yfir þessum botni fer? Það er það, sem við berjumst fyrir. Hver segir, að við eigum ekki eftir að sigra þar, og við verðum að berjast fyrir þessu með því að standa á því sem rétti, halda þessu fram og sýna það í reyndinni, gefast ekki upp í þeirri baráttu, afsala okkur ekki þessum rétti í hendur neinum öðrum. Við sjáum, hvað við höfum komizt á síðasta áratug í þrotlausri baráttu í sambandi við fiskveiðilögsöguna. Ættum við núna í dag, 1961, að fara að segja: Hérna eigum við að stanza, gera óuppsegjanlegan samning um alla eilífð? Héðan af eigum við ekki að berjast á sama hátt. — Í hvert skipti, sem við höfum barizt á þennan hátt, hafa Bretar mótmælt, beitt okkur ofbeldi á einn eða annan hátt. Nei, það var okkar regla í gömlu sjálfstæðisbaráttunni að viðurkenna aldrei vald hinna, viðurkenna aldrei vald Dana, hopa aldrei frá okkar rétti, þótt við hefðum sjálfir aldrei vald til að beita þeim rétti, en semja hann ekki af okkur, umfram allt semja hann ekki af okkur, og það er það, sem við eigum að gá að nú. Þegar við lýstum lögsögunni yfir landgrunninu 1948, þá lýstum við því þar með yfir, að það væri okkar innanríkismál. Við höfum ekki samþykkt lög hér á Alþingi nema um það, sem var okkar innanríkismál. Við samþykkjum ekki lög hér á Alþingi um það, sem aðrar þjóðir snertir. Við gefum ekki út lög um kolanámurnar í Bretlandi. Þar með lýstum við því yfir, að þetta væri okkar innanríkismál, okkar innanlandsmál. Hvað erum við að gera núna? Við erum að gefa Bretum þátt í lögsögu um okkar innanlandsmál, ef við gerum þennan samning. Þetta er það, sem er alveg nauðsynlegt að menn geri sér ljóst.

Svo er alþjóðadómstóllinn. Það, sem er síðasta vörn þeirra, sem standa með þessum samningi, er, að á alþjóðadómstólinn getum við treyst, hann sé eiginlega vörn þeirra smáu. Það sé eiginlega hálfgerður flíflaskapur af svona smáþjóð eins og Íslendingum að vera að standa á einhverjum rétti, sem meira að segja alþjóðadómstóllinn kannske viðurkenni ekki. Menn eigi að gefast upp við slíka baráttu. Við eigum bara að heyja þá baráttu almennt að reyna að sannfæra stórþjóðirnar um okkar rétt. Halda menn nú, að við hefðum nokkra 12 mílna lögsögu í dag, — og það er enn þá ekki búið að taka hana af okkur, — ef við hefðum átt að hugsa svona, ef við hefðum átt að hugsa þannig: Við skulum bara treysta á alþjóðadómstólinn. Við skulum bara sannfæra þessar 80—90 þjóðir í veröldinni, eða 100, um hvað rétt sé, en við skulum ekki færa út einhliða. Við skulum ekki taka okkur okkar rétt? — Nei, við værum ekki komnir langt. Það væri víst engu að slá af í dag, ef við hefðum alltaf hugsað þannig.

Hvað um alþjóðadómstólinn? Við eigum að fara að leggja undir alþjóðadómstól Sameinuðu þjóðanna mál, samning, sem á að vera óuppsegjanlegur. Hvað er alþjóðadómstóllinn gamall? Ætli að hann sé ekki eitthvað 16 ára. Þetta er unglingur. Ég er hræddur um, að Ísland sé eitthvað eldra. Og Ísland ætti að fara að afsala sér í hendur þessa alþjóðadómstóls valdi yfir okkar landgrunni. Hvað vitum við, hvað verður um alþjóðadómstólinn? Hvað vitum við meira að segja, hvað verður um Sameinuðu þjóðirnar, þó að við höfum allir vonir um, að þær blessist vel? En um Ísland verðum við þó a. m. k. að sjá, hvað sem alþjóðadómstól eða Sameinuðu þjóðunum líður. Það er okkar skylda. Hvaða ástæða er þess vegna til þess, að alþjóðadómstóllinn geti fjallað um innanríkismál Íslands? Þar að auki er þessi alþjóðadómstóll þannig skipaður, að ég býst við, að við eigum þar frekar andstæðinga en vini. Stórveldin í veröldinni móta enn sem komið er lög og rétt, eins og þau kalla, það mikið í veröldinni, að þau munu eiga þar hauk í horni. Það er ekkert öryggi þar fyrir okkur. Það nær ekki nokkurri átt að selja rétt smáþjóðar í hendur stórveldanna, sem þar eru.

Hv. frsm. meiri hl., hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), kom nokkuð inn á alþjóðadómstólinn í sinni ræðu, og þar virtist mér kenna misskilnings, sem ég held að við þurfum að gera okkur ljósan, gera okkur alveg ljósan í bróðerni. Hv. frsm. meiri hl., 5. þm. Reykv., sagði, að alþjóðadómstóllinn mundi, ef við Íslendingar værum að færa út okkar fiskveiðilögsögu, lýsa því yfir, ef um eitthvað væri að ræða, sem ekki væri alveg tryggt hjá okkur, að þetta bryti ekki í bága við lög og rétt. Ég held, að hann hafi notað það orðalag, að hann lýsti því yfir, að þetta bryti ekki í bága við lög og rétt, og þá gætum við gert það. Þarna held ég að sé um algeran misskilning að ræða. Ég er hræddur um,

að þegar dómstóllinn ætti að fara að kveða upp dóm um þá hluti, sem ekkert stæði um í alþjóðarétti eða alþjóðlegu samkomulagi, að dómstóllinn mundi segja, að okkar útfærsla styðjist ekki við lög, m. a. af því að þau séu engin til um það. Það mundi verða hans úrskurður, að það styddist ekki við lög, af því að lög væru engin til. Ég er hræddur um, að þeir mundu ekki segja hitt, að það bryti ekki í bága við lög né rétt, af því að það væri hvorki lög né réttur til um þetta. Ég er hræddur um, að dómstóllinn mundi segja: Þessi útfærsla styðst ekki við lög, — og þar með værum við komin í sama öngþveitið aftur. Við skulum segja, að við hefðum tekið einhvers staðar einhverja svona skák, Bretar skirskotuðu til alþjóðadómstólsins og dómstóllinn segði síðan: Það styðst ekki við nein alþjóðalög eða alþjóðasamkomulag, að Ísland færi út á þennan hátt. — Þá er ég hræddur um, að Bretar segi: Þetta styðst ekki við lög. Við mótmælum, og samkvæmt 1. gr. viðurkennum við þetta ekki, og við höldum áfram mótmælaaðgerðum. — Þetta held ég að við eigum alveg að geta komið okkur niður á. Ég held, að dómstóllinn mundi aldrei kveða þetta upp með því orðalagi að segja: Þetta brýtur ekki í bága við lög. Þess vegna sé það óhætt. Það væri sama sem dómstóllinn segði, að varðandi það, sem ekki er búið að setja nein alþjóðalög um, megi hver gera á því sviði það, sem honum þóknast. Þetta er alveg grundvallaratriði, og hafi hv. stjórnarliðar viljað fallast á þetta ákvæði um alþjóðadómstólinn út frá þessari hugmynd, þá held ég, að það sé rangt hjá þeim og að þeir eigi að endurskoða sína afstöðu um þetta. Við erum þarna að berjast um svæði, í þessu tilfelli á landgrunninu, sem engin lög eru til um, en Bretar segja, að sé úthaf og öllum frjálst að vera á, og við segjum, að sé landgrunn undir íslenzkri lögsögu hvað fiskveiðar snerti. Og þarna eru engin alþjóðleg lög, að því er virðist. Hvernig getur alþjóðadómstóllinn þá kveðið upp á þann hátt að segja: Fyrst það eru engin alþjóðleg lög til um þetta, þá mega Íslendingar gera það, sem þeir vilja? — Ég held ekki. Ég held, að hann segi: Þetta heyrir ekki undir okkur, — eða eitthvað þess háttar, — af því að um þetta eru engin lög, — eða segi: Þetta styðst ekki við lög, — og þá taki Bretar til sinna ráða og segja: Samkvæmt 1. gr. orðsendingarinnar höfum við fallið frá mótmælum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu, sem miðast við ákveðnar grunnlínur, en við höfum ekki fallið frá mótmælaaðgerðum gegn grunnlínum með öðrum breytingum, sem alþjóðadómstóllinn hefur ekki viðurkennt að styðjist við alþjóðalög og rétt, — og byrji sínar mótmælaaðgerðir aftur.

Þetta eru hlutir, sem þarf að ræða hér, þannig að það sé alveg skýrt, hvað menn meina með þessu, og að menn komi ekki, ef þeir eru lentir í deilum við Breta aftur eftir 1, 2, 3, 4, 5, 6 ár, og segi: Ég skildi þetta svona, Bretinn skildi þetta hins vegar.

Ég efast ekki um skoðun hv. 5. þm. Reykv., frsm. meiri hl., og að meiri hl. í utanrmn. meini þetta. En ég vil minna þá á það, sem ég var að segja hér frá um samning okkar við Bandaríkin 1941. Skoðun Bandaríkjanna var önnur, þótt allir Íslendingar væru sammála um hitt. Þess vegna verðum við að vanda okkur með þetta og ekki hlaupa að því að gera samning, sem er byggður á svona forsendum.

Mér virðist satt að segja eins og hugsunarhátturinn, sem liggur á bak við þennan samning, sé sá, að raunverulega hefðum við ekki þurft meira en jafnvel þessar 12 mílur, að svo miklu leyti sem við fáum þær, og að við værum í þeirri hættu, að það væri minnkað við okkur. Það er reginmisskilningur. Með hverju árinu, sem líður, hefur 12 mílna reglan verið að vinna á. Það er Bretinn, sem er í hættu. Það er hann, sem finnur, að hann er alltaf of seinn að semja núna. Það er hann, sem alltaf er að tapa á tímanum, og það er vegna þess, að hann finnur, að hann er að tapa á tímanum, að hann vill gjarnan gera þennan samning núna til þess að binda okkur óuppsegjanlega framvegis. Þess vegna eru allar vonir, sem menn hafa gert sér viðvíkjandi alþjóðadómstólnum og slíku, tálvonir. Það er stór hætta, sem í því felst að gefa honum þetta vald.

Þá er rétt að minnast á ein rök, sem komið hafa fram hjá utanrrh. í útvarpsumræðunum. Hann sagði, að við hefðum misst samúð, ef við hefðum ekki gert þennan samning. Ég býst við, að þetta sé talað út frá hjartanu. Ég býst við, að sumir okkar vestrænu vina hefðu kannske haft minni samúð með okkur, þ. e. a. s. auðvaldið í Bretlandi og Bandaríkjunum, Vestur-Þýzkalandi eða Hollandi, Belgíu og þessum löndum, sem voru að mótmæla, þegar við settum upp í 12 mílurnar. Þessar auðmannastéttir hefðu kannske misst einhverja samúð með okkur, ef þær hafa einhvern tíma haft hana. Þessir voldugu vestrænu vinir hefðu líklega misst samúð með okkur. Það er vel trúlegt, og þetta riður kannske baggamuninn hjá hæstv. utanrrh., að hann leggur þennan samning fyrir Alþingi Íslendinga nú. En ég er hræddur um, að við hefðum oft orðið að elga það á hættu að missa samúð slíkra voldugra vina í frelsisbaráttu okkar Íslendinga og að við værum ekki komnir það, sem við erum þó komnir, ef við hefðum alltaf verið hræddir við það. Það dugir engin undirgefni hjá okkur undir þá aðila, sem alltaf vilja ganga á okkar rétt, ef við ætlum að ná okkar rétti. Við höfðum hins vegar samúð um allan heim í okkar baráttu, máske ekki samúð þeirra voldugu og ríku auðhringa, sem ardrændu okkur, en samúð allra þeirra, sem eru að berjast fyrir svipuðum rétti og við. Fiskimennirnir í löndunum hér í kring, í Færeyjum, Noregi, Skotlandi, Írlandi, höfðu samúð með okkur. Þjóðir úti um allan heim höfðu samúð með okkur. Og við hefðum ekki misst þá samúð, ef við hefðum staðið okkur eins og menn og gæfumst ekki upp núna í þessari baráttu.

Þau rök, sem flutt eru af hæstv. ráðh., ýmist að við værum að grundvalla á ofbeldi og valdi, en ekki á réttargrundvelli, ef við féllumst ekki á þessa samninga, eða hins vegar, að við misstum samúð, — þau rök eru þess vegna ekki mikils virði.

En nú skulum við, þegar lagt er til í fyrsta skipti við frjálst Ísland, að það geri óuppsegjanlegan samning, horfa ofur lítið fram í tímann um, hvað við eigum á hættu. Hér er talað um 12 mílur, og hér megum við ganga út frá því, að alþjóðadómstóll, sem við ætlum að leggja okkar lögsögu undir að þessu leyti, verði mjög íhaldssamur

á forréttindi og sérréttindi hinna voldugu og stóru, eins og slíkir alþjóðadómstólar eru venjulega. En það, sem breytist aftur á móti og breytist fljótt, er veiðitæknin í heiminum. Hæstv. utanrrh. gaf út í september 1958 bók til þess að kynna öðrum þjóðum aðstöðu Íslands. Í þeirri bók, The Icelandic Fishery Question, lagðri fyrir Sameinuðu þjóðirnar í september 1958, segir hann m. a., með leyfi hæstv. forseta, — þetta er lausleg þýðing hjá mér: „Það er líka annað atriði, sem þarf að athuga, og það er hin hugsanlega þróun á algerlega nýjum veiðiaðferðum. Notkun risavaxinna verksmiðjuskipa, sem útbúin eru með rafmagnsfiskitækjum og dælum, kann að virðast eiga heima í hugmyndaheiminum enn, en á núverandi skeiði tæknilegra framfara á þess háttar tegundum gæti hún verið — á enskunni „just around the corner" — rétt ókomin." M. ö. o.: hæstv. utanrrh. hefur séð ástæðu til þess að undirstrika við Sameinuðu þjóðirnar, að það mætti búast við því, að það yrði slík gerbylting í þróun veiðitækni á næstunni, að gerð yrðu út stórkostleg verksmiðjuskip, sem notuðu rafmagnsdæluútbúnað til þess að dæla til sín fiskinum. Og þetta er réttilega gert hjá hæstv. utanrrh. Hann gat ratazt á að gera einstaka góða hluti, á meðan hann var í góðum félagsskap.

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það, að ef Bretar taka upp svona veiðitækni, — og við getum gengið út frá því, að þeir voldugu hringar muni koma á allmikilli byltingu í veiðitækni nú á næstunni, — þá hafa þeir réttinn strax næstu þrjú ár, eins og þessi samningur takmarkar, og þar á eftir, þó að við allt yrði staðið, sem menn gera sér vonir um, utan við 12 mílurnar, til þess að veiða jafnvel með svona aðferðum. Vissulega mundum við og ýmsir aðrir berjast fyrir því að breyta alþjóðalögum viðvíkjandi svona aðferðum, banna þetta og taka alls konar tillit í þessu sambandi. En hvað langan tíma tók það ekki, eftir að annað eins byltingartæki og botnvarpan var tekið upp, að ná alþjóðlegu samkomulagi viðvíkjandi henni, og hvílík barátta stendur ekki um það enn í dag, — um það erum við að berjast? Hvað þá með þessa tækni? Og gagnvart svona tækni verða 12 mílurnar kannske ekki einu sinni eins mikilvægar og 3 mílur voru áður, kannske rétt eins og 2 eða 1 míla. Það verður kannske þægilegt fyrir Breta með svona tækni að liggja í Kolluálnum hjá Snæfellsnesi, og það eru margir Kolluálar á Íslandi.

Þegar við ætlum að gera samning, sem er óuppsegjanlegur, á tímum hröðustu tæknilegu framfara í veröldinni, þá verðum við að gera svo vel að hugsa fram í tímann. Þá eigum við ekki að hugsa bara út frá botnvörpunni, og erum við þó fyrst og fremst að slást út af henni. Við verðum að hugsa um þessa veiðitækni. Og það er ekkert, sem afsakar okkur að hafa gert þennan samning eftir á, því að við vitum, að þetta er yfirvofandi, og við vitum um leið, að við erum ákaflega lengi að sannfæra aðrar þjóðir heims um, hvaða tillit þurfi að taka, þegar svona breytingar verða í veiðitækninni.

Þess vegna er það lífsspursmál líka með tilliti til þessara hluta, að svona samningur sé ekki gerður. Hver veit, nema hér eigi menn eftir, jafnvel innan tíu ára, á þessu Alþingi að berjast fyrir því, að 12 mílur séu allt of lítið með tilliti til þróunarinnar í veiðitækni, að það nái bókstaflega ekki nokkurri átt að una við það. Og þá er óuppsegjanlegur samningur kominn um þetta með íhaldssaman, alþjóðlegan dómstól einn saman að skirskota til, en ella mótmælaaðgerðir Bretanna yfir höfði sér.

Með þessum samningi, ef hann yrði gerður, væri okkar lögsaga yfir landgrunninu hvað fiskveiðar snertir svikin, hún væri eyðilögð. Það stóra spor, sem við stigum í okkar sjálfstæðisbaráttu, þegar við samþykktum þau lög einróma, — það spor og þess afleiðingar væru meira eða minna eyðilagðar fyrir okkur. Og ég lýsi sök á hendur Atlantshafsbandalaginu, brezka herveldinu og þeirri íslenzku ríkisstj., sem vill vinna slíkt verk. Ég álít, að Alþingi eigi að taka fram fyrir hendurnar á þeirri ríkisstj., sem vill máske vinna það til vinskapar við voldug veldi að fórna svona hagsmunum Íslendinga. En Alþingi á ekki að gera slíkt, Alþingi á að taka fram fyrir hendur slíkrar stjórnar.

Væri þessi samningur gerður, þá væri ofbeldi Breta löggilt með honum og verðlaunað. Og mér finnst það sérstaklega hart af þeim flokki, stærsta flokki þingsins, sem a. m. k. einu sinni skráði á sinn skjöld: Gjör rétt og þol eigi órétt, að gefast upp í þessu efni.

Ég álít, að þessi samningur, ef gerður væri, væri ekki aðeins smán fyrir okkur Íslendinga, hann væri ósigur í okkar sjálfstæðisbaráttu, og hann þýddi það að fórna framtíðarhagsmunum þjóðarinnar fyrir stundarvinskap við hættulegasta fjandmanninn, sem við höfum glímt við síðustu 30—40 árin. Það hafa borizt margar áskoranir frá almenningi í landinu út af þessum samningi, og ég skal ekki fara út í þær áskoranir, en eitt vil ég segja í sambandi við það: Þegar við ræðum um fiskimiðin, þá er það að vísu svo, að maður mætti sérstaklega ætla, að okkar sjómenn, fiskimenn og útvegsmenn hugsuðu um þessi mál. En það er allur almenningur í landinu, sem á þessi fiskimið. Allur almenningur í landinu, hvað sem hann vinnur, verkamaðurinn á mölinni eða bóndinn uppi í sveitinni, starfsmaðurinn í stjórnarráðinu, hver sem er, allir saman eiga jafnmikið undir þessum fiskimiðum og undir því, að þau séu ekki eyðilögð. Við eigum allir Íslendingar þessi fiskimið. Við lifum öll, hvar sem við búum á landinu, á þeim, hvað sem við vinnum. Þess vegna varðar hvert einasta félag í landinu um þennan samning.

Við munum, eins og þegar hefur verið skýrt frá, freista þess, báðir minni hlutarnir í utanrmn., að reyna að fá fram breytingar á þessum samningi, ef meiningin er að samþykkja hann, og ég þarf ekki að skýra nánar frá því, enda mun þskj. þegar vera útbýtt. Það er um það að ræða fyrir þá, sem þessa orðsendingu vilja samþykkja, að hún sé þannig orðuð, að hún sé alveg ótvíræð. Í stað þess fyrir, að það standi „falli frá mótmælum", komi: viðurkenni óafturkallanlega, — og að ríkisstjórn Bretlands heiti því að fara ekki fram á framlengingu á þessu og sjái um, að skipin fari burt, þegar þriggja ára tímabilinu er lokið, og þó sérstaklega, að síðasti liðurinn, er snertir alþjóðadómstólinn, falli burt, þar komi í staðinn: samkvæmt íslenzkum lögum og alþjóðarétti, — sem sagt ríkisstj. haldi áfram að vinna að útfærslu landhelginnar samkvæmt íslenzkum lögum og alþjóðarétti. Það er nauðsynlegt, ef

meiri hluti Alþingis ætlar að gera þennan samning, að hann sé þannig ótvíræður, að við höfum á einhverju að standa. Vegna þeirra, sem síðan ættu að taka við og reyna að heyja deiluna áfram við Breta, eftir að aðrir hafa gefizt upp, verður a. m. k. að reyna að láta þennan samning vera þannig orðaðan, eins og sjálfir þeir a. m. k. að miklu leyti skilja hann eða segjast skilja hann, sem nú vilja gera hann.

Svo er hitt. Þessi samningur er til kominn af þeim ástæðum, að Bretland beitti okkur ofbeldi, réðst inn í okkar landhelgi og hótaði að skjóta niður okkar skip. Það var samt búið að finna aðferð til þess að verjast þeim ofbeldisárásum, án þess að tjón hlytist af fyrir okkur, og Bretar höfðu gefizt upp á þeirri kúgun og því að beita hervaldi. Það var ekki stætt á því fyrir þá.

Það kann að vera rétt að leggja nokkra áherzlu á út af því, hve framferði Breta var svívirðilegt, að þarna hafi verið um nokkra nauðung að ræða. Það var satt að segja líka gert í sambandi við Keflavíkursamninginn 1946, þegar Bandaríkin neituðu að standa við þann samning, sem ég las upp grein úr hér áðan frá 1941, og heimtuðu gerðan nýjan samning, til þess að þeir féllu frá sínum skilningi á herverndarsamningnum frá 1941. En þó er það nú svo, að þessi nauðung, þessi beiting hervalds, er ekki næg afsökun fyrir núverandi stjórn. Það má vel vera, að það geti verið hentugt fyrir Ísland seinna meir, þegar við þurfum að losa okkur við þennan samning, að leggja áherzlu á þetta. Því er rétt að taka það með í reikninginn, að Bretar beittu okkur ofbeldi og við mótmæltum því ofbeldi og það hafi a. m. k. komið fram í huga einhverra þeirra, sem þessum samningi hafa ráðið, að þeir hafi verið ofbeldi beittir. Hitt er þó því miður enn alvarlegra, að sú ríkisstjórn, sem þetta samþykkir, eða ætlar sér að samþykkja, hefur ekki umboð til þess frá þjóðinni, og því hefur sjálfur hæstv. forsrh. lýst yfir hér á Alþingi fyrir tæpu ári, — ég held í apríl í fyrra, — að hann hefði ekki heimild frá þjóðinni til þess að afsala Íslandi 12 mílna fiskveiðilögsögunni. Þjóðin er því óbundin af þessum samningi í framtíðinni.

Aðeins með einu móti gæti þessi samningur öðlazt það gildi, sem mundi binda þjóðina, og það væri með þjóðaratkvæðagreiðslu. Og það er siðferðisleg skylda þeirra, sem að þessum samningi vilja standa, svo framarlega sem þeir vilja reyna að láta hann hafa eitthvert siðferðilegt gildi eftir á, að leggja hann undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Þegar við stofnuðum lýðveldið, var því slegið föstu í stjórnarskránni, að þegar um stórmál væri að ræða, sem slík deila stæði um, að jafnvel forseti landsins vildi ekki viðurkenna það, sem Alþingi samþykkti, þá mætti skjóta því undir þjóðardóm með þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðaratkvæðagreiðsla var viðurkennd æðsti úrskurður, æðri en Alþingi og undirskrift forseta, og þetta var lýðræðislega séð fullkomnasta ákvæði í okkar stjórnarskrá. Þetta var það ákvæði, sem setti Alþingi aftur að einhverju leyti í sama horf og var í Alþingi hinu forna, þegar að lokum var skotið til fólksins því, sem ákveðið var í lögréttu, til samþykkis eða synjunar. Þetta er sá réttur, sem í þeim þjóðfélögum, sem lengst hafa varðveitt fornar lýðræðisvenjur, er við hafður, svo sem í Sviss. Þetta er sá réttur, sem er meira en formlegt lýðræði. Þetta er sá réttur, sem er hið raunverulega lýðræði: meiri hlutinn er látinn ákveða. Hitt er því miður það, sem allt of oft tíðkast, að menn séu látnir kjósa sér þingmenn undir hinum og þessum fölskum forsendum og meiri hluti þeirra þingmanna geri svo þveröfugt við það, sem hann jafnvel lofaði í kosningum, og þess eru ekki bara dæmi nú, þau hafa verið til áður.

Þess vegna ættu þeir menn, sem nú tala djarfast um, að þjóðin hafi unnið stórsigur, hún hafi sigrazt á Bretum, manna sízt að vera hræddir við að leggja þetta mál undir þjóðardóm. Þess vegna er það okkar höfuðtillaga í þessu máli, að þetta samningsuppkast öðlist ekki gildi, fyrr en það hefur hlotið meiri hluta greiddra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu. Sjálft okkar lýðveldi var stofnað með slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu, og það er rétt fyrir okkur, þegar við ætlum að gera óuppsegjanlega samninga við land, sem hefur ráðizt á okkur og beitt okkur valdi og hótað að drepa Íslendinga, að slíkt sé lagt undir þjóðina, áður en gengið er frá slíkum samningi.

Eigi að knýja þennan samning í gegn án þess að taka nokkurt tillit til raka, nokkurt tillit til sanngirni, nokkurt tillit til alls, sem bent er á í sambandi við samþykkt svona þýðingarmikils máls, þá er greinilegt, að hér eru öfl að verki, sem eru okkar þjóð fjandsamleg. Þá eru valdhafar okkar lands að láta undan vinarhótum eða þrýstingi eða hótunum voldugra erlendra aðila, sem vilja hindra sókn okkar þjóðar fram til betri lífskjara og fram til yfirráða yfir sínu landi og landgrunni, og það er harmleikur, ef slíkt á að gerast nú. Slíkt að samþykkja þennan samning, eins og hann nú liggur fyrir, væri landsafsal, væri uppgjöf í þeirri sókn, sem við höfum á þessu sviði 1948 og við þurfum að halda áfram.

Mín höfuðtillaga er sú, að þessi samningur sé felldur, og þótt brtt., sem ég hef hér flutt, væru samþykktar, mundi það einnig vera mín till., að hann væri felldur. Þær eru fluttar vegna þess, að ég vil taka þátt í því að reyna að láta þá menn, sem eru svo skammsýnir að vilja gera samning nú, a. m. k. gera hann þannig, að þeim, sem ættu að taka við eftir á og reyna að bjarga Íslandi frá þeirra óhappaverkum, væri ekki gert allt of þungt fyrir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Nú stendur yfir vetrarvertíð, mesti bjargræðistíminn við sjávarsíðuna. Nú er róið, alls staðar er róið, þegar gefur á sjó. Það hafa að vísu orðið stöðvanir hjá útgerðinni nú að undanförnu, jafnvel mánuðum saman, en slíkt hefur komið fyrir áður, þ. e. a. s., það kom fyrir fyrir fimm árum. Eiginlega kom það fyrir árlega þá, en sem betur fer, þá er núna róið. En það róa fleiri en sjómennirnir núna. Nú er ríkisstj. farin að róa. Hún hefur gert út sína háseta að undanförnu, og þeir hafa verið vel undirbúnir, aðeins látnir bíða eftir merkinu, hvenær þeir ættu að ýta úr vör.

Svo rann upp mánudagurinn 27. febrúar, og þá var merkið gefið: Útbýtt á Alþingi till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að gera landhelgissamning við Breta. Þeir brugðu við, þessir hásetar,

þ. e. a. s. blaðamenn stjórnarblaðanna, alls staðar þar, sem þeir voru tiltækir. Inn á þetta atriði hefur hv. frsm. meiri hl. n. komið hér í dag og rökstutt þennan samning með árangrinum úr róðrinum hjá þessum hásetum hæstv. ríkisstj. úti um allt land. Já, þeim var það mikið kappsmál að afla nú meðmæla með landhelgissamningi við Breta, eins og hann liggur nú hér fyrir, og um að gera að fá þessi meðmæli fljótt, svo að hægt væri að birta þau strax. Þetta voru út af fyrir sig vel skiljanlegar aðgerðir hjá hæstv. stjórnarflokkum.

Í fyrrasumar, eins og menn muna, tók hæstv. ríkisstj. þá örlagaríku ákvörðun upp á eindæmi að fara að semja við Breta, — þá ákvörðun, sem var þvert ofan í samþykkt Alþingis frá 5. maí árinu áður og þvert ofan í þann einhug í málinu, sem fram hafði komið opinberlega til þess tíma. En þá varð hæstv. ríkisstjórn fyrir sárum vonbrigðum. Hvaðanæva að af landinu rigndi yfir hana mótmælum, mánuðum saman, gegn þessu athæfi. Þetta ruglaði áætlunina um samningana við Breta. Hæstv. ríkisstj. hafði auðsjáanlega ætlað sér að vera búin að semja, áður en Alþingi kæmi saman 10. okt. Brezkir forustumenn í þessu máli skýrðu frá því í viðtölum við brezk blöð, að áætlað væri, að samningarnir tækju 10 daga. Auðvitað gátu þeir ekki gert slíka áætlun nema í samráði við hæstv. ríkisstj. á Íslandi. En þá komu þessi mótmæli til sögunnar, og það var ekkert álitlegt að eiga að fara að semja þá strax í ágústmánuði, eins og á stóð. En samt var ekki með öllu horfið frá tíu daga áætluninni, og hingað komu Bretarnir í septemberlok, og byrjað var að semja 1. okt. Það stóð heima, 10 dagar til þings.

Það er engum blöðum um það að fletta, að vegna mótmælanna alls staðar að af landinu gegn þessu samningamakki við Breta entust þeim ekki þessir tíu dagar, og þá vandaðist málið. Alþingi sezt á rökstóla. Hvað átti nú að gera? Átti að hafa samráð við Alþingi eða þingflokkana, eins og alltaf hafði áður verið gert, þegar landgrunnslögin voru sett 1948, þegar útfærslan var gerð 1952 og þegar stækkun landhelginnar var gerð 1958? Átti nú að fara þessa hefðbundnu leið enn? Nei, það fannst hæstv. ríkisstj. útilokað. Það gat orðið til þess, að það næðust engir samningar. Þá var það, sem hæstv. ríkisstj. tók það ráðið, sem vafalaust hefur verið fráleitast af öllu, sem hún gat gert. Hún bara þrætti fyrir, að hún væri nokkurn hlut að semja við Breta. Sömu dagana og samningamennirnir, íslenzkir og brezkir, sitja við samningsborðið suður í Tjarnargötu 32, þá sverja ráðherrarnir fyrir það hér niðri í alþingishúsi, að það sé nokkuð verið að semja við Breta, og þetta gera þeir með köldu blóði, þó að þeir vissu það þá, að þetta kæmist allt saman upp. Þegar svona er unnið að málum, þegar heilindin eru af þessu tagi, þá er ekki við góðu að búast, — þá þarf enginn að búast við heiðarlegum samningi, enda er það nú komið í ljós. Mótmælunum linnti ekki. Þau dreif enn yfir hæstv. ríkisstj. og Alþingi. Enn var hættulegt fyrir hæstv. ríkisstj. að semja, og enn þótti henni ráðlegast að bíða. Loks er svo komið, að Bretar fara að ókyrrast. Þeir segja: Nú bíðum við ekki lengur. Vorvertíðin er að byrja. Nú verðið þið að ljúka þessum samningi. — Og þar með var hæstv. ríkisstjórn ekki lengur undankomu auðið. Nú varð hún annaðhvort að gera, að svíkja Breta og standa með íslenzku þjóðinni eða svíkja þjóðina og heitorð sín frá 5. maí 1959 og standa með Bretum. Við sjáum núna, hvorn kostinn hún valdi.

En hvernig átti að fara að, ef mótmælaaldan kynni að rísa á ný? Þá var það, sem hæstv. ríkisstj. hugkvæmdist að fara að gera út, gera út nógu marga blaðamenn út um allt land, í öllum verstöðvum, og safna meðmælum með hinum væntanlega samningi. Hv. frsm. meiri hl. n. hefur gert grein fyrir því, hvernig þetta hefur tekizt. Hann hefur talið upp meðmælendurna. Skráin var ekki löng, og ég veit ekki nema ég verði að fara aðeins yfir hana, ef mér gefst tími til. En þetta var mikið keppikefli fyrir hv. stjórnarflokka, þessi útgerð, að safna meðmælendum. Ef henni nú tækist að fá nógu mikið af meðmælum og fá þau strax, þá bæri minna á mótmælaöldu, sem kynni að rísa á ný. Svo fara fyrstu meðmælin að berast, á þriðjudag, daginn eftir að plagginu var útbýtt á Alþ., miðvikudag og fimmtudag og meðmælin birt í stjórnarblöðunum alltaf daginn eftir, miðvikudag, fimmtudag og föstudag. Þetta gekk eins og í sögu. Og hæstv. ríkisstj. hafði látið róa á þrenns konar mið í þessari meðmælasöfnun. Í fyrsta lagi var látið fara til einstaklinga, sem höfðu unnið á einn eða annan hátt við sjávarútveginn, í öðru lagi var leitað til stjórna þeirra félaga, sem komu við sjávarútvegi, og loks var vikið frá sjávarútveginum og snúið sér beint til bæjarstjórna. Fyrstu meðmæli, sem bárust utan af landinu, voru birt í miðvikudagsblöðunum og hafa því komið daginn áður. Þau meðmæli hafa áreiðanlega verið send, áður en allir hlutaðeigendur hafa verið farnir að sjá samninginn. Svo fljótt kom þetta, enda urðu nokkur missmíð á meðmælunum sumum hverjum, þegar til kom.

En þrátt fyrir það, þó að finna megi að meðmælum, þá er samt skylt að taka tillit til þeirra. Það vil ég gera eftir því, sem efni standa til. En eins verður að taka tillit til mótmæla, þegar þau berast. Það er þá skylt að gera sér grein fyrir, hversu þessi meðmæli með samningnum við Breta eru almenn um landið, hversu það er fjölmennur hópur, sem stendur að þessum meðmælum, ekki síst eftir að hv. frsm. meiri hl. n. hefur rökstutt samninginn m. a. með þessum meðmælum. Eftirtekjan eftir meðmælasöfnunina liggur nú fyrir, eins og hún er eftir úthaldið.

Fyrst koma einstaklingarnir, sem mæla með þessum samningi við Breta, og það eru eingöngu útgerðarmenn og yfirmenn á fiskiskipum. Það virðist alls ekki hafa verið talað við óbreytta sjómenn eða þá þeir hafa kannske ekki viljað mæla með þessu. A. m. k. komu ekki meðmælin fram frá þeim. Og hvað er nú þetta mikill sægur? Jú, í Reykjavík eru það 3 menn. Þeir eru þrír í höfuðstað landsins! Í Hafnarfirði er það skárra, því að þar eru þeir 4. Í verstöðvunum austanfjalls, öllum verstöðvunum í Árnessýslu, eru þeir 4. Í Sandgerði aftur á móti eru þeir 6, en í Keflavík ekki nema 5. Í Vestmannaeyjum eru þeir 11, þar eru víst gerðir út 100 bátar. Þetta er hérna sunnanlands. Svo kemur Norðurland. Þar eru líka meðmælendur með samningnum. Á Akureyri 2 menn. Á Húsavík er einn og þó eru meðmælin frá þessum Húsavíkur-

manni þannig, að hann minnist ekki einu orði á þennan samning við Breta, en segir hins vegar, að hann hafi fiskað bara furðanlega, síðan landhelgin stækkaði, og í vetur sé hann búinn að fá 260 skippund. Það eru nú öll meðmælin hans með samningnum við Breta. Svo hefur fundizt einn maður í Flatey á Skjálfanda, einhver Páll Pálsson útgerðarmaður. Mér er sagt af nákunnugum manni, að það sé ekki einn einasti Páll Pálsson útgerðarmaður til í Flatey. Einn maður fannst í Grenivík og einn í Ólafsfirði og í Hauganesi einn. Þá er komið til Vestfjarðakjördæmisins. Þar fannst einn útgerðarmaður á öllum Vestfjörðum. Loks eru tveir staðir eftir, sem þarf að gera nánari grein fyrir. Það eru Akranes og Ólafsvík. Það voru þrír menn á hvorum stað, sem fréttaritarar stjórnarblaðanna sneru sér til og birt eru eftir ummæli í Morgunblaðinu. Þó að ég telji þessa þrjá með á Akranesi og þrjá í Ólafsvík og þennan eina á Húsavík, sem minntist ekki á samninginn, en sagðist hafa fiskað 260 skippund, og telji þá alla sem meðmælendur með samningi hæstv. ríkisstj., þá koma samt ekki út úr þessu nema 47 menn um allt land. Þetta eru meðmælin, sem hv. frsm. meiri hl. n. var að vitna í áðan sem röksemdir fyrir því, að samþykkja ætti samninginn við Breta.

Hvað ætli þessir 47 séu mikill hluti af öllum útgerðarmönnum og yfirmönnum á fiskiskipaflota landsmanna? Ég verð að játa það, að ég hef ekki reynt eða nennt að reikna þetta út. Sjálfsagt væri hægt að fá kannske einhvern hagfræðing til þess, en ætli „prósentin" séu mörg?

En eins og ég sagði, þá er sitthvað að athuga við sum af þessum meðmælum. Úr Ólafsvík birti Morgunblaðið svokölluð meðmæli frá þremur mönnum. Einn þessara manna segir m. a., eins og Morgunblaðið skýrir frá, með leyfi hæstv. forseta: „Okkur hér í Ólafsvík finnst, að anzi nálægt okkur hafi verið höggvið með því að leyfa Bretum fiskveiðar á beztu netaveiðisvæðum okkar." Ég taldi þennan mann samt með þessum 47 meðmælendum. Það eru ekki slök meðmæli, þetta er meðmælandinn segir, að nærri sé höggvið lífsbjörg þeirra þar fyrir vestan að samþykkja samninginn.

Annar maður, sem Morgunblaðið birtir eftir „meðmæli" úr Ólafsvík, segir m. a., eftir því sem birt er í Morgunblaðinu, með leyfi hæstv. forseta: „Það eitt er gott við, að Bretum skuli leyft að veiða upp að 6 mílum um ákveðinn tíma, að við vitum þá af þeim á þessum svæðum." Ég hef talið þennan meðmælanda með þessum 47. Það eru góð meðmæli þetta: „Það eitt er gott, að við vitum af Bretunum," m. ö. o.: það er ekkert gott við samning hæstv. ríkisstj. við Breta nema það eitt, að sjómennirnir í Ólafsvík vita, að þeir eru þarna. Sá þriðji og síðasti, sem talað var við í Ólafsvík og Morgunblaðið birtir „meðmæli" eftir, segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Ég hefði helzt ekki viljað hvika frá 12 mílna fiskveiðilögsögu." Og enn fremur: „Við Breiðfirðingar höfum með þessum aðgerðum fórnað mestu allra landsmanna."

Svona eru þá meðmælin frá útgerðarmönnunum í Ólafsvík. Þetta eru rökin fyrir því m. a., að við eigum að samþykkja samninginn við Breta.

Á Akranesi spurði fréttamaður Morgunblaðsins þrjá menn um álit þeirra á samningnum. Þegar sá fyrsti er spurður, svarar hann: „Er það ekki ágætt?" — og ekkert annað. Hann hafði ekkert að segja annað. Hver getur þýtt þetta svar? Ef ég ætti að þýða það, þá mundi ég telja, að hann hefði verið að gera gys að þessum Morgunblaðsmanni, og ekkert annað.

Annar, sem þar var spurður og er nú löngu hættur sjómennsku, segir: „Ja, ég veit nú ekki. Ég hef ekki grandskoðað þetta svo vel. Mér lízt bara vel á." Það vottar þó fyrir einhverju jákvæðu þarna.

Svona eru þá meðmæli þessara 47 einstaklinga, útgerðarmanna og yfirmanna á fiskiskipum, sem blaðamenn stjórnarblaðanna fengu til að lýsa meðmælum sínum með landhelgissamningi ríkisstjórnarinnar. Sum af þessum meðmælum a. m. k. eru hrein mótmæli. En allt er hey í harðindum. En það er sjálfsagt að meta meðmælin, þau sem eru það, af fullri sanngirni, og aðalblað hæstv. ríkisstj., Morgunblaðið, lagði mat á þessi meðmæli öll og birti það mat, þann dóm sinn, með einni geipilegri fyrirsögn í Morgunblaðinu 4. marz, og dómurinn var svo hljóðandi: „Bátaformenn um allt land ánægðir með samningana." Já, „bátaformenn um allt land ánægðir með samningana". Stjórnarblöðin fundu samt ekki einn einasta bátsformann ánægðan með samningana alla leið frá Vestmannaeyjum austur um land og norður til Húsavíkur, og þar fundu þeir þennan eina, sem hafði ekkert að segja, nema hann væri búinn að fiska 260 skippund. Og þessir fréttamenn stjórnarblaðanna fundu ekki heldur einn einasta bátsformann, sem var ánægður með samningana, alla leið frá Ólafsfirði vestur allt Norðurland, um alla Vestfirði, allan Breiðafjörð og suður á Akranes. Hvað er þá „landið", sem Morgunblaðið kallar? Það er alveg auðséð, hvað það er. „Landið" á máli stjórnarflokkanna skv. þessu er frá Akranesi til Vestmannaeyja, og það er frá Húsavík til Ólafsfjarðar. Það er ekki annað.

En eins og ég sagði, þá var líka leitað meðmæla hjá félagsstjórnum og bæjarstjórnum, og það er alveg rétt, eins og hv. frsm. meiri hl. utanrmn. las hér upp í dag, að þá voru nokkrar félagsstjórnir, sem mæltu með samningi ríkisstj. (Gripið fram í.) Já, hvað voru þeir margir? (Gripið fram í.) Nei. (Gripið fram í.) Hér í Reykjavík er það stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna, — ekki félagið, það er stjórnin. Og meira að segja hv. frsm. meiri hl. n., sem ég vænti að vilji hafa alltaf það, sem sannara reynist, tók það sjálfur fram, að það hefði verið stjórnin. Jú, það var stjórn L. Í. Ú., þessi stjórn, sem útgerðarmenn og sjómenn hafa orðið að standa í styrjöld við núna í vetur. Það var stjórn Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, — ekki félagið. Já. Íslenzku togararnir munu eiga að fá að veiða í landhelginni alveg eins og Bretar. Þetta er skiljanlegt. Það var stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, — ekki sambandið sjálft, og það er rétt, þeir mæltu með samningnum. En það er ekki einn einasti maður úr bátaflotanum í þeirri stjórn. Það var stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur, — ekki félagsfundur. Þar er ekki einn einasti maður heldur úr bátaflotanum. En svo var það eitt félag, og það er rétt hjá hv. frsm. n., sem greip hér fram í. Þar er félag, að manni virðist, félagsfundur. Þó er ég ekki viss um það. Það heitir Matsveinafélag. — Nei, fyrirgefið þið. Það mun

hafa verið stjórn þess bara, sem mælir með samningunum, en daginn eftir birtast harðorð mótmæli frá félagsmönnum úr þessu sama félagi gegn samningunum. Þá er upp talið það, sem gerðist í höfuðstaðnum.

Utan Reykjavíkur hafa líka komið meðmæli. Þau eru aðallega frá Vestmanneyingum. Ég held, að það séu ein þrjú félög útgerðarmanna og yfirmanna þar, sem hafa mælt með samningunum: eitt félag á Akranesi, að ég ætla, eða stjórn þess félags, útgerðarmannafélags, og eitt félag í Hafnarfirði.

Ég held ég hafi hér tíundað nákvæmlega, hve mikil meðmæli hafa komið, nema ég á eftir bæjarstjórnirnar. Þar er fljótt yfir sögu að fara. Þær eru tvær á öllu landinu. Bæjarstjórn Reykjavíkur, þar sem meðmæli voru samþykkt með 11 atkv. stjórnarsinna, stuðningsmanna ríkisstj., gegn 4 stjórnarandstæðingum. Og hinn staðurinn var Siglufjörður. Bæjarstjórnin þar samþ. meðmæli með samningunum með 5 atkv. á móti 4. Og sú samþykkt bæjarstjórnarinnar vakti alveg sérstakan fögnuð hjá Alþfl., því að Alþýðublaðið birtir eina geysilega fyrirsögn daginn eftir: „Siglufjörður fagnar samkomulaginu.“ Þessir 5, það var Siglufjörður. Fleira en þetta hef ég ekki getað fundið af meðmælum með þessum landhelgissamningi hæstv. ríkisstj.

Það er athyglisvert við öll þessi meðmæli, að þau berast öll 3 fyrstu dagana, eftir að till. var útbýtt hér á þingi, þ. e. þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag í síðustu viku, þá berast þau til blaðanna. En eftir útvarpsumræðurnar hefur ekki birzt eitt einasta meðmælaplagg í þessum stjórnarblöðum nema frá útgerðarmannafélagi Hafnarfjarðar. Þetta er svo sem skiljanlegt. Hin langa grg., sem hæstv. ríkisstj. lét fylgja þáltill., var öll lesin upp í útvarpið. En eftir fimmtudagskvöld hafa menn fengið skýringar, sem voru öllu haldbetri, á sjálfu innihaldi landhelgissamningsins, og þá er eins og skorið fyrir það, að þessi meðmæli komi fleiri. Þetta er ekkert undarlegt. Það er erfitt að átta sig á máli, sem er túlkað á sama hátt og grg. var með till., þótt menn heyri þetta í útvarpi einu sinni. — Ég hef nú heyrt sagt, að hún hafi verið lesin tvisvar í útvarp. Ég veit ekki, hvort það er rétt. Það hefði reyndar ekki veitt af því. Menn geta ekki áttað sig nægilega á slíku máli, nema sjá skjalið og hafa það fyrir framan sig og lesa það og lesa það oft. Þegar frá líður og menn hafa tækifæri til þess og eru búnir að heyra rökræður í útvarpi um málið frá öllum hliðum, þá hafa þeir betri skilyrði til þess að dæma um kosti og ókosti málsins, og það hefur líka komið fram í því, að meðmælin dóu út allt í einu.

En síðan eru farnar að berast álitsgerðir af öðru tagi, bæði úr höfuðstaðnum og úr útgerðarbæjum víðs vegar að af landinu. Það eru ekki vitnisburðir neinna einstakra manna, sem þar koma í ljós, ekki einu sinni álitsgerðir, sem neinu nemur, frá félagsstjórnum. Það eru samþykktir fjölmennra funda (**Gripið fram í**: Austur á Selfossi.) — eins og frá Ólafsvík, eins og í Reykjavík, ef hv. frsm. meiri hl. n. man eftir því, eins og á Vestfjörðum, eins og úr Vestmannaeyjum. Ætli það fari ekki eitthvað lítið fyrir þessum 47, sem smalað var, ef farið er að reikna saman höfðatöluna í meðmælunum og mótmælunum? Ósköp held ég, að þetta hafi verið misheppnað hjá hv. frsm. meiri hl. utanrmn., að fara að rökstyðja till. með meðmælunum.

Um efni landhelgissamningsins hefur nú verið rætt í útvarpi frá Alþ. Allir hæstv. ráðh. ríkisstj. komu þar fram, nema hæstv. landbrh., en hann mun vera einna minnsti sjómaðurinn á skútunni og ekki kannske nógu fimur að umþótta sig, eins og hinir. Hæstv. ráðh. hafa nú orðið að svara ádeilum stjórnarandstæðinga um hvert einstakt efnisatriði þessa samnings, og í svörum þeirra er öllu meiri fróðleik að fá en í sjálfri grg. löngu, sem fylgir till.

Fyrsta atriðið í þessum samningi er það, að Bretar falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland. Um þetta segir hæstv. ríkisstj., að með þessu viðurkenni Bretar 12 mílna fiskveiðilögsögu. Og hv. frsm. meiri hl. utanrmn. hefur enn undirstrikað þetta, að það þýði viðurkenningu Breta á 12 mílna fiskveiðilögsögu, og hann tók upp nýja aðferð til að sanna þetta. Hann fór að lesa textann á ensku. Hann hafði komizt að því, að hv. þm. skildu ekki íslenzkuna á þann veg, að þetta væri viðurkenning, og þá brá hann því fyrir sig að lesa textann bara á ensku. Hv. þm. eiga líklega að skilja enskuna betur en íslenzkuna. Já, það getur verið, að hæstv. stjórnarsinnar geri það, ekki geri ég það. Og ef það þarf að grípa til enskunnar, var þá ómögulegt að þýða þetta alveg rétt? Er þarna virkilega um ranga þýðingu að ræða í plagginu? Ekki þurfti hæstv. frsm. að fara að lesa þetta upp á ensku, nema hann væri að sýna fram á, að þýðingin væri ónákvæm eða bara röng. (Gripið fram í.) Það er bezt að spyrja hæstv. ríkisstjórn að því, hvort er frummálið. — Þeir hafa keppzt við að fullyrða, að orðalagið „að falla frá mótmælum“ sé sama og viðurkenning á 12 mílna lögsögunni. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvers vegna er þá viðurkenningin ekki nefnd á nafn í þessum samningi? Það skilur hver heilvita maður, að ef Bretar hefðu ætlað sér að viðurkenna 12 mílna landhelgina, þá hefði upphaf 1. gr. þessarar orðsendingar hljóðað eitthvað á þessa leið t. d.: „Ríkisstj. Bretlands viðurkennir óafturkallanlega 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland.“ Því mátti ekki hafa þetta svona? Nei, þetta stendur ekki í samningnum. Enn þá hafa hæstv. ráðh. ekki fengizt til að svara því, af hverju þetta stendur ekki í samningnum. Auðvitað svara þeir þessu aldrei, af því að þetta er engin viðurkenning af hálfu Breta, þótt þeir falli frá mótmælum. Það hafa Bretar gert áður. Þeir hafa bara tekið upp mótmælin á ný. Þeir hafa t. d. fallið frá öllum mótmælum fyrir ári og ekki tekið þau upp aftur. Nú segir hæstv. ríkisstj., að ef ekki verði samið við Breta, þá taki þeir þessi mótmæli upp aftur. Þeir gefa í skyn, að Bretar muni senda herskip inn í landhelgina á ný til að vernda sína veiðiþjófa, þ. e. taka mótmælin upp aftur. Ef þeir geta það, geta þeir þá ekki alveg eins tekið mótmælin upp aftur eftir 3 ár, þótt þeir segi í samningi núna, að þeir falli frá þeim?

Í ræðum ráðh. sjálfra í útvarpinu má finna nokkra skýringu á þessu deiluatriði. Í ræðu hæstv. fjmrh., en hann er, eins og allir vita, fyrrverandi lagaprófessor, segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Hér er tekið skýrt fram, að Bretar falli frá fyrri andstöðu sinni og mótmælum. Ég ætla, að það verði ekki vefengt með réttu, að þessi yfirlýsing Breta

mundi af Sameinuðu þjóðunum og alþjóðadómstólnum metin jafngild viðurkenningu berum orðum.“ Þarna viðurkennir hæstv. fjmrh. og fyrrverandi lagaprófessor, að það þurfi að meta orðalag samningsins, meta það, hvað það þýði „að falla frá mótmælum.“ Hann játar, að viðurkenning Breta á 12 mílunum sé ekki sögð berum orðum í samningnum. En hann álítur samt, að hún verði metin eins og hún væri sögð berum orðum. En hvers vegna má þá ekki segja þetta berum orðum? Hvers vegna þarf að viðhafa þennan skollaleik? Ráðh. segir, að Sameinuðu þjóðirnar og alþjóðadómstóllinn muni meta þetta orðalag samningsins sem viðurkenningu. Ætlar hæstv. ríkisstj. að fara að biðja Sameinuðu þjóðirnar og alþjóðadómstól að meta orðalag íslenzku ríkisstj., eftir að Alþ. hefur samþ. það? Vill hún ekki heldur breyta orðalaginu strax, svo að það þurfi ekki að fara að biðja neina útlendinga að meta orðalag hjá Alþingi Íslendinga og íslenzku ríkisstj.?

Ummæli hæstv. dómsmrh. í útvarpsumr. eru ekki síður athyglisverð um þetta atriði. Hann segir þar m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Hitt er svo annað mál, að Alþ. hefur aldrei fallið ríkisstj. að afla viðurkenningar Breta á 12 mílna fiskveiðilögsögu, þegar af því, að það taldi rétt okkar til hennar ótvíræðan og þess vegna óþarfa aðra viðurkenningu Breta en þá, að þeir hættu ofbeldisaðgerðum, eins og fram kemur í ályktuninni frá 5. maí 1959.“ Ég get ekki skilið þessi orð hæstv. dómsmrh. á annan veg en þann, að þarna sé óbein játning á því, að viðurkenning Breta á 12 mílunum hafi ekki fengizt. Hann afsakar hæstv. ríkisstj. með því, að Alþ. hafi aldrei falið henni að fá þessa viðurkenningu. Það hafi heldur ekki verið þörf á henni, ekki þörf á neinni annarri viðurkenningu en að Bretar hættu ofbeldisaðgerðum sínum í landhelginni. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um þetta atriði. Ég held það sé hárrétt hjá honum, að við þurftum enga viðurkenningu Breta á 12 mílunum aðra en þá, að þeir hættu ofbeldisaðgerðum í íslenzkri landhelgi, enda fáum við ekki aðra viðurkenningu, ef við fáum þessa. En þessa viðurkenningu fengum við fyrir ári. Þá hættu Bretar ofbeldisaðgerðunum, og þeir hafa ekki tekið þær upp aftur.

Til hvers er þá þessi samningur, fyrst við þurftum ekkert á þessari viðurkenningu að halda? Þá einu viðurkenningu, sem við þurftum, fengum við fyrir ári. Var það ekki nóg? Mér dettur í hug, að hæstv. ráðh. kynni að svara því, að samningurinn *sé til þess, að Bretar byrji ekki á ofbeldinu aftur.* En hver er þá tryggingin fyrir því? Hún er engin. Bretar mótmæltu 4 mílna landhelginni 1952 og beittu ofbeldi löndunarbannsins, en þeir féllu frá mótmælunum um nokkurt skeið, og þeir sömdu við Íslendinga um landanir á fiski í Bretlandi. Bretar tóku aftur upp mótmæli 1958, neituðu að viðurkenna nema 3 mílurnar og beittu aftur ofbeldi með veiðiþjófnaði undir herskipavernd upp að 3 mílum. Þeir hættu þessu ofbeldi fyrir ári og létu mótmæli niður falla. Þeir drógu togara sína og herskip út úr landhelginni. Bretar segja með þessum samningi, að þeir falli enn frá mótmælum, en þeir segja ekkert um hitt, hvenær þeir kunni að taka mótmælin upp að nýju, taka þau upp í þriðja sinn. Og alltaf hafa Bretar vaðið fyrir neðan sig, það vað að viðurkenna aldrei stækkun landhelginnar, hvorki 4 mílur 1952 né 12 mílur samkv. þessum samningi. Á þessum grundvelli að viðurkenna aldrei stækkun landhelginnar töldu Bretar sig í fullum rétti eftir 1952, og enn ætla þeir að geyma sér þennan rétt með því að viðurkenna ekki 12 mílurnar nú. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar fundi var frestað fyrir matarhléið, hafði ég nokkuð rætt fyrsta efnisatriði samningsins við Breta, sem hér liggur fyrir í þeirri orðsendingu, sem Alþingi er ætlað að samþykkja. Annað efnisatriðið í þessum væntanlega samningi er um þá útfærslu á grunnlínum, sem þar er ákveðin. Hæstv. ríkisstj. var bent rækilega á það í útvarpsumr., að hér þyrftum við ekkert að kaupa af Bretum, við hefðum fullan rétt til að færa grunnlínur út samkvæmt samþykkt Genfarráðstefnunnar 1958. Hins vegar leggur hæstv. ríkisstj. mikla áherzlu á það, að nú fáum við útfærslu á grunnlínum, sem *stækki okkar fiskveiðilandhelgi um svo og svo marga* ferkílómetra, og það er helzt á hæstv. ríkisstjórn að skilja, að þetta sé nokkurs konar gjöf til Íslendinga. Þetta reyndi hæstv. landbrh. líka að túlka á fundi austur á Selfossi fyrir nokkrum dögum. En á þessum fundi var kona ein, sem fékk leyfi ráðherrans til að leggja fyrir hann eina spurningu, — spurninguna: „Áttu Bretar Selvogsbanka?“ Þetta var sannarlega einföld, kurteis og skýr spurning. Nei, Bretar áttu nú eiginlega ekki Selvogsbanka. Ég hygg, að þessi spurning konunnar á Selfossfundinum verði lengi í minnum höfð, meðan minnzt verður á landhelgismál á Íslandi. Í þessari spurningu felst svo mikill sannleikur annars vegar, en svo bitur ádella á hæstv. ríkisstj. hins vegar, að það er ekki hægt að gleyma henni fyrst um sinn. En þrátt fyrir þetta er það staðreynd, að hæstv. ríkisstj. ætlar að afsaka landhelgisveiðar Breta næstu 3 árin með grunnlínuútfærslunni. Bretar eiga að borga friðindin, sem þeir fá, veiðarnar í íslenzkri landhelgi um þriggja ára tímabil. Þessi friðindi eiga Bretar að borga með Selvogsbanka og öðrum slíkum útfærslum. Þeir eiga með öðrum orðum að borga Íslendingum með íslenzkri eign, sem enginn ágreiningur er um að sé íslenzk eign. Það eru góð viðskipti þetta eða hitt þó heldur! Það er þess vert, að í þessu máli muni þjóðin sem lengst sjálft innihaldið í spurningu konunnar: Eiga Bretar Selvogsbanka? Það er svo, að manni liggur við að minna á viðræður Auðar Vésteinsdóttur og Eyjólfs gráa, þegar maður heyrir þetta.

En hvernig hefur hæstv. ríkisstj. svarað þessu um grunnlínurnar? Hefur hún neitað því, að Íslendingar gátu fært út grunnlínurnar án þess að kaupa þær af Bretum? Nei, hæstv. ríkisstj. hefur ekki neitað þessu. Og það er ekki hægt að skilja hæstv. ríkisstj. á annan veg en þann, að hún sé okkur stjórnarandstæðingum alveg sammála um þetta, enda er ekki hægt að neita þessu, því að þetta liggur skjalfest fyrir síðan á Genfarráðstefnunni 1958. En hverju svarar þá hæstv. ríkisstj. þessum ádeilum? Hún spyr bara aftur á móti: „Af hverju færði vinstri stjórnin þá ekki út grunnlínurnar 1958? Henni hefur verið svarað því, að um það náðist ekki samkomulag við tvo stjórnmálaflokkana, Alþfl. og Sjálfstfl. Og það ætti núv. hæstv. ríkisstj. að vera ljóst, að ekki gat vinstri stjórnin gert neitt í því

máli, ef Alþfl. a. m. k. dragnaðist ekki með. En jafnvel þótt hæstv. ríkisstj. tækist að sanna það á vinstri stjórnina, að hún hefði vanrækt þarna útfærslu, sem ekki er, þá yrði það ekki til neins annars en að sanna það, að hér er íslenzka ríkisstj. að borga Bretum með íslenzkri eign. Hún er að sanna það, að við þurftum ekkert af Bretum að kaupa. Við þurftum ekki að láta þá hafa neinar landhelgisveiðar í þrjú ár, því að þeir hafa ekkert fært Íslendingum frá sjálfum sér.

Þá hefur hæstv. ríkisstj. gagnrýnt stjórnarandstæðinga fyrir það, að þeir hafi flutt frv. í efri deild í vetur um að lögfesta núv. landhelgisreglugerð og þar sé ekki lagt til að breyta grunnlínum. Um þetta töluðu þeir báðir í útvarpsumr., hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh. Báðir lögðu þeir áherzlu á það, að í nál. minni hluta sjútvmn. í efri deild, sem útbýtt var 13. febr., hafi stjórnarandstæðingar lagt til, að frv. yrði samþykkt óbreytt, og þar með hefðu grunnlínur orðið óbreyttar um ófyrirsjáanlega framtíð. Það vill svo til, að ég er annar þeirra þm., sem gáfu út þetta nál., og ég tel því við eigandi, að ég svari hæstv. ráðherrum þessu.

Fiskveiðilandhelgi Íslands er nú ákveðin með reglugerð, þ. á m. grunnlínur. Við, sem fluttum frv., lögðum til, að landhelgin yrði ákveðin með lögum, einnig grunnlínur. Og auðvitað var frv. flutt af því tilefni, að hæstv. ríkisstj. var búin að sýna sig í því að ætla að breyta íslenzkri landhelgi upp á eindæmi. Ef stækka á landhelgina, hvort sem það er með breytingu á grunnlínum eða stækkunin er gerð út fyrir 12 mílur, þá þarf að breyta landhelgisreglugerðinni. Ef landhelgin er hins vegar ákveðin með lögum, þá þarf að breyta lögunum, eigi að stækka landhelgina, m. a. með því að færa út grunnlínur. Í báðum tilfellum þarf að liggja fyrir samþykki meiri hluta Alþingis til þess að gera þessar breytingar. Hæstv. ríkisstj. ætlar nú að fá samþykki meiri hluta Alþingis til að breyta reglugerðinni um fiskveiðilögsöguna. Gat þá hæstv. ríkisstj. ekki alveg eins fengið þennan sama þingmeirihl., sem hún hefur nú, til þess að breyta lögum um íslenzka fiskveiðilögsögu, ef þar voru lög um? Eða hvaða þm. eru það, sem nú ætla að breyta landhelgisreglugerðinni hér á Alþingi, en hefðu hins vegar orðið á móti því að breyta lögum, ef til þess hefði þurft að gera sömu breytingu á fiskveiðilögsögunni? Eru það kannske þingmenn Sjálfstfl.? Eða þingmenn Alþfl.? Eða hvorir tveggja? Það er álika fyrirhöfn að breyta reglugerð og breyta lögum um sama efni. Hvort tveggja þarf sinn undirbúning. Það tók nokkra mánuði að breyta landhelgisreglugerðinni 1958. Það hefur tekið núv. ríkisstj. enn fleiri mánuði að breyta reglugerðinni að þessu sinni, og ekki er því lokið enn. Hvað meina þá hæstv. ráðherrar, þegar þeir tala um það í útvarpi, að grunnlínur hefðu orðið óbreyttar um ófyrirsjáanlega framtíð, ef landhelgin hefði verið ákveðin með lögum? Auðvitað meina þeir ekki nokkurn skapaðan hlut með þessu tali. Öllum skyni bornum mönnum er ljóst, að það má breyta lögum alveg eins og má breyta reglugerðum, að lagabreytingar eru oft gerðar á Alþingi á einum degi. En til hvers fara þá hæstv. ráðherrar með þessa fjarstæðu hér í umr. á Alþingi? Það er af því, að þeir voru að tala í útvarp og þeir halda, að einhvers staðar finnist á landinu menn, sem eru ókunnugir þessum málum, það ókunnugir, að þeir kunna að trúa þessu, að ef landhelgi hefði verið ákveðin með lögum, þá væri ekki hægt að breyta henni um ófyrirsjáanlegan tíma. Virðing þessara hæstv. ráðherra fyrir hlustendum er nú ekki meiri en þetta.

Þriðja efnisatriðið í hinum væntanlega landhelgissamningi hæstv. ríkisstj. er það, að leyfa á Bretum veiðar í næstu 3 ár upp að 6 mílna mörkum í íslenzkri fiskveiðilandhelgi. Þetta er það ákvæði samningsins, sem menn telja að liggi einna ljósast fyrir af öllum ákvæðum hans. Og þetta ákvæði er það, sem einn af hinum svokölluðu meðmælendum úr Ólafsvík kallaði í viðtali við Morgunblaðið að væri nærri höggvið lífsbjörg þeirra þar vestra. En það getur farið svo, jafnvel áður en þessar veiðar byrja, að fleiri sjái, að nærri þeim er líka höggvið. Þó er trúlegast, að ýmsir sjái ekki fram á afleiðingarnar, fyrr en þeir hafa fyrir augunum þá mörg hundruð erlendu togara, sem nú munu ráðast hér á bátamiðin allt í kringum landið. Og það er líka trúlegt, að sjómennirnir kunni að verða þess varir, að landhelgisgæzlan verði nokkuð erfið á þessum nýju veiðisvæðum útlendinga, sem mörg eru í laginu líkt og ferhyrningar. Ég er ekki í neinum vafa um það, að sú landhelgisgæzla verður erfið, jafnvel svo erfið, að það verði lítil tök á að passa upp á öll þau mörk, sem þar hafa verið dregin. En takist illa til um varðgæzluna, þá stoða lítið strikin á kortinu, sem hæstv. ríkisstj. hefur dregið. Þau verða þá líkt og pennastrikið forðum.

Ekki er neinum vafa undirorpið, að hinir einstöku landshlutar gjalda misjafnlega mikið afhroð vegna veiða erlendra togara í landhelginni, eftir að þessi samningur verður búinn að öðlast gildi. Það hefur verið látið í það skína, að Vestfirðir sleppi einna bezt. Ég ætla ekki að neita því, að sumir aðrir landshlutar verði fyrir meira tjóni en Vestfirðir. En Vestfirðingar höfðu líka minna gagn af útfærslunni 1952 en aðrir landshlutar og hafa því síðan miklu minni landhelgi en aðrir landshlutar, og eiga að hafa það, eins og nú horfir, þar sem þar er ekki um neina verulega flóa eða firði að ræða, sem nutu friðunar með útfærslunni 1952. En hagsmunamál Vestfirðinga er tvímælalaust það, að stækkun á fiskveiðilögsögunni út fyrir 12 mílur fáist og fáist sem fyrst, því að þangað sækja Vestfirðingar meginhluta afla síns og hafa gert í langa tíð. En nú virðast horfurnar á því helzt til litlar, ef þessi samningur tekur gildi. Ekki þarf heldur að efast um það, að veiðisvæði, sem ætlað er erlendum togurum við Látrabjarg, muni hafa skaðlegar afleiðingar fyrir fiskigöngurnar norður með Vestfjörðum. Hve miklar þær afleiðingar verða, verður reynslan að skera úr. Um síldveiðar vestfirzkra skipa fyrir Norður- og Norðausturlandi gildir auðvitað það sama og um veiðar annarra skipa annars staðar á landinu. Þegar búið er að hleypa erlendum fiskiskipum upp að 6 mílum þar, mun einhverjum þykja þröngt fyrir dyrum, sem stunda þar síldveiðarnar. Og mikið mega sumar erlendar þjóðir vera hæstv. ríkisstj. þakklátar, — mér dettur í hug Norðmenn og Rússar, — þegar þeir geta nú komið með allan síldveiðiflotann sinn upp að 6 mílum við Norður- og Norðausturland.

Hæstv. ríkisstj. er margorð um það, að þetta sé þó ekki nema í þrjú ár, sem Bretum verði leyfðar veiðar í landhelginni. En veit hæstv. ríkisstj. nokkuð um það, hvað hægt er að eyðileggja mikið af fiskimiðum bátaflotans á þremur árum? Hitt er svo mál út af fyrir sig, hvaða trygging er fyrir því, að Bretar hverfi á brott úr landhelginni eftir þessi þrjú ár. Í samningnum, sem hér á að fara að samþykkja, er engin trygging í þá átt. Bretar viðurkenna ekki 12 mílna landhelgina, og þar af leiðandi segja þeir ekkert um það í samningnum, að þeir fari burt eftir þessi þrjú ár. Það er því ekki lítið í húfi, ef eitthvað er á huldu um þetta atriði. Hæstv. utanrrh. hefur gert þetta atriði samningsins að umtalsefni í útvarpsumr. Um þetta efnisatriði samningsins virðist hæstv. utanrrh. vera eitthvað veikari fyrir gagnrýninni en um sum önnur. Um þetta segir hann orðrétt í útvarpsræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. Íslands hefur í höndum yfirlýsingu ríkisstj. Bretlands um, að ekki verði farið fram á framlengingu heimildarinnar til veiða innan 12 mílnanna í lok þriggja ára tímabilsins.“ Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Hvers vegna er þessi yfirlýsing ekki í sjálfum samningnum? Hvers vegna eru Bretar ekki látnir staðfesta þessa yfirlýsingu sína opinberlega alveg eins og sjálfan samninginn, bæði frammi fyrir íslenzku þjóðinni og frammi fyrir þeirri brezku? Og hvað kemur til, að íslenzka ríkisstj. taldi þörf á þessari yfirlýsingu á sérstöku blaði? Var kannske eitthvað á huldu um það í samningnum, eins og hann liggur hér fyrir, hvort Bretar mundu fara eftir þrjú ár? Og hvaða gildi hefur þessi yfirlýsing, ef komin verður önnur ríkisstj. í Bretlandi eftir þessi þrjú ár? Mér sýnist, að hér muni vera alveg óvenjulegt plagg á ferðinni. Reyndar er það ekki mikið á ferðinni, því að svo er að heyra, að það sé falið niðri í vasa hæstv. utanrrh. Og á það kannske að vera þar í þrjú ár? Fær Alþ. ekki að sjá þetta plagg? Hvers vegna var það ekki prentað sem fskj. með þessum samningi, fyrst ekki þótti henta að hafa þessa yfirlýsingu í sjálfum samningnum? Kannske einhver leynisamningur hafi verið gerður samhliða landhelgissamningnum og þessi yfirlýsing sé þar.

Ég tók eftir því í ræðu hv. frsm. meiri hl. utanrmn. í dag, að hann sagði, að ef máli yrði skotið til alþjóðadómstóls, þá yrði hann að vera búinn að dæma í því máli innan sex mánaða. Hvar er þetta sagt í samningnum? Eða er það í sama plagginu og hæstv. utanrrh. er með í vasanum? (**JóhH**: Hvorki sagði ég þetta svona, en auk þess stendur þetta í orðsendingunni.) Hv. þm. segir, að það standi í sjálfri orðsendingunni, samningnum, sem á að samþykkja, að dómurinn verði að hafa lokið störfum innan 6 mánaða. (**Gripið fram í**: Þetta er misskilningur.) Nú, hvað er hv. þm. þá að kalla fram í. Hann hefur tækifæri til að leiðrétta þetta síðar í umr. (**JóhH**: Skal gert.) Það er gott, ég var nefnilega hræddur um, að það yrði ekki gert.

En fyrst hæstv. utanrrh. hefur gert að umtalsefni yfirlýsingu, sem hann segist vera með frá Bretum og snertir þýðingarmikið atriði í þessum samningi, þá tel ég, að þm. eigi rétt á því að krefjast þess, að þessi yfirlýsing Breta verði lögð fram hér á Alþingi. Eða er eitthvað að fela í þessum efnum?

Fjórða og síðasta efnisatriði þessa samnings, sem ég mun gera að umtalsefni, er það, að hæstv. ríkisstj. segist muni vinna að frekari útfærslu landhelginnar, en muni leita samþykkis Breta til þeirrar útfærslu, en annars vísa málinu til alþjóðadómstóls, ef ágreiningur verði við Breta. Hér er um svo stórkostlegt efnisatriði að ræða, að fullyrða má, að engan hafi grunað, að Alþ. yrði ætlað að samþykkja slíkt. Lengi hefur þjóðin búizt við því, að hæstv. *ríkisstj. mundi gera hneykslanlegan samning* við Breta. En hinu hafa menn áreiðanlega ekki búizt við, að samið yrði um slíkt afsal og hér er á ferðinni. Það er illt að þola þá niðurlægingu og þá smán að falla frá fyrri ákvörðunum og samþykktum Alþ. frá 5. maí 1959 um það, að aldrei skuli koma til minni landhelgi en 12 mílna við Ísland. Það er illt að þola það, að nú skuli erlendum þjóðum vera hleypt upp að 6 mílum samkv. þessum samningi og verða auk þess að taka á sig meiri og minni eyðileggingu á fiskimiðum kringum landið. En hitt er þó verra, sem hæstv. ríkisstj. staðhæfir sjálf, að hún afsali sér um ófyrirsjáanlega framtíð þeim rétti til einhliða útfærslu, sem öll stækkun landhelginnar hefur byggzt á til þessa dags. Þetta ákvæði samningsins telur hæstv. ríkisstj. í samræmi við samþykkt Alþingis frá 5. maí 1959. Í þeirri samþykkt segir, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslendinga til landgrunnsins alls. Það er m. ö. o. ekki dregið í efa í þessari samþykkt Alþingis, að Ísland eigi rétt til landgrunnsins alls, en hins vegar þurfi að afla viðurkenningar á þessum rétti. Og hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að afla þessarar viðurkenningar samkv. ákvæðum þessa samnings? Hún ætlar að spyrja Breta, hvort þeir vilji viðurkenna þennan rétt, og hún ætlar að láta Breta fá sex mánaða frest til að hugsa sig um, áður en hún svarar. Ætli menn fari ekki nærri um það, hverju Bretar muni svara, — þjóðin, sem viðurkenndi ekki 4 mílna landhelgina, heldur setti á okkur löndunarbann, þjóðin, sem viðurkenndi ekki 12 mílna landhelgina, heldur sendi gegn okkur herskip til að vernda veiðiþjófnað sinn. Á svo þessi þjóð að viðurkenna rétt Íslendinga til landgrunnsins alls? Ja, mikil er trú þín, kona.

Nei, þetta er engin trú. Hæstvirt ríkisstjórn trúir þessu ekki sjálf, að Bretar viðurkenni nokkurn tíma rétt Íslendinga til landgrunnsins alls. Samt á nú að samþ., að ef Bretar viðurkenni ekki þennan rétt til landgrunnsins alls, þá skuli alþjóðadómstóll úrskurða í málinu. Hvaða þjóð hefur lagt rétt sinn til landgrunnsins undir úrskurð alþjóðadómstóls? Það hefur ekki ein einasta þjóð í heiminum gert. Það gerir engin þjóð, sem treystir betur sjálfri sér en öðrum þjóðum til þess að sjá lífshagsmunum sínum borgið. Þessi samningur er nauðungarsamningur, sem þvingað er upp á Íslendinga undir hótunum um hernaðarlegt ofbeldi, og þannig hljóta menn að líta á þennan samning. Hann er bókstaflega rökstuddur með því, að ef við semjum ekki við Breta, þá verði herskip á ný send hingað inn í landhelgina. Allt þetta minnir sannarlega á Kópavogssamþykktina 1662. Og svo er þessi samningur óuppsegjanlegur.

Samkvæmt rökstuðningi hæstv. ríkisstj. og talsmanna hennar á þetta ákvæði um alþjóðadómstólinn að gilda um ófyrirsjáanlegan tíma. Hæstv. ríkisstj.

telur sig og sinn þingmeirihl. hafa umboð til að leggja þessa fjötra á komandi kynslóðir.

Ég vil lýsa þeirri ósk minni, að svo reynist, að þessi neyðarsamningur hafi ekki gildi lengur en sú ríkisstj. situr, sem hefur gert hann. Ég vil trúa því í lengstu lög, að þannig verði litið á þennan samning. Þetta eru mínar persónulegu skoðanir á þessum samningi. Ég ætla hins vegar ekki að spyrja hæstv. ríkisstj. um álit hennar á þessu atriði. Hún er nógu oft búin að tala af sér í þessu máli.

Stjórnarandstæðingar hafa lagt til, að þjóðaratkvæði fari fram um þennan samning. Hæstv. ríkisstj. hefur neitað að fallast á þá þjóðaratkvæðagreiðslu. Hv. frsm. meiri hl. n. segir þó í dag, að það sé alveg sérstaklega freistandi að verða við þessum tilmælum. Af hverju? Af því að það komu svo góð meðmæli með samningnum, sem birt voru í Morgunblaðinu. Er ómögulegt að fá þá til að falla fyrir þessari freistingu?

Nei, þessi afstaða hæstv. ríkisstj. að neita að leggja þennan samning undir þjóðaratkvæði er sannarlega skiljanleg. Hæstv. ríkisstj. og þingmeirihl. hennar hefur brugðizt þjóðinni. Hún hefur brugðizt einhverju mesta hagsmunamáli hennar og jafnframt sjálfstæðismáli hennar. Slík ríkisstj., sem bregzt, gefur ekki þjóðinni dómsvald um málið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Því fer fjarri, að það sé rétt, sem síðasti hv. ræðumaður hélt fram, að með þessu samkomulagi, sem nú er til ákvörðunar hæstv. Alþingis, séu fjötrar lagðir á íslenzku þjóðina. Þvert á móti er henni með því tryggður mikilsverður réttur. Hv. þm. taldi, að ákvæðið um alþjóðadómstólinn væri þessi fjötur, og fullyrti, að við þyrftum að spyrja Breta um það, hvort við ættum og að því er mér skildist mættum færa út okkar fiskveiðilögsögu, þegar við teldum tímabært.

Því fer fjarri, að við þurfum að spyrja Breta um nokkuð í þessu sambandi. Það, sem ákveðið er samkvæmt samkomulaginu, er hitt, að við tilkynnum Bretum og þar með öðrum með sex mánaða fyrirvara um okkar einhliða útfærslu, sem tekur gildi að þeim sex mánuðum liðnum, ef ekki er áður búið að hnekkja henni með úrskurði alþjóðadómstóls. Þá tekur hin einhliða ráðstöfun íslenzku ríkisstjórnarinnar gildi, þegar að þessum sex mánuðum liðnum.

Það er skoplegt að heyra hv. stjórnarandstæðinga tala um það, að þarna sé um óhæfilega langan frest að ræða, — mennina, sem nú fullyrða hér hver á fætur öðrum, að við höfum með Genfarsamþykktunum 1958, fyrir nær þremur árum, öðlazt rétt til þeirra grunnlínubreytinga, sem nú er ákveðið að gera. Þeir hafa þó dregið það í þessi nærri þrjú ár að neyta þessa réttar, og þeir eru svo fjarri því enn að vilja neyta þessa réttar, sem þeir fullyrða að við höfum fengið fyrir nærri þremur árum, að þeir eru ekki enn þá búnir að bera fram brtt. við sitt eigið frv., sem liggur fyrir í hv. Ed. um að lögfesta hinar gömlu grunnlínur um ófyrirsjáanlega framtíð. Ætla mætti, að þeir hefðu þó rankað við sér, eftir að þessi till. var komin fram, og vikan hefði enzt þeim til þess að bera fram brtt. Því fer fjarri, frv. er enn óbreytt. Enn í dag liggur það svo fyrir. En þeir vilja láta okkur lögfesta það, sem þeir sjálfir segja nú fyrst — eftir leiðbeiningum gamallar konu austur á Selfossfundi, að við höfum átt rétt til, að því er mér skilst, ekki aðeins s. l. þrjú ár, heldur miklu lengur.

Þeir menn, sem svona fara að, ættu ekki að setja *fyrir sig, þó að við veitum nokkurn fyrirvara,* áður en nýjar ákvarðanir í þessum efnum taki gildi. Sjálfir sýndu þeir það og með málsmeðferð sinni 1958 og þeim fresti, sem leið frá því, er ákvörðun var tekin um útgáfu reglugerðarinnar þá, og þar til hún skyldi taka gildi, að þeir töldu eðlilegan nokkurn frest í þessum efnum. Hið sama kemur fram í rökstuðningi þeirra nú, þegar þeir telja eðlilegt, að þeir lögðu það til við brezku stjórnina og Atlantshafsbandalagið allt, að meðlimaríkjum þess yrði um þriggja ára skeið veittur fiskveiðiréttur upp að sex mílum. Þá sýndu þeir með þeirri till., að þeir töldu eðlilegt, að nokkur frestur væri veittur í þessu sambandi. Nú segja þeir, að það sé allt annað að veita slíkan þriggja ára frest í upphafi fyrir fram heldur en að veita hann eftir á, eins og gert er um þá þriggja ára veiðiheimild, sem felst í þessu samkomulagi. Látum þann rökstuðning eiga sig. Það er búið að margsvara honum áður. En þessir menn eru búnir að sýna og rökstyðja nú hvað eftir annað, að þeir töldu eðlilegt að veita Bretum fyrir fram ekki aðeins nokkurra mánaða frest, þangað til reglugerðin sjálf tæki gildi, heldur veita þeim fulla veiðiheimild upp að sex mílum í þrjú ár, aðeins ef það var gert í upphafi. Nú ætla þeir að ærast yfir, að slíka ákvörðun skuli eiga að tilkynna öðrum með sex mánaða fyrirvara.

Ósamræmið í öllum þessum rökstuðningi er allt of mikið til þess, að um það þurfi að fjölyrða. En hér er ekki einungis um það að ræða, sem er alveg ljóst, að hin einhliða ráðstöfun Íslendinga tekur gildi strax að þessum sex mánuðum liðnum, ef henni hefur ekki verið hnekkt af alþjóðadómstóli áður, heldur er okkur með þessu veitt ómetanleg trygging.

Hv. síðasti ræðumaður talaði um það, að við *gætum seint vænzt viðurkenningar af hálfu Breta* á frekari stækkunum, — frá mönnunum, sem fyrst hefðu beitt löndunarbanni og síðan sent herskip hingað til landsins. Þarna er einmitt komið að meginatriði málsins, þeirri ómetanlegu tryggingu, sem þetta ákvæði veitir Íslendingum. Þarna skuldbinda Bretar sig til þess að beita okkur ekki ofbeldi, engri kúgun, heldur að láta hugsanlegan ágreining af þessum ástæðum koma fyrir alþjóðadómstól, verða metinn eftir alþjóðalögum. A. m. k. fram á síðustu daga hefur jafnvel hv. formaður Framsfl. haldið því fram, að ekki kæmi til mála annað en frekari aðgerðir okkar í þessum efnum yrðu að byggjast á alþjóðalögum. Það er alveg nýtt og hefur aldrei fyrr heyrzt í sölum Alþ., að Íslendingar ættu að gera nokkuð í þessu efni, sem *styddist* ekki við alþjóðalög, og það er engin stofnun betur hæf til þess að tryggja, að við njótum gildandi alþjóðalaga, eins og þau á hverjum tíma eru, heldur en alþjóðadómstóllinn.

Það er talað um, að þetta ákvæði sé óuppsegjanlegt og með því séu lögð höft á Íslendinga. En ef það væri uppsegjanlegt, þá væri það í raun og veru

okkur einskis virði. Þá gætu Bretar ekki síður en við sagt upp ákvæðinu til þess að geta, í stað þess að lúta alþjóðalögum og rétti og úrskurði alþjóðadómstólsins um þau, á ný tekið upp sínar gömlu aðferðir, sem þeir hafa beitt við okkur í þessum efnum. Þess vegna hljóta Íslendingar að halda fast við, að ákvæðið sé óuppsegjanlegt af beggja hálfu, til þess að lög og réttur gildi, en ekki máttur hins sterkara.

Það er svo sagt, að Íslendingar eigi með þjóðaratkvæði að skera úr um þetta samkomulag. En Íslendingar hafa sett sér stjórnarskrá, sem um þessi efni kveður alveg skýrt. Í stjórnarskrá íslenzka lýðveldisins er það ótvírætt, að samningagerð er á valdi ríkisstj. og eftir atvikum á valdi Alþ. Íslendinga. Þetta er réttur og skylda, sem er lögð á Alþ. og ríkisstj., og þessir aðilar hafa ekki heimild til þess að skjóta sér undan þeirri skyldu og þeim rétti, sem þeim er fenginn í hendur í hinum mikilsverðustu málum. Um það verður ekki deilt, að það er ríkisstj. og Alþ., sem ber að taka ákvörðun í þessu efni. Annað væri að víkja sér undan þeirri skyldu, sem við höfum tekizt á hendur gagnvart okkar þjóð.

Þá er því einnig haldið fram, að okkur skorti þinglegt umboð til þess að útkljá þetta mál, vegna þess að um annað hafi verið talað fyrir síðustu kosningar.

Ég sýndi fram á það, svo að ekki verður á móti mælt, í þeim orðum, sem ég talaði við fyrri umræðu þessa máls, að því fer svo fjarri, að með þessari till. sé verið að brjóta á móti samþykktinni 5. maí 1959, sem með réttu má skoða sem umboð frá Alþ. til ríkisstj., — umboð, sem síðan var staðfest í tvennum alþingiskosningum, að í einu og öllu hefur samþykktinni frá 5. maí verið fullnægt með því samkomulagi, sem hér liggur fyrir. Sérstaklega er það þó alveg ótvírætt, að Alþ. 5. maí 1959 leggur það fyrir ríkisstj., að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Alþ. gerði sér þá fullljóst, að þeirrar viðurkenningar varð að afla, að það var ekki ráðlegt, ekki hægt, án þess að slík viðurkenning væri fyrir hendi, að ráðast í frekari útfærslur.

Ég sýndi fram á það á dögunum, með hverjum hætti væri hugsanlegt að afla slíkrar viðurkenningar, sem Alþ. lagði fyrir ríkisstj. að gera, og það er tvímælalaust, að Íslandi er það hagkvæmast að afla hennar á þann veg, að ágreiningur, sem upp kann að rísa af þessum sökum, verði lagður undir alþjóðadómstólinn. Með því að Bretar sætti sig við þetta, hafa þeir fyrir fram játazt undir, að einhliða mótmæli af þeirra hálfu stoði ekki og veiti þeim hvorki lagalegan né siðferðilegan rétt til neinnar valdbeitingar gegn okkur. Þeir verða að lúta alþjóðalögum, og sá, sem segir, að Bretum sé með þessu veittur réttur og hömlur eða fjötrar lagðir á Íslendinga, hann segir þar með, að Íslendingar ætli sér, hugsi sér eða muni í aðgerðum sínum brjóta á móti alþjóðalögum. En hver er sá hér inni, sem vill halda því fram, að Íslendingar hafi í nokkru brotið á móti alþjóðalögum í því, sem þegar hefur verið gert? Hver er sá, sem í alvöru ráðleggur, að Íslendingar eigi að halda þessu máli áfram á þann veg, að brotið verði á móti alþjóðalögum? En það felst í því, ef menn segja, að fjötrar séu lagðir á okkur með þeirri samþykkt, sem hér er lagt til að gerð verði.

Því hefur að vísu heyrzt fleygt, að það væri skynsamlegra að semja um það hverju sinni, hvort slíkan ágreining ætti að leggja undir alþjóðadómstólinn, heldur en að gera um það bindandi samning til framtíðar. Jafnvel sá, sem því hélt fram, sagði einnig, að við yrðum ætíð og hverju sinni að hafa málsmeðferð slíka og búa þannig um, að við værum reiðubúnir að bera málið undir alþjóðadómstólinn. En með því að láta það vera komið undir samningum hverju sinni, þá erum við að gefa okkar andstæðingi færi á því að velja um, hvort hann eigi að beita valdi, ofbeldi svipuðu því, sem við hingað til höfum verið beittir, eða fara til alþjóðadómstólsins, hlíta alþjóðalögum.

Það er enginn vafi á því, að Íslandi er það ekki einungis hentara, það er okkur nauðsyn, að það sé fyrir fram tryggt og enginn efi á því, að okkar helzti andstæðingur í þessu máli geti ekki neytt aflsmunar, heldur verði það lög og réttur, sem úr sker, og það verði ekki á hans valdi að kveða á um, hvort hann vilji fara að alþjóðalögum. Úr því að hann nú fæst til þess að gefa þessa þýðingarmiklu yfirlýsingu, þá verður hann þar við bundinn og á ekki annars úrkostar en að hlíta skuldbindingu sinni um það. (Gripið fram í.) Efast hv. þm. um það, að 12 mílurnar hvíli á alþjóðalögum? Já, svari þingmaðurinn. Efast þm. um það, að 12 mílurnar hvíli á alþjóðalögum? (KK: Efast ráðherrann um það, að réttur okkar til landgrunnsins sé að alþjóðalögum?) Ég efast um það, að í dag mundum við fá hann okkur tildæmdan, alveg eins og hv. þm. Hermann Jónasson, sem er sessunautur hv. fyrirspyrjanda, efaðist um það á dögunum í Ed. En ég er sannfærður um það, að réttarþróunin gengur í þá átt, að við fáum þennan rétt. Við erum allir sammála um það, að ef við værum sannfærðir um það, að í dag styddist það við alþjóðalög, að við gætum tekið hann með einhliða ákvörðun, þá værum við búnir að gera það. Það er einmitt vegna þess, að ég hef trú á rétti Íslands í þessum efnum, að ég er hiklaust fylgjandi því, að við treystum á alþjóðalög.

Hv. frsm. 1. minni hl. (ÞÞ) sagði í dag, að það væri vafasamt og raunar meira en vafasamt, að við mundum fá rétt okkar viðurkenndan fyrir alþjóðalögum, fyrir alþjóðadómstólnum, þó að líklegt væri, að við ættum skjóls að vænta hjá Sameinuðu þjóðunum eða allsherjarþinginu, að því er mér skildist, vegna þess að stórveldin hefðu meiri áhrif á skipun alþjóðadómstólsins en yfirráð í sjálfum Sameinuðu þjóðunum. Þetta er alger misskilningur. Varðandi allar meiri háttar ákvarðanir hjá Sameinuðu þjóðunum hafa stórveldin hvert um sig algert neitunarvald. En þau hafa ekki neitt slíkt neitunarvald varðandi val manna í alþjóðadómstólinn. Við höfum þess vegna þvert á móti meiri líkur til þess að mæta skilningi hjá alþjóðadómstólnum heldur en hjá öðrum aðilum Sameinuðu þjóðanna, auk þess sem alþjóðadómstóllinn er skyldugur til þess að fara eftir alþjóðalögum og dómarar þar eru bundnir við sannfæringu sína um, hver séu rétt alþjóðalög hverju sinni. En hjá Sameinuðu þjóðunum eru það pólitísk-

ir hagsmunir og aflsmunur og aðstaða í alþjóðamálum, sem hverju sinni ræður úrslitum.

Þess vegna er ekki um það að villast, að réttur okkar er miklu betur tryggður með málskoti til alþjóðadómstólsins en með nokkru öðru formi á viðurkenningu á okkar rétti, en Alþ. 5. maí 1959 lagði það beinlínis fyrir ríkisstj., að afla bæri slíkrar viðurkenningar. Hv. þm. ættu vissulega að athuga betur, hvað þeir hafa áður samþ. í þessum efnum, áður en þeir fara, eins og hv. framígripandi hér áðan, að gefa í skyn, að við eigum nú að fara að taka upp allt önnur vinnubrögð í þessum efnum en við hingað til höfum allir verið sammála um að þjóð okkar væri ekki einungis happasælast, heldur nauðsynlegast að fylgja. Vill hv. þm. gera athugasemd? Nei, nú þegir hann. (**KK**: Ég á við, að við eigum að hafa svipuð vinnubrögð og við höfum haft, af því að þau hafa reynzt okkur vel, en ekki skuldbinda okkur til vinnubragða, sem hefðu verið okkur ónýt.) Vill hv. þm. halda því fram, — við skulum nú fá hreint svar, — vill hv. þm. halda því fram, að aðgerðirnar 1958 hafi verið á móti alþjóðalögum? (**KK**: Engin lög til um þessi mál.) Jú, það eru víst lög til um þessi mál. (Gripið fram í. — **Forseti**: Ekki meira samtal. Hv. þm. getur fengið að tala seinna. — **KK**: Ræðumaður bað um það.) Byrjaði ég að kalla fram í fyrir sjálfum mér?

Það er mjög athyglisvert, að þm. hafa hér rangmeðfarið það, sem ég sagði í umr. á dögunum varðandi eitt helzta atriðið, sem þeir hafa haft í frammi til gagnrýni á þetta samkomulag. Í nál. hv. 2. minni hl. utanrmn. stendur orðrétt svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur dómsmrh., Bjarni Benediktsson, raunverulega viðurkennt í umr. á Alþ. um málið, að það sé rétt, að formleg viðurkenning hafi ekki fengizt. Orðrétt sagði Bjarni Benediktsson þetta: „Hitt er annað mál, að Alþ. hefur aldrei falið ríkisstj. að afla viðurkenningar Breta um 12 mílna fiskveiðilögsöguna, þegar af því, að það taldi rétt okkar til hennar ótvíræðan og þess vegna óþarfa aðra viðurkenningu Breta en þá, að þeir hættu ofbeldisaðgerðum.“ Dómsmrh. játar þannig, að viðurkenningin hafi ekki fengizt“ o. s. frv.

Þetta endurtók hv. frsm. í sinni ræðu og síðasti hv. ræðumaður sagði eitthvað svipað. En hvað er nú það, sem ég sagði um þetta, svo að alþjóð heyrði, og ótvírætt stendur í minni ræðu? Ég les einungis næstu setningu á undan því, sem hér er vitnað til eftir mig, og þar segir:

„Nú falla Bretar ekki einungis frá valdbeitingu, heldur berum orðum frá mótmælum sínum. Þetta er svo skýr viðurkenning sem á verður kosið.“

Þetta er svo skýr viðurkenning sem á verður kosið. Hinu bæti ég svo við, sem er satt og rétt og hver sá sér, sem les yfirlýsinguna frá 5. maí 1959, að það er ekki lagt fyrir ríkisstj. að afla slíkrar viðurkenningar frá Bretum. Það er óhrekjanlegt. En ríkisstj. hefur engu að síður aflað viðurkenningarinnar. Og ég tek það berum orðum fram næst á undan því, sem þessir hv. þm. leyfa sér að taka sem játningu mína fyrir því, að viðurkenning hafi ekki fengizt, að viðurkenningin hafi fengizt, eins skýrt og á verði kosið. Þetta er hrein fölsun. Og hvernig hyggja menn, að þessir hv. þm. fari með aðrar heimildir, þegar þeir leyfa sér að fara þannig með orð, sem fyrir fáum dögum voru mælt hér á þessum stað í áheyrn allra hlustenda og standa skýrum stöfum skráð í heimildum, sem liggja fyrir þm. til skoðunar?

Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þessa fjarstæðu, að ekki hafi fengizt fullkomin viðurkenning. Það er fróðlegt t. d. að athuga, hvað blað, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa vitnað í að öðru leyti máli sínu til stuðnings, Manchester Guardian, segir um þetta. Þeir hafa einmitt vitnað í sömu greinina og þau orð standa í, sem ég skal nú lesa. En alveg eins og þeir bara taka það úr greininni, sem þeim hentar, þá þegja þeir um hin meginatriðin, sem alveg hnekkja þeirra rökstuðningi hér á þann veg, að Bretar skilji þetta svo, að þeir hafi ekki viðurkennt 12 mílur. Í Manchester Guardian, vikuútgáfunni, stendur s. l. fimmtudag, 2. marz, í grein, sem heitir: „Agreement with Iceland“, — Samningur við Ísland, í íslenzkri þýðingu:

„Vissulega hafa Bretar með því að viðurkenna 12 mílna svæðið og fallast á bráðabirgðaskipun um einungis 3 ár látið undan í mestu af því, sem þeir hafa haldið fram, frá því að deilan hófst“.

Þarna segir þetta brezka blað, sem er óýkt eitt vandaðasta og öruggasta blað í heimi, að Bretar hafi viðurkennt 12 mílna svæðið, „by acknowledging the twelve miles zone“.

Annað blað, að vísu ekki brezkt, en blað, sem nýtur meira álits en flest önnur blöð yfirleitt, New York Times, segir 28. febr. s. l., með leyfi forseta, á síðu 3, með stórum stöfum:

„Bretar samþykkja 12 mílna mörkin til að enda fiskistríðið við Ísland.“

Þetta er mat þessa blaðs, sem er hlutlaus aðili í þessari deilu og dregur saman í einni setningu það, sem því finnst vera eitt af aðalatriðum þessa samkomulags. Í greininni segir svo þar fyrir utan, að samkomulagið láti Íslendingum í té raunverulega allt, sem þeir hafi farið fram á. Þetta er einnig mat þessa hlutlausa aðila á því, hverjum þessi samningur sé til hags.

Nú má segja, að það sé ekki víst, að það séu sérfræðingar, sem hafi skrifað þessi blöð, og því megi um það deila, hvort þetta sé byggt á fræðilegri athugun. Einmitt til þess að fá úrskurð hinna færustu manna hér á landi um þessi efni, þetta lögfræðilega deiluatriði, sem — þótt ótrúlegt sé — hefur komið hér upp um það, hvort Bretar hafi viðurkennt 12 mílna fiskveiðilögsöguna eða ekki, ef þeir fallast endanlega á samkomulagið, þá ritaði ég lagadeildinni svo hljóðandi bréf:

„Þess er hér með óskað, að lagadeild Háskólans láti uppi skoðun sína á því, hvort brezka ríkisstj. viðurkenni 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, ef hún fellst á þá lausn fiskveiðideilunnar, sem ráðgerð er í till. til þál. um það efni á þskj. 428. er fylgir hér með.“

Ég fékk í dag svo hljóðandi bréf frá laga- og viðskiptadeildinni, Háskóla Íslands, sem ég leyfi mér að lesa, með samþykki hæstv. forseta:

„Með bréfi, dags. í dag, hafið þér, hæstv. dómsmrh., óskað álits lagadeildar á því, „hvort brezka ríkisstj. viðurkenni 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, ef hún fellst á þá lausn

fiskveiðideilunnar, sem ráðgerð er í till. til þál. um það efni á þskj. 428 o. s. frv.“ Prófessor Ólafur Jóhannesson óskaði ekki að taka þátt í meðferð málsins í deildinni, með því að hann á sæti á Alþ., og prófessorar í viðskiptafræðum hafa ekki heldur fjallað um það.

Í upphafi þykir rétt að taka fram, að deildin hefur einskorðað athugun sína við 1. tölulið 1. mgr. í orðsendingu utanrrh. Íslands til utanrrh. Bretlands, en þar segir svo:

„Ríkisstj. Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, *sem mæld er frá grunnlínum samkv. 2. gr. hér á eftir*, og er þá eingöngu átt við fiskveiðilögsögu.“

Þegar á þessu stigi þykir ástæða til að benda á, að í íslenzka textanum segir, að ríkisstjórn Bretlands falli frá mótmælum sínum, en í enska textanum segir: „The United Kingdom government will no longer object to.“ Þótt sérfræðiþekkingu á ensku máli sé ekki til að dreifa meðal deildarmanna, verður deildin þó að telja, að hér sé a. m. k. um nokkurn blæbrigðamun að ræða á textunum tveimur.“

(**SE**: Þarna kemur það.) Eru fleiri athugasemdir? Ég ætla að halda áfram.

„Þegar reglugerð nr. 21/1952, um fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, *var sett, andmælti brezka ríkisstj.* þegar í stað þeirri ákvörðun á þeim grundvelli, að hún væri andstæð alþjóðarétti. Hinu sama gegndi, þegar reglugerð nr. 70/1958 um sama efni var sett, en þá fylgdi brezka ríkisstj. eftir andmælum sínum með virkum aðgerðum, svo sem kunnugt er. Af Íslands hálfu hefur því ávallt verið haldið fram, að ákvarðanir íslenzku ríkisstj. hafi verið samkvæmt alþjóðalögum. Hér hefur því verið um millirikjadeilu að ræða, og er til þess stofnað með framangreindum orðsendingum að útkljá hana til frambúðar. Þegar skýra á framangreint orðalag í orðsendingu utanrrh. Íslands, verður að hafa í huga annars vegar, að ekki er að því stefnt að kveða á um, *hvor aðilinn hafi hér á réttu að standa, heldur* að því að leysa deiluna til frambúðar, og verður þá skiljanlegt, að sneitt sé hjá að nota orðið „að viðurkenna“ í þessu sambandi.

Þegar réttarágreiningur er milli tveggja aðila og annar hefur andmælt skilningi hins eða aðgerðum, en lýsir síðan yfir því fyrirvaralaust, að hann falli frá andmælum sínum, er það skýrt svo samkvæmt almennum lagasjónarmiðum, að með því skuldbindi sá aðili sig til að hverfa endanlega frá andmælum sínum og tjói ekki að hafa þau uppi síðar. Gegnir þessu eigi síður í millirikjaviðskiptum. Ef greint orðalag verður þáttur í samningi milli brezku og íslenzku ríkisstj., teljum við því, að samningurinn feli í sér skuldbindingu fyrir brezka ríkið um að virða framvegis 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland.

Samkvæmt þessu er það skoðun okkar, að framangreint orðalag feli efnislega í sér viðurkenningu brezku ríkisstj. á 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, *ef* fiskveiðideilan verður leyst með þessum hætti.

Með sérstakri virðingu.

Theodór B. Lindal. Ármann Snævarr.
Magnús Þ. Torfason.“

(**HÁ**: Má ég spyrja ráðh.? Heldur hann ekki, að það sé réttara sagt, þótt þetta sé nú ágætt, að fá hreina viðurkenningu ríkisstj. Breta um þetta atriði heldur en að fá skýringu Háskóla Íslands?)

Á ég að lesa þetta upp aftur, sem stendur hér? Ég skal lesa þetta upp aftur, niðurlagið á því, ef hv. þm. kynni þá kannske að átta sig á málinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar réttarágreiningur er milli tveggja aðila og annar hefur andmælt skilningi hins eða aðgerðum, en lýsir síðan yfir því fyrirvaralaust, að hann falli frá andmælum sínum, er það skýrt svo samkvæmt *almennum lagasjónarmiðum*, að *með* því skuldbindi sá aðili sig til að hverfa endanlega frá andmælum sínum og tjói ekki að hafa þau uppi síðar. Gegnir þessu eigi síður í millirikjaviðskiptum. Ef greint orðalag verður þáttur í samningi milli brezku og íslenzku ríkisstj., teljum við því, að samningurinn feli í sér skuldbindingu fyrir brezka ríkið um að virða framvegis 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, ef fiskveiðideilan verður leyst með þessum hætti.“

Ég veit sem gamall kennari, að tregir nemendur þurfa stundum að heyra tvisvar, áður en þeir skilja, og það skal ekki standa á mér að lesa þetta upp oftar, ef hv. þm. vill. Dómur hinna færustu íslenzku sérfræðinga í þessum efnum er alveg ótvíræður. Hér er um að ræða augljósan skilning á orðalagi og yfirlýsingum brezku stjórnarinnar. Það er sannað, hvernig helztu heimsblöð bregðast strax við, um leið og þau sjá það samkomulag, sem um er að ræða, og það er nú einnig sannað, hver er skoðun færustu íslenzkra sérfræðinga á þessu efni, eftir að þeir hafa sérstaklega kynnt sér það og að sjálfsögðu heyrt um þá gagnrýni, sem um þetta atriði hefur hér, þótt ótrúlegt megi virðast, verið höfð uppi.

Hitt er svo einungis til gamans fyrir ríkisstj., sá fögnuður, sem hv. þm. sumir létu hér uppi, þegar prófessorarnir vekja athygli á þeim blæbrigðamun, sem sé á enska textanum og hinum íslenzka. En það sýnir, hversu varlega íslenzka ríkisstj. fer í þessu máli og hversu fjarri hún er að vilja túlka þetta samkomulag hagkvæmar fyrir Íslendingum en það í raun og veru er, að ef einhver munur er þarna á blæ á enska og íslenzka textanum, sem ég skal ekkert segja um hvort er, þá er okkur velttur meiri réttur eftir enska textanum en þeim íslenzka. Bretar ganga undir enn skýrari skuldbindingu eftir enska orðalaginu heldur en því íslenzka.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 450, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 39 shlj. atkv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Við höfum nú um stund verið í *kennslutíma* hjá hæstv. *dómsmrh.* Það hefur ekki staðið á fræðslunni með tilliti til ívitnana til Háskóla Íslands og erlendra blaða, en furðu fátt hefur komið frá hans eigin brjósti. Hann hefur kvartað undan treggáfuðum nemendum. Hann hefur sjálfsagt fyrr, enda tók hann það fram, búið

við slíkt, og ég geri ráð fyrir, að honum endist hvorki þetta kvöld né þau næstu til að koma sínum gáfum eða sínum skilningi inn í þá alþm., sem vilja líta rétt á þessi mál. Hann hefur flutt hér boðskap um, hvernig beri að túlka þennan samning. En ég held, að það sé rétt, eins og einu sinni var sagt, að hafa þann boðskap hæstv. dómsmrh. að engu, vegna þess að a. m. k. treggáfaðir nemendur finna hvergi stoð í samningnum fyrir því, sem hæstv. ráðh. heldur fram að beri að túlka hann eða sé að finna í honum, — enda var það svo, að hann vitnaði ekki í ríkisstjórn Bretlands, hann forðaðist það, enda að vonum, þar sem hann er að reyna að túlka allt annað en stendur í samningnum sjálfum. Hann er að segja okkur frá því, að dagblöð hingað og þangað, ákaflega virðuleg og áreiðanleg dagblöð, sjálfsagt virðulegri og áreiðanlegri en málfærsla hæstv. ríkisstj., líti svona og svona á málið. Hann er að segja, hvað standi í þessum blöðum, og fram eftir götunum, en hann vék ekki að því fyrr en síðar og varð þá að hálfgerðu gjalti, hvað stendur í samningnum sjálfum um þessi atriði. Og ég held, að þessi hæstv. ríkisstj., með tilliti til, hvernig hún hefur hagað sér í þessu máli, með tilliti til þess, hve hún hefur sagt oft ósatt um það hér á hv. Alþingi í vetur, með tilliti til þess, hvað hún hefur oft logið að þjóðinni, með tilliti til þess, sem hún hefur verið að gera í vetur, þá geti hún ekki vænzt mikils trausts hér í sölum Alþingis, þegar hún fer að túlka málið út fyrir það, sem stendur á prenti í samningnum sjálfum.

Ég er hræddur um, að það verði stoðlítið hjá Bretanum, eða honum er þá brugðið eða öðruvísi varið en maður hefur áður heyrt, hvernig hann heldur á málum, ef það þýðir fyrir hæstv. dómsmrh. að koma með lagaskýringu Háskóla Íslands á því, hvernig beri að skilja þennan samning, þegar ekkert stendur í samningnum, sem styður þá lagaskýringu.

Það var maður fyrir nokkrum dögum hjá mér, sem leit á þessa till. ríkisstj., þessa svokölluðu lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Hann sagði: Geta þeir ekki einu sinni haft fyrirsögnina — fyrirsögn tillögunnar í samræmi við efni hennar? — Hann bætti við: Auðvitað á ég við það, að þessi till. til þál. á að vera um lausn fiskveiðideilunnar, ekki við Breta, heldur fyrir Breta. — Og ég dreg ekki í efa, að þetta væri rétta orðalagið.

En auðvitað er hin óraunhæfa fyrirsögn þáltill. ekki annað en lítill forsmekkur af því, sem strax kom á eftir, eftir að till. var lögð fram á hv. Alþingi. Samstundis og till. var lögð fram, dundu yfir hinar furðulegustu moldviðrisblekkingar stjórnarblaðanna, og ekki var látið við það sitja, heldur var ríkisútvarpið einnig tekið í þjónustu þessa málstaðar. Og auðvitað hafa stjórnarblöðin síðan ekki látið sitt eftir liggja að gylla málið og skýra meir og minna villandi frá staðreyndum samningsins. Virðist þetta allt hafa verið gert til þess að reyna að festa blekkingarnar í hugum fólksins, áður en öðrum gæfist tækifæri eða tóm til að skýra opinberlega frá hinu rétta í málinu.

Það leiðir löngum af sjálfu sér, að sá, sem ber fram gott og heiðarlegt mál, hagar málflutningi sínum í samræmi við það, enda mundi annar málflutningur verða málinu til tjóns. Hér eru ekki slík vinnubrögð við höfð, enda hentar það ekki málstaðnum.

Margur spyr: Hvers vegna þessi vinnubrögð og málflutningur, þar sem fjallað er um örlagarika ákvörðun í einu hinu þýðingarmesta máli þjóðarinnar, sem varðar hana miklu bæði í nútíð og framtíð? Skýringin hlýtur að vera sú, að stjórninni er ljóst, að hún hefur bundið sig við vont mál, og veit, að eins og komið er, verður hún að standa eða falla með hagsmunamálstað Bretanna. Og til þess að gera stuðningsliði sínu á Alþ. og annars staðar mögulegt að standa með henni þrátt fyrir samvizkunnar mótmæli, þá verður hún að leggja þeim til eitthvert deyfilyf, einhverjar moldviðris röksemdir, sem hjálpa í bili, á meðan hæstv. ríkisstj. er að hraða afgreiðslu málsins út úr þinginu.

Eins og komið er, er öllum ljóst, að meðferð málsins á Alþingi er aðeins form, því að vitanlega er ríkisstj. búin fyrir sitt leyti að binda málið í viðjar þessa fáránlega Bretasamnings. Og stjórnarliðið allt er búið að binda sig í málið með sinni stjórn. Samningur þessi verður því fyrirsjáanlega samþ. hér á Alþ., þótt í algeru heimildarleysi sé að mínum dómi. Hér er fjallað á óviðurkvæmilegan hátt um stórkostlegt hagsmunamál þjóðarinnar, mál, sem hún hefur ekki gefið einum einasta þingmanni umboð til að semja um, hvað þá á þann hátt, sem hér er um að ræða. Samkvæmt því, sem á undan er gengið, hafa allir íslenzkir þingmenn aðeins eina skyldu og einn rétt í þessu máli, það er að standa skilyrðislaust vörð um 12 mílna fiskveiðilandhelgina án nokkurrar skerðingar um lengri eða skemmri tíma, — og ekki síður hitt, að varðveita óskertan einhliða rétt Íslendinga til frekari útfærslu, þegar þjóðinni þykir nauðsyn til bera. Eða hvaða þingmaður gæti haldið því fram, að hann hafi í þingkosningum 1959 lýst yfir, að hann hafi þá haft önnur sjónarmið í málinu? En fiskveiðideilan við Breta var einmitt eitt af þeim málum, sem mjög bar á góma, t. d. í haustkosningunum 1959, samhliða efnahagsmálunum. Í alþingiskosningunum í Austurlandskjördæmi þetta haust hélt ég því fram, að rökstudd ástæða væri fyrir því að óttast, að Sjálfstfl. og Alþfl. sætu á svikráðum í fiskveiðideilunni, eins og nú er líka komið í ljós, og að þeir vildu semja við Bretana þannig að veita þeim einhver friðindi innan 12 mílna fiskveiðimarkanna. Hitt lét ég mér þá ekki detta í hug, að þessir flokkar gengju svo langt að vilja afsala Íslendingum sjálfsákvörðunarréttinum um frekari útfærslu síðar. Ég skoraði þá á menn, sem voru í framboði eystra fyrir núv. stjórnarflokka, að lýsa viðhorfi flokka sinna og sinni persónulegu skoðun í málinu. Yfirlýsingar þessara frambjóðenda fyrir eigin hönd og flokka sinna voru sízt linari eða óákveðnari en frambjóðanda Framsfl. og Alþb., og kváðu þessir menn, að það kæmi ekki til mála, að þeir eða þeirra flokkar, ef þeir kæmust sjálfir á þing, tækju þátt í nokkrum þeim samningum við Breta, sem táknuðu afslátt í einhverri mynd frá núverandi ákvörðun Íslendinga. Að sjálfsögðu vildu austfirzkir kjósendur taka slíka yfirlýsingu gilda og munu hafa glaðzt yfir því, hve samstaða allra stjórnmálaflokkanna virtist vera mikil og einhuga

í þessu máli. En ég vil af þessu tilefni spyrja hv. 3. þm. Austf., Jónas Pétursson, hvaðan hann hafi umboð, hvort hann hafi það frá sínum kjósendum, að samþ. nú þennan smánarsamning. Og vitað er, að allt stuðningslið stjórnarinnar á Alþingi, er jafnheimildarlaust að samþ. samninginn. Þeir hafa ekkert umboð til þess frá þjóðinni, eins og allt er í pottinn búið. Það eina, sem á við í þessu máli, er, að ríkisstj. og stuðningslið hennar vilji samþ. að vísa málinu til þjóðaratkvæðis. Það er hið eina, sem stjórnarliðið og ríkisstj. getur gert, ef hún vill sjá sóma sinn í þessu máli.

Hér er um svo þýðingarmikið og örlagarikt mál að ræða fyrir þjóðina í heild, að hún ein er réttbær að fella úrskurð, hvort á að staðfesta þennan brezka samning eða ekki, og því frekar ber henni þessi réttur, þar sem hún hefur ekki gefið ríkisstj. né þingmönnunum umboð til að semja á þennan hátt um fiskveiðilandhelgina, heldur hefur hún þvert á móti verið fram að þessu einhuga að hvika í engu frá settu marki og halda áfram óhikað að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að vernda þennan rétt sinn. En stjórnin vill hraða málinu og vill nota til þess það hlé, sem gefst, á meðan moldviðri blekkinga hennar byrgir mörgum sýn til þess ömurlega sannleika, sem samningurinn hefur að geyma. Og auðvitað mun ríkisstj. halda áfram áróðri sínum og reyna að koma sem flestum til að trúa ágæti hans. Og svo gengur hún langt, að hún leyfir sér að kalla þennan samning glæsilegasta stjórnmálasigur, sem unninn hefur verið af íslenzkri ríkisstjórn á erlendum vettvangi. Og til þess að reyna að gera þessi háðungarorð sennilegri og til þess að reyna að berja þá skoðun inn hjá sem flestum, lætur hún blöð sín og útvarp dag eftir dag tína upp og flytja þjóðinni fregnir um, hversu Bretar séu sjálfir óskaplega óánægðir út af ákvæðum samningsins. Slíkar fregnir sem þessar eiga auðvitað að verka á hug fólksins þannig, að fyrst Bretar séu óánægðir, þá hljóti íslenzka ríkisstj. að hafa snúið óskaplega á Bretann og hún hafi náð öllum ávinningnum til Íslendinga.

En íslenzka ríkisstj. veit eins vel og Bretar sjálfir, að þetta er herfileg blekking. Hvenær mundi nokkur hygginn samningaaðili hæla sér hástöfum af því, hvað hann hafi snúið á þann, sem við var samið. Allra sízt mundu brezk stjórnarvöld láta henda sig slíkt, sem eru af öllum viðurkennd allra slyngasti samningsaðili á alþjóðavettvangi. Bretarnir eru því allra manna ólíklegastir til að veita íslenzku ríkisstj. slíka bakskellu, eftir að þeir með samningnum hafa dregið burst úr nefi hennar og tryggt sér meira en það bezta, sem þeim gat dottið í hug að ná í þessu máli, úr höndum Íslendinga. Það er því útlátalaust og raunar skylt af Bretunum að stuðla að því, að frá þeim heyrist kvartanir og opinber ramakvein, ef það getur gert íslenzku ríkisstj. auðveldara um vik að slá til hljóðs og berjast til sigurs á Íslandi fyrir málstað Bretanna.

Að sjálfsögðu hlutu svo einnig að koma fram óánægjuraddir þeirra Breta, sem telja sig hafa misst spón úr askinum sínum við útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1958. Slíkum mönnum finnst, að Bretar, sem í 70 ár hafa urlað með botnvörpu meira og meira og sífellt eyðilagt íslenzk fiskimið frá landsteinum út á djúp, eigi veiðiréttinn utan við þriggja mílna mörkin og því beri Bretum að hrekja Íslendinga með hervaldi aftur inn fyrir 3 mílurnar og gera brezkum skipum fært að stunda veiðar þangað, svo að þeir hafi líka möguleika að bregða sér þaðan til veiða upp að landssteinunum, ef tækifæri býðst.

Í ummæli þessara brezku yfirgangsmanna vitnar ríkisstj. m. a. málstað sínum til stuðnings og ætlast svo til, að fólkið álykti sem svo: Fyrst þessir menn eru óánægðir, hljótum við að hafa gert góðan samning.

En hvað réttlætir svo það að gera slíkan samning sem þennan, sem hér um ræðir? Er það fyrir það, að ríkisstj. telji skylt að veita Bretunum meiri rétt en öðrum þjóðum til að stunda áfram hina 70 ára gömlu rányrkju á íslenzkum grunnmiðum, nærri því umhverfis allt landið? Eða er það fyrir það, að ríkisstj. telji, að Íslendingar eigi Bretum meira en öðrum þjóðum upp að unna vegna framkomu þeirra gagnvart Íslandi í baráttunni um útfærslu fiskveiðilandhelginnar á liðnum tíma og því beri að verðlauna þá? Ekki getur ríkisstj. borið slíku við. Allir Íslendingar vita, að engin erlend þjóð hefur eins dólgslega og miskunnarlaust snúizt gegn hverri tilraun Íslendinga að friða firði og flóa landsins fyrir botnvörpu, og sömu sögu er að segja af viðhorfi Breta og afskiptum þeirra, þegar mjög hóflegar grunnlínuleiðréttingar voru gerðar og fiskveiðilandhelgin færð út í 4 mílur. Engin þjóð hóf þá gagnráðstafanir gegn þessari ákvörðun okkar nema Bretarnir, sem gerðu tilraun til að lama efnahagslíf okkar og þannig að reyna að svelta okkur til hlýðni við brezk hagsmunasjónarmið.

Þessi þrælatök Bretanna urðu á ýmsan hátt okkur til góðs, og það var líka lærdómsríkt að kynnast hinu ógrímuklædda andliti þeirra í garð lítilmagnans í norðri. Eða skyldi það koma á daginn, að samningafriðindin til Breta séu verðlaun fyrir framkomu þeirra gagnvart Íslendingum, eftir að fiskveiðilandhelgin var færð út í 12 mílur 1958? Engin þjóð hefur beitt okkur beinu eða óbeinu ofbeldi vegna þeirrar útfærslu á fiskveiðilandhelginni nema þeir, og allar þjóðir hafa í framkvæmd virt hana nema þeir. Með vopnuðu ofbeldi og mannránum hafa Bretar gert allt, sem þeir hafa getað, til að hindra okkur í að koma íslenzkum lögum yfir lögbrjóta á íslenzku yfirráðasvæði. Og svo langt hafa þeir gengið í ofbeldinu, að þeir hafa látið herskip sín hjálpa brezkum veiðiþjófum að fiska innan 4 mílna markanna og jafnvel hindrað töku þeirra, þótt á þá hafi sannazt, að þeir hafi veitt uppi undir landssteinum, eða innan 3 mílna markanna. Á að verðlauna Breta fyrir þetta með friðindasamningi? Eða er þessi samningur gerður við Bretana vegna þess, að vörn okkar gegn ofbeldi þeirra var þrotin og því frekari mótstaða þýðingarlaus? Þessu er ekki til að dreifa, heldur öfugt. Það voru Bretar, sem voru búnir að tapa þessari svokölluðu þorskastyrjöld, eins og sumar þjóðir kölluðu árás Bretanna á okkur. Auðvitað áttu og eiga brezk herskip alls kostar við okkar litlu og vopnvana varðskip, sem af mikilli prýði reyndu óhikað að vinna skyldustörf sín, þótt brezkir sjóliðsforingjar eftir skipun frá æðri stöðum beindu að þeim sínum mörgu og stóru fallbyssum með hótunum að skjóta varðskipin niður, ef þau létu ekki lögbrjótana brezku í friði. En þrátt fyrir þessar hótanir létu íslenzku varð-

skipin ekki hræða sig og voru á verði, þótt þau gætu sjaldnast framfylgt skyldustörfum sínum vegna hins brezka vopnavalds.

En vopnavaldið dugði ekki Bretum til sigurs í þessu máli, og bar margt til. Það vantaði ekki, að Bretar hefðu hér við land meira en nóg af stórum herskipum, fullmönnuðum, með alvæpni og búnum mörgum fallbyssum. En það var fleira en þetta, sem var þeirra fylgifiskur úr brezkri heimahöfn á íslenzk fiskimið. Þeim fylgdi sem skuggi og þungt farg þögul fordæming flestra þjóða, yfir sjóræningjaframferði þeirra gegn fámennri og vopnlausri þjóð, sem ekkert hafði til saka unnið annað en að reyna að varðveita lífsbjörg sína og réttindi til þess að lifa áfram mannsæmandi menningarlífi í landi sínu, öllum öðrum að meinfangalausu.

Þrennt mun hafa ráðið miklu um ósigur Bretanna í þessari ofbeldisstyrjöld þeirra við Íslendinga, og mun þó sjálfsagt fleira hafa komið til: Fordæming almenningsálits flestra menningarþjóða á framferði Bretanna, ásamt meira og minna opinskárri aðvörun ýmissa vestrænna ríkja um, að þeir hættu hinu vopnaða ofbeldi, þar sem það gæti dregið alvarlegan dilk á eftir sér í samvinnu vestrænna þjóða. Í öðru lagi óbilandi einurð og viljafesta íslenzku þjóðarinnar frá upphafi að láta ekki undan ofbeldinu. Og í þriðja lagi aðdáunarverð frammistaða íslenzku varðskipanna, meðan mest reið á og svo lengi sem þau máttu koma fram gagnvart brezkum veiðiþjófum á þann hátt, sem vera bar. Árangurinn af þessari frammistöðu varðskipanna íslenzku varð sá, að Bretar gátu ekki fiskað sér til ávinnings innan 12 mílna markanna, heldur venjulega öfugt, og þá fór glansinn að fara af herförinni, sem auðvitað út af fyrir sig kostaði líka mikla peninga.

Íslendingum var það fullljóst, að Bretar voru búnir að tapa málinu, og það mun hafa verið í þann mund, sem hinn íslenzki dómsmálaráðherra náðaði alla brezka landhelgisbrjóta. Sú ákvörðun sætti ekki teljandi gagnrýni sökum þess, að þjóðin hélt, að hér kæmi aðeins fram göfuglyndi ríkisstj. gagnvart sigruðum andstæðingi. En Bretum var þessi sakaruppgjöf ekki nægileg og litu á hana sem veikleikamerki ríkisstj. og hafa síðan notað tímann til að líðka og lempa íslenzk stjórnvöld á sporinu í áttina að þeim áfanga, sem Bretar settu sér, þ. e. að reyna að vinna hina íslenzku ríkisstj. með friðsamlegu móti til að fallast á samninga, fyrst ofbeldi dugði ekki. Og á þann hátt vildu Bretarnir með samningi við ríkisstjórnina svíkjast að íslenzku þjóðinni, sem þeir vissu að vildi ekki fallast á neinar tilslakanir í sambandi við sínar fyrri ákvarðanir í þessu efni.

Í byrjun þessa tímabils kölluðu Bretar herskip sín heim, en töldu það aðeins vera um stundarsakir, en framlengdu svo þetta vopnahlé aftur og aftur. Auðvitað máttu þeir ekki viðurkenna allt í einu, að brezka ljónið hefði tapað þessu þorskastríði við Íslendinga, og einnig urðu þeir að geta haft í hótunum við íslenzk stjórnvöld um að hefja stríðið aftur, ef þau létu ekki til leiðast að sýna næga auðsveipni.

Þegar það kvisaðist, að íslenzk stjórnarvöld voru í samningum við Bretana um fiskveiðilandhelgina, reis mikil mótmælaalda. Ríkisstjórnin gaf þá út hátíðlega yfirlýsingu um, að enginn fótur væri fyrir slíku og að hún mundi aldrei semja um þetta mál við Breta, en þau viðtöl, sem ættu sér stað, væru aðeins samkvæmt eindreginni ósk Breta að fá að ræða ágreiningsmálin almennt. Væri það kurteisisskylda íslenzku stjórnarinnar að verða við slíkri ósk. En þegar svo brezk sendinefnd kom til landsins til að ræða þetta mál, sló óhug á marga, og menn óttuðust, að þrátt fyrir fyrri fullyrðingar ríkisstj. væri hún búin að binda sig í samningamakk við Breta um íslenzku fiskveiðilandhelgina. Enn lýstu íslenzk stjórnarvöld því hátíðlega yfir, að ekkert slíkt ætti sér stað, viðræðurnar hefðu aðeins snúizt almennt um hin mismunandi sjónarmið og ríkisstj. þætti eðlilegt að geta kynnt Bretum sem bezt og nákvæmast hin íslenzku viðhorf. Að vonum var uggur þjóðarinnar ekki kveðinn niður með þessu. Var líka öllum vitanlegt, að langar og síendurteknar viðræður við brezk stjórnarvöld um álit og viðhorf Íslendinga í fiskveiðideilunni voru alveg óþörf, því að frá upphafi var engum kunnara en Bretum hinn íslenzki málstaður og ákvörðun þjóðarinnar að standa á rétti sínum.

Og tímar liðu, og einatt bárust böndin meir og meir að hinni íslenzku ríkisstjórn, að hún væri að semja við Breta um einhver friðindi þeim til handa. En ætíð, þegar hún var að spurð, sór hún sig frá slíkum verknaði, og fyrir nokkru, þegar hún var spurð í tilefni af ummælum brezkra blaða, staðhæfði ríkisstj. kalt og rólega, að slíkt væri flugufregn ein og ekkert þvílíkt stæði til. En í ljósi þess, sem nú er skeð, virðist augljóst, að þegar ríkisstj. afneitaði síðast þessum verknaði sínum, þá hafi hún verið búin að semja, að minnsta kosti um öll aðalatriði, og allan tímann, sem ríkisstjórnin hefur verið að afneita þessum verknaði sínum, hefur hún ábyggilega staðið í samningamakki við Bretana. Verður að segja, að slíkt er í meira lagi óhugnanlegt og ógeðslegt fyrirbæri og einsdæmi, að nokkur ríkisstjórn í lýðræðislandi vogi sér að haga sér á þennan hátt. Og hér er vissulega um að ræða óskammfeilið virðingarleysi fyrir orðum og eiðum gagnvart þjóð sinni. Og svo bætir það ekki úr skák, að þetta er smánarsamningur, sem ríkisstj. hefur gert á bak við hana og á hennar kostnað. Svo þegar þessi smán er alþjóð kunn, samanber innihald þessarar þáltill., kalla valdhafarnir samninginn stóran sigur fyrir íslenzku þjóðina, og ekki nóg með það, heldur vill ríkisstj. halda því að henni, að samningurinn innihaldi annað og betra fyrir hana en raun ber vitni samkvæmt orðanna hljóðan.

Þrátt fyrir þessa sögu, þessar staðreyndir, sem ég hef lauslega rifjað upp, koma hér fram ráðh., sem furða sig á því, að þingheimur skuli ekki taka gilt það, sem þeir eru að segja okkur, en við sjáum að ekki á stoð í þeim samningi, sem þeir ætlast til að Alþingi samþykki.

Ríkisstj. segir, að með samningnum viðurkenni Bretar 12 mílna fiskveiðilandhelgi okkar. En hið sanna er, að Bretar veita enga formlega viðurkenningu, heldur láta kyrrt liggja, eins og þeir gerðu um skeið gagnvart 4 mílna landhelginni. Þetta þýðir það að mínu áliti, að Bretar geta aftur hafið ofbeldisárásirnar allt inn að 3 mílna línunni, ef þeim býður svo við að horfa, alveg eins og þeir

tóku upp árið 1958 að virða ekki 4 mílna landhelgina og báru það fyrir þá, að þeir hefðu aldrei formlega viðurkennt hana. Gagnvart 12 mílna línunni geta því Bretar haft á lofti refsivöndinn á íslenzku þjóðina, hvenær sem þeim finnst, að Íslendingar séu svo óþægir við þá, að þeir verðskuldi refsingu, og þetta virðast þeir geta gert, án þess að formlega sé nokkuð hægt að að finna.

Stuðningsblöð stjórnarinnar segja, vafalaust með samþykki ríkisstj., að samningurinn þýði það, að Bretar fari aldrei aftur inn fyrir 12 mílna mörkin. En samningurinn er heimild fyrir Breta, og svo að sjálfsögðu allar aðrar þjóðir, að stunda fiskveiðar hér við land með botnvörpu og öllum öðrum veiðitækjum allt inn að 6 mílna mörkunum. Þetta á að gilda í 3 ár, innan landhelgi og inni á fiskveiðisvæðum allra landsfjórðunganna, en Vestfirðir eru undanskildir. En hver er svo tryggingin fyrir því, að Bretar hætti veiðum á þessum svæðum eftir 3 ár? Engin. Og ef þessi ríkisstj. ætti að sitja við völd þessi sömu 3 ár, þá þarf enginn að furða sig á því, miðað við það, sem á undan er gengið, þótt hún framlengi veiðirétt Bretanna um eitthvert árabil. En ef slíkt væri ekki til staðar, þá hafa Bretarnir fyrr og síðar brallað annað eins og meira en það að halda veiðunum áfram án leyfis, — segja: Við höfum aldrei formlega viðurkennt 12 mílna fiskveiðilandhelgi ykkar, og því teljum við okkur hafa rétt til veiða inn að 6 mílum og raunar nær landi en það.

Ríkisstjórnin segir, að Bretar hafi leyft okkur að leiðrétta nokkra grunnlínupunkta í tilefni af þessari samningsgerð, og stjórnin lætur svo sem Bretar hafi þar með gefið okkur vænar sneiðar af sænum skammt undan ströndum landsins.

Hið sanna er, að við áttum orðið þann rétt að leiðrétta grunnlínupunktana í kringum landið, ekki eingöngu þá, sem hér er um að ræða í þessum brezka samningi, heldur nokkra fleiri, sem engu eru þýðingarminni samanlagt en þeir, sem nú er um rætt. Þessa leiðréttingu á grunnlínupunktunum ætlaði íslenzka þjóðin auðvitað að framkvæma, strax og henta þætti, og það án þess að spyrja sérstaklega Breta eða aðrar þjóðir að, enda er slíkt réttur hennar.

En nú hefur íslenzka ríkisstj. samið af Íslendingum þennan sjálfsákvörðunarrétt, og verður hann framvegis í höndum Breta og alþjóðadómstólsins, og það er það svartasta við samninginn, sem eitt nægir til þess að fordæma aðgerðir þessarar ríkisstj. í nútíð og framtíð. Samkvæmt þessum samningi erum við látnir gefa eftir ákvörðunarrétt okkar um að færa út fiskveiðilandhelgina meir en orðið er. Ef við viljum reyna slíkt, verðum við að sækja undir Bretans náð og síðan til alþjóðadómstóls, sem mun varla hafa nokkur lög til að dæma eftir í svona máli, og má þá öllum vera vitanlegt og ljóst, hve Bretar hafa sterka aðstöðu til að eyða málinu fyrir okkur við þennan dómstól.

Síðan 1948 og raunar fyrr hafa allar aðgerðir og vinnubrögð íslenzku þjóðarinnar í því að færa út landhelgina verið mótuð af tvennu: því að nota ævinlega alla möguleika til hins ýtrasta að færa fiskveiðilandhelgina út, eins og mögulegt var á hverjum tíma, og jafnframt hefur það verið ófrávíkjanlegt sjónarmið að varðveita ætíð og ævinlega rétt þjóðarinnar til að færa síðan áfram út landhelgina með einhliða ákvörðun, þegar nauðsyn væri talin bera til, og við höfum haldið því fram, að við hefðum þennan rétt, svo langt sem landgrunnið nær.

Nú er samið við Bretana að falla frá þessum rétti og þessari framtíðarákvörðun, og er slíkt vitanlega algerlega fordæmanlegt. Og það má spyrja: Eru ekki önnur ókjaraatriði þessa brezka samnings nægileg, þótt hendur þjóðarinnar séu ekki bundnar um alla framtíð hvað snertir frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar, þegar lífsnauðsyn þjóðarinnar kann að krefjast? Er ekki nægilegt að afhenda Bretum og öðrum þjóðum fiskveiðilandhelgina inn að 6 mílna mörkunum og láta þar með öll tilheyrandi fiskimið fara aftur í hreina örtröð undan botnskófum mörg hundruð erlendra togara og íslenzkra, og auk þess fylgja í kjölfar þeirra mörg hundruð erlend fiskiskip með alls konar nútíma veiðitækni?

Við Austfirðingar erum ekki látnir fara varhluta af þessari föðurlegu — eða hitt þó heldur — ráðstöfun ríkisstj., og var kannske ekki við öðru að búast, enda er það staðreynd, að enginn landshluti er eins miskunnarlaust seldur undir ok Bretans og Austfirðir. Sér nú á, að Sjálfstfl. er búinn að eignast einn þingfulltrúa í þessum landshluta, og eru Austfirðingar og þessi maður ekki öfundsverðir af því hlutskipti. Má telja augljóst, að það sem ríkisstj. hefur ekki að fullu enn tekizt með efnahagsráðstöfunum sínum þar eystra, skal nú Bretinn leggja smiðshöggið á, ef mögulegt er. Ágengni erlendra togara var löngum og er mikil og tilfinnanleg fyrir Austfjörðum, enda var svo víða komið, þegar fiskveiðilandhelgin var færð út 1958, að útgerð trillubáta og smærri bílfarsbáta, sem eingöngu urðu að binda sig við heimanróðra, var víðast og þá sérstaklega við Norðausturland komin í rúst. En ótrúlega fljótt eftir útfærslu í 12 mílur virtust útgerðarmöguleikarnir breytast til batnaðar, og vonir manna um hagstæðari framtíð við útgerð á smærri útgerðarstöðum norðaustanlands fóru vaxandi. Nú er sá draumur búinn og það um ófyrirsjáanlega framtíð, því að á verulegum hluta af núverandi fiskislóðum þessara staða eiga togarar og önnur útlend skip að fá að veiða. Grunnlínuútfærslan á þessum slóðum austan Langaness var æskileg og sjálfsögð út af fyrir sig, og henni hefði verið fagnað, ef hún hefði ekki verið keypt að óþörfu af Bretanum og auk þess of dýru verði og m. a. á kostnað fiskveiða aðliggjandi staða. Staðreyndin er sú, að þessi grunnlínuútfærsla ein út af fyrir sig bætir sáralítið úr og eykur lítið við fiskimið smærri báta og nær raunar ekki tilgangi sínum, fyrr en óskert 12 mílna landhelgi bætist þar við.

Það er auðséð, að Bretar hafa alveg fengið að ráða því, hvernig þeir fiskuðu við Austurland. Fyrir Norðausturlandinu mega þeir fiska í 8 mánuði á hverju ári, og inn í það tímabil fellur allur sá tími, sem fiskivon er þar fyrir báta á heimamiðum, og einnig fellur það inn í fiskitíma togaranna, þann tíma, sem von er um, að fisk sé hægt að fá með því að sækja að Langanesströnd. Útgerðinni við Norðausturland verða því aftur með þessari ráðstöfun allar bjargir bannaðar. Og í stórum dráttum munu útgerðarplássin á Austfjörðunum hafa það sama að segja hvað snertir nytjar af heimamiðum.

Stjórnarliðið er nú með bros á vör yfir því, að andstæðingar þessa máls hér á Alþingi eru ekki þess megnugir að stöðva framgang málsins. En leynist ekki uggur í brjósti margra stjórnarsinna út af afleiðingum þessa samnings? Og er ekki því miður hugsanlegt, að sá uggur, sem þeir kunna nú að bera í brjósti vegna þessa máls, verði strax á næsta sumri að óttalegri staðreynd, — þeirri staðreynd m. a., að erlendur síldveiðifloti geri íslenzka sumarsíldveiði enn aumari en hún hefur nokkurn tíma áður verið eða allt að því eyðileggi hana. En þá er of seint að iðrast. Íslenzk útgerð mun sitja uppi með tjónið af þessum samningi og þá um leið öll þjóðin, en skömmina hljóta þeir, sem gerðu og studdu að framgangi hans.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Vorið 1958 voru hörð átök í íslenzkum stjórnmálum. Þá ríðaði ríkisstj. til falls, svo sem kunnugt er. Þessi átök voru um það, hvort færa ætti út íslenzka fiskveiðilögsögu eða ekki. Vegna þess, að þá var örugg forusta í ríkisstj. landsins og giftusamlega á málum haldið, þá tókst að framkvæma það að færa út landhelgina með reglugerðinni frá því síðast í maí 1958. Þess skulu menn minnast nú, að ef það yrði staðreynd, að 12 mílna fiskveiðilögsaga yrði viðurkennd við Íslandsstrendur, þá er það vegna þess, að vinstri stjórninni tókst 1958 að framkvæma það verk. Það var ekki heldur átakalaust innan þeirrar stjórnar að koma því verki fram.

Það mál, sem hér er á ferðinni nú um að semja í sambandi við landhelgi Íslands, er á allt annan veg en þá var ákveðið. En mér segir grunur um það, að rætur þessa máls megi rekja til vordaganna 1958, og ég hef alið þá skoðun með mér, að einmitt þau samtök, sem þá áttu sér stað á milli núverandi stjórnarflokka, hafi verið upphaf að því stjórnarsamstarfi, er síðar hefur orðið, og þetta mál, sem nú er hér til meðferðar, sé meiri tengiliður á milli þessara tveggja flokka en aðra hefur grunað. Enda þótt ég muni sýna fram á það hér á eftir, að þjóðin hefði mátt ætla, að á annan veg yrði niðurstaða þessa máls en nú virðist ætla að verða, þá held ég samt, að það megi rekja ræturnar einmitt til þess, er þá átti sér stað. Og mig langar til að nota þann tíma, sem ég ætla að tala hér á þessum hv. fundi, til þess að ræða nokkuð um framkvæmd málsins.

Ég vil í fyrsta lagi minna á það, að íslenzka þjóðin hefur haldið því fram og það með réttu, að þetta mál væri hafið yfir venjulegar flokkadeilur, hér byði þjóðarsómi, hér væri svo mikið undir komið um afkomu þjóðarinnar í heild, að hér mættu ekki flokkasjónarmið ráða, heldur sjónarmið þjóðarinnar í heild. Og þegar farið var að undirbúa reglugerðina 1958, var það gert með þeim hætti, að til verksins var fengin sérstök nefnd, sem allir flokkar áttu fulltrúa í, líka stjórnarandstaðan. Á þetta vil ég minna nú, því að það skýrir betur en margt annað það, sem nú er að gerast. Ég vil líka minna á það, að þegar kom til framkvæmdanna, var farið að þessu máli með fullri gætni. Og eins og okkur bar sem einni af þjóðum Atlantshafsbandalagsins, var bandalagsþjóðum okkar í Atlantshafsbandalaginu tilkynnt, hvað til stæði. Málið var skýrt fyrir þeim þjóðum vorið 1958, og þeim var gerð grein fyrir því, að hverju við stefndum.

Þegar ég hlustaði á umr. um þetta mál í hv. Ed. í haust og einnig nú í útvarpsumræðunum um daginn, komu þar fram atriði í sambandi við viðskipti okkar við NATO, sem komu mér mjög ókunnuglega fyrir. Því var haldið fram bæði í umr. í haust og einnig í þessum umr., að Hermann Jónasson, þáv. hæstv. forsrh., hefði gjarnan viljað semja við NATO-þjóðirnar, og því hefur verið slegið upp í Alþýðublaðinu: Hermann vildi semja. — Ég leyfi mér að skírskota til hæstv. ráðh. Alþfl., sem þá voru. Ég veit, að þeir muna þessi mál betur. Þeir vita vel, að það, sem við vorum að gera 1958, var það, að við héldum okkur við þá samninga, sem okkur bar sem bandalagsþjóð í Atlantshafsbandalaginu. Þeir vita vel, að við framsóknarmenn vorum fylgismenn þess, að þetta mál yrði kynnt eins og bezt mátti verða. En þeir vita líka vel, að það var enginn maður fjær því að hefja samninga en Hermann Jónasson. Þeir vita ósköp vel, að það var ekki á andstöðu þeirra Alþfl.-ráðherranna, sem það strandaði, að ekki voru teknir upp samningar innan NATO. Þetta er þeim ljóst, og það þýðir ekki að berja sér á brjóst og segja annað nú. Ég verð að segja það við þá hæstv. ráðh., að slíkur málflutningur gerir þá menn, sem honum beita, minni í mínum augum en áður hefur verið, og mér kom það mjög á óvart, þegar ég heyrði þá beita slíkum rökum eða rökleysi. Þeir vita ósköp vel, að það var á andstöðu Framsfl., sem strandaði, að farið væri út í samninga um málið 1958. Þeir vita líka vel, að ef við hefðum gert það, þá hefði málið strandað. Þetta vita þeir manna bezt og eiga ekki að leyfa sér að vera með blekkingar í þessu máli. Það er haldlaust í alla staði.

Eins og ég drap á áðan, tókst svo giftusamlega til fyrir forustu Framsfl., að útfærslan var gerð. Og það kostaði mikil átök. Það muna það allir, eins og ég drap á í upphafi máls míns, sem þessum málum voru kunnugir þá, að ríkisstj. riðaði til falls. En vegna hvers riðaði hún til falls? Það var af því, að Alþfl. var að bila, og hann fékkst ekki til þess að standa að framkvæmd verksins, fyrr en honum var ljóst, að það gæti kostað kosningar, ef stjórnin félli þá. Það vildi hann forðast, og þess vegna var hann með hangandi hendi fylgismaður málsins.

Sjálfstfl., sem einnig hafði verið kvaddur til ráða um þetta mál, gaf yfirlýsingu hinn 21. maí 1958, og niðurlag hennar er þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Sjálfstfl. getur ekki fallizt á þessa ákvörðun Framsfl., sumpart vegna efniságreinings og sumpart vegna ágreinings um málsmeðferðina.“

Þegar ákvörðun hafði verið tekin um útfærslu landhelginnar, þá gerðist það ekki, að þjóðin stæði einhuga að málinu, heldur gerðist það, að allt sumarið 1958 og fram til 1. sept. var haldið uppi í Morgunblaðinu alls konar áróðri gegn íslenzkri fiskveiðilögsögu. Það var hvað eftir annað verið að skýra frá því, sem í erlendum blöðum stæði um þetta, og þeirra málstaður var næstum því gerður að málstað Morgunblaðsins. Þeir Morgunblaðsmenn sýndu ekki sumarið 1958, að þeir væru fylgismenn útfærslunnar. Það var síður en svo, því að allur þeirra blaðakostur var notaður í gagnstæða átt.

Og það var ekki fyrr en þeim var fullkomlega ljóst, að þjóðin stóð einhuga um málið, að þeir breyttu um stefnu, og eftir að þeim á Akranesi hafði tekizt fyrir ötula forustu Péturs Ottesens að koma samþykktinni um málið inn í Morgunblaðið síðustu dagana í ágúst, var skipt um stefnu hjá Morgunblaðsmönnum. Hollusta þeirra við málið var ekki fyrr en á síðustu stundu. Þegar þeir töldu, að þeir væru búnir að tapa málinu, þjóðin mundi sameinast um það, þá snerust þeir einnig með því. En allt sumarið var vitnað í gagnstæða átt.

Hver eru nú áhrifin af því, að þessari stefnu var haldið uppi í Morgunblaðinu 1958 og sama vella kom fram hjá Alþfl., þegar málið var afgreitt? Það orkar ekki tvímælis, að það var fylgzt með þessu máli á erlendum vettvangi. Bretinn vissi vel, hvað var að gerast á Íslandi, og honum varð þá ljóst, að það var ekki fullkomin eining um málið í fremstu röðum íslenzkra stjórnmálamanna. Ekki orkar það heldur tvímælis, að framkoma Alþfl. í ríkisstj. og Morgunblaðsins sumarið 1958 varð til þess, að Bretinn leyfði sér að senda hingað sín herskip. Ef þeim hefði verið það fullkomlega ljóst, að hér yrði aldrei slakað á, hér yrði aldrei um neina samninga að ræða, þá hefðu þeir ekki farið út í það ævintýri. En þeir hugsuðu sem svo: Þeir menn, sem eru þessu raunverulega andstæðir, geta komið til valda síðar, og þá heppnast okkur leikurinn. Þess vegna er óhætt að fullyrða, að einmitt framkoma Alþfl. í ríkisstj. og Morgunblaðsins 1958 varð til þess að bjóða Bretunum heim. Þessu á þjóðin einnig að muna eftir í dag.

Þá hefur nokkuð verið um það rætt, hvort Bretinn hefði getað haldið því áfram að vera í þessu stríði við okkur. Það hefur verið á það bent, að aflaleysi brezku togaranna var svo mikið, að það var vonlaust að halda áfram þeirri útgerð, sem þeir hafa rekið hér við strendur Íslands, síðan útfærslan var gerð. Það var ekki heldur formandi að ætla sér að stunda útgerð við Ísland án þess að eiga þess kost að geta komizt í landvar á Íslandi. Þeir vetur, sem liðnir eru, síðan útfærslan var gerð, hafa verið óvenju mildir. En ef íslenzkur vetur hefði sýnt sig í þeim ham, sem hann getur orðið, þá hefði það ekki verið formandi fyrir nokkurt skip að geta ekki í höfn komizt, enda vissu hinir brezku það, að þeir gátu ekki haldið þessu áfram og urðu að finna leiðir til þess að koma sér út úr sínum eigin vanda. Þá var það líka vitanlegt, að það var mikil gagnrýni á aðstöðinni við brezku togarana heima í Bretlandi. Þetta var mikill kostnaður, sem brezka þjóðin varð að leggja á sig vegna útgerðarinnar við Ísland, og það var gífurleg gagnrýni á því. Þess vegna stóð brezka þjóðin ekki samstæð um þetta, og þessi gagnrýni hafði farið vaxandi.

En það, sem Bretum reið á, var að halda áfram, þangað til sú von rættist, að hér á landi fyndust Íslendingar, sem vildu aðstoða þá. Það var það, sem þeir kepptu að, og það virðist þeim nú ætla að takast.

Það hefur komið fram í þessum umr., að það sé rétt á þessu stigi málsins að semja við Bretann, þó að það hafi hins vegar sýnt sig, að hann var búinn að tapa þessu stríði, sem hann hafði háð hér. Mér þykir því rétt að víkja nokkuð að því, hvort íslenzka þjóðin gat vænzt þess vegna þeirra yfirlýsinga, sem stjórnmálaflokkarnir hefðu gefið í þessu máli, að samið yrði við Breta, og hver er ástæðan fyrir því, að sérstaklega er samið við Breta.

Það hefur verið spurt um það í umr. um þetta mál, á hvaða réttargrundvelli ætti að gera samninga, ef samningar yrðu gerðir. Í sambandi við Genfarráðstefnuna í vor sagði Morgunblaðið frá því, þegar till. Bandaríkjamanna o. fl. var felld þar á atkv. Íslands, að hinum sögulega órétti hefði verið bægt frá. Það var því ekki hægt að ætla, að þessi sögulegi órétturr yrði til þess að skapa grundvöll handa Íslendingum til þess að semja við Breta. Hvaða ástæða var líka til þess að semja við Breta eina um íslenzka landhelgi, en ekki aðrar þjóðir? Í þessu sambandi ber fyrst að minna á það, að íslenzka þjóðin hefur haldið því fram í öllum umr. um landhelgismálið, að hún hefði ekki við neina að semja, þetta væri innanríkismál, en ekki utanríkismál, svo að hún þyrfti ekki að semja við aðrar þjóðir um það. Hún hefði rétt til einhliða ákvörðunar í málinu og við þann rétt mundi hún halda sig. Hér var því ekki um lítið atriði að ræða. Nú er verið með samningum að þverbrjóta þessar yfirlýsingar. Á hvaða réttargrundvelli fara svo þessir samningar fram? Ég sé ekki, að grundvöllurinn sé neinn annar en að virða rétt hins sterka. Hinum sterka og ósvífna á að gefa meiri rétt en hinum, sem skikkanlega fara að. Það er það, sem hér er að gerast þessa dagana, það er réttur hins sterka og ósvífna, sem á að virða umfram aðra.

Hæstv. dómsmrh. vék að því hér áðan, að það, sem hér væri verið að gera, væri að framkvæma þáltill. frá 1959. Það mun ekki hafa verið skilningur þjóðarinnar, að sú till. skapaði nokkrum rétt til þess að vera með undanslátt í landhelgismálinu. Það var skilningur íslenzku þjóðarinnar, þó að eigi samkvæmt klókri lögfræði að skýra þetta á annan veg nú, að hér væri girt fyrir það, að nokkur undanslátturr gæti átt sér stað, og þegar hæstv. núverandi ríkisstj. komst til valda, lýsti hún þessu yfir 20. nóv., daginn sem hún tók við völdum, í sambandi við landhelgismálið:

„Þá þykir ríkisstj. rétt að taka fram, að stefna hennar í landhelgismálinu er óbreytt eins og hún kemur fram í samþykkt Alþ. 5. maí 1959.“

Þetta hefur öll íslenzka þjóðin skilið á þann veg, að um engan undanslátt gæti verið að ræða, og í kosningunum bæði vorið og haustið 1959 þótti það svo fráleitt að ætla það nokkrum frambjóðanda, að hann væri til viðtals um samninga við Breta um undanslátt í landhelgismálinu, að slíkt þótti ekki svaravert. Þessu var margyfirlýst á öllum þeim framboðsfundum, sem ég tók þátt í, og núverandi stjórnarliðar voru þar ekki eftirbátar annarra frambjóðenda um stór orð og miklar yfirlýsingar.

En þessar yfirlýsingar eru ekki þær einu yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið í þessu máli, og mig langar til þess að minna á nokkrar, til þess að við getum áttað okkur á því, hvort það var ástæða til að ætla, að út í samninga yrði farið nú. Það er líka nauðsynlegt, að við gerum okkur grein fyrir þessum yfirlýsingum, þegar við eigum að fara að standa frammi fyrir þeim yfirlýsingum, sem nú er verið að gefa í sambandi við þann samning, sem hér á að fara að staðfesta.

Þann 8. apríl s. l. fór hæstv. sjútvmrh., Emil

Jónsson, með utanríkismál í fjarveru hæstv. utanrrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar. Þá sagði hann, hæstv. ráðh. Emil Jónsson, m. a. þetta — með leyfi hæstv. forseta — hér á hv. Alþ.:

„Ríkisstj. er öll sammála um, að halda beri fast á þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið af fulltrúum Íslands í Genf, þ. e. undansláttarlausri kröfu um 12 mílna fiskveiðilögsögu, og enn fremur, að möguleika verði haldið opnum um frekari stækkun fiskveiðilögsögunnar.“

Þann 28. apríl s. l. sagði hæstv. forsrh. þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef ekkert umboð frá neinum í þessu þjóðfélagi til að afsala Íslandi 12 mílna fiskveiðilandhelgi.“ Og hann talaði um fátæka mannsins eina lamb, sem hann hefði ekkert umboð til þess að fórna og þaðan af síður nokkurn vilja.

Það hafa fleiri yfirlýsingar verið gefnar, sem bentu til þess, að ekki væri gert ráð fyrir, að samningar yrðu gerðir.

Hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, skýrði frá Genfarráðstefnunni 7. maí og sagði þá m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Við miðuðum allt okkar starf að því að tryggja 12 mílna fiskveiðilögsögu og standa gegn öllu, sem skemmra gengur. Við munum berjast gegn öllum frádrætti, hverju nafni sem nefnist, tímatakmörkunum eða öðru, — gegn öllu, sem veitir öðrum þjóðum fiskveiðiréttindi innan 12 mílna við Ísland.“

Haldið þið, hv. alþm., að þær yfirlýsingar, sem hæstv. utanrrh. er að gefa þingi nú og þjóðinni um það, hvernig fari um samninginn, sem hann er að gera nú við brezku ríkisstj., hvernig fari um framkvæmd á honum eða að hann verði ekki framlengdur á neinn veg, — haldið þið, að sú yfirlýsing sé meira virði en þessi? Er ekki þessi yfirlýsing nægjanleg til þess, að fólk með skikkanlega dómgreind og venjuleg viðhorf í málefnum skilji þetta sem algerða neitun? Ég er sannfærður um það, að íslenzka þjóðin skilur svo, að þegar slíkar yfirlýsingar eru gefnar, þá muni ekki sömu aðilar, áður en ár er liðið, vera búnir að kokrenna yfirlýsingu sinni, eins og ekkert hefði gerzt. Það þarf meira en vitt kok til þess, að svo sé gert. En það er einmitt þetta, sem hæstv. ríkisstj. er að gera og gefur þá út nýjar yfirlýsingar um framkvæmdina á því, sem hún er að semja um. En þær yfirlýsingar munu ekki reynast haldmiklar fyrir núverandi ríkisstj. Það er ekki hægt að halda áfram endalausum blekkingum. Það er skilið, fyrr en skellur í tönnum.

Það var ekki ástæða til að ætla, að til samninga yrði farið eftir allar þessar yfirlýsingar, og fram eftir öllu sumri var verið að gefa yfirlýsingar um það, að samningar við Breta kæmu ekki til greina. En hvað hefur skeð? Þann 10. ágúst var gefin út tilkynning um það, að ekki væri verið að semja við Breta. Nei, nei, það var nú eitthvað annað. Það var bara verið að tala við mennina til þess að sýna þeim eðlilega kurteisi. Árangurinn af samtölunum birtist í þingskjalinu, sem við erum nú að ræða um.

En hvað gerðist? Það gerðist fleira en það eitt, að tekin voru upp samtöl við Breta um landhelgismálið, þegar þeir samningar voru hafnir. Það gerðist það, að nú var ekki verið að hugsa um einingu þjóðarinnar, það var ekki verið að bjóða stjórnarandstöðunni að taka þátt í þessum samningum. Nú koma þeir hæstv. stjórnarsinnar og básúna mikið yfir því, hvílíkt ábyrgðarleysi sé hjá þessari stjórnarandstöðu, alltaf sé hún á móti málum. En þeir eru ekki að skýra frá því, hvaða rétt þeir gefa stjórnarandstöðunni. Þeir eru ekki að skýra frá því, að þegar þeir hófu þessa samninga, þá voru þeir ekki að leita eftir því við stjórnarandstöðuna, að hún ræddi málið líka og kynnti sér það, ef það mætti leiða til þess, að eining yrði um málið. Það var eitthvað annað. Það var engin tilraun gerð til þess að ná samstöðu um málið, heldur er stjórnarandstaðan fyrirlitin, og svo er blásið á hana á eftir um það, að hún vilji enga samvinnu eiga um neitt mál. Það gat verið eðlilegt, að stjórnarsinnum væri það ljóst, að um þetta mál fengju þeir ekki samstöðu. En þeirra verknaður var hinn sami, því að það var engin tilraun gerð til þess að halda þeirri einingu, sem alltaf hefur verið í landhelgismálinu til þessa.

Áður en ég vík að þeim samningum, sem hér hafa raunverulega verið gerðir, — vil ég víkja nokkuð að því, sem Alþýðublaðið hefur mjög rætt um þessa síðustu daga, þ. e. um vestræna samvinnu. Þeir hafa rætt mikið um það, að við framsóknarmenn værum ekki góðir í hinni vestrænu samvinnu, við sætum þar á svikráðum. Og þá gáfu þeir auðvitað sínar eðlilegu skýringar á því.

Í þessu sambandi vil ég minna á það, að þegar landhelgismálið var í okkar höndum, eins og ég benti á áðan, þá héldum við alla okkar samninga við vestrænar þjóðir um meðferð málsins. Við sýndum þeim á engan hátt nein svik eða nein brigðmæli í sambandi við það. Við höfum aldrei brugðizt vestrænni samvinnu, þegar á það hefur reynt. En það er eitt, sem við virðum meira en vestræna samvinnu, það er okkar eigið mál. Það getur vel verið, að ritstjóri Alþýðublaðsins sé þannig settur, að hann þurfi að meta meira vestræna samvinnu en hagsmuni landa sinna, og þess vegna á hann eina skýringu til: Framsóknarmenn meta ekki vestræna samvinnu, þeir þurfa að taka tillit til hinnar austrænu. — Það eitt getur þessi ritstjóri Alþýðublaðsins, hv. 5. þm. Vesturl., skilið, að þeir, sem ekki snúa til vesturs, þeir verða að snúa til austurs. En að meta málefni íslenzku þjóðarinnar meira en tillit til vestrænnar samvinnu eða austrænnar, það er ofar skilningi hans.

Var það framlag til vestrænnar samvinnu, sem Bretinn lagði fram, þegar hann fór með herskip sín inn í íslenzka landhelgi? Var það til þess að tryggja hana? Nei, Bretinn leit fyrst og fremst á sína hagsmuni og mat þá meira. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er ekki framlag til vestrænnar samvinnu að ganga á hagsmuni íslenzku þjóðarinnar. Því aðeins verður vestræn samvinna hér með eðlilegum hætti, að við metum málefni íslenzku þjóðarinnar meira, og það þýðir ekki, hvorki fyrir utanrrh. né aðra, að brosa að slíku. Þeir munu sanna það, að íslenzka þjóðin metur þá mest, sem meta hennar hagsmuni umfram það að fá vinskap hjá þeim, sem þeir halda að séu sér æðri. Þess vegna er það ekki til stuðnings vestrænni samvinnu að bregðast málstað sinnar eig-

in þjóðar í þeirri von, að þeir ávinni sér vinskap herraþjóða. En þeir munu sanna það, að það er ekki virðing, sem þeir njóta hjá öðrum, er sýna undanlátssemi í málefnum sinnar eigin þjóðar.

Þá kem ég nokkuð að sjálfum samningnum, sem hér á að fara að gera og að vísu er búið að ræða hér allmikið. Ég ætla mér ekki þann hlut að fara út í lögskýringar þær, sem hæstv. dómsmrh. var með hér áðan eða þeir hæstv. ráðherrar, sem eru í lögum lærðir og prófessorar, — hafa verið það a. m. k. tveir hæstv. ráðh. En út af fyrsta atriðinu vil ég þó segja þetta: Hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan, þegar hann áréttaði það, sem hann sagði í útvarpsræðu sinni, að fyrsta atriðið væri samkvæmt íslenzka textanum svo skýr viðurkenning á landhelginni sem á yrði kosið. „Þetta er svo skýr viðurkenning sem á verður kosið," sagði hæstv. ráðh. En svo segir hann síðast í sinni ræðu, eftir að hann er búinn að lesa upp álitið frá lagaprófessorunum við háskólann, að enski textinn gefi meiri rétt en sá íslenzki. Ég verð að segja það, að mig skortir skilning til þess að skilja það, að þegar ákvæðið er svo skýrt og viðurkenningin svo afdráttarlaus sem á verður kosið, þá sé hægt að koma með fyllri skýringu. Þeir geta það, sem í lögum eru lærðir, klókir að útskýra lög, en haldgott er þetta ekki.

Svo kemur hæstv. fjmrh., sem er líka fyrrverandi lagaprófessor, og hann segir þetta, með leyfi hæstv. *forseta:*

„Ég ætla, að það verði ekki vefengt með réttu, að þessi yfirlýsing Breta muni af Sameinuðu þjóðunum og alþjóðadómstólnum metin jafngild viðurkenningu berum orðum." — Ég ætla, að það verði ekki vefengt. — Einhvern tíma mundi maður segja, að hér væru leiðirnar opnar til þeirrar strandarinnar, sem bezt væri að fara í það og það skiptið.

Það er fleira, sem gefur ástæðu til að vera dálítið varkár gagnvart þessu atriði, þó að hæstv. dómsmrh. léti í ljós þá skoðun, að það væri ótrúlegt, að þm. skyldu vera að gagnrýna þetta.

Hæstv. utanrrh. fórust um það, að samningarnir yrðu nú haldnir og Bretar mundu fara eftir þrjú ár, orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. Íslands hefur í höndum yfirlýsingu Bretlands um, að ekki verði farið fram á framlengingu heimildarinnar til veiða innan 12 mílna í lok þriggja ára tímabilsins."

Ég tók það fram áðan, að þjóðin mundi nú taka yfirlýsingu frá hæstv. ráðh. með nokkurri varúð, og færði fyrir því rök, að það væri fullkomin ástæða til þess. Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðh.: Ef það er allt afdráttarlaust, að 12 mílna reglan er viðurkennd, Bretar gera millirikjasamning um þrjú ár, er þá nokkur ástæða til að vera að gera nokkurn undirsamning? Hvern er hæstv. ráðh. að vefengja hér? Ef viðurkenning á 12 mílna reglunni er alveg ótvíræð, þá léti sá ráðh., sem færi með dómsmálin, hreinsa landhelgina, ef þeir brezku væru með mótþróa.

Ég verð að segja það, að ég lít á þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh. sem viðurkenningu á því, að hann er ekki eins sannfærður um ákvæði þessa samnings og hann vill vera láta, enda er það deginum ljósara, að ef þessi undirsamningur væri gerður, sem við skulum nú ætla, þó að yfirlýsingar hæstv. ráðh. hafi getað breytzt, hvaða gildi hefur hann gagnvart síðari ríkisstjórnum í Bretlandi? Er nokkur ástæða til að vera með sérsamning? Er ekki eðlilegast, að það fylgi þessum samningi? Þess vegna finnst mér, að þarna sé líka fólgin viðurkenning hæstv. ríkisstj. á því, að samningurinn, sem hún býðst til að gera við Bretland, er ekki eins pottþéttur og þeir vilja vera láta hér í umr. Ég verð að segja, að það kom mér nokkuð á óvart, af því að ég tel hæstv. ráðh. laginn að leggja mál fyrir, að þessi veila skyldi koma fram í hans ræðu, því að veila er það og ekkert annað.

Hæstv. ríkisstj. mun halda því fram, að þetta sé ekki svo hættulegt, sem um sé verið að semja. Í fyrsta lagi vil ég endurtaka það, sem ég benti á hér áðan, að samningarnir eru mál út af fyrir sig, þar sem það hefur verið regla íslenzkra stjórnvalda og íslenzku þjóðarinnar, að um landhelgi Íslands ætti ekki að semja. Þess vegna er hér verið að fara inn á nýja braut, sem auðvitað á eftir að draga dilk á eftir sér. Og ég vil líka í því sambandi minna á, hvort það hafi verið ástæða fyrir okkur að ætla, að samningarnir, sem hér eru núna á ferðinni, væru komnir á það stig, sem þeir nú eru. Í því sambandi vil ég minna á það, að hér á hv. Alþ. var utanrrh. spurður um þessa samninga 6. febr. s. l. Hann svaraði þá fsp. Þar skýrir hæstv. ráðh. frá því, að þegar hann fór til Parísar í des., þá hefði hann bæði þar og í London átt viðræður við brezka utanrrh. Svo bætir hann við orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessum viðræðum kom ekki fram nein till. eða neitt tilboð af Íslands hálfu um lausn málsins, og við höfum ekki heldur síðar sett fram neina slíka till."

Ég las hins vegar í Alþýðublaðinu „Um helgina" eftir ritstjórann, að það hefði verið gengið frá þessu máli fyrir nokkrum mánuðum. Það hefðu verið einhverjir toppmenn, sem hefðu fengið að vita, hvað hér var að gerast. En hér á hv. Alþ. er því haldið fram 6. febr., að það sé engin till. og ekkert tilboð komið fram í þessu máli. En 28. febr. er lagt hér fram á hv. Alþ. tilboð frá utanrrh. Íslands til brezku stjórnarinnar. Trúi nú þeir, sem trúa vilja, að málið hafi verið á því stigi, að ekkert hafi verið farið að gera, ekkert tilboð, engin till. komin fram 6. febr., enda segir ritstjóri Alþýðublaðsins, sem að vísu má ekki trúa nema varlega, að það hafi verið búið að fást við þetta mál í *marga mánuði.* En ég segi: Þegar svona er að farið, höfum við þá ekki rétt til þess að álíta, að það geti verið eitthvað fleira en till., sem hæstv. utanrrh. sagði frá, sem væri í fórum hæstv. ríkisstj. um þetta mál og ekki mætti skýra frá nema einhverjum toppmönnum? Svo lesum við síðar í Alþýðublaðinu, að það hafi verið í fórum ríkisstj. fleira um þetta mál en þá var skýrt frá, þegar málið var til meðferðar á Alþ., en það hafi ekki verið gerlegt að skýra frá því vegna stjórnarandstöðunnar. Ég verð að segja það sem mína skoðun, að þegar þannig er á málum haldið, þá mun ég hafa alla varasemi um að leggja trúnað á málflutning þeirra manna, sem þannig eru sannir að sök.

Þá er því haldið fram í sambandi við þennan samning, að þetta sé ekki mikið, sem þurfi að

fórna. Það er tekið til að reikna út, hvað það sé langur tími fyrir þessu og þessu svæði, og er þá venjulega miðað við kjördæmi, og t. d. eru mínu kjördæmi ætlaðir 9 mánuðir í allt, að ég hygg, samkvæmt því samkomulagi, sem hér á að gera. En hvað er hér á ferðinni? Það er verið að afhenda Bretunum viss svæði. Ég dreg mjög í efa, að það muni reynast happadrýgra að láta þá fá viss svæði heldur en landhelgin væri öll opnuð að sex mílum. Þessi svæði, sem þeim eru afhent, eru miðuð við það, að þeir séu þar, þegar mesta veiðin er. Það á að afhenda með þessum samningi netasvæði Breiðafjarðarbátanna, einmitt á þeim tíma, sem þeir eru þar með sín net. Það mun sýna sig, að þetta mun reynast eins og færikvíarnar. Þar voru blettirnir notaðir alveg út í æsar, áður en farið var á þann næsta. Það mun líka sýna sig í framkvæmdinni, að Bretarnir líta á þessi svæði sem sína eign, sem öðrum sé ekki heimill aðgangur að. Þess vegna mun þessi framkvæmd sízt verða til þess að gera málið betra, enda mun hún miðuð við það, sem Bretarnir sjálfir óskuðu, og þau svæði undanskilin, sem þeir kærðu sig ekkert um. Hraunin í Breiðafirði, sem ekki er hægt að fara með botnvörpu yfir, þau eru ekki ætluð Bretunum, enda þýðingarlaus. Á svæðum Bretanna mun því verða um ofveiði að ræða, og gæti það leitt til landauðnar.

Þá hefur hæstv. ríkisstj. mjög verið að guma af því, að henni hafi tekizt að fá Bretana til þess að afhenda okkur útfærslu á grunnlínunum og beri að þakka það. Bezta sönnunin fyrir þessu máli er spurning konunnar á Selfossi, sem spurði um það, hvort Bretinn ætti Selvogsbanka. Það þótti ekki rétt að þinglýsa hann Bretum.

Þá segja þessir hæstv. ráðh.: Ef vinstri stjórnin gat gert þetta 1958, hvers vegna stóð þá á henni að taka grunnlínurnar með, þegar færð var út landhelgin? Þeir hafa að vísu ekki talað mikið um þetta, hæstv. ráðh. Alþfl., enda væri það að fara aftan að siðunum, ef þeir bættu því nú ofan á annað að fara að deila á aðra fyrir að hafa ekki tekið grunnlínupunktana með í sambandi við útfærsluna 1958. Hverjir voru það, sem heyktust á því máli eins og öðru, nema þeir? En ef þið hafið haft réttinn, því notuðuð þið hann ekki? Ég vil í þessu sambandi minna á það, að bóndinn, sem tekur mýri að vori og ræktar hana, á hana alveg eins í haust, þó að hann hafi ekki notað hana fyrr. Þess vegna hefur það verið, að okkar umráðaréttur yfir þessu svæði er jafn, þótt við höfum ekki notað hann fyrr. Það er engin sönnun þess, að við eigum ekki yfirráðin yfir svæðinu, þó að við höfum ekki notað það fyrr. Við vitum það ósköp vel, að við höfum fært landhelgina út í áföngum, og það mætti segja með sama rétti: Af hverju var ekki fært út í 12 mílur 1952? Af hverju? Það var af því, að það var talið hyggilegt, að fara ekki lengra þá. Þetta vita þeir, sem vilja vita, og það er ekki af ókunnugleika, að svo er spurt nú, heldur af hinu, að það er gerð tilraun til þess að blekkja í þessu sem öðru. Þess vegna er það engin sönnun fyrir því, að við höfum ekki haft yfirráðin yfir grunnlínupunktum, þó að við höfum ekki notað þá fyrr. En það, sem við gerum nú í leiðinni, er það, að við erum að afsala okkur rétti til þess að nota okkur þá útfærslu á grunnlínum, sem við höfum rétt til að framkvæma, áður en þessi samningur er gerður. Það er það, sem við erum að gera, og ættu hæstv. stjórnarliðar að hafa það í huga. Við erum að afsala okkur rétti, sem við höfum, en ekki að vinna rétt.

Þá hefur allmiklum tíma verið eytt í að ræða um það ákvæði samningsins, sem almennt er talið hættulegast, og það er viðvíkjandi framtíðinni. Ég verð að segja það sem mína skoðun, að ég tel, að við værum ekki komnir út í 12 mílur núna með okkar fiskveiðilögsögu, ef við hefðum orðið að sækja undir alþjóðadómstól, því að það vita þeir, sem vilja vita, að einmitt vegna þeirra átaka, sem hafa orðið á milli okkar og Breta í þessu máli, hefur málinu sjálfu fleygt fram. Þess vegna er ég sannfærður um það, að við værum ekki búnir að fá dóm fyrir neinum 12 mílum nú. En út af Haagdómstólnum, sem nú er svo mjög á loft haldið og ágæti hans og ég ætla ekki að ræða, því að því máli voru gerð svo góð skil í dag af hv. 7. þm. Reykv., að ég hef enga kunnáttu til þess að bæta þar neinu við, vil ég minna á það, að það hefur verið fyrr gagnrýnt og talið orka tvímælis, hvort við ættum að leita til þess dómstóls. Og þegar menn eru nú að virða fyrir sér, hvort Bretinn haldi sína samninga, þegar þeir eru útrunnir, þó að þeir væru pottþéttir, þá er gott að hafa það í huga, að samningurinn, sem danska stjórnin gerði við þá, rann út og honum var sagt upp á löglegan hátt, og við tókum til okkar ráða eftir það. En hvað gerði Bretinn? Hann sagði ekki: Þetta er allt í lagi, því að við erum búnir að fá okkar samningi fullnægt, eins og til stóð. — Nei, hann ætlaði að reyna að svelta okkur inni. Þá áttum við í deilu, og þá var rætt um Haagdómstólinn í því máli. Þann 7. júní 1953 flutti núv. hæstv. forsrh., sem þá var sjútvmrh., ræðu á sjómannadaginn hér í Reykjavík. Þann dag mun hann hafa verið gerður að „heiðurssjómanni" Íslands. Þá sagði hæstv. forsrh. í sambandi við Haagdómstólinn þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hvers vegna skyldu Íslendingar líka vera að leita uppi einhverja þá aðila, Haagdómstólinn eða aðra, sem kynnu að vefengja gerðir Íslendinga, og kosta til þess bæði fé og fyrirhöfn?"

Það er ekki nýtt í dag, að menn hafi skiptar skoðanir á ágæti þessa dómstóls. Hæstv. forsrh. sagði þetta einmitt um þetta mál, um Haagdómstólinn, 1953. Þess vegna þarf engan að undra, þó að menn séu gagnrýnandi á það, þegar á að afhenda þessum dómstóli alla möguleika til frekari útfærslu á landhelgi Íslands. Ekki sízt eigum við að gjalda þar varhug við, þegar það er haft í huga, að við eigum raunverulega okkar þjóðartilveru undir því að hafa þessi yfirráð.

Nú munu menn hugsa: Hvers vegna er nú verið að þessu, ef þetta er eins slæmt og þið stjórnarandstæðingar viljið vera láta? Leynist ekki hér einhver betri hlutur í þessum samningi en þið viljið eða teljið að sé? Ég vil nú svara þessu með því að benda á þær yfirlýsingar, sem ég las hér áðan um allar fullyrðingarnar um, að ekki yrði samið í þessu máli, og hafa stjórnarsinnar ekki verið neinir eftirbátar um það. Af hverju voru stjórnarliðar með þessa svardaga gegn samning-

um, ef þeir voru svo góðir sem nú er ætlað? Svari þeir, sem svara vilja.

En ég vil einnig minna á það, sem ég gat um hér í upphafi máls míns, að óheilindi komu fram í þessu máli þegar í upphafi. Það var ekki fyrr en þjóðareiningin var svo sterk, að ekki þótti gerlegt að láta sjást í úlfshárin undir sauðargærunni, að skipt var um skoðun og breytt um stefnu í þessu máli. Hins vegar sagði ég það líka í upphafi míns máls, að þetta mundi hafa verið meiri tengiliður í samstarfi stjórnarflokkanna en almennt hefði verið gerð grein fyrir.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að ræða það, hvers vegna það er, að þessir flokkar hafa setið á svikráðum um málið. Það má ætla, að þeirra hugsunarháttur gagnvart erlendum þjóðum, voldugum og sterkum þjóðum, sé þannig, að þeir treysti sér ekki eða hafi ekki þrek til þess að halda uppi andstöðu við þær. En mig langar líka til þess að spyrja um eitt: Þann 24. ágúst 1958 héldu þeir sjálfstæðismenn mikla samkomu uppi í Ölver í Hafnarskógi. Pétur Benediktsson bankastjóri var þar aðalræðumaður samkomunnar, og var ræða hans birt í Morgunblaðinu. Það kenndi margra grasa í þessari ræðu, og þar sagði bankastjórinn frá því, að Alþfl. hefði verið svínbeygður í málinu. En hann sagði fleira. Hann sagði þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Það er auðséð á erlendum fréttaskeytum, að víða hefur sama spurningin vaknað: Hvað kostar það margar millj. dollara að fá íslenzku ríkisstj. til þess að renna þessum kröfum niður?" Það segir svo gamalt máltæki: Eins og þú heilsar öðrum, ávarpa aðrir þig. Og nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., því að hún er að renna bitanum niður: fylgja bitanum dollarar og pund, eða hvað var það, sem gerði það að verkum, að þið rennið honum niður? Það er nokkur ástæða til að ætla, að hér liggi ekki allt ljóst fyrir. Hvað veldur?

Ég hef hér í ræðu minni að framan drepið nokkuð á sögu þessa máls og þau atriði, sem hér eru að gerast. En ég vil í lok hennar minna á helztu atriðin, sem nú eru að gerast í landhelgismálinu. Í fyrsta lagi þetta: Samningar um íslenzka landhelgi hafa aldrei fyrr verið gerðir af íslenzkum aðilum. Allar aðgerðir okkar í landhelgismálinu hafa verið útfærsla og meiri landhelgi. Nú er hins vegar verið að færa landhelgina inn. Ein þjóð hefur sýnt okkur ofbeldi, og henni er nú boðið upp á samninga. Ofbeldisþjóðin hafði tapað. Smán og hugleysi íslenzku ríkisstjórnarinnar leysir hana nú af hólmi og skapar henni sigur í málinu. Margendurteknar yfirlýsingar íslenzkra stjórnvalda og þjóðarinnar um, að aldrei yrðu gerðir samningar í landhelgismálinu, eru að engu hafðar. Árangurinn af þessum samningum, ef gerðir verða, verður þessi: 1) Ofbeldinu er boðið heim í framtíðinni. 2) Virðingarleysi fyrir helgulshætti þjóðarinnar verður algert hjá öðrum þjóðum. Frekari leiðum til útfærslu í landhelgismálum með einhliða ákvörðun Íslendinga er lokað. Ríkisstj., sem þannig heldur á málum þjóðar sinnar, mun ekki heldur uppskera virðingu hennar.

Ég drap á það hér í ræðu minni áðan, að við hefðum fyrr átt í deilum við Breta út af íslenzkri landhelgi. Ég vitnaði þá í ræðu hæstv. núv. forsrh. (ÓTh), sem hann flutti á sjómannadaginn 7. júní. Og ég ætla nú að lokum að vitna einnig í þá ræðu. Þar er hæstv. ráðh. að skýra frá viðræðum sínum við brezk stjórnarvöld um landhelgismálið, og þar segir hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Og að lokum: Í viðræðunum, er ég átti um síðustu áramót við stjórn Bretlands, tók ég fram, að hvorki núv. ríkisstj. Íslands né nein önnur vildi vikja í þessu máli. Það gæti heldur engin íslenzk ríkisstjórn gert, þó að hún vildi. Sú stjórn, sem það reyndi, yrði ekki lengur ríkisstj. Íslands. Hún yrði að láta sér nægja að vera fyrrverandi ríkisstjórn."

Og það er skoðun mín og trú, að þannig muni einnig fara fyrir þessari hæstv. ríkisstj., að hún sanni það, að sú stjórn, sem lætur sér sæma að vera með undanlátssemi í landhelgismálinu, verði að sætta sig við það að vera fyrrv. ríkisstj.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vildi gjarnan leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Mér er kunnugt um, að hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur í húsinu, þannig að ég tel ekki ástæðu til þess að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann geri ráðstafanir til að hann mæti. En hins vegar er mér kunnugt um, að hæstv. utanrrh. var hér í húsinu rétt áðan, og vildi ég leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann gerði ráðstafanir til þess, að hann verði hér, á meðan ég flyt ræðu mína. (**Forseti:** Það verða gerðar ráðstafanir til þess.)

Þegar rætt er um þáltill. þá, sem hér er til umr., er nauðsynlegt, að höfð sé í huga sú grundvallarstaðreynd, að engin þjóð í heiminum á lífsafkomu sína jafnmikið undir sjávarafla og sú íslenzka. Sem dæmi þessa nefni ég, að sjávarafli nemur á s. l. ári um 92% af heildarútflutningi landsmanna, en einungis um 7% af heildarútflutningi Norðmanna, sem þó stunda miklar fiskveiðar. Þessi staðreynd leiðir til þess, að Íslendingar geta ekki og mega ekki sætta sig við minni rétt um viðáttu fiskveiðilandhelginnar en aðrar þjóðir, sem minna eiga undir fiskveiðum en við, hafa tekið sér og haldið áreitnislítið. Þessi hefur líka verið skoðun allra íslenzkra stjórnmálamanna til þessa og aðgerðir þeirra í landhelgismálinu miðazt við það.

Setning laga nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, er ljósasta dæmið um þetta. Í þeim lögum er því slegið föstu, að sjútvmrh. skuli með reglugerð ákvarða takmörkun verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti. Alþingi og ríkisstjórnir hafa ætíð túlkað ákvæði laganna svo, að þeim væri heimil einhliða útfærsla fiskveiðimarkanna og réttur þjóðarinnar að þessu leyti gagnvart öðrum þjóðum takmarkaðist af því einu, að aðgerðirnar brytu ekki í bága við millirikjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma, eins og segir í 2. gr. landgrunnslaganna. Þessari takmörkun til viðbótar mundi ég vilja telja viðurkenndar alþjóðareglur um viðáttu fiskveiðilögsögu, enda þótt það sé ekki tekið fram berum orðum í landgrunnslögunum.

Síðan landgrunnslögin voru sett, hafa íslenzk

stjórnvöld framkvæmt þrjár friðunaraðgerðir á grundvelli þeirra og allar með einhliða aðgerðum Íslendinga. Árið 1951 voru fiskveiðitakmörkin á svæði fyrir Norðurlandi færð út í 4 mílur og grunnlínur réttar. Árið 1952 var með reglugerð ákveðið að færa fiskveiðimörkin í 4 mílur umhverfis landið allt, flóum og fjörðum var lokað og grunnlínur dregnar beint fyrir mynni þeirra. Árið 1958 voru svo fiskveiðimörkin færð út í 12 mílur, en grunnlinubreytingar ekki framkvæmdar í það skiptið, þar sem ekki náðist samkomulag um það innan ríkisstj. né við stjórnarandstöðuna, sjálfstæðismenn. En eins og hv. þm. rekur minni til, þá var stjórnarandstaðan látin fylgjast með öllum undirbúningi útfærslunnar 1958, og átti hún sinn fulltrúa í landhelgisnefnd flokkanna, sem starfaði þá, Sigurð Bjarnason alþm.

Bretar og margar aðrar fiskveiðiþjóðir mótmæltu öllum þessum friðunaraðgerðum Íslendinga og töldu, að með þeim væru Íslendingar að slá ólöglega eign sinni á hluta af úthafinu, sem öllum væri frjálst. Vegna útfærslunnar 1952 var sett löndunarbann á íslenzkan fisk í Bretlandi, og átti með því að kúga Íslendinga til að falla frá fjögurra mílna fiskveiðimörkunum, og 1958 sendu Bretar herskip á Íslandsmið til að vernda skipulagðan veiðiþjófnað brezkra togara við Ísland.

Þrátt fyrir fyrirsjáanlega erfiðleika, áður en til útfærslunnar kom árið 1958, er mér ekki kunnugt um, að einn einasti af forustumönnum núv. stjórnarflokka legði til, að reynt yrði að opna samninga við Breta um útfærsluna fyrir fram, og engin rödd heyrðist þá frá þessum aðilum, eftir að deilan byrjaði, um að leggja hana í dóm hjá alþjóðadómstólnum í Haag. Sjálfstæðismenn ýjuðu hins vegar í þá áttina, að rétt væri að reyna frekari viðræður á vegum NATO um þetta deilumál, enda mun okkur hafa borið til þess skylda skv. NATO-sáttmálanum.

Sú stefna, sem marka á nú með samþykkt þessarar þáltill., sem hér er verið að ræða, er því frábrugðin frá landgrunnsstefnunni. Með samþykkt hennar skuldbinda Íslendingar sig til þess að tilkynna Bretum með sex mánaða fyrirvara fyrirætlanir um frekari friðunaraðgerðir á landgrunninu. Í framkvæmd þýðir þetta, að teknir verða upp samningar við þá þjóð, sem verst hefur reynzt okkur í þessum málum, í hvert eitt skipti sem framkvæma á frekari aðgerðir í landhelgismálinu, hvort sem um er að ræða útfærslu sjálfra fiskveiðimarkanna, réttingu grunnlína eða hverjar aðrar friðunaraðgerðir. Þetta þýðir m. a., að þótt Íslendingar vildu lagfæra grunnlínu, t. d. í Meðallandsbugt, sem allir eru sammála um að væri í samræmi við alþjóðareglur um grunnlínur frá 1958, þá yrðu þeir að fá dóm hjá alþjóðadómstólnum áður, ef Bretar krefjast þess. Nú er ekki ósennilegt, að það tæki nokkur ár, t. d. 3 ár, að fá slíkan dóm upp kveðinn, ef vilji væri fyrir hendi af Breta hálfu, sem ekki er að efa, til þess að tefja dómsuppsöguna. Þetta þýðir, að Íslendingar yrðu að bíða, svo að árum skipti, eftir rétti, sem þeir eiga að alþjóðalögum, af því að með samþykkt þáltill. er Bretum veitt stöðvunarvald skv. samningi, — stöðvunarvald, sem þeir höfðu alls ekki áður. Setjum svo, að alþjóðareglur fengjust samþykktar, t. d. á næstu árum, um, að viðátta fiskveiðilögsögu strandríkja mætti vera allt að 20 mílum. Gætu Bretar þá ekki skv. samningi stöðvað slíka útfærslu hér við land, svo að árum skipti, fyrst með því að heimta, að 6 mánaða tilkynningarskyldunni væri fullnægt, síðan með löngum samningsviðræðum og svo með því að heimta, að málið yrði dæmt af alþjóðadómstólnum? Ég óttast þetta, því að ég veit, að þótt talið sé, að réttarregla sé til, er kveði skýrt á um tiltekið atriði, þá geta óprúttnir einstaklingar og þjóðir efnt til málaferla um það atriði í þeim tilgangi einum að skapa sér frest.

Hv. 5. þm. Reykv., sem mælti hér áðan fyrir meiri hl. hv. utanrmn., kom með furðulegar upplýsingar um þetta atriði. Hann hélt því fram, að því er virtist, að hefði alþjóðadómstóllinn í Haag ekki kveðið upp dóm innan sex mánaða, frá því að ósk hefði komið fram frá öðrum hvorum samningsaðila um að leggja friðunaraðgerð fyrir dómstólinn, þá mættu Íslendingar láta friðunaraðgerðina koma til framkvæmda og yrðu Bretar að sætta sig við það. Hvergi er að finna í þáltill. þessari eða fylgiskjölum, sem lögð hafa verið fram, staf um þetta atriði, og væri því fróðlegt, ef hv. þm. vildi færa rök að þessari staðhæfingu sinni. Mér er tjáð, að þegar deila Norðmanna og Breta út af grunnlinunum við Noreg fór til alþjóðadómstólsins, hafi það tekið rúm 2 ár að fá dóm þar þrátt fyrir gagnkvæman vilja beggja deiluaðila til að hraða gangi málsins. Menn geta því rétt gert sér nokkurn veginn í hugarlund, hvort hugsanlegt málskot Íslendinga eða Breta út af fiskveiðilandhelginni hér við land gæti ekki tekið tíma, ef vilji væri fyrir hendi til að tefja málið. En samkvæmt samkomulaginu og almennri túlkun á því yrðu friðunarráðstafanir okkar að bíða, á meðan sá dómur gengi.

Það kom einnig fram í umr. hér í kvöld, að hæstv. utanrrh. hefði lýst því yfir á fundi utanrmn. um síðustu helgi, að hann hefði í vasanum plagg frá brezkum stjórnvöldum, þar sem því væri yfir lýst og skýrt og skorinort fram tekið, að framlenging á 3 ára veiðileyfi Breta hér inn að sex mílna mörkunum kæmi ekki til greina. Ekki fékkst þó hæstv. ráðh. til þess að sýna nm. plagg þetta, þótt eftir því væri gengið. Hvað sem rétt er um tilvist þessa plaggs, þá verð ég að segja, að fullkomin óhæfa er að fella ekki efni þess inn í meginmál orðsendingarinnar, sem utanrrh. Íslands ætlar að senda utanrrh. Breta að þál. þessari samþykktri, orðsendingu, sem verður grundvöllur samkomulagsins og mundi í hugsanlegu deilumáli fyrir alþjóðadómstólnum ein skera úr um ágreiningsatriði. Ég legg það svo undir þöglan dóm hvers og eins alþm., hvaða nafni ætti að nefna það framferði hæstv. ráðh. að halda fyrir hv. alþm. leyndu og neita að sýna þeim svo mikilvægt skjal, sem hugsanlega gæti ráðið úrslitum um afstöðu þm. til samkomulagsins.

Deilt er um, hvort orðalag orðsendingar utanrrh. Íslands og Bretlands, þar sem talað er um, að Bretar falli frá mótmælum gegn 12 mílna fiskveiðilandhelgi, sé það sama og fengizt hafi full og áfurkallanleg viðurkenning af Breta hálfu á 12 mílna fiskveiðilandhelgi. — Talsmenn stjórnarflokkanna telja, að svo sé. En hver er skilningur Breta á þessu orðalagi? Er víst, að hann sé sá sami

og okkar Íslendinga? Ég tel ástæðulítið að fara mörgum orðum um þessa deilu, en ljóst er, að orðalagið er afbrigðilegt. Hv. alþm. hljóta allir að geta verið sammála um, að sjálfsagt sé að gefnu tilefni að breyta orðalagi þessu úr: „að falla frá" í „að viðurkenna", með því væri deilan leyst á mjög auðveldan hátt.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh., hvort hann geti ekki fyrir sitt leyti samþykkt slíka brtt., eins og liggur hér frammi á þskj. 450.

Mér er tjáð, að hæstv. dómsmrh. hafi hér áðan lesið upp álitsgerð lagadeildar háskólans um þetta orðalag. Ég var því miður ekki staddur í deildinni, þegar hann las það upp, og get því ekki dæmt um, hversu greinilega það sker úr þessu ágreiningsatriði. En eitt með mörgu, sem vakti tortryggni hjá mér, um, að þetta orðalag kynni að fela í sér einhverjar gildrur, sem við Íslendingar þyrftum að varast vel, voru einmitt ummæli hæstv. dómsmrh. í útvarpsumræðunum á fimmtudagskvöldið var. Hann sagði þá efnislega, að því er mig minnir, þegar hann var að tala um umboð það, er ríkisstj. ætti að fara eftir í þessum samningum, — þá sagði hann eitthvað á þá leið, að Alþingi hefði aldrei falið ríkisstj. að leita eftir viðurkenningu á 12 mílna reglunni, henni hefði aðeins verið falið af Alþingi að fá Breta til þess að falla frá mótmælum. Hæstv. dómsmrh. er að mínu áliti einn rökvísasti þm., sem talar á hv. Alþingi, og strax þegar hann sagði þetta í útvarpinu, staðfesti það hjá mér og styrkti þann grun, sem fyrir var, að þetta orðalag: „að falla frá mótmælum" — væri ekki nákvæmlega það sama og ef um fulla viðurkenningu væri að ræða.

Þegar hv. þm. ræða kosti og galla þessa væntanlega samkomulags við Breta, er rétt að gera sér vel ljóst, að það er hreint nauðungarsamkomulag, sem neytt hefur verið upp á Íslendinga. Íslenzkir alþm. hafa aldrei, svo að mér sé kunnugt um, hvar í flokki sem þeir standa, látið í ljós vafa um, að Íslendingum hafi verið heimilt samkv. alþjóðareglum að færa fiskveiðilögsöguna út í 12 mílur, eins og gert var 1958. Hæstv. dómsmrh. lýsti yfir í umr. í Ed. á þessu þingi, að við hefðum sigrað í málinu og héðan af yrðu 12 mílurnar ekki af okkur teknar. En hvers vegna er það þá talið eitt helzta afrekið við væntanlegt samkomulag, að með því fáist viðurkenning Breta á lögmæti 12 mílna landhelginnar? Það er vegna þess, að með samkomulaginu er talið, að Bretar hætti því ofbeldi — hernaðarofbeldi, sem þeir hafa rekið á Íslandsmiðum síðan 1. sept. 1958. Við höfum sem sagt neyðzt til þess að kaupa þá með þessum samningi til að hætta ofbeldinu.

En hver var þá tilgangur Breta með því að senda hingað herskip í upphafi? Þeir höfðu mótmælt útfærslunni og geymt sér allan rétt í því sambandi. Ekki högnuðust Bretar fjárhagslega á veiðum undir herskipavernd á Íslandsmiðum. Nei, tilgangurinn var fyrst og fremst einn: sá að kúga Íslendinga til að slaka til frá 12 mílna fiskveiðilínunni eða a. m. k. reyna að koma þeirri hnappeldu á Íslendinga að þeim yrði erfiður róðurinn um framtíðaraðgerðir í landhelgismálinu. Og að áliti brezku stjórnarinnar hefur einmitt þetta tekizt. Að öðrum kosti væri nú ekki verið að ræða þessa samninga á hv. Alþingi. Þetta er staðreynd. Við kaupum okkur frið á miðunum gegn því að skerða verulega möguleikana á frekari útfærslu í framtíðinni.

Talsmenn stjórnarflokkanna og blöð þeirra gera mikið úr viðtökum almennings í Bretlandi og brezkra blaða við væntanlegum samningum og segja, að þær sanni glögglega, hversu samningarnir séu Íslendingum hagkvæmir. Því er jafnvel slegið upp í íslenzkum blöðum, að álit Breta sé, að íslenzka ríkisstjórnin hafi svínbeygt þá brezku og leikið á hana. Ég tek svona skrifum með allri varúð. Reynslan mun væntanlega sýna, hvor svínbeygt hefur hinn í þessum viðskiptum. Hitt vil ég hins vegar benda á, að dómur Breta um ágæti eða ekki ágæti væntanlegs samkomulags getur aldrei skorið hlutlægt úr. Bretar hafa, eins og kunnugt er, aldrei viljað viðurkenna stærri fiskveiðilandhelgi umhverfis Ísland en þrjár mílur. Þeir halda því fram, að þeir hafi fundið miðin við Íslandsstrendur og kennt Íslendingum að nytja þau. Viðskipti Íslendinga og Breta á undanförnum árum út af þessu máli hafa sýnt glögglega, að Bretar hafa mjög takmarkaðan skilning á rétti okkar á hafinu umhverfis landið eða þörfinni á friðun þar. Hvaða heilvita Íslendingi gæti dottið í hug, að menn, sem hafa slíka sannfæringu, slíkan skilning á lífsrétti íslenzku þjóðarinnar, geti dæmt af viti um samkomulag þetta?

Í útvarpsumræðunum s. l. fimmtudagskvöld mælti hæstv. forsrh. m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „að sáttargerðin bæri órækt vitni um sáttfýsi Breta og sýni, að þeir skilji hvort tveggja, að öll afkoma Íslendinga velti á landhelginni, sem og hitt, að vestræn samvinna fái aldrei staðizt, ef stærsti bróðirinn brjóti upp búrhurð hins minnsta, leggi sér matarforða hans til munns og skilji hann eftir í svelti. Og þetta gildir alveg jafnt, hvort sem slíkt atferli á stoð í lögum eða ekki. Þetta er og verður kjarni málsins," sagði hæstv. forsrh. Ég get tekið undir niðurlag þessara ummæla, þó með þeim fyrirvara, að ég skil ekki, hvernig innbrot stærsta bróður í búr hins minnsta geti verið lögleg athöfn. Hæstv. forsrh. virðist gera ráð fyrir, að svo geti verið. En hugsunin í niðurlagssetningunni er góð.

Ég lít nefnilega þannig á, alveg eins og hæstv. forsrh. virðist gera, að lífsréttur einnar þjóðar sé mikill og henni heimilist margt til að vernda hann og varðveita.

Þegar menn tala um, að lítil þjóð verði að fylgja alþjóðareglum í þessu máli, verða menn jafnframt að hafa í huga, að alþjóðareglur um viðáttu fiskveiðilandhelgi eru mjög ófullkomnar og óljósar. Það er staðreynd, að 31 þjóð hefur tekið sér með einhliða aðgerðum 12 mílna fiskveiðilandhelgi og margar aðrar enn þá stærri. Engin þessara þjóða á neitt í líkingu lífshagsmuni sína undir slíkri ráðstöfun sem við Íslendingar. Hvers vegna eigum við þá að búa við minni rétt en þær? Einhver kann að segja, að smáþjóð gangi lítt í viðsjálum heimi að byggja aðgerðir sem þessar á grundvelli lífshagsmuna þjóðarinnar. Styðjast verði við viðurkenndar alþjóðareglur. Það er nokkuð til í þessu. En hver er reynsla okkar Íslendinga? Hún er sú, að þrátt fyrir það, að mjög sé um það deilt þjóða í milli, hvort út-

færslan í 12 mílur 1958 sé byggð á alþjóðareglum, þá höfum við haft friðað hafið umhverfis landið út að 12 sjómílum allt frá 1. sept. 1958 fyrir ágengni erlendra togara, annarra en brezkra, þjóðinni allri til ómetanlegs gagns. Hvaða hv. alþingismanni dettur í hug, að Íslendingar hefðu náð þeim árangri, sem þeir hafa náð allt frá árinu 1950, er við framkvæmdum fyrstu friðunaraðgerðina, sem byggðist á landgrunnslögunum, ef samningur sem þessi hefði verið í gildi þá við aðrar þjóðir, er veiðar stunda við Ísland? Ég er sannfærður um, að við værum vart komnir hálfa þá leið, sem nú er að baki.

Svo er á eitt að líta í þessu sambandi, og það er, að alþjóðareglur um viðáttu fiskveiðilögsögu á hafinu eru alltaf að breytast og ætíð í þá stefnu, að fiskveiðilandhelgin stækkar ár frá ári. Þessi breytling á reglunum á sér ekki hvað sízt orsakir í því, að þjóðir þær, sem mest elga undir viðáttumikilli fiskveiðilandhelgi og fiskveiðum, hafa lagt í útfærslur, stundum ef til vill með hæpnum lagarétti, en þá því meiri siðferðilegum rétti. Þær hafa mætt tímabundinni mótspyrnu um skeið, sumar látið undan og hörfað, en aðrar náð fram rétti sínum, því að rödd skynsemi og réttsýni hefur talað þeirra máli, hvað sem lagareglum líður. Við Íslendingar höfum einmitt hælt okkur af því að hafa verið brautryðjendur í þessari baráttu þjóðanna. Við vorum t. d. upphafsmenn þeirrar tillögu hjá Sameinuðu þjóðunum, að laganefnd Sameinuðu þjóðanna reyndi að móta réttarreglur um fiskveiðar á höfunum.

Með samkomulagi því, sem nú stendur til að gera, á að gefa Bretum, þeirri þjóðinni, sem hefur reynzt okkur verst og sýnt hvað minnstan skilning á þörf okkar í þessum efnum, mikinn íhlutunarrétt um, hvernig við getum rækt þetta forustuhlutverk okkar. Hvílík skammsýni! Talsmenn stjórnarliða og blöð þeirra finna líka, að þeir eru tortryggðir um að leggja einmitt í þessu atriði verulega fjötra á aðgerðir Íslendinga með því að gera þeim skylt að tilkynna Bretum með sex mánaða fyrirvara um framtíðar friðunaraðgerðir, sem sagt opna við þá samninga um málið í hverju tilfelli og skylda okkur síðan til þess að leggja málið í dóm, ef Bretar krefjast þess. Svar stjórnarliða við þessu er, að utanrrh. Íslands lýsi því yfir í væntanlegri orðsendingu sinni til Breta, að ríkisstj. muni vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Á þetta er lögð áherzla og jafnframt það af hæstv. utanrrh., að Bretar hafi veitt þessari tilkynningu viðtöku, *eins og það sé eitthvert stórt atriði í málinu*. En hvert er þá mikilvægi þessarar tilkynningar? Það er harla lítið, ef það er skoðað ofan í kjölinn. Tilkynningin um þetta atriði segir raunar ekkert annað en það, sem Alþingi hefur samþykkt með landsgrunnslögunum frá 1948, sem þessi ríkisstj. eins og aðrar ríkisstjórnir á Íslandi er að sjálfsögðu bundin af og Bretum er alveg fullkunnugt um, sem sé, að Íslendingar telja sig geta einhliða framkvæmt friðunaraðgerðir á landgrunninu og munu neyta allra ráða til þess að koma þeim friðunaraðgerðum í framkvæmd.

Ég þykist hafa fært að því nokkur rök, að í væntanlegu samkomulagi felist viss hætta, og mér segir svo hugur um, að reynslan af samningunum muni sanna það. Hæstv. forsrh. lét í það skina í útvarpsræðu sinni á fimmtudagskvöld, að einn af mörgum kostum samningsins væri sá, að undanþágur Breta til að veiða innan 12 mílna línunnar væru valdar á þeim tíma og á þeim stöðum, er væru okkur skaðminnstar. Um þessa staðhæfingu hef ég leitað álits reynds skipstjóra, manns, sem nýtur trausts í sinni stétt og gegnir þar trúnaðarstörfum. Hann hefur gefið mér skýrslu um þetta atriði, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér upp úr henni nokkuð. Hann hefur skipt því svæði, sem Bretarnir hafa tímabundinn veiðirétt á, í 11 bása, og segir svo:

Svæði 1, þ. e. svæðið frá Horni að Langanesi. Það á að vera opið Bretum til veiða frá 1/7 til 30/9 þau árin, sem undanþágan er í gildi. Um það segir skipstjórinn og veiðirétt Bretanna þar: „Þetta svæði er opið á þeim tíma, sem síldveiðarnar eru fyrir Norðurlandi. Á þessum tíma er mikill þorskur á eftir síldinni og hefur verið mikill færafiskur hjá smærri bátum á þessum tíma. Nú síðustu 2 árin hefur verið róið með línu frá ýmsum stöðum á Norðurlandi á haustin, og hefur það gefizt vel, sem eingöngu má þakka því, að 12 mílurnar voru settar 1958. Fyrir þann tíma þýddi yfirleitt ekki að reyna með línu fyrir norðan á haustin, því að það fékkst enginn fiskur á línuna. Með því að hleypa fjölda af erlendum togurum inn á þetta svæði svo og síldveiðiskipum, er það nokkurn veginn víst, að þar fæst ekki fiskur á línu næstu árin."

Um svæði nr. 2, sem er frá Langanesi að Glettinganesi og á að vera opið Bretum til veiða 3 næstu ár frá 1/5 til 31/12 ár hvert, segir hann þetta: „Á svæði þessu er mikill fiskur yfirleitt og þó sérstaklega á vorin. Þarna hefur verið bæði neta- og línuveiði og mikið af fiski á handfæri veitt þar undanfarandi ár. Ef fjölda af togurum er hleypt inn á þetta svæði, hirða þeir fiskinn, áður en hann kemst það grunnt, að bátarnir geti farið að veiða hann, og má því búast við, að þarna verði um mjög lítla veiði að ræða í framtíðinni."

Um svæði 3 og 4, sem hann hefur tekið saman, en svæði þetta nær frá Glettinganesi allt út að miðunum út af Hornafirði og á að vera opið frá janúar til ágúst, einhverjir hlutar þess. „Þarna er eins ástatt," segir skipstjórinn, „og á svæði nr. 2", sem ég var að lesa um áðan. „Má segja, að það sé sama með fiskigöngur. Það hefur verið róið frá Austfjörðum á haustin, og hefur verið góður afli þar á línu, síðan landhelgin var færð út. Þetta svæði er opið á þeim tíma, sem fiskurinn er að ganga. Þó má segja, að þetta svæði hafi sérstöðu vegna þess, að í kringum Hvalbak er uppeldisstöð fyrir smáfisk, og þyrfti því að rétta þarna af grunnlínuna, svo að það svæði, sem smáfiskurinn er á, kæmi inn fyrir 12 mílna línuna, og ætti þetta svæði að vera algerlega lokað fyrir togveiðum. Á þessu svæði gengur fiskur eftir áramót, og sjá allir, hvaða áhrif það hefur á fiskigöngur að hleypa fjölda af togurum inn á þetta svæði. Þarna kemur fiskurinn fyrst upp að landinu og gengur svo vestur með landi allt vestur að Snæfellsnesi, og má því geta nærri, að það hafi mjög mikil áhrif á veiði þeirra báta, sem gerðir eru út frá Hornafirði allt vestur að Látrabjargi. Þessar verstöðvar eru á

þessu veiðisvæði: Hornafjörður, Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn, Eyrarbakki, Stokkseyri, Grindavík, Sandgerði, Keflavík, Njarðvík, Vogar, Hafnarfjörður, Reykjavík, Akranes, Rif, Ólafsvík, Grundarfjörður og Stykkishólmur.“

Svæði nr. 5 er út af Mýrabugt. Það á að vera opið Bretum til veiða í 3 ár frá marz til júlí ár hvert. Um það segir skipstjórinn: „Á þetta svæði gengur fiskur úr djúpi, og með því að hleypa togurunum inn á þetta svæði á þeim tíma, sem ráð er fyrir gert, þá hirða þeir meginhlutann af þeim fiski, sem gengur inn, og er hætt við, að það hafi mjög mikil áhrif á vertíðina sunnanlands.“

Svæði nr. 6 og 7, þ. e. frá Meðallandsbugt og vestur á móts við Vestmannaeyjar. Á þessu svæði eiga Bretar að hafa veiðirétt frá marz til júlí og apríl til ágúst ár hvert. Um það segir skipstjórinn: „Hér gildir það sama og á svæði nr. 5 hvað þorskinn snertir. Á þetta svæði gengur ufsi í júlí, er þá oft mikil veiði þarna, og er það stór skaði að láta erlenda togara hirða hann.“

Svæði nr. 8, sem á að vera opið frá marz til maí, nær frá Vestmannaeyjum og allt vestur að Geirfugladrangi. „Eins og sjá má af kortinu,“ segir skipstjórinn, „er þetta aðalveiðisvæðið fyrir Suðvesturlandi, og sjá því allir, hvers konar glapræði það er að hleypa mörg hundruð togurum á þetta svæði. Með því að opna þarna fyrir togurunum má gera ráð fyrir, að minna komi af fiskinum í hlut Íslendinga, einmitt fyrir það, að togurunum er hleypt inn á 6 mílurnar, því að þarna gengur fiskur úr hafi, og áður en við getum náð honum, eru togararnir búnir með hann, eins og reynslan var, áður en landhelgin var færð út, sem þeir muna vel, sem áttu við fiskveiðar á þessum slóðum þá. Á þessu svæði eru aðalhrygningarsvæði þorsksins við Ísland, og er það skaði, að togararnir skuli vera látnir hirða fiskinn á þessum stað. Mun það hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér um ókomin ár og jafnvel áratugi fyrir fiskveiðar Íslendinga.“

Svæði nr. 9, þ. e. út af Faxaflóa, á að vera opið Bretum til veiða frá marz til maí. Um það segir skipstjórinn: „Hér er sama sagan og annars staðar. Togurunum er hleypt inn, þegar göngufiskur er þarna. Auk þess eru þarna netasvæði Faxaflóabáta í apríl og maí, nú síðustu tvö árin sérstaklega að sunnanverðu á þessu svæði í apríl og að norðanverðu á svæðinu í maí.“

Svæði nr. 10, sem er út af Snæfellsnesi og á að vera opið Bretum frá marz til maí. Um það segir skipstjórinn: „Hér gildir sama og á svæði nr. 9. Hér eru netasvæði Breiðafjarðarbáta seinni part vertíðar.“

Og síðast um svæði nr. 11, sem er út af Bjargtöngum og á að vera opið Bretum frá marz til maí, segir skipstjórinn: „Hér er aðallega um kolamið að ræða, en þó er þarna mikið róið með línu, og er yfirleitt gott línufiskirí þarna, þó sérstaklega eftir að landhelgislínan var færð út í 12 mílur.“

Þetta er álit skipstjóra, sem gegnt hefur sínum starfa um fjölda ára, nýtur sérstaks trúnaðar í sinni stétt og hafa á undanförnum árum verið falin mörg trúnaðarstörf. Ég dreg enga dul á, að ég tel, að dómur hans um þetta atriði sé miklu traustari en hæstv. forsrh., enda hefur skipstjórinn ólíkt meiri þekkingu á því, sem hann er hér að segja, en hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. sagði enn fremur í ræðu sinni á fimmtudagskvöld — og takið þið nú eftir: að sitt mat væri, að samningarnir væru okkur ósambærilega miklu hagstæðari en þótt okkur hefðu boðizt 12 mílurnar óskertar og skilmálalaust þegar í stað. Ég ætla að lesa þetta aftur, svo að það fari ekki fram hjá mönnum, hvers konar áróður er hér rekinn fyrir ágæti þessara samninga, skipulagður áróður. Það hefur átt að taka þjóðina með stormi á nokkrum dögum, og lýsingar ábyrgra ráðamanna eins og hæstv. forsrh. eru svo öfgakenndar og lítið grundvallaðar, að manni bókstaflega blöskrar, þegar maður heyrir þessi ummæli og les þau eftir honum höfð í Morgunblaðinu. Hæstv. forsrh. sagði sem sagt á fimmtudagskvöld: að sitt mat væri, að samningarnir væru okkur ósambærilega miklu hagstæðari en þótt okkur hefðu boðizt 12 mílurnar óskertar og skilmálalaust þegar í stað. — Ég verð að segja, að mig rak í rogastanz, þegar ég heyrði þessa fráleitu fullyrðingu. Hvaða hugarfar er eiginlega á bak við slíkar staðhæfingar? Og á hverju er þetta mat byggt? Finna fleiri hv. alþm. virkilega eitthvað svipað til í þessu máli? Ég á mjög bágt með að trúa því. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að það hefði verið ósambærilega miklu hagkvæmara fyrir Íslendinga, að þeir hefðu fengið sínar 12 mílur óskertar og skilmálalaust 1. sept. 1958, en sú niðurstaða, sem nú á að fást. Við hefðum þá losnað við að standa í hálfgerðri styrjöld við Breta á þriðja ár. Og við værum þá lausir við þá fjötra um frambúðaraðgerðir í landhelgismálinu, sem brezka stjórnin vill fá okkur til að semja á okkur með þessu samkomulagi, — lausir við, að hundruð brezkra togara og togarar annarra þjóða gætu skafið fiskimiðin allt inn að 6 mílum næstu þrjú ár a. m. k.

Hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, sagði s. l. fimmtudag, að sigra sína í landhelgismálinu ættu Íslendingar öðru fremur því að þakka, að þeir hefðu leitazt við að byggja allar aðgerðir sínar á sem traustustum réttargrundvelli og jafnframt unnið kappsamlega að túlkun málstaðar síns á alþjóðavettvangi. Þetta er alveg rétt, og þessari vinnuaðferð eigum við að halda áfram og alls ekki slá af sókninni. En hver man eftir því, þegar stærsta skrefið var stigið í þessu máli á árinu 1958, útfærsla út í 12 mílur, að þessi hæstv. ráðherra teldi, að það væri ekki hægt að stíga það skref nema opna fyrst viðræður við Breta um málið og selja þeim síðan eindæmi um, að það yrði að dæmast hjá alþjóðadómstóli, gagnstætt því, sem þá gilti í praksis hjá fjölda annarra þjóða? Hvað er það, sem orsakað hefur þessa breyttu afstöðu og þetta breytta mat hjá hæstv. utanrrh.?

Í fréttatíma ríkisútvarpsins í kvöld var fróðlegt viðtal við ungan Íslending, Gunnar Schram lögfræðing, sem nýlega hefur lokið doktorsvörn við Cambridgeháskóla, um alþjóðlegar lagareglur til verndunar fiskstofnum á hafinu. Ég held, að prófritgerðin hafi heitið þessu nafni. Ég hjó eftir því, að Gunnar sagði m. a. í þessu viðtali þetta, efnislega: „Þróun lagareglna um verndun fiskstofna á úthafinu hefur orðið á eftir þeirri þróun, sem fengizt hefur til verndunar fiskstofna með millirikja-

samningum, svæðasamningum.“ Þetta er einmitt ein af veigameiri ástæðunum fyrir því, að ég tel það ákvæði samkomulagsins sérstaklega hættulegt, er gefur Bretum rétt til þess að skuldbinda okkur um alla framtíð til þess að leggja allar friðunaraðgerðir Íslendinga, hvort sem þær byggjast á almennum lögum, ótvíræðum eða vafasömum, fyrir Haagdómstólinn. Í því felst ekki snefill af sanngirni, að frjáls þjóð undirgangist með samningum við stærsta mótgangsmann sinn, að hann geti stefnt henni og málefnum hennar til dóms út af sams konar aðgerðum og aðrar þjóðir, smáar sem stórar, telja sig geta framkvæmt einhliða. Og ég er sérstaklega hræddur við þá niðurstöðu hjá þessum alþjóðadómstól, að hann neiti Íslendingum um allar frekari leiðréttingar á fiskveiðilandhelginni á þeirri forsendu einni, að þær styðjist ekki við almennar, viðurkenndar lagareglur. Í þessu felst geysihætta, sem verður ekki ofmetin.

Í orðsendingu utanrrh., sem liggur frammi á fskj. I með þáltill. þessari, í staflið 3, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þrjú ár frá dagsetningu svars yðar“ (þ. e. svars utanrrh. Bretlands) „við orðsendingu þessari mun ríkisstjórn Íslands ekki hindra, að skip, sem skrásett eru í Bretlandi, stundi veiðar á svæði milli 6 og 12 mílna innan fiskveiðilögsögu, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum og tímum.“

Á eftir kemur upptalning, sem ég sé ekki ástæðu til að lesa hér upp. Af ræðu hv. 5. þm. Reykv. áðan skildist mér, að öðrum þjóðum, er fiskveiðar hafa stundað hér við land á undanförnum árum, verði gefinn kostur á að ganga inn í þetta samkomulag. Það mundi m. a. leiða til þess, að a. m. k. eftirtaldar þjóðir gætu öðlazt sama rétt með samningum við Íslendinga og Bretar eiga að fá nú: Þjóðverjar, Belgir, Frakkar, Rússar, Svíar, Norðmenn og Danir og e. t. v. fleiri þjóðir.

Vegna þess atriðis í samkomulaginu, sem ég las hér upp áðan, langar mig sérstaklega, — og það var aðalástæðan til þess, að ég óskaði eftir því við hæstv. forseta, að hæstv. utanrrh. væri hér viðstaddur, — langar mig til þess að bera upp fyrir hann nokkrar spurningar, sem ég vona, að hann svari afdráttarlaust.

Í fyrsta lagi: Við hvaða tímamark verður upphaf veiðitímabils annarra erlendra fiskveiðiþjóða en Breta, er sækja um að gerast aðilar að þessum samningi, miðað? Verður upphaf þess tímamarks e. t. v. miðað við þá stund, er svar hefur borizt frá íslenzku ríkisstj. við beiðni frá einhverjum af áður töldum fiskveiðiþjóðum um, að íslenzka ríkisstj. samþykki t. d., að Þjóðverjar skuli fá sama rétt og Bretar hér? Sé svo, sem sennilegast er og í samræmi við almenna lagatúlkun og samningstúlkun, verður að telja, að þá gæti t. d. það skeð, að Þjóðverjar sæktu um aðild að samkomulagi þessu, þegar þriggja ára undanþágutímabil Breta væri að renna út, og þá yrði samkv. skýrum yfirlýsingum, sem komu fram hér í dag, að framlengja undanþágutímabilið um 3 ár til viðbótar gagnvart Þjóðverjum og þannig koll af kolli gagnvart hvaða erlendri þjóð, er um þetta mundi sækja. Hætt er við, að árin þrjú væru þá orðin nokkuð langur biðtími fyrir Íslendinga. Og ekki nóg með þetta. Það væri vel hugsanlegur möguleiki, og um það vildi ég spyrja hæstv. utanrrh. líka, að með hinum útlendu togaraeigendum gæti tekizt samkomulag þannig, að þýzkir, belgiskir og franskir togaraeigendur skráðu skip sín í Bretlandi, meðan undanþáguheimildin væri í gildi gagnvart Bretum, og að Bretar svo aftur skráðu sín skip og togara í Þýzkalandi, meðan undanþágutímabilið væri í gildi gagnvart Þjóðverjum. Það getur vel verið, að einhverjum finnist, að það séu ekki miklir möguleikar á, að þetta geti orðið, en samkv. samkomulaginu, eins og það liggur hér fyrir, og ef byggja má á þeim yfirlýsingum, sem fram komu hér í kvöld í ræðu hv. 5. þm. Reykv., þá eru þessir möguleikar fyrir hendi.

Ef hv. alþm. kryfja það samkomulag, sem hér stendur til að gera við Breta, í ró til mergjar, þá hygg ég, að það liggi nokkuð ljóst fyrir, enda viðurkennt af hæstv. dómsmrh. í umr. hér á hv. Alþ., að eina eða a. m. k. ein aðalástæðan fyrir samkomulagi þessu er sú, að með því á að kaupa brezku herskipin út úr íslenzku fiskveiðilandhelginni. Er sá sigur þá ekki of dýru verði keyptur? Ég held það. Mín skoðun hefur ætíð verið sú, síðan brezku herskipin réðust inn í fiskveiðilandhelgina 1. sept. 1958, að við hefðum þá þegar átt að skjóta því máli til hinna Sameinuðu þjóða, kæra Breta fyrir árás á íslenzkt yfirráðasvæði og fá málið þar rætt fyrir opnum tjöldum. Ákjósanlegri vettvang til þess að túlka málstað Íslendinga var ekki hægt að velja. Á þessum vettvangi m. a. heyja nýlenduþjóðirnar sína sjálfstæðisbaráttu, og þeim ríkjum fer alltaf fjölgandi á þessum vettvangi, sem áður lutu nýlenduveldunum, en hafa öðlazt frelsi sitt. Við eigum því vísan stuðning og skilning hjá þessum þjóðum og mörgum fleiri, og ég er sannfærður um, að það mundu renna á Breta tvær grímur. Og það væri ástæða til þess að vona, að ef slíkt mál kæmi til umræðu á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða, t. d. nú, eftir að meðlimaríkin eru orðin um 100 og þar á meðal a. m. k. 20—30 þjóðir, sem nýlega hafa öðlazt fullveldi sitt, en áður voru nýlenduþjóðir í Afríku, — það er fyllsta ástæða til þess að ætla, að ef vel væri á málum haldið á þessum vettvangi, þá gætum við þröngvað svo að Bretum, að þeir teldu engan kost betri en draga herskipin sín aftur til baka við lítinn orðstír. Ég held því, að við hefðum átt að reyna að fara þá leiðina, reyna hana til þrautar, áður en við færum að afsala mikilsverðum réttindum með þessu væntanlega samkomulagi, — mikilsverðum réttindum til þess eins að fá Bretana keypta burt úr íslenzkri landhelgi.

Herra forseti. Komin er fram till. um, að um þetta mikilvæga mál verði látin fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Ég tel þá kröfu eðlilega. Bæði er málið stórt og þó er ástæðan ekki síður sú, að ég hygg, að flestir, ef ekki allir þm. hafi í kosningunum 1959 margítrekað lýst því yfir, að þeir mundu ekki samþykkja neitt undanhald í landhelgismálinu. Við þessar yfirlýsingar eru alþm. því siðferðilega bundnir, nema þeim verði gefið nýtt umboð og breytt. Því er krafan um þjóðaratkvæði sjálfsögð og eðlileg, og tæplega ættu þm. í stjórnarliðinu að bregðast illa við slíkri kröfu, ef rétt er það, sem þeir segja og blöð þeirra hamra á dag eftir dag,

að almenn ánægja sé hjá þjóðinni með samkomulagið.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði hér áðan, að ekki væri hægt að samþykkja fram komna kröfu um þjóðaratkv., vegna þess að Alþ. ætti að afgreiða málið og yrði að gera það. Að sjálfsögðu breytir það engu um það atriði, hvort þjóðaratkvgr. yrði látin fara fram áður eða ekki. Alþingi mundi alveg á sama hátt afgreiða málið. *Ég held því, að ekki séu nein* frambærileg rök fyrir því af hálfu stjórnarliða að neita fram kominni kröfu. Hún er lýðræðisleg í fyllsta máta og á einmitt um þetta mál sérstakan rétt á sér.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Menn rekur minni til þess, að á sínum tíma var Alþ. og raunar allri þjóðinni heitið því af hæstv. ríkisstj., að Alþ. skyldi verða látið fylgjast með eða haft skyldi samráð við Alþ. um þá samninga, sem þá voru hafnir við Breta um landhelgismálið. Nú vitum við, hvernig hefur verið staðið við þetta fyrirheit um að hafa samráð við Alþ. En það þykir mér þó alveg kóróna svikin í þeim efnum, þegar nú er þannig staðið að afgreiðslu þessa máls hér á Alþ., eftir að búið er allan tímann, sem makkað hefur verið við Breta um þetta mál, að svíkjast um að hafa eðlilegt samráð við Alþ., að halda þannig á þessu stærsta máli, sem fyrir þingið hefur komið, að það eigi fyrst og fremst að ræðast hér á næturfundum, þannig að fólk geti yfirleitt ekki fengið aðstöðu til þess að fylgjast með því, sem hér fer fram. Sá óvenjulegi háttur hefur verið hafður á nú við þessa umr., að það hefur ekki einu sinni þótt taka því að gefa hér kaffihlé, eins og allajafna hefur verið, þegar um kvöldfundi hefur verið að ræða, en nú hefur þótt nauðsynlegt að keyra hér áfram linnulaust. Ég fyrir mitt leyti vil mótmæla þessum vinnubrögðum, og ég vil vænta þess af hæstv. forseta, að hann sjái ástæðu til þess að fresta fundi á eðlilegum tíma um þetta mál og sjá um það, að hægt sé að halda áfram umr. um málið á venjulegum þingfundartíma á morgun og næstu daga. Ég skal ekki skorast undan því að flytja mitt mál hér, þótt seint sé orðið, en hitt er alveg augljóst mál, að það er engin sanngirni til þess, að þetta mál sé fyrst og fremst rætt hér um hánótt. Ég vænti þess, að hæstv. forseti taki þessi orð mín til greina og sjái um það, að þingfundur verði ekki úr hófi fram fram eftir nóttu, heldur verði þingfundi haldið áfram á venjulegum tíma á morgun, en frestað umr. nú í nótt, því að það er það minnsta eftir þau loforð, sem Alþ. hafði fengið í þessum efnum um samráð um afgreiðslu málsins, að þm. gefist kostur á því að ræða við hæstv. ríkisstj. þannig, að fullur tími sé til og menn fái þá gjarnan að heyra þau svör, sem hæstv. ríkisstj. hefur að gefa um þetta mikilsverða mál.

Það er greinilegt á þeim umr., sem hér hafa farið fram, að hæstv. ríkisstj. hefur þegar fundið, að það bögglast nokkuð fyrir henni að geta sannfært menn um, að þau atriði felist í þessu samkomulagi, sem hún hafði boðað í upphafi. Hún hafði mjög haldið því fram, að með þessu samkomulagi væru Íslendingar að fá óafturkallanlega viðurkenningu Breta á 12 mílna landhelginni við Ísland. Þetta hafði verið boðað í grg. þáltill.. og þetta hafði verið boðað dögum saman í blöðum ríkisstj. Síðan hafa komið fram aths. þm. við þessa fullyrðingu, ákvæði samkomulagsins sjálfs hafa verið lesin upp, og það hefur verið rætt og það er greinilegt, að ríkisstj. hefur orðið að viðurkenna það, að ekki mun vera fyllilega glöggt um þessa viðurkenningu í samkomulaginu. Það var mjög greinilegt hjá hæstv. dómsmrh., sem kom upp í ræðustólinn hér í kvöld, *að hann hafði nokkrar áhyggjur af þessu.* Það hefur brotizt nokkuð um í hæstv. ráðh. síðan í útvarpsumr. á dögunum, að líklega væri ekki öruggt, að menn tryðu því, sem hann hefur verið að reyna að halda fram í blaði sínu, að hér væri um ótvíræða viðurkenningu að ræða. Nú kom þessi hæstv. ráðh. hér fram með sérstaka lagaskýringu frá lagadeild háskólans á þessu mjög svo umdeilda atriði. Og það leyndi sér ekki, að nú átti þetta að taka af öll tvímæli um það, hvað raunverulega fælist í þessu ákvæði, þar sem segir í samkomulaginu, að Bretar falli frá mótmælum, og það hefur síðan verið túlkað þannig, að með því séu þeir að viðurkenna 12 mílna landhelgi við Ísland framvegis. Og svo kom þessi skýring lagadeildar Háskóla Íslands. Ég veitti því athygli, þegar þessi lagaskýring var lesin hér upp, að þar var fram tekið af þeim lagaprófessorum, sem stóðu hér að, að þar sagði nokkurn veginn orðrétt, hygg ég, *á* þessa leið, því að ég skrifaði það upp, og það getur ekki farið mjög langt frá hinu rétta hjá mér, að þeir sögðu: Það verður að skoða, að það samkomulag, sem hér um ræðir, sé gert til þess að útkljá deiluna til frambúðar. — Síðan er lagaskýringin, sem fram er sett, byggð á þeirri forsendu, sem lagadeildin gefur sér, að það verði að líta svo á, að þetta samkomulag sé gert til þess að útkljá þá deilu, sem uppi hefur verið í þessum efnum, til frambúðar.

En ég vil nú spyrja: Hvar stendur það í þessu samkomulagsplaggi, sem hér liggur fyrir, að það eigi að vera til þess að útkljá þessa deilu til frambúðar? Hvar stendur það? Mér væri það mjög kært, að hæstv. dómsmrh. vildi koma hér upp og lesa það upp fyrir mönnum, hvar það stendur í þessu plaggi, að það sé grundvöllur þess að leysa þessa deilu til frambúðar. En lagaskýringin hjá prófessorunum við háskólann var öll byggð á því, að með tilliti til þessa væri eðlilegt að telja, að sá, sem félli þarna frá mótmælum sínum, gerði það um alla framtíð, vegna þess að verið væri að leysa deiluna á þessum grundvelli.

Ég held því hins vegar fram, að það séu mjög sterk rök frá hálfu Breta, sem þeir geti vissulega notað máli sínu til stuðnings, að þetta plagg, þetta samkomulag sé þannig orðað, að það eigi fyrst og fremst að binda þá til stutts tíma eða í þrjú ár og skuldbindingar þeirra nái ekki lengra.

Eitt atriði er það í þessu samkomulagi, sem sannar þetta betur en allt annað. Það er það atriði, sem felst í 4. tölulið samkomulagsins, en þar er verið að telja upp tiltekin svæði við landið, sem Bretar mega ekki veiða á. Það er verið að telja upp tiltekin svæði við landið, sem Bretar mega ekki veiða á, — og hvernig er orðalagið varðandi þetta í samkomulaginu? Þegar er verið að telja upp þau svæði, sem þeir mega ekki veiða á, þá er sagt: Á áðurgreindu þriggja ára tímabili er

þó skipum, sem skráð eru í Bretlandi, óheimilt að stunda veiðar á svæðunum milli 6 og 12 mílna innan fiskveiðilögsögunnar. M. ö. o.: þegar verið er að taka fram í þessu samkomulagi, að Bretar megi ekki veiða á tilteknum svæðum, þá er ekki verið að segja það, eins og allir Íslendingar mundu hafa orðað það, sem kunna að orða sitt mál, að þeim sé bannað framvegis að veiða á þessum svæðum, þeim sé bannað það, frá því að samkomulagið tekur gildi og framvegis. Það er ekki verið að taka það fram í þessu samkomulagi. Það er sagt, að það sé aðeins um þetta þriggja ára tímabil, sem þeim er bannað að veiða þarna, — vegna þess að þess er stranglega gætt, að Bretar séu aldrei skuldbundnir í þessu samkomulagi nema um þriggja ára tímabil, aldrei. Þeir eru skuldbundnir í þrjú ár, en ekki heldur lengur. Það er því alveg ljóst mál, að sú forsenda, sem prófessorarnir við Háskóla Íslands gáfu sér og miðuðu sína lögskýringu við, er beinlínis röng.

Það er ekki að finna eitt einasta ákvæði í þessu samkomulagi, sem sker úr um það, að Bretar séu raunverulega skuldbundnir samkv. því fram yfir þessi þrjú ár. Það er rétt, samkvæmt samkomulaginu hafa þeir líka heimild til þess að veiða innan markanna í þrjú ár, og þeim er bannað að veiða innan markanna á tilteknum svæðum í þrjú ár, en það er ekkert orð um það, að þeim sé bannað að veiða utan þessara þriggja ára. Og það er ekkert orð að finna í samkomulaginu um þetta, að þeir séu óumdeilanlega skyldir til þess að fara út fyrir mörkin eftir þrjú ár.

Nú dettur mér ekki í hug að halda, að þeir Íslendingar, sem hafa staðið í samningunum við Breta í þessum tilfellum, hafi ekki óskað eftir því að hafa þessi ákvæði skýrari, þegar þeir sömdu við þá. Ég hafði veitt því athygli eins og aðrir hér á Alþingi, að ráðh. höfðu, áður en þetta samkomulag var gert, í umr. hér á Alþ. lýst því yfir, að það yrði grundvallarskilyrði fyrir samningum við Breta, að þeir viðurkenndu 12 mílna landhelgina við Ísland. Þá sögðu menn: „að viðurkenna", þá notuðu menn það orð. Hitt kom ekki fyrr en á eftir: „að falla frá mótmælum". Íslenzku ráðherrarnir höfðu aldrei notað þessi orð. Þeir höfðu beinlínis lýst því yfir, að grundvöllurinn að samningunum við Breta væri sá að fá þá til þess að viðurkenna 12 mílna landhelgina við Ísland, annars yrði ekki við þá samið. Ég skil því ekki, að nokkur maður geti efazt um það, að þeir muni hafa reynt í samningunum að fá fram þessa viðurkenningu með því orðalagi, sem þeir höfðu alltaf notað sjálfir áður og allir höfðu notað. En þeir hafa bara ekki reynzt menn til þess fram til þessa að viðurkenna það, að þetta orðalag hafi þeir ekki fengið inn í samninginn: að Bretar hafi neitað þeim eins og Norðmönnum og öðrum að láta þetta orð frá sér fara um formlega viðurkenningu. Bretar höfðu við Norðmenn og aðra notað sams konar orðalag, að þeir mundu ekki fást um það, þó að Norðmenn settu slíkar reglur o. s. frv., og við okkur þannig, að þeir mundu falla frá mótmælum sínum, en vitanlega algerlega ótímabundið. En ég skil það mætavel, að hæstv. ráðh. hafi nokkrar áhyggjur af því, hvernig komið er hjá þeim varðandi þessa viðurkenningu í samningnum, af því að þeim er það ljóst núna, að þjóðin hefur áttað sig á því, að þeir hafa með þessu samkomulagi ekki fengið neina formlega viðurkenningu, og þeim er órótt. Af því þurfa þeir að reyna að fá stimpil eins og þennan frá prófessorunum við háskólann, sem verða aldrei, þegar þetta mál kæmist á það stig að verða deilumál á milli Íslendinga og Breta, spurðir um skýringar í þessum efnum. Þá eru það aðrir, sem skera þar úr, en þeir.

En hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. vill ekki í þessum efnum minnast einu orði á þær staðreyndir, sem liggja fyrir hvers manns augum á Íslandi varðandi þessi atriði um formlega viðurkenningu og það að falla frá mótmælum? Hvernig stendur á því, að hæstv. dómsmrh., þegar hann ræðir þessi mál hér af miklum vandræðum, minnist ekki á þær staðreyndir, sem liggja fyrir, að Bretar hafa áður í landhelgismáli við Íslendinga fallið frá mótmælum einnig opinberlega? Þeir féllu frá mótmælum sínum á tímabili varðandi 4 mílna landhelgina við Ísland, en þeir tóku upp þau mótmæli aftur, þegar þeir þurftu á því að halda, og sögðu þá alveg skýrum orðum, að þeir hefðu aldrei viðurkennt 4 mílna landhelgina formlega. Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. vill ekki minnast á þetta, sem hefur gerzt í þessu máli hjá okkur og liggur fyrir? Og hvaða ástæða er þá til þess að neita því, að Bretar gætu alveg eins nú varðandi 12 mílna landhelgina notað sömu vinnubrögð og þeir hafa sjálfir notað áður varðandi 4 mílna landhelgina, að þeir geta fallið frá þessum mótmælum sínum, á meðan þeir eru að hirða verðmæti í okkar fiskveiðilandhelgi á þriggja ára tímabilinu, en tekið mótmælin upp aftur á eftir, ef við værum ekki þægir við þá í öllum greinum?

Og svo sækir hæstv. dómsmrh. röksemdir sínar svo langt, að hann fer að lesa hér upp greinar úr enskum blöðum, eins og Manchester Guardian og öðrum slíkum blöðum, þar sem hann segir, að það komi fram hjá þeim, sem þar rita í blöðin, að þeir noti orðið: að viðurkenna, Bretar hafi viðurkennt 12 mílna landhelgina við Ísland. Og hæstv. ráðh. sagði, að menn yrðu að gæta að því, að það séu hlutlausir aðilar, sem segi þetta. Sér er nú hvert hlutleysið, sem hefur verið hjá þeim piltum, sem þetta hafa skrifað, yfirleitt í okkar garð. Sér er nú hvert hlutleysið, sem við höfum átt að venjast úr þessari áttinni. Nei, þetta eru þeir sömu aðilar sem hafa skrifað það, sem hér var líka lesið upp af einum hv. þm., að Bretar ættu hér allan rétt til fiskveiða við Ísland, af því að þeir hefðu veitt í s. l. 500 ár á þessum miðum, þeir hefðu kennt okkur togveiðar o. s. frv., og af því ættu þeir þennan rétt. Það eru sömu aðilarnir, sem hafa skrifað þetta og hæstv. dómsmrh. kallar nú hlutlausa menn í þessu máli og það megi reiða sig á það, sem þeir segja. Slíkt verður vitanlega léttvægt fundið. Það, sem eftir stendur viðvíkjandi þessu atriði, er það, að hæstv. ríkisstj. verður að játa það og það er bezt fyrir hana að játa það, að hún fékk ekki inn í þetta samkomulag það orð, sem hún hafði alltaf notað áður, og það orð, sem hún hafði sagt, að við þyrftum að fá til fullrar viðurkenningar Breta á 12 mílna landhelginni við Ísland. Hún fékk ekki þetta orð inn í samkomulagið. En hún ætlar að reyna að telja a. m. k. Ís-

lendingum á þessu stigi málsins trú um, að það orðalag, sem er í greininni: að falla frá mótmælum, muni duga okkur. En það vitanlega dugir okkur ekki. Það er ekkert öryggi í því. Ríkisstj. getur svo auðvitað haft uppi mismunandi afsakanir á því, hvernig á því stóð, að svona fór.

Hæstv. dómsmrh. var hér í umr. heldur aumur yfir því, að það hafi verið vitnað hér í umr. í hans eigin ummæli, sem hann hafði í þessum efnum í útvarpsumr. En því er ekki að neita, að í þeim umr. fór hæstv. dómsmrh. að afsaka það, hvernig á því stæði, að ríkisstj. hefði ekki fengið þessa formlegu viðurkenningu fyrir 12 mílunum. Það er ekki hægt að neita því, að hæstv. dómsmrh. viðhafði þessi orð, sem ég skal lesa nú upp og hafa verið lesin hér upp af öðrum. Hann sagði orðrétt í þessum umr. um þetta:

„Hitt er annað mál, að Alþingi hefur aldrei falið ríkisstjórninni að afla viðurkenningar Breta á 12 mílna fiskveiðilögsögu, þegar af því, að það taldi rétt okkar til hennar ótvíræðan og þess vegna óþarfa aðra viðurkenningu Breta en þá, að þeir hættu ofbeldisaðgerðunum."

Eru þetta ekki afsakanir á því, að hann hafi ekki getað fengið þessa formlegu viðurkenningu? Hann segir, að það hafi verið óþarfi að fá frekari viðurkenningu Breta en þá að hætta ofbeldisaðgerðunum. Hefur nokkrum manni komið til hugar hingað til, að það, þó að Bretar hættu ofbeldisaðgerðum sínum, jafngilti fullkominni viðurkenningu þeirra á 12 mílna landhelginni við Ísland? Vissulega var það mikils virði, ef Bretar hefðu hætt ofbeldisaðgerðum sínum. En það jafngilti ekki viðurkenningu á 12 mílna landhelginni. Grundvöllurinn fyrir því, að það átti að veita Bretum viss friðindi innan landhelginnar, átti að vera sá, að þeir viðurkenndu formlega og óumdeilanlega landhelgina. En nú á að veita þeim þessi friðindi, án þess að þeir skuldbindi sig til þess að viðurkenna 12 mílna landhelgina. Og svo segir hæstv. dómsmrh., að Alþingi hafi ekki falið ríkisstj. að afla þessarar viðurkenningar, af því að Alþingi hafi talið rétt okkar til 12 mílna fiskveiðilandhelginnar svo mikinn. Ja, drottinn minn dýri! Eins og við getum ekki þurft, jafnvel þó að við teljum rétt okkar fyllsta rétt, að fá viðurkenningu annarra þjóða fyrir því sjónarmiði okkar eftir sem áður. Og auðvitað var það ekkert deiluefni á milli manna eða flokka, að við þurftum að fá viðurkenningu sem flestra á 12 mílna landhelginni og viðurkenningu Breta líka.

Nei, varðandi þessa viðurkenningu stendur málið óumdeilanlega að mínum dómi þannig: Formleg viðurkenning hefur ekki fengizt í samkomulaginu. En þrátt fyrir það hefur ríkisstj. leyft sér að segja þjóðinni, að slík viðurkenning hafi fengizt. Þeir voru ekki í Morgunblaðinu, daginn sem þeir tilkynntu hinn mikla sigur þjóðarinnar í þessu máli, að nota það orðalag, að Bretar hefðu ákveðið að falla frá mótmælum sínum. Nei, það stóð yfir þvera síðuna, að Bretar viðurkenndu 12 mílna landhelgina við Ísland. Þá var talað því máli, sem menn skildu: Þeir viðurkenndu 12 mílna landhelgi. Þá var ekki verið að nota það orðalag, sem var í samningnum, að þeir féllu bara frá mótmælum.

En það er fleira en þetta með viðurkenninguna, sem kemur nú í ljós varðandi þetta samkomulag, að er harla einkennilegt og tortryggilegt í þessum samningi. Það var greinilegt á hæstv. dómsmrh., þegar hann tók hér til máls í kvöld, að hann hafði líka miklar áhyggjur út af ákvæðunum varðandi alþjóðadómstólinn. Hann hefur sýnilega veitt því athygli, að almenningur í landinu er ekki ánægður með þetta ákvæði, eins og það er. Hann fór því allmörgum orðum um það. Og í þeim efnum var það helzt þetta: Hver er á móti alþjóðalögum? Hver er á móti alþjóðadómstól? Förum við ekki að lögum? Er hér einhver inni, segir hann, sem vill fara aðra leið en að lögum, og eru þá nokkrir hræddir við að bera þetta undir alþjóðadómstól? Erum við ekki réttarríki o. s. frv.? Allt eru þetta falleg orð, það vantar ekki. Og svo hvessti mjög í hæstv. ráðh. við einn ákveðinn þm., þegar hann spurði með miklum þjósti, hvort þm. efaðist um það, að 12 mílna fiskveiðilandhelgi við Ísland væri samkvæmt alþjóðalögum. Og hann heimtaði svar á stundinni. Hann var þá, hæstv. ráðh., spurður reyndar annarri spurningu um leið um það, hvort ráðh. áliti, að lögsaga okkar yfir landgrunninu væri samkv. alþjóðalögum eða ekki, og það vafðist nokkuð fyrir hæstv. dómsmrh. að svara því. En þó var helzt á honum að heyra, að hann efaðist um, að það yrði litið svo á, að það væri samkv. alþjóðalögum.

Nú er það alveg furðulegt, að hæstv. dómsmrh. skuli tala svona um þetta mál og það einmitt sérstaklega í sambandi við það deiluatriði, sem hér hefur risið upp varðandi málskot til alþjóðadómstólsins. Það er ekkert launungaratriði, það veit hvert mannsbarn á Íslandi, að alþjóðadómstóllinn hefur ekki viðurkennt 12 mílna landhelgi. Það veit hvert mannsbarn á Íslandi, að þjóðréttarfræðingar hafa komið saman á tvær fjölmennar ráðstefnur, Genfarráðstefnurnar svonefndu, og deilt þar hart og fast um það, hvað væru alþjóðalög í þessum efnum. Og við vitum það líka, að alþjóðadómstóllinn hefur ekki kveðið upp einn einasta dóm til þessa um viðáttu landhelgi — engan. Og það efast heldur enginn um það, að ef nú væri lögð fyrir alþjóðadómstólinn spurningin um lögmæti 12 mílna landhelgi, þá mundi dómstóllinn annað tveggja gera að vísa slíku máli frá sér, þar sem skorti algerlega alþjóðalög eða reglur til að dæma eftir, eða þá hann mundi synja viðurkenningar á 12 mílna landhelgi. Á þessu leikur enginn vafi. Ég fullyrði þetta m. a. af því, að ég hef hlustað á nokkra tugi af heimsþekktum þjóðréttarfræðingum ræða einmitt um þetta atriði, þar sem þeir hafa lýst því yfir hver af öðrum, — og það var enginn ágreiningur hjá þeim um það, — að það vantaði einmitt nú í dag alþjóðalögin til þess að dæma eftir viðvíkjandi viðáttu landhelgi, og til þess hefðu einmitt þessar ráðstefnur verið haldnar að reyna að koma sér saman um alþjóðalög, sem hægt væri síðan að dæma eftir hjá þeim, sem vildu leggja mál sín fyrir dóm varðandi þessi atriði. Svo sperrir hæstv. dómsmrh. sig hér og virðist ætla að ásaka einstaka þm. um það, að þeir séu að bera á okkur einhverjar lögleysur í sambandi við það atriði, þó að við værum ekki á það sáttir að vísa slíku máli sem 12 mílna landhelgi okkar til úrskurðar alþjóðadómstólsins. Við vitum það, og hann velt það líka, að við gætum ekki nú fengið alþjóðadómstólinn til

þess að viðurkenna fyrir okkur okkar 12 mílna landhelgi. Við gætum það ekki, og það gæti engin sú þjóð af þeirri 31 þjóð, sem þegar hefur tekið sér 12 mílna landhelgi, — það gæti engin þeirra, og það hefur engin þeirra beðið alþjóðadómstólinn um að kveða upp slíkan dóm. Hitt gefur svo auðvitað alveg auga leið, að á meðan málin standa svona, hvað þýðir þá að setja ákvæði inn í milliríkjasamning um það, ef hugsað sé til eitthvað frekari útfærslu en í 12 mílur, að þá skuli það vera bundið við að leggja það undir úrskurð alþjóðadómstóls, sem vitað er, að í dag mundi ekki viðurkenna 12 mílur? Haldið þið, að hann mundi þá dæma meira en 12 mílur, eins og málum er háttað nú í heiminum? Nei, þeir aðilar, sem setja slíkt inn í milliríkjasamning í dag, vita það allir og enginn betur en hæstv. dómsmrh., að slíkt ákvæði í milliríkjasamningi þýðir að loka fyrir það með öllu, að við getum fengið nokkra tommu út fyrir 12 mílur. **(Fjmrh.:** Má ég spyrja?) Já, hæstv. ráðh. má spyrja. **(Fjmrh.:** Ber þessi ummæli að skilja þannig, að ákvörðun hans hafi verið lögleysa að alþjóðalögum?) Nei, ég skal útskýra þetta fyrir hæstv. fjmrh. Ég viðurkenni það ekki, að sú aðgerð, sem Íslendingar gerðu í þessum efnum ásamt með 31 annarri þjóð, hafi verið löglaus. Þjóðirnar hafa margar tekið sér rétt, einhliða rétt, og hann hefur verið viðurkenndur þannig í framkvæmd, að aðrar þjóðir hafa virt hann. En þær hafa tekið sér slíkan rétt í mörgum tilfellum án þess, að slíkur réttur væri orðinn viðurkenndur af alþjóðadómstól. Ég skal t. d. minna þennan hæstv. ráðh. á það, að þegar árið 1945, þegar Bandaríkjaforsetinn Truman lýsti því þá yfir, að þeir köstuðu eign sinni á landgrunn sitt jafnvel yfir 100 mílur út frá landi, þá voru engar alþjóðareglur til, sem heimiluðu slíkt sem þetta. En Bandaríkin viðurkenndu það ekki, að þau væru að gera lögleysu í þessum efnum. En það var ekki fyrr en árið 1958, eins og hæstv. ráðh. hlýtur að vita, að sett voru fyrst alþjóðalög, sem alþjóðadómstóll hefði getað dæmt eftir í þessum efnum. Það var ekki fyrr en 1958, að alþjóðalög um þetta voru sett.

En þjóðirnar hafa talið sig hafa rétt til þess í ýmsum tilfellum að gera einhliða ákvarðanir, sem náðu miklum mun lengra en viðurkenndar lagareglur stóðu til um og dómstóll hefði treyst sér til að fara eftir. Og ég efast ekkert um það, að hæstv. fjmrh. veit það mætavel, að alþjóðadómstóllinn mundi ekki í dag treysta sér til þess að viðurkenna með dómi 12 mílna landhelgi. Hann veit það. Mætti ég t. d. spyrja: Hvernig stendur á því, að engin sú þjóð, 31 talsins, sem tekið hefur sér 12 mílna landhelgi, hefur beðið alþjóðadómstólinn um það að úrskurða um réttmæti þessarar landhelgi? Hvernig skyldi standa á því? Það stendur einfaldlega þannig á því, að menn vita, að hún er ekki búin að fá þá hefð, þessi aðgerð þjóðanna. Þessi einhliða aðgerð þjóðanna hefur ekki fengið þá hefð, að dómstóll vilji slá því föstu, að þetta séu þau lög, sem allir megi fara eftir. Af þessum ástæðum er fásinna allt tal manna um alþjóðadómstólinn, þar sem verið er að stilla þessu upp á þá lund, að þeir, sem ekki vilja hafa það ákvæði hjá sér í lögum að vera skuldbundnir til þess að vísa málum eins og þessu til alþjóðadómstólsins, þeir vilji fara löglausar leiðir, þeir séu á móti lögum og rétti. Ef menn væru á þessari skoðun, sem hæstv. ríkisstj. er að reyna að láta skína hér í, þá hefðum við ekki þurft á neinni Genfarráðstefnu 1958 að halda og ekki heldur 1960. Af hverju? Af því að þjóðirnar, sem allar eða velflestar voru aðilar að alþjóðadómstólnum, hefðu bara vísað þessu vandamáli til alþjóðadómstólsins og látið hann skera úr um þetta. Hvernig stóð á því, að menn fóru ekki þá leið? Voru virkilega allar þjóðirnar, 90 talsins, sem tóku þátt í Genfarráðstefnunum, svona löglausar, að þær vildu ekki lúta lögum? Voru þær allar saman slíkar ofbeldis- og ólagaþjóðir, að þær vildu kjósa sér einhverja aðra leið? Nei, þær viðurkenndu bara þá staðreynd, að alþjóðalög voru ekki fyrir hendi um viðáttu landhelgi, enda hafði alþjóðanefnd innan Sameinuðu þjóðanna unnið að undirbúningi þessa máls í mörg ár og þeir mörgu þjóðréttarfræðingar, sem stóðu að þeirri nefnd, höfðu komið sér saman um eina nokkuð loðna yfirlýsingu í þessum efnum, og hún var þannig, að þeir sögðu: Við játum það, að það eru engar fastar alþjóðareglur um viðáttu landhelgi til. En þeir sögðu: Við komum okkur saman um, að það sé okkar mat, að milli 3 og 12 mílna liggi þessi mörk. — Það er því fullkomlega út í blálinn, þegar menn eru að breiða sig út yfir alþjóðalög og alþjóðadómstólinn á þann hátt, sem hér hefur verið gert. Ég er t. d. á þeirri skoðun, að við gætum samkv. eðlilegum reglum nú vísað til alþjóðadómstólsins ágreiningi um grunnlínur, vegna þess að árið 1958 komu þjóðirnar sér saman um alþjóðalög varðandi það, hvernig á að draga grunnlínur. Íslendingar skrifuðu undir það og Bretar líka. Við erum báðir tveir bundnir af þeirri alþjóðalagasamþykkt, sem þar var gerð um grunnlínur. Það er hægt að skjóta því máli til alþjóðadómstóls að láta hann skera úr um það, hvort tiltekin grunnlína sé samkv. þessum lögum, sem menn hafa orðið ásáttir um. En það er ekki, eins og nú standa sakir, hægt að leggja fyrir alþjóðadómstól spurninguna um það, hvað landhelgin megi vera breiðust. Og þeir Íslendingar, sem lýsa því yfir og gera það jafnvel í sérstaklega ríkum mæli, eins og hæstv. fjmrh. hefur gert æ ofan í æ, að aðalatriði í landhelgismálum okkar sé þó að fá fullnaðarviðurkenningu okkar fyrir öllu landgrunninu, — en það þýðir það, að við erum þar að berjast fyrir viðurkenningu okkar yfir 50 mílur frá landi í ýmsum tilfellum, ekki bara 12 mílur, — þeir, sem undirstrika það, að þetta sé hið mikilvæga mál Íslendinga í landhelgismáli þeirra, að berjast fyrir fullkomnum yfirráðum yfir landgrunninu öllu og veiðunum þar, þeir ætla sér ekki svo lítið. Og það ætti því allra síst að sitja á þeim að standa fyrir því að hneppa okkur í einhverjar þannig reglur, að það séu engar líkur til þess, að við getum náð svo mikið sem hluta af þessu landgrunni til viðbótar við það, sem nú er orðið. En það er enginn vafi á því, eins og málin hafa staðið og standa enn, að það eru engar líkur til þess, að við getum fengið alþjóðadómstól til þess að dæma okkur landgrunnið.

Það var að vísu unnið hið versta verk árið 1958, þegar stórþjóðirnar knúðu það í gegn, að sá skilningur skyldi vera á landgrunni og rétti viðkomandi þjóðar yfir landgrunni, að strandríkið skyldi eiga

fullkominn yfirráðarétt yfir landgrunninu, þ. e. a. s. eingöngu yfir botninum og öllum þeim verðmætum, sem eru á botninum og í botninum og þau geta unnið þaðan, — það átti strandríkið, vegna þess að stórveldin höfðu þegar byrjað mikilvæga vinnslu á olíu úr hafsbotninum, hvert stórveldið á fætur öðru, og sum voru jafnvel með turna sína úti í hafinu yfir 100 mílur frá ströndinni. Þeir vildu kasta eign sinni á þessi verðmæti. Þar átti strandríkið botninn. En þeir tóku það fram og knúðu það í gegn, að þau verðmæti, sem væru í sjónum fyrir ofan botninn, tilheyrðu ekki á sama hátt strandríkinu. Nú var það svo með okkur, að við hlutum auðvitað að halda því fram, að það væri einkennileg kenning að halda því fram, að aðili ætti botninn og allt, sem á botninum er, en sá aðili, sem þennan botn á, gæti þá ekki jafnframt bannað óviðkomandi aðilum að skarka á þessum botni, draga á honum stálkefli og veiðarfæri, skrapa hann til og hefla hann allan til. Það eru einkennileg eignarráð einnar þjóðar á landssvæði, að hún skuli eiga allt það, sem laust er á svæðinu, en hún má ekki ráða því að banna öðrum að skarka á þessu sínu eigin landssvæði. Það hefði verið út af fyrir sig að halda sér við það, að aðrar þjóðir mættu veiða þar uppi í hafinu, en að þær megi líka skarka á landsins eigin botni, það var nokkuð langt gengið. En þar réð eins og stundum áður regla hinna stóru. Stórveldin þurftu á hinu að halda, og þau knúðu það í gegn. En við hinir smáu, sem bundum hagsmuni okkar við annað, urðum þarna að víkja. Svona réttlát geta nú alþjóðalögin verið.

Og svo kemur ein túlkunin enn á þessu margumtalaða plaggi, að nú er mönnum sagt, að það orðalag þessa samkomulags, sem hér er í 5. mgr. varðandi tilkynningarskyldu okkar til Breta og um skyldu okkar til þess að skjóta ágreiningi, ef hann kann upp að rísa, til alþjóðadómstólsins, — nú er okkur sagt, að það beri að skilja þetta ákvæði þannig, að við þurfum að vísu að tilkynna Bretum með sex mánaða fyrirvara fyrirætlanir okkar, en þó að Bretar notfæri sér ákvæði samkomulagsins og heimti málinu vísað til alþjóðadómstólsins til úrskurðar, þá geti útfærsla okkar staðið, á meðan dómstóllinn fjallar um málið. Nú kemur allt í einu þessi lagaskilgreining. Hvernig stendur nú á því, að hæstv. dómsmrh. og hæstv. fjmrh., fyrrum lagaprófessorar, og hæstv. utanrrh., þekktur lögfræðingur, hvernig stendur á því, að allir þessir vísu menn skuli búa til slíkan samning eða samkomulag, sem þarf allrar þessarar túlkunar við og lagaskýringa? Það þarf að elta uppi í skyndi prófessora við háskólann og reyna að láta þá koma einhverju viti í þetta með einhvers konar skýringum. Svo þarf að koma slík skýring sem þessi og aðrar túlkanir og skýringar á þessu öllu saman. Hvernig stendur á því, að það er ekki hægt að hafa það orðalag, sem á þó að vera byggt upp þannig, að það erum við, sem sendum Bretum tiltekna nótu, að svona skuli þetta vera? Hvernig stendur á því, að það er ekki hægt að hafa það orðalag á þessu, sem almenningur getur skilið? Af hverju mátti ekki segja þetta með skýrari orðum, ef þetta var meiningin? En í greininni stendur á þessa leið:

„Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstj. Bretlands slíka útfærslu með 6 mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til alþjóðadómstólsins.“

Auðvitað segir ekkert um það í þessu efni, að við megum hér færa út, jafnvel þó að hinir hafi lýst ágreiningi og heimti málið borið undir alþjóðadómstólinn. Eftir öllum venjulegum reglum í samningum mundi þetta vera skoðað á hina lundina, að ef aðilar koma sér saman um það, að verði ágreiningur þeirra í milli, skuli tiltekinn aðili skera þar úr, þá yrði auðvitað beðið eftir því, að sá aðili skæri úr, áður en farið er að framkvæma deiluefnið. En þegar á það hefur verið bent, að þetta atriði gæti torveldað okkur eðlilega útfærslu hjá okkur, með því að fyrst þyrftum við að tilkynna Bretum í 6 mánuði og síðan gætu þeir eðlilega þvælt málið a. m. k. í 2—3 ár, sennilega í 5—6 ár, vil ég segja, eins og málarekstur gengur fyrir alþjóðadómi, þar til úrskurðurinn endanlega kæmi, — þegar menn sjá það, að þetta er ótrúlega óþægilegt, þá kemur bara ný lagaskýring á þessu. Ég verð að segja það, — hæstv. ríkisstj. má lá mér það, ef hún vill, — ég verð að álíta það, að ríkisstj. Íslands hafi vitað betur og getað betur en þetta. Ég álít, að hún hefði getað samið þetta miklu skýrar. Ég álít, að hún hefði getað haft þetta miklu ótvíræðara. En ég dreg þá ályktun af því, að þetta er svona, að hún hafi ekki fengið þessu ráðið, og af því að hún fékk því ekki ráðið, hún var að semja við annan, sem vildi hafa þetta á hinn veginn, þá hljóta að hafa verið til þess einhverjar ástæður, að hinn aðilinn vildi hafa það á hinn veginn. Það voru einhverjar ástæður til þess, að Bretinn vildi endilega hafa þetta: að falla frá mótmælum, en viðurkenna ekki. Það hljóta að hafa verið einhverjar ástæður til þess, að hann vildi ekki láta banna sér að veiða á tilteknum svæðum innan landhelginnar nema í 3 ár, ekki framvegis. Það hljóta að hafa verið einhverjar ástæður til þess, að þetta orðalag er haft svona, að hægt er að snúa því við, það er hægt að teygja það eins og hrátt skinn.

Nú er það vitað mál, að Bretar hafa að undanförnu verið að semja við Norðmenn um sams konar mál og þeir eru að semja hér við okkur um. Þeir eru að semja um fríðindi handa sínum skipum um að mega veiða í norskri landhelgi á milli 6 og 12 mílna um tiltekið árabil. Það hefur verið skýrt nokkuð frá þessu samkomulagi. Ég hef aldrei heyrt á það minnzt, — það væri mjög fróðlegt að fá það upplýst hér, ef hæstv. ríkisstj. getur gefið upplýsingar um það, — er það tilfellið, að Norðmenn hafi samið um það við Breta, að þeir skuli aldrei neitt gera í sínum landhelgismálum, eftir að því samningstímabili lýkur, sem þar er um að ræða, nema á þeim grundvelli að tilkynna Bretum þar um og hlíta úrskurði alþjóðadómstóls um það, sem þeir gera? Er það í þeirra samningi? Er það ekki einkennilegt, að maður skuli hafa séð í norskum blöðum skýrt frá þessu samkomulagi og aldrei á þetta minnzt. Það kann að vera, að skýringin sé sú, að annaðhvort hafi Norðmenn neitað að taka slíkt ákvæði inn eða þá Bretar ekki talið, að það

skipti svo miklu máli með Norðmenn, af því að þeir hafa vitað það allan tímann, eins og við Íslendingar höfum mátt hlusta á, að Norðmenn hafa stutt þá í þessum landhelgismálum allan tímann, þeir hafa verið á móti 12 mílunum. Þeir hafa bara togazt áfram á eftir okkur og ýmsum öðrum. Bretar halda kannske, að það skipti ekki miklu máli að loka fyrir Norðmenn eftirleiðis, að þeir fari út fyrir 12 mílur, en þeir hafa sýnilega talið það skipta verulegu máli að loka fyrir það, að Íslendingar gætu farið út fyrir 12 mílur, og af því er þetta ákvæði komið, að það er talið mikils virði af hálfu Breta að loka fyrir okkar möguleika.

Hæstv. dómsmrh. minntist hér á till. um þjóðaratkvæði. Það var nú heldur skemmtileg afsökun, sem hann hafði þar í frammi, að hann gæti ekki stutt þá till. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri réttur og skylda ríkisstj. og Alþ. að gera samninga fyrir Ísland. Það væri réttur og skylda ríkisstj. að gera samninga, og ríkisstj. ætti ekkert að skjóta sér undan slíkum skyldum. En þetta er auðvitað mesti misskilningur. Auðvitað er ríkisstj. búin að búa til þetta samkomulag. Hún er búin að vinna að því að gera þennan samning. Alþ. á að fjalla um samninginn, og samkv. till. okkar, sem flutt hefur verið hér um þjóðaratkv., er gert ráð fyrir því, að í því tilfelli, að þessi gerði samningur ríkisstj. verði staðfestur hér af Alþ., þá verði síðan ákveðið, að hann skuli þó ekki taka gildi, fyrr en þjóðin hafi staðfest hann með þjóðaratkvgr. Það er svo sem ekki verið að taka neina vinnu af hæstv. ríkisstj. Hún hefur búið til samninginn. Það er ekki heldur verið að taka neitt af hv. Alþ. Alþingi á að fjalla um samninginn. Ef Alþ. fellir samninginn, þarf vitanlega ekki lengra að fara, en aðeins þetta, að það er lagt til að ákveða það, að samningurinn skuli ekki taka gildi, þó að Alþ. hafi samþ. hann, fyrr en þjóðin er búin að staðfesta hann með meiri hl. atkv. í þjóðaratkvgr. Ríkisstj. og Alþ. eru því ekki að skjóta sér undan neinni skyldu. Hér er aðeins um það að ræða, hvort ríkisstj. og Alþ. þora að leggja gerðir sínar undir þjóðardóm. Spurningin er aðeins sú: Vilja menn fá staðfestingu á því, sem þeir eru að gera, eða óttast þeir það kannske, að þeir fái ekki þessa staðfestingu? Það auðvitað sjá allir, að ef hæstv. ríkisstj. tryði virkilega á sinn málstað, ef hún tryði því, að meiri hl. þjóðarinnar stæði með hennar málstað, þá mundi hún samþykkja slíka þjóðaratkvgr. sem hér er lögð til. Ríkisstj. fengi þá allt sitt fram og staðfestingu þjóðarinnar á málinu. Nei, það getur ekki verið nein önnur skýring á því, að ríkisstj. bregzt svona við, að hún neitar þjóðaratkvgr., en að hún óttast það að bera málið undir þjóðina. Og það skiljum við flestir hér, því að hún veit auðvitað, eins og við vitum, að þjóðin mundi kolfella svona samning sem þennan.

Svo sagði hæstv. dómsmrh., að Alþ. hefði svo sem rétt umboð til þess að gera svona samning og alþm. allir úr síðustu kosningum, vegna þess að hér hefði verið nákvæmlega þrædd samþykkt Alþ. frá 5. maí 1959 um landhelgismálið. En í þessari samþykkt er til viðbótar við almenn mótmæli gegn ofbeldi Breta um tvö atriði að ræða. Þar stendur til viðbótar við mótmælin í þessari samþykkt: afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið.

Fyrra atriðið er, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Hvað hefur verið gert í þeim efnum? Er að finna í þessu plaggi einhverja viðurkenningu á rétti Íslands til landgrunnsins alls? Eru menn virkilega svona forhertir, að reyna að halda því fram, að það sé að finna eitthvert ákvæði í þessu samkomulagi, sem miði að því að viðurkenna rétt okkar til landgrunnsins alls? Ekki eitt einasta atriði í þessu samkomulagi stefnir að þessu, heldur, eins og ég hef vikið hér að áður, miklu fremur hitt, það er verið að setja ákveðnar skorður við því, að við getum fengið fram þau réttindi á öllu landgrunninu, sem við höfum þó lýst yfir í íslenzkri löggjöf, að við eigum að hafa, sem er lögsaga yfir landsgrunnssvæðinu. Þessi till. er því ekki þrædd í þessum efnum.

En viðvíkjandi hinu atriðinu, að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið, — er þetta þrætt? Er þetta þrætt í þessu samkomulagi? Allir menn sjá það, að með þessu samkomulagi er raunverulega verið að gera fiskveiðilandhelgina svo að segja í kringum allt landið að 6 mílna landhelgi nú um 3 ára tímabil a. m. k. Hér er því beinlínis brotið á móti þessu meginatriði í þessari samþykkt, sem hæstv. dómsmrh. viðurkenndi hér, að hefði verið sú samþykkt, sem gengið hefði verið til kosninga um og umboð þm. í þessum efnum miðaðist við. Umboð þm. miðaðist því við það, að ekki kæmi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið. Í þessum efnum er verið að brjóta eða víkja frá því umboði, sem þm. hafa. Það þýðir svo vitanlega ekkert að endurtaka það hér, að með þessu samkomulagi sé verið að þræða innihald þessarar samþykktar Alþ. Það er beinlínis verið að brjóta þessa samþykkt Alþ. með því að samþ. þetta samkomulag. Um það er ekkert að villast.

Þá vék hæstv. dómsmrh. að nokkru að grunnlínubreytingunum, og hann minntist á það, að það hefði dregizt í þrjú ár, að Íslendingar neyttu þess réttar, sem við stjórnarandstæðingar teldum, að við Íslendingar hefðum um útfærslu á grunnlínum. Ég vil nú spyrja hæstv. ríkisstj. og alveg sérstaklega hæstv. dómsmrh.: Heldur hann því fram, að við eigum ekki rétt að alþjóðalögum til þess að færa grunnlínurnar út, eins og gert er ráð fyrir í þessu samkomulagi, og einnig til útfærslu á öðrum grunnlínum, sem eru ekki teknar með í þetta samkomulag? Vill hann halda því fram, að við eigum ekki að alþjóðalögum rétt til þessarar útfærslu? Það væri mjög fróðlegt að fá svar hans við því. En í þeim efnum vil ég minna á það, að íslenzk stjórnarvöld hafa hvað eftir annað gefið út og útbýtt á meðal flestra þjóða heims varðandi landhelgismálið nokkrar hvítar bækur, þar sem við höfum tekið skýrt og greinilega fram, að við ættum samkvæmt alþjóðalögum rétt til allra þessarra grunnlínubreytinga, sem er að finna í þessu samkomulagi, og þar að auki til 7 annarra grunnlínubreytinga, sem við höfum talið upp. Hefur þetta verið sagt ósatt í þessum hvítu bókum? Höfum við ekki talið það alveg tvímælalaust, að við ættum þennan rétt skv. alþjóðalögum? Hvað heldur hæstv. utanrrh.

um það? Telur hann, að hann og þeir starfsmenn, sem hafa unnið á hans ábyrgð, hafi verið að skrökva í þessum efnum, þegar þetta hefur verið birt í hvítu bókunum? Nei, ég efast ekki um, að það er hans skoðun, að við eigum skv. alþjóðalögum, þeim sem gerð voru árið 1958 í Genf, tvímælalausan rétt til þessara grunnlínubreytinga og til 7 annarra grunnlínubreytinga, sem eru ekki teknar hér með. Og nú vil ég spyrja, hvernig stendur á því, þegar þessar fjórar grunnlínubreytingar eru nú teknar í þetta samkomulag, að hinar 7 eru skildar eftir af þeim, sem við höfum lýst yfir erlendis, að við ættum rétt til? Hvernig stendur á því, að þær eru ekki teknar með?

Það kemur vitanlega ekki til mála, að sá maður finnist hér á Íslandi a. m. k., sem reynir að halda því fram, að við eigum ekki jafnmikinn rétt til þess að draga beina grunnlínu fyrir Meðallandsbugtina eins og þær löngu grunnlínur, sem við höfum dregið fyrir Faxaflóa og Breiðafjörð. Beina grunnlínan fyrir Meðallandsbugtinni er miklu styttri og miklu óumdeilanlegri og skýrari en hinar. Það hefur verið skoðun okkar, að þær grunnlínur, sem nú hafa verið dregnar, væru örugglega skv. alþjóðalögum. En við vissum það vel, að Bretar voru líklegir til þess og höfðu sýnt það í sínum fyrri mótmælum, að þeir vildu mótmæla sumum þeirra, þar sem grunnlínurnar voru lengstar og þar sem var miðað við smádranga eða sker nokkuð langt út frá aðallandinu. En í Meðallandsbugtinni var engu líku til að dreifa. Hvernig stendur þá á því, fyrst ráðizt er hér í útfærslu á grunnlínum, að þessi grunnlínubreyting var ekki tekin líka? Hvernig stendur á því? Auðvitað er þetta auðskiljanlegt öllum þeim, sem þekkja gang þessara mála. Hér er aðeins um það að ræða, að það er byrjað að semja við Breta um okkar réttindi, og það er látið af tilteknum rétti, sem við eigum. Það er ákveðið að fara ekki út í það að nota Grímsey sem grunnlínupunkt og rétta af línurnar sitt hvorum megin við Grímsey, vegna þess að Bretar vilja hafa þau svæði áfram opin fyrir sína togara. Þeir veiða þar á austara svæðinu, fyrir austan Grímsey, út af Rauðanúp mjög mikið, enda er þar talið mjög gott togveiðisvæði, mikið fiskisvæði fyrir togara. Bretar neita því, og íslenzka ríkisstj. semur af okkur þennan rétt nú í þessu tilfelli að breyta þessum grunnlínum. Nákvæmlega sama gerist við Hvalbak fyrir Suðausturlandi. Við gátum dregið grunnlínuna beint frá Glettinganesi í Hvalbak og beint úr Hvalbak í Stokksnes við Hornafjörð. Á þann hátt hefðum við lokað allstórum svæðum sitt hvorum megin við Hvalbak, sem Bretar hafa skarkað á meira jafnvel en á flestum öðrum svæðum við landið. En Bretar vilja hafa þetta opið, og íslenzka ríkisstj. í samningamakki sínu við Breta kemur þessu ekki í gegn. Og nákvæmlega sama hefur átt sér stað með svæðin hér fyrir Suðurlandi, í *Mýrabugt*, í *Meðallandsbugt*. En einmitt í Meðallandsbugtinni er eitt allra bezta fiskisvæði við Ísland. Þangað sækja Bretar, og þar vilja þeir hafa bugðuna inn í bugtina áfram, svo að þeir geti haldið áfram veiðum þar á þeim slóðum, sem þeir hafa fiskað svo mikið á á undanförnum árum. Og hið einkennilega atriði gerist svo, þegar ríkisstj. ræðst þó í það eða fær samkomulag við Breta um það að gera Geirfugladrang hér út af Reykjanesi að grunnlínupunkti, þannig að grunnlínan fyrir Faxaflóa er miðuð við Geirfugladrang, að það er ekki dregin grunnlína beint frá Geirfugladrangi út af Reykjanesi beint í Geirfuglasker fyrir sunnan Vestmannaeyjar. Nei, heldur leggja menn þar lykkju á leið sína og draga línuna frá Geirfuglaskeri fyrir *sunnan Vestmannaeyjar* í Eldeyjardrang og úr Eldeyjardrangi í Geirfugladrang. En á þennan hátt töpum við af því svæði, sem við höfum áður lýst yfir, að við ættum rétt á, allverulegum skika, af vestanverðum Selvogsbanka og á Eldeyjarbanka, einmitt því svæði, sem brezkir togarar sækja sem fastast á og fá einna mest af ýsu á. Hér er aðeins um það að ræða, að Bretarnir, þegar farið er að semja við þá, pína okkur til þess að láta af þessum réttindum okkar. Og þó að við vildum skv. þessu samkomulagi síðar sækja þessi svæði með frekari útfærslu, þá erum við seldir undir þann vanda að verða að tilkynna Bretum það fyrst með 6 mánaða fyrirvara og síðan að verða að lúta því, að alþjóðadómstóllinn fjalli um málið, og það mundi geta tekið nokkur ár að fá upp kveðinn dóm þar um þessi atriði. En það er mín skoðun, að þar *mundi dómstóllinn verða okkur hagstæður*, því að ég tel, að alþjóðalögin í þessum efnum séu svo skýr, að það verði erfitt að dæma af okkur réttinn í þessum efnum.

Það er auðvitað hlægilegt að vera að eyða orðum að því að svara því, sem hæstv. dómsmrh. kom hér með varðandi þessar grunnlínur, þar sem hann talar um það, að við, sem stóðum að útfærslunni í 12 mílur, hefðum ekki notfært okkur þennan rétt, sem við teljum, að þjóðin hafi átt, til þess að gera þessar grunnlínubreytingar. Þegar ráðizt var í útfærsluna út í 12 mílur, þá gerðum við okkur fyllilega grein fyrir því, að þessi ráðstöfun mundi verða mjög umdeild. Við vissum það alveg upp á hár, eftir það sem hafði gerzt á Genfarráðstefnunni veturinn 1958, að Bretar og aðrir mundu mótmæla þessari útfærslu í 12 mílur mjög harkalega, flestar Vestur-Evrópuþjóðirnar, sem barizt *höfðu gegn* 12 mílna landhelgi á Genfarráðstefnunni 1958. Við vissum því, að við vorum hér að ráðast í mikið verk og vandasamt, að færa út í 12 mílur. Og eins og við höfum tekið fram, skipti vitanlega höfuðmáli að geta fengið algera samstöðu flokkanna hér innanlands á bak við þá ákvörðun, sem tekin yrði. Vegna þess voru haldnir fundir eftir fund með fulltrúum flokkanna allra og reynt að fá samstöðu flokkanna um það, hvernig skyldi staðið að málinu. Við lögðum það til, bæði fulltrúar Alþb. og fulltrúar Framsfl., svo að ekki verður um villzt, því að það liggur alveg opinberlega og skriflega fyrir, að við lögðum það til, að það yrði ráðizt í útfærsluna 1958 þannig, að við færðum út í 12 mílur og gerðum einnig útfærslu á grunnlínunum, öllum þeim, sem ég hef hér minnzt á. Þessa leið *kysum við helzt*. En því var lýst yfir, að við mundum ekki treysta okkur til þess að fara í svona stórfellda útfærslu, bæði út í 12 mílur og taka þá miklu stækkun, sem líka varð við breytingu á grunnlínum, nema alger samstaða gæti orðið um það hjá íslenzku stjórnmálaflokkunum. En það var einmitt þarna, sem Sjálfstfl. brást fyrst og fremst og svo auðvitað Alþfl. með honum. Þeir *fengust*

ekki til þess að samþykkja þetta, þó að fulltrúar hinna flokkanna tveggja byðu upp á þetta. Þeir lýstu því strax yfir um þetta leyti, að þeir vildu fresta öllu málinu, útfærslunni í 12 mílur og breytingu á grunnlínum, og tala við erlenda aðila um málið og freista þess að ná einhverju samkomulagi. Þeir vildu ganga í það samningamakk, sem þeir hafa verið nú í um landhelgi Íslands.

Nú það var ekki óeðlilegt sjónarmið, sem kom fram hjá forsrh. þá, Hermanni Jónassyni, að hann undirstrikaði það mjög um þetta leyti, að hann mundi ekki vilja sem forsrh. standa að því að gera þær ráðstafanir í landhelgismálinu, sem ekki væri tvímælalaust meiri hluti Alþ. á bak við, og þar sem Framsfl. og Alþb. höfðu ekki meiri hl. á Alþ. tveir, þá varð að leita samkomulags við Alþfl., og auðvitað var æskilegast að hafa Sjálfstfl. líka. En það tókst ekki að fá þetta samkomulag um breyt. á grunnlínunum. Þetta er eina ástæðan til þess, að ekki var farið í þessar grunnlínubreytingar. En þegar útfærslan var gerð, tók ríkisstj. það skýrt fram í sinni opinberu tilkynningu, að ríkisstj. geymdi sér rétt, eins og það var orðað, til grunnlínubreytinga síðar, af því að menn vissu, að við áttum réttinn, og við bara geymdum okkur þetta, því að það var algert innanríkismál okkar að ákveða það, hvernig við höguðum breyt. á okkar grunnlínum.

Svo kemur sú fullyrðing frá hæstv. dómsmrh., að flutningur okkar Alþb.-manna og framsóknarmanna á frv. í Ed. um það að lögfesta fiskveiðilandhelgina, eins og hún hefur verið að undanförnu, með óbreyttum grunnlínum, sanni það, að við höfum verið á móti grunnlínubreytingu. Það er rétt eins og hæstv. ráðh. vilji ekki reikna með því, að það sé auðvelt fyrir meiri hl., sem til er á Alþ., að breyta íslenzkum lögum. Auðvitað lá málið ákaflega greinilega fyrir, að það þurfti aðeins að myndast meiri hl. á Alþ. fyrir tilteknum útfærslum á grunnlínum, þá var auðvelt að gera það. En eina ástæðan til þess, að það þótti nauðsynlegt að flytja hér frv. um að lögbinda reglugerðina frá 1. sept. 1958, var sú, að það voru miklar líkur, sem bentu til þess, að ríkisstj. ætlaði að fara að semja um breyt. á fiskveiðilandhelgi Íslands við aðrar þjóðir án þess að bera það mál undir Alþ. Af því var eðlilegt, að gildandi fiskveiðilandhelgi yrði bundin í lög, svo að það þyrfti að fara hér fram formleg og eðlileg breyt. á lögum á Alþ., til þess að hægt væri að koma slíkum samningum við.

Þær deilur, sem hér hafa nú orðið og eflaust eiga eftir að verða um fiskveiðilandhelgi Íslands, eru ekkert nýjar af nálinni hér á milli íslenzku stjórnmálaflokkanna eða forustumanna þeirra. Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá mönnum, að ýmsir af forustumönnum Sjálfstfl. og Alþfl. hafa verið meira og minna á móti 12 mílna landhelginni, sem ákveðin var 1958, og af því fengust sjálfstæðismenn ekki til þess að vilja standa að útfærslunni þá, og af því voru sjálfstæðismenn í sífellu með alls konar aðfinnslur út af setningu reglugerðarinnar um 12 mílna landhelgina. Ég skal nefna hér aðeins eitt lítið dæmi um t. d. afstöðu hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktssonar. Hann var strax í hópi þeirra manna, sem byrjuðu að ráðast á mig bæði leynt og ljóst fyrir útgáfu þessarar reglugerðar og finna henni allt til foráttu. Það var sagt, eftir að ákveðið var að standa að útgáfu þessarar reglugerðar, með stórum fyrirsögnum eins og venjulega í Alþýðublaðinu, að með þessari reglugerð væri beinlínis kveðinn upp dauðadómur yfir togara- og togbátaútgerð Íslendinga. Það sagði Alþýðublaðið. Mér var kennt um það, að ég væri að leggja togaraútgerð Íslendinga í rúst. Bjarni Benediktsson segir, — og það má finna í Morgunblaðinu 25. júní 1958, — þá segir hann á fundi á Suðureyri, orðrétt svona: „En getur útgerð togaranna staðizt, ef þeir eru allt árið alveg reknir af þessum miðum og samsvarandi miðum erlendis, svo sem gera verður ráð fyrir? Ég fer ekki dult með þá skoðun, að ekki sé fært annað en að leyfa þeim veiðar að einhverju leyti á viðbótarsvæðinu.“ Það komu sem sagt alveg strax upp hjá þessum hæstv. ráðh. áhyggjurnar af togaraútgerðinni, og þó að borin væri fyrir sig íslenzka togaraútgerðin, þá var allt annað og meira hér á bak við. Það var strax byrjað á því að kveinka sér undan því, að 12 mílurnar mundu hálfdrepa íslenzku togaraútgerðina, þó að allir þeir, sem þar þekktu til, vissu það, að íslenzkir togarar stunduðu sáralítið veiðar innan við 12 mílna mörkin, og það var engin ástæða til þess að veita íslenzkum togurum né auðvitað neinum öðrum togurum nein réttindi innan 12 mílna markanna. Við urðum hins vegar að gera það til þess m. a. að lokka Alþfl. til að standa með málinu. Það var eitt af skilyrðunum, sem hann gerði fyrir því að standa að útfærslunni í 12 mílur, að íslenzkum togurum yrði þó heimilað að veiða á tilteknum svæðum á tilteknum tímum innan landhelginnar, og Bjarni Benediktsson, núv. hæstv. dómsmrh., barði auðvitað bumbur í þessum efnum. Hann var að reyna að æsa upp Alþfl. allan tímann, að það væri verið að drepa togaraútgerðina og það yrði eitthvað að gera í þessum efnum. Það yrði að reyna að mynda einhverja smugu fyrir þá. Það hafði nefnilega verið þannig alveg frá upphafi, að þessir menn voru alltaf óheilir í landhelgismálinu. Þeir vildu ekki standa að útfærslunni. Þeir fundu útfærslunni allt til foráttu, vildu taka upp samninga við erlenda aðila og skoruðu jafnvel í Morgunblaðinu, nokkrum dögum áður en reglugerðin átti að ganga í gildi 1. september, — skoruðu þá jafnvel á ríkisstj. og aðra opinberlega að skjóta málinu þá, áður en reglugerðin gengi í gildi, undir sérstakan NATO-fund.

Á landsfundi sjálfstæðismanna, sem haldinn var 14. marz 1959, sagði Bjarni Benediktsson m. a. orðrétt um þessi atriði, þegar hann var að skýra út landhelgismálið og hvernig að því hefði verið staðið, — þá sagði hann orðrétt svona:

„Lúðvík Jósefsson réð, hvernig að var farið. Sök Guðmundar Í. Guðmundssonar er fólgin í því, að hann skyldi ekki hindra Lúðvík í þessu og gæta þess, að um landhelgismálið eitt væri hugsað.“

Meira að segja Guðmundur Í. Guðmundsson átti mikla sök 1958, að hann skyldi ekki hindra mig í því að gefa út 12 mílna reglugerðina, að dómi Bjarna Benediktssonar, núv. hæstv. dómsmrh. Svona var lítið á þessi mál. Hæstv. forsrh. auðvitað var, eins og allajafna er hjá honum, miklu stórorðari

í þessum efnum, sagði, að ég hefði ráðið stefnunni til góðs eða ills og til ills að sínum dómi í þessu máli. Þannig var það, að þetta hefur verið að grafa um sig allan tímann, fyrst andstaðan 1958, tregðan öll, og allir landsmenn vissu það, að Alþfl. var beinlínis dreginn á eyrunum til þess undir lokin að vera með. Honum var ógnað með því, að það skyldi efnt til kosninga og kosið um landhelgismálið, og þá guggnaði hann. Þetta vita allir landsmenn. Og framhaldið varð síðan það, eftir að þessir menn höfðu orðið að láta í minni pokann, útfærslan var framkvæmd, reglugerðin gekk í gildi 1. sept. 1958, og þjóðin öll stóð alveg einróma að framkvæmd málsins, þá auðvitað sá Morgunblaðið sitt óvænna og snarsneri við og fór að mæla með málstað Íslendinga og móti Bretum. En við vissum það, sem höfðum verið í fremstu víglínu í þessum málum allan tímann, að það lá hér undir falinn eldur. Það var hætta á, að sá eldur kæmist upp, og þegar svo fór, að þeir tveir flokkar náðu meirihlutaaðstöðu á Alþ., þeir sem nú fara með ríkisstj., Sjálfstfl. og Alþfl., og þegar þeir tveir menn höfðu forustu í landhelgismálinu, sem nú hafa það, hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh., þá vissu menn það, að þeir tveir hlekkirnir voru nú komnir í þetta, sem veikastir voru hjá Íslendingum að allra dómi. Og nú hvíldi allt á þessum tveimur veikustu hlekkjum. Menn þurfti því ekki að undra svo mjög á því, þó að þetta þróaðist í þá átt, sem það hefur þróazt, að það verði læðzt skref fyrir skref í málinu, fyrst farið að tala við Breta um samninga án þess að gefa þjóðinni það upp, síðan var það viðurkennt, að menn væru byrjaðir að tala, en væru bara í almennu snakki um málið, ekki stæði til að semja neitt. Síðan var farið að semja og svo stig af stigi, og svo í lokin, þegar samningurinn er fullgerður, er reynt að halda því að landsmönnum, að allt sé þetta gert til þess að bæta hag Íslendinga í landhelgismálinu. Þeir voru þá líklegastir til þess, þessir menn, sem að þessu standa, miðað við þá sögu, sem menn þekkja, að þeir eiga í þessu máli.

Eitt af því, sem hæstv. dómsmrh. lofaði hér í umr. á Alþingi varðandi þetta mál fyrir nokkru, var það, að það skyldi ekki koma til greina, að einstökum landshlutum yrði mismunað í sambandi við þá samningagerð, sem hér væri fyrirhuguð. Það var 27. okt., að hæstv. dómsmrh. sagði hér á Alþingi, orðrétt, sem hér segir um þetta atriði:

„Þá vil ég segja, að það kemur ekki til greina, eins og fullyrt hefur verið af hálfu stjórnarandstæðinga, að standi til að fórna hagsmunum einstakra landshluta vegna annarra.“

Menn treystu því, að það mundi vera ætlun ríkisstj., að þeir samningar, sem gerðir kynnu að verða, ættu að vera réttlátir í þessum efnum gagnvart hinum ýmsu landshlutum. En það hefur orðið harla lítið úr þessu loforði eins og fleiru. Samkvæmt þessu samkomulagi er gert ráð fyrir því, að erlend veiðiskip fái rétt til þess að veiða fyrir Austurlandi á ekki minna svæði en frá Langanesi og suður undir Reyðarfjörð, eða á hálfri strandlengjunni fyrir Austurlandi, — að þeir fái leyfi til þess að veiða á þessu svæði alla mánuði ársins, hvern einn og einasta.

Það er alveg greinilegt, að hinum erlenda vargi er alveg sérstaklega sigað á Austfirðinga með þessu samkomulagi. Enginn landshluti fer eins illa út úr því og hann samkvæmt þessu samkomulagi, að því leyti til, sem hægt er að dæma út frá heimildinni handa erlendum skipum til að ryðjast inn í landhelgina, því að á Austurlandssvæðinu fá erlendu skipin langlengstan tíma, og þeim er beinlínis heimilað að veiða þar á þeim tímum, sem eru allra viðkvæmastir fyrir útgerð á þessum slóðum. Það er engu líkara en það hafi verið fengnir einhverjir talsvert kunnugir til þess að velja þannig úr, að sem allra verst kæmi bátaflotanum á Austurlandi. Það er því engin tilviljun, að Austfirðingar hafa verið fljótari til en flestir aðrir og gert það verklegar en flestir aðrir að mótmæla þessum fyrirhugaða samningi, því að það má segja, að allur þorrinn af fólkinu á Austurlandi sé þegar búinn að láta álit sitt í ljós og annaðhvort skrifa undir skjöl og senda til Alþ. eða senda almennar fundarsamþykktir til þess að mótmæla þessu. Og það vekur sérstaka athygli auðvitað, að framámenn Sjálfstfl. á Austurlandi draga sig ekki í hlé í þeim efnum að mótmæla þessum samningi. Framámenn Sjálfstfl. þar um slóðir draga ekki af sér heldur. Það er svo sem eðlilegt. Hvernig ættu menn, sem búa á þessum slóðum og eiga allt sitt undir útgerð á þessu svæði, að geta, jafnvel þótt þeir vilji vera *flokkshollir*, léð *samþykki sitt slíku sem þessu?* Á einni af stærri útgerðarstöðvum fyrir austan segja bæði útgerðarmenn og sjómenn, að þeir sjái ekki annað en þeir verði hreinlega að flytja sig um set og hverfa úr sinni heimabyggð, eftir að búið er að senda hinn erlenda skipaflota svona inn á beirra mið. Það er nefnilega þannig, að það er svipað fyrir Austfjörðum og Vestfjörðum, að 12 mílna landhelgi er ekki breið skák, þar sem ekki er um neina flóa að ræða. Þetta er örmjó skák. Það er það versta, að menn, sem eru óvanir allri sjómennsku og þekkja ekki til aðstæðna, gera sér engan veginn grein fyrir því, hve lítið svæði hér er um að ræða. Venjulegur mótorbátur, þó að hann byrjaði að leggja línuna sína þannig, að hann hnýtti annan endann í bryggjuna inni í firði, þá fer hann langt út fyrir 12 mílurnar með hinn endann. Þannig er þessu varið. Venjuleg línulengd tekur frá 18 upp í 25 mílur á lengd. Það þarf því ekki að leggja mikið út frá landi, til þess að farið sé út fyrir 12 mílna mörkin. Sannleikurinn er sá, að 12 mílna mörkin á þessum svæðum, bæði fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum, hafa auðvitað verið allt of knöpp fyrir bátaútgerðina á þessum slóðum. En þegar búið er að heimila innlendum og erlendum togurum að koma upp að 6 mílna mörkunum, þá eru þeir komnir innan um alla opnu trillubátana og eru að fiska á þeirra slóðum. Það er vitanlega ekki eðlilegt, að þeir, *sem við slíkt sem* þetta eiga að búa, taki því með neinum þökkum. Og ég er hræddur um það, að stjórnarflokkarnir eigi eftir að finna það á Austurlandi, en þar þekki ég bezt til, að þeim mun ekki verða þakkað þetta. Þeir eiga eftir að finna það, þegar þeir fara að heilsa upp á fylgjendur sína, ef þá hæstv. ráðh. hafa fyrir því að koma til Austurlandsins, eftir að þeir hafa samþ. þetta.

En *sú skýring* er kannske á þessu, að Sjálfstfl. hefur ekki átt ýkjamikið fylgi á Austurlandi, Alþfl.

var búinn að brenna sitt af sér nokkurn veginn, — og það sé þá skýringin, að stjórnarflokkarnir segi, að það geri ekki svo mikið til, það þurfi að hleypa Bretanum einhvers staðar inn og þá sé kannske ódýrast upp á atkvæði að senda þá þangað. En ekki er það mikilmannlegt eigi að síður að gera þetta á þennan hátt og það ofan í slíka yfirlýsingu eins og hæstv. dómsmrh. hafði gefið hér á Alþ. um það, að einstökum landshlutum skyldi ekki verða mismunað í sambandi við þá samninga, sem hér ætti að gera.

En það er eins og ég hef sagt áður, að það atriði að hleypa erlendum veiðiskipum — og þá sérstaklega togurum — inn í fiskveiðilandhelgina, það er þess eðlis, að það getur aldrei komið þannig út, jafnvel þó að til þess væri ætlazt, að það geti verið eingöngu tjón fyrir þá aðila, sem verða fyrir mestum ágangi á sínum heimamiðum í svipinn. Ef erlendur floti ryðst upp að Austurlandi og Norðurlandi, eins og ætlað er, og meginhluta Suðurlandsins jafnlangan tíma og gert er ráð fyrir, þá hlýtur það að koma fram í því, að fiskstofnarnir við landið verða fyrir miklum ágangi, og það mun bitna síðan á fiskveiðunum annars staðar. Við vitum það, það er alþekkt staðreynd, að göngufiskurinn við Ísland, sem okkar veiði byggist á, ferðast í kringum landið. Fiskur, sem merktur er hér í Faxaflóa, er veiddur úti fyrir Vestfjörðum eftir einn eða tvo mánuði, og fyrir Austfjörðum er fiskur, sem merktur kann að vera hér, veiddur eftir stuttan tíma. Það getur aldrei orðið björgun fyrir þá á Vestfjörðum, jafnvel þó að þeirra litla svæði sé tekið út úr og þangað eigi ekki að hleypa togurum inn þennan tíma. Þá vantar fljótlega fiskinn, sem þangað átti að koma, ef búið er að hleypa hinum erlenda vargi á fiskgöngurnar annars staðar. Þetta verður því sameiginlegt skipbrot fyrir alla fiskimenn landsins og fyrir alla þjóðina. Hitt er svo líka augljóst mál, að það verða fleiri en Austfirðingar, sem fara illa út úr þessu í fyrstu lotu. Þeir vita alveg, hvað þeir eru að segja núna, útgerðarmennirnir og sjómennirnir á Snæfellsnesi, þegar þeir benda á það, að þau svæði, sem brezkir togarar eiga að fá á þeirra fiskislóðum úti fyrir Snæfellsnesi, eru þeirra beztu veiðisvæði. Það er haft eftir einum þekktum formanni þar, að nú muni ástandið verða þannig hjá honum í vetur, að það verði ekki aðeins, að brezku togararnir fari með aflann frá honum, heldur mun hann jafnvel koma í land veiðarfæralaus líka, af því að nú á að stefna togurunum inn á þau svæði, þar sem bátarnir hafa haft netin sín fram til þessa og þurfa að hafa netin sín, ef þeir eiga að veiða. Eitt bezta fiskisvæði úti fyrir Snæfellsnesi er við Kolluálinn. Bretar fá aðstöðu til að toga þannig, að þeir geta beinlínis lokað fyrir allar fiskgöngur, sem ganga upp með Kolluálnum. Þetta er dómur einmitt fiskimannanna þarna að vestan.

Það er enginn vafi á því, að mikil spjöll verða af þessu fyrir bátaflotann um allt land, og sérstaklega er hætt við því, að hér verði um mikið fjárhagslegt tjón að ræða, þegar fram líða stundir. Eða hvað er að segja um síldveiðarnar fyrir Norðurlandi? Nú síðustu árin hefur það verið eitt aðalumkvörtunarefnið hjá íslenzkum skipstjórum, hvað veiðiflotinn íslenzki væri allt of stór, með alla þá tækni, sem hann hefur yfir að ráða núna. Okkar gleggstu veiðimenn hafa bent á það, að síldin fær aldrei aðstöðu til þess að komast upp á yfirborðið. Mælarnir eru í gangi í bátunum um allan sjó, flotinn er stór, á þriðja hundrað skip, og þeir finna torfurnar langt niðri í kafinu og eru strax komnir á torfuna, þegar hún lyftir sér upp, og halda henni þannig, að síldin nær ekki að vaða, vegna þess að tæknin er orðin svona mikil, og þessi veiðifloti er farinn að jafngilda margfalt stærri veiðiflota, sem áður var á miðunum, að veiðigetu. En upp á hvað er nú boðið hér af hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum? Það er ekki aðeins allur íslenzki flotinn, sem fær nú leyfi til þess að veiða á þessum slóðum, heldur geta Norðmenn komið með allan sinn veiðiflota fyrir öllu Norðurlandi og Austurlandi yfir allan síldveiðitímann upp að 6 mílum. Það er aðeins smáblettur landmegin við Grímsey, sem er undanskilinn. En á öllu hinu svæðinu, sem síld hefur veiðzt á nú síðustu árin, vestan frá Horni, fyrir öllu Norðurlandi og suður undir Reyðarfjörð á Austfjörðum, — á öllu þessu svæði má erlendi síldarflotinn vera yfir allan síldveiðitímann upp að 6 mílum. Og það er eins og ég sagði, það er ekki aðeins boðið upp á það, að þangað komi allur norski flotinn, heldur einnig allur færeyski flotinn, sem stundar síldveiðar, og hann er stór. Svo er það beinlínis tekið fram hér líka, að Rússar megi koma með allt sitt. Þeir eiga langstærsta síldveiðiflotann hér í Norður-Atlantshafi. Hann er svo stór, að norski fiskifræðingurinn Devold sagði frá því nú nýlega, að hann hefði á sínu fræga rannsóknarskipi, G. O. Sars, keyrt það í gegnum rússneska síldveiðiflotann úti fyrir Noregi, og hann hefði stímað þar á 12 mílna ferð á sínu skipi í gegnum rússneska flotann og það hafi tekið sig 4½ klukkustund að fara í gegnum flotann, slík borg hefði verið þarna úti. Rússum er boðið upp á þetta eins og öðrum, upp að 6 mílum. Halda menn ekki, að það verði gaman að vera á síld, þegar ástandið er orðið svona? Halda menn ekki, að það sé girnilegt fyrir okkar þjóðarbúskap að eiga að treysta á veiðar, eftir að svona er búið að búa að hlutunum? Ég vil spyrja hæstv. ríkisstjórn: Hefur hún fengið í sambandi við þessa ákvörðun umsögn einhverra manna, sem eitthvert vit hafa á þessum málum, í sambandi við mögulega til síldveiða? Hefur hún meðal annars fengið ráðleggingar fiskimálastjóra til þess að haga málunum á þennan hátt? Það væri mjög fróðlegt að fá það upplýst hér á Alþingi, hvort fiskimálastjóri landsins, sem hefur verið trúnaðarmaður ríkisstj. í þessum efnum, hefur mælt með því að haga málunum á þennan hátt? Ég fullyrði það, að verði þessi háttur á, að norska flotanum verði boðið hér inn, færeyska flotanum boðið hér inn að 6 mílum, á öllu þessu svæði, ásamt með íslenzka flotanum, og Rússum einnig boðið, þá verður ómögulegt fyrir íslenzku skipin að veiða á þessu svæði. Eina leiðin, sem ég er sannfærður um, að góðir skipstjórar líka mundu fara, væri að flýja sem lengst frá Íslandi út í haf og reyna að fiska eitthvað þar. Það ætti svo sem eftir að verða útkoman úr þessu, að Íslendingar yrðu að hrekjast af sínum eigin heimamiðum, af því að ríkisstjórnin væri búin að selja þau á leigu til erlendra aðila.

Það er enginn vafi á því, að hættan af því að veita erlendum aðilum þessi réttindi er gífurlega mikil.

Svo er hitt atriðið, sem oft hefur verið bent á, að allri veiðitækni, einnig meðal brezkra skipa, hefur fleygt alveg gífurlega fram og fleygir nú *fram með hverju ári. Það er enginn vafi á því*, að á næstu þrem árum, sem Bretar eiga að fá þessi réttindi, fleygir veiðitækninni áfram fram, og þeir munu því geta gert hér miklu meiri usla á okkar miðum á þessu tímabili en flesta grunar. Svo eru menn að bera þetta saman við það, sem Íslendingar hafa búið við um 2½ árs skeið, þegar segja má, að okkar fiskimið hafi verið fyrir erlendum veiðiskipum betur friðuð en nokkurn tíma áður, nema þá aðeins að stríðsárunum einum undanskildum. Það vita allir, að brezku togararnir gátu ekkert veitt hér við land og veiddu ekki neitt. Þeir veiddu ekkert orðið hér undir þessari herskipavernd. Þeir gátu það ekki, því að slíkt er óframkvæmanlegt. Þegar þeir hótuðu okkur því árið 1958, áður en kom til útfærslunnar, að þeir mundu beita þessari aðferð, þeir mundu senda sín herskip hingað og láta gæta flotans síns, þá sögðu margir það, — í þeirra hópi var ég, — ég brosti að þeim og sagði þeim, að þetta væri óframkvæmanlegt, þeir mundu reka sig á það, að svona gæti enginn maður fiskað við Ísland, það væri útilokað að stunda fiskveiðar með þessum hætti, og þeir hafa auðvitað viðurkennt það síðan sjálfir, margviðurkennt það í brezkum blöðum, og þetta er óframkvæmanlegur hlutur, þetta er ekki hægt, ekki með neinum árangri.

Ég hef sagt það áður, að mig hefði langað mjög til þess, miðað við aðstöðuna til friðunar á Íslandsmiðum, að semja beinlínis við Breta um það, að þeir héldu áfram í eitt, tvö, þrjú eða fjögur ár þessari vitleysu, sem þeir voru að gera hér, vegna þess að það, sem þeir kroppuðu inni á landhelginni hjá okkur, skipti okkur engu máli, það var svo ómerkilegt. En það var annað, sem þeir gerðu fyrir okkur. Þeir lokuðu skipin sín, sem hér voru, í þröngum básum undir herskipastjórn, en meginhlutinn af fiskveiðisvæðinu fyrir utan 12 mílur var algerlega laus við öll skip. Bátasjómennirnir okkar, sem voru að róa norðan til á Austfjörðum, sögðu: Við höfum aldrei lifað svona dægilega daga. Nú getum við róið út í okkar 50 mílur. Við sjáum ekki togarareyk nokkurs staðar. — Þá var ekki aðeins friðað svæðið innan 12 mílna, heldur út í 50 mílur, af því að Bretar höfðu geymt skipin sín í verkleysi inni í smábás einhvers staðar við landið, og þar gátu þau ekkert fiskað. Þetta var langbezta ráðstöfunin, sem var hugsanleg fyrir fiskfriðunina við Ísland. Eins og ég sagði, hefði ég gjarnan viljað semja við þá um að halda áfram svona fíflaskap, því að það var bezt fyrir okkur. En það hefði auðvitað ekki tekizt, vegna þess að þeir voru orðnir uppgefnir á þessu og sáu, að þetta var eintóm vitleysa frá upphafi til enda, og eini tilgangurinn með þessari vitleysu var sá, að þeir voru að reyna með þessu að hóta Íslendingum: Þið verðið að semja við okkur, við erum hér enn með herskipin. — Og annaðhvort var það, að það voru svo svikulir ráðamenn Íslendinga, sem stjórnuðu þessum málum í ríkisstjórn Íslands, eða skilningslausir á það, hvað var að gerast í þessum efnum, að þeir glæptust á að fara að semja við Breta, semja þá út úr þessari klípu, sem þeir voru í.

Það er því argasta ófugmæli í þessum efnum, að það hafi legið á okkur einhver pressa til þess að leysa þessa deilu, við hefðum þurft að leggja eitthvað á okkur til þess að leysa deiluna. Nei, það voru Bretar, sem þurftu þess mjög með að fá einhverja til þess að leysa deiluna fyrir sig. Það er sannleikur málsins. Það var leiðinlegt fyrir brezka *heimsveldið að snauta heim eins og rakki eftir að* hafa tapað deilunni hér að fullu og öllu, snúa skipum sínum héðan í burtu, gefast upp að fullu og öllu. Og af því var það vitanlega miklu betra fyrir þá, þegar svona var komið og þeir vissu, að þeir hefðu tapað öllu, að ná í einhvern samning sem þennan, þegar sá samningur getur í fyrsta lagi veitt þeim hér mikil réttindi til að skaka hér a. m. k. þrjú ár, og auk þess veitir þeim þau stóru réttindi að binda hendur Íslendinga í framtíðinni með það, sem var orðið knýjandi fyrir þá að fara að gera. Það var vitanlega alveg augljóst mál, að þó að 12 mílna landhelgin sjálf væri okkur dýrmæt og þýðingarmikil, þegar við vorum að færa út 4 mílum, þá vissum við það, að það var okkur lífsnauðsyn að fara að vinna að því að ná í önnur þýðingarmikil svæði fyrir utan 12 mílur. Við vissum það, að allir stærri mótorbátar okkar, sem til dæmis stunda veiðar með línu, veiða næstum allan fisk sinn fyrir utan 12 mílur, en minni bátarnir hins vegar eru á grunnmiðunum, og grunnmiðin friðuð þýða það í framkvæmd, að við fáum fisk fyrir utan. Það, sem skipti því miklu máli fyrir okkur, var að halda friðuninni innan 12 mílna hringsins og fara að færa okkur út fyrir, eftir því sem tök voru á, og ná okkur í þau svæði, sem þar voru dýrmætust. En þá gerir ríkisstj. þennan ólukkusamning, sem bindur hendur okkar þannig, að það eru engar líkur til þess, ef þessi samningur verður gerður, að við getum fyrst um sinn náð nokkrum rétti fyrir utan 12 mílur.

Það hefur verið hér játað af hæstv. ríkisstj. um ákvæðið í þessu samkomulagi, sem skuldbindur Íslendinga til þess að tilkynna Bretum um alla frekari útfærslu og skjóta ágreiningi undir alþjóðadómstólinn, að þar sé um að ræða óuppsegjanlegt ákvæði, — ákvæði, sem eigi að standa um alla framtíð. Þetta hefur verið játað hér. En hafa menn gert sér grein fyrir því í þessum efnum, þegar þeir eru að gera millirikjasamning, sem á að binda þjóðina um alla framtíð, — hafa þeir þá gert sér *grein fyrir því, hvílíkar* feiknalegar breytingar hafa verið að verða í þessum málum öllum síðustu áratugina? Við vitum, að um síðustu aldamót og árin þar á eftir var það viðast hvar viðurkennt, að 3 mílna landhelgi væri allsæmilegt friðunarbelti. Þá var veiðitæknin á því stigi, að þetta var talið mjög sæmilegt. Nú benda menn á, að 12 mílna belti sé raunverulega orðið miklu minna, borið saman við alla veiðiaðstöðu, heldur en 3 mílna beltið var t. d. um síðustu aldamót. Ég minnist þess í þessum efnum að hafa hlustað á umr. á sjóréttarráðstefnunni í Genf, þar sem einmitt var verið að ræða þessi efni, um gömlu 3 mílna landhelgislínuna og svo aftur 12 mílna línu nú. Þar var mest um að ræða umr. varðandi almenna land-

helgi, en ekki aðeins fiskveiðilandhelgi, sem við tölum nú mest um. En eigi að síður er hér um alveg sams konar breytingu að ræða í báðum tilfellunum. Ég man þá eftir því, að einn af ræðumönnunum komst að orði eitthvað á þá leið, að þegar 3 mílurnar hefðu gilt sem almenn landhelgi, miðuðust þær við það, að ekki væri um það leyti, þegar hún var fyrst og fremst eða aðallega viðurkennd, að þá væri ekki hægt að skjóta fallbyssukúlu lengra en þessar 3 mílur, eða tæplega það, og við það hafa mörkin þá verið miðuð, vegna þess að það þótti eðlilegt að hafa slík friðunarbelti tilheyrandi strandríkinu, að óviðkomandi aðili gæti ekki komizt nær en þannig, að hann gæti tæplega skotið til lands frá ytri mörkum svæðisins með þeirri tækni, sem þeir réðu þá yfir. En hvað eru svo 12 mílurnar nú miðað við þá tækni, sem nú er þekkt, jafnvel þó að við miðum ekki við það, hvað menn geta skotið langt? Þessi ræðumaður komst að orði eitthvað á þá leið: Nú hefði tækninni þannig fleygt fram, að segja mætti, að sá, sem væri í 12 mílna fjarlægð frá ströndinni, hefði álíka aðstöðu til þess að fylgjast með því, sem í landi væri að gerast, eins og sá, sem legðist hreinlega á gluggann hjá nágrannanum og kíkti inn. Slík stórfelld breyting hefði orðið í öllum greinum, og því væri 12 mílna beltið nú sízt af öllu meira en 3 mílna beltið hefði verið á sínum tíma, heldur miklu fremur minna, og á því væri enginn vafi, að við yrðum að reikna með því, að í framtíðinni yrði hér um enn þá víðara belti að ræða og alveg sérstaklega þar sem rætt væri um fiskveiðar. Ég er ekki heldur í nokkrum vafa um það, að sú mun þróunin verða, að eftir nokkur ár verður 12 mílna beltið viðurkennt sem almenn landhelgi, nokkurn veginn með öllum þjóðum í heiminum, og þá þykir það alveg sjálfsagt, að strandríki hafi ekki aðeins 12 mílna fiskveiðilandhelgi, heldur hafi strandríkið miklum mun stærri fiskveiðilögsögu út frá sínum ströndum.

Á það hefur réttilega verið bent, að til þess getur komið og er raunverulega komið það ástand, að það sé nauðsynlegt, að einhver aðili hafi lögsöguvald yfir þeirri starfsemi, sem fram fer fyrir utan 12 mílna mörkin, þar sem margar þjóðir kunna að vilja stunda veiðar. Fiskimiðin eru oft tiltölulega lítil, og veiðiflotinn getur verið stór, og aðstaða er orðin þannig, að meira að segja veiðifloti frá einu landi getur svo að segja lagt undir sig stór fiskisvæði fyrir utan 12 mílurnar með því að liggja þar stöðugt. Það er því þegar komið upp það ástand, að það getur verið nauðsynlegt, að það sé einhver lögformlegur aðili, sem hafi rétt til að halda uppi eðlilegum lögum og reglu meðal þeirra, sem veiðar stunda á svæðinu fyrir utan 12 mílurnar. Þetta er þegar að verða aðkallandi. En með því að fara þá leið, sem lagt er til að farin verði í þessari till., að við eigum að binda okkur um alla frekari útfærslu við úrskurð alþjóðadómstólsins, þá má búast við því, að við verðum í hópi þeirra, sem hægast fara í þessum efnum, vegna þess að það er viðurkennd staðreynd, að dómstóllinn sjálfur er alltaf alllangt á eftir þeim reglum, sem þjóðirnar eru meir og minna búnar að taka sér, jafnvel af beinni nauðsyn.

Hvað mundu menn t. d. hér á Íslandi segja um það, ef það gerðist, að t. d. á næsta áratug eða svo færi hver þjóðin af annarri að lýsa yfir hjá sér 20 mílna fiskveiðilandhelgi og þær kæmust upp með það, það yrði ekki haft á móti því frekar en nú hefur verið haft á móti 12 mílunum hjá öllum nema Íslendingum, en hins vegar værum við bundnir samkvæmt þessu samkomulagi við Breta við það, hvort alþjóðadómstóllinn vildi dæma þetta löglegt eða ekki? Nú höfum við Íslendingar haldið því fram, að við hefðum meiri þörf en allar aðrar þjóðir fyrir stóra fiskveiðilandhelgi vegna þess, hvað efnahagur okkar er bundinn við fiskveiðarnar. Ég er hræddur um, að mönnum mundi líða allilla hér á Íslandi, þegar þeir sæju það, að hver þjóðin af annarri tæki sér 20 mílna landhelgi, en við værum bundnir þar við 12. Og ég er hræddur um, að ef það ástand kæmi upp, að hver þjóðin af annarri lýsti yfir fullkominni lögsögu hjá sér yfir öllu sínu landgrunni og þjóðirnar kæmust upp með það, þá þætti mörgum súrt í brotið hér að vera bundinn af því að bíða eftir því, að alþjóðadómstóllinn vildi slá þessari reglu fastri sem alþjóðalögum, — en slíkt gerir dómstóllinn ekki, fyrr en slíkar framkvæmdir þjóðanna eru orðnar svo almennar, að það megi segja, að meiri hluti þjóðanna sé búinn að löghelga þessa reglu.

Hér er því vissulega um mjög varhugavert atriði að ræða, að ætla að binda okkur með millirikjasamningi þannig, að við eigum að vera bundnir um alla framtíð því ákvæði að mega ekki færa fiskveiðilandhelgina frekar út en nú er orðið nema samkvæmt því, sem alþjóðadómstóllinn kann að viðurkenna.

En það er margt fleira en hér hefur verið minnzt á í sambandi við þennan samning, sem er æði einkennilegt. Hér er gert ráð fyrir því að gera millirikjasamning, sem meira að segja á að gilda um svo mikilvæg atriði eins og ég var að tala um um alla framtíð. En hvaða form á að nota til þess að gera þennan millirikjasamning? Hann er ekki í því formi, sem algengast er með millirikjasamninga. Þessi samningur á að vera í formi svonefndra nótuskipta, þannig að utanrrh. Íslands sendir utanrrh. Bretlands tiltekna nótu, sem er birt með þessu þskj. og er meira að segja ódagsett, og er sýnilega gert ráð fyrir því, að utanrrh. Bretlands eigi að lýsa því yfir, að hann fallist á þessa nótu. Það er alls ekki gert ráð fyrir því, að neinn undirskrifi þetta út af fyrir sig. En það er ekki nóg með það, að það er valið í þessu efni lakasta form, sem hægt er að velja í þessum efnum á svo mikilvægum samningi, og þetta er yfirleitt ekki gert nema þar, sem er um að ræða samkomulag á milli ríkisstjórna, sem þá venjulega gildir aðeins til eins árs eða svo, — þá er farin þessi leið með nótuskiptum, — en um meiri háttar samninga ríkja á milli er gildandi allt annað form. En það er ekki nóg með það, að þetta sérkennilega form er hér valið, heldur er sú aðferð, sem hugsuð er hér til afgreiðslu á málinu á hv. Alþingi, líka alveg óvenjuleg. Það er ekki gert ráð fyrir því að gefa þessu samkomulagi lagagildi á Íslandi, heldur er aðeins gert ráð fyrir því að afgreiða málið á Alþingi með almennri þál., þar sem ríkisstj. er heimilað að leysa málið á þennan sér-

staka hátt. Við Íslendingar höfum gert fleiri millirikjasamninga en þennan, og það hefur þótt nauðsynlegt með þá ýmsa að gefa þeim sérstakt lagagildi og leggja þá fram hér á Alþingi í lagaformi og binda þá þannig. En þegar menn athuga þetta mál nánar, sjá þeir það líka, að á því leikur enginn vafi, að það samkomulag, sem hér er hugsað að gera, breytir gildandi lögum á Íslandi. Það breytir landgrunnslögunum frá 1948, þar sem Ísland lýsir yfir lögsögurétti sínum yfir öllu landgrunninu. En það er hins vegar tekið fram í 2. gr. þeirra laga, að framkvæma skuli þau lög í samræmi við gerða millirikjasamninga. Um leið og þessi millirikjasamningur er gerður, takmarkast fyrri lögin, frá 1948, við þennan samning, eða m. ö. o. á að samþykkja hér á Alþingi þál., sem raunverulega felur í sér breytingu á íslenzkum lögum. Því hefur verið lýst yfir hér á Alþingi áður, að það sé ekki hægt að breyta gildandi lögum með þingsályktunum frá Alþingi. Það er enginn vafi á því, að þessi afgreiðsla, sem hér er valin, er óeðlileg og ekki í samræmi við þær skýringar í þessum efnum, sem hér hafa verið gefnar áður. En ríkisstj. velur þessa leið að ætla að gera millirikjasamning á þennan hátt samkvæmt þáltill., vegna þess að það er hægt að afgreiða þáltill. með enn þá meiri hraða í gegnum þingið, þannig að alþm. og allra sízt þjóðinni gefist eins tækifæri á því að fylgjast með því, sem raunverulega er verið að gera. Hér hefði auðvitað verið miklu eðlilegra, að þannig hefði verið staðið að málinu, að lagður hefði verið fyrir Alþingi fullkominn samningur í venjulegum samningsbúningi og um málið hefði síðan verið flutt frv. á Alþingi, sem hefði auðvitað átt að fá afgreiðslu í gegnum 3 umr. í hvorri d. eða 6 umr. samtals hér á Alþingi, en ekki ætla að afgr. málið á þann hátt, sem hæstv. ríkisstj. meira að segja gerði ráð fyrir að hægt væri, að afgreiða það með þáltill. og einni umr.

Hér hefur nokkuð verið minnzt á það í þessum umr., hver hafi orðið viðbrögð bæði Íslendinga og útlendinga í sambandi við þetta samkomulag ríkisstj. við Breta. Hv. frsm. meiri. hl. utanrmn. sagði í ræðu sinni í kvöld, framsöguræðu sinni fyrir málinu, að hann teldi, að það, sem mælti m. a. með þessu máli, væri það, að ýmis samtök hefðu beinlínis lýst yfir fylgi sínu við málið og hann taldi svo upp nokkur samtök, sem hefðu sent frá sér samþykki við málið. En hann skýrði það lítið í sínu máli, hverjir það raunverulega eru, sem standa að þessum umsögnum, sem mælt hafa með þessu máli. Þar í hópi var m. a. stjórn Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Mikið held ég að það hafi að segja í þessum efnum. Það auðvitað hefur ekki farið neitt leynt, að Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hefur allt verið á móti 12 mílna landhelginni við Ísland allan tímann, og ýmsir forustumenn þar hafa ekki dregið það neitt við sig að lýsa því yfir, að þeir væru andvígir þessari útfærslu og teldu, að heimila ætti togurum að veiða innan þessara marka. Meðmæli frá þessum aðilum segja því ekki neitt annað en það, að þeir, sem hafa verið á móti aukinni fiskfriðun hér á grunnmiðunum, eru hér að mæla með samþykkt þessa samkomulags. Stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna segir nú líka harla lítið, því að heimingurinn í stjórninni þar er togaraeigendur, en hins vegar hafa margfalt fleiri útvegsmenn úr hinum ýmsu verstöðvum landsins, margfalt fleiri menn en þeir, sem skipa stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna, mótmælt við Alþingi þessu samkomulagi. Jú, svo er bæjarstjórnarmeirihluti íhaldsins hér í Reykjavík með Alþýðuflokksmanninn í sleft, eins og venjulega, og meiri hl. stjórnarflokkanna í bæjarstjórninni á Siglufirði. Þetta segir nú ekki stóra sögu. Ríkisstj. hefði alveg eins getað hælt sér af því, að hún væri búin að telja í flokkum sínum þá þingmenn, sem hún er með hér á Alþingi, og þeir ætluðu að samþykkja málið. Hún hefði þó fengið hærri tölu út úr því en út úr þessu. Slíkt vitanlega segir ekki nokkurn skapaðan hlut.

Jú, það er rétt, það eru hér raunverulega tveir aðilar, sem nafn er gefandi af þeim, sem hv. frsm. utanrmn. tilnefndi hér og hafa mælt með samþykkt þessarar till. — það eru tveir aðilar, sem raunverulega er nafn gefandi í þessum efnum. Annað er skipstjórafélagið í Vestmannaeyjum, sem mun hafa samþykkt með 41 atkv. gegn 3 að mæla með þessari samþykkt. Hitt var vélstjórafélagið, sem samþykkti með 16 atkv. að mæla með þessu frv., en báðir þessir aðilar samþykktu meðmæli sín þann 1. marz eða einmitt um það leyti, sem var verið að marglesa yfir landsmönnum ósannindin öll frá ríkisstj. í grg. frv. um það, hvað í því fælist. Þá samþykktu þeir það. Því er ekki að neita, að eftir að ríkisstj. lagði málið hér fram og var svo að segja ein um áróðurinn fyrstu tvo dagana, lagði undir sig útvarpið á hinn ósvífnasta hátt og sagði jafnvillandi og nú er margbúið að sanna frá innihaldi málsins í blöðum sínum, þá voru auðvitað ýmsir, sem hikuðu og sögðu: Ja, er þetta nú bara svo mjög bölvað? En þegar þessir aðilar voru búnir að hlusta á útvarpsumræðurnar, þegar þeir voru búnir að heyra frá fleiri hliðum, hvað raunverulega felst í málinu, þá sneru þeir við blaðinu, og ég spái því, að það verði ekki margir dagar þangað til skipstjórar þessir, líka í Vestmannaeyjum, sem þetta hafa samþykkt, koma til ríkisstj. og bölva þessu plaggi. Það þarf ekki að segja mér það, að þeir fallist á það sem eitthvað gott að fá erlendan togaraflota inn á netasvæðin sín, eins og þeir koma til með að fá. En það er alveg rétt hjá þessum skipstjórum í Vestmannaeyjum, að hér væri verið að fá mjög stóra sneið af Selvogsbanka, sem þeir höfðu þráð að fá í langan tíma inn fyrir landhelgislínuna, og það, sem þeir voru raunverulega að samþykkja á þessum fundi, var það, að þeir samþykktu að fá þessa sneið af Selvogsbanka inn fyrir landhelgislínuna, það vitum við. En ég hefði gaman af að sjá það, þar sem ég þekki allmarga þessara manna, að þeir syngi því lof og prís, þegar þeir koma á síldveiðarnar í sumar. Ég hefði gaman af að vita um það, hvort þeir óska þá eftir því að endurtaka það, að þeir samþykki þetta plagg. Það mætti segja mér, að þegar fer að líða svolítið á netatímann þeirra, þættust þeir illa sviknir.

Þetta var líka svona á Snæfellsnesinu. Morgunblaðið birti það mjög hreykið eftir skipstjórum þaðan, að þeir hefðu sagt, að þetta væri ágætislausn, — sú bezta, sem þeir hefðu getað hugsað sér. En hvað svo: Þegar þeir voru búnir að sjá innihaldið og átta sig, þá mótmæltu þeir allir, þá skrifuðu þeir undir plögg og sendu Alþingi og mótmæltu allir.

Svo má búast við því, að meira en helmingurinn hafi verið lygi af því, sem Morgunblaðið sagði.

En hinir, sem samþykktu meðmælin, stjórn matsveinafélagsins, — síðan hafa flestir starfandi matsveinar sent skriflega mótmæli sín. Þeir ættu heldur að veita því athygli.

Stjórn Farmannasambandsins er ein af þessum góðu stofnunum, sem aldrei hefur haft neinn áhuga á útfærslu landhelginnar fram til þessa.

Svo var eitt félag lesið hér upp, og það heitir Útvegsmannafélagið á Akranesi. Ég hefði haft gaman af því að fá svolitlar upplýsingar um það. Ég veit, að það eru varla til þar nema 5 útgerðarmenn, sem eiga nokkuð af bátum, fyrir utan trillumenn. Ég hygg, að þeir séu fjórir eða fimm, útgerðarmennirnir þar.

En svona má rökstyðja sitt mál, að benda á þessar umsagnir sem sönnun fyrir því, að almenningsálitið sé með þessum samningi. Þeir hafa bara fengið meðmælasamþykktir. En það er auðvitað stigið yfir það, þó að til Alþingis hafi komið, nú eftir að þetta samningsuppkast kom fram, skrifleg mótmæli margra hundraða, í fyrsta lagi frá fjölmennum fundum, sem haldnir hafa verið. Mér er t. d. kunnugt um það, að svo að segja úr hverju einasta byggðarlagi á Austurlandi hafa nú komið mótmæli frá almennum fundum og þar sem kjósendurnir á viðkomandi stöðum hafa almennt skrifað undir mótmælaorðsendingu til Alþingis. Allir skipstjórarnir og allir útgerðarmennirnir, bæði heimamenn og aðkomumenn, á Hornafirði hafa sent hingað til Alþingis skrifleg mótmæli, og síðan kom tilkynning um það, að um 160 kjósendur þar á staðnum ásamt 56 aðkomumönnum á Höfn í Hornafirði hefðu skrifað nöfn sín undir mótmælaskjal til Alþingis út af þessum samningi. Þar í hópi eru fremstu menn Sjálfstæðisflokksins.

Hér í Reykjavík var haldinn í Austurbæjarbíói líklega um þúsund manna fundur, annar fundur var haldinn hér í Framsóknarhúsinu, líklega 300—400 manna fundur, um 250—300 manna fundur var haldinn á Akranesi, 200—250 manna fundur var haldinn á Ólafsvík, og þannig mætti lengi telja, þar sem menn hafa svo að segja einróma mótmælt þessu samkomulagi. En auk þessa hafa svo borizt til ríkisstj. og til Alþingis undirskriftir og mótmæli margra þúsunda Íslendinga gegn því, að ríkisstj. semdi við Breta um þetta mál.

Það er vitanlega þýðingarlaust fyrir hæstv. ríkisstj. að ætla að halda því fram, eins og hún reynir nú, að fyrri mótmæli, sem borizt hafa frá mönnum víðs vegar af landinu varðandi þetta mál, að þær umsagnir gildi ekki, þau mótmæli gildi ekki gagnvart þessu samkomulagi, sem nú hafi fram komið, vegna þess að þessi mótmæli voru öll þannig orðuð, að aðilarnir mótmæltu því, að samið væri við Breta um nokkurn minnsta undanslátt frá 12 mílna mörkunum. Hér stendur til að gera undanslátt frá 12 mílna mörkunum. Hér stendur til að gera undanslátt frá 12 mílna mörkunum og semja við Breta um það, og því standa öll þessi fjölmörgu mótmæli, sem hingað hafa borizt áður, í fullu gildi. En ríkisstj. vill bara líta fram hjá þessu, hún vill ekki minnast á þetta, en hins vegar fara fleiri orðum um það, hvað stjórnin í matsveinafélaginu og hvað togaraeigendur hafa sagt í málinu, svo að ég tali nú ekki um það, hvað útlendingar hafi sagt um þessa samninga.

En allir þeir, sem fylgzt hafa með landhelgismálinu á undanförnum árum, vita það mætavel, hvaða boðskap brezk blöð og reyndar blöð í Svíþjóð og víðar á Norðurlöndum hafa yfirleitt flutt varðandi landhelgismál okkar Íslendinga. Það, sem brezku blöðin og þessir brezku aðilar, sem aðallega er nú verið að hafa ummæli eftir, hafa fyrst og fremst verið að segja núna, það er, að það sé fjandi hart, að brezka ríkisstj. skuli ekki hafa getað fengið jafngóðan samning við íslenzku ríkisstj. og hún hafi fengið við Noreg, en þar fékk hún heimild til þess, að brezku skipin mættu veiða í 10 ár. Ef þetta getur heitið stuðningur við þann samning, sem hér er verið að gera, að þessir fjendur okkar í Bretlandi skuli vera óánægðir með það, að þeir hafi ekki fengið heimild til þess að veiða enn þá lengur, þá er ekki nokkur vafi á því, að þó að ríkisstj. hefði í þessu samkomulagi heimilað brezkum togurum að veiða fyrir innan í 5 ár eða 7 ár, þá hefðu þeir verið jafnóánægðir, þeir hefðu sagt: Af hverju fenguð þið ekki 10? Íslendingar áttu aldrei rétt á neinu, hafa þeir allan tímann sagt. Þetta er eftirgjöf, eins og þeir segja í sumum blöðunum, mesta eftirgjöfin, sem við gátum hugsað okkur, brezkir sjómenn, var að heimila, að Bretar fengju þó að veiða þarna í 10 ár. — Þeir eru óánægðir yfir því að hafa ekki fengið í samninginn ótvíræð ákvæði um það að hafa hér heimild til veiða í meira en þessi 3 ár. En hinu ber svo ekki að leyna, að í þessum brezku blöðum kemur það yfirleitt fram og það hjá öllum þeim, sem betur þekkja til í þessu máli, að þeir fagna því, þessir aðilar, að það skuli þó hafa tekizt að fá samkomulag við Ísland um það, að um frekari útfærslu verði ekki að ræða, og því megi, eins og hið þekkta blað, Fishing News, sagði, vænta þess, að fiskveiðilandhelgin við Ísland verði nú óbreytt um næstu áratugi. Það er þetta, sem þeir festa vonir sínar við. Þeir vissu, að hugur okkar og þarfir stóðu til þess að taka hér meira, að færa okkur upp á skaftið, því að við þurftum á því að halda. Það var því algert aðalatriði hjá þeim einmitt að reyna að loka fyrir þetta, og það hefur þeim tekizt. Og hvernig skyldi standa á því, að brezki ráðherrann, sem flutti þinginu boðskapinn um málið, sagði nokkuð hróðugur í brezka þinginu, að hann gæti þó glatt þingið með því, að allar greinar brezka sjávarútvegsins hefðu samþykkt þetta samkomulag, togaraeigendur, togarayfirmenn, sjómenn, löndunarmenn, fiskiðnaðarmennirnir, allar greinarnar hefðu samþykkt samkomulagið? Af hverju ætli þeir hafi samþykkt það? Hver ætli hafi verið ástæðan? Vitanlega var ástæðan sú, að þessir fjendur okkar í málinu, sem verið hafa allan tímann, samþykktu allir, að þeir sáu sér mikinn hag í þessu. Í fyrsta lagi fengu þeir að veiða hér örugglega næstu 3 árin, án efa með miklum vonum um það, að þessi 3 ár gætu orðið þrisvar sinnum þrjú í framtíðinni, og enn fremur hið mikla atriði, að Íslendingar hefðu þó ekki aðstöðu til að gera meira í þessum efnum en þeir væru búnir að gera. Það er út á þetta, sem þeir hafa verið að samþykkja þetta allir saman. Hitt vissu svo allir, að þessir aðilar mundu berja lóminn, eins og þeir mögulega gátu,

til þess að reyna að fá sér peningalegan styrk út á þetta. Það höfðu þeir alltaf hugsað sér og margsinnis gert kröfu um til brezku ríkisstj., að ef þeir yrðu reknir út af svæðinu við Ísland, þá yrði að styrkja þá gífurlega úr brezka ríkissjóðnum. Af því hafa þessir aðilar m. a. borið sig illa í þessum efnum, þó að íslenzka ríkisstj. ætli að taka þetta sem innlegg fyrir sig í málið.

Menn verða svo auðvitað að hafa í huga, þegar verið er að bera saman þennan samning okkar og Breta og samning Norðmanna og Breta, hver afstaða Norðmanna hefur verið allan þann tíma, sem við höfum verið að berjast fyrir stækkaðri landhelgi. Hver hefur afstaða þeirra verið? Þeir hafa alltaf á Genfarráðstefnunum greitt atkvæði með öllum þeim verstu till., sem við höfum talið að þar hafi komið fram. Fulltrúar Norðmanna héngu alltaf aftan í Bandaríkjunum og Bretum í þessum málum, enda vitum við það, að stórútgerðin í Noregi var öll á móti 12 mílum, barðist gegn þeim. Það er rétt, að smáútgerðin í Norður-Noregi hafði alveg sömu aðstöðu og afstöðu og við. Hún heimtaði a. m. k. 12 mílna landhelgi og það strax og hafði marggert kröfu um það, en hún var bara undir í Noregi. Þegar þeir tveir aðilar, Bretar og Norðmenn, — þeir Norðmenn, sem höfðu hangið aftan í Bretum allan tímann, — þegar þeir gera samning í þessum efnum, þar sem Bretar fá leyfi til þess að veiða í tíu ár, þá þarf enginn Íslendingur að vera neitt hissa á því. Það var nefnilega mikill skilsmunur á Norðmönnum og okkur Íslendingum. Við höfðum miklu ákveðnari skoðanir í þessum efnum en þeir. Við höfðum ráðizt í okkar útfærslu þrátt fyrir erfiðleika, og við höfðum knúið hana í gegn. Við vorum þegar farnir að njóta góðs af útfærslunni. En þeir stóðu á móti okkar útfærslu.

Hér hefur í þessum umr. verið þráttað allmikið um ýmis efnisatriði þessa samkomulags, og menn hafa ekki verið á einu máli um það, hvað raunverulega fælist í sumum ákvæðum þessa samkomulags. Nú höfum við, sem erum á móti þessum samningi, lagt hér fram brtt. til þess að gera efnisatriði samkomulagsins skýrari og ótvíræðari. Þannig leggjum við til, að samþykkt verði, að í staðinn fyrir orðin í 1. tölulið: „falli frá mótmælum sínum gegn", þessi umdeildu orð, sem virðist þurfa margfalda lagaskýringu til þess að geta komizt eitthvað áfram með, þar leggjum við til, að í staðinn fyrir þessi umdeildu orð komi: „viðurkenni óafturkallanlega". Enginn vafi leikur á því, að þetta orðalag, sem við leggjum til, er óumdeilanlegt. Það verður ekkert hálft orð, að Bretar viðurkenni óafturkallanlega 12 mílna fiskveiðilögsöguna við Ísland. Þetta ætti að vera nokkurn veginn þétt. Og ef það er þetta, sem ríkisstj. telur sig hafa samið um, hvers vegna þá ekki að fallast á þessa breyt. til þess að taka hér allan vafa af? Hvernig stendur á því? Vill ekki ríkisstj. svara því í þessum umr., hver er ástæðan til þess, að orðalagið má ekki vera eins og við leggjum til, alveg ótvírætt? Hver er ástæðan til þess?

Þá leggjum við til, að við 3. tölul. í orðsendingunni bætist þessi orð: „Ríkisstjórn Bretlands heitir því að fara ekki fram á framlengingu þessarar undanþágu að þessu tímabili loknu og sjá til þess, að brezk veiðiskip hverfi að fullu og öllu burt af þessum svæðum, er þessu tímabili lýkur." Hvernig stendur á því, að ríkisstj. getur ekki fallizt á að orða þetta á svo skýran hátt, eins og við leggjum hér til? Íslenzka ríkisstjórnin heldur því fram, að Bretar ætli ekki að fara fram á það að fá þessa undanþágu framlengda. Það er jafnvel sagt, að utanrrh. hafi eitthvert bréfkort í sínum vasa um það, að þessu sé lofað. Hvernig stendur þá á því, að það má ekki taka þetta fram beint í samkomulaginu, að þeir lofi þessu, og þetta sé skráð í samninginn? Ríkisstj. íslenzka vill túlka þetta mál þannig, að Bretar eigi að fara út fyrir landhelgismörkin að þremur árum liðnum. En hvers vegna þá ekki taka það fram í samkomulaginu? Nú er þetta ekki að finna neins staðar í samkomulaginu, að þeir séu skuldbundnir til þess að fara út fyrir. Hvaða ástæða getur verið til þess? Ég spyr. Ef ástæðan er sú, að brezka stjórnin neitar að hafa þetta í samkomulaginu, þá þýðir ekkert annað en viðurkenna það, að þetta sé eitthvað vafasamt. En ef brezka stjórnin viðurkennir, eins og íslenzka ríkisstj. reynir að halda fram, að þetta sé hennar meining, hún sé skyldug til þess að fara út fyrir með skipin eftir þrjú árin, hvernig getur þá staðið á því, að hún er á móti því að taka þetta fram í samkomulaginu? Hvernig getur staðið á því, að þetta má ekki vera í samkomulaginu? Vilja ekki íslenzku ráðh. svara því hér í þessum umr., hvaða ástæður liggja til þess?

Þá leggjum við til, að í 4. tölulið orðsendingarinnar komi í upphafi töluliðarins í stað orðanna: „á áðurgreindu þriggja ára tímabili er þó" orðin: „framvegis er". Okkur þykir einkennilegt, að það skuli vera þörf á því að hafa þetta orðalag. Þegar verið er að taka fram, að brezk skip megi ekki nú strax frá byrjun þessa samnings veiða á tilteknum svæðum innan landhelginnar, þá finnst okkur óeðlilegt, að það skuli ekki standa bara, að framvegis sé þeim óheimilt að veiða á þessum svæðum. Hvers vegna er verið að taka fram, að aðeins í þessi þrjú ár sé þeim það óheimilt? Það er rétt eins og eftir 3 árin ættu þeir að fá leyfi til þess að veiða fyrir innan. Ég skil varla í því, að hæstv. ríkisstj. geti ekki fallizt á það að laga svona öfugmæli eins og þetta hlýtur að vera, ef sú er meiningin, sem hún vill vera láta, um hina raunverulegu merkingu þess.

Þá leggjum við einnig til, að í staðinn fyrir skuldbindinguna um það að þurfa að tilkynna Bretum með sex mánaða fyrirvara ráðgerða útfærslu á landhelginni og hlíta úrskurði alþjóðadómstólsins um réttmæti útfærslunnar standi, að við munum vinna að frekari útfærslu samkv. íslenzkum lögum og alþjóðarétti. Hvað segja nú þeir í stjórnarliðinu, sem miða allar sínar aðgerðir við alþjóðarétt og lög? Er kannske meining þeirra, að við eigum að standa að frekari útfærslu landhelginnar á einhverjum öðrum grundvelli en á grundvelli íslenzkra laga og alþjóðaréttar? Er það ekki ofur eðlilegt, að við höslum okkur völl þannig, að við þetta verði miðað, íslenzk lög og alþjóðarétt? Það er einmitt á þessum grundvelli, sem við teljum, að við höfum unnið fram til þessa. Við höfum okkar íslenzku landgrunnslög, sem við byggðum allar okkar ráðstafanir á, og við töldum, að þau væru og okkar aðgerðir í samræmi við alþjóðarétt, eins og hann er almennt túlkaður af þjóðum, og við t. d.

gátum bent á, að 31 önnur þjóð hafði þegar skilgreint hann með sínum ráðstöfunum.

Og svo er brtt. okkar, sem ég hef gert nokkra grein fyrir áður, þar sem lagt er til, að við tillgr. bætist ný mgr., svo hljóðandi, við heimild handa ríkisstj. til að gera þetta samkomulag bætist: „Áður en sú heimild öðlast gildi, skal þó samningsuppkastið hafa verið lagt undir þjóðardóm í þjóðaratkvgr. og hlotið meiri hl. greiddra atkv.“ Þ. e. a. s.: ríkisstj. fái heimild til þess að gera samkomulagið við Breta með þeim fyrirvara, að þjóðin fallist á samkomulagið í þjóðaratkvgr. Er ekki alveg augljóst mál, að fáist ríkisstj. ekki til þess að fallast á þessa till. um þjóðaratkvgr., þá treystir hún því ekki, að þjóðin sé á hennar máli? Er það ekki alveg augljóst mál? Það er mín skoðun, að það væri hægt að framkvæma þjóðaratkvgr. á mjög stuttum tíma. Ég hugsa, að mánaðartími væri alveg fyllilega nægur. Samkomulagið liggur fyrir. Það er þegar búið að kynna þjóðinni þetta nokkuð. Flokkarnir mundu áreiðanlega leggja það á sig að kynna þjóðinni samkomulagið betur. Menn mundu áreiðanlega ekki telja það eftir sér að koma á kjörstað og greiða atkv. um þetta mál. Ég efast ekkert um það, að þátttaka í atkvgr. mundi verða mikil. Þjóðin hefur slíkan áhuga á þessu máli. Og hvað getur þá gerzt óþægilegt fyrir ríkisstj. í málinu? Jú, það er rétt, það væri hugsanlegt, að Bretum yrði haldið fyrir utan einum mánuði lengur en annars yrði. En getur þeim verið orðið svo brátt, að þeir þurfi endilega að fá þennan mánuð líka? Getur það verið frambærileg röksemd, þegar verið er að gera millirikjasamning, sem á að gilda um aldur og ævi, að menn geti ekki gefið sér tíma í einn mánuð til þess að leggja slíkan samning undir þjóðaratkvgr.? Getur það verið frambærilegt að neita slíku? Nei, það sjá vitanlega allir menn, að það er ekki frambærilegt. Það eru engin rök til gegn því að hafa þennan hátt á um afgreiðslu málsins önnur en þau, að ríkisstj. Íslands og meiri hl. Alþ. þori ekki að láta þjóðina greiða atkv. um málið. Það er engin önnur skýring til. Og það verður ríkisstj. að hafa í huga, að neiti hún svona till. eins og þessari, þá verður sannarlega tekið eftir því, bæði innanlands og utanlands. Því verður veitt athygli, að íslenzka ríkisstj. neiti því að leggja mál eins og þetta undir dóm þjóðarinnar. Og það er alveg víst, að sá dómur verður kveðinn upp bæði hérlendis og erlendis, að þessi samningur sé gerður gegn vilja þjóðarinnar, án hennar samþykkis, ef ríkisstj. færist undan því að hafa þennan hátt á um afgreiðslu málsins.

Hitt veit ríkisstj. vel, að hv. alþm. hafa ekkert umboð frá þjóðinni til þess að gera slíkan samning sem þennan. Þær yfirlýsingar, sem hv. alþm. og allir frambjóðendur gáfu fyrir síðustu kosningar, voru allar þveröfugar við það að heimila slíkan samning sem þennan. Það er því ekki hægt að líta á samningsgerð eins og þessa, sé neitað um þjóðaratkv., á annan hátt en sem ofbeldissamning, sem gerður er gegn vilja þjóðarinnar og án löglegs umboðs, og markleysu. Nýr meiri hl. á Alþ., sem vissulega hlýtur að koma hér, áður en langir tímar líða, getur ekki talið sig skuldbundinn af þessum samningi. Það verður verkefni nýs meiri hl. hér á Alþ. að gera Bretum það ljóst, að þessi samningur hefur verið þvingaður upp á okkur á þeim tíma, sem þeir hótuðu að senda herskip sín til Íslands, og með þeim hætti, að þeir hafa lokkað veikgeðja íslenzka ríkisstj. gegn vilja þjóðarinnar til þess að gera samninginn þvert gegn vilja þjóðarinnar. Og slíka samninga hefur nýtt Alþ. og meiri hl. þjóðarinnar auðvitað að engu. Það getur því svo farið, að þau friðindi, sem Bretar ætla að fá hér samkv. þessum samningi, fái þeir aðeins þá daga, á meðan þessi ríkisstj. hangir, en eftir að hún hefur verið lögð á hilluna og er hætt að ráða hér stjórn landsins, þá falli niður um leið öll friðindi Breta hér og við teljum okkur ekki skuldbundna samkv. þessum samningi eftir þann dag.

Eitt atriði er það enn varðandi þennan samning, sem mig langaði til að víkja nokkrum orðum að, af því að það hefur dregizt hér dálítið inn í þessar umr. Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. minntist á það í útvarpsumr. um þetta mál, að ef Íslendingar gerðu ekki þetta samkomulag við Breta, mundi það m. a. gerast ásamt því, að við fengjum brezkan herskipaflota væntanlega inn í landhelgina, að þá yrðum við áfram án hins góða ísfisksmarkaðar í Bretlandi. Það má vel vera, — ég er hreint ekki frá því, að það kynni að vera svo, að þetta sé rétt. Ég efast hins vegar ekkert um það, að ef þessi samningur verður samþykktur og nær fram að ganga, þá er óhætt að bóka það um allan fiskiðnað hér á Íslandi, sem hefur byggzt á fiskveiðum togaraflotans, að það er óhætt að strika yfir hann. Þá verða íslenzku togararnir allir gerðir út þannig allt árið, þeir verða gerðir út fyrir brezka markaðinn og fyrir vestur-þýzka markaðinn, — allir og allan tímann. Við gerumst þá á nýjan leik hráefnaaflendur fyrir brezkan fiskiðnað og vestur-þýzkan fiskiðnað. Þeir koma þá til með að flaka allmikið af fiskinum okkar og frysta hann og selja hann á ýmsa þá markaði, sem við höfum selt á áður, eins og þeir gerðu. Við komum auðvitað til með að tapa hér á Íslandi gífurlegum þjóðartekjum við þetta. Skipin nýtast illa við fiskveiðarnar með þessum hætti, og gjaldeyrislega stórtapar þjóðin við þessa ráðstöfun. Það kemur t. d. til að gerast, að meginhlutinn af fiskiðnaðinum hér í Reykjavík hlýtur að leggjast niður. Hvað höfum við að gera hér í Reykjavík við þessi stóru fiskiðjuver, sem nú eru starfandi hér, aðeins fyrir bátaflotann, sem héðan er gerður út? Ef togarafiskurinn á allur að fara út sem óunnið hráefni, þá höfum við ekkert við þetta að gera. Á því er enginn vafi. Ég spái því líka, að allmikið af stærri bátunum muni taka upp á því að sigla að haustinu til á brezka markaðinn, þennan dásamlega góða markað, sem fjmrh. var að tala um. Það er nefnilega enginn vafi á því, að út frá þrengstu sjónarmiðum togaraeigenda getur það verið hagstæðara fyrir þá að sigla út með fiskinn óunninn heldur en leggja hann upp til vinnslu hér heima.

Flestar aðrar þjóðir setja mjög strangar reglur í slíkum efnum sem þessum, varðandi útflutning á óunnu hráefni hjá sér. Þær banna beinlínis að flytja út óunnið hráefni. En hér á landi virðast vera þeir stjórnarherrar til, sem dreymir sérstaklega um það, að Íslendingar taki upp á — mér liggur við að segja þessum molbúahætti, að ætla að gera út fiskiskip sín á þann hátt að sigla með

fiskinn út í þessu ástandi og selja hann á uppboðsmarkaði og áhættumarkaði í Bretlandi og Vestur-Þýzkalandi í staðinn fyrir að fullvinna fiskinn hér heima. Við auðvitað þurftum og hefðum þurft að sækja fram í þessum efnum og vinna þennan fisk enn þá meira en við höfum gert, því að það eru möguleikar á því, en ekki snúa nú aftur til gamla lagsins í þessum efnum og ætla að beina að því öllum okkar togaraflota, sem ég er viss um að á framtíð sem úthafsveiðiskip þrátt fyrir vissa erfiðleika, sem mætt hafa flotanum nú. Við áttum auðvitað að byggja upp þennan rekstur sem mest fyrir okkar fiskiðnað, til aukinnar gjaldeyrisöflunar fyrir þjóðina, til aukinnar vinnu fyrir fólkið í landinu.

Það er í þessum efnum ákaflega fróðlegt að veita því athygli í erlendum fréttum, sem maður les, að nú segja t. d. efnahagssérfræðingarnir í Bandaríkjunum, að pólitík lík þeirri, sem rekin hefur verið síðustu árin þar af Eisenhower-stjórninni og miðazt hefur við háa vexti og þrönga útlánapólitík og þetta eilífa jafnvægi í fjármálum, sem menn hafa alltaf verið að stagast á, — nú segja aðalsérfræðingarnir þar: Þetta eru allt aukaatriði. Það er stórhættulegt að ætla að einblína á þetta. Það, sem skiptir mestu máli, segja þeir, og er okkur lífsnauðsyn, — nákvæmlega sama segja Bretar núna, — það er, að við þurfum að auka okkar þjóðartekjur.

Svo framarlega sem við aukum ekki þjóðartekjurnar miðað við visst mark, þá erum við að reka ranga efnahagspólitík. Við þurfum því að miða okkar efnahagspólitík við það, að við vinnum sem mest úr okkar hráefnum og höfum allt okkar fólk starfandi að framleiðslustörfum og þjóðartekjurnar geti á þann hátt orðið sem mestar. Aukinn fiskiðnaður einmitt var ráðstöfun í þessa átt hjá okkur. Á undanförnum árum, þangað til viðreisnarstefnan tók við, vorum við að vinna að auknum þjóðartekjum, meiri þjóðarframleiðslu, einmitt í gegnum okkar fiskiðnað. Ef nú á að taka upp þetta gamla, góða lag, að gera allan togaraflotann og stærri bátana út fyrir brezkan fiskiðnað og vestur-þýzkan fiskiðnað, þá er enginn vafi á því, að þjóðarframleiðsla Íslendinga minnkar, tekjurnar detta niður. Þúsundir manna, sem hafa unnið í Reykjavík og víðar á landinu að fiskiðnaði, sem byggzt hefur á veiðum togaranna, þetta fólk verður atvinnulítið eða atvinnulaust. Það getur vel verið, að það megi takast hjá okkur eins og hjá þeim í Bandaríkjunum að ná einhverju jafnvægi hér, jafnvægi fátæktarinnar, þannig að menn flytji lítið inn og geti lítið keypt, en samt verður jafnvægi á öllu saman. Það er hægt að ná jafnvæginu alveg niðri undir eymdinni. Það getur vel verið, að það sé hægt að ná jafnvægi, eftir að búið er að skipta þannig yfir, að við förum að reka okkar veiðiflota á þennan ranga hátt. En það er enginn vafi á því, að við töpum þjóðartekjum, og einnig á þessu sviði er þessi samningur við Breta byggður á röngum forsendum og hættulegum fyrir íslenzka þjóð.

Hér er verið að verðlauna ofbeldið og semja við þá aðila, sem virtu okkar rétt minnst af öllum og áttu sízt skilið af okkur af öllum, að við semdum við þá. Það eru engin rök, sem mæla með því, að við gerum sérstakan samning við Breta út af okkar fiskveiðilandhelgi. Frá efnahagslegu sjónarmiði er það þvert á móti. Og eftir heilbrigðum metnaði okkar er það vitanlega alveg öfugt. Það er niðurlægjandi að semja við Breta undir þessum kringumstæðum. Við erum í þessum efnum að verðlauna ofbeldið, og við erum beinlínis að bjóða öðrum þjóðum að leika okkur eins.

Hvað mundi núv. ríkisstj. gera, þegar þriggja ára tímabilið er búið, ef Vestur-Þjóðverjar tækju upp á sama laginu og Bretar og segðu: Við höfum ekki sent nein herskip hingað. Við gætum vel sent einhverja góða báta hingað líka og truflað ykkur við að taka togarana okkar, — og þeir tækju upp á því að gera okkur alls konar skráveifur líka, auðvitað í þeirri trú, að Íslendingar hljóti að fara eins með þá og Breta? Ættum við þá að verðlauna ofbeldið á ný? Það væri ósköp eðlilegt, að fulltrúar annarra þjóða litu svo á, þegar þeir líka sjá, að við erum að gera þetta gersamlega að ástæðulausu. Það er ekkert, sem rekur okkur út í þetta, — ekki neitt.

Hver er þá annars skýringin á því, að það er verið að þessu? Hvernig stendur á því? Ekki reynir þó ríkisstj. að halda því fram, að hún hafi farið út í þessa samningagerð við Breta af því, að þjóðin hafi heimtað það af stjórninni að semja. Ekki einn einasti aðili hafði opinberlega skorað á ríkisstj. að semja við Breta, engin sjómannasamtök, engin útgerðarmannasamtök, nema þá ef togaraeigendur hafa gert það leynilega, hafa skorað á ríkisstj. að fara út í þessa samninga. Bretar voru hins vegar alltaf að heimta samninga. En hvernig getur staðið á því, að íslenzka ríkisstj. fer út í þessa samninga óbeðin af þjóðinni og móti vilja þjóðarinnar? Hún sér það auðvitað, að þetta er á móti hagsmunum landsins í heild, því þó að hún sé að segja, að þetta sé gott, þá veit hún allt annað, — þetta er ekki gott. Hvernig getur þá staðið á því? Jú, það er ein skýring, sem hefur verið að læðast upp alltaf annað slagið. Og það er sú skýring, sem brezku blöðin eru að minnast á líka annað slagið, að með þessu sé forðað allri hættu af árekstri eða erfiðleikum í samstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins. Það hefur sem sagt verið klifað á því við okkur Íslendinga, að það, að við séum að stækka okkar landhelgi, geti truflað eitthvað samstarfið í Atlantshafsbandalaginu.

En hvers konar bandalag var nú þetta Atlantshafsbandalag? Var það stofnað eitthvað sérstaklega til þess að halda mjórri okkar landhelgi? Ég man eftir því, að það voru æðimargir erlendir aðilar, sem komu hingað um það leyti, sem við vorum að færa út í 12 mílurnar, og þeir spurðu mig þá að því, hvort þetta væri ekki þannig, að ég hefði svona mikinn áhuga á að færa út í 12 mílur bara af því, að ég vildi sprengja NATO. Ég benti þá á það, sem allir Íslendingar þekkja, að landhelgismálið hjá Íslendingum og yfirlýsingar allra íslenzkra stjórnmálaflokka og flestra íslenzkra stjórnmálamanna í sambandi við landhelgismálið væru miklu eldri en NATO. Við hefðum allir verið búnir að lýsa yfir stefnu okkar og baráttumálum í þessum efnum, að hverju við stefndum, hvað við ætluðum að gera, áður en NATO varð til. Og ekki hefðum við sett okkur þessa stefnu af einhverjum

fjandskap við NATO þá, það hlytu þeir að geta skilið. En það er svona, það er eins og vissir menn áliti, að það að berjast fyrir rúmri fiskveiðilandhelgi við Ísland, sem er Íslendingum lífsnauðsynlegt, hljóti að verða til þess að sprengja það samstarf, sem hefur verið í Atlantshafsbandalaginu. Mér er þá spurn: Um hvað er þetta samstarf, ef útfærsla á okkar landhelgi þarf að verða til þess að spilla þessu samkomulagi? Það er hins vegar rétt, að allir sterkustu aðilarnir, sem eru í NATO, gömlu Vestur-Evrópuríkin, þau sem þar ráða allri ferð, hafa verið svæsnustu andstæðingar okkar í landhelgismálinu allan tímann. Þetta hafa verið okkar mestu andstæðingar. Bretar, Belgir, Hollendingar, Frakkar hafa verið okkar mestu fjendur í landhelgismálinu á öllum alþjóðaráðstefnum, sem haldnar hafa verið. Allir hafa sent fram alla sína ræðumenn, og þeir hafa allir prédikað 3 mílur sem það eina sáluhjálplega. NATO-þjóðirnar hafa því verið okkur fjandsamlegar. En svo hafa þær bara viljað snúa þessum samtökum upp í það gagnvart okkur að ætla að nota Atlantshafsbandalagið til þess að keyra okkur niður í landhelgismálinu. Svo koma íslenzkir ráðherrar, og þeir eru þá svo auðmjúkir NATO-vinir, að þeir geta ekki verið að neita vinum sínum í NATO um það, þótt þeir láti þá nú hafa svolitla sneið af þessum auðlindum Íslands. Fyrst mennirnir vilja þetta endilega, þá verður að sætta þá, því að annars er NATO-samvinnan öll í hættu. Þetta er ekki merkilegur hugsunarháttur hjá stjórnendum Íslands, að hugsa á þessa leið. En það er svona.

Við vitum það, að Atlantshafsbandalagið er hernaðarsamtök. Og það er svo, að þeir hugsa fyrst og fremst í þeim málum. Það var því á margan hátt athyglisvert, þegar hæstv. forsrh. var að segja frá samtali sínu við forsrh. Bretlands, Macmillan, hér á Keflavíkurflugvelli, að þá sagði hæstv. forsrh., að brezki forsrh. hefði sagt, að hann yrði að skilja vel aðstöðu þeirra í Bretlandi, því að brezkir sjómenn ættu afskaplega mikla samúð brezku þjóðarinnar. Og ástæðan væri sú, að brezku sjómennirnir væru ákaflega þýðingarmiklir fyrir þá í Bretlandi, vegna þess að það eru brezku fiskimennirnir, brezku sjómennirnir, sem beinlínis væru meginstofninn í brezka sjóhernum. Og ég tók eftir því, að forsrh. orðaði þetta þannig í útvarpsumr., að það mætti segja, að þessir brezku fiskimenn væru eiginlega uppeldisstöð fyrir sjóherinn brezka. Spurningin var þá bara þessi, hvort átti að metast hærra af okkur: uppeldisstöð brezka sjóhersins, að leyfa þeim að hafa þessa uppeldisstöð hér á milli 6 og 12 mílna hjá okkur, eða hafa jafnvel ómerkilega uppeldisstöð, eins og við höfum hugsað okkur, til að ala upp fisk. Þeir höfðu hugsað sér þetta svæði sem uppeldisstöð fyrir brezka herinn, en við höfðum bara hugsað okkur þetta sem uppeldisstöð fyrir fisk. Svona eru hugsanir þessara aðila alltaf. Brezki herinn verður þó að blífa, og meðlimir í Atlantshafsbandalaginu eru auðvitað minntir á þetta á réttan hátt, að þeir verða þó að hugsa um hagsmuni í Atlantshafsbandalaginu, hvað sem öllum fiskveiðum líði.

Það er enginn vafi á því, að það, sem hér er að gerast, er það, að íslenzka ríkisstj. er að færa hér fórn á altari Atlantshafsbandalagsins. Það er það, sem hér er að gerast. Íslenzkir ráðherrar vita þetta mætavel. Þeir eru ekki að vinna neinn stórsigur fyrir Ísland í fiskveiðimálum eða landhelgismálinu. Þeir eru að vinna tiltekin verk fyrir þá aðila í Atlantshafsbandalaginu, sem hafa verið á móti útfærslu landhelginnar við Ísland allan tímann og reyndu að leggjast á okkur eins og þeir gátu sumarið 1958 og stöðva okkur í því að færa út í 12 mílur. Það eru þessi öfl Atlantshafsbandalagsins, sem eru hér að verki og eru hér að vinna í gegnum íslenzku ríkisstj. Það voru þessi sömu öfl, sem sögðu til sín 1958, þannig að þeir ætluðu að stöðva Alþfl. frá því að vera með í útfærslunni, og þeir fengu forustumenn Sjálfstfl. til þess að lýsa því yfir opinberlega, að þeir vildu fresta útfærslunni og ganga til samninga við forustumenn NATO um lausn á landhelgismáli Íslands. Það er enginn vafi á því, að ástæðan til þessa ólukkusamnings er einmitt þessi, sem ég var að minnast á nú. Það geta ekki legið neinar íslenzkar hvatir að því, að slíkur smánarsamningur sé gerður.

Það væri auðvitað ástæða til þess að minnast hér á mörg fleiri atriði varðandi þetta mál og spyrja hæstv. ríkisstj. um fleiri atriði en ég hef spurt hana. Mér finnst t. d. ástæða til þess að spyrja: Er það tilfellið, að einhverjir leynisamningar hafi verið gerðir samhliða þessum samningi, sem hér er nú óskað eftir staðfestingu á? Það er verið að tala um bréf eða yfirlýsingu, sem hæstv. utanrrh. hafi varðandi viss atriði í tengslum við þennan samning. Það er fullyrt hér um hinar furðulegustu lagaskýringar, vil ég segja, hvernig hafa eigi framkvæmd á vissum atriðum í þessu samkomulagi. Styðst það við eitthvert leyniplagg, sem ríkisstj. hefur, einhvern baksamning? Það er full ástæða til þess, að um þetta sé spurt, hvort hér séu til einhverjir viðaukasamningar, sem ríkisstj. hefur gert og hér er ekki sagt frá. Eða hvað hugsar ríkisstj. sér að gera gagnvart íslenzkum togurum? Nú gilda um veiðar íslenzkra togara innan landhelginnar ákveðnar reglur. Er meining ríkisstj. að láta nákvæmlega sömu reglur gilda um íslenzka togara hér eftir og um brezka togara, eða eiga íslenzku togararnir að fá hér enn þá einhver sérstök friðindi fram yfir þá brezku? Þetta skiptir vitanlega miklu máli að fá að vita í þessum efnum, því að það varðar mikið þessi fiskfriðunarmál. Í grg. ríkisstj. með till. er ekki minnzt á þetta einu orði, og ríkisstj. hefur ekki heldur séð ástæðu til þess að minnast á þetta í umr. á þinginu. En hvað hugsar ríkisstj. sér að gera í þessum efnum?

Þá er annað atriði: Hvað hugsar ríkisstj. sér, fái hún þetta nú samþ. hér á Alþ. og Bretana til þess að samþykkja þetta, sem hún mun hafa tryggt sér, — hvenær hugsar hún sér að láta þetta samkomulag taka gildi? Á það að taka gildi nú á þessari vertíð, eða hefur ríkisstj. hugsað sér að draga gildistökuna eitthvað fram yfir viðkvæmasta tímann hjá bátunum á þessu ári? Hefur ríkisstj. hugsað sér að hafa samráð við Alþ. um það, ef hún setur nýjar reglur varðandi íslenzka togara, eða hugsar hún sér að setja þessar reglur án þess að hafa nokkurt samráð við Alþingi um það? Það væri mjög fróðlegt að fá um það að vita.

Ég sé nú, að það er allmikið áliðið nætur og líklega rétt að stytta mál sitt. Ég minntist á

það í upphafi máls míns, að mér fyndist eðlilegt og sanngjarnt, að umr. um þetta mál, svo stórt og þýðingarmikið sem það er, gætu farið fram á eðlilegum og venjulegum þingfundatíma, en ekki sé leitazt við að hafa aðalumr. um málið um hánótt, á algerlega óvenjulegum þingtíma. Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að endurtaka áskorun mína til hæstv. forseta um það, að hann sjái sér fært að fresta þessum þingfundi nú þar til á eðlilegum þingfundatíma á morgun, svo að þeim þm., sem eiga eftir að tala eða eru á mælendaskrá, megi gefast kostur á því að ræða málið hér á venjulegum þingfundatíma og með eðlilegum hætti, því að það telst vitanlega alveg óvenjulegt að ætla að þvinga menn til þess að ræða jafnmikið stórmál og þetta seint á nóttu eða jafnvel þegar komið er fram undir morgun. Ég vænti þess, að hæstv. forseti sjái sér fært að verða við þessari ósk minni um það að fresta þingfundi nú.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 7. marz, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 428, n. 447, 448 og 449, 450).

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Þegar útbýtt var á Alþingi þáltill. frá hæstv. ríkisstj. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta, komu mér í hug hin gömlu ummæli: Ill var þín fyrsta ganga, og munu hér margar illar eftir fara. Mun þó verst hin síðasta. — Ekki er það mín ósk, að þessi hin gömlu ummæli verði að áhrínsorðum á hæstv. ríkisstj., en því miður gefur starfsferill hennar tilefni til hugleiðinga, sem ekki spá neinu góðu, hvorki um upphaf né endi á ferli hennar.

Er hæstv. ríkisstj. tók við völdum 20. nóv. 1959, birti hæstv. forsrh., Ólafur Thors, stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Í stefnuyfirlýsingunni segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá þykir ríkisstj. rétt að taka fram, að stefna hennar í landhelgismálinu er óbreytt, eins og hún kom fram í samþykkt Alþingis 5. maí 1959."

Yfirlýsing Alþingis frá 5. maí 1959 er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Sameinað Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan fjögurra mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið."

Ályktun þessi var samþykkt einróma af öllum alþm. Enginn skyldi samt halda, að þessi ályktun hafi til orðið að undirlagi og fyrir tilverknað Sjálfstfl. og Alþfl. Um miðjan febrúar 1959 bar fulltrúi Framsfl. í utanrmn. fram formlega till. um það, að Alþingi lýsti yfir því, að ekki yrði samið um neitt fráhvarf frá 12 mílna landhelginni. Fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. tóku slíkri till. mjög fálega, svo að ekki sé meira sagt, og beittu sér gegn því, að í till. yrðu nefndar á nafn 12 mílur. Það var þá fyrst, eftir að Alþb. hafði gert þessa afstöðu lýðum ljósa, að Sjálfstfl. og Alþfl. létu undan og samþykktu till. En það tók þessa flokka tvo og hálfan mánuð að ráða það við sig, hvort þeir ættu að standa að slíkri ályktun. Menn geta svo velt því fyrir sér eins og þeir vilja, hvort áhuginn fyrir málinu hefur verið sérstaklega áberandi hjá Sjálfstfl. og Alþfl.

Í yfirlýsingunni frá 5. maí 1959 er mjög ákveðið og á ótvíræðan hátt tekið fram, að í engu skuli hvikað frá 12 mílna fiskveiðilögsögunni umhverfis landið. Um það voru allir hv. alþm. sammála. Vert er þó að benda á þá staðreynd, að bæði Sjálfstfl. og Alþfl. voru mjög tvístígandi í málinu frá fyrstu tíð og gerðu allt, sem þeir gátu, til þess að skjóta málinu á frest.

En til þess nú að skilja hina miklu tregðu Sjálfstfl. og Alþfl. í því að ganga frá ótvíræðri yfirlýsingu í sambandi við 12 mílna fiskveiðitakmörkin og til að skilja það, sem nú er að gerast, verður að fara aftur í tímann og rifja upp afstöðu þessara flokka til útfærslu fiskveiðilínunnar úr 4 mílum í 12.

Er vinstri stjórnin tók við völdum, 12. júlí 1956, gaf hún út stefnuyfirlýsingu um stækkun landhelginnar. Segir í stefnuyfirlýsingunni orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. leggur höfuðáherzlu á stækkun íslenzku landhelginnar og telur, að stækkun friðunarsvæðisins í kringum landið sé nú brýn nauðsyn vegna atvinnuöryggis landsmanna, og mun því beita sér fyrir framgangi þess máls."

Lúðvík Jósefsson, þáv. sjútvmrh., hóf þegar undirbúning málsins. 17. sept. s. á. sneri hann sér til H. G. Andersens sendiherra, en hann hafði verið einn aðalsérfræðingur Íslands í þessum málum, og óskaði eftir því, að sendiherrann legði fram tillögur sínar í málinu. Í bréfi, sem hann sendi ráðun. 15. okt., kvaðst hann ekki reiðubúinn að leggja fram neinar till., lagði til, að málinu yrði frestað fram yfir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, en það átti að haldast þá um veturinn.

Rétt er að geta þess, að alþjóðalaganefnd Sameinuðu þjóðanna hafði þá um sumarið gert samþykkt um viðáttu landhelginnar. Laganefndin benti á m. a., að stærri landhelgi en 12 mílur væri ekki í samræmi við alþjóðalög. Í þessu áliti fólst að sjálfsögðu bein viðurkenning á því, að heimilt væri að alþjóðalögum að miða landhelgina við 12 mílur. Þá var og tekið fram í ályktuninni, að þar sem þjóð byggir afkomu sína fyrst og fremst á fiskveiðum innan sanngjarnrar fjarlægðar frá ströndum, ætti hlutaðeigandi ríki að hafa lögsögu yfir fiskveiðum innan sanngjarnrar fjarlægðar frá ströndum með tilliti til aðstæðna á staðnum, ef nauðsyn ber til, í því skyni, að íbúarnir geti notað fiskveiðarnar sér til framdráttar og lífsviðurværis. Þar með var viðurkennd sérstaða Íslands í málinu. Slík viðurkenning hafði að sjálfsögðu mikla þýðingu fyrir málstað Íslendinga. Þar sem ákveðið hafði verið, að tillögur n. skyldu ræddar á þingi Sameinuðu þjóðanna, var af ríkisstj. ákveðið að bíða með frekari framkvæmdir, þar til þeim umr.

yrði lokið. Á þingi Sameinuðu þjóðanna var ákveðið að fresta frekari aðgerðum í málinu á því stigi. Þess í stað var ákveðið að kalla saman sérstaka alþjóðaráðstefnu um landhelgismálið, sem halda skyldi í Genf í marz 1958. Fulltrúar Íslands mótmæltu því, að málinu yrði skotið á frest um eitt ár, og lýstu því yfir, að þeir teldu sig ekki skuldbundna til þess að bíða með aðgerðir sínar fram yfir fyrirhugaða ráðstefnu.

Um miðjan febrúar 1957 boðaði þáverandi sjútvmrh. til ráðstefnu í Reykjavík um landhelgismálið. Á þeirri ráðstefnu mættu fulltrúar frá Miðvesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Vestmannaeyjum, sömuleiðis fulltrúar frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusambandi Íslands og Fiskifélagi Íslands. Síðan var svo haldinn annar fundur með fulltrúum af Suðvesturlandi. Á þessum fundum komu fram ýmsar till., um breytingar á grunnlínum, stækkun landhelginnar í 12 mílur og um aukin friðunarsvæði utan 12 mílnanna.

Í apríl s. á. sendi Alþb. hinum stjórnmálaflokkunum ýtarlega grg. um málið og lagði þar til m. a., að hafnar yrðu þá þegar viðræður um útfærslu landhelginnar, þar sem reynt yrði að ná sameiginlegri niðurstöðu á milli flokkanna. Engar gagntillögur bárust frá hinum flokkunum, og fengust þeir ekki til að láta uppi ákveðnar skoðanir á því, hvernig framkvæmdum skyldi háttað.

Vorið 1957 hafði H. G. Andersen verið kvaddur á fund ríkisstj. til viðræðna um málið. Lagði hann enn til, að málinu yrði frestað, og tók hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, mjög undir það, að öllu yrði slegið á frest um óákveðinn tíma.

Þegar hér var málum komið, mótmælti fulltrúar Alþb. því mjög ákveðið, að málinu yrði enn frestað um óákveðinn tíma, og kröfðust þess, að ríkisstj. segði alveg afdráttarlaust til um, á hvern hátt og hvernig hún ætlaði sér að haga framkvæmdum í málinu. Eftir allmikið þóf tókst samkomulag um, að landhelgin skyldi stækkuð þegar að Genfarráðstefnunni lokinni. Var um þetta gert skriflegt samkomulag og birt yfirlýsing um málið á Alþingi.

Rétt er að geta þess, að gerðar voru ýtarlegar tilraunir til að fá Sjálfstfl. til að taka þátt í ákvörðun um landhelgismálið, en án nokkurs árangurs. Sjáanlegt var, að sá flokkur vildi hafa og hafði kápuna á báðum öxlunum og vildi ekki styðja að eða stuðla að allsherjarlausn um landhelgismálið, en vildi nota sér það í pólitískum tilgangi í átökunum við ríkisstj.

Það yrði allt of langt mál að skýra að nokkru ráði frá störfum Genfarráðstefnunnar, enda er þess ekki þörf, þar sem mönnum mun í fersku minni það, sem þar gerðist. Bretar urðu þar í algerum minni hluta og beinlínis gáfust upp á því að halda fram kenningu sinni um 3 mílna landhelgi. Þess í stað báru þeir fram till. um 6 mílna fiskveiðilögsögu. Till. um 12 mílna fiskveiðilögsögu fékk meiri hluta atkvæða, en til þess að hún teldist samþykkt, þurfti ⅔ hluta atkvæða fulltrúa, svo að hún gæti tekið gildi sem alþjóðalög. Það, sem reið baggamuninn, var, að Bandaríkin sviku fyrri yfirlýsingar sínar um stuðning við 12 mílna regluna. Þess í stað gengu þau nú í lið með Bretum, en á móti vilja og hagsmunum Íslendinga. Þessa framkomu Bandaríkjanna er vert að hafa í huga nú, þegar þessi mál eru rædd. Það eru fyrst og fremst þau, sem hafa orðið þess valdandi, að við höfum orðið að standa í styrjöld við Breta út af landhelginni. Það eru þau, Bandaríki Norður-Ameríku, sem beint og óbeint hafa stutt Breta í því að beita herskipum sínum til verndar brezkum togurum til landhelgisþjófnaðar í íslenzkri landhelgi. Það voru þau, sem fluttu till. þess efnis, að landhelgin skyldi vera 6 mílur, en á 6 mílna belti þar fyrir utan skyldu strandríkin hafa einkarétt til veiða ásamt þeim öðrum ríkjum, sem hefðu stundað þar veiðar að staðaldri undanfarin fimm ár. Utanrrh. sá sér ekki annað fært en bera fram harðorð mótmæli við sendifulltrúa Bandaríkjanna út af fram kominni till., en Bandaríkin fóru sínu fram. Þrátt fyrir það náði till. þeirra ekki tilskildum meiri hluta.

Þegar hér var komið málum eða nánar tiltekið 28. apríl, daginn sem Genfarráðstefnunni lauk, kallaði sjútvmrh. saman fund í landhelgisnefndinni, en hún hafði verið skipuð í byrjun Genfarráðstefnunnar. Í henni áttu sæti alþm. Karl Guðjónsson, Gísli Guðmundsson, Guðmundur Í. Guðmundsson og Sigurður Bjarnason, einn frá hverjum þingflokki. Á þeim fundi lagði ráðh. fram endanlegar tillögur um stækkun landhelginnar. Því hefur verið haldið fram, að þáv. sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, hafi ekki viljað breyta grunnlínupunktum frá 1952. Þetta eru ósannindi. Lúðvík Jósefsson lagði til í aðaltillögunni, að grunnlínum yrði breytt. Í aths., sem fylgdu þeirri till., segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel aðaltillöguna æskilegri. Hún ákveður nokkru meiri stækkun landhelginnar en varatillagan og nær til veiðisvæða, sem Íslendingum væri mikils virði að hafa einkarétt til að nýta. Hún er í samræmi við rökstuðning, sem Íslendingar hafa áður flutt fyrir rétti sínum til grunnlínuákvarðana á alþjóðavettvangi. Ef landhelgin yrði ákveðin eftir grunnlínureglu aðaltillögunnar, yrði landhelgislínan beinni og auðveldari í vörzlu en ella.

Þó að ég telji varatillöguna nokkru lakari en aðaltillöguna svo sem áður er lýst, þá álít ég þó, að eftir að komið er í 12 mílna landhelgi, þá sé ekki frágangssök að halda óbreyttri grunnlínureglu, og mundi ég fallast á það til samkomulags, náist ekki samkomulag um aðaltillöguna, enda tel ég mikils um það vert, að innanlandssamstaða í málinu sé alger."

En hverjir og hvaða flokkar voru á móti því, að grunnlínum yrði breytt? Ekki var það Alþb. Nei, það voru fulltrúar Alþfl. og Sjálfstfl., sem fengust aldrei til að taka neina ákveðna afstöðu um breytingar á grunnlínunum þrátt fyrir margítrekaðar fyrirspurnir þar um. Svo halda þessir herrar því fram, að Lúðvík Jósefsson, þáv. sjútvmrh., hafi ekki viljað breyta grunnlínunum frá 1952. Þessi tregða þeirra og óvilji til þess að taka ákveðna afstöðu til grunnlínubreytinganna var vitanlega í beinu samræmi við framkomu þeirra í landhelgismálinu, frá því að það kom á dagskrá hjá vinstri stjórninni. Þar réðu sjáanlega meiru flokkspólitísk sjónarmið Sjálfstfl. og þess hluta Alþfl., sem andvígur var ríkisstj., en hagsmunir íslenzku þjóðarinnar.

Á þessum sama fundi lagði Lúðvík Jósefsson, þáv. sjútvmrh., til, að reglugerðin yrði gefin út 5. maí. Brátt kom í ljós, að hæstv. utanrrh. var ekki við því búinn að samþykkja það, að reglugerðin yrði gefin út 5. maí. Bar hann því við, að hann ásamt H. G. Andersen yrði að mæta á fundi með utanrrh. Atlantshafsbandalagsins, sem haldinn yrði dagana 5.—7. maí í Kaupmannahöfn. Fulltrúar Alþb. mótmæltu þessum drætti á því, að reglugerðin yrði gefin út. Töldu þeir, að eflaust yrðu gerðar tilraunir til þess að beygja Íslendinga og fá okkur til samninga, enda lá það ljóst fyrir, að aðalandstæðingar okkar væru innan Atlantshafsbandalagsins og því einskis góðs að vænta úr þeim herbúðum málinu til stuðnings.

Eftir miklar umr. milli stjórnarflokkanna varð það að samkomulagi, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að hægt yrði að gefa reglugerðina út dagana 10.—20. maí.

Margt hefur sjálfsagt verið rætt á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins, enda skýrði hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, lítið frá þeim umræðum, annað en það, sem segir allmikið þó, að átta ráðherrar bandalagsins hefðu harðlega mótmælt útfærslu landhelgislínunnar í 12 mílur.

Á sameiginlegum fundi ríkisstj. og landhelgisnefndarinnar lagði sendiherrann hjá Atlantshafsbandalaginu, H. G. Andersen, fram þá till., að landhelgin yrði stækkuð í 12 mílur og grunnlínum breytt, en erlend ríki fengju undanþágu til að veiða allt upp að 4 mílna takmörkunum um fimm ára skeið. Nokkru síðar breytti svo sendiherrann till. þannig, að erlend skip skyldu fá að veiða upp að 6 mílum um tveggja ára skeið. Ótrúlegt má teljast, að þessi sendiherra hafi fundið upp þessa till. hjá sjálfum sér. Hún hlýtur að vera runnin undan annarra rifjum.

Nú var samningamakkið við fulltrúa Atlantshafsbandalagsins í fullum gangi. Margs konar skeytasendingar fóru á milli, og lét hæstv. utanrrh. formann Sjálfstfl., Ólaf Thors, hafa afrit af orðsendingunum, jafnóðum og þær bárust, en fulltrúum Alþb. var aðeins skýrt lauslega frá sumum þeirra, en afrit af þeim fengu þeir ekki þrátt fyrir mjög ákveðnar kröfur frá þeirra hendi.

Rætt var nú við fulltrúa Sjálfstfl., þá Ólaf Thors, Sigurð Bjarnason og Magnús Jónsson, um málið. Í þeim umr. kom í ljós, að Sjálfstfl. taldi rétt að halda áfram viðræðum við Breta og aðrar þjóðir í Atlantshafsbandalaginu. Alþfl. hafði nákvæmlega sömu afstöðu. Framsfl. taldi sig andvígan öllum samningum um málið. En Alþb. krafðist þess, að tekin yrði endanleg ákvörðun um útgáfu reglugerðarinnar.

Andstæðingar landhelgismálsins hér heima létu sinn hlut ekki eftir liggja, svo sem forustumenn togaraútgerðarmannanna, sem gerðu allt, sem þeir gátu, til að torvelda framgang málsins. Blöð stjórnarandstöðunnar skrifuðu hverja ársásargreinina annarri verri gegn stækkun landhelginnar. Munu þær ársásargreinar hafa verið runnar undan rifjum togaraeigenda og annarra aðdáenda Atlantshafsbandalagsins. Hinn 12. maí gekk sendiherra Bandaríkjanna á fund utanrrh. og flutti harðorð mótmæli ríkisstjórnar sinnar gegn fyrirætlunum Íslendinga um stækkun fiskveiðilögsögunnar. Áður höfðu brezki og franski sendiherrann flutt sams konar mótmæli. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika það og minna á, að það voru aðeins þjóðir Atlantshafsbandalagsins, sem mótmæltu stækkun íslenzku landhelginnar. Á sama tíma kröfðust að sjálfsögðu verkalýðssamtökin skjótra aðgerða og lýstu fyllsta stuðningi við útfærslu landhelginnar í 12 mílur. Sama gerðu og fjöldamörg önnur samtök. T. d. gerði útgerðarmannafélagið á Akranesi svo hljóðandi samþykkt 23. maí:

„Treystum heildarsamtökum vorum til baráttu fyrir 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Skorum á ríkisstj. að ákveða línuna tafarlaust og verja hana.“

Líkur benda til, að till. þessi hafi verið til komin að tilhlutan Péturs Ottesens, þáv. þm. Borgf., en hann hafði verið og er hinn ötulasti baráttumaður fyrir stækkun landhelginnar frá fyrstu tíð. Ótal áskoranir bárust frá öllum bæjarstjórnum utan Reykjavíkur, þar sem skorað var á ríkisstj. að ákveða landhelgina 12 mílur og gefa reglugerðina sem fyrst út. Fjöldi félagasamtaka sendi frá sér sams konar áskoranir.

Eins og áður hefur verið bent á, hafði Atlantshafsbandalagið beitt öllum sínum áhrifum til þess að kúga Íslendinga til að falla frá að færa landhelgislínuna út í 12 mílur. Sjálfur framkvæmdastjóri bandalagsins, Spaak, sendi forsrh., Hermanni Jónassyni, langt skeyti, þar sem hann skoraði á forsrh. vegna tilfinninga hans og umhyggju fyrir samstöðu Atlantshafsbandalagsríkjanna að fallast á, að samningum yrði haldið áfram. Áður í skeytinu bendir framkvæmdastjórinn á, að það að neita tillögum um samninga mundi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Ísland og bandalagið. Í skeytinu var jafnvel hótað, að þjóðir í Efnahagssamvinnustofnun Evrópu mundu hætta að kaupa íslenzkan fisk, ef Íslendingar stækkuðu landhelgi sína. Við munum eftir gömlu hótuninni, sem Spánverjar beittu við Íslendinga í sambandi við fiskkaup, ef þeir féllust ekki á að kaupa af þeim spænsku vínin.

Það yrði allt of langt mál að skýra nákvæmlega frá því, sem síðar gerðist í málinu. Skv. yfirlýsingu, sem formaður Sjálfstfl. birti ríkisstj. 21. maí, sést, að hann vill áframhaldandi samningamakk við Atlantshafsbandalagið um landhelgi Íslands um 2 mánaða skeið a. m. k. og er andvígur útgáfu reglugerðarinnar um stækkun í 12 mílur, eins og málin stóðu þá. Sjálfstfl. taldi, að á miklu ylti fyrir Íslendinga, að gagnkvæm vinátta héldist með þeim og bandalagsþjóðum þeirra, þ. e. a. s. Bretum, sem allt gerðu til þess að eyðileggja það, að Íslendingar gætu fært út landhelgi sína í 12 mílur. Þannig tók Sjálfstfl. hagsmuni Breta og annarra Atlantshafsbandalagsþjóða fram yfir hagsmuni Íslendinga. Alþfl. hafði líka afstöðu til málsins og krafðist áframhaldandi samningamakks við þjóðir Atlantshafsbandalagsins.

Nú töldu andstæðingar stækkunarinnar, að málinu væri lokið og stjórnin mundi segja af sér næstu daga. Bæði Morgunblaðið og Alþýðublaðið sögðu frá því, að ríkisstj. væri þegar fallin, og voru sýnilega mjög ánægð yfir þeim úrslitum.

21. maí undirritaði sjútvmrh. reglugerðina og sendi hana forsrh. Lýsti þá forsrh. því yfir, að hann mundi neyðast til að biðjast lausnar, annað-

hvort fyrir Lúðvík Jósefsson einan eða allt ráðuneytið, þar sem reglugerðin hefði ekki fylgi meiri hl. Alþingis. Voru nú teknar upp enn á ný viðræður við Alþfl. um afstöðu hans til reglugerðarinnar, sem enduðu á þann veg, að Alþfl. beygði sig og féllst á að standa að útgáfu reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, sem skyldi öðlast gildi 1. sept. 1958. 23. maí var svo gert sérstakt samkomulag milli stjórnarflokkanna um nokkur atriði viðkomandi reglugerðinni, m. a. um heimild fyrir íslenzk fiskiskip að veiða með botnvörpu innan fiskveiðitakmarkanna yfir tiltekinn tíma og á tilteknum svæðum. Fiskveiðilandhelgin skyldi verða 12 sjómílur út frá grunnlínum. Réttur til breytinga á grunnlínum var áskilinn. Reglugerðin skyldi taka gildi, eins og áður segir, 1. sept. 1958.

Nú skyldi maður ætla, að blöðin hefðu fagnað hinni nýju útfærslu landhelginnar, fullur sigur hafi unnizt, langþráðu takmarki hafi verið náð. En það er eitthvað annað en svo væri. Bæði Alþýðubl. og Mbl. helltu úr skálum reiði sinnar yfir fulltrúa Alþb. Alþýðublaðið birti grein um málið, ásamt mörgum öðrum, þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðin hefur verið áhorfandi nú um skeið að einum ljótasta leik, sem nokkru sinni hefur farið fram á íslenzkum stjórnmálavettvangi. Þennan leik hefur verið hægt að leika af þeirri ástæðu einni, að kommúnistar hafa verið leiddir til sætis í ríkisstj. Íslands. Hann hefði ekki átt sér stað hefðu þeir ekki setið þar. Kommúnistarnir hafa tvær línur til að fara eftir: að vinna af öllum mætti að því að slíta Ísland úr tengslum við vestrænar þjóðir og sprengja samvinnu Íslendinga við þær."

Síðar segir í sömu grein:

„Þeir stöðvuðu framhaldsumræður um efnahagsmálin fyrir hálfum mánuði. Síðan hafa þau verið í strandi á Alþingi. Jafnframt settu þeir fram kröfu um framsetningu á viljayfirlýsingu Íslendinga í landhelgismálinu, sem fyrst og fremst var miðuð við það að móðga á hinn freklegasta hátt þær þjóðir, sem við áttum í deilu við. En eitt hefur áunnizt, það er það, að enn ein sönnun hefur fengizt fyrir því, að það er ekki hægt að vinna með kommúnistum. Það eru ekki nema 3 starfhæfir stjórnmálaflokkar á Alþingi."

Eitthvað líkt þessu sagði hæstv. menntmrh. í útvarpsumr. s. l. fimmtudagskvöld. Hann hefur sjáanlega tileinkað sér rithátt Alþýðublaðsins um þessi mál.

Ekki lét Morgunblaðið sitt eftir liggja í æsingaskrifunum um málið. Eitt af því marga, sem það blað sagði, var m. a. þetta:

„Öll þjóðin hefur horft upp á niðurlægjandi háttalag stjórnarinnar með örlagaríkasta utanríkismál hennar í heila viku. En hin úrræðalausa og sundurþykka vinstri stjórn hefur aðeins keypt sér gálgafrest."

Og síðan segir:

„Það er engu líkara en óðir menn hafi stjórnað skrifum Þjóðviljans um landhelgismálið."

Þetta hafði Mbl. um málið að segja.

Ég gæti óendanlega komið með ummæli eftir andstæðinga landhelgismálsins, en þau eru öll á einn veg: ógeðslegar skammir um alla þá, sem beitt höfðu sér fyrir framgangi málsins. T. d. sagði dagblaðið Vísir, að íslenzkir kommúnistar óskuðu þess, að til stórtíðinda drægi og manndráp yrðu framin í sambandi við vörzlu íslenzku landhelginnar.

Þegar Bretar hótuðu að skjóta á varðskip okkar, notuðu blöð Sjálfstfl. það sem tilefni til æðisgenginna árása á þá Íslendinga, sem héldu fram rétti okkar í landhelgismálinu.

Ég efast um, að hægt sé að finna þess dæmi, að nokkrir stjórnmálamenn hafi lagzt svo lágt sem forsvarsmenn Sjálfstfl. og Alþfl. hafa gert í vörn sinni fyrir hinu brezka ofbeldi. Og orsakirnar fyrir þessu ógeðslega athæfi er að finna í afstöðu þessara flokka til Atlantshafsbandalagsins. Það var því ekki við góðu að búast, þegar þessir tveir flokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., komust til valda, enda er nú komið á daginn, hver er hin raunverulega stefna þeirra og lokatakmark í þessu máli. Allur almenningur hefur vantreyst núv. ríkisstj. til að standa á móti kröfum Atlantshafsbandalagsins. Þessum mönnum er ekki sjálfrátt, þegar það bandalag er annars vegar. Það er engu líkara en hæstv. ráðherrar verði slegnir einhverri starblindu og hætti að hugsa og tala sem Íslendingar, þegar um er að ræða hagsmuni Atlantshafsbandalagsins annars vegar og hagsmuni Íslands hins vegar. Það er t. d. tvímælalaust lífshagsmunamál fyrir Íslendinga, að allar erlendar herstöðvar hér verði lagðar niður og hinn erlendi her hverfi burt af landinu. Herstöðvar á Íslandi eru vísasti vegurinn til tortímingar íslenzkri þjóð, ef svo hörmulega vildi til, að til styrjaldar kynni að koma milli stórveldanna. Þrátt fyrir þennan augljósa sannleika er hæstv. ríkisstj. staðráðin í því að leyfa herstöðvar hér áfram vegna ímyndaðra hagsmuna þjóða Atlantshafsbandalagsins. Tilvera íslenzku þjóðarinnar er látin víkja fyrir hagsmunum erlendra aðila.

Það eina, sem haldið hefur aftur af hæstv. ríkisstj. um undanlátssemi gagnvart Bretum, eru hin geysilegu og ákveðnu mótmæli, sem fólk um allt land, í öllum flokkum, hafði látið dynja yfir ríkisstj. Þessi mótmælaalda náði hámarki sínu um það leyti, sem samningaviðræður við Breta voru upp teknar á s. l. hausti. Vegna þessarar miklu mótmælaöldu hörfaði ríkisstj. í bili. Margir voru þeir, sem héldu, að hæstv. ríkisstj. mundi ekki þora að svíkja í landhelgismálinu, fallast á sjónarmið Breta. Nú liggur það ljóst fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur látið svínbeygjast fyrir hinu brezka ofbeldi. Íslenzk þjóð hefur verið svikin af sínum eigin forustumönnum, — mönnunum, sem svarið höfðu frammi fyrir alþjóð fyrir síðustu kosningar, að ekki kæmi til mála neitt undanhald í baráttunni við árásarríkið Bretland.

Hvað er svo það, sem nú er að gerast í þessu stærsta lífshagsmunamáli okkar Íslendinga? Það, sem nú er að gerast, er beint áframhald af þeirri stefnu og starfsháttum, sem þessir flokkar hafa fylgt frá öndverðu og ég hef hér að nokkru lýst. Hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram á Alþingi þáltill. um lausn á fiskveiðideilunni við Breta. Í þessari till. eru Bretar ekki einu sinni látnir viðurkenna 12 mílna landhelgi, heldur aðeins falla þeir frá mótmælunum. Í því felst vitanlega engin formleg viðurkenning af Breta hálfu um, að þeir viðurkenni rétt Íslendinga til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, hvað sem svo líður fullyrðingum hæstv. ráðh.

um, að í því felist full viðurkenning. Að falla frá mótmælum er allt annað en að Bretar viðurkenni 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Á þessu tvennu: að hætta að mótmæla og að viðurkenna — getur verið mikill mismunur, sem enginn getur neitt fullyrt um nú, hverjar afleiðingar kunni að hafa. Í staðinn fyrir það, að Bretar hætti að mótmæla 12 mílna fiskveiðilandhelgi, skulu þeim heimiluðar togveiðar inn að 6 mílum í 3 ár á flestum þýðingarmestu veiðisvæðunum í kringum landið allt árið, mismunandi lengi á hverjum stað. Aðeins svæðið út af Vestfjörðum er undanskilið. Fyrir Norðurlandi fá þeir að veiða á svæðinu frá Horni til Langaness á tímabilinu júní—september, þ. e. yfir aðalfiskveiðitímabilið og síldveiðitímabilið. Aðeins smápartur í kringum Grímsey er undanskilinn.

Þannig eru Bretum úthlutuð veiðisvæði hringinn í kringum landið, með nokkrum frávikum fyrir Suður- og Vesturlandi. Allir Austfirðir og allt Norðurland er ofurselt brezkum og — vel að merkja — annarra ríkja fiskiskipum til veiða inn að 6 mílum í 3 ár. Erlendir síldveiðiflotar fá nú óhindrað að stunda síldveiðar upp að 6 mílum fyrir Norðurlandi og Austfjörðum, að undanskildu svæðinu í kringum Grímsey. Mig skal ekki furða, þó að íslenzkir útvegsmenn eða réttara sagt landssamband þeirra hafi lýst blessun sinni og aðdáun yfir hinni farsælu lausn landhelgisdeilunnar við Breta. Skyldi ekki íslenzkum síldveiðimönnum þykja fullþröngt fyrir dyrum á síldarmiðunum fyrir Norður- og Austurlandi, þegar hundruð erlendra fiskiskipa verða að veiðum upp að 6 mílum á öllu svæðinu frá Horni og austur fyrir land, að undanskildu svæðinu kringum Grímsey? Þetta þýðir, að aðalsíldarmið okkar fyrir Norður- og Austurlandi eru í 3 ár ofurseld erlendum síldveiðiskipum, sem eiga óhindrað að fá að stunda síldveiðar upp að 6 mílum. Þetta getur þýtt eyðingu á hinum íslenzka síldarstofni um langan tíma.

Öll tækni síldveiðanna hefur stóraukizt. Nú þarf síldin ekki að koma upp á yfirborð, til þess að hægt sé að veiða hana. Ef leitartækin verða síldarinnar vör, er hægt fyrir veiðiskipin í langflestum tilfellum að ná í síldina. Nú er það mjög misjafnt frá ári til árs, hvort síldin gengur upp á grunnmiðin eða hún heldur sig lengra til hafs. Gangi síldin á grunnmiðin, fylgir veiðiflotinn að sjálfsögðu eftir, þar með værum við búnir að fá hinn erlenda veiðiflota upp að 6 mílna línunni með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Leyfi fyrir erlend veiðiskip til veiða upp að 6 mílum gæti þýtt algert veiðileysi og rothögg fyrir íslenzka síldveiðimenn, síldarsaltendur og síldarverksmiðjur. Slíkt ástand mundi svo þýða stórkostlegt atvinnuleysi í bæjum og sjávarþorpum Norðurlands og á Austfjörðum. Finnst hæstv. ríkisstj., að Norðlendingar og reyndar allir landsmenn hafi ekki beðið svo mikið og alvarlegt tjón vegna síldarleysis undanfarinna ára, að ekki sé þar á bætandi? Hafa hæstv. ráðh. gert sér það ljóst, hvað þær breytingar, sem þáltill. gerir ráð fyrir að gerðar verði á fiskveiðilandhelginni, geta kostað vissa landshluta og þá vitanlega um leið þjóðina alla? Ég dreg mjög í vafa, að svo sé. Ég held, því miður, að hæstv. ráðherrar hafi gengið til þessa verks með annarlegri sjónarmið fyrir augum en íslenzk. Mér skilst, að öll saga landhelgismálsins bendi til, að svo sé.

Undanfarin ár hafa þorskveiðar aukizt á miðunum fyrir Norðurlandi. Ber fyrst og fremst að þakka það útfærslu landhelgislínunnar. Af þessum sökum hafa fiskveiðar stóraukizt frá öllum sjávarþorpum norðanlands. Nú t. d. í vetur eru gerðir út margir línubátar á þorskveiðar fyrir Norðurlandi með ágætum árangri. Þetta hefur skapað mikla atvinnu fyrir verkafólkið í landi, þar sem fiskurinn er lagður upp til vinnslu í hraðfrystihúsunum.

Nú á að fara að leyfa brezkum togurum og einnig annarra þjóða fiskiskipum veiðar upp að 6 mílum í marga mánuði á ári í þrjú ár og það yfir bezta veiðitímann. Vitanlega þýðir slíkt stórkostlega eyðileggingu á fiskimiðunum fyrir Norðurlandi, og má því ganga út frá því sem gefnu, að sama fiskleysi verði þar á komandi árum og var fyrir útfærslu landhelginnar. Það er sannarlega alvarlegt að leyfa erlendum togurum að fiska upp að 6 mílum í 3 ár og eyðileggja þar með lífsafkomu íslenzku þjóðarinnar að meira eða minna leyti um óákveðinn tíma.

Það, sem er þó langalvarlegast í þessu nauðungarplaggi, er það atriði, að við með þessu samkomulagi við Breta afsölum þeim í hendur rétti okkar til áframhaldandi einhliða útfærslu landhelginnar, — þeim rétti, sem allar aðrar þjóðir, sem fært hafa út fiskveiðilögsögu sína, hafa tekið sér. Þess í stað skuldbindum við okkur til þess að láta brezku stjórnina vita um allar útfærslur á fiskveiðilandhelginni með sex mánaða fyrirvara, þar með taldar breytingar á grunnlínum. Rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar þess, skotið til alþjóðadómstólsins. Hér liggur málið mjög ljóst fyrir. Íslenzk stjórnarvöld skuldbinda sig til þess að láta það ríki, sem eitt af öllum ríkjum hefur beitt Íslendinga vopnuðu ofbeldi, vita um aðgerðir Íslendinga í þá átt að færa út fiskveiðitakmörkin frá því, sem nú er. Hér er ekki verið að skera hlutina við nögl sér. Árásarþjóðin skal fá hálfs árs fyrirvara, svo að hún hafi nægilegan tíma til undirbúnings gegn aðgerðum. Auk þess er svo samið um það fyrir fram, að Bretar geta skotið málinu til alþjóðadómstólsins. M. ö. o.: öll frekari útfærsla Íslendinga á fiskveiðilandhelginni skal háð úrskurði erlends dómstóls. Nú veit enginn um, hvernig þessi alþjóðadómstóll kann að verða skipaður þá. Því má samt ganga út frá sem alveg vísu, að eins og þjóðir Atlantshafsbandalagsins hafa nú beitt öllum hugsanlegum ráðum og meðulum til þess að kúga Íslendinga til samninga við Breta, þá munu sömu þjóðir beita áhrifum sínum á dómendur í alþjóðadómstólnum og reyna að fá þá til þess að úrskurða Bretum í vil. Í þessu liggur aðalhættan. Svo er annað: Eftir hvaða alþjóðalögum á slíkur alþjóðadómstóll að dæma um rétt Íslendinga til nýrrar útfærslu fiskveiðilandhelginnar? Allir vita og almennt er viðurkennt, að á þeim sjóréttarráðstefnum, sem haldnar hafa verið, hefur ekkert samkomulag náðst um rétt strandríkis til fiskveiðilögsögu. Ekki eru miklar líkur til þess, að um slíkt náist alþjóðlegt samkomulag nú á næstunni. Alþjóðadómstóllinn hefur því engin lög, sem hann getur dæmt eftir. Dómur, sem alþjóðadómstóllinn

dæmdi í slíku ágreiningsmáli, gæti því aldrei orðið annað en persónulegt mat dómendanna sjálfra án nokkurs stuðnings í lögum. Auk þess gæti það svo tekið dómendurna máske mörg ár að kveða upp endanlegan úrskurð. Vitanlega er þetta ákvæði sett inn til þess eins að stöðva allar frekari útfærslur fiskveiðilandhelginnar.

Allar þjóðir, sem hafa fært út landhelgi sína í 12 mílur eða meira, hafa tekið sér einhliða rétt þar til og án þess að leita þar um álits nokkurs alþjóðadómstóls. Þessum sjálfsagða rétti leggur hæstv. ríkisstj. nú til, að Íslendingar afsali sér í eitt skipti fyrir öll eða um alla framtíð. Og Mbl. leyfir sér að kalla þetta plagg, sem þetta er lagt til í, stærsta pólitíska sigurinn, sem Íslendingar hafi nokkurn tíma unnið.

Hæstv. ráðherrar og blöð þeirra guma mikið af grunnlínubreytingunum og hvað Bretarnir hafi verið góðir og gjafmildir við Íslendinga að láta þá hafa svona mikið svæði með nýjum grunnlínubreytingum. Ég vil spyrja: Áttu Bretar svæðin út af Húnaflóa, Bakkafjarðarflóa, út af Faxaflóa og sneiðina af Selvogsgrunni? Ekki vildi hæstv. landbrh. viðurkenna eignarrétt Breta á Selvogsgrunni, þegar hann var spurður að því á fundi á Selfossi nú á dögunum, hvort Bretar ættu það svæði. Nei, hann sagði, að þeir ættu ekkert í því. Sannleikurinn er sá, að Bretar geta ekkert gefið Íslendingum af hafsvæðunum kringum Ísland. Að tala um slíkt er hrein fjarstæða, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir eiga ekkert í því. Landgrunnið hringinn í kringum Ísland er hluti af Íslandi sjálfu, sem ekki verður frá því skilinn. Þetta landgrunn tilheyrir engu öðru landi en Íslandi. Því getur engin þjóð, hvorki Bretar né aðrar þjóðir, gefið eða afhent Íslendingum það, sem þeir eiga ekki eða réttara sagt ráða ekki yfir. Réttinn til grunnlínubreytinga áttum við, hvenær sem við vildum notfæra okkur þann rétt, að alþjóðalögum og gátum því fært út grunnlínurnar algerlega án þess að biðja Breta eða aðrar þjóðir um nokkur leyfi.

Hvernig sem menn velta þessu máli fyrir sér nú og hvað miklum blekkingum sem hæstv. ríkisstj. beitir í blöðum, útvarpi og á mannfundum, verður útkoman ætíð hin sama: Samningurinn er mesti smánarsamningur, sem Íslendingar hafa nokkurn tíma gert við erlenda þjóð. Honum verður ekki sagt upp. Hann er óuppsegjanlegur um alla framtíð, nema því aðeins að Bretarnir samþykki uppsögn samningsins. Ef við samþykkjum þetta þjóðhættulega plagg, höfum við um aldir og um alla framtíð bundið í fjötra komandi kynslóðir, en gefið Bretum, þeirri þjóð, sem beitt hefur okkur svívirðilegu, vopnuðu ofbeldi, samningsrétt um stækkun fiskveiðilandhelgi Íslands.

Íslendingar voru búnir að sigra Breta í þessari deilu. Í tæpt eitt ár höfðu engar árásir brezkra herskipa átt sér stað innan íslenzkrar landhelgi. Það er því fjarstæða að halda því fram, að Bretar hefðu tekið upp fyrri aðgerðir sínar, þ. e. að láta togara sína fiska undir herskipavernd innan íslenzkrar landhelgi. Þeir voru búnir að reyna það áður, og þeir voru búnir að tapa svo miklu á slíkum veiðiaðferðum, að þeir hefðu aldrei tekið þær upp aftur. Þeir voru búnir að gefast upp. En jafnvel þó að Bretar hefðu tekið upp fyrri ránskap, hefði það aldrei staðið nema mjög takmarkaðan tíma. En Íslendingar hefðu staðið óbugaðir og komið út úr þeim hildarleik með fullri reisn, gefandi öðrum þjóðum hið fegursta fordæmi og hlotið alheimsaðdáun að launum.

Ef sú þjóðarógæfa á eftir að ske, að svikaplagg það, sem hér liggur fyrir, verði samþykkt, verður þjóð vor særð sári, sem seint mun gróa. Þjóðarstolti voru væri þar með misboðið og við minnkaðir í augum alheimsins. Hamingjan forði þjóð vorri frá slíkri himinhrópandi smán og niðurlægingu. Ég skora á hv. alþm., hvar í flokki sem þeir standa, að sýna þann manndóm að greiða atkv. á móti þessu nauðungarsamkomulagi. Allir alþm. eru bundnir af loforðum og yfirlýsingum sjálfra sín og flokka sinna frá síðustu kosningum að hvika í engu frá gerðum samþykktum og framkvæmdum í landhelgismálinu. Ef þeir vilja ekki standa við marggefin loforð, væri þó það minnsta, sem hægt væri af þeim að krefjast, að þeir samþykktu að skjóta málinu undir dóm þjóðarinnar og að fram verði látin fara þjóðaratkvæðagreiðsla um till. Slík afgreiðsla stórdeilumála er byggð á fyllsta lýðræði. Fyrir því ber að fara þá leið við endanlega afgreiðslu þessa máls.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Stjórnarandstaðan hefur nú í mörgum, löngum og ýtarlegum ræðum gert grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Það verður ekki sagt, að í öllum þessum löngu ræðum hafi neitt nýtt komið fram. Hér hefur hver ræðumaður á fætur öðrum tuggið upp eftir fyrri ræðumanni án þess að hafa nokkuð nýtt fram að færa. En eftir að við höfum hlustað á allan þennan málflutning, verður því ekki neitað, að það liggur ekki aðeins greinilega fyrir, að stjórnarandstöðuflokkarnir báðir eru andvígir því, að samkomulag komist á milli Íslendinga og Breta út af fiskveiðideilunni, heldur hefur einnig í umr. komið svo greinilega fram sem frekast má vera, hvaða ástæður liggja til grundvallar þessari afstöðu flokkanna beggja, og það vekur óhjákvæmilega athygli, að ástæður Alþb. og ástæður Framsfl. fyrir þessari andstöðu eru að verulegu leyti ólíkar, þó að báðir komist að sömu niðurstöðu. Ég ætla fyrst að snúa mér að Alþb.

Hv. þm. Einar Olgeirsson minntist á landgrunnslögin í ræðu sinni í gær. Hann sagði, að landgrunnslögin hafi verið stefnuyfirlýsing Íslendinga í landhelgismálinu. Með þeim hafi Íslendingar sagt öllum heiminum, að þeirra stefna í landhelgismálinu væri sú að friða allt landgrunnið kringum landið fyrir fiskveiðum útlendinga. Og til þess að sýna heiminum, að Íslendingum væri alvara í þessum efnum, hafi landgrunnslögin veitt ríkisstj. heimild til þess að færa fiskveiðimörkin við Ísland út að endimörkum landgrunnsins með einfaldri reglugerð. — Þetta er alveg rétt hjá þessum hv. þm. En hann hefði gjarnan mátt hafa þessa frásögn ofur lítið ýtarlegri og skýra frá vissu atriði, sem nokkru máli skiptir, þegar landhelgismálið er rætt í heild.

Þegar utanrmn. á sínum tíma hafði landgrunnslögin til meðferðar og undirbúnings fyrir Alþ., lagði þessi hv. þm., sem sæti átti í nefndinni, á það megináherzlu, að þegar ríkisstjórnir í fram-

tíðinni gripu til þess að færa fiskveiðitakmörk við Ísland út með reglugerð, þá gerðu þær það með hinni mestu varkárni, undirbyggju hvert skref, sem stigið væri, vel og örugglega, þannig að víst væri, að við stæðum á alþjóðlegum grundvelli og ekki væri gefin út reglugerð um útfærsluna, nema því aðeins að okkar aðgerðir væru áður kynntar vel og rækilega á erlendum vettvangi og leitað eftir því að fá samþykkt annarra þjóða fyrir þessu. Þessi hv. þm. lét bóka það eftir sér í fundargerð utanrmn. á sínum tíma, að jafnan yrði að athuga vel undirtektir annarra ríkja, áður en til ráðstafana væri gripið. Og þetta var alveg rétt hjá þessum hv. þm. Það var stefna Íslendinga, og það var til þess full ástæða að undirbúa vel allar aðgerðir áður en í þær væri farið, og reyna að fá fyrir því samþykki annarra þjóða.

En ég vil biðja menn að hafa það í huga, að þegar þessi hv. þm. hafði slíkan áhuga fyrir varfærni í útfærslu fiskveiðilögsögu við Ísland, þá var ekkert Atlantshafsbandalag til og þá var í bili ekki þörf á neinum sérstökum ráðstöfunum til þess að stofna til árekstra og illinda á milli Íslendinga og þeirra bandalagsþjóða.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 1956, hafði hún það á sinni stefnuskrá að vísa varnarliðinu úr landi. Atburðirnir sumarið 1956 kenndu okkur, að það var ekki tímabært að gera neinar slíkar ráðstafanir. Þess vegna ákváðu Framsfl. og Alþfl. að hætta við þetta að sinni. Alþb. undi þessu mjög illa og hafði í hótunum um að fara úr ríkisstj. Það varð hins vegar að ráði hjá bandalaginu að bíða átekta og freista þess, hvort ekki gæfist síðar tækifæri til þess að rifta samstarfi okkar og samvinnu við bandalagsþjóðir okkar innan Atlantshafsbandalagsins.

Snemma á árinu 1957 ákváðu Sameinuðu þjóðirnar að halda ráðstefnu þá árið eftir í Genf, í því skyni að reyna að fá settar alþjóðareglur um víðáttu landhelgi og fiskveiðilögsögu. Á meðan beðið var eftir þessari ráðstefnu lagði þáverandi sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, fram till. innan ríkisstj. um það, að við biðum ekki eftir ráðstefnunni, heldur færum í útfærslu strax sumarið 1957. Þessi útfærsla átti ekki að vera nein breyting á 4 mílna lögsögu við Ísland. Hún skyldi standa áfram óbreytt. Hins vegar átti að friða takmarkaðan tíma úr árl þrjú takmörkuð svæði þó nokkuð langt út fyrir 4 og jafnvel út fyrir 12 mílur. Öllum, sem sáu og heyrðu þessa till., var ljóst, að þarna var í fyrsta lagi um ófullnægjandi ráðstafanir fyrir Ísland að ræða. Í öðru lagi var greinilegt, að ef í þetta hefði verið farið sumarið 1957, þá hefðu þessar aðgerðir stórspillt aðstöðu okkar á væntanlegri Genfarráðstefnu og gert mál okkar þar miklu torsóttari. Í þriðja lagi var ljóst, að við þessa útfærslu hefði verið mjög erfitt fyrir okkur að ráða vegna þeirrar andstöðu, sem hún hefði mætt. En umfram allt var ekki á því nokkur vafi, að ef við rétt fyrir þessa alþjóðlegu ráðstefnu, sem allar þjóðir heims voru sammála um að halda til að reyna að leysa þetta mál, hefðum farið í þessar aðgerðir, þá um sumarið, hefði það kostað okkur illindi, erjur og erfiðleika við okkar bandamenn í Vestur-Evrópu innan Atlantshafsbandalagsins. Og það var máske þetta, sem hæstv. sjútvmrh. var að stíla upp á með sínum ófullnægjandi till. sumarið 1957. Það tókst þó, sem betur fer, að afstýra þessu.

Síðan er Genfarráðstefnan haldin, og eins og allir vita, leiddi hún ekki til þeirrar niðurstöðu, sem ætlað var. Þá kemur upp það vandamál innan ríkisstj., hvernig skuli nú við hlutunum snúast. Um það var enginn ágreiningur innan vinstri stjórnarinnar 1958, að fiskveiðilögsagan skyldi færð út í 12 mílur. Ég lýsti því yfir á Genfarráðstefnunni, að þetta mundi verða gert að henni lokinni, hvort sem ráðstefnan leiddi til niðurstöðu eða ekki. Ég lýsti þessu líka afdráttarlaust yfir í útvarpsræðu, strax og ég kom heim af ráðstefnunni. Hitt var ágreiningsefni innan ríkisstj., hvort og hve mikill tími skyldi gefinn til þess að reyna að undirbúa þetta mál við okkar nágrannaþjóðir með það fyrir augum að reyna að afstýra árekstrum og erfiðleikum. Alþfl. og Framsfl. vildu starfa í þeim anda, sem Einar Olgeirsson lýsti svo fjálglega 1948, þegar landgrunnslögin voru sett, að eftir skyldi starfað. Alþb. var hins vegar gersamlega búið að leggja á hilluna allar þær yfirlýsingar, sem Einar Olgeirsson hafði gefið fyrir hönd flokksins fyrir 10 árum, og vildi ekkert tóm gefa til þess að kynna öðrum þjóðum málið og reyna að brjóta andstöðuna á bak aftur.

Það varð engu að síður að ráði, að viðræður voru teknar upp við grannþjóðir okkar og einmitt innan Atlantshafsbandalagsins, vegna þess að við það vorum við samningsbundnir. Því miður leiddu þessar viðræður ekki til þess árangurs, sem ætlað var, enda var allt gert hér heima af hálfu Alþb. til þess að trufla viðræðurnar og koma í veg fyrir, að nokkurt samkomulag eða nokkur lausn gæti fengizt. Þó má segja það, og hef ég áður bent á það, að það var þessum viðræðum að þakka, að Bretar urðu hér einir um sínar aðgerðir 1. sept. 1958, en ekki aðrar og fleiri þjóðir með þeim. En allar aðgerðir Alþb. í sambandi við útfærsluna, bæði tilraun þeirra 1957 og framkvæmd útfærslunnar 1958, sýndu ljóslega, að það var ekki fyrst og fremst útfærslan sjálf, sem þessir menn höfðu í huga, heldur að framkvæma hana þannig, að sem mestum árekstrum, erfiðleikum og illindum ylli á milli okkar og okkar bandalagsþjóða, ef ske kynni, að út úr því gæti Alþb. fengið þann árangur, sem það fékk ekki 1956, þegar það vildi slíta okkur úr tengslum við bandamenn okkar.

Ég mun síðar í ræðu minni hér á eftir koma nokkuð frekar inn á þetta og benda á enn ljósari dæmi. En það, sem ég nú hef sagt, ætti að vera alveg nægjanlegt til að undirstrika og vekja athygli á, svo að ekki verði um villzt, að grundvöllurinn undir stefnu og aðferðum Alþb. í sambandi við landhelgismálið hefur allar götur frá 1957 verið fyrst og fremst að nota það sem utanríkismál til að sundra okkur og slíta okkur úr sambandi við bandamenn okkar.

Framsfl. hefur nokkuð önnur viðhorf og nokkurn annan grundvöll fyrir sinni afstöðu. Ég vil minna á, að þegar farið var í útfærsluna 1952, hafði Framsfl. forsæti í ríkisstj. Þá var útfærslan undirbúin vel og rækilega, og þegar Bretar beittu okkur ofbeldisaðgerðum til þess að reyna að kúga okkur til undanhalds, ákvað ríkisstj. að bjóða Bretum, að deilan skyldi lögð fyrir alþjóðadómstólinn í

Haag og báðir aðilar skyldu una þeirri niðurstöðu. Þetta var ekki talið afsal á neinum landsréttindum þá. Þetta var talin sjálfsögð og skynsamleg lausn á erfiðri deilu. Þegar viðræðurnar voru teknar upp 1958 út af útfærslunni þá, hafði Framsfl. forustu um það, að bandamönnum okkar voru send tvö tilboð til lausnar á deilunni. Þeim var boðið upp á samkomulag um það, að ef þeir vildu fallast á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, þá mættu þeir veiða næstu 3 árin kringum allt land alla 12 mánuði ársins, enda fengjust vissar mjög takmarkaðar grunnlínubreytingar einnig viðurkenndar. Framsfl. þótti það skynsamlegt sumarið 1958 að leysa deiluna við Breta með samkomulagi um að leyfa þeim að veiða um takmarkaðan tíma innan 12 mílnanna. En nú er hljóðið allt annað. Nú eru það landráð að ætla sér að leysa deiluna við Breta með því að leyfa þeim að fiska um miklu takmarkaðri tíma en boðið var 1958 innan 12 mílnanna og á miklu þrengri svæðum, og það enda þótt nú eigi að fást viðurkenndar grunnlínubreytingar, sem eru margfalt meiri en það, sem farið var fram á 1958. Nú eru það landráð að ætla að láta alþjóðadómstól dæma í framtíðinni um lögmæti fiskveiðiútfærslu okkar, — þetta, sem Framsfl. hafði forustu um að bjóða 1952. Hvað er það, sem hér hefur gerzt? Jú, einfaldlega það, að 1952 og 1958 var Framsfl. í stjórnaraðstöðu. Þá var hann ábyrgur stjórnarflokkur. Í dag er hann í stjórnarandstöðu. Það, sem var gott og sjálfsagt, meðan flokkurinn stjórnaði landinu, það eru landráð og svik, ef það er gert, þegar hann er kominn í stjórnarandstöðu. Þetta er grundvöllurinn fyrir afstöðu Framsfl.

Það er þannig ljóst, að þó að báðir flokkarnir í stjórnarandstöðunni komist að þeirri niðurstöðu að vera á móti öllu samkomulagi við Breta, þá er grundvöllur annars flokksins fyrst og fremst sá að stofna til illinda og viðhalda deilum á milli okkar og bandamanna okkar, en grundvöllur hins flokksins ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar og tilraun til þess að reyna að gera sig góðan, þegar aðrir eru að reyna að leysa þýðingarmikil og alvarleg vandamál fyrir þjóðina.

Undir umr. hefur verið rætt allmikið um orðalag þeirrar orðsendingar, sem lagt er til að Bretum verði send til lausnar á fiskveiðideilunni. Hefur þar verið farið út í hinar mestu hártoganir og rangsnúninga og það í svo ríkum mæli, að furðu gegnir. Ég get ekki farið að eltast við þessar rangfærslur í öllum einstökum atriðum, en ég vil aðeins með nokkrum orðum víkja að þeim helztu, til þess að þeim sé ekki ómótmælt.

Því hefur verið haldið fram af ríkisstj., að í orðsendingunni felist endanleg og ótvíræð viðurkenning á því, að Íslendingar skuli hafa sína 12 mílna fiskveiðilögsögu. Þessu er andmælt af stjórnarandstöðunni. Í 1. tölulið orðsendingarinnar segir, að Bretar falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland. Í enska textanum er þetta ef til vill enn harðar orðað. Ríkisstj. vildi hafa veikt orðalag á þessu, til þess að hún skyldi ekki vera sökuð um það að ganga of langt í sinni þýðingu.

En hvað felst í þeirri yfirlýsingu, að Bretar falli frá sínum mótmælum? Við skulum athuga, hver eru mótmæli Breta og hvernig þau hafa verið fram sett.

Hinn 28. maí 1958 afhendir sendiherra Breta í Reykjavík mótmæli ríkisstj. sinnar gegn útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Í skjali þessu tekur brezka ríkisstj. fram, að fyrirhuguð reglugerð, sem geri ráð fyrir 12 mílna fiskveiðilögsögu með breyttum grunnlínum, sé markleysa samkvæmt alþjóðalögum. Frá þessum mótmælum falla Bretar fyrirvara- og skilyrðislaust, þegar þeir samþykkja nótu okkar. Í skjalinu segir enn fremur, að ekkert ríki geti með einhliða yfirlýsingu takmarkað réttindi annarra þjóða á úthafinu og geti því ekki meinað öðrum þjóðum fiskveiðar á svæði, sem lengi hafi talizt hluti af úthafinu. Frá þessu falla Bretar skilyrðis- og fyrirvaralaust. Í yfirlýsingu, sem brezka ríkisstj. gaf út 3. júní 1958, tekur hún fram, að hún muni ekki sjá sér fært að viðurkenna, að hin fyrirhugaða reglugerð um útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland muni hafa nokkurt lagagildi, ef hún verður gefin út. Einnig gerir hún fyrirvara um grunnlínur. Brezka stjórnin vekur sérstaka athygli á því, að hún muni telja það skyldu sína að koma í veg fyrir hvers konar ólögmætar tilraunir til afskipta af brezkum fiskiskipum á úthafinu, hvort sem slík afskipti fara fram á þeim svæðum, sem íslenzka ríkisstj. hefur nú í hyggju að telja sig hafa yfirráð yfir, eða ekki. Frá öllu þessu fellur brezka ríkisstj. fyrirvaralaust með því að samþ. orðsendinguna.

Ef menn líta á það, sem brezka ríkisstj. hefur sagt í þessum orðsendingum sínum, og athuga hvaða mótmæli og hvaða yfirlýsingar hún er að afturkalla og falla frá fyrirvaralaust, þá er ekki nokkur leið að efast um, að í þessu felst svo fullkomin viðurkenning af Breta hálfu sem frekast má vera á því, að okkar 12 mílna fiskveiðilögsaga skuli standa áfram óhögguð og ómótmælt af þeirra hálfu.

Vegna þeirra andmæla, sem hér hafa komið fram út af þessum skilningi á 1. tölulið orðsendingarinnar, leitaði hæstv. dómsmrh. til lagadeildar háskólans og bað um skilning lagadeildarinnar á orðalagi 1. gr. orðsendingarinnar. Og það er ekki um að villast, hvernig lagadeildin skilur þetta. Þar segir greinilega, með leyfi hæstv. forseta, eins og reyndar hefur tvisvar verið lesið upp áður:

„Þegar réttarágreiningur er á milli tveggja aðila og annar hefur andmælt skilningi hins eða aðgerðum, en lýsir síðan yfir því fyrirvaralaust, að hann falli frá andmælum sínum, er það skýrt svo skv. almennum lagasjónarmiðum, að með því skuldbindi sá aðili sig til að hverfa endanlega frá andmælum sínum og tjói ekki að hafa þau uppi síðar. Gegnir þessu eigi síður í millirikjaviðskiptum. Ef greint orðalag verður þáttur í samningi milli brezku og íslenzku ríkisstj., teljum við því, að samningurinn feli í sér skuldbindingu fyrir brezka ríkið um að virða framvegis 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland. Skv. þessu er það skoðun okkar, að framangreint orðalag feli efnislega í sér viðurkenningu brezku ríkisstj. á 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, ef fiskveiðideilan verður leyst með þessum hætti."

Hér er ekkert um að villast. Hér hafa þeir aðilar á Íslandi, sem bezta þekkingu hafa á þessu máli, bezta aðstöðu hafa til að mynda sér á því skoðun,

látið álit sitt í ljós, og það er tvímælalaust og afdráttarlaust á sama veg og álit ríkisstj.

Það var óneitanlega dálitið broslegt að heyra hv. þm. Lúðvík Jósefsson í gær vera að reyna að vefengja þessa umsögn. Hann sagðist hafa tekið eftir því, að í umsögn prófessora háskólans væri sagt:

„Þegar skýra á framangreint orðalag í orðsendingu utanrrh. Íslands, verður að hafa í huga annars vegar, að ekki er að því stefnt að kveða á um, hvor aðili hafi hér á réttu að standa, heldur að því að leysa deiluna til frambúðar, og verður þá skiljanlegt, að sneitt sé hjá að nota orðið að „viðurkenna" í þessu sambandi."

Þarna segir sem sagt, að prófessorarnir hafa í huga, þegar þeir láta sitt álit í ljós, að orðalagið á 1. gr. sé tekið upp með það fyrir augum að leysa deiluna. Hv. þm. Lúðvík Jósefsson hafði annaðhvort ekki fyrir því eða hann skorti ráðvendni til þess að láta það koma fram, að í sjálfri orðsendingunni til Breta, sjálfum inngangi orðsendingarinnar segir, að samkomulagið sé gert til þess að leysa deiluna. Þar stendur: „Er ríkisstj. reiðubúin að leysa deiluna á eftirfarandi grundvelli." Þegar prófessorarnir taka þetta upp í sína umsögn, þá byggja þeir það beinlínis á því, sem í orðalaginu stendur. En þrátt fyrir þetta leyfir þessi hv. þm. sér að demba því hér yfir hv. alþm. um hánótt, að prófessorarnir hafi í heimildarleysi búið það til, að orðsendingin sé gefin í því skyni að leysa deiluna, það finnist hvergi fyrir því stafur. Þessi hv. þm. er ekki vanur að láta sér blöskra alls konar meðferð á sannleikanum, en að spýta svona rauðu, það skal hreysti til þess.

Hv. talsmaður Alþb., Einar Olgeirsson, sagði í ræðu sinni í gær, að það væri ekki nóg að vita, hvernig við Íslendingar litum á orðalag 1. gr., það væri ekki okkar skoðun á þessu atriði, sem máli skipti. Hann þyrfti endilega að fá að vita, hvernig Bretar litu á þetta, til þess að hann gæti sætt sig við það, sem við erum að semja. Ég veit, að þessi hv. þm. tekur nokkurt tillit til Breta og hefur gjarnan gert, en ég hafði ekki átt von á því, að hann teldi, að ekki væri nein lagaskýring fullnægjandi, nema hann vissi, hvernig Bretar hugsuðu um það atriði. En úr því að hann spyr, þá er sjálfsagt að svara þessu.

Þegar brezka ríkisstj. skýrði neðri deild brezka þingsins frá samkomulaginu við Íslendinga, sagði sá ráðh., sem frá samkomulaginu skýrði, á þessa leið:

„Eftir að þriggja ára umþóttunartímabilið er liðið, munu Bretar ekki framar hreyfa neinum andmælum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland."

Þetta er yfirlýsing brezka ráðh. í neðri deild brezka þingsins. Sama daginn er málið og tekið fyrir í efri deild. Þar lýsir brezkur ráðh. yfir nákvæmlega því sama: Þegar þrjú árin eru liðin, mun brezka ríkisstj. ekki hafa uppi nein andmæli gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu á Íslandi.

Og það eru fleiri en íslenzkir háskólaprófessorar og brezkir ráðherrar, sem hafa tekið af allan vafa um þetta. Brezk blöð eru einnig full af ummælum um þessa hluti. Alls staðar kemur það skýrt og greinilega fram, bæði í ritstjórnargreinum og eins í blaðaviðtölum við einstaka menn, að Bretar gera sér það ljóst, að 12 mílna fiskveiðilögsaga við Ísland er endanleg og engin andmæli af hálfu Breta koma þar til greina frekar.

En í þessu sambandi eru tilburðir stjórnarandstöðunnar og sérstaklega Alþb. að vissu leyti dálítið athyglisverðir. Þeir hafa borið fram brtt. Í þessari brtt. vilja þeir láta færa allt það orðalag á orðsendingunni til þess vegar, að ekki sé neitt um að villast, að þeir telja. Á þetta jafnt við um 1. gr. og 3. gr. En þá leggja þeir líka til, stjórnarandstaðan, að auk þess sem við höldum í orðsendingunni yfirlýsingunni, að við munum halda áfram að vinna að útfærslu fiskveiðilögsögunnar, þá skuli sagt, að hún skuli framkvæmd samkv. íslenzkum lögum og alþjóðarétti, og orðsendinguna þannig breytta vilja þeir láta Breta samþykkja. Maður skyldi ætla, að flestir Íslendingar mundu telja, að það væri afskaplega mikill og merkilegur sigur og meiri en menn geta gert sér nokkra von um, að Bretar ekki aðeins viðurkenni grunnlínubreytingarnar og 12 mílna fiskveiðilögsöguna, sem um er talað, heldur einnig viðurkenni þeir og skuldbindi sig til þess að þola í framtíðinni, að fiskveiðilögsagan við Ísland skuli færð út samkv. íslenzkum lögum og þeir í þessum efnum verði að sæta íslenzkum lögum. Maður skyldi ætla, að ef væri hægt að fá svona samkomulag, þá mundi hver einasti Íslendingur fagna því. En hvað sagði hv. þm. Einar Olgeirsson í gær? Hann segir: Þó að Bretar samþykki þessa yfirlýsingu, þó að þeir fallist á hana, þó að þeir viðurkenni skilyrðislaust 12 mílurnar og viðurkenni skilyrðislaust í framtíðinni, að þeir muni sætta sig við útfærslu fiskveiðilögsögu við Ísland eftir íslenzkum lögum, þá vilja þeir samt láta fella samkomulagið og hafna öllum samningum við Breta. — Það er furðulegt að heyra svona orð á Alþ., og maður mundi ekki skilja það, ef maður vissi það ekki fyrir fram, að það, sem er efst í huga og hjarta þessara manna, er ekki að reyna að leysa alvarleg og þýðingarmikil vandamál fyrir þjóðina, heldur að halda uppi illindum og fjandskap. Og enn betur kom þetta jafnvel fram hjá hv. þm. Lúðvík Jósefssyni, þegar hann var að tala hér í gær. Hann komst að orði eitthvað á þá leið, að hann vildi langhelzt semja við Breta um það, að þeir héldu áfram veiðum innan fiskveiðilögsögu undir vernd herskipa. Þetta er það samkomulag, sem Lúðvík Jósefsson lýsir yfir á hv. Alþ., að hann telji æskilegast fyrir Íslendinga í deilunni við Breta. Þurfa menn frekar sannana við, ef þeir hafa verið í efa um, hvað það er, sem þjáir þetta fólk? Betur og skýrar er naumast hægt að gera grein fyrir hugarfari sínu og afstöðu sinni.

Þá kemur að ræða um grunnlínubreytingarnar. Eins og upplýst hefur verið, viðurkenna Bretar útfærslu grunnlína hjá okkur, sem svarar til þess, að fiskveiðilögsagan stækki um rúma 5000 km2, og það á þeim stöðum við landið, sem þýðingarmest er fyrir okkur. Þegar þessi viðurkenning liggur á borðinu, segir stjórnarandstaðan: Þetta er einskis virði, þetta gátum við gert sjálfir, við þurftum enga um þetta að spyrja.

Við skulum athuga nokkur atriði úr atburðum liðinna ára. Þegar Genfarráðstefnunni var lokið,

var aðalráðunautur ríkisstjórnarinnar í landhelgismálum, Hans G. Andersen, kallaður heim til skrafs og ráðagerða við ríkisstj. Hann lagði sínar till. fyrir hana. Till. hans voru á þá leið, að við skyldum í fyrsta lagi breyta grunnlínum í mjög ríkum mæli, við skyldum í öðru lagi færa fiskveiðilögsöguna út í 12 mílur, en þannig, að seinni 6 mílurnar kæmu ekki til framkvæmda fyrr en eftir 3 ár. Með þessu hugðist þjóðréttarfræðingurinn tryggja í fyrsta lagi framgang stórfelldra breytinga á grunnlínum, tryggja þær með þeim hætti, að grannþjóðir okkar mundu una þeim á grundvelli þess, að 12 mílurnar kæmu ekki að öllu leyti til framkvæmda fyrr en eftir 3 ár. Hvernig brást sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, við þessum till.? Tók hann upp till. þjóðréttarfræðingsins, Hans G. Andersens, um breytingar á grunnlínunni? Hann lagði fyrir ríkisstj., Lúðvík Jósefsson, sínar till. Fyrstu till. hans gengu út á það, að grunnlínur skyldu óbreyttar, en fiskveiðilögsagan færð út í 12 mílur, og þannig sendi hann þessar till. sínar m. a. til Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar háskólans. Undir umr. var á það bent, ekki síst af okkur Alþfl.-mönnum, að mjög væri varhugavert að fara í þetta mál án þess að nota tækifærið til að rétta af grunnlínurnar, og við lögðum á það áherzlu. En við lögðum jafnframt áherzlu á hitt, eins og ég hef áður sagt, að okkur gæfist nokkurt tóm til að kynna þessar aðgerðir okkar á erlendum vettvangi og reyna að brjóta niður andstöðuna gegn því. Það var grundvöllurinn undir þessum aðgerðum, að okkur gæfist tóm til að kynna þær á erlendum vettvangi og reyna þannig að tryggja framgang þeirra. Alþb. vildi hins vegar ekkert tóm gefa til þessara hluta, heldur knýja málið áfram án alls þess. Þegar þannig stóð á, ákváðum við í Alþfl. að láta sjútvmrh. einan um það, hvað hann gerði í grunnlínubreytingunum. Og það varð til þess, að þegar hann gaf út reglugerðina, gerði hann enga tilraun til þess að breyta einu né neinu í grunnlínunum.

Áður hefur verið á það minnzt hér á hv. Alþingi, að fyrir nokkru bar stjórnarandstaðan í Ed. fram frv. um það að lögfesta reglugerðina frá 1958 án þess að hreyfa á nokkurn hátt við grunnlínum eða gera tilraunir til að breyta þeim. Ég varaði sérstaklega við þessu, undir umr. í deildinni. Ég benti á, að mjög væri varhugavert að taka frv. og lögfesta það eins og það væri án þess að athuga gaumgæfilega um grunnlínurnar og reyna að breyta þeim. Á þetta var ekki hlustað. Og fyrir nokkrum dögum lagði stjórnarandstaðan til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Svo koma þessir menn nú, þegar þeir eru búnir að hegða sér svona, og segja: Þær eru einskis virði, við höfum ekki fyrir neitt að þakka, þó að á það sé fallizt, að við færum út grunnlínur, því að við höfum alla tíð átt þennan rétt, — þennan rétt, sem þeir sjálfir hafa ekki hirt nokkurn skapaðan hlut um að reyna að tryggja eða halda fram. Svo kemur enn til viðbótar, að stjórnarandstaðan ber fram brtt. við orðsendingu ríkisstj. Hún vill láta breyta orðalaginu á 1. gr., hún vill láta breyta orðalaginu á 3. gr., hún vill láta breyta 4. gr. og hún vill láta breyta niðurlaginu, um alþjóðadómstólinn. En einu má ekki breyta. Eitt skal óhaggað standa. Grunnlínurnar eiga að vera eins og í okkar uppkasti að orðsendingunni. Þar á engu að breyta. En um leið og hv. þm. Lúðvík Jósefsson er að tala fyrir þessari till. sinni, þar sem hann vill ekki hreyfa við grunnlínunum, þá segir hann okkur: Við eigum rétt til 7 annarra grunnlínubreytinga. — Hvers vegna eru þær ekki komnar? Ég spyr: Af hverju skilur þessi hv. þm. þetta atriði eitt eftir úr sínum brtt., fyrst hann telur okkur eiga tvímælalausan rétt til þessa? **(Gripið fram í:** Það er búið að leggja fram brtt.) Ég held, að þessi hv. þm. ætti að fara að hætta sem slíkur. Hann er þegar búinn að ganga allt of langt, og þjóðin sér fullkomlega, hvernig hann hefur hegðað sér.

Þá hefur talsvert verið rætt um 3. og 4. gr. orðsendingarinnar, og í sambandi við 4. gr. er því haldið fram, að orðalagið: „á áðurgreindu þriggja ára tímabili er þó skipum, sem skráð eru í Bretlandi, óheimilt að stunda veiðar á svæðinu á milli 6 og 12 mílna innan fiskveiðilögsögunnar", — að þetta orðalag eigi að skilja þannig, að þegar 3 ár séu liðin, þá sé Bretum heimilt að stunda þessar veiðar áfram. Þetta er algerlega röng túlkun og stafar annaðhvort af því, að menn hafa ekki lesið orðsendinguna nógu gaumgæfilega, eða þeir hafa ekki eða vilja ekki skilja hana. Ég vil í fyrsta lagi út af þessu benda á, að í 1. og 2. tölulið orðsendingarinnar kemur fram sú grundvallarregla, að fallizt er á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland með breyttum grunnlínum. Ef ekkert stæði annað en þetta í orðsendingunni, þá væri 12 mílna fiskveiðilögsagan alger og Bretum með öllu óheimilt að veiða að nokkru innan 12 mílnanna. En í 3. gr. orðsendingarinnar kemur undantekningin fram. Þar er Bretum heimilað að veiða í næstu þrjú ár, takmarkaðan hluta úr ári og á takmörkuðum svæðum við landið. Í 3. gr. eru svæðin sett upp þannig, að landshlutar — heilir, stórir landshlutar — eru teknir undir eitt, og þar tekið fram, á hve löngum tíma og hvaða mánuði úr ári Bretar megi veiða á þessum svæðum. Ef 3. gr. stæði svona, án þess að nokkuð frekar væri sagt, mundi það þýða, að Bretar mættu veiða kringum allt land á þeim mánuðum innan þessara þriggja ára, sem fram eru tekin í 3. gr. Þetta er auðvitað ekki meiningin. Meiningin er að undanskilja viss svæði á seinni 6 mílunum, sem þeir mega aldrei fiska á, hvorki á þessum þremur árum né síðar. Til þess að undantaka þessi svæði er 4. gr., og hún er að sjálfsögðu bundin við sama tíma og 3. gr., sem hún er undantekning frá. Ef menn líta á sjálfa orðsendinguna, t. d. 1. lið, þá segir þar, að á svæðinu frá Horni að Langanesi megi Bretar veiða á seinni 6 mílunum frá júní til september. Ef þetta stæði svona, þýddi það, að fyrir Norðurlandi, á þessu svæði, mættu Bretar veiða þennan tíma. En það er ekki meiningin. Undantekningin kemur fram í 4. gr., þar sem greinilega segir, að á þessu þriggja ára tímabili megi Bretar ekki veiða á svæði, sem afmarkast af línu, sem dregin er frá Siglunesi í Grímsey og í Lágey. 4. gr. er takmörkun á 3. gr., og þess vegna er 4. gr. að sjálfsögðu miðuð við sama tíma og 3. gr. En í 1. gr. kemur aðalreglan skýrt og ákveðið fram, að 12 mílurnar eru algerar og eftir 3 ár er ekki um neina veiði útlendra að tala á þeim svæðum.

Þá hefur verið rætt nokkuð um alþjóðadómstólinn í sambandi við þetta mál. Því hefur verið haldið fram, að við með því að fallast á alþjóðadómstól séum að afsala okkar einhliða rétti til útfærslu fiskveiðilögsögu síðar. Þetta er algerlega rangt. Við erum ekki að afsala okkur neinum rétti. Við lýsum því yfir í upphafi þeirrar gr., sem fjallar um alþjóðadómstólinn, að Íslendingar muni halda áfram að vinna að útfærslu fiskveiðilögsögu við Ísland að endimörkum landgrunnsins. Það er skýr og ótvíræð yfirlýsing um, að þetta munum við gera. En við komum okkur saman um það við Breta, að ef ágreiningur verði um það okkar á milli, hvort okkar aðgerðir séu byggðar á alþjóðareglum eða ekki, þá ætla Bretar ekki að beita ofbeldi með herskipum til að knýja okkur til undanhalds í því máli, heldur skuli hlutlaus alþjóðadómstóll fjalla um það, hvort við höfum á réttu að standa eða ekki. Því fer að sjálfsögðu víðs fjarri, þó að eitt réttarríki fallist á það, að deilumál þess og annars ríkis skuli úrskurðuð af hlutlausum alþjóðadómi, að þá sé það þar með að afsala sér einhverjum rétti. Það væri nákvæmlega sama og að segja, að þegnar þjóðfélagsins væru réttlausir, vegna þess að þeir væru háðir dómsvaldinu í landinu. Slíkri fjarstæðu kemur auðvitað engum manni til hugar að halda fram. Við Íslendingar höfum alla tíð leitazt við að sýna það og sérstaklega þeir, sem hafa viljað sýna ábyrga afstöðu í þessu máli, að það hefur ekki verið tilgangur þeirra að færa út fiskveiðilögsögu við Ísland óðruvísi en við værum um leið öruggir um það, að við værum ekki að brjóta nein alþjóðalög. Á því hafa útfærslur okkar að undanförnu verið byggðar. Þennan vilja sinn hefur ríkisstj. Íslands sýnt 1953, þegar hún bauð upp á alþjóðadómstól. Og með öllu okkar starfi í Genf, á tveim ráðstefnum, sýndum við það líka, að við vildum ekki byggja friðanir eða útfærslu við Ísland óðruvísi upp en þannig, að við brytum ekki alþjóðareglur, og að við værum reiðubúnir til að láta alþjóðadómstóla úrskurða um ágreining um það atriði.

Það hefur áður verið á það minnt, að á ráðstefnunum bæði 1958 og 1960 bárum við Íslendingar sjálfir fram till. um það, að heimilað yrði að koma á vissum friðunarráðstöfunum og vissri útfærslu út fyrir 12 mílur. En við buðum það fram í bæði skiptin, að alþjóðadómstóll skyldi um það fjalla, hvort farið væri að lögum hverju sinni eða ekki. Þetta sýndi ótvíræðan vilja okkar og stefnu í málinu. Þessar till. fengust ekki samþ., eins og kunnugt er. Aðrar samþykktir voru gerðar á báðum þessum ráðstefnum. Þær samþykktir miðuðu að því að tryggja verndun fiskimiða og fiskistofna utan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar. Allar byggðust samþykktirnar á því, að alþjóðlegur dómstóll fjallaði um ágreininginn. Öllum þessum samþykktum fylgdum við, og þessar samþykktir hefur Ísland undirritað og staðfest og sumar af þeim í tíð vinstri stjórnarinnar. Vilji okkar og stefna í þessum málum hefur þess vegna verið alveg ótvíræð á undanförnum árum.

Ef við ætlum að halda því fram, að við séum að hafa af okkur rétt með því að vilja fallast á alþjóðadómstól, og afneita honum á þeim grundvelli, þá er það nákvæmlega sama og við séum að segja, að við viljum ekki í útfærslu fiskveiðilögsögu í framtíðinni fara eftir alþjóðareglum. Nú finnst enginn maður á Íslandi, sem treystir sér til að segja það, meira að segja ekki stjórnarandstaðan hér á hv. Alþ., og lætur hún sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Ég vek enn athygli manna á því, að í þeirri brtt., sem stjórnarandstaðan hefur borið hér fram, býður hún Bretum upp á það, að Íslendingar skuldbindi sig til þess að fara að alþjóðalögum við útfærslu fiskveiðilögsögunnar í framtíðinni. Stjórnarandstaðan beinlínis leggur það til í sinni brtt., að við bjóðum upp á þetta, þannig að a. m. k. í orði hikar ekki stjórnarandstaðan við að lýsa þessu yfir.

Það hafa orðið um það nokkrar umr. hér, með hverjum hætti frekari útfærsla fiskveiðilögsögu við Ísland yrði, ef til kæmi. Orðalagið á sjálfri orðsendingunni er skýrt og greinilegt, og ætti enginn efi að þurfa að vera á um það atriði. Þar segir, að ríkisstjórn Íslands muni tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með 6 mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til alþjóðadómstóls. Ég vek athygli á því hér, að það er berum orðum tekið fram, að sjálf útfærslan skuli tilkynnt með 6 mánaða fyrirvara og ágreiningi um sjálfa útfærsluna skuli skotið til alþjóðadómstóls, ekki ákvörðun um útfærslu. Í framkvæmd yrði þetta þannig, ef ríkisstjórnin ætlaði sér að færa út fiskveiðilögsöguna, að hún gefur út reglugerð, þar sem ákveðið er, hversu mikið fiskveiðilögsagan skuli færast út. Það er ákveðið í reglugerðinni sjálfri, hvenær útfærslan skuli koma til framkvæmda. Það má ekki verða fyrr en 6 mánuðum eftir að reglugerðin er út gefin og afhent Bretum. Þessa 6 mánuði hafa Bretar til þess að snúa sér til alþjóðadómstólsins. Ef alþjóðadómstóllinn er búinn að kveða upp úrskurð, áður en 6 mánuðir eru liðnir, sem stöðvar þessa útfærslu okkar, þá er það dómurinn, sem stendur. Ef alþjóðadómstóllinn er ekki búinn að kveða upp neinn úrskurð, áður en 6 mánuðir eru liðnir, þá kemur reglugerðin til framkvæmda eftir orðanna hljóðan. Þetta er alveg skýrt og ótvírætt. Ég get látið það koma fram hér, að Bretar voru með þá hugmynd, að þeim skyldi tilkynnt ákvörðun um útfærslu 6 mánuðum áður en í framkvæmdina yrði ráðizt. Þessu neituðum við afdráttarlaust. Við stóðum fast á því, að það væri útfærslan sjálf, sem þeim skyldi tilkynnt með 6 mánaða fyrirvara, og þetta var gert af okkar hálfu til þess að tryggja, að við gætum gefið reglugerðina út, tilkynnt reglugerðina sjálfa, og ef ekki lægi fyrir úrskurður um annað frá alþjóðadómstólnum, áður en 6 mánuðir væru liðnir, þá gengi reglugerðin í gildi. Þetta er skýrt og ótvírætt og verður ekki um villzt.

Það er ýmislegt dálítið spaugilegt í málfærslu stjórnarandstæðinga í sambandi við þetta mál. Því var haldið hér fram af miklum sannfæringarkrafti í haust af stjórnarandstöðunni, að það væri nákvæmlega sama, um hversu takmarkaðan umþóttunartíma við semdum við Breta innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar. Þeir mundu tvímælalaust koma í lok þess tímabils og krefjast þess, að tíminn yrði framlengdur. Þetta var eitt af veigamestu rökunum, sem stjórnarandstaðan færði fram þá. Þegar við

vorum að ræða við Breta nú um lausn fiskveiðideilunnar, sögðum við þeim frá því, að á Íslandi væri talsverður ótti í mönnum við allt samkomulag við þá út af þessu máli, vegna þess að menn teldu, að þeir kæmu í lok umþóttunartímans og færu fram á framlengingu. Af þessum ástæðum vildum við hafa það alveg skýrt og ótvírætt frá þeim, að til slíks kæmi ekki, svo að við m. a. gætum skýrt stjórnarandstöðunni frá þessu, þegar hún nú tæki upp sínar fyrri röksemdir. Þetta leiddi til þess, að Bretar lýstu því afdráttarlaust yfir við okkur, að þeim kæmi ekki til hugar að fara fram á neina framlengingu að umþóttunartímanum liðnum. Og við höfum yfirlýsingu frá þeim, þar sem segir: „Stjórn hennar hátignar staðfestir, að hún hefur alls ekki í huga að fara fram á neina framlengingu á þriggja ára umþóttunartímanum, sem brezk fiskiskip fá að halda áfram veiðum á vissum svæðum á seinni 12 mílunum.“ Þessa yfirlýsingu fengum við frá Bretum eingöngu vegna gagnrýni stjórnarandstöðunnar. Frá þessu skýrði ég í útvarpsumr. En hvað haldið þið, að gerist? Þá sprettur stjórnarandstaðan upp á Alþingi og segir: Sjáum nú til, svo slæma samvizku hafði ríkisstjórnin, — hún hélt, að það væri verið að plata sig, — að hún þorði ekki annað en fá þessa yfirlýsingu. — Fyrst framkallar stjórnarandstaðan yfirlýsinguna, og síðan ræðst hún á ríkisstj. og segir hana hafa slæma samvizku, þegar verið er að fullnægja og mæta þeirri gagnrýni, sem uppi hefur verið höfð af hennar hálfu.

Þá hefur því verið haldið fram, að óþarfi hafi verið fyrir okkur að gera nokkra samninga við Breta, því að þeir væru búnir að tapa deilunni, væru farnir í burtu með herskipin og mundu ekki leggja í að koma hingað aftur. Við vitum það öll, að Bretar héldu hér uppi látlausum ofbeldisaðgerðum fram að Genfarráðstefnunni. Þá hurfu þeir burt með skipin, og þeir lýstu því yfir, að þau væru eingöngu tekin héðan í burtu, á meðan Genfarráðstefnan stæði, þar til séð yrði, til hvers hún leiddi. Þegar ljóst var, að Genfarráðstefnan var árangurslaus, hurfu Bretar að sinni fyrri iðju við Ísland, þó að nokkurt hik væri í þeim að koma með herskipin fyrst í stað. En það var öllum ljóst á s. l. sumri, að á fiskimiðunum kringum landið var að sækja í nákvæmlega sama horfið og áður. Ofbeldisaðgerðirnar voru að byrja aftur, og við gátum búizt við stórslysi, hvenær sem væri. Stjórnarandstaðan leit svo alvarlegum augum á þetta, að hún óskaði eftir fundi í utanrmn. Formaður Framsfl. lýsti því þar yfir, að nú væri bersýnilegt, eftir að Genfarráðstefnan hefði endað án árangurs, að Bretar væru að taka upp sömu iðju við Ísland og áður, að því er ofbeldisaðgerðirnar varðaði, og ástandið væri jafnvel orðið verra en áður var, og það mætti búast við því, að á hvaða augnabliki sem væri gæti orðið hér stórslys. Þessa ræðu sína endaði formaður Framsfl. með því að krefjast þess af ríkisstj., að hún gerði einhverjar nýjar, róttækar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að þessir árekstrar héldu áfram og til stórslysa leiddi. Þetta sýnir betur en nokkuð annað, af hvaða heilindum stjórnarandstaðan er að tala nú, þegar hún vill halda því fram, að ekki hafi verið orðið neitt hættuástand á Íslandsmiðum eftir Genfarráðstefnuna og að Bretar hafi í raun og veru verið búnir að gefast upp.

Hv. stjórnarandstæðingar vilja nota þá kyrrð, sem verið hefur í kringum landið, á meðan á umr. við Breta hefur staðið, til þess að reyna að telja fólki trú um, að allt sé nú komið endanlega í lag og alger sigur unninn, þó að ekkert sé við Breta samið. En áður en þessi kyrrð fékkst vegna samninganna, viðhafði stjórnarandstaðan þau orð, sem ég áðan vitnaði til úr ræðu hv. formanns Framsfl.

Ég hef þá vikið að þeim helztu atriðum í þessu máli, sem ég sé ástæðu til að koma að. Í mínum augum liggur málið einfaldlega þannig fyrir: Við eigum annars vegar um það að velja að komast ekki að neinum samningum við Breta og láta deiluna halda áfram og taka þeim afleiðingum, sem hún kann að hafa. Hins vegar getum við fengið okkar 12 mílna fiskveiðilögsögu endanlega viðurkennda. Við getum fengið grunnlínur, sem enginn hefur hingað til treyst sér til að ráðast í á Íslandi. Við getum fengið Breta til þess í framtíðinni að hætta við að beita okkur ofbeldi út af útfærslum og þola úrskurð alþjóðadómstóls gegn því, að við gerum slíkt hið sama, fyrir það eitt, að þeir fái smávægilegan umþóttunartíma. Valið, sem Íslendinga bíður, er svo einfalt og auðvelt sem frekast má verða, og ég vil biðja menn að gera sér grein fyrir, hvað okkar mundi bíða, ef við framan í öllum heiminum ættum að segja við Breta: Við þeim kosti, sem þið viljið ganga að til lausnar á deilunni, viljum við ekki taka. — Ég er sannfærður um það, að eftir slíkt svar væri vegur okkar lands og okkar þjóðar á alþjóðavettvangi ekki mikill og þá væri 12 mílna fiskveiðilögsaga við Ísland og 4 mílna fiskveiðilögsaga við Ísland ekki mikils virði.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef tekið eftir því alveg sérstaklega í sambandi við umr. um þetta mál til þessa, að bæði fylgismenn og mótstöðumenn þáltill., sem hér liggur fyrir, eru sannfærðir um, að hún marki tímamót í sögu landhelgismálsins. Ég er alveg á sama máli og álit, að nú sé verið að skapa mikil tímamót, og ég er viss um, að menn eiga síðar eftir að vitna til þess, sem nú er verið að gera. Með tilliti til þessara staðreynda og af því að ég hef þá trú, að landhelgismálið verði ekki að fullu skilið né heldur túlkað rétt án sögulegrar yfirsýnar, þá mun ég hér í upphafi ræðu minnar fara nokkrum orðum um sögu landhelgismálsins og stikla þó á mjög stóru.

Frá upphafi Íslandsbyggðar og til loka þjóðveldistímans upp úr 1260 er ekki vitað, að neitt verulega hafi reynt á það, hversu langt íslenzkt yfirráðasvæði var talið ná undan ströndum landsins, og það er ekki fyrr en í upphafi 15 aldar, sem á þetta reynir, svo að umtalsvert sé. En hins vegar má líka fullyrða, að alla tíð síðan og allt til þessa dags hafi ákvörðun þessa yfirráðasvæðis verið eitt mikilvægasta landsmál á Íslandi, hvernig svo sem stjórn landsins hefur verið háttað, hvort heldur það var einvaldsstjórn erlendra konunga, þingbundin konungsstjórn eða lýðveldi.

Upp úr aldamótunum 1400 fara erlendir fiskimenn að sækja hingað til fiskveiða, og samtímis fer að bera á árekstrum um fiskveiðiréttinn milli

hinna erlendu sjómanna annars vegar og landsmanna og konungsvalds hins vegar. Konungur hélt fram rétti sínum til hafsvæðisins umhverfis Ísland, og þann rétt urðu erlendar þjóðir að virða, og skapaðist sú venja mjög brátt og hélzt svo um aldir, að enskir og þýzkir sjómenn urðu að sækja um sérstakt leyfi til þess að mega fiska á íslenzku hafsvæði. Væri brotið í bága við leyfi þessi, var því jafnan mótmælt af landsmanna hálfu og þeirra, sem gættu réttar konungs. Þannig stóðu sakir í fullar tvær aldir, eftir að fiskveiðar útlendinga byrjuðu fyrir alvöru á Íslandsmiðum. Ekki verður séð, að hinar erlendu þjóðir vinni sér á þessu tímabili neinn hefðbundinn rétt til óskoraðra fiskveiða við landið, heldur bendir allt til hins gagnstæða. Yfirvöld landsins og landsmenn sjálfir, þar á meðal Alþ., sýna allt þetta tímabil viðleitni í verki til þess að halda uppi rétti gagnvart útlendum fiskimönnum og helga Íslandi þau yfirráð yfir hafinu, sem því að réttu bar.

Í upphafi 17. aldarinnar er verzlunareinokun komið á, svo sem allir þekkja, og veitir konungur síðan einstökum verzlunarfélögum einkaleyfi til verzlunar á Íslandi, og jafnframt náði einokunin yfirleitt til fiskveiði- og hvalveiðiréttinda við landið. Árið 1631 er merkilegt ár í sögu landhelgismálsins vegna þess, að þá var einokunarfélaginu gefið einkaleyfi til veiða á Íslandsmiðum og jafnframt heimilað að taka þau erlend skip, sem stunduðu veiðar innan ákveðinna marka frá landi. Mörk þessi voru miðuð við fjarlægð, sem samsvarar 16 sjómílum, þegar um ensk skip var að ræða, en 24 sjómílum, ef þau voru af öðru þjóðerni.

Næstu 230 ár eða svo má fullyrða, að landhelgi Íslands sé aldrei minni en 16 sjómílur og stundum meira, 24 eða 32 sjómílur. Það var ekki fyrirhafnarlaust að verja þessa landhelgi og kostaði bæði deilur og átök. Íslendingar stóðu ævinlega á rétti sínum, eftir því sem máttur var til á þeim tíma, og gerðu allt, sem þeir framast máttu, til þess að mótmæla erlendum yfirgangi, og dönsk yfirvöld, þótt slæm væru, sýndu nokkra viðleitni til landhelgisgæzlu. Þó seig stöðugt á ógæfuhlið í þessu máli. Danska stjórnin lét smám saman undan ásælni Breta og Frakka og fleiri þjóða um að opna íslenzka landhelgi fyrir fiskveiðiflota þeirra, og svo fór að lokum nokkru eftir miðja seinustu öld, 1859, að danska flotamálastjórnin tilkynnti með bréfi, að enda þótt íslenzk landhelgi hafi verið 16 sjómílur, þá sé það ekki lengur í samræmi við alþjóðlegar hugmyndir um viðáttu landhelginnar og skuli landhelgi Íslands því ákveðast 4 sjómílur eða sem því svarar, en flóar og firðir skyldu þó lokaðir fyrir fiskveiðum útlendinga.

Þessi tilslökun við yfirgangsmennina á Íslandsmiðum var auðvitað löglaus með öllu, nema að því leyti sem hervald og ofbeldishótanir voru lög. Þó voru Englendingar engan veginn ánægðir með þessar lyktir, því að enn voru flóar og firðir lokaðir fyrir rányrkju þeirra, og næsta stigið í baráttu þeirra til yfirdrottnunar á Íslandsmiðum var að fá það bann úr gildi numið. Næstu 40 ár og vel það eru hvert um sig vörðuð dæmum af yfirgangi Breta við Ísland, beinni íhlutun um innanríkismál og heigulslegri undanlátssemi af hálfu danskra yfirvalda gagnvart hótunum hins brezka stórveldis.

Veiðitækni fleygði stórlega fram. Í stað handfæraskipanna, sem hér fiskuðu lengst af fyrr á öldum og fram undir þennan tíma, komu gufutogarar Breta, búnir stórvirkari veiðitækjum en áður höfðu þekkzt, og skófluðu upp þeim ókjörum af fiski, að fáa hafði dreymt um, að slíkt væri mögulegt. Þessir togarar sóttu mjög til Íslands, enda var þá farið að tregast um afla í Norðursjó og öðrum heimaslóðum Englendinga vegna hinnar óskammfeilnu rányrkju, sem öll stefndi að eyðingu og uppþurrkun fiskstofnanna, sem hefur verið höfuðstefna Englendinga í útgerðar- og fiskveiðimálum í aldanna rás.

Yfirgangsstefna Breta náði hámarki með nauðungarsamningnum, sem tókst að gera við Dani um landhelgi Íslands árið 1901. Í miðri þrounarsögu hinna ægilegu fiskdrápstækja tekst enskum stjórnmálamönnum og diplómötum að svipta í sundur síðustu lagaákvæðunum, sem í gildi voru til varnar fiskstofnunum við Ísland. Flóar og jafnvel tiltölulega litlir og þröngir firðir voru opnaðir fyrir brezku togurunum og um leið togurum annarra þjóða, sem réðust að bráðinni og tóku upp þá siði, sem þeir voru vanir úr sínum heimahögum, og byrjuðu að yrja upp fiskslóðirnar allt upp í landsteina.

Rányrkjan á Íslandsmiðum var komin í algleyming, og henni linnti ekki eða lítið næstu áratugi. Mótmæli landsmanna voru að engu höfð, yfirgangur erlendra togara var hér óþolandi lögleysa og ofbeldi, sem ótal dæmi sanna, en landhelgisgæzlan af hálfu Dana oftast bágborin.

Dansk-enski samningurinn frá 1901 er einhver hin voðalegasta stjórnarframkvæmd, sem gildi hefur haft á Íslandi. Tildrög hans voru ofbeldishótanir og nauðung og afleiðingarnar gegndarlaus rányrkja og eyðing fiskstofna og fiskveiða. Samningurinn var bæði Dönum og Bretum til hinnar mestu vansæmdar, en Íslendingum var hann hálfrar aldar kúgunarok og orsök hins versta arðráns. Það er ekki hægt að leiða neinum getum að því, hve mikið fjárhagslegt tjón Íslendingar hafa beðið af völdum þessa smánarsamnings, en hitt er víst, að tjónið er geigvænlegt.

Þessi samningur hafði þó einn kost, og hann var sá, að það var hægt að segja honum upp með vissum fyrirvara, og hann gekk loks úr gildi eftir að hafa verið við lýði í 50 ár. Á gildistíma þessa samnings, 1901—1951, var landhelgi Íslands 3 sjómílur samkvæmt kröfu Englendinga, en við brottfall hans hlaut landhelgi Íslands að verða a. m. k. hin sama og hún var í reynd á árunum 1859—1901, 4 sjómílur, og firðir og flóar innan hennar, og sumir hefðu talið, að við brottfall samningsins mætti jafnvel lýsa yfir stærri landhelgi af sögulegum ástæðum einum saman.

Eins og ég sagði áðan, varð reynslan af dansk-enska samningnum frá 1901 sú, að fiskmagn á Íslandsmiðum fór síþverrandi ár frá ári, svo að til stórvandræða horfði fyrir íslenzkt efnahagslíf, sem var svo mjög háð fiskveiðum.

Í heimsstyrjöldunum fyrri og síðari minnkaði nokkuð um skeið ásókn erlendra togara á íslenzk fiskimið, enda brá svo við, að fiskmagnið jókst talsvert og varð þannig bein sönnun fyrir ofveiði á miðunum og að mögulegt væri að viðhalda fisk-

stofnunum og auka þá með skynsamlegri nýtingu og friðunaraðgerð.

Að sjálfsögðu hafa hvorki Bretar né aðrir getað hnekkt þessari staðreynd, og þess vegna voru þeir nauðbeygðir til að samþykkja vissar ráðstafanir, sem miðuðu að því að sporna við ofveiði, svo sem reglur um möskvastærð, en hins vegar stóðu þeir í vegi fyrir friðun Faxaflóa, þó að aðrar þjóðir samþykktu að stuðla að þeirri friðun. Er öll okkar reynsla af viðskiptum við Breta í landhelgis- og fiskveiðimálum á einn veg, og höfum við því miður einskis annars að minnast í samskiptum við þá en óbilgirni þeirra, ágengni þeirra, lögbrota þeirra og yfirgangs þeirra. Öldum saman hefur þeim haldizt uppi með þessar aðfarir, og skákuðu þeir þar í skjóli herveldis síns og heimsdrottnunar og þeirra skoðana, sem almennt voru viðurkenndar, að hinn veiki og varnarlausi yrði að sitja og standa eins og sá stóri og sterki vildi. Meðan þessi skoðun mótaði hugarfar hins menntaða heims, var ekki við því að búast, að réttur smáþjóða væri tryggður, ef stórveldi var við að etja. Undanlátssemi Dana á 19. öld og fram á 20. við Breta og aðra útlendinga á Íslandsmiðum verður skiljanleg í ljósi þessarar staðreyndar. En hins vegar ættu hinar gömlu yfirdrottnunarþjóðir ekki að reka upp stór augu, þótt smáþjóðirnar rísi upp hver af annarri og heimti rétt sinn, þegar hugarfar heimsins er að breytast í þá átt, sem tvær heimsstyrjaldir hafa þó orkað að þoka því til.

Til lengdar verður ekki haldið uppi stefnu í landsmálum eða heimsmálum, sem fer verulega í bága við almenningsálitið í heiminum. Meðan það þótti fint og í fyllsta máta réttmætt að knýja fram réttindaafsöl gagnvart smáþjóðum í skjóli ósigrandi hernaðarmáttar, var ekkert við því að gera, þótt slíku væri beitt, enda óx orðstír yfirdrottnunarþjóðanna, því meir sem þær létu gjalda afls munar og færðu út áhrif sín og yfirráð. En nú, þegar heimsdrottnunarstefnan þykir hvergi fín né aðdáunarverð, þá megnar enginn mannlegur máttur — og hvað þá sá, sem öllu er ofar — að finna því réttlæti stað, sem fólgið er í að halda í gamlar leifar yfirdrottnunar- og kúgunaraðstöðu. Út frá þessum staðreyndum langar mig að ræða landhelgismál Íslendinga frá styrjaldarlokum til þessa dags.

Hvað sem segja má um ógnir síðustu heimsstyrjaldar, þá verður því ekki neitað, að um margt kollvarpaði hún fyrri tíðar hugmyndum og varð til þess að skapa nýjan heim í fleiri en einum skilningi. Síðan styrjöldinni lauk, hefur hin gamla nýlendustefna algerlega orðið að láta í minni pokann, svo að þau réttindi, sem nýlenduveldin höfðu tekið sér í skjóli valds síns, hafa hrunið af þeim eins og lausagrjót úr bröttu fjalli.

Þessar staðreyndir hafa reynzt mikilvægar fyrir þróun landhelgismála Íslendinga undanfarinn einn og hálfan áratug. Þó að hægt væri farið af stað í fyrstu, varð þessi þróun samt örari með hverju árinu sem leið, svo að við getum ekki annað en undrazt árangurinn. En þegar betur er að gætt, þarf þetta í sjálfu sér ekki að vera neitt undrunarefni, þar sem landhelgismál okkar hafa alla tíð markazt af viðhorfum heimsins til valds og þjóðréttinda á hverri öld.

Nú er sú stefna í algleymingi að létta erlendu oki og íhlutun af þjóðum heims, og hafa tugir nýrra þjóðríkja risið af grunni undanfarin ár, og enn munu fleiri bætast í ríkjasamfélag heimsins í náinni framtíð, ef ekki verður stórbreyting á þeirri stefnu, sem nú ríkir.

Íslendingum hefur smám saman tekizt að öðlast fullveldi á þessari öld, og með lýðveldisstofnuninni 1944 og breyttu mati á viðhorfum í heimsstjórnmálum eftir styrjöldina var skapaður grundvöllur undir það að vinna aftur forn réttindi yfir hafinu umhverfis landið, og má fullyrða, að um það mál hafi verið fullkomin þjóðareining. Þjóðin var fyrir löngu orðin einhuga um að vera viðbúin miklum aðgerðum, þegar samningstímanum við Breta um landhelgina lyki að undangenginni uppsögn, og einskis var látið ófreistað af yfirvaldanna hálfu til þess að undirbúa þessar aðgerðir. Fræðimenn, sem rannsökuðu íslenzk landhelgismál sögulega, komust að þeirri niðurstöðu, sem nú er alkunn og ég hef rakið hér nokkuð í stórum dráttum. Jafnframt var þeirri kenningu haldið fram, að ríki hefðu rétt til þess að ákveða landhelgi sína einhliða, þ. e. án millirikjasamninga, þó innan skynsamlegra marka. Þessari kenningu um einhliða rétt var þó harðlega mótmælt af nokkrum ríkjum, aðallega hinum gömlu stórveldum og siglingaþjóðum, þ. e. a. s. þær vildu ekki, að nein þjóð víkkaði út landhelgi sína á þann hátt, sem við helzt kusum, til þess að ná fiskveiðiréttindum. Hins vegar stækkuðu þær eigin landhelgi sína til þess að ná yfirráðum yfir auðlindum hafsbotnsins, svo sem Bandaríkjamenn í sambandi við olíulindir við strönd sína.

Þær héldu því fram, þessar þjóðir, í viðskiptunum við smáþjóðirnar, að þriggja mílna landhelgi væri gild alþjóðaréttarregla, sem ekki yrði fram hjá komizt. Íslendingar ráku sig mjög á þessa skoðun, og hafa nú um margra ára skeið barizt fyrir að eyða henni og láta hið sanna koma í ljós. Íslendingar áttu frumkvæði að því árið 1949, að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti að fela þjóðréttarnefnd samtakanna að rannsaka ásamt fleiru allt það, er varðaði landhelgismál, og leggja allt sitt síðan fyrir allsherjarþingið. Með þessu komst nýr skriður á málið, og æ fleiri þjóðir létu þetta mál sig skipta, og átti það eftir að sýna sig, að það var hinum íslenzka málstað til mikillar styrktar.

Áður en lengra er haldið að rekja þróun málsins á alþjóðavettvangi, er rétt að geta þeirra aðgerða, sem mörkuðu stefnu Íslands í landhelgismálinu. Íslendingar voru sannfærðir um rétt sinn til einhliða ákvarðana í sambandi við landhelgismálið, og þeir héldu því einnig fram, að kenningin um þriggja mílna landhelgi sem alþjóðlega réttarreglu væri ekki einasta röng, heldur væri hitt sannast, að engin almenn þjóðréttarregla væri í gildi um hámark landhelginnar. Á grundvelli þessara skoðana samþykkti Alþ. árið 1948 hin mjög svo merkilegu lög um vísindalega friðun fiskimiða landgrunnsins, en með lögum þessum heimilast ríkisstj. að ákvarða með reglugerð takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins. Jafnframt skyldi ríkisstjórninni heimilað að setja reglur, sem nauðsynlegar væru til verndar fiskimiðum á landgrunninu. Tekið er fram í lögunum, að reglum þeim, sem settar kynnu að verða í samræmi við lögin, skuli einungis framfylgt að svo miklu leyti

sem samrýmanlegt sé millirikjasamningum þeim, sem Ísland sé eða kunni að verða aðili að.

Þegar lögin voru sett, voru tveir millirikjasamningar því til fyrirstöðu, að hægt væri að framfylgja friðun á landgrunninu með einhliða ákvörðunum Íslendinga. Annars vegar var alþjóðlegur samningur um möskvastærð, *og mátti segja, að þar væri um* mjög minni háttar atriði að ræða, en hins vegar var sá gamli dragbitur, dansk-enski samningurinn frá 1901, sem var í rauninni eina hindrunin, og að auki má svo segja, að jafnvel þótt þessi samningur félli skjótlega úr gildi, þá væri björninn ekki að fullu unninn, meðan Bretum og öðrum stórveldum væri alvara með að halda kenningu sinni um þriggja mílna regluna til streitu með góðu eða illu.

Það hlaut því að verða stefna ríkisstj. Íslands að fara með fullri gát að útfærslu fiskveiðimarka og friðunarsvæða á landgrunninu, meðan málið væri undirbúið á alþjóðafundum og hjá alþjóðlegum stofnunum. Eigi að síður var ríkisstj. það ljóst, að við brottfall dansk-enska samningsins og eftir úrslitin í deilu Norðmanna og Breta fyrir Haagdómstólnum um grunnlínuákvörðun Norðmanna var ekkert því til fyrirstöðu að færa landhelgina út í 4 mílur miðað við grunnlínur, sem dregnar væru umhverfis landið á nákvæmlega sama hátt og Norðmönnum heimilaðist samkv. Haag-dómstólnum. Útfærslan 1952 í 4 mílur heppnaðist því fullkomlega þrátt fyrir mótmæli Breta og hefndaraðgerðir þeirra, sem birtust í löndunarbanninu. Í reynd urðu Bretar að viðurkenna útfærsluna, enda undirgengust brezkir togaraskipstjórar marga sektardóma fyrir brot, sem framin voru innan hinnar nýju landhelgi.

Um áhrif þessarar fyrstu allsherjarútfærslu landhelginnar á friðun íslenzkra fiskimiða skal hér ekki fjölyrt, en aðeins sagt, að þau voru mikilsverð og komu skjótlega í ljós. Varð það ekki sízt til þess að réttlæta aðgerðir Íslendinga í augum alls heimsins, og mátti segja, að við gætum vel við unað.

Á meðan þessu fór fram hér heima, var unnið jafnt og þétt að landhelgismálum á alþjóðavettvangi, og var starf þjóðréttarnefndarinnar þar mikilvægast. Eftir sjö ára starf skilaði nefndin áliti til Sameinuðu þjóðanna og komst m. a. að þeirri niðurstöðu, að engin alþjóðaregla væri til um viðáttu landhelginnar, — engin ein alþjóðleg regla. Kom í ljós, að mikill minni hluti þjóða heims aðhyllitist 3 mílna regluna, og var þá þegar bersýnilegt, að kenningin um algildi hennar átti sér enga stoð. Þá upplýstist það einnig, sem Íslendingar höfðu haldið fram og byggt á, þegar þeir settu landgrunnslögin árið 1948, að fjölmargar þjóðir höfðu markað sér landhelgi með einhliða ákvörðun. Við þessar upplýsingar varð Íslendingum enn ljósara en áður, hve *mikilvæg landgrunnslögin voru, og flestir voru* þeirrar skoðunar, að möguleikar til útfærslu á grundvelli þeirra væru enn miklir, enda var það yfirlýst stefna stjórnar Hermanns Jónassonar, sem mynduð var 1956, að vinna að frekari útfærslu fiskveiðimarkanna með einhliða ákvörðunum. En þó varð það samkomulag í stjórninni, að sjálfsagt væri að bíða með aðgerðir, þar til Sameinuðu þjóðirnar hefðu komið sér saman um einhverjar fastar reglur um viðáttu landhelginnar, ef það mætti verða á allsherjarþinginu sjálfu eða — eftir að allsherjarþingið samþykkti að kveðja saman ráðstefnu um málið — á þeim vettvangi.

Sameinuðu þjóðirnar kvöddu síðan til alþjóðaráðstefnu um málið í Genf fyrri hluta árs 1958. Ráðstefnuna sóttu flestar, ef ekki allar þær þjóðir, sem aðild áttu að samtökum Sameinuðu þjóðanna, fast að 90 að tölu. Ráðstefna þessi er mönnum enn í fersku minni, og mun ég ekki rekja gang mála þar að neinu ráði. Ráðstefnan setti sér fastar starfsreglur, m. a. um það, hve mikið atkvæðamagn þyrfti, til þess að afgreidd mál yrðu skuldbindandi alþjóðalög. Þurfti til ⅔ atkv., svo að það mætti verða. Ráðstefnan lauk ýmsum málum endanlega og þótti að mörgu leyti hin athyglisverðasta, en samt var henni slitið svo, að engar reglur urðu samþykktar um viðáttu landhelgi, og var málið því jafnóleyst í lok ráðstefnunnar og það hafði verið *í upphafi hennar. Eigi að síður höfðu menn skipzt* á mikilvægum skoðunum um málið, og eitt staðfesti ráðstefnan, svo að ekki var um deilt, að 3 mílna kenningin var búin að vera og ekki var hægt að benda á neina fasta reglu, sem gildi hefði að alþjóðalögum um landhelgisviðáttuna. Þá kom það líka í ljós, að fulltrúar voru almennt á þeirri skoðun, að rétt væri að greina á milli almennrar landhelgi og fiskveiðilögsögu. Tóku Íslendingar undir þá skoðun og fylgdu þeirri tillögu á ráðstefnunni, sem lengst gekk í þessu efni, till. um 6 + 6, sem svo hefur verið kölluð. Kváðust Íslendingar geta fylgt því, að ráðstefnan ákvæði fiskveiðilandhelgina almennt 12 mílur, en fluttu jafnframt tillögu um, að þjóðir, sem að mestu leyti byggðu afkomu sína á fiskveiðum, hefðu rétt til hafsvæðis utan 12 mílnanna, ef nauðsyn krefði að þeirra áliti. Var sérstaða Íslands sem fiskveiðiþjóðar rækilega skýrð á fundum ráðstefnunnar, og er óhætt að fullyrða, að hinum íslenzka málstað óx mikið fylgi og sérstaða landsins var almennt viðurkennd. Hafði ráðstefnan því ótvírætt gildi fyrir málstað Íslands, og mun það seint ofmetið.

Íslenzku fulltrúarnir létu þess getið við lok ráðstefnunnar, og hæstv. utanrrh. hefur áréttað það nú í ræðu þeirri, sem hann hélt hér áðan, að úr því að ráðstefnan hafi ekki komizt að niðurstöðu um, *hvað skyldi teljast viðurkennd landhelgi* að alþjóðalögum, og þar sem margt væri í óvissu um það mál, mundi íslenzka ríkisstj. ekki fresta lengur að færa út fiskveiðimörkin með einhliða ákvörðun. Hún hefði nógu lengi beðið eftir alþjóðlegu samkomulagi, og úr því að það hefði brugðizt, væri ekki eftir neinu að bíða. Eins og hæstv. utanrrh. tók fram hér áðan, kom þetta fram í hans eigin orðum á ráðstefnunni og eins eftir að hann kom heim, og Hans G. Andersen tók þetta líka fram í lokaræðu sinni á ráðstefnunni. Aðrar þjóðir þurftu því ekki að vera í neinum vafa um, hvað mundi gerast og að Íslendingum væri alvara. Það var að vísu augljóst, að hér vorum við að stíga djarfmannlegt spor. En við höfðum almenningsálitið í heiminum með okkur, þó með einni undantekningu, eins og síðar kom í ljós.

Þegar hér var komið sögu, hafði aldrei borið á minnsta ágreiningi opinberlega innanlands í landhelgismálinu milli flokka. (**Forseti**: Á hv. ræðumaður mikið eftir af ræðu sinni?) Já. (**Forseti**: Getur hann lokið henni á 5 mínútum eða svo?) Nei,

það get ég ekki. (**Forseti**: Það eru enn þá 12 manns á mælendaskrá, og verður nú gert hlé á fundinum, fundi frestað til kl. 5.) — [Fundarhlé].

Herra forseti. Ég hafði ekki lokið máli mínu, þegar fundarhlé var gert kl. 4, og mun nú halda áfram ræðu minni, þar sem frá var horfið. Seinasta atriði, sem ég ræddi um sérstaklega, var Genfarráðstefnan 1958 og þær yfirlýsingar, sem hæstv. þáv. utanrrh. og núv. utanrrh. gaf eftir ráðstefnuna um það, að Íslendingar mundu hefjast handa um útfærslu landhelginnar að loknum þessum fundi. Og ég gat þess, að þetta hefði vist mátt telja djarfmannlegt spor af okkar hálfu, en þó töldum við, að við hefðum almenningsálitið í heiminum með okkur, þó að þar mætti finna á undantekningar.

Fram undir þennan tíma hafði aldrei opinberlega borið á minnsta ágreiningi innanlands í landhelgismálinu milli flokka eða stétta. Segja mátti, að þjóðin stæði einhuga, og fram að þessu hafði ríkisstj. á hverjum tíma verið treyst til þess að fylgja landhelgismálinu fram og gera þær aðgerðir, sem framkvæmanlegar væru á hverjum tíma, miðað við aðstæður að mati ríkisstjórnarinnar. Aldrei hafði það komið fyrir, að flokkar, sem væru utan stjórnar, réðust að ríkisstjórn, sem fór með landhelgismálin, með brigzlum og stóryrðum. Þaðan af síður hafði það komið fyrir, að flokkar, sem samvinnu höfðu í ríkisstjórn, væru að skattyrðast um málið opinberlega. En eftir Genfarfundinn gerist hvort tveggja. Þeir stjórnmálaflokkar, sem tóku þátt í þessum opinbera skripaleik vordagana og fram eftir sumri 1958, á þeim tíma, þegar mest var einingar þörf, voru Sjálfstfl. og Alþb. og raunar Alþfl., sem inn í það drást.

Framsóknarmenn reyndu að miðla málum innan stjórnarinnar og tókst það, enda þurfti ekkert um það að villast eftir þær yfirlýsingar, sem fram höfðu farið, að ríkisstj. var staðráðin í að gefa út nýja reglugerð um víðáttu fiskveiðilögsögunnar, og það var því illa farið, að stjórnarflokkarnir tveir, Alþb. og Alþfl., skyldu láta sig hafa það að deila opinberlega um þau atriði, sem átti að leysa á ráðherrafundum og hægt var að leysa þar, eins og líka kom í ljós. Þó er einna verstur hlutur Sjálfstfl., því að hann gerði allt, eða hans flokksforusta, til þess að gera fyrirhugaðar ráðstafanir ríkisstj. sem tortryggilegastar, svo að Bretar, sem vissulega voru aðalandstöðumenn útfærslunnar, drógu þær ályktanir af skrifum og ræðum Sjálfstfl.-forustunnar, að íslenzka þjóðin væri klofin í málinu, þjóðareiningin búin að vera. Þetta var þó alls ekki rétt ályktað, því að sjálfstæðismenn almennt voru jafneindregnir í málinu og aðrir Íslendingar. En þessar fávíslegu deilur um landhelgismálið sumarið 1958 voru þjóðhættulegar, enda versta sundrungariðja, sem höfð hefur verið í frammi hér á landi um langan aldur. Má e. t. v. segja, að við séum nú að gjalda skuld þessarar flónsku með þeim nauðungarsamningi, sem stjórninni er nú réttur úr hendi Breta.

Þrátt fyrir misvitra forustu sumra stjórnmálaflokka sumarið 1958 skapaðist þjóðareining að nýju um málið, þegar útfærsla landhelginnar í 12 sjómílur gekk í gildi 1. sept. Öll þjóðin og allir flokkar sameinuðust á þeim degi og fordæmdu ofbeldisaðgerðir brezku stjórnarinnar.

Þegar hin nýja fiskveiðilögsaga hafði staðið í eitt ár, var það einróma álit blaða og stjórnmálamanna og allrar þjóðarinnar, að við ættum sigurinn vísan, aðgerðirnar hefðu heppnazt. Og má í því sambandi minna á ummæli bæði Alþýðublaðsins og Morgunblaðsins og fleiri blaða. Mikilvægustu atriðin voru þau í fyrsta lagi, að allar þjóðir nema Bretar viðurkenndu landhelgina í verki. Í öðru lagi var greinilegt, að togaramenn í Bretlandi voru ófúsir til að standa í „þorskastríðinu", sem þeir kölluðu svo, og voru að gefast upp. Það var brezka stjórnin, sem neyddi þá til lögbrotanna. Slíkt gat auðvitað ekki staðið til lengdar. Í þriðja lagi voru veiðarnar undir herskipavernd fyrir fram gefinn taprekstur. Í fjórða lagi hafði friðunin heppnazt 80%, telja margir, þrátt fyrir aðgerðir Breta til þess að hnekkja henni með hervaldi. Og í fimmta lagi var almenningsálitið Íslendinga megin, og því betur sem málið var kynnt og lengra leið, því meira bar á fordæmingu á atferli Breta meðal annarra þjóða.

Við höfðum því fyllstu ástæðu til að ætla, að tíminn ynni með okkur í þessu máli og fyrr eða síðar mundu Bretar gefast algerlega upp á þessu hlægilega „þorskastríði", sem gerði þá að hreinu viðundri í augum alls heimsins. Hitt mátti auðvitað segja, að deila þessi væri á margan hátt bagaleg fyrir Íslendinga, m. a. væru fiskmarkaðir lokaðir í Bretlandi, og ekki er hægt að neita því, að verulegur háski gat fylgt því fyrir íslenzka varðskipsmenn, ef í odda skærist, svo að um munaði, eins og hæstv. dómsmrh. hefur oft lagt áherzlu á. En ef það mætti teljast líklegt, að við ynnum þessa deilu með seiglu og staðföstum vilja, þá sé ég ekki, að ástæða hefði verið til þess að semja um tilslakanir á aðgerðum okkar og framtíðarfyrirrætlunum til þess að létta af þessu óhagræði, sem deilan við Breta kynni að valda okkur í bili.

Samningafyrirrætlanir ríkisstj. nú sýna undanlátssemi og vantrú á málstaðinn, sem getur ekki talizt í samræmi við vilja Alþingis né vilja íslenzku þjóðarinnar almennt. Það læðist jafnvel að manni grunur um, að einhverjar annarlegar ástæður valdi þessum samningsvilja ríkisstj., einhvers konar pressa, sem hún treystir sér ekki til að standa gegn. Ella mundi hún ekki vilja ganga að eins óhagstæðum samningi og henni virðist nú standa til boða, því að hann er verulega óhagstæður þrátt fyrir allar gyllingar stjórnarinnar á kostum hans — ef kosti skal kalla.

Ég mun nú víkja aðeins að tillögunni, eins og hún liggur fyrir hér á þskj. 428, ásamt þeim athugasemdum og fylgiskjölum, sem fylgja. Efni till. er það, að Alþingi heimili ríkisstj. í fyrsta lagi að leysa fiskveiðideiluna við Breta, — það á að leysa fiskveiðideiluna við Breta. Og í öðru lagi á lausnin að vera í samræmi við orðsendingu utanrrh., sem prentuð er sem fskj. Markmiðið er því samkv. tillögugreininni að leysa deiluna, og er það vissulega mikilsvert, ef vel tekst til, og ef til vill eru það fleiri en ríkisstj., sem mundu fagna lausn landhelgisdeilunnar, ef lausnin væri byggð á þeim grundvelli, sem ótvírætt er hagstæður og leiðir til raunverulegrar lausnar, en vekur ekki upp eftirmál, jafnskjótt og búið er að undirrita samninginn.

Það er vissulega einfalt verk og fljótunnið að hespa af slíka samninga. Og það ber oft við í við-

skiptum einstaklinga, að slíkir vafasamningar séu gerðir. Er því þá gjarnan um kennt eftir á, að undirbúningur hafi verið ónógur og ekki nægilega vandað til ráðunauta í sambandi við samningsgerðina. Þessir alkunnu vafasamningar í einkaviðskiptum leyna oft hættulegum smugum, sem síðar koma í ljós, en samningsaðili gat ekki gert sér grein fyrir við undirskrift samningsins, annaðhvort af því, að hann var beinlínis blekktur, ellegar af því, að hann brast hæfileikann til þess að meta efnisatriðin rétt og þær skyldur, sem hann tæki sér á hendur. Þá er það líka alkunna, að sumir eru samningamenn, eins og kallað er, þ. e. a. s. eiga auðvelt með að ná samningum og virðast oft slá af sínu, en þegar betur er að gætt og nokkur reynsla er fengin af samningunum, þá kann að koma í ljós, að sá, sem talinn var slá undan, tók í staðinn ýmislegt, sem gagnaðilinn áttaði sig ekki á, þegar hann gerði samninginn. Liprustu samningamenn beita oft vissum sjónhverfingum, sem sáttfúsir, ódeilugjarnir eða langþreyttir menn láta blekkjast af, svo að þeir sjá ekkert nema kostina við samningana, en ókostir samninganna og torráðið orðalag þeirra er þeim með öllu hulið. Mér dettur þetta allt í hug, þegar ég heyri menn gera mikið úr ágæti hins fyrirhugaða landhelgissamnings við Breta, enda held ég, að engir aðrir lofi ágæti þessa væntanlega samnings — fyrir utan hæstv. ráðherra auðvitað — en þeir, sem aðeins hafa lesið niður fyrir miðja síðu á bls. 1 á þskj. 428, þar sem ríkisstj. kemur með ýmsar fullyrðingar um það, hvað felist í samningnum. Ef maður les ekkert annað en það, sem þar stendur, og fyrirsagnirnar í stjórnarblöðunum, þá er þar að finna nokkur atriði, sem ástæða er til að fagna. En af því að hér er um að ræða mikilsverða samningagerð, langar mig til þess að biðja menn að hlaupa alveg yfir útskýringarnar á bls. 1 á þskj., því að þær eru ekki hlutlausar, og lesa eingöngu fskj. I á bls. 8 og 9 og draga sínar sjálfstæðu ályktanir af því, sem í því felst, og gera sér grein fyrir því, hvers konar plagg hér er um að ræða.

Það er fyrst, ef maður lítur á ytri gerð plaggsins, þá er þetta kallað orðsending utanrrh. Íslands til utanrrh. Bretlands. Þetta mundi e. t. v. merkja það, að hæstv. utanrrh. okkar sé búinn að senda kollega sínum í Bretlandi neðanskrifaða orðsendingu, en þó er það engan veginn víst, og ekki liggur fyrir svarorðsending brezku stjórnarinnar. Í öðru lagi veltir maður því athygli, að orðsendingin er ódagsett, hvað sem því veldur. En hér má segja að sé um minni háttar atriði að ræða, enda sé það efnið, sem öllu máli skiptir, og það er líka mín skoðun. En leyfist mér að segja eins og er, að við hljótum, allir þingmenn og enginn undanskilinn, að gera háar kröfur til efnis þess samnings, sem nú á að gera við Breta, ef hann er gerður á annað borð. Við erum beðnir að samþykkja þáltill. um lausn deilunnar, og lausnin á að felast í orðsendingunni á bls. 8 á þskj. En það verður undireins ljóst við lestur orðsendingarinnar, að sum þessara samningsatriða, sem talin eru að eigi að verða lausn á deilumálinu við Breta, eru einmitt allsendis laus við þá eiginleika, sem þau þyrftu að hafa, ef samningurinn er hugsaður sem lausn á deilumálum Breta og Íslendinga í framtíðinni. Hitt sýnist mér sönnu nær, að ef við gerðum samning á þessum grundvelli, eins og hér er lagt til, þá séum við að opna fyrir ný miskliðarefni milli Breta og Íslendinga, sem líklega koma til með að endast báðum þjóðum fleiri kynslóðir en hæstv. ráðherra órar nú fyrir.

Hæstv. utanrrh. hélt hér ræðu áðan — langa og mikla og svaraði þar gagnrýni, sem fram hefur komið á þessa samningagerð, og m. a. tók hann fyrir orðalagið, sem er í orðsendingu hans, þar sem segir, að ríkisstj. Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögunni. Þetta orðalag túlkar ráðherrann svo, að það þýði fortakslausa viðurkenningu Breta á 12 mílna landhelginni umhverfis Ísland. En hvers vegna er þá þetta orðalag eins og það er? Hvers vegna má þá ekki segja fullum fetum, að Bretar viðurkenni íslenzku landhelgina? Þrátt fyrir útskýringar hæstv. utanrrh. hér áðan er hvorki ég né mjög margir aðrir þingmenn sannfærðir um, að þetta sé rétt orðalag og það sé rétt, að þetta orðalag haldi sér. Þess vegna hafa framsóknarmenn og Alþýðubandalagsmenn staðið að brtt., ef svo skyldi fara, að þessi samningagerð yrði á annað borð samþykkt, — brtt., sem felur í sér breytingu á þessu orðalagi, þannig að það komi alveg fortakslaust í ljós, að um raunverulega viðurkenningu sé að ræða. Annars hlýtur mann að gruna, að þetta orðalag hafi einhverja leynda eða dulda meiningu.

Í öðru lagi: Telur hæstv. ríkisstj. Breta eiga samningsrétt um það, hvaða grunnlínur gildi hér á landi? Það verður helzt ráðið af orðsendingunni, að svo sé. Það er ómögulegt annað en skilja það svo. En hæstv. utanrrh. hlýtur að viðurkenna, ef hann athugar málið, að um ákvörðun grunnlínanna þarf ekki að semja við einn eða neinn og alls ekki við Breta framar öðrum þjóðum.

Í þriðja lagi: Telur hæstv. ríkisstj., að það samrýmist ákvæðum landgrunnslaganna frá 1948 að binda frekari útfærslu fiskveiðilögsögu eða friðunarsvæða við tilkynningarskyldu til Breta og málskot til alþjóðadómstóls? Þetta atriði er vissulega mjög mikilvægt. Við höfum lagt mikið upp úr gildi landgrunnslaganna, og við hljótum að gera það enn, og það hlýtur að þurfa mikið til, áður en Alþingi samþykkir að veita ríkisstj. heimild til að gera slíkan samning við aðrar þjóðir, að raunverulega sé verið að afnema þessi lög.

Í fjórða lagi: Telur ríkisstj., að hún vinni bezt að framkvæmd þáltill. frá 5. maí 1959 með því að binda hendur sínar og annarra ríkisstj. með tilkynningarskyldunni og málskotsákvæðinu? Hæstv. ríkisstj. ætti að athuga það, að margir eru meira en í vafa um, að það verði bezt gert með því móti. Meðan alþjóðlegt samkomulag er ekki fyrir hendi um víðáttu landhelginnar og fiskveiðimarkanna, er fráleitt að binda hendur sínar og annarra eftirkomandi ríkisstjórna með slíku samningsákvæði við Breta. Hæstv. ráðh. túlka þetta svo, að þarna séum við að fara að alþjóðalögum og við viljum koma fram sem réttarríki. Ég held, að jafnvel þótt við gerðum ekki slíkan samning við Breta, þá værum við áfram réttarríki, eins og Ísland hefur verið svo lengi sem ég man til, því að það er ekkert dæmi um það, að nokkur þjóð hafi skotið til alþjóðadómstóls deilu um slíkan hlut eins og hér er um

að ræða, sem er hið raunverulega yfirráðasvæði landsins.

Og loks: Hvers vegna þessa samninga við Breta eina? Ber að skilja það svo, að hæstv. ríkisstj. sé nú að viðurkenna það, sem hingað til hefur verið harðlegast mótmælt, að Bretar hafi í aldanna rás áunnið sér sérstök ítök á íslenzku hafsvæði? Það er rétt, að það komi fram skýrt og skorinort, ef hæstv. ríkisstj. hefur ekki áttað sig á því, að þannig liggur beinast við að túlka þetta atriði og raunar alla þessa samningagerð, eins og hún er fyrirhuguð samkv. hinni ódagsettu orðsendingu. Og hæstv. ríkisstj. ætlast til þess, að Alþingi veiti henni sérstaka heimild til samninga í þessum anda. Mér finnst þetta vera óhæfa og nokkuð langt gengið og fullmikil tilætlunarsemi af hæstv. ríkisstj.

Þegar það var tilkynnt í ágústmánuði s. l., að ríkisstj. hefði ákveðið að taka upp viðræður við brezku stjórnina eða fulltrúa hennar um ástand það, sem ríkti á Íslandsmiðum, þar sem Bretar neyddu fiskimenn sína til þess að veiða innan íslenzkrar landhelgi undir herskipavernd, þá varð ég að segja það sem mína skoðun, að ég sá í sjálfu sér ekkert við það að athuga, að slíkar viðræður ættu sér stað, ef viðræðurnar snerust einvörðungu um það af Íslendinga hálfu að kynna enn nánar en þegar hefur verið gert hin íslenzku viðhorf í málinu, ef það hefði síðar mátt leiða til hinnar einu lausnar, sem við höfum leitað eftir og fengið í skiptum við allar þjóðir heims nema Breta. Og lausnin á landhelgismálinu var aldrei nema ein: Óskilorðsbundin viðurkenning á rétti okkar til útfærslu í 12 mílur 1958 og viðurkenning á rétti okkar til frekari útfærslu, ef nauðsyn krefði, í samræmi við anda og bein ákvæði laga um vísindalega friðun fiskimiða landgrunnsins. Ef ríkisstj. hefði getað náð slíkri viðurkenningu úr hendi Breta, þá var sízt um að sakast, þótt viðræður færu fram, og þá tel ég, að ekki mundi hafa verið nein goðgá — heldur þvert á móti hyggileg ráðstöfun og ég hefði greitt því atkv. — að semja um þriggja ára biðtíma, ef það var eina skilyrðið, sem Bretar settu, vegna þess að slíkt ákvæði mundi að mínum dómi hafa samsvarað lausn á málinu. En það er ekki þetta, sem ríkisstj. semur um. Í stað þess að leysa málið annaðhvort strax eða með frestandi samningsákvæði, sem ég tel að hefði getað komið til greina, þá er verið að binda hendur ríkisstj. Íslands um alla framtíð, og það er verið að viðurkenna beinlínis, að Bretar hafi sérréttindi á Íslandi. Það er verið að afnema landgrunnslögin og slá striki yfir allar röksemdir okkar í landhelgismálinu undanfarin ár. Verri samning væri ekki hægt að gera, og þess vegna ber Alþingi að fella þá þáltill., sem hér er til umr., nema henni verði stórlega breytt.

Skúli Guðmundsson: Ég vil fyrst leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að það vantar ákaflega marga þm. í fundarsalinn, og ég vil bera fram þá ósk til hans, að hann láti kveðja þm. til fundar og þeir komi í fundarsalinn. (**Forseti:** Ég hef nú þegar hringt til fundar.) Mundi ekki einhver vilja fara fyrir forseta og hafa samband við þingverði, vita, hvort þeir vildu ekki reyna að smala mönnum inn í fundarsalinn? Ég sé, að hér er nú annar hæstv. varaforseti staddur, og e. t. v. vildi hann aðstoða við þetta. (Gripið fram í.) Ég ætla þá að sjá, hver árangur verður, og ég vildi mjög óska þess, að hæstv. dómsmrh. væri við. Ég þarf lítið eitt að ræða við hann. Nú fyrir skammri stundu voru miklu fleiri þm. en þetta hér í húsinu. (**Forseti:** Ef ræðumaður óskar eftir, getur hann beðið með sína ræðu. Ég get hleypt næsta manni að á meðan.) Ég skal doka við, herra forseti. Ég vil gjarnan einmitt komast að núna, en ég vil ítreka ósk mína, og ég vil sérstaklega taka fram, að ég er óánægður með það, hvað fáir eru hér af stuðningsmönnum stjórnarinnar. Hér eru í fundarsalnum 2 auk hæstv. forseta, — það eru 3 alls, — ég sé glitta í einn hæstv. ráðh. hér í hliðarherberginu, það eru 4 af 33.

Ég hef sérstakt erindi við þessa menn öðrum fremur, stuðningsmenn ríkisstj., og ég tel, að ég hafi hér lög að mæla, að menn eigi að koma á fundinn, því að upphaf 33. gr. þingskapa vorra er þannig: „Skylt er þm. að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni.“ Ég minnist þess ekki, að í upphafi fundar hér í dag væri lýst forföllum, svo að ég vil enn leyfa mér að ítreka þá eindregnu ósk við hæstv. forseta, að hann láti gera gangskör að því að kveðja menn á fundinn. Eins og ég sagði, þarf ég sérstaklega að beina máli mínu til hv. stuðningsmanna ríkisstj., og 29 af þeim eiga að vera hér einhvers staðar utan dyra enn þá. (**Forseti:** Ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að boða þm., sem hér eru í húsinu, á fundinn. En ég ítreka og endurtek tilboð mitt til hv. þm. um að fresta sinni ræðu, þar til fleiri eru viðstaddir þeirra þm., sem hann telur sig helzt eiga erindi við.) Já, ég þakka nú hæstv. forseta gott boð. En ég vildi mælast til þess, að ekki yrði látið við það sitja að kveðja þá til fundar, sem eru hér í húsinu. Hér er sími og símaþjónusta, og það er auðvelt að ná til manna oft, þó að þeir séu utan þinghússins, og ég tel það ekkert betra, þó að einhver annar fái að tala hér að svo mörgum fjarstöddum heldur en ég. Mönnum er skylt að sækja fundi. Þetta er að flestra dómi mjög stórt mál, sem hér liggur fyrir. Allmargir hafa þegar rætt um það, og nokkuð margir eru enn á mælendaskrá. Ég tel þetta mjög eðlilegt, þegar um slíkt stórmál er að ræða. Það getur áreiðanlega orðið mjög örlagaríkt, hvernig fer um afgreiðslu þessarar till., sem hér liggur fyrir. Menn voru hér á fundi langt á nótt fram s. l. nótt, og eins og ég sagði, eru enn margir á mælendaskrá, þótt enginn muni enn hafa talað nema einu sinni, nema e. t. v. einhverjir af ráðh., — ég man það ekki. En ég vildi nú beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að meðferð málsins verði hér eftir hagað þannig, að menn fái að ræða um það hér að degi til, en ekki á næturþeli, þegar svo og svo margir eru fjarverandi, og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en hæstv. forseti muni haga þessu á þann veg.

Ég vildi spyrja, hvort hæstv. forseti hefði óskað eftir því, að það væri hringt til þm. og þeir beðnir að koma á fundinn. (**Forseti:** Ef hv. þm. treystir sér ekki til að flytja sína ræðu nú, þá mælist ég til þess, að hann felli nú niður mál sitt og biði betri tíma.) Það er langt frá því, að ég treysti

mér ekki til að flytja mína ræðu, en ég tel mig eiga nokkurn rétt á því, að þeir, sem hér eiga að vera og taka þátt í fundarstörfum, séu viðstaddir. Hæstv. forseti hefur ekki svarað minni spurningu um það, hvort hann hafi óskað eftir því, að menn væru kallaðir á fund, þótt þeir séu nú um þessar mundir hér utan húss. Ég vildi mjög óska þess, að það væri gert, og er ekki til mikils mælzt við menn, þótt þeir komi á fundinn. Ég skal að vísu byrja á minni ræðu, en maður getur þá séð til, hvernig tekst með heimturnar, nokkru síðar.

Þessi till., sem hér liggur fyrir, heitir till. til þál. *um lausn fiskveiðideilunnar við Breta*. Ég er hræddur um, að svo geti farið, að þetta reynist öfugmæli eins og ýmislegt fleira, sem komið hefur frá hæstv. núv. ríkisstj. Ég tel mikla ástæðu til þess að ætla, að þetta verði alls ekki til að leysa fiskveiðideiluna við Breta, þannig hefur verið að málinu unnið. Ég gæti vel trúað því, að deilan einmitt blossaði upp, jafnvel enn verri en áður, ef þessi till. verður samþ. Bretar voru hættir hernaði sínum hér við Ísland. Þeir hættu honum fyrir alllöngu, tímanlega á s. l. ári, og ég tel ekki líkur til, að þeir mundu hefja hingað herferðir á ný. En hins vegar lítur út fyrir, að þeir hafi getað hrætt hæstv. ríkisstj. til þess að ganga til samninga með hótunum um það, að þeir mundu senda herskip sín hingað aftur. Og þó að þeir þannig *hafi kúgað ríkisstj. Íslands til samningagerðar*, þá er það ekki líklegast til að leysa fiskveiðideiluna við Breta, síður en svo. Að vísu sagði hæstv. utanrrh. í ræðu sinni áðan, að í inngangi orðsendingarinnar væri eitthvað um þetta. Jú, mikið rétt. Í inngangi orðsendingarinnar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Með tilliti til þessara viðræðna er ríkisstj. mín reiðubúin að leysa deiluna á eftirfarandi grundvelli.“ En er þetta fullgild sönnun þess, að deilan leysist með orðsendingunni? Er það fullgild sönnun fyrir því, að deilan verði leyst, þó að hans háæruverðugheit, Guðmundur Í. Guðmundsson, utanrrh. Íslands, sendi utanrrh. Bretlands orðsendingu um það, að hans ríkisstj., Guðmundar Í. Guðmundssonar, sé reiðubúin að leysa deiluna á þeim grundvelli, sem segir í nefndri orðsendingu? *Ég fæ ekki séð*, að í þessu felist nokkur sönnun fyrir því, að deilan leysist.

Eins og ég nefndi áðan og öllum er kunnugt, héldu Bretar hér uppi hernaði á Íslandsmiðum frá því í byrjun septembermánaðar 1958 og nokkuð fram á árið 1960. Þeir sendu skip sín til veiða í íslenzkri landhelgi, vernduð af herskipum. Starfsmenn íslenzku landhelgisgæzlunnar lögðu sig vel fram á þessu tímabili við hinar örðugustu aðstæður. Þeir fylgdust með landhelgisbrotunum, stóðu lögbrjótana að verki og skráðu kærur á þá. Þegar Bretar létu undan síga og stefndu vígdrekum sínum og veiðiflota héðan burt á fyrri hluta s. l. árs eftir mjög misheppnaða útgerð að allra dómi, þá hafði safnazt fyrir hjá íslenzkum yfirvöldum mikið af kærum á brotlega brezka togaraskipstjóra. Þeir höfðu þessar rökstuddu kærur hangandi sem sverð yfir sér. En hvað gerðist svo? Dómsmálastjórnin íslenzka tók þá ákvörðun að gefa öllum þessum lögbrjótum upp sakir. Kærumálin voru dregin til baka fyrir fullt og allt. Til lítils höfðu íslenzkir varðskipsmenn unnið og sett sig í hættu til þess að sanna sakir á hendur þeim útlendu yfirgangsmönnum og lögbrjótum, sem hér voru að verki. Þetta var fyrsti leikur Íslandsstjórnar í taflinu við Breta árið sem leið. Áreiðanlega óvenjuleg taflbyrjun að leika af sér einum af sterkustu mönnum á taflborðinu þegar í upphafi skákar. Líklega vonlítið fyrir ríkisstj. Íslands að koma þessari byrjun sinni í skákfræðirit sem fyrirmynd.

Framhaldið af hálfu Íslandsstjórnar er í samræmi við þetta, hver afleikurinn öðrum verri og niðurstaðan í samræmi við það.

Ætli Bretar hefðu haft sama hátt á, ef þeir hefðu haft svipaðar sakir á Íslendinga? Er ekki trúlegra, að þeir hefðu fremur notað sér þá aðstöðu í samningum?

Já, erfiðlega gengur. Nú eru ekki nema 5 af stjórnarliðinu hér. 28 vantar. Ég vil enn mjög óska þess við hæstv. forseta, að hann láti gera tilraun til smölunar. (**Forseti**: Ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að boða þingmenn á fund, og ef þeir ekki koma, þá er ekkert við því að gera.) Ég skil, að það er erfitt fyrir forseta að ráða við það. Ekki getur hann farið sjálfur úr stólnum að skipa þeim að koma á fund. En ég verð samt að láta í ljós mikla óánægju yfir þessu, og ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta að gefnu tilefni, að næst, þegar sæmilega verður mætt hér, bendi hann mönnum á þeirra þingmannsskyldur.

Ég mun þá einkum ræða hér um eitt atriði í þessari orðsendingu, sem ríkisstj. ætlar að senda til utanrrh. Bretlands, en orðsendingin er prentuð hér sem fskj. með tillögunni. Það, sem ég vildi einkum minnast á, er nokkuð af því, sem stendur í 4. tölulið orðsendingarinnar. Þar er m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstj. Bretlands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til alþjóðadómstólsins.“ Þetta hefur oft verið lesið áður hér í umræðunum, því að þetta er veigamikið atriði og oft til þess vitnað.

Mér sýnist ljóst af þessu, sem þarna er sett fram, að Bretar og Íslendingar eigi hér að vera jafnréttháir aðilar, báðir hafa jafnan rétt til málskots til alþjóðadómstólsins, báðir sama rétt. Hvað þýðir það, ef Alþingi samþykkir þetta? Mér skilst, að það þýði staðfestingu á óuppsegjanlegum samningum um, að Bretar skuli hafa sama rétt og Íslendingar á miklum hluta landgrunnsins við Ísland. Eins og bent er á í nál. 1. minni hl. utanrmn. á þskj. 448, er með þessum samningi þrengdur og skertur réttur Íslendinga til grunnlínubreytinga, og verði samningurinn staðfestur, geta Íslendingar ekki fært fiskveiðilandhelgina út um einn þumlung, nema Bretar samþykki eða alþjóðadómstóll úrskurði, að það sé leyfilegt.

Hæstv. dómsmrh. flutti ræðu við útvarpsumræðuna 2. marz s. l. um þetta mál. Það var síðasta ræðan, sem flutt var við þá umræðu. Hæstv. ráðh. las upp þennan kafla úr orðsendingu utanrrh., — þennan kafla, sem ég var nú að lesa, — og síðan sagði hæstv. ráðherra, samkvæmt því, sem birt er í Morgunblaðinu, — ræða hans var birt þar, ég

vil gera ráð fyrir, að hún sé þar rétt flutt, — hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þessu bindur Ísland sig hvorki við viðurkenningu, sem fást kynni með málaleitan eða samningum við einstök ríki, Bretland eða önnur, né við alþjóðasamninga, heldur áskiljum við okkur rétt til þess að gera einhliða ákvarðanir um stækkun, jafnskjótt og við teljum, að einhver sú réttarheimild sé fyrir hendi, sem alþjóðadómstóllinn viðurkennir.“ — Það virtist vera allhátt ris á hæstv. ráðherra í þessari útvarpsræðu. Hann sagði, að Ísland byndi sig hvorki við viðurkenningu, sem fást kynni með málaleitan eða samningum við einstök ríki, Bretland eða önnur, né heldur við alþjóðasamninga. Við bindum okkur ekki við neitt af þessu, sagði hæstv. ráðherra, heldur áskiljum við okkur rétt til að gera einhliða ákvarðanir um stækkun, jafnskjótt og við teljum, að einhver sú réttarheimild sé fyrir hendi, sem alþjóðadómstóllinn viðurkennir. En er þá þessi réttur okkar tryggður í orðsendingunni til Breta? Nei, það er eitthvað annað. Það er tilkynningarskylda við Breta, og þeir geta skotið málinu til alþjóðadómstóls. Það er ekki nóg, að við teljum, að réttarheimild sé fyrir hendi, eins og hæstv. ráðherra sagði í útvarpsræðunni, — það er ekki nóg. Þarf ekki dómur alþjóðadómstólsins að hafa fallið okkur í vil, áður en útfærslan tekur gildi? Hvað segja Bretar um það, og hvað segir íslenzka ríkisstj. um það? Hæstv. dómsmrh. vék að þessu í ræðu sinni hér í gær. Hann sagði, að þjóðinni væri með þessu tryggður mikilsverður réttur. Hann sagði, að við gætum tekið einhliða ákvörðun, sem tæki gildi að sex mánuðum liðnum, ef þá væri ekki búið að hnekkja útfærslunni með úrskurði alþjóðadómstólsins. Hann sagði, að þetta væri alveg ljóst. — Um þetta er ekkert sagt í orðsendingunni, — ekkert sagt um það þar. Gera mætti ráð fyrir því, að Bretar þurfi einhvern umhugsunarfrest, þegar þeim berst orðsendingin. Þó má ætla, að hann verði ekki langur, því að að fenginni reynslu af þeim góðu mönnum má ætla, **að þeir mundu um**svifalaust skjóta máli til alþjóðadómstólsins, ef orðsending væri komin og ef hún fæli það í sér, að um einhverja útfærslu væri að ræða eða Íslendingar óskuðu eftir slíku. En hvað eru miklar líkur fyrir því, að alþjóðadómstóllinn verði búinn að kveða upp fullnaðardóm í slíku máli, að sex mánuðum liðnum eða jafnvel tæpum sex mánuðum liðnum, frá því að málinu var til hans skotið? Ég efast satt að segja mjög um það, að hæstv. dómsmrh. vor hér á Íslandi geti gefið dómstólnum nokkrar fyrirskipanir um það, að hann skuli hraða svo störfum, að fullnaðarúrskurður verði kominn eftir sex mánuði.

Hæstv. utanrrh. talaði nokkuð um þetta áðan í sinni ræðu einnig. Hann sagði þar: Bretar geta skotið máli til dómsins, ekki ákvörðun um útfærslu, sagði hæstv. ráðherra, — ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, — heldur framkvæmd útfærslunnar. Og hann sagði: Ef dómurinn er ekki búinn að kveða upp sinn úrskurð innan sex mánaða, þá kemur útfærslan til framkvæmda. — Eins og ég sagði er ekkert um þetta í orðsendingunni, það vantar algerlega í samninginn, — og hvað segja Bretar um þetta atriði? Það er ekki ákvörðun um útfærslu, sem Bretar geta skotið til dómsins, heldur framkvæmd útfærslunnar, segir hæstv. utanrrh. En hvað segir hann eða ríkisstj. hér á fyrstu síðu á því þskj., sem fyrir liggur? Þar er í aths. sagt: „Þessi lausn felur í sér fjögur meginatriði.“ Og fjórða atriðið er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. Íslands lýsir yfir því, að hún muni halda áfram að vinna að framkvæmd áætlunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland og að ágreiningi um hugsanlegar aðgerðir skuli vísað til alþjóðadómstólsins.“ — Þarna er talað um, að það eigi að skjóta til alþjóðadómstólsins ágreiningi um hugsanlegar aðgerðir. En nú segir hæstv. utanrrh., að það sé aðeins framkvæmd útfærslunnar, sem Bretar geti skotið til alþjóðadómstólsins. Hvað er nú rétt í þessu? Ég fæ ekki satt að segja gott samhengi í þetta.

Hæstv. dómsmrh. kom hér í gær með bréf frá lagadeild háskólans, las það tvisvar yfir þingheimi, og hæstv. utanrrh. las væna glefsu úr því hér á fundi í dag. Það er síður en svo, að ég geri lítið úr því, sem þeir segja, þeir vísu menn við háskólann, í lagadeild háskólans. Það eru merkir menn þar, og það er sjálfsagt að hlýða á það, sem þeir segja, taka tillit til þess. En ég er ákaflega hræddur um, að Bretastjórn muni ekki telja sér skylt að fara eftir því, sem þessir ágætu lagamenn okkar hér segja um skilning á einstökum atriðum í orðsendingunni. Ég óttast það mjög, að hún telji sig ekki bundna af slíku. Þrátt fyrir það væri fróðlegt að fá að heyra álit þeirra í lagadeildinni um fleira viðvíkjandi þessu, eins og t. d. því atriði, sem ég var að tala um hér áðan, um hugsanlegar aðgerðir og framkvæmd, það væri eiginlega þrennt: þær hugsanlegu aðgerðir, þ. e. þegar ráðherrum dettur eitthvað í hug um þetta, það er ákvörðun um aðgerðir, og það er framkvæmd útfærslunnar. Þetta þrennt er hér allt saman á ferð í þingskjalinu og ræðum hæstv. ráðherra. Óneitanlega finnst mér, að það kæmi til álita og umhugsunar fyrir þá að skrifa nú nýtt bréf til lagadeildar háskólans og fá frá henni álit um það, hvað þetta þýði allt saman. En eins og ég sagði, það er vafasamt, að það hafi nokkurt úrslitagildi í samningum við Bretastjórn, þegar til framkvæmdanna kemur.

Ég var áðan að tala um alþjóðadómstólinn í tilefni af því, sem fram hafði komið í ræðum hæstv. ráðherra. Mér sýnast eiginlega ákaflega litlar líkur fyrir því, að þeir verði það viðbragðsfljótir þar, þegar ágreiningsmáli samkvæmt þessum samningi verður til þeirra skotið, að þeir verði búnir að kveða upp fullnaðardóm í málinu að liðnum sex mánuðum. Trúlegra þætti mér, að það yrði mörgum sinnum sex mánuðir, sem þyrfti að bíða eftir þeirra úrskurði. En hitt er líka líklegt, að þeir mundu innan sex mánaða tímatakmarkanna kveða upp úrskurð um það, að allt skyldi óbreytt standa, meðan þeir væru að íhuga málið, þar til fullnaðardómur frá þeim væri kveðinn upp. Þetta þykir mér langlíklegast, og þess vegna eru það blekkingar, þegar hæstv. ráðherrar eru að gefa í skyn í ræðum sínum, að það sé trúlegt, að þannig fari, **að Íslendingar** geti framkvæmt útfærsluna eða hún geti komið í gildi innan sex mánaða. Það

eru allar líkur til þess, að yfirleitt, — ég skal ekki segja hvað yrði í undantekningartilfellum, — en yfirleitt yrði það þannig, að Íslendingar yrðu að bíða mörgum sinnum sex mánuði eftir úrskurði frá þeim dómstóli og gætu enga breytingu fengið á fiskveiðilandhelginni þann tíma, meðan beðið væri eftir þessum úrskurði. (Gripið fram í.)

Ég teldi það nokkuð gott, ef allir flokksbræður hv. 1. þm. Vestf. tækju hann til fyrirmyndar í því að sækja fundi. Því að hann lætur sig sjaldan vanta hér á fundum.

Hæstv. dómsmrh. talaði í útvarpsræðu sinni 2. marz um samþykkt þá um landhelgismálið, sem Alþingi gerði 5. maí 1959, og hann sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórða meginatriði samþykktar Alþingis hinn 5. maí 1959 var, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948.“

Hæstv. dómsmrh. hélt því fram í þessari útvarpsræðu sinni, að með samningnum við Breta væri ríkisstj. að framkvæma þessa yfirlýstu stefnu Alþingis, að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Þetta er einmitt þveröfugt. Með því að semja um sérstakan rétt Breta yfir miklum hluta landgrunnsins er stigið stórt spor aftur á bak, en ekki áfram, í þessu mikla réttinda- og hagsmunamáli íslenzku þjóðarinnar. Með samningnum er stigið spor aftur á bak, landhelgin er færð inn um þriggja ára skeið. Það er hörfað til baka.

Hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni í dag, að það hefði ekki verið talið afsal á landsréttindum 1952 að bjóðast til að vísa málinu til alþjóðadómstólsins. Við þetta er það að athuga, þennan samanburð hæstv. ráðh., að þá höfðu Íslendingar sjálfir úrskurðarvald um það, hvort mál færi til dómsúrskurðar hjá alþjóðadómstólnum eða ekki. Það var alveg á þeirra valdi. En verði þessi tillaga samþykkt, þá afsala þeir sér því valdi.

Hæstv. utanrrh. fór líka að ræða um þær athuganir, sem fram fóru á vegum NATO árið 1958 um möguleika til að fá fyrir fram viðurkenningu, ekki aðeins Breta, heldur einnig annarra þjóða, á útfærslu landhelginnar, og hann vill enn sem fyrr reyna að halda því fram, að þetta sé eitthvað sambærilegt við þann kúgunarsamning, sem Íslandsstjórn er nú að gera við Breta. Ég er ekki að hafa um þetta mörg orð. Það er búið svo margsinnis að reka þetta ofan í hæstv. ráðh., að það er ekki þörf á því að gera það oftar.

Það er alveg nýtt í okkar sögu að semja af þjóðinni rétt, sem hún hefur. Það sjá menn glöggt, ef þeir virða fyrir sér sjálfstæðisbaráttuna á liðnum tíma. Það er alveg rétt, sem bent er á í nál. hv. 1. minni hl. utanrmn. á þskj. 448, að allt síðan Jón Sigurðsson hóf merki hinnar stjórnarfarslegu sjálfstæðisbaráttu fyrir meira en öld, hefur þjóðin fylgt þeirri grundvallarreglu hans að afsala sér aldrei neinum rétti til frambúðar, heldur búa fremur við ofríki og valdbeitingu um stund. Með afsali hins einhliða útfærsluréttar er þessi höfuðregla Jóns Sigurðssonar þverbrotin, ef þetta verður samþykkt. Það hefur aldrei verið stigið spor aftur á bak í sjálfstæðisbaráttunni, eins og þarna er vikið að, Íslendingar hafa aldrei afsalað sér neinum rétti, ekki skilað aftur neinu af því, sem unnizt hafði, aldrei stigið skref til baka. Það eru óteljandi dæmi, sem færa má um þetta allt frá dögum Jóns Sigurðssonar.

Ég skal ekki eyða löngum tíma í að nefna slík dæmi, en ég get þó ekki stillt mig um að nefna aðeins þá miklu baráttu, sem hér fór fram fyrir rúmlega hálfri öld, árið 1908. Það er lærdómsríkt fyrir okkur nú að íhuga þá sögu. Þá gerðist það snemma á því ári, að send var 7 manna nefnd af Íslandi suður til Kaupmannahafnar til þess að leita samninga við Dani um okkar sjálfstæðismál. Menn vita, hvernig þeir samningar gengu. Sex af Íslendingunum gerðu samning eða uppkast að frv. um þessi mál í félagi við dönsku nefndarmennina. Einn Íslendingur reis á móti, gerði ágreining, og í kosningunum sumarið 1908, sem eru einhverjar sögulegustu alþingiskosningar, sem hér hafa farið fram, gerðist það, að málstaður stjórnarinnar varð í mjög miklum minni hluta. Þær tillögur, sem þessi eini íslenzki nm. hafði borið fram, fengu slíkan hljómgrunn hjá þjóðinni, að þeir frambjóðendur og þeir flokkar, sem stóðu þeim megin í baráttunni, unnu glæsilegan sigur. Það voru ýmsir merkir menn, sem áttust við hér 1908. Margir menn, sem tóku þátt í þessari baráttu, þá ungir að árum, komu síðar mjög við sögu í okkar stjórnmálum. Þeir gáfu út blöð til styrktar sínum málstað. Auðvitað voru líka gefin út blöð, sem fluttu málstað stjórnarinnar og meðmæli með því, að uppkastið svokallaða yrði samþykkt. Eitt af þeim blöðum, sem gefið var út hér um þessar mundir, hét Ingólfur. Þeir, sem þar að stóðu, börðust ákaflega hart á móti uppkastinu. Ritstjórar og eigendur þessa blaðs voru Ari Jónsson og Benedikt Sveinsson. Ég geri ráð fyrir því, að flestir þm. kannist við þessa menn, a. m. k. allir þeir eldri, og ég tel það alveg öruggt, að a. m. k. sumir ráðherrarnir kannist við þá, einkum við Benedikt Sveinsson. Í blaðinu Ingólfi, sem út kom árið 1908, er grein, sem ber yfirskriftina „Horfur“. Þar er verið að fjalla um þetta nefndarstarf, sem þá átti sér stað suður í Kaupmannahöfn, og upphaf greinarinnar er þannig með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin situr og vinnur, að því er menn þykjast bezt vita, og hún situr þegjandi að vinnu sinni.“

Það bárust líka litlar fregnir af samningum núv. Íslandsstjórnar við Bretastjórn. Þeir sátu og unnu, að því er menn bezt vissu. Þeir sátu þegjandi við vinnu sína, eins og nefndin í Kaupmannahöfn 1908. Það bárust engar fregnir af þessu fyrr en fyrir einni viku, þegar við sáum vinnuna hér á Alþingi.

10. maí 1908 kom frétt frá Danmörku í Ingólfi um, að nefndin hefði klofnað. 17. maí birti blaðið uppkastið, þ. e. a. s. till. meiri hl., og 24. maí brtt. Skúla Thoroddsens. Í Ingólfi 24. maí 1908 birtist grein um sambandslagamálið, sem ber fyrirsögnina „Vonbrigði“. Þar eru látin í ljós mikil vonbrigði yfir nefndarstarfinu, útkomunni af nefndarstarfinu. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Gamla verzlunin að selja oss nokkurn hluta þess, er vér einir áttum, fyrir þann hlutann, er vér sízt máttum án vera.“ — Gamla verzlunin að

selja oss nokkurn hluta þess, er vér einir áttum, fyrir þann hlutann, er vér sízt máttum án vera. Þjóðin hafnaði þessari verzlun 1908.

Það er verzlað líka núna. Bretar eru snjallir verzlunarmenn. Þeir hafa haft mikil viðskipti bæði við nýlendur og aðra á liðnum tímum. Þeir hafa haft af því mikinn ágóða. Og nú hafa þeir verzlað við Íslandsstjórn. Nú voru menn hér, sem vildu verzla. Og Bretar bjóðast til að selja Íslendingum dálitinn hluta af flóum hér við ströndina, og Íslandsstjórn guðsfegin að fá að kaupa þetta og lætur þá hafa mikilsverð réttindi í staðinn. Hvernig skyldi verða litið á það í Bretlandi núna, ef samningurinn hefði m. a. hljóðað upp á það, að Íslendingar seldu Bretum einhvern hluta af einhverjum flóa við Englandsströnd? Hvað ætli væri sagt um það úti í Bretlandi? Þeir hafa líklega aldrei hugsað svo hátt, okkar hæstv. ráðh., að bjóða Bretum að borga þeim í sömu mynt, þegar Bretar buðust til að selja þeim flóana hér við Ísland eða hluta af þeim.

Mig langar að vitna svolítið meira í Ingólf, það var gott blað á sinni tíð. (**Gripið fram í:** Og er enn.) Já, það er enn, það er rétt, gott blað enn. 7. júní 1908 birtist í Ingólfi kafli úr ræðu, er Einar Hjörleifsson flutti á borgarafundi 2. júní 1908, og auðvitað snýst hún mest um þetta mikla hitamál, sem þá var efst í hugum allra hér, sambandsmálið. Einar Hjörleifsson segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir (þ. e. a. s. meðmælendur samningsins) segja, að tækifærið sé svo mikið til að þroskast undir þessu fyrirkomulagi, það verði okkur enginn þrándur í götu fyrst um sinn.“ — Heyrum við ekki þetta núna líka? Það er svo mikill sigur að fá þetta samkomulag. Þjóðin mun þroskast undir þessu fyrirkomulagi.

Og Einar Hjörleifsson hélt áfram: „Þessu halda fram ýmsir góðir og þjóðræknir Íslendingar. Samt tel ég engan vafa á því, að innst í sálum þeirra sé slæðingur af þessari hugsun: Þetta hafa Íslendingar aldrei gert áður“. — Og hann heldur áfram: „Þeir hafa aldrei gefið nokkurri annarri þjóð áfturkallanlegt vald á nokkru íslenzku máli.“ — Og síðan segir hann: „Við gerum það ekki, við gerum það aldrei.“

En hvernig skyldi það vera núna? Skyldi nokkur slæðingur af þeirri hugsun komast inn í sálir þeirra, sem ríkisstj. ætlast til að samþykki þessa till., að þetta hafi Íslendingar aldrei gert áður og þetta eigi ekki að gera? Ég spyr.

Í Ingólfi 14. júní 1908 segir svo um sambandslagafrv., sem þá var nú komið hingað og menn höfðu fengið tíma til að athuga nokkuð, í grein í blaðinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndarmennirnir sex létu svo gífurlega af ágæti þess, þegar þeir flutu á land, að ýmsum var í fyrstu erfitt að átta sig á því, að sú umsögn væri alger uppspuni og blekkingar.“

Nú fljóta menn ekki yfirleitt á land, nú fljúga menn í land, — svona hafa framfarirnar orðið miklar í samgöngumálunum, — en er þetta ekki eitthvað svipað, sem er að gerast núna? Þeir létu svo gífurlega af ágæti þess. Ætli þeir hafi getað látið nokkuð meira af því en núv. ríkisstj. af ágæti þessa samnings? Og ýmsum var í fyrstu erfitt að átta sig á því, að sú umsögn væri alger uppspuni og blekkingar. Þetta hefur rætzt hér. Í fyrstu var ýmsum erfitt að átta sig á þessu, og þess vegna gat hæstv. ríkisstj., af því að hún hafði betri aðstöðu en aðrir, af því að hún vissi allt um þetta fyrir fram, fengið stöku menn, eins og hér er vikið að í umr., til þess að lýsa blessun sinni yfir þessu. En ljóminn fer allur af því, þegar farið er að skoða málið betur, alveg eins og fór með uppkastið gamla 1908.

Í Ingólfi er birt ræða fyrir minni Jóns Sigurðssonar, sem Benedikt Sveinsson flutti á samkomu 18. júní 1908. Af einhverjum ástæðum hefur samkoman ekki verið haldin 17. júní, heldur 18. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — vitna hér í fáein orð úr ræðu Benedikts Sveinssonar. Hann er þar að tala um Jón Sigurðsson og jafnframt það, sem þá er að gerast með þjóð vorri. Hann segir:

„Sumir menn hafa viljað kveða niður frjálsmannlegar kröfur þjóðarinnar, af því að þessu hefði Jón Sigurðsson ekki haldið fram, eða ef eitthvert tilboðið hefur komið handan um haf með þeim skilaboðum, að meira fengist ekki, þá hafa þeir þotið upp og sagt, að þessu hefði Jón Sigurðsson efalaust fylgt.“ Benedikt heldur áfram: „En þessar fullyrðingar bera vitni um hið lúalegasta skilningsleysi, bæði á Jóni Sigurðssyni, stefnu hans og skaplyndi, og ekki síður þjóðarandanum og framþróun hans.“ Síðar í ræðunni segir Benedikt Sveinsson: „En enn þá fjarstæðara og heimildarlausara væri þó að staðhæfa, að Jón Sigurðsson mundi nú eða nokkurn tíma í framtíð vilja fá erlendri þjóð vald yfir ýmsum vorum málum um aldur og ævi. Slíkar kenningar eru harla ósamboðnar hans minningu.“

Í Ingólfi 5. júlí 1908 er birt ræða Skúla Thoroddsens, er hann flutti 27. júní það ár í samsæti, er honum var haldið. Um sambandsmálið sagði hann m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Og um það eigum vér að hugsa samvizkusamlegast í þessu máli að gera niðjum vorum ekki örðugt fyrir. Betra að allt sé samningslaust en að vér semjum af oss þau hin miklu réttindi, sem vér höfum til að verða fullveðja þjóð.“ — Betra að allt sé samningslaust en að vér semjum af oss þau hin miklu réttindi, sem vér höfum til að verða fullveðja þjóð.

Það er lærdómsríkt að kynna sér sögu fyrri tíma, sögu sjálfstæðisbaráttunnar hér á landi, og það er þess vert að hyggja að henni, þegar svo stórt sjálfstæðismál liggur fyrir sem hér er á ferð. Það er lærdómsríkt og það er jafnframt ánægjulegt að kynna sér framgöngu margra ágætra manna, sem áður voru í fararbroddi í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Sé starf þeirra borið saman við aðfarir og aðgerðir sumra íslenzkra stjórnmálamanna nú á tímum, t. d. ístöðuleysi sumra nútíðarmanna gegn erlendri ásælni, þá er ekkert undarlegt, þótt að ýmsum sæki sú hugsun, að hvað stjórnmálaþroska snertir sé þjóðin ekki á framfarabraut.

Yfirgangur Breta og ofbeldi er ekkert nýtt í mannkynssögunni. Þess má finna ákaflega mörg dæmi. Ég vil aðeins nefna eitt af mörgum, það er árás þeirra á Búa um síðustu aldamót. Þá var mörgum heitt í hamsi hér á landi eins og annars staðar. Þetta varð yrkisefni sumum íslenzkum skáldum. Í einu kvæði Guðmundar skálds Frið-

jónssonar er að þessu vikið. Það er eitt af beztu kvæðum Guðmundar á Sandi, hann nefnir það „Bréf til vinar míns". Upphaf þess er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Ertu á förum, elsku vinur, út í heiminn, vestur í bláinn." Hann heldur áfram að spyrja vin sinn. Síðar í kvæðinu segir hann: „Ætlarðu að .... kasta í enskinn börnum þínum:

Níðinginn, sem Búa bítur,
Búdda lýð til heljar sveltir,
hundingjann, sem hausi veltir,
hvar sem bráð á jörðu lítur."

Þetta eru nokkuð stór orð. Þau sýna skaphita skáldsins út af óhæfuverkum Breta. Hvað hefði Guðmundur á Sandi sagt um þessar mundir, ef hann hefði enn verið á meðal vor og horft á ofbeldisaðgerðir Breta hér fyrir skömmu? Er hann ekki líklegur til þess að hafa kveðið um þeirra aðfarir enn á ný í líkum tón og áður? Hvernig hefði því verið tekið? Og hvernig hefði því verið tekið, ef gömlu baráttumennirnir í sjálfstæðismálinu frá 1908 hefðu nú verið hér enn og haldið uppi jafneinörðum málflutningi gegn útlendri yfirgangsstefnu og þeir gerðu 1908? Mér sýnist nokkuð auðvelt að segja um þetta, hvernig því hefði verið tekið í sumum blöðum hér. Blöð núv. stjórnarflokka hefðu sjálfsagt nefnt þessa menn alla kommúnista eða taglhnýtinga þeirra. Ég er ekki í nokkrum vafa um það. Guðmundur skáld á Sandi, kommúnisti eða taglhnýtingur þeirra, það hljómar reyndar dálítið einkennilega í eyrum þeirra, sem þekktu skáldið eitthvað og hafa kynnzt verkum hans. Já, þeir hefðu verið kallaðir kommúnistar eða taglhnýtingar þeirra, Ari og Benedikt, Björn Jónsson og Skúli, Einar Hjörleifsson og allir hinir, sem börðust móti uppkastinu 1908, og Guðmundur skáld á Sandi líka. En allir hefðu þeir áreiðanlega staðið jafnréttir eftir þrátt fyrir þá dóma í Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu, eins og þeir, sem fá slíka dóma nú á dögum.

Það var útbýtt hér á fundi í dag till. til þál. um verndun fiskstofna við strendur Íslands. Það er einn af hv. þm. stjórnarflokkanna, sem flytur þessa till. Það bezta, sem sá hv. þm. gæti gert til þess að stuðla að verndun fiskstofnanna, væri að greiða atkv. gegn þeirri till. ríkisstj., sem hér er til umr. Flutningur þessarar till gæti líka bent til þess, að hann ætlaði að gera það, væri á móti þessum samningi við Breta. Það kemur í ljós vitanlega við atkvgr. En ef hann hins vegar greiðir nú atkv. með till. ríkisstj., þá er ég ósköp hræddur um það, að tillöguflutningur hans um verndun fiskstofnanna verði ekki haldgóð fríðun samvizkunnar, þegar stundir líða fram, og ég tel líka ákaflega hæpið, að tillöguflutningurinn verði fullgild syndakvittun í augum kjósendanna.

Það er alveg glöggt, hvað hæstv. ríkisstj. vill gera í því máli, sem hér liggur fyrir. En hvað gera hinir 26 alþm. stjórnarflokkanna, sem yfirleitt mega ekki vera að því að sitja á fundi. Ég hefði viljað mælast til þess við kunningja minn, hv. 1. þm. Vestf., að hann talaði til sinna manna, þegar hann kemst í færi við þá, og reyndi að fá þá til að fylgja því góða fordæmi, sem hann gefur, að mæta hér á þingfundum samkv. þeirri skyldu, sem þm. er lögð á herðar. (Gripið fram í.) Já, ekki efast ég um það. Hv. þm. var um skeið forseti í Ed., og ég tel, að hann gæti nú vel reynt að hrinda einhverju fram til umbóta í þessu efni, þó að hann sitji ekki í forsetastól sem stendur. (Gripið fram í.) Já, hvað er um þessa 26? Ætlið þið allir að veita þeim, „sem hausi veltir, hvar sem bráð á jörðu lítur", eins og Guðmundur á Sandi kvað, sérstakan rétt með óuppsegjanlegum samningi í einu af okkar stærstu málum? Ætlið þið að gera það? Þetta er alvarlegt mál. Það er full ástæða til að aðvara þm. stjórnarflokkanna, áður en þeir samþykkja þessa till. Ætlið þið að vinna það fyrir vinskap sjö ráðherra að fylgja þeim inn á þessa stórhættulegu braut? Viljið þið ekki renna huganum að því, hvaða afleiðingar verða af veiðum mikils fjölda útlendra skipa á bátamiðunum hér við land næstu árin, hvaða afleiðingar verða af því, þegar þeir fara að skafa miðin, sópa burt fiskinum og veiðarfærum bátanna með? Ég vildi ekki, þegar að því kemur, standa í sporum þeirra, sem ljá þessu máli atkv. sitt. Og þar að auki á skv. þessum samningi, eins og ég hef vikið að, að afsala réttindum frá okkur varanlega. Eruð þið menn til þess að taka afleiðingunum af samþykkt till.? Varið þið ykkur, hv. þm. stjórnarflokkanna. Staldrið þið við og hugsið þið málið, áður en það er orðið of seint.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. gat þess í útvarpsumr. um þetta mál, að hann hefði með höndum bréf frá Bretum, sem tryggði það, að þeir færu ekki fram á framlengingu þess að mega veiða í íslenzkri landhelgi. Fyrir áskoranir, sem fram komu við umr. hér á Alþingi, las hann upp kafla úr bréfi áðan til þess að færa sönnur á, að hann hefði ekki farið með staðlausa stafi. En það er augljóst, að bréf þetta var mun lengra en það, sem hæstv. ráðh. las. Nú getur ekki verið um það að ræða, að nokkur hluti þessa bréfs sé einkabréf. Stjórn hennar hátignar Englandsdrottningar skrifar varla þvílík bréf. Og það er nú krafa mín fyrir hönd Framsfl., að hæstv. ráðh. láti prenta nú þegar þetta bréf sem þskj., vegna þess að efni þess getur haft áhrif á afstöðu í þessu máli. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. telji sjálfsagt að verða við þessari kröfu. Ég tel vafalaust, að hann eigi ekki þetta bréf, heldur Alþingi eða Íslendingar.

Þegar verið var að undirbúa útfærslu landhelginnar 1957 og 1958, fékk vinstri stjórnin, sem kölluð var, nefnd sér til ráðuneytis í undirbúningi málsins. Sú nefnd var skipuð fulltrúum allra flokka. Þá var réttilega þannig á litið af þeim, sem fóru með völd, að nauðsynlegt væri að skapa þjóðareiningu um þetta þýðingarmikla lífsbjargarmál Íslendinga, sem er sannarlega vandmeðfarið. Fulltrúi Sjálfstfl., sem þá var einn í stjórnarandstöðu sem flokkur, var þögull, að mér er sagt, í þessari nefnd og forðaðist að taka afstöðu. Þegar kom að sjálfri framkvæmdinni, voru Sjálfstfl. og Alþfl. á móti því að hrófla við grunnlínum, eins og margupplýst hefur verið í þessum umr., og til þess að stofna ekki til sundrungar um það var frestað útfærslu grunnlínanna og reglugerð um 12 mílur gefin út án grunnlínubreytinga, enda hafði þá haf-

réttarráðstefna skapað grundvöll fyrir grunnlínubreytingum sérstaklega, þegar henta þætti. Með þessu var því enginn réttur úr hendi sleginn.

Eftir að reglugerðin kom út, gaf Morgunblaðið í skyn, að rangt væri að farið, og lagði Bretum til nóg efni í þá skoðun, að þjóðareining væri alls ekki um málið. Sú afstaða blaðs stærsta stjórnmálaflokksins má segja, að boðið hafi Bretum upp á samvinnu við stærsta stjórnmálaflokkinn í landinu um að hnekkja útfærslu landhelginnar, eins og hún hafði verið gerð. Þessi afstaða, sem vitanlega var lesin af Bretum, hlaut að hvetja þá til mótmæla í verki. Sennilega hefur þetta verið óviljaverk hjá Sjálfstfl., — sennilega, — en afleiðingar þess, þótt óviljaverk væri, eru hinar sömu og viljandi hefði verið gert. Afleiðingarnar eru auðvitað fyrst og fremst þær, að Bretar komu til veiða undir herskipavernd innan landhelginnar, og seinna, að það samningsuppkast, sem hér liggur fyrir, niðurlægjandi og svikum blandið, er fram komið.

Þeir flokkar, sem frá upphafi voru deigir og tregir í landhelgismálinu, fengu það hlutverk að taka við framkvæmd í landhelgismálinu, þegar aðeins var herzlumunur eftir í skiptunum við Breta, ef nokkuð var í raun og veru eftir nema sýna sjálfstæði nokkur augnablik. Auðvitað fóru Bretar að sækja á mennina um viðræður og afsláttarsamninga, — mennina, sem höfðu gefið í skyn, að þeir væru ekki ánægðir með útfærslu landhelginnar, eins og hún hafði verið gerð. Þetta var mjög eðlilegt. Og þá var það, að reyndi á veikustu þolrifin í varðsveitum stjórnmálanna á Íslandi. Viðbrögðin hafa líka verið í samræmi við það. Nú var ekki leitað samstarfs við aðra flokka, eins og gert hafði verið 1957 og 1958, til þess að skapa þjóðareiningu. Nú voru hafin myrkraverk í málinu. Allt, sem gerðist, var falið fyrir nálega hálfu Alþingi og þjóðinni, og ef spurt var um, hvað væri að gerast, var beitt vifilengjum í svörum og blekkingum. Sannarlega sýnir þó þessi samningur, sem hér liggur fyrir, að þessum aðilum, sem voru svo linir í leggjum sem þeir hafa reynzt, hefði ekki veitt af að hafa stuðning frá þeim, sem ákveðnari voru í málinu og upphaflega höfðu hafið þá sókn, sem sigur veitti.

Ég tel við eiga að benda á eina af mörgum sönnunum þess, að blekkingar hafa verið hafðar í frammi. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í upphafi þessa þings, að samráð yrði haft við Alþingi. Hinn 6. febr. s. l. svaraði hæstv. utanrrh. fsp. um þetta mál. Og á sunnudaginn var kom svo nokkurs konar skýrsla um gang málsins í blaði hæstv. utanrrh., Alþýðublaðinu. Mér finnst við eiga til hægðarauka fyrir þá, sem athuga kunna sögu þessa máls með því að lesa Alþingistíðindi síðar meir, að lesa hér upp aðalatriði úr svörum hæstv. utanrrh., sem voru grg. hans til Alþ., og einnig þá að lesa upp skýrslu blaðs hans, Alþýðublaðsins. Þá standa þó þessar merkilegu heimildir hlið við hlið í Alþt. Það var hv. 4. þm. Austf., sem spurði ráðh. 6. febr. um þetta mál, og ráðh. svaraði:

„Út af öllum þessum fyrirspurnum þykir mér rétt að skýra frá því, að í sambandi við fund Atlantshafsbandalagsins í París í desembermánuði átti ég nokkrar viðræður við utanrrh. Breta um málið, bæði í París og eins á heimleiðinni í London. Þessar viðræður fóru fram í því skyni að reyna að glöggva sig sem bezt á því, með hvaða hætti tök kynnu að vera á því að leysa málið, og sérstaklega leita eftir því, hvort hægt væri að finna einhvern þann flöt, sem við gætum talið aðgengilegan fyrir okkur. Í þessum viðræðum kom ekki fram nein till. eða neitt tilboð af Íslands hálfu um lausn málsins, og við höfum ekki heldur síðan sett fram neina slíka till. Strax eftir heimkomu mína gaf ég ríkisstj. skýrslu um málið. Jólafrí var þá að byrja og þingið ekki saman komið, og varð því lítið úr framhaldsumr. innan ríkisstj. En síðan hefur málið verið þar til athugunar og engin ákvörðun verið tekin og ekki gengið frá neinni tillögu eða neinu tilboði".

Þetta er aðalatriðið úr svarræðu hæstv. utanrrh. 6. febr. s. l.

Svo er það, að á sunnudaginn var eða 5. marz ritar einn af ritstjórum Alþýðublaðsins, hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, venjulegan þátt „Um helgina" í Alþýðublaðið. Að þessu sinni var þátturinn skýrsla um gang þessa máls, landhelgismálsins. Þessi skýrsla er dálítið skemmtileg. Hann, rithöfundurinn, hefur erfðarétt á sérstökum stíl, sem kalla mætti, þegar svona ber undir, að líkist Heljarslóðarorrustustílnum hjá Benedikt Skáldi. En auðvitað er sá stíll, eins og hann kemur þarna fram, lagaður eftir nútíðinni, og gamli maðurinn mundi náttúrlega á sumum stöðum hafa komizt talsvert mikið öðruvísi að orði, þykist ég vita. Greinin, að því leyti sem ég ætla að lesa hana, en ég les hana samfellt fram að síðasta kafla, hljóðar — með leyfi hæstv. forseta — á þessa leið:

„Fimm mánaða starf á bak við luktar dyr liggur að baki þeirri lausn landhelgismálsins, sem nú er fengin. Síðan í byrjun október í haust hafa farið fram viðræður í Reykjavík, London og París. Orðsendingar hafa gengið á milli og fundir verið haldnir. Aðeins ríkisstj. og sárafáir embættismenn og þm. stjórnarflokkanna vissu, hvað var að gerast. Þannig varð þetta að vera hjá okkur ekki síður en öllum öðrum þjóðum, sem reyna að leysa deilumál sín."

Ég vil skjóta því inn í, að ritstjórinn er vitanlega mjög fróður, hvernig svona mál eru leyst hjá öðrum þjóðum, a. m. k. fullyrðir hann sem fróður maður. Það er kannske nóg á þeim bæ að fullyrða.

„Hagsmunir þjóðarinnar lögðu þá skyldu á herðar ráðh. að fara hljótt með málið, unz yfir lyki og þeir gætu skýrt frá, hvort árangur hefði náðst eða ekki. Þá kom röðin að Alþ. að fjalla um málið og taka endanlega ákvörðun.

Þegar brezka sendinefndin kom hingað til lands, hófust í ráðherrabústaðnum gamla við Tjarnargötu viðræður um málið. Var farið vandlega yfir allar hliðar þess, og báðir aðilar skýrðu sjónarmið sín. Síðan héldu Bretar heim og gáfu stjórninni í London skýrslu. Nokkru síðar voru þeir Hans G. Andersen og Davíð Ólafsson sendir til London til framhaldsviðræðna. Þeir fengu að heyra viðhorf brezku stjórnarinnar og hugmyndir hennar um hugsanlega lausn deilunnar. Hans og Davíð fluttu boðin heim til Reykjavíkur. Ríkisstj. settist á rökstóla og komst fljótlega að þeirri niðurstöðu, að viðhorf Breta á þessu stigi skapaði ekki grundvöll til samkomulags, sem Íslendingar gætu sætt sig

við. Nú gengu orðsendingar á milli eftir diplómatiskum leiðum um sinn, og leið fram á jólaföstu. Var skipzt á skoðunum um þau atriði, sem á milli bar.

Hinn 16. des. átti að hefjast í París utanríkisráðherrafundur Atlantshafsríkjanna, og var Guðmundur Í. Guðmundsson helzt að hugsa um að láta ambassador mæta þar fyrir sig, þar eð fjárlagaafgreiðsla stóð yfir og mikið var að gera á heimavígstöðvum stjórnmálanna. Landhelgisviðræðurnar virtust ætla að verða árangurslausar. Þó var von á skýrslu frá London fimmtudaginn 15. des., sem sennilega mundi leiða í ljós, hvort þýddi að halda áfram viðræðunum. Skeytin komu seint um kvöldið. Var þegar byrjað að þýða þau með dulmálslyklum." — (Þetta er hvorki undirstrikað né tvítekið í greininni þótt undarlegt sé!) — „Og beið Guðmundur eftir þeim fram eftir nóttu. Er skeytin voru fullþýdd um miðja nótt, sýndist Guðmundi sem líkur á viðunandi lausn hefðu vaxið, og hann ákvað að fara í skyndi til Parísar. Snemma morguninn eftir steig hann upp í flugvél og kom til Parísar undir kvöld, en ráðherrafundurinn hafði verið settur fyrr um daginn." Ég skýt því inn í, þó að auðvitað þurfi ekki fyrir áheyrendur, að skýrslan er mjög nákvæm.

Þá er fyrirsögn, sem er á þessa leið: „Guðmundur hittir Home lávarð."

„Í hinni nýju byggingu Atlantshafsbandalagsins í Boulogne-skógi í París hitti Guðmundur Home lávarð, utanrrh. Breta. Þar hittust tveir hávaxnir og grannir kollegar, annars vegar enski aðalsmaðurinn, sem Macmillan hafði tekið nær óþekktan og gert að utanrrh., og hins vegar íslenzki lögfræðingurinn, sem hafði lyft sér upp í stjórnmálum með því að vinna flókið kjaramál fyrir sjómenn á Suðurnesjum fyrir 20 árum og orðið einn snjallasti samningamaður sinnar þjóðar. Guðmundur hafði margsinnis rætt landhelgismálið við fyrirrennara Homes, Selwyn Lloyd, en aldrei við Home.

Macmillan er sjálfur nákunnugur landhelgismálinu. Þegar deilan reis vorið 1958, greip hann um skeið inn í málið í London til að reyna að leysa það, og síðan hafði hann rætt ýtarlega við Ólaf Thors á Keflavíkurflugvelli. Hann hefur vafalaust sett hinn nýja utanrrh. sinn inn í málið, auk þess sem brezku ráðuneytin hafa fjölda sérfræðinga á þessu sviði.

Milli NATO-fundanna í París ræddust þeir Guðmundur og Home þrisvar sinnum við og fóru enn yfir þau atriði, sem íslenzka ríkisstj. lagði mesta áherzlu á. Urðu þeir ásáttir um að hittast aftur í London strax eftir helgina.

Á mánudag hittust þeir ráðherrarnir í þinghúsbyggingunni á Thames-bökkum í London og snæddu saman hádegisverð í húsakynnum lávarðadeildarinnar. Tveir síðari fundir voru haldnir í utanríkisráðuneytinu í Downing Street, og á þessum fundum varð til sú lausn deilunnar, sem nú er fjallað um.

Enda þótt kjarni málsins væri leystur, var allmikil vinna eftir við frágang málsins, auk þess var þingið farið í jólafrí, þegar Guðmundur kom heim, og því ekki unnt að ræða endanlega við þm. stjórnarflokkanna fyrr en eftir miðjan janúar. Þannig dróst málið, enda ærin ástæða til að skoða hvert smáatriði undir smásjá, áður en yfir lyki."

Ekki þarf að efast um það, að þessi skýrsla hlýtur að vera gerð í samráði við hæstv. utanrrh. Ekki mundi blaðið flytja skýrslu um þetta mikilsverða mál nema hafa borið hana undir ráðh. áður. Og sízt mundi hv. 5. þm. Vesturl. vera líklegur til að vilja fara rangt með um þessi efni.

Af þessari glöggu skýrslu, — ég segi glöggu, þó að það gæti verið, að Benedikt skáld hinn forni hefði farið dálitið nákvæmar út í sum atriði, t. d. þætti mér líklegt, eftir því sem hann skrifar Heljarslóðarorrustu og um Þórð í Hattardal, að hann hefði sagt frá því, hvað á borðum var þarna í London í húsakynnum lávarðadeildarinnar, en nútímamenn eru orðnir svo veizluvanir, að þeir geta gizkað á það, og það veit höfundurinn vitanlega, — af þessari glöggu skýrslu er ljóst, að lausn deilunnar fæddist ekki á Íslandi, heldur í Downing Street. Hún er nefnilega ekki fæddur Íslendingur. Og annað er líka ljóst, sem er mjög mikilsvert í þessu sambandi, að hún á fæðingardag í vikunni fyrir jólin. Og þegar menn svo bera þessa skýrslu saman við svör hæstv. ráðh. frá 6. febr., þar sem segir, að þá hafi ekki neitt boð komið fram af hálfu Íslands um lausn málsins og að Íslendingar hafi ekki heldur sett fram neina till. um málið, þá er augljóst, þá er fullsannað, að hæstv. ríkisstj. hefur í þessu máli gengið um á Alþingi á refaklóm og sagt ósatt. (**Forseti:** Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?) Já. (**Forseti:** Ef svo er, þá verður fundi frestað, og hefst hann á ný kl. hálfníu). — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar ég lauk máli mínu, áður en matarhlé var tekið, hafði ég sannað með tilvitnun í opinskáa og sannferðuga skýrslu Alþýðublaðsins um gang undirbúnings þeirrar till., sem hér liggur fyrir, að hún hafi orðið til fyrir jólin í Downing Street í Englandi og að hæstv. utanrrh. hafi komið með hana heim fyrir jólin, en af því að þm. voru þá farnir í jólafrí, hafi ekki verið hægt að sýna hana þingflokksmönnum stjórnarflokkanna, fyrr en þeir komu úr jólafríinu 15. jan., en þá höfðu þeir farið að athuga hana, og vitanlega hafði þá hæstv. ríkisstj. farið að umþófta þá í málinu. Með þessu hafði ég sannað það líka, að þegar hæstv. utanrrh. gaf þinginu svör við fsp. hv. 4. þm. Austf. 6. febr. og sagði, að ekkert frásagnarvert hefði gerzt, engar till. komið fram, þá var það ekki sannleikanum samkvæmt. Tel ég svo, að meira þurfi ekki um þetta að tala.

Hæstv. dómsmrh. sagði í Ed. í vetur, í nóvember, þegar landhelgismálið var þar rætt út af till., sem stjórnarandstæðingar í deildinni fluttu þar um að lögfesta reglugerðina frá 1958, þar sem landhelgin var færð út í 12 mílur: „Landhelgismálið er leyst," sagði hæstv. dómsmrh., „landhelgismálið er leyst, 12 milurnar er búið að vinna." Þetta var laukrétt hjá hæstv. dómsmrh. Hvað var þá eftir? Hæstv. dómsmrh. sagði: „Deilan við Breta er enn fyrir hendi." Undarleg skilgreining þetta: Deilan við Breta er enn fyrir hendi. Bretar, sem höfðu farið að veiðum inn fyrir 12 mílurnar, inn fyrir 4 mílurnar, og verið verndaðir af herskipum Bretlands, þeir voru farnir heim, þeir voru hættir slíkum veiðum, þeir höfðu ekkert haft upp úr þeim veiðum fjárhagslega nema tjón, og þeir höfðu haft upp úr þeim ámæli umheimsins fyrir að beita

vopnlausa, fámenna þjóð vopnavaldi. En hæstv. dómsmrh. leit svo á, að deilan væri enn fyrir hendi, og það spratt vitanlega af því, sem ég sagði í kvöld, að Bretarnir vissu um bílbuginn, sem hafði komið fram í skrifum Morgunblaðsins 1958 og ýmsum ummælum flokksforustunnar um það leyti, og þeir vissu líka, að Alþfl. var deigur í málinu, og þeir sóttu á. Þeir sóttu á þá eftir diplómatískum leiðum. Hæstv. dómsmrh. sagði í þessu sambandi: Það er hægt að slá sigurinn úr hendi sér. — Hvernig var það hægt? Það var varla hægt, eins og komið var, með því að standa áfram fast á réttinum og gefa í engu eftir við Breta, ljá ekki máls á neinum undanslætti, ekki einu sinni að ljá máls á umræðum um samninga. Og Bretar verðskulduðu ekki annað af Íslendinga hálfu, — eina þjóðin, sem hafði beitt ofbeldi vopnavalds við vopnlausa þjóð.

Með geðlinku er auðvitað alltaf hægt að slá sigur úr hendi sér. Geðlinkan, hugleysið, finnur sér alltaf einhverjar afsakanir til undanhalds, sem það kallar hyggindi.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. stofnað til þess með þeirri till., sem hér liggur fyrir og er afsprengi viðræðna og samningagerðar við Breta, að Íslendingar slái að mjög miklu leyti sigri úr hendi sér. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. gert. Enn eru ekki hv. alþm. í stjórnarliðinu búnir að gera það opinberlega, og ég minnist þess, að við síðustu alþingiskosningar töldu frambjóðendur stjórnarflokkanna ganga glæpi næst af okkur hinum, ef við létum orð falla um það, að við treystum ríkisstj. ekki til að halda á rétti Íslands í landhelgismálinu, — teldum, að verið gæti, að hún semdi við Breta um réttindi fyrir þá innan 12 mílna lögsögunnar. Liðsmenn ríkisstj. úti um land töldu slíkar getsakir í garð forustuliðs Alþfl. og Sjálfstfl. fordæmanlega ósvífnar. Ég er viss um það, að ef kjósendur hefðu þá séð, hvað nú er fram komið, þá hefðu hæstv. ráðh. ekki setið í ráðherrastólunum nú, þá hefðu stjórnarflokkarnir ekki fengið meiri hluta, því að frambjóðendur þeirra hefðu hrunið fyrir þeirri skörpu andúð, sem almenningur hafði á öllum undanslætti við Breta, — almenningur í öllum flokkum.

Það er því óyggjandi sannleikur, sem menn hafa sagt hér, að lið stjórnarinnar og þar með stjórnin sjálf hefur ekkert umboð frá þjóðinni til þess að semja við Breta, eins og stjórnin hefur lagt grundvöll að með till. þeirri, sem hér liggur fyrir. Þessir menn hafa raunverulega ekkert umboð til þess. Það er hægt með orðhengilshætti að vitna í stjórnarskrá um það, en það má líka segja á móti því, sem hæstv. dómsmrh. hefur t. d. sagt, þegar hann hefur vitnað í stjórnarskrána í þessu sambandi, að alþm. eru skyldugir að fara eftir sannfæringu sinni, og það væri undarlegt, ef á þeim tíma, síðan þeir buðu sig fram, væri búið að umþófta svo sannfæringu þeirra, að þeir vildu nú í hennar nafni greiða atkvæði með þeirri till., sem hér liggur fyrir.

Það hefur glöggt komið í ljós hér í ræðum hæstv. ráðh., að þeim ægir, hvað Bretar eru voldug og stór þjóð og mikils megandi samanborið við okkur. En þetta er missýning, Bretar eru ekki stórir í þessu máli. Framkoma þeirra í þessu máli hefur ekki verið á þann veg, að þeir séu stórir í því. Stærð þjóðar fer nefnilega ekki alltaf, sem betur fer, eftir því, hver mannfjöldinn er eða ríkidæmið. Stærðin fer eftir drengskap og vali málstaðar og eftir því, hvernig á málstað er haldið. Íslenzka þjóðin óx af landhelgismálinu í augum heimsins. Íslendingum tókst að halda þannig á því máli fram undir þetta, að þeir hlutu virðingu af. Meira að segja þeir hafa gegnt forustuhlutverki á alþjóðavettvangi í þessu máli. Ég hygg, að það sé óhætt að álykta það, að Norðmenn hafi náð samningum við Breta í skjóli þess, sem Íslendingar voru búnir að gera. Þeir sigldu í vök, sem Íslendingar höfðu brotið. Íslendingar héldu nefnilega á þessu máli með einurð, með þolgæði og festu og drengskap og hófsemi. Þetta gerðu þeir, sem stóðu fyrir málum hjá þjóðinni, þegar landhelgin var víkkuð, og þetta gerðu þeir, sem vernduðu landhelgina á miðunum, landhelgislið þjóðarinnar.

Bretar hafa aftur á móti minnkað af málinu, minnkað af þessum viðskiptum við Íslendinga.

Með samningi þessum, sem hér liggur fyrir í ályktunarformi og varð til úti í Englandi, er hæstv. ríkisstj. að litillækka þjóð sína, smækka hana. Það er ljótur leikur, sem óprýðir sögu Íslands um aldur og ævi, ef ekki tekst að eyða þeim leik. Þessir atburðir minna um margt á það, sem gerðist á Sturlungaöld, þegar Gissur Þorvaldsson sat veizlu hjá Hákoni Noregskonungi og taldi sér og þjóð sinni með því sóma sýndan. Þar voru gerðir samningar, sem Gissur fór með heim. Hver varð svo sómi Gissurar í sögunni? Það er sagt, að sagan endurtaki sig. Hvers vegna ætli hún endurtaki sig? Hún endurtekur sig af því, að fram kemur svipaður hugsunarháttur, sem leiðir af sér svipaða atburði. Gissur Þorvaldsson var svo sem ekki að öllu leyti fús að reka erindi Hákonar á Íslandi, og hann dró það, en Hákon sendi menn til að líta eftir honum og reka eftir honum. Hann sendi Sigurð silkilauga til að gefa honum auga, og hann sendi Hallvarð gullskó. Ég held því alls ekki fram, að hæstv. ríkisstj. hafi verið fús til að fallast á þessa samninga, sem hér er verið að ræða. Ég veit þvert á móti, að hún hlýtur að hafa gert það nauðug. Við höfum svo sem orðið þess vör, að Bretar hafa sent hingað sína fulltrúa, sinn Sigurð silkilauga og sinn Hallvarð gullskó. Þeir komu, ráku eftir.

Hvað felst þá í þessum samningi? Eins og fram hefur komið, liggur það alls ekki í augum uppi. Samningurinn var því tilvalinn til þess að útvarpa honum með áróðri í fyrstu lotu. Það vantar mikið á, að talað sé berum orðum í þessum samningi, eins og þó á í hverjum samningi að gera, eftir því sem hægt er. Hæstv. fjmrh. viðurkenndi það í útvarpsræðu sinni, að það væri ekki talað berum orðum. Hæstv. ríkisstj. útleggur samninginn í fjórum liðum á 1. síðu þskj. Þessi útlegging er vitanlega bjarta hliðin á tunglinu, því að sól áróðursins skín á þennan annars dimma hnött, skín á þessa hlið hans.

Fyrsti liðurinn hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Bretar viðurkenna nú þegar 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands.“ Við teljum, að þessarar viðurkenningar, sérstöku viðurkenningar, hafi alls ekki þurft við. 31 þjóð hefur tekið sér 12 mílna landhelgi. Allar þjóðir aðrar en Bretar höfðu við-

urkennt landhelgina í verki, og Bretar höfðu gefizt upp á sinni verklegu mótstöðu. Þar að auki er svo viðurkenningin ekki með berum orðum, þegar til kemur og farið er að athuga samninginn sjálfan, en að því kem ég síðar.

Annar liðurinn er: „Bretar viðurkenna þýðingarmiklar breytingar á grunnlínum á fjórum stöðum umhverfis landið, en af því leiðir aukningu fiskveiðilögsögunnar um 5065 km2." Þessa viðurkenningu þurftum við ekki sérstaklega að sækja til Breta. Við gátum fært út grunnlínurnar, þegar okkur þótti hentugt, samkvæmt okkar eigin lögum og samkvæmt reglum, sem viðurkenndar hafa verið á alþjóðavettvangi, en það er látið heita svo í túlkun hæstv. ríkisstj., að Bretar séu með þessu móti að borga fyrir aðra undanlátssemi. Áttu Bretar sérstaklega þessar sneiðar, sem þarna er um að ræða? Að sjálfsögðu ekki. Þessi túlkun er eins og túlkun væri á því, að maður borgaði öðrum manni fyrir sig með peningi, sem hann tæki úr vasa hans sjálfs.

Þriðja: „Brezkum skipum verður heimilað að stunda veiðar á takmörkuðum svæðum á milli 6 og 12 mílna og takmarkaðan tíma á ári næstu þrjú árin." Með þessu móti eru Bretar aftur leiddir inn í íslenzka landhelgi, og Bretar einir fá samkvæmt þessum samningi réttinn. Hins vegar liggur það ljóst fyrir, að ef Bretum verður leyft að fara inn í landhelgina með slíkum samningi, þá er ekki hægt að standa á móti því, að þær þjóðir, sem veiddu áður á þessum miðum, en víku heiðarlega, þegar Ísland færði út sína landhelgi, fái sama rétt, og mér fyndist alveg nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. upplýsti, á hvern hátt hún ætlar að framkvæma samninginn, að því er þetta snertir, þannig að heiðarlegt sé gagnvart þessum þjóðum, þessum fiskveiðiþjóðum, sem hér höfðu veitt, en tóku tillit til útfærslu Íslendinga á landhelginni. Hún er skyldug að segja frá því, því að eins og bent hefur verið á hér í umr., þá er hér um að ræða spursmál, sem getur komið til framkvæmda með mörgu móti og valdið miklum vandræðum. Svo er það í þessu sambandi að athuga, að eins og samningurinn hljóðar, þá er hugmyndin að láta Breta hafa veiðiréttinn á þeim tímum á hverjum stað, sem fengsælastir eru og um leið bagalegast fyrir Íslendinga, að útlendingar séu þar að veiðum. Og ég vildi spyrja um það í þessu sambandi, hvort ekki hafi komið til mála og verið af Íslands hálfu leitað eftir samningi á þá leið, að takmarkaður væri sá skipafjöldi, sem mætti veiða hverju sinni á þessum svæðum.

Fjórða: „Ríkisstjórn Íslands lýsir yfir því, að hún mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland og að ágreiningi um hugsanlegar aðgerðir skuli vísað til alþjóðadómstólsins." Já, sú er nú líkleg, hæstv. núv. ríkisstj., til þess að halda áfram að vinna, svo að um munar, að útfærslu íslenzkrar landhelgi! Mikið er það fyrirheit, sem hún gefur í þessu sambandi! En jafnhliða því, að hún gefur þetta fyrirheit, sem maður hlýtur að meta mjög lítils eftir reynslunni, vill hún, að Ísland afsali sér rétti til þess að færa út einhliða, — þeim rétti, sem einn hefur dugað hingað til við útfærsluna.

Svo er þá líka samningurinn sjálfur, eins og hann er settur upp á þskj., á bls. 8. Samkvæmt fyrsta lið á ríkisstj. Bretlands að lýsa yfir, að hún „falli frá mótmælum" sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, sem mæld er frá grunnlínum o. s. frv. Hún á að lýsa því yfir, að hún „falli frá." Um þetta orðalag hefur mikið verið rætt, og það er í raun og veru furðulegt, að það skuli þurfa að orka tvímælis, það orðalag, sem Íslendingar setja í slíkan samning, því að samningurinn virðist að forminu til, þó að hann sé útlendingur að ætt, vera settur upp sem út gefinn af Íslandsstjórn. Hæstv. dómsmrh. sá, er athugasemdirnar komu fram við þetta orðalag, að við svo búið mátti ekki standa, og sneri sér til lagadeildar háskólans til þess að fá úr því skorið, hvað þetta þýddi eiginlega. Hann las hér upp í nótt sem leið álit þeirra manna í lagadeild, sem tóku þátt í því að gefa út álit, og taldi það vera á þá leið, að þarna væri um það að ræða að falla endanlega frá mótmælum gegn útfærslu landhelginnar, gegn 12 mílna landhelgi Íslands, þótt ekki væri talað um, að það væri endanlega. En þegar hann var spurður að því, hvort hann teldi ekki heppilegra, að þar væri skýrara orðalag og óumdeilanlegt, svaraði hann því ekki með öðru en lesa aftur upp álitsgerð lögfræðinganna í lagadeildinni, og hæstv. utanrrh. las svo upp þessa álitsgerð í þriðja sinn í dag. Maður gæti ætlað, að það verði haldið áfram að lesa þessa álitsgerð upp um aldur og ævi, eins og samningurinn á að gilda. Hún var líka lesin upp í útvarpi í kvöld, heyrði ég.

Þórbergur Þórðarson, einn allra snjallasti rithöfundur okkar, ritaði einu sinni mjög skemmtilega, skilmerkilega og fróðlega grein, þar sem hann sagði, að flokka mætti í þrjá flokka höfuðágalla á framsetningu á íslenzku. Hann taldi, að það mætti flokka ágallana í þrjá höfuðflokka, og nefndi þessa flokka: lágkúru, ruglandi og uppskafningu. Ég sé ekki betur en samningurinn sé mjög hlaðinn bæði lágkúru og ruglandi, en aftur á móti áróðurinn fyrir honum, blaðaskrifin og ræður hæstv. ráðh. fullar af uppskafningu. Þetta atriði, sem hér um ræðir, „að falla frá mótmælum", það flokkast áreiðanlega undir lágkúru. Lágkúra er, þegar ekki er sagt skilmerkilega það, sem segja á, og þetta er tvenns konar lágkúra, sem þarna kemur. Það er lágkúra málsins og lágkúra höfundanna, því að sýnilegt er, að þeir hafa ekki þrek til gagnvart Bretum að ætlast til, að þeir viðurkenni landhelgina berum orðum, að þeir falli að minnsta kosti endanlega frá mótmælum gegn 12 mílunum.

2. liður orðsendingarinnar er svo um það, að Íslendingar færi út grunnlínur á nokkrum stöðum. En áður en ég sný mér að þeim, finnst mér rétt að segja það, að mér finnst sanngjarnt að viðurkenna það, að hæstv. utanrrh. las hér upp ummæli eftir enskum þm., sem bentu til þess, að þeir teldu, að með 1. liðnum féllu Bretar endanlega frá mótmælum gegn 12 mílna landhelginni. Hitt verð ég þó að segja, að það hefði verið miklu viðkunnanlegra, að þetta stæði beint í samningnum eða a. m. k. í því bréfi, sem hæstv. ráðh. hefur frá stjórn hennar hátignar, drottningarinnar í Englandi, og vera má, að eitthvað sé um þetta þar.

Við skulum vona, að þetta komi í ljós, þegar bréfið verður birt sem þskj. eða fylgiskjal með þessum samningi, því að það hlýtur að verða gert. Ég flutti kröfu um það í upphafi máls míns, og mér dettur nú í hug að leyfa mér að beina því til hv. 1. þm. Vestf., sem er formaður utanrmn., ekki aðeins fyrir flokk sinn, heldur fyrir okkur alla, að leggja lið sitt til þess, að þetta bréf verði birt. Ég tel, að hann vegna stöðu sinnar eigi að gera það, eða það sé rétt að snúa sér til hans með það, og ég þekki hann að þeirri röggsemi, að ég treysti honum vel til að gefa ekki eftir, þar sem hann leggst á. (Gripið fram í.) — Það var bara brot úr bréfinu, sem birt var, og af því óx náttúrlega *enn meira* áhugi manna fyrir að sjá allt bréfið.

Um grunnlínuútfærsluna vildi ég segja þetta til viðbótar því, sem ég sagði áðan um, að við hefðum rétt til útfærslunnar, að það er raunverulega hörmulegt, að þegar hæstv. ríkisstjórn fer að beita sér fyrir grunnlínuútfærslum, þá gerir hún upp á milli landshluta. Það var sýnt mjög rækilega fram á það í nótt sem leið, að Austurland og Norðausturland og Suðurland að nokkru leyti bera þar mjög skarðan hlut í aðgerðunum. Ég t. d. sem maður frá Skjálfanda harma það mjög, að ekki skyldi vera færð út grunnlínan í Grímsey, af því að það lá afar beint fyrir og af því að það er ákaflega þýðingarmikil aðgerð vegna sjósóknarinnar á þessum stöðum. Nú hafa verið settar fram till. til lagfæringar á þessu, sem ég vildi vona, að hæstv. ríkisstj. beitti áhrifum sínum til að samþykktar yrðu. Mér er það eiginlega furða, hvers vegna hæstv. ríkisstj. tók ekki upp grunnlínur til Grímseyjar. Grímsey átti þó sérstaklega að geta minnt hana á það, að hún átti að vera mikill fulltrúi landsins, vegna þess að við Grímsey er bundin saga um einn þann mann, sem staðið hefur bezt og skynsamlegast fyrir rétti Íslands, sem sé Einar Þveræing. Þetta minnir á það, hvaða reginmunur er á þeim hugsunarhætti, sem stendur á bak við þennan samning, og þeim hugsunarhætti, sem sagan geymir í orðum Einars Þveræings.

Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða hér um þennan samning miklu meira í einstökum liðum, að öðru leyti en því, að ég vil minnast á ákvæðið, þar sem stendur, að ríkisstjórn Íslands muni halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþ. frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland og tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með 6 mánaða fyrirvara, og „rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til alþjóðadómstólsins.“

Fyrir utan það, að þessi málsgr. inniheldur það, sem er voðalegast við þennan samning, sem sé afsal réttarins til einhliða útfærslu, þá er þessi málsgr. full af því, sem Þórbergur kallaði ruglandi. Það er ómögulegt að lesa út úr henni það, sem hv. frsm. meiri hl. utanrmn. taldi að í henni fælist, og ekki heldur þó að til viðbótar kæmu skýringar hæstv. utanrrh. í dag um það, hvernig bæri að skilja hana. Ég held, að það veitti ekki af því að athuga, hvort ekki væri í bréfinu eitthvað, sem eyddi þessari ruglandi, sem þarna er.

Að lokum vil ég vekja athygli á síðustu málsgr. Það er 1. málsgr. á bls. 9 í þskj. Þessi málsgr. hljóðar þannig: „Ég leyfi mér að leggja til, að þessi orðsending og svar yðar við henni, er staðfesti, að efni hennar sé aðgengilegt ríkisstjórn Bretlands, verði skrásett hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna samkvæmt 102. gr. í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og að samkomulag á þessum grundvelli gangi þegar í gildi.“

Ég vil vekja athygli á þeim undirlægjuhætti, sem kemur fram í þessum orðum, að Bretar eiga að staðfesta, að efni hennar „sé aðgengilegt“ fyrir sig. Fyrr má nú vera!

Það er eins og ég heyri eitthvað á þessa leið: Dear Sir Home, ertu ekki ánægður? Ef þér finnst þetta ekki aðgengilegt, þá verðum við að taka það til athugunar og bæta úr því.

Með þessum samningi, sem ég hygg að sé einsdæmi, samningi, sem er óuppsegjanlegur, samningi um afsal réttinda, sem snerta lífsafkomu þjóðarinnar eins mikið og fiskveiðarnar Ísland, er spurt: Eruð þið Bretar ekki ánægðir? Ég hugsa, að slíkt sé einsdæmi í samningum þjóða á milli, og óska, að upplýst sé, ef það er rangt hjá mér.

Bretar eru nú óðum að tapa nýlendum sínum, eins og aðrar herraþjóðir, sem kallaðar hafa verið í því sambandi. Þessar þjóðir eru að tapa nýlendunum, vegna þess að breytt lífsskoðun, jafnréttis og frelsis, fer sigrandi um heiminn. Fyrir Íslendinga er það hörmulegt og í raun og veru algerlega í mótsögn við þá menningu og þá frelsisást, sem við teljum að þjóðin all með sér, að einmitt nú eiga Bretar að ná nokkurs konar nýlendutaki á Íslandi. Með þessum samningi er afhentur réttur til herraþjóðar óafturkallanlega. Það er að vísu ekki búið að gera þetta, en það er búið að leggja grundvöll að því. Það er eftir að samþ. þennan samning. En það verður ekki annað heyrt af ræðum hæstv. ráðh. en þeir gangi út frá því, að stuðningsmenn stjórnarinnar samþ. samninginn. Ég veit ekki, hvort það er rétt ályktað hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég vildi vona, að svo væri ekki. Það hefur enginn úr hinu svonefnda stjórnarliði enn þá talað í þessu máli nema hv. frsm. utanrmn. Þess vegna er ekkert í ljós komið frá hverjum einstökum um þetta. Ég þykist þess fullviss, að margir menn stjórnarliðsins hljóti að taka nærri sér að greiða þessum samningi atkv. Ég veit um mann, sem hefur sérstaklega verið beðinn af ýmsum stuðningsmönnum sínum að standa á móti öllum undanslætti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. minnti hér í dag á kvæði eftir Guðmund Friðjónsson frá Sandi og las upp erindi úr því, og hann spurði á þessa leið: Hvað mundi Guðmundur á Sandi hafa sagt og gert, ef hann hefði verið staddur hér á meðal vor? — Nú er Guðmundur því miður ekki staddur hér á meðal vor beinlínis, en sonur hans er staddur hér. Hvað gerir sonur hans? Og svo mætti spyrja um marga aðra.

Það var í upphafi umr. þessa máls talað töluvert um það, sem vitað væri um afstöðu þjóðarinnar til málsins, og ég verð að lýsa því yfir, að mig tekur það sárt, að til skuli vera menn, sem hafa í flimtingum, þegar þegnar þjóðfélagsins, hverjir sem þeir eru, taka afstöðu gegn þessu máli, — máli, sem snertir alla þegna þjóðfélagsins. Mér finnst skammarlegt fyrir blað hæstv. utanrrh. að fara með flimt um þessa menn, en það hefur verið hægt að lesa í Alþýðublaðinu. Þar var háðulega frá því sagt, að

stúlkur í mjólkurbúðum hafi þegar mótmælt samningnum við Breta, og frétt sé, að félag skattstjóra og bændafundur á Tjörnesi muni gera hið sama. Þeir vita það kannske ekki, þessir menn, að bændur á Tjörnesi sækja sjó. Þeir vita það kannske ekki, að bændur á Tjörnesi sjá til Grímseyjar. Þeir vita það máske ekki, að Tjörnes er svelt, sem hefur mikla samvinnu við Húsavík, og á Húsavík búa á fimmtánda hundrað manns og Húsavík hefur sem aðalatvinnuveg sjávarútveg og Húsvíkingar eru þekktir sjómenn, ötulir, aflasælir og áhugamiklir sjómenn, sem verstöðvar sækjast mjög eftir að fá.

Að gefnu þessu tilefni vil ég lesa hér upp skeyti, sem mér barst frá Húsavík í gærkvöld. Það er á þessa leið: „Samvinnufélag útgerðarmanna og sjómanna, Húsavík, mótmælir því harðlega, að skert verði í nokkru 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands, og krefst þess, að Alþingi haldi fast við fyrri einróma samþykktir í þessu máli.“ Undirskrift: Helgi Kristjánsson, en hann er formaður þessa félags. Í þessu félagi er maðurinn, sem Morgunblaðið birti frásögnina eftir og sagði aðeins frá því, hvað aflinn hefði glæðzt, eftir að landhelgin var færð út, og hann hefði aldrei aflað betur en á þessum vetri. Ég sé í huganum, hvað hann hefur haft gaman af því að upplýsa fréttaritara Morgunblaðsins um þetta, þegar hann var spurður um afstöðuna til landhelgismálsins, og ég er sannfærður um það, að þessi maður, Þórarinn Vigfússon, hefur tekið þátt í að samþ. þessa ákveðnu áskorun, sem ég nú var að lesa upp, frá sjómönnum og útgerðarmönnum í Húsavík eða samtökum þeirra.

Það var frétt í hádegisútvarpinu í dag, sem vakti athygli mína. Það var einkaskeyti frá Lundúnum, sem hljóðaði þannig: „Félag yfirmanna á togurum frá Hull hefur samþykkt með miklum meiri hluta að krefjast tryggingar brezku stjórnarinnar fyrir því, að Íslendingar færi ekki út landhelgina eftir 3 ár. Fáist ekki trygging Soames fiskimálaráðherra, munu yfirmennirnir berjast gegn öllum íslenzkum fisklöndunum í Bretlandi. Félag yfirmanna á togurum frá Grimsby ákvað á fundi að athuga betur samkomulag Breta og Íslendinga næstu viku, meðan málin væru að skýrast.“

Hvað upplýsir svona skeyti? Út úr því má lesa, að sömu menn, sem hófu löndunarbann gegn aðgerðum Íslendinga í landhelgismálinu 1952, hóta nú hinu sama. Þá reis ekki Bretastjórn gegn, taldi sig ekki geta gert það. Ætli hún geti það enn? Mér sýnist þess vegna ekki víst, að landhelgisdeilan sé að fullu leyst, þó að þessi samningur komist á, — eða er máske eitthvað í bréfinu frá stjórn hennar hátignar, sem tryggir þetta?

Bretar eru óánægðir með þessa útfærslu, og það hafa hæstv. ráðh. talið vott þess, að þeir hafi sigrað Bretann. Þessu hefur verið rækilega svarað og sýnt fram á, að hér er ekki um neina slíka sönnun að ræða, ekki slíkan vott að ræða. Það er ekkert óeðlilegt, þó að Bretar séu óánægðir yfir því að mega ekki veiða upp að 3 mílum áfram, því birtist óánægjan yfir því í heild. En þeir vita samt, hvað þeir hafa unnið, og þeir segja, að „raunverulegt inntak samningsins sé afsal réttindanna til frekari útfærslu“. Þeir segja það alveg eins og við. Það er inntak samninganna, 3 ár líða, fiskimiðin yrjast, það getur tekið langan tíma, að fyrir það bætist. En sá tími líður, en afsal réttindanna á að vera eilíft, svo að ég noti orð þau, sem hæstv. dómsmrh. hafði í útvarpinu um það, að útfærsla grunnlínanna ætti að vara um alla eilífð.

Þetta afsal er satt að segja eitt af mestu furðum veraldar á sínu sviði. Fyrir fram hefði ég aldrei getað látið mér detta í hug, að íslenzkir menn gætu fallizt á að gefa slíkt afsal. Íslendingar hafa, eins og hefur verið margtekið fram, með einhliða útfærslu aflað sér viðurkenningar á 12 mílna fiskveiðilandhelginni, og ég fullyrði, að í samþykktinni frá 5. maí 1959 fólst ekki annað en að Íslendingar héldu áfram að afla sér viðurkenningar á útfærslu með þeim sterkasta hætti, sem þeir áttu, og ég hygg, að a. m. k. flestir alþm. hafi lagt þann skilning í ályktunina, og enginn mundi þá hafa a. m. k. þorað að opinbera þann skilning, að í henni ætti að felast það, að Íslendingar semdu við Breta á þann hátt, sem nú hefur gert verið.

Ef Íslendingar hefðu ekki haft einhliða aðferðina, þá hefðu þeir enn aðeins þriggja mílna landhelgi. Sú aðferð hefur verið eina vopn þeirra, sem bitið hefur gagnvart Goliötunum, sem þeir hafa átt í höggi við. Nú eiga þeir að afhenda þetta vopn um alla framtíð. Afsal réttarins til einhliða útfærslu er svo sem ekki til þriggja ára og ekki til 10 ára, — afsalið er um alla eilífð. Íslendingar eiga hér eftir að tilkynna Bretum með 6 mánaða fyrirvara, hvort sem verður á 20. eða 40. eða 100. öldinni, ef þeir ætla að færa fiskveiðilögsögu sína út. Þannig er tillagan, hvort sem einhverjir atburðir kunna að gerast, sem beri þá giftu með sér, að Íslendingar geti losnað við þennan samning, ef þeir undirgangast hann.

Menn gæti þess, að með því að skuldbinda sig til málskotsins til alþjóðadómstólsins er ekki um sambærilega gagnkvæma hagsmuni að ræða, af því að skuldbindingin til að leggja málið fyrir alþjóðadómstól felur ekki annað í sér en það, sem Íslendingar gætu gert, hvenær sem þeim þætti henta, því að Bretar mundu að sjálfsögðu verða því mjög fegnir hverju sinni, ef Íslendingar vildu skjóta málinu til dómstólsins. Íslendingar buðu upp á þetta að vísu 1952. En þá stóð svo sérstaklega á, að þeir höfðu framkvæmt sína útfærslu nákvæmlega í þeim stíl, sem fell undir úrskurð alþjóðadómstólsins, Haagdómstólsins, í máli Norðmanna. Þeir höfðu þrætt nákvæmlega þá línu, sem dómurinn úrskurðaði Norðmönnum. Þeir höfðu meira að segja haft aðallögfræðinginn, sem Norðmenn höfðu fyrir sig í þessu máli í Haag, til ráðgjafar. Það var þess vegna, sem Bretar vildu þá ekki undirgangast það að skjóta deilunni til Haagdómstólsins, af því að vitað var fyrir fram, að hann hlaut að dæma Íslendingum í vil, því að hann þurfti ekki annað en kveða upp sama dóm og hann hafði kveðið upp í deilu Norðmanna.

Að skuldbindingunni er allur ávinningurinn Breta megin, enda telja þeir hana, eins og ég sagði, inntak samningsins fyrir sig.

Ég hafði gert mér grein fyrir því, að hæstv. ríkisstj. lítur stórt á sig. En aldrei datt mér í hug, að hún teldi sér leyfilegt að gera samning sem þennan um eilíft afsal einhliða útfærsluréttarins. Mér hugkvæmdist ekki, að hún teldi sig svo forvitra, að hún vissi, hvað hentar um alla framtíð, eða hún

væri svo purkunarlaus glanni að gera bindandi samning um aldur og ævi fyrir hönd þjóðarinnar. Manni dettur helzt í hug, að hún sé farin að líta á hugtakið „ellifð" sem umþóttunartíma fyrir sig.

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að mér þætti fróðlegt að heyra, hvort hægt væri að benda á nokkra þjóð, sem samið hefur um fiskveiðirétt á þennan hátt. Það hefur verið vitnað í, að Norðmenn hafi samið við Breta. Er nokkurt slíkt ákvæði í þeim samningi? Það hefur verið vitnað í, að Danir sömdu vegna Færeyinga við Breta. Er nokkurt ákvæði sambærilegt í þeim samningi? Það hefur jafnvel verið gengið svo langt að vitna til Rússa. Dettur nokkrum í hug, að slíkt ákvæði sé í þeim samningi?

Auðvitað er hæstv. ríkisstjórn í kröggum og hefur verið, síðan hún tók við framkvæmdum í þessu máli. Hún hefur komið sér í þær kröggur. Bretar hafa tekið hana á því, sem þeir höfðu lesið í Morgunblaðinu 1958 og heyrt eftir forustumönnum Sjálfstfl. og Alþfl. Hana hefur skort þol og þrek í taflinu við Breta, sem buðu til veizluhalda, eins og upplýst hefur verið, af mikilli rausn og með vinmælum, en hótuðu á hinu leitinu hernaði á Íslandsmiðum og vafalaust hörðum kostum í öðrum viðskiptum líka og vinslitum. Enn fremur hefur hæstv. ríkisstj. komið þjóð sinni í mikla efnahagslega erfiðleika á stjórnartíð sinni og þarf á því að halda, að einhver gefi henni „gull í tá" og það meira en lítið, því að Grímur er víst kominn að því að taka þær flestar eða allar, eins og segir í hinu kunna kvæði. Stjórninni hefur vitanlega verið áhugamál að koma sér ekki út úr húsi hjá þeim veldum, sem vilja, að Ísland hliðri til við Breta.

Segja má, að eins og nú er komið, þegar hæstv. ríkisstj. hefur samið um afslátt fyrir sitt leyti og lagt samninginn fyrir Alþ., þá hafi verið gengið svo langt, að erfitt sé fyrir hana gagnvart Bretum að snúa aftur af sjálfsdáðum. Hún er búin að koma brezka ljóninu aftur í vígahug og hefur gefið því blóð á tönn með þessu samningsuppkasti. En það er skylda Alþ. að leysa hæstv. ríkisstj. úr kröggunum. Það er skylda Alþ. vegna Íslands. Og Alþ. getur gert þetta. Það getur gert þetta með því að fella samningstillöguna, og það er einfaldast. En Alþ. getur líka gert það með því að láta till. ganga undir þjóðaratkvgr. Sú afgreiðsla málsins væri í fullu samræmi við það, sem allir vita, að samþykkt samningsins væri gagnstæð því umboði, sem alþm. fengu í landhelgismálinu í síðustu kosningum. Þá vorum við allir, sem nú sitjum á Alþ., kosnir að því er þetta mál snertir út á yfirlýsingar okkar um að slaka í engu til við Breta. Undarlegt er, ef liðsmenn hæstv. ríkisstj. vilja ekki fallast á þá till. að láta þjóðaratkvgr. skera úr. Sú afstaða sannar það, að tal þeirra um ánægju þjóðarinnar með samningana er tal, sem þeir vita að stenzt ekki. Allt er þetta raunar mjög undarlegt: efnisatriði samningsins, orðalag hans, óljóst og tvírætt, og óuppsegjanleiki hans, enn fremur ósveigjanleiki hæstv. ríkisstj. og fylgismanna hennar í því að vilja engar lagfæringar leyfa. Alls engu virðist mega hagga. Það er eins og ófrjálsir menn haldi á þessum málum. Þeir þora ekki vegna Breta að breyta. Þó þykist ég vita, að þeim líður illa sem Íslendingum. Annað getur ekki verið. Hér hefur ógæfusamlega til tekizt. Hér er sem sé um nauðungarsamning að ræða. Ef meiri hl. Alþ. samþykkir þann samning, gera þeir menn það án þess í raun og veru að hafa umboð til þess.

Að lokum vil ég lýsa yfir því fyrir hönd Framsfl., að hann lítur á samning þennan við Breta um lífsbjargarmál íslenzku þjóðarinnar sem nauðungarsamning, ef hann kemst á, og telur, að meta beri samninginn í framtíðinni samkvæmt þeim skilningi, að hann sé nauðungarsamningur, og mun flokkurinn nota fyrsta tækifæri, sem gefast kann, til að leysa þjóðina undan oki samningsins.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns leyfa mér að gefa yfirlýsingu varðandi samning þennan fyrir hönd Alþb., og að því gefnu tilefni, sem hér liggur fyrir, þá lýsir þingflokkur Alþb. því yfir, að þar sem samningur sá, sem fyrirhugað er að gera við ríkisstjórn Bretlands, á rót sína að rekja til ofbeldisaðgerða og hervaldsbeitingar brezkrar ríkisstj., en er gerður af ríkisstjórn, sem ekkert umboð hefur frá þjóðinni til að skuldbinda hana um aldur og ævi, þá er íslenzk þjóð um alla framtíð óbundin af því réttindaafsali, sem í þessum samningi felst, og mun Alþb. beita sér fyrir því, að þjóðin framfylgi lögum sínum og rétti án tillits til hans.

Þessi yfirlýsing kemur að sjálfsögðu í kjölfar þess, að ríkisstj., sem situr, er studd af meiri hl. Alþ., sem í síðustu kosningum lýsti því yfir, svo að segja mann fyrir mann, að í landhelgisdeilu Íslendinga og Breta yrði hvergi hvikað. Hún hefur að sjálfsögðu ekki að réttu og ekki með neinu siðferði rétt til þess að gera samning á borð við þann, sem hún fyrirhugar nú.

Í umr. hér hefur komið skýrt og greinilega fram, að samningurinn er allur hugsaður út frá því, að við eigum einskis annars kost, ella séu hér uppivaðandi brezk herskip á okkar miðum, ella sé hér hætta á því, að slys verði á hafinu af brezkum byssukjöftum eða vígdrekasiglingum. Þar af leiðandi verðum við að gefa Bretum eftir af okkar landhelgi. Þetta er rökstuðningur ríkisstj. Slíkur samningur getur aldrei skoðazt öðruvísi en sem nauðungarsamningur, og nauðungarsamninga verða menn að halda að því leyti, sem annað er ómögulegt. En þegar við bætist, að hér á að skuldbinda þjóðina um alla framtíð, þá liggur það einnig fyrir, að þar er beitt valdi af hálfu íslenzkra stjórnarvalda, þar er beitt valdi á óborna niðja þessarar þjóðar, sem með engum siðferðisrétti er hægt að telja að liggi á valdsviði þeirrar stjórnar, sem hér stendur að málum.

Herra forseti. Í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hafa þeir talsmenn ríkisstj., sem mælt hafa fyrir þessum samningi, haldið því fram, að við andstæðingar hans viljum ekki fara að alþjóðalögum og við viljum einskis virða alþjóðadómstólinn í Haag. Hér eru fullyrðingar gersamlega út í loftið. Hvorugt þetta verðum við sakaðir um með réttu. Við höfum aldrei lagt til, að gerðar yrðu neinar þær ráðstafanir um landhelgi Íslands, sem brjóta í bága við alþjóðalög. En við vitum fullvel af þeirri staðreynd, að alþjóðalög um landhelgismál eru býsna takmörkuð og að það er viðurkennt af fjölmörgum vel menntuðum og vel metnum lög-

fræðingum á þessu sviði, að um viðáttu landhelginnar eru engin alþjóðalög gildandi. Þar af leiðandi höldum við því fram, að það sé okkur heilladrýgst að halda okkur að okkar landgrunnslögum og færa út viðáttu okkar landhelgi eftir því, sem við sjáum möguleika til á hverjum tíma, ekki þvert ofan í alþjóðalög, heldur svo langt sem við komumst án þess að brjóta þau, þar sem þau kunna að liggja fyrir. Því hefur verið ágætlega lýst af einum ráðherra, hæstv. fjmrh., í þessum umr., við fyrri umr. málsins, að alþjóðadómstólnum er einnig ætlað að fella dóma í tilfellum, þar sem engin lög eru til um það efni, sem hann fjallar um. Þá á hann að dæma, eins og segir og eins og ráðh. tók fram, eftir sanngirni og réttlæti. En nú vitum við það, að sanngirni og réttlæti eru ærið teygjanleg hugtök, og við vitum það, að í deilunni um yfirráðin yfir íslenzku fiskimiðunum hafa Bretar talið allt aðra hluti vera réttlæti en við teljum vera réttlæti, og þeir hafa einnig talið allt aðra hluti vera sanngirni en það, sem við getum fallizt á að sanngirni sé. Nú hagar málum svo til, að um skipun alþjóðadómstólsins ræður mestu stofnun, sem við höfum aldrei átt neinn fulltrúa í, þ. e. a. s. alþjóðadómstóllinn er skipaður af öryggisráðinu. Þar eiga Bretar fulltrúa, við eigum þar ekki fulltrúa. Þar eiga Bandaríkjamenn, sem bezt hafa stutt við bakið á Bretum til þess að þjappa að rétti okkar í þessu máli, líka fastan fulltrúa, og þannig mætti áfram telja. Réttlæti alþjóðadómstólsins og sanngirni hans er þess vegna engan veginn óyggjandi. Þar sem hann hefur ekki lög til þess að dæma eftir, þar höfum við ekki ástæðu til þess að sækjast eftir því að skjóta málum okkar undir hann.

Í þessum umr. hefur sitt hvað komið fram, sem fróðlegt er ýmist að rifja upp eða athuga nokkru nánar. Hér hefur t. d. verið rætt um þá 3 mílna landhelgi, sem Íslendingar bjuggu við fyrra helming þessarar aldar, eða frá 1901 til 1952. 3 mílna landhelgin var okkur með öllu ófullnægjandi. Hún var aldrei sett með okkar þarfir fyrst og fremst fyrir augum. Hún var sett, á meðan við vorum nýlenduþjóð og gátum ekki sjálfir ráðið okkar málum. Það var þrengt og margþrengt að Íslendingum í landhelgismálunum, og sú eftirgjöf var notuð þeirri herraþjóð, sem við bjuggum þá undir, Dönum, til framdráttar í verzlunarsamningum við Breta. Það er margsannað í alþjóðlegum skýrslum, að hér var um nær stöðuga ofveiði að ræða á okkar fiskimiðum, þegar liða tók nokkuð á öldina og eftir að hin stórvirkari fiskiskip, eins og togarar, komu til sögunnar, og hefur t. d. hæstv. sjútvmrh., Emil Jónsson, sýnt fram á það og raunar fleiri í fyrri umr. þessa máls, að líklegt er, að fiskveiði við Ísland hefði verið stórlega skert um ófyrirsjáanlegan tíma, ef ekki hefðu komið nokkrar eyður í veiðarnar hjá þeim stórþjóðum, sem á fjölda stórvirkra fiskiskipa sóttu okkar mið, á styrjaldartímunum tvennum, sem gengu yfir einmitt á þessu tímabili og stöðvuðu að verulegu leyti veiðarnar, svo að fiskstofnarnir við Ísland gátu nokkuð rétt við í þeim hléum og gerðu það líka. Ég ætla, að um þessa skoðun sé enginn ágreiningur meðal þeirra manna, sem hafa lagt orð í belg um þessi mál, heldur séu þetta viðurkenndar staðreyndir. Á þessu tímabili var fiskveiðilögsagan, sem við að nafninu til áttum að njóta, eða landhelgin tæplega 25 þús. km2 að stærð af sjávarfletinum næst ströndum landsins. En raunverulega var þetta svæði ekki friðað, vegna þess að landhelgisgæzla var mjög ófullkomin fram eftir öldinni, fyrstu áratugi hennar og reyndar má segja allan tímann, þótt nokkuð brygði þar til hins betra horfs, eftir að Íslendingar tóku þessi mál í eigin hendur og lögðu meiri rækt við þau en áður hafði verið gert, á meðan þau voru í höndum Dana, enda þótt vanefna Íslendinga gætti þar um lengi.

Það var þess vegna enginn ágreiningur hjá Íslendingum um það, að hér þurfti að spyrna við fæti, hér þurfti að fá viðurkennd stærri hafsvæði við landið sem sérréttindasvæði Íslendinga sjálfra, og af þeirri nauðsyn voru hér á Alþingi sett landgrunnslögin 1948. Þau lög lýstu yfir því, að Íslendingar teldu sig eiga rétt til yfirráða á landgrunninu við Ísland, — landgrunninu, sem Ísland stendur á. Hæstv. fjmrh. skilgreindi það nokkuð hér í sinni ræðu við fyrri umr. þessa máls, hvað landgrunnið væri, það væri hjalli eða hilla, sem næði út frá landinu, mismunandi langt á hinum ýmsu stöðum, en í aðalatriðum hefði það lögun landsins sjálfs, með flestum þeim stærri fjörðum og flóum, sem inn í landið ganga. Lengi vel hafa verið nokkuð á reiki hugmyndir manna um, hvað telja ætti landgrunnið ná út á mikið dýpi. En nú mun það vera nokkuð almenn skoðun, að telja beri, að landgrunnið nái allt út á 200 m hafdýpi. 3 mílna landhelgin okkar náði hvergi neitt nálægt brúnum landgrunnsins. Það var þess vegna langur vegur fyrir hendi, þegar Íslendingar settu lög um að helga sér landgrunnið, ná yfirráðum yfir því, ná að skipuleggja nytjar Íslendinga af því, og það var einnig vitað, að á þeim vegi mundu verða mörg ljón, svo sem þegar er komið á daginn og allir vita. Engu að síður vil ég minna á það, að á grundvelli landgrunnslaganna og með einhliða aðgerðum hafa allar þær aðgerðir, sem Íslendingar til þessa hafa gert í landhelgismálinu og nú hafa um það bil þrefaldað stærð fiskveiðilandhelginnar, — allar þær ráðstafanir hafa verið gerðar með einhliða ráðstöfunum. Og það er allsendis ósannað, hvort við hefðum fengið nokkurn ferþumlung til viðbótar 3 mílunum undir okkar lögsögu, ef við hefðum eingöngu blint á þá leið, sem í samningi þeim eða samningsuppkasti, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að farin verði í framtíðinni, og mun ég máske síðar að því víkja nokkru nánar.

Það væri synd að segja, að Íslendingar hefðu farið að því með ofstopa að bæta úr hinni brýnu þörf sinni fyrir stærri fiskveiðilögsögu, þegar hafizt var handa og þegar samningur Dana og Breta um 3 mílna landhelgina við Ísland rann út árið 1951. Við tókum okkur nokkurn umþóttunartíma, og það var ekki fyrr en á árinu 1952, að hafizt var handa, og þá var hafizt handa með þeim hætti, að fiskveiðilögsagan var stækkuð um 1 sjómílu, hún var færð út um á milli 1600 og 1700 metra. Það er svo sem eins og lengdin á tveimur netatrossum. En raunverulega stækkaði þó landhelgin meira, vegna þess að um leið og 4 mílna landhelgin var innleidd, var einnig dregin grunnlína fyrir firði og

flóa, sem áður höfðu staðið opnir. Þessi ráðstöfun stækkaði landhelgina úr 25 þús. km2 í 43 þús. km2 og var þess vegna veruleg stækkun, enda mátti fljótt á sjá, að hún gaf miklum mun betri árangur fyrir íslenzku veiðiskipin en áður hafði náðst, enda þótt stækkunin væri ekki meiri en svo, að eftir hana höfðum við yfirráð á 43 þús. km2 af hafsvæðinu við strendur landsins. En einnig þá voru til þjóðir, sem vildu ekki una því, að Íslendingar fengju neina stækkun á landhelginni. Bretar mótmæltu 4 mílna landhelginni, þeir höfðu uppi mótmæli í mörgum liðum. Þeir töldu þetta vera mjög slæma meðferð á brezka ríkinu, og á harmatölum þeirra ekki síður þá en nú hefði næstum mátt skilja, að þetta væri það rothöggið, sem mundi verða þess valdandi, að Bretaveldi liði undir lok. Og þeir sýndu ekki minnsta skilning á þörfum okkar Íslendinga til þess arna. Þeir virtu það líka að engu, þótt samhliða þessari útfærslu væri ákveðin sérstök friðun bæði á þeim hafsvæðum, sem þarna bættust við okkar landhelgi, og einnig hinum, sem höfðu verið landhelgi okkar áður. Við bönnuðum Íslendingum sjálfum ýmsar veiðar á 4 mílna svæðinu. Við bönnuðum allar togveiðar á því, og við bönnuðum einnig dragnótaveiðar á því, líka Íslendingum sjálfum. Það kom líka í ljós, að eftir þessar friðunarráðstafanir tóku ýmsir þeir fiskstofnar, sem áður höfðu verið ofveiddir við landið, að rétta við og stækka, og það kom ekki bara okkur að gagni, það kom líka þeim að gagni, sem fiskuðu fyrir utan okkar landhelgi, og það voru ekki við einir. Þar áttu stærsta hlutinn að Bretar sjálfir, og þeir fengu að sjá það eftir nokkur ár, að þessi ráðstöfun okkar var ekki einasta okkur í hag, heldur líka þeim. Og þar kom að lokum, eftir að þeir höfðu rekið við okkur viðskiptastyrjöld um margra ára skeið, svikið á okkur gerða millirikjasamninga og bannað okkur, þó með óformlegum hætti og að forminu til án tilskipana stjórnarvaldanna þar í landi, að landa ísvörðum fiski í mörg ár í sinu landi, sem við höfðum þó skv. millirikjasamningi skýlausan rétt til, — sem sagt, Bretar uppgötvuðu að lokum, að þessi ráðstöfun okkar kom einnig þeim að góðu gagni, því að það væri mikill misskilningur, ef Bretar héldu, að það væri einhver þeirra hagur að ganga svo nálægt fiskstofnunum við Ísland, að þeir gætu engar nytjar af sér gefið. Og nú kom að því, að þeir féllu frá mótmælunum gegn 4 mílna landhelgi.

Enn líður tíminn og okkar fiskifloti tekur að þróast mjög ört á áratugnum milli 1950 og 1960. Skipin bæði stækka og þeim fjölgar, og veiðihæfni þeirra fer vaxandi. En allt þetta kallaði auðvitað á það, að þau fengju stærra athafnasvæði á Íslandsmiðum, því að enn voru þau mjög aðþrengd, þrátt fyrir það að landhelgin hefði verið stækkuð í 4 mílur. Það var þess vegna öllum ljóst, er tímar liðu fram, að við hlutum að halda áfram á þeirri braut að helga okkur stærri hluta af hafsvæðunum við landið, til þess að við gætum nýtt okkar fiskiskipastól og til þess að áfram þróaðist okkar fiskiðnaður, sem einmitt hafði risið upp og þróazt mjög til hagsbóta fyrir land og þjóð á árunum, sem Bretar neituðu að taka við fiskinum sem hráefni upp úr okkar skipum í brezkum höfnum.

Til Alþingis tóku fljótlega eftir útfærsluna 1952 að berast tillögur frá einstökum þingmönnum, oftast nær gerðar í samráði við hagsmunasamtök útgerðar- eða sjómanna, um stækkun landhelginnar. Það komu fram till. um stækkun landhelginnar út af Vestfjörðum. Það komu fram till. um réttingu á grunnlinunum, og hafði þáv. ríkisstj., ríkisstjórn sú, sem tók við stjórn hér árið 1953, stjórn Ólafs Thors, þá gefið alveg sérstakt tilefni til þess, að slíkar till. kæmu fram. Hún hafði sem sagt, þó að hún legðist á allar slíkar till., gefið út merkilegt rit um landhelgismál Íslendinga, hvíta bók. Sú bók var aðallega til þess ætluð að eyða ýmiss konar firrum, sem fram höfðu komið í fullyrðingum Breta um það, að Íslendingar væru að brjóta alþjóðalög, því að auðvitað lágu Íslendingar þá undir þeim orðrómi frá Bretum, alveg eins og stjórnarandstaðan hér á þingi liggur nú undir þeim ásökunum af stjórnarinnar hálfu að vilja ekki virða alþjóðalög. Bretar báru það sem sagt á okkur, að við hefðum brotið ýmiss konar alþjóðalög með útfærslunni 1952. Ríkisstjórn Ólafs Thors, sú sem sat frá 1953 til 1956, gaf út rit, sem mótmælti þessu, og sýndi fram á það með tilvitnunum í ýmsar samþykktir frá alþjóðaráðstefnum, að þessu væri alveg öfugt farið, Íslendingar hefðu hvergi brotið alþjóðalög, þeir hefðu þvert á móti látið hjá líða að taka til sín allan þann rétt, sem alþjóðareglur í rauninni gæfu þeim fyllsta rétt á. Og þar var alveg sérstaklega tiltekið, að það væri enginn vafi á því, að íslenzka ríkisstjórnin hefði haft fullan rétt á því að draga lengri grunnlínur á nokkrum tilteknum stöðum og hafa grunnlínupunktana færri, með þeim afleiðingum, að landhelgislínan hefði færzt út og fiskveiðilögsaga okkar stækkað.

Ég minnist þess, að ég flutti eitt sinn á Alþingi till. um það, að allar þær grunnlínubreytingar, sem í þessari hvítbók ríkisstj. voru taldar heimilar, yrðu gerðar. Og þegar ríkisstj. stóð frammi fyrir því, að hún þurfti að taka afstöðu til þess, hvort hún ætti að framkvæma nauðsynlega stækkun á fiskveiðilögsögunni, — stækkun, sem hún sjálf hafði í riti sínu talið fullkomlega heimila, þá að vísu komst hún í nokkurn vanda, og hún leysti þann vanda með því að láta þessa till., ásamt reyndar fleiri till. til stækkunar á landhelginni, aldrei koma til afgreiðslu þingsins. Þær voru jarðaðar í ruslakistum ríkisstj. og fengu enga þinglega afgreiðslu. En þó að ríkisstj. legðist á till. stjórnarandstæðinga með þessum hætti, sem ég vildi einna helzt flokka undir lágkúru og þykir elga þar vel heima, af því að þrátt fyrir allt hafði hún of mikla samúð með Bretum, til þess að hún hefði dug til að framfylgja rétti Íslendinga, þegar Bretar áttu í hlut annars vegar, þá breytti það ekki því, að vaxandi fiskifloti kallaði á stækkaða landhelgi. Og þegar þessi ríkisstj., sem ég nefndi, ríkisstj. Ólafs Thors, sem sat á árunum 1953—56, var öll, þá var gerður nýr stjórnarsáttmáli, sáttmáli vinstri stjórnarinnar, en eitt af aðalatriðunum í honum var ákvæði um það, að fiskveiðilandhelgi Íslands skyldi stækkuð.

Og nú kom til Teits og Siggu. Þegar framkvæma átti þetta stjórnarsáttmálaatriði, er því ekki að leyna, að um það reyndist vera þverbrestur í ríkisstj. Alþfl. neitaði að vísu ekki útfærslu, en hann bað um frest á frest ofan, og honum voru

veittir ýmsir frestir. Það var beðið eftir því, hvernig fiskveiðilögsögu eða landhelgismálum reiddi af á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1957. Sú afgreiðsla var með þeim hætti, eins og menn máske muna, að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna komst ekki að neinni niðurstöðu, annarri en þeirri að vísa málinu til sérstakrar haflagaráðstefnu. Sú ráðstefna var haldin árið eftir, árið 1958. Og enn fékk Alþfl. því ráðið, að engar hreyfingar voru gerðar á íslenzku landhelginni, heldur öllu slegið á frest fram yfir þá ráðstefnu. Allan þennan tíma lá það auðvitað skýrt og greinilega fyrir, að við hefðum ekki brotið nein alþjóðalög, þótt við hefðum fært út fiskveiðilögsöguna á þessu tímabili, og alveg sérstaklega lá það fyrir óhrakið, að við höfðum beinlínis rétt til þess að breyta grunnlínunum á þessu tímabili. En hvað vantaði þá? Jú, það vantaði viljann í ráðherra Alþfl. í vinstri stjórninni til þess að framkvæma grunnlínubreytingar eða landhelgisstækkun með öðrum hætti. Forsrh., sem þá var, Hermann Jónasson, var að sjálfsögðu í nokkrum vanda með stjórn sína, sem þannig var sjálfri sér sundurþykk í þessu máli, og hann tók þá afstöðu, sem ég vil ekki lá honum, að ekki væri hægt fyrir ríkisstj. að standa að öðrum landhelgisstækkunum en þeim, sem hún ætti þingmeirihluta fyrir. Nú var það alkunnugt, að Alþb. og Framsfl., sem að málinu vildu standa, höfðu ekki þá frekar en nú meiri hluta hér á Alþingi. Þar af leiðandi varð að skera úr því, hvort Alþfl. eða þá Sjálfstfl. vildi styðja frekari stækkun landhelginnar, og eftir mikið þóf voru þeir beinlínis píndir til þess, *Alþýðuflokksmennirnir, eins og síðan hefur* verið margupplýst, m. a. í ræðum Bjarna Benediktssonar, sem gerla veit, hvað gerist í Alþfl. Því var af hans hálfu lýst yfir á landsfundi Sjálfstfl., að Alþfl. hefði verið píndur í þessu máli, og mér vitanlega hefur Alþfl. eða nokkur meðlimur hans ekki reynt að neita þessu nokkru sinni, eða hafi þeir gert það, þá hefur það a. m. k. farið fram hjá mér. Og hafi þeir gert það, þá er það ekki heldur sannleikanum samkvæmt, því að þeir urðu mjög nauðugir að standa að þeirri landhelgisstækkun, sem gerð var haustið 1958. En þeir virðast líka sýnu viljugri til þess að minnka þá landhelgi nú. Að því leyti má það kannske teljast óvenjulegt um Alþfl., að hann er sjálfum sér samkvæmur í þessu máli.

En þrátt fyrir tregðu Alþfl. var landhelgin stækkuð í 12 mílur hinn 1. sept. 1958, og varð þá stærð fiskveiðilögsögu um 70 þús. km2 af hafflötinum við strendur landsins. Þannig hefur landhelgin verið í 2½ ár. Það er að vísu ekki langur reynslutími, það skal ég játa, en ég held nú samt, að það sé svolítið vert að leiða hugann að því, hvernig þessi landhelgisstækkun hefur gefizt íslenzku þjóðinni.

Segja má að vísu, að Íslendingar hafi ekki notið þessarar landhelgi alveg óskorað. Bretar hófu hér ránskap undir vernd sinna herskipa og undir vernd sinna fallbyssukjafta í landhelginni okkar. En þeim varð svo furðulega lítið ágengt, að það má segja, að árangurinn hafi ekki verið meiri eða stórkostlegri en þótt risa tækist að rota flugu. Þeir gátu aldrei hersetið samtímis nema örlitla bletti af landhelgisstækkuninni. Það hefur verið gizkað á, að stærstu reitirnir, sem þeir gátu helgað sér yfirráð á hverju sinni, hafi máske numið um 2 þús. km2. En ef við lítum til þess, hvað Íslendingar drógu úr sjó, áður en þessi landhelgisstækkun fór fram, og hvað þeir hafa fengið úr sjó, eftir að landhelgin stækkaði, þá skulum við líta á tvö ár. Árið 1957 er síðasta heila árið, sem Íslendingar stunda veiðar sínar með 4 mílna landhelginni. Það ár varð heildarafli íslenzkra skipa 436 þús. tonn. Árið 1957, síðasta árið fyrir landhelgisstækkunina í 12 mílur, var heildarafli íslenzkra fiskiskipa 436 þús. tonn. Fyrsta heila árið eftir landhelgisstækkunina, þ. e. a. s. árið 1959, sem reyndar er eina heila árið eftir landhelgisstækkunina, sem fiskveiðiskýrslur þær, sem birtar hafa verið opinberlega, ná yfir, veiddu íslenzku fiskiskipin afla úr sjó, sem samtals nam 564 þús. tonnum. Heildarafli Íslendinga á þessum tveim árum, frá 1957 til 1959, óx um 156 þús. tonn, en það er á milli 29 og 30%. Það væri því rangt að segja, að íslenzka þjóðarbúinu hafi ekki áskotnazt góður búhnykkur, þegar landhelgin var stækkuð í 12 mílur.

Ef lítið er til þess, hvað skeður í verðmætum þjóðarframleiðslunnar á þessu sama tímabili, kemur í ljós, að á árunum 1958 og 1959 vex verðmæti íslenzkrar framleiðslu — þjóðarframleiðslunnar — um 13.2%, en það er með því mesta, sem þekkist í þjóðarframleiðslu um eitthvert árabil.

Þetta gat herskipafloti Breta ekki hindrað. Hann gat ekki hindrað það, að fiskafli Íslendinga óx um 29—30% og að verðmæti íslenzkrar þjóðarframleiðslu óx á sama tíma um 13.2%. Þá vantaði ekki viljann til þess að hersetja íslenzka landhelgi, en svo óverulegt var það, sem þeim varð ágengt, að þrátt fyrir ránveiðar þeirra gerðust þeir hlutir, sem ég hér hef lýst.

Frammi fyrir þessum staðreyndum, sem einmitt voru að þróast, þegar dró að því, að íslenzka þjóðin ætti að kjósa til Alþingis og frekar tvisvar en einu sinni á árinu 1959, vildu ýmsir, sem lítið komu við sögu til stuðnings íslenzkum málstað, þegar landhelgin var stækkuð í 12 mílur, elga sinn hlut í dýrðinni, og þá vildu þeir ekki liggja undir því, að þeir sætu á svikráðum við landhelgina, sem var að gefa okkur þann árangur, sem ég hef lýst. Þeir stóðu einnig í því, sem tregastir voru og mótsnúnastir 12 mílna landhelginni, þegar hún var sett, að samþykkja till. á Alþingi hinn 5. maí 1959. Sú tillaga var reyndar stefnuyfirlýsing allra þeirra, sem í framboð fóru árið 1959, og yfirlýsing þeirra til kjósenda um það, hvar þeir stæðu í landhelgismálinu, og með leyfi forseta vil ég leyfa mér að lesa upp þá tillögu orði til orðs, til þess að það fari ekkert á milli mála, hverju þjóðinni var lofað. Till., sem samþykkt var með öllum greiddum atkv. á Alþingi, var þannig:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan 4 mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru auglýslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi og afla beri viðurkenningar á rétti

þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið.“

Berum þessa samþykkt saman við það, sem nú er að gerast hér á Alþingi og búið er að gerast hjá hæstv. ríkisstj. í samningum eða samningaumleitunum við Breta. Í upphafi þessarar ályktunar segir: „Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi.“ Þetta er fyrsti liðurinn í þessari ályktun. Ég er hræddur um, að það hafi einhverjir fallið frá mótmælum í þessu efni. En það eru ekki Bretar. Það er íslenzka ríkisstjórnin. Hún „mótmælti brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi“. Frá þessu hefur íslenzka ríkisstj. fallið, og ég efast ekkert um það, að hún hefur ekki fallið frá þessu til þriggja ára, hún hefur fallið frá þessu um alla framtíð, þessi ríkisstj. Vera má einnig, að ég komi að því svolitið síðar, að hún hefur sýnt það fráhvarf sitt rækilega í verki. Það, sem fyrst liggur því fyrir í þessu máli, er, að það var íslenzka ríkisstjórnin fyrst og fremst, sem féll frá mótmælum, mótmælunum gegn því, að Bretar hersætu landhelgina. Hún féll frá því að gera það, sem þm. voru kosnir út á að gera og þeir lýstu yfir allir í síðustu kosningum og í síðustu tvennum kosningum.

Annað efnisatriðið er það, að Bretar eru einnig ásakaðir fyrir það að brjóta 4 mílna landhelgina, sem þeir voru fallnir frá mótmælunum við.

Það rifjast upp fyrir manni, að hæstv. dómsmrh. sendi eitt sendibréf suður í Háskóla Íslands til þess að spyrja þá vísu menn þar, prófessora lagadeildarinnar, hvernig bæri að skilja orðalag í samningi, sem ráðh. sjálfur var rétt að ljúka við að gera. Hann virtist ekki lengur botna í því sjálfur, hvernig bæri að skilja þetta. A. m. k. kallaði hann til prófessora, sem enn voru starfandi. Hann hefur sjálfsagt talið, að sjálfur hann, sem er gamall lagaprófessor, gæti kannske ekki alveg treyst á það, hvað honum fyndist, hann væri eitthvað farinn að ryðga í fræðunum. En þá kallaði hann til prófessora lagadeildarinnar og spurði þá, hvernig ætti að skilja þetta ákvæði í samningi, sem hann sjálfur hafði gert. Það er auðvitað ósköp mannlegt að spyrja aðra um slíkt, þegar menn hafa ruglazt sjálfir. En það er náttúrlega ekki alveg örgrannt, að það geti ekki fleiri ruglazt. Þessir prófessorar gáfu ráðh. yfirlýsingu, sem hann hefur lesið nokkrum sinnum hér á þingi, rétt eins og hann stæði hér í málþófi, sem hann þó ber aðallega á aðra, og hann hefur látið ríkisútvarpið, sem ihaldið virðist eiga og notar nokkurn veginn eftir sinni vild, — látið lesa þessa yfirlýsingu prófessoranna í útvarpið, af því að hann heldur, að hún hafi eitthvert áróðursgildi. Það getur vel verið, að einhverjir haldi það, að prófessorar séu merkilegri menn en annað fólk. En ég verð að segja það, að í þeirri yfirlýsingu, sem þeir þarna hafa gefið, þá finnst mér, að þeir eigi eftir spöl ógenginn til þess að skynja veruleikann eins og hann liggur fyrir.

Þeir góðu prófessorar hefðu gjarnan mátt leiða hugann að því, að það eru til fordæmi um það, hvernig fráhvarf frá mótmælum gegn ákveðinni landhelgislínu hafa staðizt. Bretar sem sagt hurfu frá mótmælunum gegn 4 mílna landhelginni. En það vita flestir, nema þá uppgjafaprófessorar og þá líka starfandi prófessorar, að Bretar hafa með togskipum sínum vaðið inn fyrir þessa línu, og það datt víst engum í hug, nema þá kannske prófessorum, að það væri hægt að stöðva þær aðgerðir Breta með bréfi eins og lagadeild háskólans hefur nú sent dómsmrh. Íslands. A. m. k. prófaði dómsmrh. það ekki að stöðva þær aðgerðir Breta með slíku bréfi.

Að öðru leyti segir í þessu plaggi prófessoranna, að þeir hafi kannske ekki nógu góða þekkingu á ensku máli, en þeim virðist vera nokkur blæbrigði á enska og íslenzka textanum, og þeir virðast vera alveg ruglaðir í því, eftir hvorum þeirra þeir eigi að fara, og það virðist ríkisstj. sjálf vera líka. Það er ekki hægt að sjá, hvor textinn á að vera frummálið, hvor textinn á að gilda. Ég sé engin ákvæði um það, hvor textinn sé gildandi, en einhvern veginn hafði maður ætlað það, að frumtextinn væri íslenzkur, þegar í hlut á íslenzka utanrrn., en reyndar er nú svo komið málum, að margur er farinn að efast um það.

Ég vil samt ekki segja, þrátt fyrir allt, að þetta blað prófessoranna við lagadeild háskólans sé að öllu ómerkilegur pappír. Ég held, að ráðh. hefði máske getað haft af honum einhver not, ekki þau, sem hann reynir að hafa. Ég held, að hann hefði átt að reyna að nota þann pappír til þess að sýna hann Bretum og segja þeim, að úr því að íslenzku háskólaprófessorarnir kvæðu upp þann úrskurð, sem hér hefur verið gerður, þá skyldu Bretar hætta að þrjózkast við það að taka inn í samninginn það orðalag, að þeir viðurkenndu landhelgina. En það gæti máske verið, að prófessorinn hafi ekki trú á því, að Bretar taki mark á íslenzkum háskólaprófessorum.

Þeir góðu menn, sem það plagg gáfu út, virðast ekki einasta hafa lent út úr sinni fræðigrein, að því er varðar hina ensku þýðingu, þar sem þá skorti sérfræðinga, heldur virðast þeir að verulegu leyti byggja úrskurð sinn eða álit á einhverju sérstöku sálarástandi, sem ríkjandi sé hjá brezku ríkisstj. í málinu. Máske hafa þeir kallað sér til aðstoðar einhverja sálfræðinga, — mér er kunnugt um það, að einn sálfræðingur hér í bæ hefur litið mjög að útvegsmálum nú að undanförnu, og það má vel vera, að þeir hafi leitað álits hans um sálarástand brezku ríkisstj., — en samt sem áður leyfi ég mér að efast um, að það mat á því sálarástandi, sem sá sálfræðingur mundi gera eða sálfræðingar yfirleitt, sé samhljóða því, sem háskólaprófessorarnir í lagadeild virðast gera að sinni forsendu.

Ég gat um það áðan, að hæstv. dómsmrh., sem er landhelgisráðherra, sem hefur með að gera þann þátt landhelgismálsins, sem varðar viðáttu lögsögunnar og að sjálfsögðu einnig dómsmál í sambandi við landhelgisbrot, reyndi ekki að stöðva Breta með þessum hugmyndum sínum og annarra

prófessora. Hann þvert á móti gaf Bretum upp sakir, einnig fyrir þau brot, sem þeir höfðu framkvæmt innan við 4 mílna landhelgina.

Það liggur í augum uppi, að slík plögg sem hér um ræðir binda á engan hátt Breta til þess að skilja sinn millirikjasamning með einum eða neinum hætti. Það eina, sem máli skiptir í þessu, er auðvitað það, hvaða skilning Bretar leggja sjálfir í þetta og hvernig ætla þeir að framkvæma það. Þegar enginn mótstöðukraftur virðist í íslenzkum stjórnarvöldum til þess að hamla gegn neinu, sem Bretar ákveða, þá er auðvitað ekkert, sem máli skiptir í þessu, nema það, hvað Bretar ætla sér *sjálfir*.

Ef við höldum áfram og lítum á þriðja efnisatriðið í yfirlýsingunni frá 5. maí, sem var stefnuyfirlýsing allra þingmannsefna og væntanlega hefði átt að vera þingmanna líka, þótt svo reyndist nú ekki, þá er það það, að í till. er lýst yfir, að Íslendingar eigi ótvíræðan rétt til 12 mílna landhelginnar. Og ef maður lítur á efnisatriðið, sem er lokaefnisatriði till., þá er það ákveðið, að ekki komi til mála minni landhelgi við Ísland en 12 mílur frá grunnlínunum. En það skýtur heldur skökku við varðandi þennan samning, því að hér er einmitt ráðgert að hleypa Bretum inn í okkar landhelgi og reyndar ekki bara Bretum, heldur öllum öðrum, sem þess kunna að krefjast. Og þá er það auðvitað orðinn orðaleikur, sem er óraunhæfri ríkisstj. einni samboðinn, að kalla það íslenzka landhelgi, sem allar aðrar þjóðir mega gera sér að góðu eftir vild, þær sem vilja hagnýta sér þær reglur, sem settar hafa verið þar um, eða stunda þar fiskveiðar á vissum tímum og á vissum svæðum.

Eitt efnisatriði er enn þá ótalið í þessari samþykkt frá 5. maí, en það er það efnisatriði, að íslenzka ríkisstj. eða íslenzk stjórnarvöld ætli að leita *eftir viðurkenningu annarra þjóða til réttar sins* yfir landgrunninu. Í samningi þeim, sem hér liggur fyrir, er greinilega horfið frá þessu með því að ákveða, að Bretar og þeir aðrir, sem kynnu að gerast aðilar að þessum samningi, geti skotið öllum slíkum ágreiningi fyrir alþjóðadómstólinn. Og nú er það upplýst, að alþjóðadómstóllinn hefur engin lög til að dæma eftir í þessu efni, þ. e. a. s. það á þá að leggja tilkall okkar til fiskveiðilögsögunnar undir það, sem kalla mætti sanngirni og réttvísi þeirra dómenda, sem í alþjóðadómstólnum sitja. En þetta er auðvitað viðs fjarri því að fá viðurkenningu annarra þjóða fyrir yfirráðarétti okkar yfir landgrunninu og allt annað, og hér er hlaupizt frá málinu og reyndar dálitið verra en það, því að jafnvel þótt við fengjum viðurkenningu einhverra þjóða fyrir yfirráðarétti okkar yfir öllu landgrunninu, þá á það þó að standa eftir, að ef við vildum nota okkur þann yfirráðarétt, þá værum við að *samningi þessum skyldugir til þess í fyrsta* lagi að tilkynna hann öðrum, rétt eins og þeir væru aðilar að málinu, með ákveðnum fyrirvara, og síðan að leggja málið undir alþjóðadómstólinn. Hér er því greinilega í efnisatriðunum vikið algerlega frá því, sem var stefnuyfirlýsing þingflokkanna allra við síðustu kosningar, og í framhaldi af því verður að ályktа: Þeir alþm., sem hér sitja, hafa sagt kjósendum sínum það, að þeir ætluðu ekki að veita Bretum nein réttindi í landhelginni, þeir ætluðu að mótmæla öllu þeirra ofbeldi, en ekki falla frá mótmælunum o. s. frv., en hér eru þeir að mynda sig til þess að gera einmitt hið gagnstæða.

Ég hef hér lýst því nokkuð, hvernig aðgerðir okkar í landhelgismálum á undanförnum árum hafa þróazt og hver árangur hefur orðið af þeim. Alltaf *hingað til hefur verið reynt af þeim ríkisstj., sem* með málið fóru hverju sinni, að hafa samráð og samstöðu við þjóðina og stjórnmálaflokkana á sem breiðustum grundvelli. Sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr, er sú fyrsta, sem hverfur algerlega frá þeirri reglu. Sú regla var gildandi allt fram undir þetta. Og þótt þeir aðilar, sem að þessari ríkisstj. standa, hafi fyrir nokkru setzt að leynisamningum við Breta um þetta mál og farið þar á bak við andstæðinga sína, þá var þessum klofningi, sem hún þannig var að koma af stað, ekki lengra komið en svo, að við val fulltrúa á aðra haflagaráðstefnuna, sem haldin var í Genf 1960, treystist stjórnin ekki til annars en hafa í sendinefnd á þeirri ráðstefnu einnig fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna.

Sú ráðstefna, Genfarráðstefnan 1960, var að ýmsu leyti lærdómsrík fyrir Íslendinga. Þar kom það greinilegar í ljós en á nokkurri ráðstefnu áður hafði gert, enda þótt farið væri að örla á því áður, að allar þær ríkisstj., sem ráða fyrir ríkjum, sem við erum í bandalagi við, Atlantshafsbandalagsþjóðirnar, Atlantshafsbandalagsríkisstjórnirnar, þær voru í einum samblæstri á móti hagsmunum okkar Íslendinga. Þær stóðu að því að flytja þar tillögur, sem okkur voru svo óhagkvæmar, að jafnvel Morgunblaðið hafði á sínni tíð kallað þær *rýtingsstungu* í bak Íslendinga. Á þessari ráðstefnu reyndu Bandaríkin að beita öllum sínum áhrifum til þess að fá þær þjóðir, sem hún hafði eitthvað saman við að sælda með þeim hætti, að hún taldi sig hafa á þeim einhver tök, til þess að ganga á móti okkur í málinu. Það var dálítið sorgleg saga fyrir íslenzku ríkisstj., sem elskaði þarna óvini sína, en var lítið um hina gefið, sem veittu henni lið, — það var dálítið sorglegt fyrir hana að sjá það, hvernig málin snerust, að hún var umkringd af sendinefndum þeirra ríkisstj., sem hún var í bandalagi við, en þær voru í samsæri gegn okkur. Þar á móti byggðist okkar von öll á því, að þær þjóðir, sem íslenzku ríkisstj. var minnst um gefið eða jafnvel íslenzka ríkisstj. vildi gjarnan eiga í útistöðum við, voru þær líklegustu til að vernda okkur frá því að lenda í gini úlfsins og gerðu það líka. Í þessu samkvæmi var íslenzka ríkisstj. svo illa haldin, að hún vissi ekki, til hverra ráða hún átti að grípa. Hún prófaði það að hafna samstöðu við þær þjóðir, sem við áttum greinilega samstöðu með í þessu máli, þjóðirnar, sem vildu stóra landhelgi. Hún hafnaði samstöðu við þær. En til þess að reyna að réttlæta afstöðu sína með einhverjum hætti, samdi hún till. um það, að Ísland hefði algera sérstöðu og yrði að líta á það sem slíkt. Þessa till. mun íslenzka ríkisstj. hafa gert sér einhverjar vonir um, að hún fengi bandalagsþjóðir sínar til þess að fallast á. En einnig þar brugðust henni vonir þær, sem til vinanna stóðu. Þeir gengu einnig á móti henni, og hún var felld með geysilega miklum atkvæðamun, þannig að því var slegið föstu á alþjóðaráðstefnu, að ráðstefnan vildi ekki taka til-

lit til Íslands sem ríkis, sem hefði sérstöðu í landhelgismálum.

Ég er hér með eina blaðsíðu úr Morgunblaðinu frá 15. júní 1960. Í því blaði segir frá því, þegar ritstjóri blaðsins gekk á fund brezka fiskimálaráðherrans, sem þá var nú reyndar annar en nú skipar þann ráðherrastól, — John Hare hét hann, sá sem þá var fiskimálaráðherra Breta. Ritstjórinn á við hann allmerkilegt samtal, og þar kemur að lokum, að ritstjóri blaðsins fer fram á það að fá að heyra álit ráðh. um það, hvernig hann telji, að málstaður Breta standi gagnvart Íslendingum. Ráðherrann svarar, — hann er reyndar að svara spurningunni um það, hvort samningar þeir, sem þá stóðu fyrir dyrum við Noreg um fiskveiðilandhelgi Noregs, mundu hafa áhrif á stöðu Breta gagnvart Íslandi, — ráðherrann svarar, með leyfi forseta: „Slíkir samningar mundu sýna, að það geta allir komizt að skikkanlegu samkomulagi við okkur, sem það vilja," sagði John Hare. „Slíkir samningar yrðu ykkur siðferðilega í óhag," þ. e. a. s. samningar Breta við Noreg. „Þið áttuð undir högg að sækja í Genf. Þar fenguð þið alvarlegt áfall, þegar till. ykkar var felld," segir brezki fiskimálaráðherrann. Það skyldi þó aldrei vera, að íslenzka ríkisstj., sem umfram allt vildi semja við Breta, en hafði ekki aðstöðu til þess vegna eindrægni þjóðar sinnar, hafi verið með þeim tillöguflutningi, sem hún hafði uppi á Genfarráðstefnunni 1960 í andstöðu við sendinefndarmenn Alþb. og Framsfl., — það skyldi þó aldrei vera, að íslenzka ríkisstj. hefði með því að láta fella þá till. þar verið að fá sér aðstöðu gagnvart Íslendingum sjálfum til þess að sýna Bretum linkind, eftir að búið var að fella það á alþjóðaráðstefnu, að litið skyldi á sérstöðu Íslands í málinu?

Á þessari ráðstefnu kom til atkvæða till. sú, sem andstæðingar okkar voru búnir að gera allt, sem þeir gátu, til þess að fá þar samþykkta með ⅔ atkv., þ. e. a. s. till. um 12 mílna fiskveiðilandhelgi með undanþáguákvæði upp að 6 mílum fyrir þær þjóðir, sem stundað hefðu veiðar á undanförnum árum á þeim slóðum, sem um ræddi. Þessi till. fékk ekki það atkvæðamagn, sem hún þurfti til þess að fá stoð sem alþjóðleg samþykkt, og það áttum við ekki vinum okkar að þakka, þ. e. a. s. þessum gæsalappavinum okkar, sem við erum í bandalagi við og ævinlega hafa reynzt okkur verst allra þjóða, þegar við höfum þurft á að halda á alþjóðaráðstefnum um þetta mál. Við áttum það þeim ríkjum að þakka sem íslenzku ríkisstj. er minnst um gefið að gjalda þakkir sínar fyrir eitt eða neitt.

Síðan lauk þessari ráðstefnu. En þróun mála hélt áfram. Íslenzki dómsmrh., sem sæti hafði átt á ráðstefnunni, kom hingað heim í mýflugumynd, settist hér augnablik niður, — ég er ekki viss um, að hann hafi stanzað meira en einn sólarhring, — og hann átti erindi. Og hvert var nú erindið? Jú, það var að tilkynna það opinberlega, að brezkum ræningjum væru endanlega gefnar upp allar þær sakir, sem á þá höfðu hlaðizt við þjófnað úr okkar landhelgi. Þetta var framkvæmd hans á samþykktinni frá 5. maí 1959 um að mótmæla harðlega ofbeldisaðgerðum Breta í íslenzkri landhelgi. Ég gat um það, að hann hefði ekki stanzað lengi hér heima, hann hefði komið til þess arna og einskis annars. Og hann hélt þegar á burt að þessu loknu, og nú var löng ferð fyrir höndum. Hann hélt allt suður til Miklagarðs, en þar átti þá að hefjast einhver samkunda á vegum Atlantshafsbandalagsins, þar sem búast mátti við því, að þessi mál yrðu rædd. Á þeirri samkundu varð víst eitthvað styttra í umr. en til stóð, sökum þess að landslýður þar hafði risið upp gegn þeirri stjórn, sem ætlaði að vera „vertinn" í þessu samkvæmi Atlantshafsbandalagsins, og það voru víst ýmsir ráðamennirnir, sem styttu mál sitt meir en til hafði staðið, til þess að ráðstefnunni gæti lokið, áður en landsmúgurinn þar gerði upp reikningana við sína ríkisstj., sem hafði boðið bæði okkar ríkisstj. og öðrum heim til vinafunda, enda máttu þeir ekki öllu seinni vera, því að forsætisráðherra þess ríkis var rétt upp úr þessu gripinn af þjóð sinni og færður í fangelsi, þar sem hann situr enn þá, sakaður um fjölmarga glæpi, og bíður dóms. Og til allrar hamingju sluppu ráðherrar okkar og þeir aðrir, sem ráðstefnuna sóttu, við það að lenda í þessu uppgjöri hjá Tyrkjum.

Sakaruppgjöfin til handa Bretum var sjáanlega gerð í því skyni, að ráðherrar okkar gætu slegið sig til riddara suður í Miklagarði á því að tilkynna þar, hversu eðallyndir þeir væru, að nú væru þeir búnir að gefa upp sakirnar öllum sínum þjófum. En þar í landi var ekki góður markaður fyrir sakaruppgjöf, þar voru menn frekar á þeim buxunum að gera upp sakirnar við þá, sem sökótt áttu, og það varð eitthvað minna úr dýrðinni en til stóð. Engu að síður stendur það, að Bretar, sem hafa rænt og ruplað á okkar miðum að undanförnu, geta nú í skjóli dómsmrh. íslenzka komið inn í íslenzkar hafnir og fengið gert við, — ég veit ekki beinlínis, hvort þeir fá gert við götin á botnvörpunum, sem þeir hafa rifið á botninum á íslenzku landhelginni, en þeir geta a. m. k. fengið alla þá fyrirgreiðslu, sem þeir þurfa, aðra en þá, ef þeir geta þá ekki fengið hana líka. Með þessu hefur þeim náttúrlega verið gert langtum auðveldara en áður að sækja okkar mið, og ég vil taka það alveg sérstaklega fram, að þegar talað er um okkar mið, þá á það við stærra hafsvæði en það, sem liggur innan 12 mílna landhelginnar, því að við eigum einnig enn þá dýrmæt fiskimið utan hennar. En því er nú eitt sinn þannig varið, eins og segir í ljóðinu, að þeim mun stærri sem landhelgin okkar er, þeim mun erfiðara eiga þeir erlendu aðilar, sem á okkar mið vilja sækja, með að nýta einnig þau mið, sem liggja utan landhelginnar. En nú stendur sem sagt til að opna fyrir þeim inn að 6 mílum á ýmsum stöðum og auka þannig olnbogarými þeirra og gera þeim mögulegra en áður var að stunda sínar veiðar á íslenzku miðunum.

Þrátt fyrir alla sakaruppgjöf og þrátt fyrir það, að allir vissu það orðið, að setið var að samningum við Breta, þá var íslenzka ríkisstj. lengi vel að reyna að þræta fyrir þetta, og það var ekki fyrr en í ágústmánuði á s. l. sumri, að hún viðurkenndi það, að nú væri efnt til samningaviðræðna við Breta um landhelgi Íslands, en hún tók það fram, um leið og hún gaf út þessa tilkynningu, að íslenzka ríkisstj. mundi að sjálfsögðu halda fast við samþykktina frá 5. maí 1959. Ég hef þegar rakið það, hvernig hún hefur staðið við þá samþykkt, og það er

reyndar ekkert meira, þó að hún gæfi út þessa tilkynningu um, að hún mundi halda sig við þau efnisatriði, sem samþykktin hljóðaði upp á, heldur en það, að hún er að burðast við það enn hér á þingi, eftir að samningurinn liggur fyrir, sem sýnir það ljóslega, að öll efnisatriði þeirrar till. eru niður tætt, ef þetta samningsuppkast nær fram að ganga sem millirikjasamningur.

Það voru fleiri sólarmerki, sem sýndu það, að hér stóð ekki til að halda sig við samþykktina frá 5. maí, eftir að setzt hafði verið að samningaborði. Viðurkennt var, má segja, að að verulegu leyti hafi íslenzka ríkisstj. hætt að verja íslenzku landhelgina fyrir Bretum. Á haustmánuðum síðastliðnum, — ég get ekki tilkynnt mánaðardag núna, það skiptir ekki öllu máli, það atriði kom, þegar eftir að það hafði gerzt, til umr. hér í þinginu, — þá varð fjöldi sjómanna áheyrendur að því í talstöðvum báta sinna eða hlustunartækjum báta sinna, að íslenzkt varðskip tilkynnir, að brezkur togari sé langt innan við landhelgismörkin að veiðum austur með landi, og spyr landhelgisgæzluna, hvað gera skuli. Landhelgisgæzlan biður varðskipsforingjann um að bíða eftir frekari fyrirmælum. Varðskipsforinginn elti togarann, meðan á biðinni stóð, og að því er síðar varð upplýst, komst hann alveg að síðu hans, og hann sá hvað eina, sem á þilfari togarans var, og hann gat greint einkennisstafi hans og hann þekkti hann að öllu. En þá kom fyrirskipunin, þegar átti að fara að taka hann. Og hvernig var fyrirskipunin? Var hún ekki í samræmi við samþykktina frá 5. maí um það, að við hefðum ótvíræðan rétt til 12 mílna landhelginnar og að við mótmæltum öllum aðgerðum Breta í landhelginni? Ónei. Hún var ekki í þeim anda. Hún var á þessa leið: Hættið að skjóta. Hættið að elta. Reynið að slæða upp vörpuna hans. — Þá fékk varðskipið þó verkefni, sem tryggði, að það væri ekki að ónáða brezka togarann frekar.

Þegar svona framkvæmd verður alþjóð kunn, þegar svona framkvæmd á vörnum okkar landhelgi er augljós, þá er það auðvitað líka augljóst, að hér eru maðkar í mysunni. Hér er verið að svíkjast um að láta íslenzku landhelgisgæzluna framkvæma þá skyldu, sem á hennar herðar á að vera lögð, af einhverjum annarlegum ástæðum. Og það er vissulega rétt, að þegar þessar frásagnir urðu kunnar hér í þingi, þá byrjaði ráðherra, sem var beðinn um skýringar á þessu, á þeim alkunna sið íslenzku ráðherranna nú á dögum að sverja og sárt við leggja, að hann vissi ekki neitt um atburðinn, hann hefði aldrei heyrt þetta fyrr, hann vissi ekkert um þetta. Guðmundur Í. Guðmundsson vissi ekki til þess heldur, að það hefði komið nein tillaga fram um lausn landhelgisdeilunnar við Breta, hinn 6. febr. s. l. Það hefur sem sagt verið leikur íslenzku ráðherranna í öllu þessu máli að telja sig ekkert vita og þykjast vera miklum mun fávísari en allir vissu að þeir voru.

Auðvitað var þessi atburður engin tilviljun. Hann stafaði af því, að það var þegar búið að gera einhvers konar samkomulag við Breta um það, að þeir skyldu ekki truflaðir hér við land. Sjálfsagt hefur það verið meðan á samningum stóð, sem eitthvert slíkt samkomulag hefur verið. Það er út af fyrir sig, þótt gert sé vopnahlé, á meðan ákveðnir samningar fara fram. En það er ekki mikil virðing fyrir Alþingi Íslendinga, að ráðherrar skuli hvað eftir annað í þessu máli koma hér upp í ræðustól, neita að gefa upplýsingar um mál, sem liggja fyrir í staðreyndum, en skjóta sér á bak við það, sem þó er ósatt og í ljós kemur síðar, að þeir viti ekkert um málin.

Þegar við stöndum frammi fyrir þessu samningsuppkasti, sem hér liggur fyrir, þá er það útskýring ríkisstjórnar Íslands, sem leggur samningsuppkastið fyrir í þáltill.-formi, að nú sé aðeins um tvennt að ræða fyrir Íslendinga, þ. e. að fá brezka flotann á miðin með gífurlegri hættu á átökum og skothríð og manntjóni eða semja um það, sem hér liggur fyrir. Ríkisstjórnin virðist sem sagt ekki hafa komið auga á það, að Bretar í hermennsku sinni hér um slóðir hafa engum árangri náð, sem teljandi sé, í þau 2½ ár, sem þeir hafa reynt þessa aðferð sína. Íslenzka ríkisstj. virðist líta fram hjá því, að Bretar eru að gefast upp á þessari aðferð, af því að hún gagnar þeim ekki. Íslenzka ríkisstj. virðist hafa misst sjónar á því, að við vorum búnir að sigra Breta í þessari deilu. En látum það vera, þótt íslenzka ríkisstj. liti fram hjá þessu öllu. Og við skulum bara segja það, að hún trúi því sjálf, að málin standi með þeim hætti, sem hún vill vera láta, þannig að nú sé um tvennt að ræða: annars vegar að semja við Breta um að hleypa þeim inn í landhelgina með þeim hætti, sem samningurinn gerir ráð fyrir, eða fá brezku vígdrekana með uppspenntar fallbyssur á mið okkar með gífurlegri hættu á átökum og skothríð og manntjóni. Vill þá ekki íslenzka ríkisstj., ef hún trúir þessu, sem hún segir hér á Alþingi, útskýra það fyrir okkur hér á þingi, hvernig í ósköpunum það má ske, að slíkur nauðungarsamningur, sem hér er kynntur, skuli vera stórsigur Íslands í málinu? Er það stórsigur nokkurs aðila að beygja sig fyrir spenntum fallbyssukjöftum, — beygja sig til þess að hleypa þeim hinum sömu ófriðarseggjum inn í þá landhelgi, sem ríkisstj. hefur sjálf lýst yfir, að við höfum ótvíræðan rétt til? Ég veit ekki, hvernig ríkisstj. ætlar að koma því heim og saman, að hér sé hvort tveggja í senn, að við séum að láta undan ofbeldi, og hitt, að þetta sé um leið stórsigur Íslands í landhelgismálinu. Ég hygg, að Þórbergur mundi flokka þetta undir það að vera ruglandi. — Nei, þetta getur ekki hvort tveggja verið, sigur Íslands og nauðungarsamningur Íslendinga við Breta um að hleypa þeim inn í landhelgina. Það vantar fleiri skýringar, til þess að hægt sé að kyngja þeim visdómi.

Ef litið er aðeins á efnisatriðin í þessum samningi í ljósi þess, sem hér hefur fram komið í umr. varðandi þau, þá langar mig, með leyfi hæstv. forseta, að fara nokkrum orðum um þau.

Í fyrsta efnisatriðinu stendur: „Ríkisstjórn Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, sem mæld er frá grunnlínum samkv. 2. gr. hér á eftir, og er þá eingöngu átt við fiskveiðilögsögu.“ Þar kemur enn þetta atriði, sem hér hefur mjög verið deilt um, og kannske engin atriði meira deilt um en þetta: Ríkisstj. Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu. Þýðir þetta, að Bretar viðurkenni íslenzku fiskveiðilögsöguna? Við skulum

athuga, hvað hér hefur verið sagt um þetta og hvað meta má samkvæmt því. Ég hef áður minnzt á það, að háskólaprófessorar lagadeildar telja, að þetta jafngildi viðurkenningu. Hæstv. utanrrh. sagði hér í umr. um málið, að brezkir ráðherrar hefðu tekið það fram í brezka þinginu, — það er reyndar um annað atriði, — að það mundi ekki verða leitað endurnýjunar á þessum samningi.

Ég vil vikja hér aðeins að því sérstaklega, hvað það þýðir, að Bretarnir falli frá sínum fyrri mótmælum. Ég hef áður minnzt á, hvernig það reyndist í framkvæmd, að þeir féllu frá 4 mílna landhelginni. Í framkvæmd reyndist það þannig, að þeir óðu inn í hana, þegar þeim þótti það sér henta, og töldu sig algjörlega óbundna af því, þó að þeir hefðu fallið frá mótmælum. En hér skiptir það í rauninni alls engu máli, hvað ráðherrar hér álíta um þetta atriði og ekki heldur hvað prófessorar hér álíta um þetta atriði. Það eitt skiptir máli, hvað í samningnum stendur, því að af því einu telja Bretar sig bundna, þegar fram líða stundir, það má öllum ljóst vera. (**Forseti:** Væri ræðumanni það mikið á móti skapi að gera örstutt hlé á ræðu sinni, það þarf að leita afbrigða fyrir tveimur till.?) Sjálfsagt. [Frh.]

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 456 og 459, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 38 shlj. atkv.

Karl Guðjónsson [frh.]: Ég var, þegar ég gerði hlé á máli mínu, að ræða aðeins um það, hvert hald væri í útleggingu einstakra aðila á því, hvort Bretar væru skuldbundnir til þess að taka aldrei framar upp mótmæli gegn 12 mílna landhelginni samkv. því ákvæði þessa samningsuppkasts, sem hér liggur fyrir, að þeir falli frá mótmælum sínum. Það vantar ekki, að ríkisstj. hefur í grg. sinni fyrir máli þessu fullyrt, að þetta þýði það, að Bretar falli frá þessu, falli eiliflega frá mótmælunum, þ. e. a. s., að þeir viðurkenni 12 mílurnar. Ég var að sýna fram á, að ekkert í þessu hefði gildi nema það, sem í samningnum stæði sjálfum, því að það er nákvæmlega sama, hvað íslenzkir prófessorar segja og hvað íslenzka ríkisstj. segir um þetta, Bretar telja sig aldrei bundna af neinu öðru en því, sem stendur í sjálfum samningnum. Það hafa ýmsir haldið því fram, að hér væri þetta alveg gulltryggt, með því að þessi og hinn visdómsmaðurinn legði þennan skilning í þetta. En það stendur í þessu nefndaráliti, sem er áróðursplagg ríkisstj. með málinu, ýmislegt fleira, sem er álika haldmikið og þetta. Mig minnir t. d., að ég hafi einhvers staðar séð í þessu plaggi, að oftast væri mikið af smáfiski við Kolbeinsey. Ég sé ekki, að smáfiskur sé bundinn af þessu um að halda sig við Kolbeinsey, jafnvel þó að það standi í plaggi ríkisstj. Á sama hátt get ég ekki séð, að það sé hin minnsta skuldbinding fyrir Breta, sem íslenzka ríkisstj. segir í sínum áróðursbæklingi og brezka stjórnin hefur aldrei samþykkt neina aðild sína að. Ég held, að það sé alveg sambærilegur visdómur. Það kann að vera, að hún taki ekki upp mótmælin aftur. Það kann líka að vera, að það sé fiskur oft við Kolbeinsey, en það er alls ekki víst, og það er ekki heldur víst, að Bretar telji þetta orðalag sitt jafngilda því, að þeir viðurkenni 12 mílna landhelgina.

Annars vildi ég minna hv. talsmenn þessa samnings á það, að það er alveg þarflaust að vera að þrátta um þessa hluti. Ef þeir þýða það, sem þeir vilja vera láta, að Bretar viðurkenni landhelgina, að þeir viðurkenni 12 mílna landhelgina, ef það er skilningur bæði Breta og Íslendinga, eins og þeir vilja vera láta, því þá ekki hafa það þannig í samningnum? Andstæðingar ríkisstj. hafa meira að segja komið til liðs við ríkisstj. í þessu efni og gert tillögur um það, að þessu verði breytt. Og vilji ríkisstj. á það fallast, að í staðinn fyrir orðin „falli frá mótmælum sínum" komi „viðurkenni óafturkallanlega 12 mílna landhelgina", þá er málið úr sögunni, og það er í rauninni algerlega þarflaust að vera að þrátta um hluti, sem hægt er að sættast á með þeim hætti, sem báðum ætti vel að líka. Eða hvaða rök eru til fyrir því að láta hluti, sem báðir samningsaðilar eru á einu máli um, standa í samningnum einhvern veginn öðruvísi en það samkomulag bendir til? Ef hér er allt með felldu, þá sé ég ekki, að ríkisstj. hafi neina ástæðu til þess að þrjózkast við það að taka upp þetta orðalag.

Annað atriði samningsins eru breytingar á grunnlínum, miðað við landhelgina eins og hún er nú, þannig að á fjórum stöðum eigi landhelgin að stækka, vegna þess að grunnlínan sé dregin lengri og sleppt úr nokkrum grunnlínustöðum, þ. e. a. s. strandlengjan ekki þrædd með sama hætti og áður var. Þessir staðir eru: utan til á Húnaflóa, þ. e. a. s. það á að draga grunnlínu á milli Horns og Ásbúðarrifs, en Ásbúðarrif er út af Skaga; þá á að draga grunnlínu frá Langanesi í Glettinganes og friða þannig nokkurt svæði á Bakkagerðisflóanum; þá á að draga grunnlínu úr Geirfuglaskeri við Vestmannaeyjar í Eldeyjardrang út af Reykjanesi og friða þannig spildu af Selvogsbankanum til viðbótar við það, sem áður var innan 12 mílna landhelginnar; og í fjórða lagi á að draga grunnlínu úr Geirfugladrangi í Skálasnaga á Snæfellsnesi og friða þannig spildu á sunnanverðum Faxaflóa til viðbótar því, sem áður var. Um þessar grunnlínubreytingar er í skemmstu máli allt gott að segja. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við þær og stuðningi Alþb. Ég tel hins vegar, að þær skili okkur ekki eins miklu hafsvæði til umráða og við ættum rétt til. Þar af leiðandi hef ég ásamt fleiri þm. staðið að því að flytja brtt. um, að grunnlínusneiðarnar verði fleiri og landhelgi okkar verði þar með stækkuð meira en yrði með þessum samningi, en í þeim tillögum er að sjálfsögðu gætt þess, að hvergi sé farið í vafasamari grunnlínur en þegar eru dregnar samkv. uppkasti ríkisstj. að millirikjasamningi við Breta. Auk þeirra grunnlínubreytinga, sem í samningnum eru tilteknar, leggjum við til á þskj. 456, því þskj., sem verið var að veita hér afbrigði fyrir að mætti koma til umr., að grunnlína verði dregin frá Ásbúðarrifi á Skaga í Eyjarfót á Grímsey, en það er norðuroddi Grímseyjar. Mundi þar koma spilda norður af Siglufirði og Fljótum í Skagafirði til friðunar ásamt góðri spildu út af Eyjafirðinum, stórt svæði, sem afmarkast þó innan línu, sem væri styttri grunnlína en margar þær, sem áður hafa verið dregnar. Á sama hátt leggjum við til, að önnur grunnlína verði dregin úr norðurodda

Grímseyjar í Rifstanga á Melrakkasléttu og þannig komi einnig úti fyrir Norðausturlandinu nýtt svæði innan okkar lögsögu, sem liggur þar ekki nú. Sams konar útfærsla á grunnlínum er lagt til á þskj. 456 að verði gerð með því að draga grunnlínu úr Glettinganesi í Hvalbak og einnig úr Hvalbak í Stokksnes, og mundi þar koma hafsvæði inn fyrir okkar lögsögu, sem mundi stækka hana verulega. Þá leggjum við til þær grunnlínubreytingar, sem mér er algerlega óskiljanlegt, hvers vegna hefur verið sleppt að gera í samningsuppkasti því, sem hér liggur fyrir, en það eru grunnlínubreytingarnar út af Mýrabugt og út af Meðallandsbugt. Þar leggjum við til, að grunnlínur verði dregnar frá Stokksnesi í Ingólfshöfða, en það gefur nokkra friðun á Mýrabugtinni, og að úr Ingólfshöfða verði dregin grunnlína í grunnlínupunktinn, sem heitir Meðallandssandur 2 og er í Meðallandi, og mundi það auka verulega fiskveiðiyfirráðasvæði okkar í Meðallandsbugtinni. Þá leggjum við til, að dregin verði grunnlína úr Geirfuglaskeri við Vestmannaeyjar, ekki í Eldeyjardrang, eins og lagt er til í þáltill., heldur í Geirfugladrang, sem er allmiklu utar og notaður er í samningnum sem grunnlínustaður til þess að draga úr grunnlínu fyrir Faxaflóann til Snæfellsness. Allar þessar grunnlínubreytingar munu ekki orka tvímælis og mundu stækka landhelgi okkar verulega frá því, sem áætlað er í þessum samningi, en telja verður, að við eigum rétt til þeirra að alþjóðalögum.

Ég kem þá sérstaklega að túlkun ríkisstj. á því, hvernig skilja beri þessar grunnlínubreytingar, sem hún leggur til, og ég vil taka fram, að ég tel, að enginn eðlismunur sé á þeim grunnlínubreytingum, sem við leggjum til til viðbótar. Hún leggur þann skilning í þessar grunnlínubreytingar, að hér sé um að ræða eitthvað, sem við fáum úr hendi Breta fyrir það, sem þeim er fyrirhugað af okkar landhelgi. Því vil ég gersamlega mótmæla, því að ég tel, að þarna hafi Bretar okkur ekkert að gefa, þetta sé hlutur, sem við eigum tilkall til og getum tekið, hvenær sem samstaða er fyrir því í íslenzkri ríkisstj.

Hv. stjórnarsinnar hafa mjög í ræðum sínum reynt að gera tortryggilegt frv., sem Alþýðubandalagsmenn og framsóknarmenn hafa lagt fram í Ed. á þessu hausti um það að lögfesta reglugerðina, sem markar núv. landhelgi okkar. Þeir hafa mjög haldið því á lofti í sínum umr., að með því væru þeir flokkar, sem þar að stóðu, Alþb. og Framsókn, að girða fyrir grunnlínubreytingar. Hér er auðvitað um vísvitandi rangtúlkun að ræða. Með því væri auðvitað við íslenzka Alþingið eitt að eiga og ríkisstj., sem að völdum sæti hverju sinni, um það, hvernig við vildum marka grunnlínurnar, en ekki við neina erlenda aðila. Með þeirri till., sem við höfum lagt hér fram um grunnlínubreytingar, og með okkar yfirlýsingu um það, að við styðjum þær grunnlínubreytingar, sem fyrirhugaðar eru, tökum við af öll tvímæli um, að hér er ekki um neitt það að ræða, að hægt sé að ásaka okkur fyrir að hafa nokkru sinni staðið í vegi fyrir því, að grunnlínum yrði breytt. Allt slíkt er hreinn uppspuni þeirra manna, sem telja sig standa höllum fæti í röksemdafærslu og reyna að finna til hvert hálmstrá, líkt og drukknandi maður, sem vill halda sér á floti. Hér er þó ekki einu sinni um það að ræða, að hér sé hálmstrá, sem haldið geti þeim upp úr. Hér er um algera ímyndun að ræða. Það hefur aldrei staðið á Alþb. — og ég hygg ekki á Framsfl. heldur — til að samþykkja þær grunnlínubreytingar, sem hugsanlegt var að fá samstöðu við aðra flokka til að lögbinda eða til að ákveða með reglugerð.

Í sambandi við grunnlínurnar hefur, eins og ég hef nú sýnt fram á, verið leikinn hér hinn mesti skrípaleikur, sem á að reyna að hjálpa mönnum með slæman málstað til þess að reyna að koma skömm sinni yfir á aðra. En slíkt er gersamlega haldlaust, því að það, sem máli skiptir í þessu, er í rauninni ekki viðurkenning Breta, heldur okkar alþjóðlegi réttur, því að hér er um alþjóðlegan rétt að ræða, enda þótt hann sé ekki fyrir hendi að því er varðar almenna viðáttu landhelginnar.

Í sambandi við það, sem hv. stjórnarsinnar, ráðherrar, — það eru reyndar ekki nema ráðherrarnir, og svo komst ríkisstj. ekki hjá því að þvinga einn af sínum fylgismönnum til þess að gerast frsm. málsins, eftir að það kom úr nefnd, — ég velt náttúrlega ekki, hvort hefur þurft að þvinga hann, en dálítið er það merkilegt og íhugunarvert, að enginn einasti maður af öllu þingliði stjórnarinnar, sem hér er býsna fjölmennt, skuli hafa tekið til máls, nema ráðherrar og svo sá eini, sem gerði það af vissri embættisskyldu hér í þinginu, — þeir hafa mjög reynt að halda því fram, að hér væri um að ræða nokkuð, sem Bretar væru að afhenda okkur. Ég fullyrði: til þessa eigum við alþjóðlegan rétt. En ef það væri nú rétt, sem ríkisstj. vill vera láta, að hér sé um gæzku Breta eina saman að ræða, þá vildi ég aðeins spyrja: Er gæzka Breta jafngild og alþjóðalög? Er þá nokkur önnur þjóð skuldbundin af því að virða þessar útfærslur okkar, ef við eigum að líta svo á, að hér sé um að ræða bara atriði í millirikjasamningi við Breta, en ekki alþjóðalög? Mér þætti vænt um það, að hæstv. utanrrh., sem ég sé að hefur bæði penna og blað við höndina, styngi þessari spurningu niður hjá sér og segði okkur þingheimi síðan við tækifæri, áður en þessari umr. lýkur, álit sitt á því, hvort ákvæði í millirikjasamningi við Breta gildi sem alþjóðasamningur, sem allar aðrar þjóðir verði að fara eftir, eða hvort hann áliti, að þessar grunnlínubreytingar, sem í samningnum eru ráðgerðar, séu gerðar skv. alþjóðalögum.

Þá er komið að því atriðinu í samningnum, sem telja má að sé okkur Íslendingum harla óhagkvæmt. Það er ákvæðið um það, að í þrjú ár frá dagsetningu svars Bretastjórnar við þessari orðsendingu muni ríkisstj. Íslands ekki hindra, að skip, sem skrásett eru í Bretlandi, stundi veiðar á svæði því milli 6 og 12 mílna innan fiskveiðilögsögunnar, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum og tímum, og síðan eru svæðin tilgreind, eins og glögglega má marka þau, og ég hygg, að ekki sé út á það að setja, hvernig þau eru mörkuð. Þetta þýðir það, eins og ég hef reyndar áður sýnt fram á, að Bretar fá afnot af ytra 6 mílna belti íslenzku landhelginnar á þeim tímum og á þeim svæðum, sem þeim eru hagkvæm, sem

þeir hafa áhuga fyrir. Ég hygg, að tímatakmörkin séu beinlínis þannig sett, að Bretar hafi engan áhuga á veiðum á þessu tiltekna belti á öðrum tímum en þeir mega veiða þar skv. þessu uppkasti að samkomulagi. Ef horfið verður að því ráði að gera þennan samning með þeim hætti, sem hér er áformað, þá liggur beinlínis fyrir, að allt frá Reykjanesi og að Ingólfshöfða hafa Bretar réttindi á öllu 6 mílna beltinu. Við Ingólfshöfða tekur við lítið belti. Ég veit ekki, hvað það er breitt, — ég gæti gizkað á, að það væri 10 mílur, kannske 20, þar sem þeir mega ekki veiða á þessu belti. Annað skarð er þeim gert að hafa í heiðri út af Hornafirði, það er álika stórt, og við Grímsey er þeim gert að þyrma einu skarði í þessu ytra 6 mílna belti. Að öðru leyti, þegar frá eru tekin þessi 3 skörð, þá eru tímatakmörk og ákvarðanir allar með þeim hætti, að raunverulega eru Bretum afhent með samningi þessum veiðiréttindi á ytri 6 mílunum í 3 ár. Þetta er þess vegna, að því er varðar þessa 3 landsfjórðunga, í rauninni samningur um 6 mílna landhelgi. Fyrir Vesturlandi eru réttindi þeirra ögn minni. Þar eiga þeir ekki að fá afnot af ytra 6 mílna beltinu nema á þremur tilteknum stöðum, norðan til í Faxaflóa, í Kolluálnum út af Snæfellsnesi og út af Látrabjargi. En þessir þrír staðir eru líka þannig valdir, að það eru kannske ekki einustu svæðin, sem Bretar kynnu að hafa áhuga á að eiga réttindi á fyrir sinn togaraflota, en a. m. k. þau langsamlega mikilvægustu, sem á þessum slóðum finnast. Einnig þar hefur því hlutur Bretanna verið gerður býsna mikill.

Ég hef þá sýnt fram á, að hér er í rauninni um það að ræða, að horfið hefur verið frá 12 mílna landhelginni. Hún hefur verið gerð að 6 mílna landhelgi umhverfis landið úti fyrir þremur landsfjórðungum, sunnanlands, austanlands og norðanlands. Og vestanlands fá Bretar skörð inn í okkar landhelgi, sem þeir mega hagnýta sér, á þremur þeim stöðum, sem þeir telja sér mikilvægasta. Hér er því ekkert smáræði, sem af hendi er látið af Íslands hálfu, og það er réttlætt af stjórnarinnar hálfu með því, að Bretar viðurkenni grunnlínubreytingar, sem við eigum að alþjóðalögum. Hefur það verið margrakið bæði hér á þingi og annars staðar, að hér eru Bretar að komast að þeim kjarakaupum við Íslendinga, að þeir borga með Íslendinga eign sjálfra. Íslendingar áttu Selvogsbanka, Faxaflóa, Húnaflóa og Bakkafjarðarflóa, en ekki Bretar, enda þótt Bretum eigi nú að haldast uppi að mati ríkisstj. að láta sjávarspildur af þessum flóum til yfirráða Íslendinga, sem greiðslu fyrir það að fá að vaða inn í íslenzku landhelgina með þeim hætti, sem ég hér hef lýst.

Það vekur alveg sérstaka athygli, að þar sem Bretar eiga að lofa því að virða ytra 6 mílna beltið, þar er svo til orða tekið, að á áðurgreindu 3 ára tímabili skuli þó skipum, sem skráð eru í Bretlandi, óheimilt að stunda veiðar á svæðum, sem síðar eru tilgreind. Mig minnir, að hæstv. utanrrh. hafi einhverju sinni í þessum umr. komizt svo að orði, að allt orðalag samningsins beri það með sér, að það standi ekki til að endurnýja hann. Ég verð að segja hæstv. ráðh. það, að mér finnst þetta orðalag ekki benda til þess. En út yfir tekur þó, og það tel ég vera óvirðingu Alþ. sýnda í svo grófum mæli, að því megi ekki láta ómótmælt, að hæstv. utanrrh. leitast hér við að færa sannanir fyrir því, að ekki verði beðið um endurnýjun á samningnum af Breta hálfu, með því að gauka í barm sér, taka þar upp plagg, sem hann telur þingheimi trú um að sé eitthvert merkilegt plagg frá stjórn hennar hátignar Bretadrottningar um það, að því sé lofað, að ekki verði beðið um endurnýjun á samningnum. Ég krefst þess fyrir hönd þm., að slíkt plagg sé ekki leyniplagg ráðh., heldur sé það lagt fyrir Alþ. og alþm. gefist kostur á því að meta það plagg eftir því, sem efni standa til, — það sé ekki einkaplagg ráðh., sem notað sé í rökræðum á þingi, notað til þess að reyna að sannfæra þm. um eitt eða annað, jafnframt því sem þeim er neitað um að fá að sjá slíkt plagg. (**Gripið fram í:** Ég las yfirlýsinguna.) Var hún ekki lengri en þetta? (**Gripið fram í:** Nei.) En því má þá ekki leggja fram plaggið? (**Gripið fram í:** Ég las hana upp.) Já, það getur vel verið, en ekki hef ég neina tryggingu fyrir því, að ráðh. hafi lesið það, sem á plagginu stóð, og ekki hef ég neina tryggingu fyrir því, að þetta plagg hafi verið undirskrifað af stjórn hennar hátignar. Ég vil fá að sjá það. Hæstv. ráðh. kann því máske illa, að honum sé ekki trúað orði til orðs, jafnvel í þeim efnum, þar sem hann fer með hálfkveðnar vísur. En ég verð að segja það rétt eins og það er, að skv. reynslu okkar alþm. af orðheldni hæstv. ráðh. tel ég mig hafa ástæðu til þess að biðja um, að plaggið verði lagt fram sem fylgiskjal í þessu máli. Ég það reyndar um það strax við hina fyrri umr. þessa máls, en ráðh. hefur ekki séð sér fært að verða við því. En hann lætur sér hins vegar sæma að halda þessu plaggi fyrir sig einan, fullyrða það, að í því standi einhverjir merkilegir hlutir frá Bretastjórn, en það má enginn nema hann einn fá að sjá stimplinn á því bréfi eða undirskriftina né heldur að sjá með eigin augum, hvað í því stendur. Þessu leyfi ég mér fyrir hönd þm. að mótmæla sem einstæðri móðgun við Alþ.

Öll þau réttindi, sem Bretum eru gefin skv. þessum samningi, eru ekki einasta miðuð við brezka togara, þau eru miðuð við fiskiskip skrásett í Bretlandi. Það eru mörg fleiri fiskiskip skrásett í Bretlandi en brezkir togarar. Þar eru t. d. skip, sem veiða með dragnótum. Ég kannast vel við það úr Vestmannaeyjum frá fyrri árum, að þar var stundum mikið um skozka báta, sem veiddu með dragnót. Þar koma einnig upp að skip úr Bretaveldi með margs konar önnur veiðarfæri, og ég ætla, að þeim muni öllum jafnheimilt að veiða í íslenzku landhelginni og togurunum, sem mest hefur verið talað um, enda tel ég það eðlilegt, ef samningur við Breta er gerður um þessa hluti á annað borð, að hann nái til fiskiskipa, líka þeirra, sem veiða ekki með botnsköfum, eða til þeirra, sem veiða með öðrum veiðarfærum en botnvörpu, af þeim veiðarfærum, sem á annað borð eru leyfð. Það hefur líka verið upplýst, að ekki muni öðrum þjóðum verða meinað að ganga inn í þennan samning eða njóta þeirra réttinda, sem samningurinn veitir Bretum. Við getum þess vegna átt von á því, að það verði auk Breta ýmsar aðrar þjóðir, sem hyggja hér á veiðar. Það er t. d. vitað, að

Belgíumenn stunda hér mjög veiðar utan við 12 mílna landhelgina á litlum togurum, — togurum, sem eru af stærðinni 150—250 lestir. Slíkir togarar eiga óhægt með að stunda veiðar á miklu dýpi, og þykir manni það næsta furðulegt, að Belgíumenn skuli hafa haldið þeim úti hér við Ísland, eftir að 12 mílna landhelgin var þeim lokuð. En það þarf enginn að efast um það, að þeir munu mjög sækja á þau belti, sem opnuð verða innan 12 mílnanna, og er það eðlilegt frá þeirra sjónarmiði, en að sjálfsögðu jafnbagalegt fyrir íslenzka fiskimenn að missa þannig hluta af sínum fiskimiðum í Belgíumenn, því að ég tel engan vafa á því, að þeir koma hér á miðin líka, og þeir eiga mikinn urmul slíkra skipa, sem geta gert hinn mesta usla á miðum vorum.

Þá vil ég benda á það, að með þeim tímaákvörðunum og svæðaákvörðunum, sem í þessum samningi eru mótuð, er öllum sumarsíldveiðisvæðum okkar haldið opnum upp að 6 mílum á þeim tíma, sem síldargangna er þar að vænta. Við getum þess vegna búizt við því, að síldveiðiþjóðir komi með skip sín upp að 6 mílunum við Austurland og við Norðurland, ef þar yrðu síldargöngur, strax á sumri komanda og þrengdu þá meira en hóflegt er að íslenzka flotanum á þeim slóðum, sem nú á að opna. Það er ekkert smár floti, sem Norðmenn, Svíar, Finnar, Rússar og reyndar fleiri þjóðir hafa haft í námunda við þessi svæði á undanförnum árum, og ef nú svo færi, að síldargöngur yrðu á því svæði landhelginnar, sem nú stendur til að opna útlendingum, þá verður þar þröngt fyrir dyrum hjá íslenzkum fiskimönnum. — Ég hygg, að á þeim síldveiðiflota íslenzkum, sem þar ætti að stunda sínar veiðar, mundu lítil fagnaðarlæti verða varðandi þann samning, sem ríkisstj. nú áformar að gera. Þvert á móti er einsýnt, að ákvæði samningsins geta komið til með að skaða okkur stórlega, ef síldargöngur höguðu sér með svipuðum hætti og algengt var fyrir svo sem 15—20 árum. Auðvitað getur auðveldlega til þess komið, og við vonum öll, að til þess muni koma fyrr en síðar.

Hér er þess vegna greinilegt, að með hreyfingunum á landhelginni sjálfri, með því að opna hana fyrir útlendingum að parti og með því að stækka hana með grunnlínum, eru Íslendingar annars vegar að taka rétt, sem þeir eiga, hins vegar eru þeir að afhenda útlendingum rétt, sem þeir líka eiga. Hver er þá ávinningurinn? mætti spyrja. Fiskveiðilega séð er hann enginn, — alls enginn annar en sá, ef þetta mætti verða til þess að losna við brezku veiðiskipin úr sínum ránsveiðibásum. En það hefur áður verið sýnt fram á það, að þau hafa ekki með þeim hætti getað valdið neinum teljandi truflunum á íslenzku fiskveiðunum, og auk þess bentu öll sólarmerki til þess, að það væri mjög útdeyjandi starfsemi hjá Bretunum að sækja okkur heim með þeim hætti.

Eftir er þá síðasta efnisatriði samningsins, en það er eins og þar stendur, að mig grunaði alltaf, að síðasta plágan yrði verst, og svo er einnig í þessum samningi. „Ríkisstj. Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþ. frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland.“ Þetta eru falleg orð. En með þeirri reynslu, sem komin er af ríkisstj. Íslands, þeirri sem nú situr, þá held ég, að það væri frekar í hag íslenzku þjóðinni, að hún hætti þessari starfsemi, ef hún ætlar að reka hana framvegis eins og hún hefur rekið hana hingað til, því að það er ekki Íslandi í hag, sem hún hér hefur gert varðandi þessa till. eða varðandi framkvæmd á efni þessarar tillögu. Hæstv. fjmrh. tók það fram sérstaklega í ræðu sinni um þetta mál, að við mættum ekki fastbinda okkur við 12 mílna landhelgina, við þyrftum meira, sagði hann. Annar ráðherra talaði hér um þá till. Lúðvíks Jósefssonar, frá því að hann var sjútvmrh., að á einu stigi málsins leitaði hann eftir samkomulagi ríkisstj. um það að færa landhelgina út fyrir 12 mílur sums staðar og reyna þannig að ná undir íslenzka lögsögu meiri hluta af íslenzka landgrunninu en þá hafði verið gert, og mér heyrðist hann tala um þetta sem fjarstæðu. Gunnar Thoroddsen aftur á móti talaði um það sem mjög ákjósanlegan hlut, ef við reyndum að eignast eitthvað meira af landhelginni en 12 mílurnar. Sá ráðh. talaði digurbarkalega um það á missirum þeim, sem liðin eru næst á undan þessu, að 12 mílur væri allt of lítið, við þyrftum langtum meira. En hvað felur þessi samningur í sér, ef gerður verður? Hann felur það í sér, að við ætlum ekki að gera neina tilraun til þess að helga okkur meira af landgrunninu en við þegar erum búnir að, nema því aðeins að bera það fyrst undir Breta, og ef þeim líkar það ekki, — og hverjum dettur í hug, að þeim líki það? — þá ætlum við að leggja það undir dómstól, sem engin lög hefur til þess að dæma eftir í því máli. Við ætlum að leggja það undir mat Alþjóðadómstólsins í Haag, þ. e. a. s. dómendanna þar, hvað þeim finnst sanngjarnt í málinu. Ég held, að það væri betra, að ríkisstj. Íslands héldi ekki áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland eftir þessum aðferðum, sem hér eru áformaðar.

Það má segja, að út af fyrir sig sé það ekki óeðlilegt, að við tilkynnum Bretum með einhverjum fyrirvara, þegar við ætlum að færa út okkar landhelgi. En að birta það í millirikjasamningi við þá finnst mér harla grunnfærnisleg aðferð. Við höfum aldrei fært út okkar landhelgi án þess að tilkynna það fyrir fram þeim þjóðum, sem hugsanlegt væri að ættu þar hlut að máli eða þyrftu með einhverjum hætti að breyta framkvæmd sinna fiskveiða eftir því, hvernig við legðum okkar landhelgislínu. Það hefur sjálfsagt engum Íslendingi dottið í hug að gera slíka hluti fyrirvaralaust. Það er að sjálfsögðu skylda hvers, sem slíkar breytingar ákveður, að tilkynna þær með hæfilegum fyrirvara, ekki bara Bretum, heldur öllum þeim, sem hugsanlegt er að hlut eigi að máli, — tilkynna það í alþjóðasamtökum og auglýsa það sem sagt með þeim fyrirvara, sem skaplegur má teljast. En með því að taka það upp í millirikjasamning við Breta, að við skulum ekki hreyfa við einu eða neinu nema tilkynna þeim það fyrst með 6 mánaða fyrirvara, þannig að þeir ættu að vega það og meta, hvort þeir væru sammála okkur, og þeir skyldu hafa málskotsrétt á þessu okkar máli til alþjóðadómstólsins í Haag, hvað sem við segðum að öðru leyti, það er að fara inn á alveg nýja

braut í þessum málum, — braut, sem að mati íslenzku og brezku ríkisstj. bindur sjálfsagt fyrir frekari útfærslu íslenzku landhelginnar um ókomin ár, um ófyrirsjáanlega tíð.

Menn heyrðu það í hádegisútvarpi í dag og reyndar aftur í kvöld, að yfirmenn á brezkum togurum í Hull eru, eins og segir í fréttinni, með miklum meiri hluta í sinu félagi búnir að gera samþykkt um að vinna að því að koma á löndunarbanni á íslenzkum fiski í Bretlandi, nema því aðeins að Soames, brezki fiskimálaráðherrann, geti gefið þeim fullnægjandi sannanir fyrir því, að íslenzka landhelgin muni ekki verða færð út að þrem árum liðnum. Ég efast ekkert um það, að Soames fiskimálaráðherra getur rétt að þessum togarayfirmönnum það plagg, sem þeir eru að biðja um, þegar eftir að þessi orðsending stjórnar Guðmundar Í. Guðmundssonar hefur verið send brezku stjórninni sem tilboð um millirikjasamning. Ég efast ekkert um það, að togaraskipstjórar í Hull ásamt með Soames fiskimálaráðherra þar í landi munu meta þau ákvæði, að íslenzka ríkisstj. skuldbindi sig til þess að færa ekki út íslenzku landhelgina framvegis nema í fyrsta lagi tilkynna það Bretum með 6 mánaða fyrirvara og með réttindum til handa Bretum um að leggja málið fyrir dómstól, ef þeim líkar ekki. Ég efast ekkert um það, að þar í landi mun þetta verða metið sem fullgild viðurkenning af Íslands hálfu fyrir því, að slíkar framkvæmdir verði ekki gerðar á næstunni. Ég á þess vegna ekki von á því, að Íslendingar þurfi að óttast neitt löndunarbann í Bretlandi af þeim sökum, að þessa sönnun verði talið vanta. En það verður fróðlegt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með því á næstu dögum eða vikum, hvert mat Breta verður á þessu ákvæði, hvort yfirmenn á brezkum togurum í Hull, þeir sem á sinni tíð stóðu fyrir því, að löndunarbanni var komið á íslenzkan fisk í Bretlandi, telji sig ekki hafa öll trompin á hendinni í þessu máli, þegar þeir hafa fengið samningstilboðið frá íslenzku ríkisstj., ef Alþingi fremur það glappaskot að samþykkja það.

Um þetta ákvæði að öðru leyti verður að segja það, að þegar það bætist við orðanna hljóðan í samningnum, að íslenzka ríkisstj., sem stendur að till., metur málið svo, að hér sé um að ræða skuldbindingu, sem standa á um alla framtíð, verður það augljóst, að hér er gengið feti lengra en réttur þessarar stofnunar leyfir. Það er þó, hvað sem í öllum lögum og sáttmálum kann að standa, til sá réttur, sem heitir siðferðilegur réttur. Og ef maður athugar það mál t. d. frá sjónarmiði utanrrh., þótt um hann gegni auðvitað sama máli og alla þá, sem kunna að gjalda þessum samningi líðsinni sitt við lokaafgreiðslu, — það er áreiðanlega frá sjónarhóli hvers sem er af þeim, sem að þessari samningsgerð standa, gengið feti lengra en sá hinn sami getur forsvarað frammi fyrir sinni samvizku, að láta fyrst kjósa sig til þings undir loforðinu um að halda fast við 12 mílna landhelgina, undir loforðinu um að vinna að því, að viðurkenndur verði réttur Íslendinga til yfirráða á öllu landgrunni Íslands, og leggja síðan fyrir Alþingi samning til samþykktar, þar sem á að binda það fastmælum við Breta um alla framtíð, að íslenzka fiskveiðilögsagan verði ekki færð út nema að fengnu þeirra samþykki eða með dómi dómstóls, sem engin lög hefur til að dæma eftir í málinu, og við þetta eigi ekki einasta þeir að búa, sem nú byggja þetta land, heldur líka afkomendur þeirra bornir og óbornir um alla framtíð. Ég vildi gjarnan sjá framan í þann mann, sem vildi segja það upphátt hér í þessum ræðustól, að hann teldi sig hafa samkv. kosningu sinni til Alþingis hinn 25. okt. 1959 réttindi til þess að gera þess háttar skuldbindingar við Breta fyrir hönd Íslendinga. Ég efast meira að segja um, að hæstv. utanrrh. sé tilbúinn til þess að gera það héðan úr ræðustóli, og verð ég þó að viðurkenna það, að honum er allra manna sízt hætt við því að láta sig kligja af smámunum.

Það hefur risið upp nokkur ágreiningur um skilning á þessari grein eða a. m. k. hafa menn túlkað það hér á ýmsa vegu hvernig þetta mundi verða framkvæmt, ef til þess kæmi, að Íslendingar reyndu einhverju sinni að færa út fiskveiðilögsöguna undir þessum ákvæðum. Því hefur verið haldið hér fram af frsm. meiri hl. utanrmn. í málinu, að þessi ákvæði þýddu það, að ef Íslendingar ákvæðu útfærslu á landhelginni út fyrir 12 mílur, þá yrðu þeir að tilkynna Bretum það að visu með 6 mánaða fyrirvara, en hvað sem Bretar segðu, þá mundi framkvæmd þeirrar stækkunar taka gildi og alþjóðadómstóllinn fjalla um hana sem gerðan hlut og ákveðinn, og þetta þýddi í raun og veru það, að Bretar skuldbyndu sig til þess að beita ekki vopnavaldi gegn Íslendingum í slíku tilfelli. Það kann að standa eitthvað um þetta í bréfi drottningarinnar til Guðmundar Í. Guðmundssonar utanríkisráðherra, en það stendur ekkert um þetta í samningnum, — ekki nokkur skapaður hlutur. Bretar eru gersamlega óbundnir af því samkvæmt samningnum, hvernig þeir vilja túlka þetta atriði, og þeir, sem hafa horft upp á reynsluna af samskiptunum við þá nú að undanförnu geta varla efazt um það, hvernig Bretar mundu túlka þetta, enda hefur annar ræðumaður hér í kvöld, — ég hygg, að það hafi verið hv. 1. þm. Norðurl. v., — bent á, að á öðrum stað í þessu merka þskj. hefur ríkisstj. sjálf hagað orðalagi sínu þannig, að greinilegt er, að hún býst ekki við því, að slík útfærsla gæti komið til framkvæmda, fyrr en eftir að dómur væri fallinn hjá alþjóðadómstólnum um þetta mál. Það er þess vegna alveg greinilegt, að hér á að taka upp önnur vinnubrögð en verið hafa að undanförnu og þau vinnubrögð, sem vel hafa gefizt okkur. Nú á að taka upp aðra síðí. Nú á að bíða eftir því, að alþjóðadómstóllinn felli úrskurð, og við megum ekki helga okkur lögsögu, fyrr en hans dómur er kominn. Það skyldi nú aldrei vera, að okkar andstæðingar í málinu, þegar svo væri komið, gætu orðið þess ráðandi í alþjóðadómstólnum, að hann drægi einhverja mánuði og einhver ár að fella slíkan úrskurð, sérstaklega ef líkur bentu til þess, að hann væri Íslendingum hagstæður? Ég veit ekki til þess, að við hefðum nein tök á því að koma fram úrslitum mála á nokkurri skaplegri tíð, þegar svo væri komið. Og í öðru lagi, eins og ég hef margbent á, mundi dómurinn að sjálfsögðu ekki falla samkvæmt neinni lagagrein, hann mundi falla samkvæmt mati, samkvæmt

persónumati þeirra dómenda, sem þar væru, — ég vil ekki kasta neinni rýrð á þá, ég hef ekki ástæðu til þess að ætla þeim neina hlutdrægni í okkar garð í málunum, — hitt veit ég eins vel og aðrir, að það eru ærið fáir utan okkar landsteina, sem skilja þarfir okkar til yfirráða á okkar fiskimiðum í nokkrum svipuðum skilningi og við sjálfir. Við höfum hvað eftir annað — sjálfsagt allir — orðið varir við það, að hjá útlendingum gætir hins mesta misskilnings í þessu máli og þeirra sjónarmið eru öll önnur en okkar sjónarmið. Og auðvitað væri það barnaleg bjartsýni að ætla, að dómarar Haag-dómstólsins væru nokkrar einstakar undantekningar í þeim efnum. Auðvitað mundi þeirra sjónarmið markast af ýmsu öðru fremur en sérstakri þörf þessarar litlu þjóðar til stórrar víðáttu fiskimiða.

Ég skal, herra forseti, láta máli mínu lokið að þessu sinni. En ég vil ítreka það alveg sérstaklega, að ég tel það sérstakt hneyksli, sem hér hefur skeð, að ráðherra heldur fyrir þingheimi óséðum plöggum, sem hann leyfir sér að vitna í sem rök í jafnmikilvægu máli og þetta mál er fyrir Íslendinga, og vil endurtaka mótmæli mín gegn því, að slík vinnubrögð verði þoluð framvegis, í þessari stofnun.

Daniel Ágústínusson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. flutti hér alllanga ræðu við umr. í dag og reyndi að verja þá ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar og væntanlega meiri hluta Alþingis að samþ. þáltill. þá, sem hér hefur verið lögð fram. Þessi ræða hæstv. utanrrh. sýndi venjulegt undanhald í réttinda- og sjálfstæðismálum þjóðarinnar og bar einkenni undanhaldsmanna á öllum tímum og öldum. Það var hræðsla við verkefnin, það var ótti við eitt og annað, sem fram undan væri, við yrðum að láta undan, stórslys gætu verið fyrir höndum, og það væri alls ekki víst, að 12 mílna landhelgin, ekki einu sinni 4 mílna landhelgin, yrði viðurkennd, nema þessi þokkalega þáltill. yrði samþ. Öll þessi ræða bar þess merki, að stjórnarliðið er á hröðu undanhaldi í málinu. Hvar væru sjálfstæðismál Íslendinga í dag, hefði alltaf verið haldið á málunum eins og þarna er, í stað þess að gefa aldrei neitt eftir, sem unnizt hefur, en sækja jafnt og þétt fram úr nýju vígi, sem náðst hefur í sjálfstæðisbaráttunni? En út yfir tekur þó, þegar hæstv. ráðh. fer að lesa upp úr bréfi drottningarinnar, sem minnzt hefur verið á hér á undan. Hann sagði frá því í útvarpsræðu um daginn, að hann hefði þetta plagg í höndum. Hann neitar í utanrmn. að sýna þetta plagg, og þó er utanrmn. æðsta trúnaðarstofnun þingsins í utanríkismálum. Í dag leyfir þessi ráðherra sér að koma með plaggið, og hann gall fram í fyrir síðasta ræðumanni og sagði: „Ég las þetta upp.“ En þarna segir hæstv. utanrrh. ósatt framan í öllum þm. Ég sá þetta plagg hér í næsta sæti, og það var meira en hann las, því að það voru tvær stórar vélritaðar síður á folíópappír, og hann las lítið brot af því. Hann las aðeins, að það væri frá Bretadrottningu eða stjórn hennar til ríkisstjórnarinnar og að hún mundi telja orðalagið svona og svona, en meira var það ekki. Það er skilyrðislaus krafa allra þm., að hæstv. ráðh. láti prenta þetta skjal og útbýti því sem þskj., eins og gerð hefur verið krafa um áður, og það er ekki hægt undir neinum kringumstæðum að láta fara fram atkvgr. um þessa þáltill., fyrr en þetta bréf drottningarinnar liggur fyrir öllum alþm. Það er eitthvað gruggugt við þetta mál, fyrst þarf að fara svona með það: fá vottorð frá prófessorum um vissan skilning, í staðinn fyrir að fá samþykki Bretastjórnar fyrir orðalaginu. Hins vegar þarf að fá íslenzka lagaprófessora sem millilið eða tengilið á milli brezku og íslenzku ríkisstjórnanna? Það ber vott um slæman málstað, en verst er þó að þora ekki að lesa upp bréfin frá brezku stjórninni, sem eiga að vera viðbót við þennan samning.

Þetta er í samræmi við það, að þetta mál skuli vera rætt á næturfundum í staðinn fyrir að ræða það á daginn, þegar þm. yfirleitt eru viðstaddir. (**Gripið fram í:** *Þetta hefur verið rætt á daginn.*) Það hefur verið rætt á daginn, en það er rætt á nóttunni líka, og það er ætlazt til þess af hæstv. forsetum, að umr. haldi áfram sleitulaust alla nóttina, þó að engir ráðh. eða mjög fáir og sárafáir þm. úr stuðningsliði stjórnarinnar séu viðstaddir. Öll þessi málsmeðferð ber þess vitni, að hér er einhvers konar myrkraverk á ferðinni, sem þolir ekki dagsljósið og ekki hægt að ræða með venjulegum hætti. Þetta er stórkostlegt mál, sjálfstæðismál og hagsmunamál fyrir íslenzka þjóð, og það á að ræða þetta mál á reglulegum og venjulegum fundum Alþingis, eins lengi og þm. óska eftir. Það er sú rétta og heiðarlega málsmeðferð.

Þá var annað atriði í ræðu hæstv. utanrrh., sem hann er búinn að margtaka fram í umr. að undanförnu, byrjaði í útvarpinu, tók fram í dag, og ég held, að hæstv. dómsmrh. hafi minnzt á þetta líka. Það er það, að Framsfl. og Alþb. hafi viljað láta lögbinda 12 mílna fiskveiðilögsöguna með frv., sem liggur fyrir Ed., án þess að hirða frekar um grunnlínur, rétt eins og þessir hæstv. ráðh. geri ráð fyrir því, að hafi eitthvað verið tekið í lög núna, þá sé aldrei hægt að breyta slíku. Ég veit ekki betur en hér á dagskrá sé nú fyrir Alþ. breyt. á bankalöggjöfinni. Þó var henni breytt fyrir fáeinum árum. Ekki hefur sú breyting þýtt, að bankalöggjöfin ætti að vera þannig um aldur og ævi. Í sambandi við fræðslumál, tryggingamál og annað þess háttar eru stöðugar breytingar, og þetta er bara gangur lífsins, að lögum er breytt með misjafnlega löngu millibili, og það er þess vegna undarlegt, ef ekki væri hægt að breyta þessum lögum strax, þegar ástæður þykja til. Nei, ástæðan var önnur, og það veit hæstv. ráðh. Hún var fyrst og fremst sú að koma í veg fyrir það, að ríkisstjórnir gætu með einfaldri reglugerð, jafnvel á bak við Alþ., breytt fiskveiðilögsögu landsins.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu þjóðinni hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Við, sem nú erum miðaldra, munum það, að það voru rúmlega 100 þús. íbúar í þessu landi. Nú munu þeir vera milli 170 og 180 þús. Það er mikil nauðsyn á því, þegar þjóðinni fjölgar svo, að auka framleiðsluna og skapa fjölbreyttara atvinnulíf. Sjávarútvegurinn hefur verið burðarásinn í atvinnulífi Íslendinga á undanförnum árum og hefur gefið um 95% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar. Samningurinn við Dani, sem gerður var 1901 og var til

50 ára, var verulegur hemill á því, að Íslendingar gætu notið þeirrar auðlegðar, sem hafið í kringum landið geymir. Upp úr 1940 kemst landhelgismálið á dagskrá, miðað við það, að þessi 50 ára illræmdi samningur var þá senn úr gildi. Stríðsárin voru mikil friðunarár fyrir íslenzkt landgrunn, og kom það greinilega í ljós, að eftir stríðsárin hafði fiskurinn aukizt mjög og fiskgengdin. En veiðin jókst stöðugt. Þegar togarar, brezkir, belgiskir og þýzkir, komu í stórhópum á miðin og þegar kom fram um 1950, eða fáum árum eftir að stríðinu lauk, þá var sjáanlegt, að horfði til auðnar. Rányrkja jókst stórkostlega, enda fleygði veiðitækni mjög fram frá því, sem áður hafði verið. Þess vegna var það, að hin svonefndu landgrunnslög voru samþykkt 1948, og þegar samningurinn 1951 rann út, var samþykkt að færa fiskveiðilögsögu landsins í 4 mílur eða stækka fiskveiðilögsöguna um 18375 km2, og þar í voru flóar og firðir, sem mest munaði um. Þetta hafði strax nokkur áhrif, nema sízt á Vestfjörðum og við Austurland. Bretar mótmæltu þessu, svo sem kunnugt er, og svöruðu með löndunarbanni á íslenzkan fisk, sem stóð 1952—56, en þá gáfust Bretar hreinlega upp á löndunarbanninu, svo sem kunnugt er. Íslendingar töpuðu ekkert á þessu, nema síður sé. Þeir tóku til að verka togarafiskinn sjálfir með ýmsum hætti, og skapaði þetta mjög aukna atvinnu í landinu. Það má þess vegna segja, að þetta löndunarbann Breta í þessi fjögur ár hafi verið til þess að efla atvinnulífið og íslenzkan fiskiðnað.

Þessi áfangi, sem gerður var með 4 mílunum 1952, var ekki neitt lokatakmark, og um það voru allir sammála. En það voru einnig allir sammála um það, sem að þessum málum stóðu, að það væri óhjákvæmilegt að taka útfærslu landhelginnar í áföngum. Sjálfstæðisbarátta Íslendinga var ekki unnin á einum degi, og eins er það með landhelgismálið. Það er ekki heldur sigrazt í því á einum degi. Þar þarf að fara marga áfanga á sama hátt og í sjálfstæðismálum þjóðarinnar. Árið 1952 var Ólafur Thors sjútvmrh. Hann var þá mjög djarfur í ummælum sínum um Breta og virtist þá vera alls ósmeykur við þá. Og ef þið lesið Morgunblaðið fyrsta þriðjudag í júnímánuði ár hvert á þessum árum, þá er hægt að kynnast afstöðu hans mjög rækilega. Það var nefnilega siður, og sá siður helzt enn, að sjútvmrh. eða nánar tiltekið siglingamálaráðherra talar á sjómannadaginn, fyrsta sunnudag í júní, og Ólafur Thors lýsti áhuga sínum í landhelgismálinu yfirleitt í þessum ræðum meira og minna. Ég vildi aðeins — með leyfi hæstv. forseta — minna á eina slíka ræðu, sem Ólafur Thors hélt, en það var í fyrsta skipti, að hann talaði á sjómannadegi, eftir að 4 mílna landhelgin var ákveðin, og það er fróðlegt og nauðsynlegt að bera þessi ummæli Ólafs Thors saman við það, sem nú er að gerast hjá hæstv. ríkisstj. og stuðningsliði hennar.

Það er það fyrsta, að Ólafur Thors segir, að íslenzka stjórnin hafi reynt að hafa áhrif á ákvörðun brezku stjórnarinnar í sambandi við löndunarbannið, sem var afleiðing fiskveiðilandhelginnar. „Enn hefur það þó ekki borið árangur," segir Ólafur Thors, „sem raun ber vitni um. En íslenzka ríkisstj. vill, að það liggi ljóst fyrir, að það er vegna þess, að brezka stjórnin hefur valið þann kostinn að sætta sig við málstað og baráttuaðferð brezkra útgerðarmanna fremur en að taka á sig þann vanda að hefja til vegs siðferðilegan og lagalegan rétt Íslendinga, að enn hefur ekki tekizt að koma á umr. um það, með hverjum hætti þessi þjóðhættulega deila skuli lögð fyrir alþjóðadómstólinn. Enn segja menn: Er þá víst, að kröfur Íslendinga séu ekki svo fjarri sanni, að brezka stjórnin geti með engu móti við þær unað? Þessari spurningu er margsvarað í þeim einörðu og rökföstu orðsendingum, sem utanrrh. Íslands hefur fyrir hönd íslenzku ríkisstj. sent utanrrh. Bretlands, en þar er réttur Íslendinga studdur óbifanlegum rökum. Þau rök skulu ekki endurtekin hér. Hins vegar má nú svara þessum spurningum með því að spyrja: Við hvað á stjórn Bretlands, þegar hún í síðustu orðsendingu sinni segist fús til að taka til athugunar hvers konar raunhæfar tillögur, sem íslenzka ríkisstj. kynni að vilja gera um lausn málsins? Hvað er það, sem stjórn Bretlands á við með raunhæfum tillögum? Hún hlýtur að eiga við tillögur, sem leiða til friðar og fullra sætta í málinu, þannig að forn vinátta og viðskipti þjóðanna hefjist á ný. En væri það þá raunhæft, ef stjórn Íslands tæki upp þá till. stjórnar Bretlands að leggja Faxaflóalínuna eina fyrir Haagdóminn, nú eftir að brezkir útgerðarmenn neita að fallast á að aflétta einkalöndunarbanni sínu, þótt samkomulag náist um málsmeðferð, og stjórn Bretlands hefur lýst yfir því, að löndunarbannið sé löglegt og utan umráðasviðs ríkisstj. Bretlands? Við skulum alls ekki reikna með því, að nokkuð það komi fyrir í málarekstri eða dómsniðurstöðu, sem gefur brezkum útgerðarmönnum byr í seglin, heldur ganga út frá því, sem líka ætti að mega treysta, að dómstóllinn staðfesti ákvörðun Íslendinga um Faxaflóalínuna. En mundu ekki brezkir útgerðarmenn eftir sem áður neita að aflétta banninu? Mundu þeir ekki krefjast, að næst dæmdi dómurinn um 4 mílna línuna? Og segjum, að einnig það mál vinni Íslendingar. Mundu þá ekki brezkir útgerðarmenn fá önnur málsatriði sannprófuð? Segjum, að við vinnum einnig þessi mál." Svo kemur niðurstaða Ólafs Thors, og berum hana saman við það, sem nú er sagt um alþjóðadómstólinn og það starf. Hann spyr hérna: „Hvað yrði mikið vatn runnið til sjávar, áður en allir þeir dómar yrðu gengnir, og hversu margar milljónir hefði sá málarekstur kostað Íslendinga?" Þarna vikur hann að tveimur atriðum: Það getur orðið endalaus dráttur í sambandi við alþjóðadómstólinn, og slíkur málarekstur getur kostað Íslendinga margar milljónir.

Það var sagt frá því í haust, að hæstv. forsrh. hafi átt viðtal við Macmillan forsrh. Bretlands um landhelgismálið. Það er þess vegna fróðlegt að skýra frá því, hvað hæstv. sjútvmrh. 1952—53, Ólafur Thors, sagði við brezku stjórnina þá um þetta mál, og það er fróðlegt að bera þetta álit hans saman við afstöðu núv. ríkisstj. í málinu, og ég held að það mætti ýmislegt af þessu læra, sem hæstv. núv. forsrh., þá sjútvmrh., segir um þetta, en hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta.

„Þegar ég lagði málið fyrir Alþingi hinn 6. nóv. s. l., mælti ég m. a. á þessa leið: „Það er málinu sjálfu og öllum aðilum þess fyrir beztu, að ekki sé

farið dult með þá staðreynd, að núv. ríkisstj. Íslands mun halda fast á málstað Íslendinga. Ef henta þykir, mun stjórnin ekki hika við að flytja málið með fullri einurð á sérhverjum erlendum vettvangi, þar sem rödd Íslands heyrist. Stjórnin mun hvergi hopa, heldur sækja fram til sigurs með öllum löglegum ráðum. Íslendingar munu aldrei þola ríkisstj. sinni undanhald í málinu. Rík þjóðarþörf og einhuga þjóðarvilji er slagbrandur fyrir öllum útgöngudyrum til undanhalds í þessu mikla velferðarmáli Íslendinga.“ Og loks sagði ég í viðræðum, er ég átti um síðustu áramót við stjórn Bretlands, að hvorki núv. ríkisstj. Íslands né nein önnur vildi víkja í þessu máli. Það gæti heldur engin íslenzk ríkisstj. gert, þótt hún vildi. Sú stjórn, sem það reyndi, yrði ekki lengur stjórn Íslands, hún yrði að láta sér nægja að vera fyrrv. ríkisstj.“

Og að lokum segir Ólafur Thors:

„Tillögur ríkisstj. liggja ljóst fyrir. Þeim verður ekki breytt. Það fyrirheit tel ég mig geta gefið íslenzkum sjómönnum á þessum hátíðisdegi þeirra, enda treysti ég því, að sérhverri stjórn, sem reynir að bregðast hagsmunum Íslendinga í þessu máli, muni tafarlaust vikið frá völdum.“

Það er fróðlegt að bera þessi ummæli hæstv. núv. forsrh., sem þá var sjútvmrh., saman við þau vinnubrögð, sem höfð hafa verið við þennan síðari áfanga í landhelgismáli þjóðarinnar. Þetta var fyrsti áfanginn, 4 mílna útfærslan. Næsti áfanginn var 12 mílna útfærslan. Sumarið 1958 gerðist margt meira, og hefur það verið rakið hér af ýmsum ræðumönnum áður. Ég vil þó aðeins drepa á það, að Sjálfstfl. sagði: „Haltu mér, slepptu mér.“ Í öðru orðinu virtist hann vilja vera með málinu, og að hinu leytinu reyndi hann að spilla fyrir málinu, eins og hann gat. Þeir, sem muna skrif Morgunblaðsins allt sumarið, muna mjög greinilega, að þar bar mest á umsögnum erlendra blaða, sem voru íslenzkri ríkisstj. óhagstæð, og það var talað um það þá eins og nú, að íslenzka stjórnin væri að stíga mikið óhappaspor með útfærslu sinni í 12 mílurnar. Og það var líkast því, að ritstjórn Morgunblaðsins væri þá stjórnað af brezkum togaraútgerðarmönnum. Það var þeirra málstaður, sem var fyrst og fremst túlkaður allt sumarið, auk þess sem Sjálfstfl. fékkst ekki til þess að hafa samstarf við þáv. ríkisstj. um málið. Bergmál af því, sem skeði þetta sumar, — það má segja bergmál af skrifum Morgunblaðsins þetta sumar var hin fræga ræða, sem Pétur Benediktsson bankastjóri flutti í Hafnarskógi. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — gefa aðeins sýnishorn af þessari ræðu, því að það má segja, að þar endurspeglist starfsaðferðir og vinnubrögð Sjálfstfl. í þessu máli. Samkv. því, sem Morgunblaðið segir 26. ágúst, — en ræðan var flutt sunnudaginn 24. ágúst, — þá stendur þar eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það voru ójafnir samningsaðilar, sem að Hræðslubandalaginu stóðu. Alþýðuflokknum hefði verið hollt að hafa í huga hið fornkveðna, að jafnar kvígur draga beztan arð.“ Þetta átti nú Alþýðuflokkurinn. „Framsókn notar hvert tækifæri til að sýna, að hún metur kommúnista meira en Alþýðuflokkinn. Við sáum, hver viðbrögðin voru, þegar þessum tveim samstarfsflokkum Framsóknar lenti saman út af landhelgismálinu fyrir tveimur mánuðum. Þá var Alþýðuflokkurinn svínbeygður undir ok kommúnista. Hvers vegna lét hann fara svona með sig? Sú saga gekk í Reykjavík, að Eysteinn Jónsson hefði kallað foringja Alþýðuflokksins fyrir sig og tjáð þeim, að ef til kosninga kæmi út af þessari deilu, þyrftu þeir einskis stuðnings að vænta, heldur fulls fjandskapar frá Framsókn og SÍS. Ég var ekki viðstaddur þetta samtal og veit ekki sönnur á því. Það er ekki heldur aðalatriðið, hvort Eysteinn Jónsson hafi haft þetta form á. Hitt skiptir mestu, að það er þessi hótun, sem alltaf hangir yfir Alþýðuflokknum eins og sverð á mjóum þræði, meðan hann kýs það hlutskipti að leika rangindaleikinn með Framsókn.“

Síðan veittist ræðumaður hart að ríkisstj. fyrir frammistöðu hennar í varnarmálunum, þar sem hún gerði varnir landsins að verzlunarvöru, og hélt áfram:

„Eftir frammistöðuna út á við í þessu máli er von, að viðbrögð útlendinga við ákvörðunum okkar um stækkun landhelginnar hafi verið með nokkuð sérstökum hætti. Það er auðséð á erlendum fréttaskeytum,“ — fréttaskeytum, takið þið eftir, — „að við hefur sama spurningin vaknað: Hvað kostar það margar milljónir dala að fá íslenzku ríkisstj. til þess að renna þessum kröfum niður?“ — Já, það kostar margar milljónir dollara. Það er von, að maðurinn spyrji. — „Ég minntist á landhelgismálið. Allir Íslendingar eru sammála um nauðsyn þess að vernda fiskimiðin, og enginn flokkur getur öðrum fremur eignað sér kröfuna um 12 mílna fiskveiðilögsöguna frá grunnlínum. En það er með þetta mál sem önnur fleiri, að veldur, hver á heldur. Meðan sjálfstæðismenn höfðu stjórn þessara mála, var stefnt sigurvisst að marki. Núv. utanrrh. hélt upptekinni stefnu í málinu, oft í fullu trássi við kommúnista. Á Genfarráðstefnunni í vetur var málstaður Íslands í hinum beztu höndum. Þótt ráðstefnan færði okkur engan fullnaðarsigur, var það allra manna mál, að við hefðum þar unnið stórkostlega á og taflið stæði betur fyrir okkur en nokkru sinni fyrr. En nú urðu þáttaskil. Utanrrh. missti,“ — það er hæstv. núv. utanrrh. — „a. m. k. í bili alla forustu í málinu í hendur kommúnistum. Þeim er þetta mál hið mesta kappsmál, því að þeir ætla sér að slá tvær flugur í einu höggi, skapa sér vinsældir með því að látast vera eindregnari í málinu en aðrir, sem er fáránlegasta skröksaga, en jafnframt að ná öðru enn æðra marki: að spilla vinfengi Íslendinga við vestrænar þjóðir og helzt koma okkur úr NATO. Vonandi tekst að afstýra þessum áformum. En allt er þetta mjög á huldu, því að um þetta mál er sama laumuspilið og flest annað. Ríkisstj. hefur neitað að verða við kröfum sjálfstæðismanna að birta gögn málsins, svo að helztu fregnirnar koma frá útlöndum og bera oft á sér hviksögublæ. Þó er eitt engin hviksaga. Meðan Lúðvík Jósefsson sjútvmrh. átti að vera á fundi með félögum sínum á Norðurlöndum og skýra þeim frá málstað Íslands, svo að við gætum betur notið fulltingis þeirra, sat hann að fagnaði í Moskvu og kom heim með digran sjóð, 50 millj. kr., úr því ferðalagi. Það er erfitt að bera virðingu fyrir þeirri ríkis-

stj., sem í alþjóðaviðskiptum þarf að kaupa til þess að gera það, sem rétt er, og það er varasamt að treysta henni, þegar hún er í eilífri fjárþröng. Á tveimur árum hafa nær 20 millj. dollara fengizt að láni hjá Bandaríkjum og Vestur-Þýzkalandi, allt með veði í áhuga fyrir vestrænni samvinnu, en hitin er óseðjandi. Hvað tákna þessar 50 milljónir, sem Rússar eru að rétta að okkur með óeðlilega lágum vöxtum? Samkv. blaðaskrifum þykir fréttin um þetta rússneska lán iskyggileg meðal vestrænna þjóða. Hafi útlendingar ástæðu til tortryggni af þessum sökum, þá höfum við það ekki síður sjálfir. Rússar gáfu aldrei neitt án þess að hyggja til launa, þótt síðar yrði. Sannleikurinn er sá, að þáttur Rússa í utanríkisviðskiptum Íslands er nú þegar hættulega mikill, og full ástæða er til að vera á verði, þegar þeir fara að færa okkur gjafir, og hafa hugfast, að margur tók við mútunni og missti frelsið. Í sambandi við þetta mál kemur tvennt fram: Landhelgismálið átti að vera fyrst og fremst málefni kommúnista, og íslenzka ríkisstj. átti að vera tilbúin, hvenær sem væri, að taka við mútum frá útlendum þjóðum til þess að falla frá öllum kröfum sínum í málinu."

Það hefur flogið fyrir, að höfundur þessarar greinar hafi verið í leit að láni í Bandaríkjunum og ekkert lán fengið þar. Það hefur líka flogið fyrir, að bankastjóri Framkvæmdabankans hafi leitað fyrir sér um lán í Þýzkalandi upp á síðkastið og engin lán fengið. Og þeim var alls staðar góðfúslega bent á það: Eyðið fyrst deilunni við Breta, svo skuluð þið tala við okkur. Og þá er spurningin: Hvað kostar það margar milljónir dollara fyrir útlendar þjóðir að fá íslenzku ríkisstj. til þess að ganga frá samningum og leggja fram þáltill. eins og hér hefur verið gert?

Þessi ræða átti sér eftirköst, sem voru þau, að einum af tilheyrendum hennar í Hafnarskógi, Pétri Ottesen, þáv. þm. Borgf., leizt ekki á blikuna, þegar hann heyrði, hvernig flokksbróðir hans talaði um landhelgismálið, sem var honum heilagt mál. Hann kallaði því saman fund útvegsmanna og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþórs á Akranesi og fékk þar samþykkta ályktun á fundi 27. ágúst, eða þrem dögum síðar, sem var beint til ríkisstj., og kvað við annan tón hjá Pétri Ottesen en þessum flokksbróður hans, sem hafði haldið hina frægu ræðu í Hafnarskógi. Þessi till., sem er runnin undan rifjum Péturs Ottesens og samþykkt var af þessum aðilum, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af því, að óðum líður að þeirri stund, að úr því fáist skorið, hvort tilraun verði gerð til að hindra þá framkvæmd Íslendinga, sem er lífsvarðandi fyrir þá nú og í framtíðinni, að færa út fiskveiðimörkin við strendur landsins úr 4 sjómílum í 12 sjómílur, viljum vér, með tilliti til þeirra ógnana og hótana, sem fréttir herma að uppi séu með nokkrum fiskveiðiþjóðum, einkum Bretum, um aðgerðir hér að lútandi, skora alvarlega á ríkisstjórnina að hopa hvergi frá settu marki um útfærslu fiskveiðitakmarkanna. Vér lítum svo á, að réttur vor til slíkra óhjákvæmilegra sjálfsbjargarákvarðana sé skýlaus, enda í fullu samræmi við ákvarðanir ýmissa annarra þjóða, sem ótaldar eru, bæði að því er snertir fiskveiðar og hagnýtingu náttúruauðæfa, er fólgin kunna að vera undir hafsbotni. Viljum vér láta í ljós þá skoðun vora, að ef það kæmi á daginn, að erlend þjóð gerði alvöru úr því að fremja slíkt óhæfuverk að hindra að einhverju leyti framkvæmd vora á hinni nýju fiskveiðareglugerð, þá beri ríkisstj., ef vér ekki af eigin rammleik höfum mátt til að hrinda slíku ofbeldi, að snúa sér tafarlaust til forráðamanna bandarísku varnarliðsins hér á landi og krefjast þess af þeim, að þeir veiti oss til þess í tæka tíð fulltingi, er nægi til að verja rétt vorn og hrinda slíkri árás á sjálfsbjargarviðleitni þjóðar vorrar. Vér lítum svo á, að á því geti ekki leikið vafi, að forráðamenn varnarliðsins hér telji það beina skyldu sína að sinna fljótt og greiðlega slíkum tilmælum, enda slægi það miklum skugga á þær öryggisvarnir, er vér höfum talið oss trú um, að tengdar væru við það að hafa lánað land vort til varnaraðgerðar og varnarliðsdvalar um árabil, ef oss brygðist nauðsynleg aðstoð og vernd á slíkri örlagastund. Mundi slíkt fyrirbæri að sjálfsögðu ærið tilefni til nýrrar athugunar á afstöðu vorri til Atlantshafsbandalagsins."

Pétur Ottesen var ekki aðeins baráttumaður fyrir því, að Íslendingar helguðu sér allt landgrunnið, heldur vildi hann einnig, eins og kunnugt er, að Íslendingar helguðu sér Grænland, og lagði fram um það ýmsar tillögur og gerði um það kröfur. Það var ekki nóg allt landgrunnið, heldur og Grænland, og mér er sem ég sjái Pétur Ottesen í þessum þingsölum núna að hlusta á þær vælukenndu undanhaldsræður, sem hv. stjórnarsinnar hafa haldið í þessu máli. Ég vænti þess, að hárin hefðu risið á honum.

En hvað skeður svo? Pétur Ottesen biður Morgunblaðið um að birta þessa samþykkt, og Morgunblaðið neitaði því fyrst. Það neitar að birta samþykktina. En Pétur Ottesen hættir ekki fyrr en hann fékk Morgunblaðið loksins til þess að birta hana á eins lítið áberandi stað og mögulegt var. Og það var vegna þess, að Morgunblaðið var alls ekki með málinu síðustu dagana í ágúst 1958 og vildi ekkert fyrir það gera. En þessi samþykkt varð þó til þess að koma Sjálfstfl. um stund á rétt spor. Keflvíkingar og fleiri, sem mikilla hagsmuna hafa að gæta í sambandi við þetta mál, gerðu nú rækilegar samþykktir, og þetta varð allt saman til þess, að 31. ágúst 1958 féllst Morgunblaðið á það að standa með útfærslunni í 12 mílur. Fyrst svo er komið, þá segir Morgunblaðið, að það sé bezt að reyna að gera það skásta úr því, sem hægt sé að gera, og nú sé nauðsynlegt, að þjóðin standi saman. Þetta hafði breytzt, og ég fullyrði, að þessi samþykkt frá Akranesi, sem ég las hér áðan og oft hefur verið vitnað til, átti mjög velgamikinn þátt í því að sýna Sjálfstfl., að við svo búið gat ekki staðið, sem verið hafði undanfarið.

Það, sem næst gerist svo í þessum málum, er það, svo sem kunnugt er, að allar þjóðir fallast á 12 mílna landhelgina nema Bretar. Sumar þjóðir viðurkenna hana, aðrar láta þetta gott heita, mótmæla að vísu, en fóru ekki inn í landhelgina, eins og Þjóðverjar og jafnvel Belgar, en Bretar einir fóru með hernaði inn í landhelgina, svo sem kunnugt er. Þá er þess einnig vert að minnast, að

fyrstu dagana í september var haldinn fjölmennur fundur á Lækjartorgi, og þar voru ræðumenn frá öllum stjórnmálaflokkum. Þar talaði fyrir hönd Sjálfstfl. Sigurður Bjarnason ritstjóri Morgunblaðsins og þáv. þm. N-Ísf., og hann sagði m. a., að íslenzka landhelgin væri sama fyrir Íslendinga og brezku kolanámurnar væru fyrir Breta, og mig langar aðeins til þess að sýna dæmi um, hvernig sá maður túlkaði málið þá, gefa smásýnishorn af slíku — með leyfi hæstv. forseta. Sigurður Bjarnason segir eftirfarandi í þessari ræðu 4. sept.:

„Þegar baráttan stóð sem hæst fyrir sex árum fyrir rétti Íslendinga til þess að loka flóum og fjörðum og setja 4 mílna fiskveiðitakmörk, var mér af mikilli gestrisni boðið niður í brezka kolanámu. Mér þótti það ákaflega merkileg heimsókn. Kolanámur hafa um aldir verið meðal aðalnáttúruauðæfa Bretlands. Í skjóli þeirra hefur þróazt brezkur iðnaður. Íslendingar nota mikið af kolum og þurfa mjög á þeim að halda. En hvað mundu þeir Bretar segja, ef við einn góðan veðurdag krefðumst þess að mega hefja kolanám hér í Kent? spurði ég leiðsögumann okkar. Manninum leizt auðvitað ekkert á þessa fyrirspurn. En sannleikurinn er sá, að það er engin fjarstæða að nefna þetta tvennt í sömu andránni: íslenzk fiskimið og brezkar kolanámur. Fiskurinn er hyrningarsteinn íslenzks þjóðarbúskapar, og kolin hafa um langt skeið skapað þjóðarauð Breta. Hvor tveggja náttúruauðæfin eru hlutar af sjálfum löndunum."

Sigurður Bjarnason er ekkert myrkur í máli og segir síðar:

„En hvað um alþjóðalög um landhelgina? Standast 12 mílna fiskveiðitakmörkin ákvæði þeirra? Það eru engir alþjóðlegir samningar eða lög til varðandi það, hvernig landhelgin skuli ákveðin. Flest ríki hafa ákveðið landhelgi sína með einhliða ákvörðunum. Við höfum þess vegna ekki brotið nein alþjóðalög nú með útfærslu fiskveiðitakmarka okkar. Við höfum aðeins stigið skref, sem við höfum verið ákveðnir í að stíga, allt frá því að landgrunnslögin voru sett 1948, og fyrsta og stærsta sporið var stigið árið 1952 með lokun flóa og fjarða og mörkun hiklausrar og rökstuddrar íslenzkrar stefnu í landhelgismálinu."

Það var því ekki um að villast, að Sigurður Bjarnason taldi, að þetta væri sjálfsögð og örugg leið, og sagði að lokum í þessari ræðu sinni:

„Landhelgismálið og vernd fiskimiðanna er snar þáttur sjálfstæðisbaráttu þjóðar okkar. Við höfum háð þá baráttu með rök ein að vopni. En við skulum samt ekki láta hugfallast. Æðruleysið og stefnufestan, sem ég minntist á í upphafi að hefði mótað baráttu íslenzkra sjómanna, verður að móta baráttu okkar í dag. Þá munum við ná landi, og þá munum við vinna sigur í baráttunni fyrir rétti okkar til þess að lifa, og þá mun rétturinn sigra í viðureigninni við vopnavaldið."

Það, sem gerist svo næst haustið 1958, það var, að áskoranir komu, samþykktir voru gerðar víðs vegar um landið, ofbeldi Breta var mótmælt, landhelgisgæzlunni voru þökkuð ágæt störf, og það má segja, að það hafi aldrei verið haldinn fundur svo eða mót, að ekki væru samþykktir gerðar um landhelgismálið. Alls konar landssambönd, bæjarstjórnir, sveitarstjórnir, allar tegundir af félögum, stór sem smá, öll kepptust þau við að mótmæla ofbeldi Breta, þakka landhelgisgæzlunni ágætt starf og skora á forustumenn þjóðfélagsins að standa fast við 12 mílna landhelgina. Með öllu þessu var hér myndaður sterkur þjóðarvilji. Hér hafði skapazt eining í einhverju mesta hagsmuna- og sjálfstæðismáli þjóðarinnar. Friðun íslenzkra fiskimiða var 90—95% að sögn fiskifræðinga. Þó að Bretar væru að veiða í herskipavernd, gátu þeir tiltölulega lítið aðhafzt, og fiskifræðingar voru sammála um, að friðunin væri hér um bil alger þrátt fyrir það. En Bretum þótti lífið erfitt við Íslandsstrendur í veðráttunni, eins og hún oft er hér að vetrinum, ekki hægt að fá viðgerðir hér við land, ekki hægt að fá læknishjálp nema með ærinni fyrirhöfn o. s. frv., og fyrst og fremst, það var hlegið að Bretum um víða veröld fyrir baráttu þeirra við íslenzku landhelgisgæzluna.

Afli íslenzkra báta óx svo næstu árin, en brezkir útgerðarmenn báru sig mjög illa. 12 mílna landhelgin var tekin upp af mörgum þjóðum, og Bretar virtu hana alls staðar nema hjá Íslendingum. Bretar notuðu svo tækifærið að gefast upp við herskipaveiðar sínar í sambandi við Genfarráðstefnuna 1960 og hættu þá veiðum í íslenzkri landhelgi. Þeir vildu reyna íslenzku stjórnina og sjá til, hver afstaða hennar yrði, og settu fram ýmsar kröfur, og þeir vissu, að mennirnir frá sumrinu 1958 voru nú komnir í stjórn, og brezki þráinn er jafnan samur við sig.

Þegar það svo spurðist í fyrrasumar, að viðræður væru hafnar milli íslenzku ríkisstj. og þeirrar brezku, hófst ný mótmælaalda um landið. Þá hófst mótmælaaldan frá haustinu 1958 og var endurtekin. Nú var samþykkt um allt land í félögum og samböndum og alls konar stofnunum áskorun til ríkisstj. að semja aldrei við Breta um landhelgismálið, og stjórnarliðið sór þetta allt af sér og sagði, að það stæði ekki til að gera nokkra samninga. Jafnvel þm. úr stjórnarliðinu risu upp og vitnuðu um það ákveðið, að það kæmi aldrei til greina, — þetta væru bara getsakir vondra manna, að það ætti að fara að semja við Breta eða færa inn íslenzka landhelgi. Ríkisstj. og skrifstofu Alþingis hafa borizt firnin öll af þessum samþykktum í allan vetur, og þegar það dróst, að þetta mál kæmi aftur á dagskrá, voru margir farnir að halda, að þetta hefðu bara verið getsakir illra manna, að það ætti að fara að semja við Breta um þetta lífshagsmunamál þjóðarinnar. Ég minnist þess t. d., að allir skipstjórar og stýrimenn á Akranesi, hver og einn einasti, sem þar er búsettur og starfar á vélbátaflotanum og til náðist, 44 að tölu, þeir sendu frá sér um áramótin svo hljóðandi áskorun, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af viðræðum þeim, sem að undanförnu hafa staðið yfir milli Íslendinga og Breta og standa enn yfir, viljum við undirritaðir mótmæla því eindregið, að samið verði við Breta um fiskveiðiréttindi handa þeim innan 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Að öðru leyti viljum við vísa til og ítreka samþykkt okkar frá því í ágústmánuði 1958 um landhelgismál Íslendinga." — Það er einmitt samþykkt sú, sem ég minntist á hér áðan.

Þegar Morgunblaðið ætlaði svo á dögunum í sinni áróðursherferð að ná til skipstjóra á Akranesi, þá

fékk það viðtal við einn einasta af þessum skipstjórum, sem er starfandi skipstjóri, og það, sem hann sagði, voru fjögur orð í spurningarformi, sem ekkert sögðu. Þannig voru undirtektirnar í því máli.

Það er enginn vafi á því, að almenn andstaða gegn öllu því, sem heitir samningar um landhelgina, var eindreginn þjóðarvilji. Þess vegna fór stjórnin að öllu með leynd í vetur, enda hafa stjórnarsinnar viðs vegar úti um land verið alveg fram undir þetta að samþykkja mótmæli gegn því, að samið yrði við Breta um þessi mál og landhelgin færð inn. Þeir fullyrtu til skamms tíma, háttsettir stjórnarsinnar, að það kæmu aldrei neinir samningar til greina. Svo kemur orðsending utanrrh. Íslands til utanrrh. Bretlands fyrra mánudag, svo sem kunnugt er, og um leið og hún er sett fram, þá er sett á svið sú stórfelldasta blekkingaherferð, sem þekkzt hefur í nokkru máli. Erlend fréttaskeyti dynja yfir, viðtöl eru höfð við menn frá ýmsum byggðarlögum, eftir að þeir hafa fengið einhliða upplýsingar, það eru jafnvel höfð eftir ýmsum mönnum ummæli, sem þeir hafa aldrei sagt, sbr. ummæli höfð eftir skipstjóra vestur í Ólafsvík o. s. frv.

Ég ætla svo að fara örfáum orðum um málið sjálft og skal nú fara fljótt yfir sögu og undirstrika það, sem oft hefur verið tekið hér áður fram, að með þessu viðurkenna Bretar ekki neina 12 mílna landhelgi. Það verður að gera kröfu til þess, að í samninginn verði sett, að þeir viðurkenni landhelgina, en falli ekki frá mótmælum. Það er krafa, sem á hinn fyllsta rétt á sér. Grunnlinubreytingarnar gátu Íslendingar sjálfir gert, þegar þeim þótti það hagkvæmt, samkvæmt samþykkt sjóréttarráðstefnunnar í Genf 1958, er lýsti fullum rétti strandríkja til einhliða útfærslu á landgrunnslínum, án þess að spyrja einn eða neinn. Bretinn átti ekki Selvogsbanka, Húnaflóa, Bakkaflóa og gat því ekki notað þessi svæði í skiptum fyrir önnur innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Bretinn hefur leikið á Íslendinga með því að selja þeim þeirra eigin eignir. Það, sem hefur svo skeð hér, er, að togararnir eru settir í kringum landið á þessi þriggja ára svæði — og kannske lengur. Í sambandi við þessi svæði er hin fáránlegasta blekking sett fram í grg. ríkisstj., þar sem mánaðarútreikningurinn er, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að Bretinn hefur valið sér þessi svæði til að veiða á, þegar fiskurinn er mestur á hverju svæði. Þess vegna skiptir það mestu máli fyrir Breta að fá að veiða á hverjum stað, þegar fiskigangan er þar, sbr. að fá norðanverðan Faxaflóa, Kolluál og Breiðafjörð einmitt mánuðina marz, apríl og maí, þegar fiskigengdin er mest, fá að vera úti fyrir Norðurlandi allan síldveiðitímann, júní, júlí, ágúst, september, og síðan fyrir austan land langsamlega mestan hluta ársins og geta valið þar um þau svæði, sem honum sýnist. Þetta þýðir, að fiskaflinn er tekinn á tiltölulega stuttum tíma, á einmitt þeim árstíma, sem þeir vita sjálfir að langþægilegast er að ná þar til aflans, og það litur út fyrir það, t. d. hér norðanvert við Snæfellsnes, í Kolluálnum, að þar hafi þetta verið reiknað út af þaulkunnugum mönnum, því að þar er langsamlega bezta svæðið, aðalnetasvæði þorpanna á Snæfellsnesi, svæði, sem fiskurinn gengur yfir, þegar hann fer inn í Breiðafjörð, tekið fyrir veiðar handa brezku togurunum. En hvað ætlar ríkisstj. að gera, þegar sú staðreynd blasir við á þessu svæði, í Faxaflóa og Breiðafirði, eins og vafalaust annars staðar í kringum landið, að sjómennirnir tapa ekki aðeins aflanum, heldur verða veiðarfærin einnig af þeim tekin? Þegar þeir koma með net sín á þessi svæði, þá segja vitanlega þeir brezku og aðrir togarar, sem þar eru: Þetta er okkar sjór. Utanríkisráðherra Íslands hefur gefið okkur ávísun á þetta veiðisvæði. — Sjómenn við Faxaflóa og Breiðafjörð hugsa til útlendra togara núna með hryllingi og sjá fram á, að það er stórháski á ferðum á yfirstandandi vertíð. Og svo er það undarlegt: af hverju gilti ekki sama reglan yfirleitt fyrir allt landið, því gilti ekki sama reglan t. d. við Vestfirði og Austurland, hvers vegna gilti ekki sama reglan fyrir Vesturlandi, að dreifa þessum opnu svæðum um allt Vesturland? Nei, því er ekki að heilsa, það eru teknir ⅔ af Faxaflóa norðanverðum og beztu svæðin í Breiðafirði. Síðan kemur op bæði fyrir Vestfjörðum og eins út af Reykjanesi eða sunnanverðum Faxaflóa.

Þar stendur, að ríkisstj. muni ekki hindra veiðar í næstu þrjú ár frá dagsetningu samningsins. En hver tryggir það, að samningnum verði lokið eftir þrjú ár? Ég hygg, að það verði ekki margir Íslendingar, sem treysti því, að þessum tíma ljúki, ef núv. ríkisstj. fer þá með þessi mál. Það kom í útvarpinu í dag fréttaskeyti, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. las upp, og það sýnir eins glöggt og verið getur, að yfirmenn á brezkum togurum reikna með því, að þetta þriggja ára tímabil verði framlengt. Skeytið ber það alveg með sér, að brezkir yfirmenn á togurum reikna með því að þriggja ára tímabilið verði framlengt, en þeir óska bara eftir að fá staðfestingu brezku ríkisstj. á því, að það verði gert. Og þá er spurningin: Hvað verður gert í þessu? Verður þetta látið bíða, þangað til Alþingi er búið að samþykkja þáltill., eða hverju verður brezkum yfirmönnum lofað í þessu sambandi? Fréttin ber það með sér, að þeir standi í þeirri meiningu, að það sé mjög auðvelt að fá framlengingu á þessum þrem árum, en óska aðeins eftir því, að ákveðið svar liggi fyrir um það strax. En það er kannske eina vonin í þessu sem öðru, að núv. ríkisstj. hafi ekki aðstöðu til þess að ráða málinu að þrem árum liðnum, en tímatakmarkið bendir til þess, að hún ætli sér það. Það er dálítið grunsamlegt að því leyti, að eftir tvö ár eiga að vera kosningar, og þá er aðeins eitt ár eftir, og ef stjórnin hugsaði sér, að hún gæti setið annað kjörtímabil til, þá gæti margt skeð á fyrsta ári þess kjörtímabils. Og eitt er víst, að þessum mönnum væri fullkomlega treystandi til þess að framlengja samninginn að þrem árum liðnum. Þetta eru sömu mennirnir sem sóru það í tvennum kosningum 1959 og við ýmis tækifæri allt til þessa dags, að landhelgin skyldi aldrei færð inn aftur, og nú kalla þeir nauðungarsamning, sem verið er að ræða hér, stórsigur, og það bendir ýmislegt til þess, að stjórnin gæti hugsað sér að gera þetta. Í grg., sem fylgir þáltill., er einmitt bent á fordæmi Rússa í þessum efnum. Þeir gerðu fimm ára samning við Breta, og sá samningur var fram-

lengdur um næstu fimm árin, og í blöðum Sjálfstfl. í vetur var það höfð sem aðalröksemd, að það væri ekkert meira, þó að Íslendingar semdu við Breta um landhelgismálið, heldur en Rússar hefðu gert það fyrir nokkrum árum.

Það atriði, sem áreiðanlega vekur mestan ugg hjá öllum hugsandi mönnum, er ekki framannefnt. Það má segja, að þetta sé allt bundið við stuttan tíma og Íslendingar geti haft í valdi sínu framkvæmdina og framhaldið á því. Það, sem skiptir langmestu máli hér og er alvarlegasti hluti málsins, er afsalið, sem í þessari þáltill. felst. Það er það, að ofbeldi Breta á undanförnum árum skyldi verða til þess, að Bretar fái viðurkenningu að vera samningsaðili um alla framtíð um íslenzkt landgrunn og útfærslu íslenzkrar landhelgi.

Íslendingar eru þeir einu, sem Bretar hafa beitt slíku ofbeldi, og Bretar eru þeir einu, sem Íslendingar hafa talað um að gera samning við um þessi mál. Bretar viðurkenna þetta líka sem mesta árangur af samningaviðræðunum. Það kemur ljóslega fram í brezkum blöðum, að þau telja höfuðatriðið það, að nú sé loksins búið að bremsa Íslendinga um frekari útfærslu, að þetta taugastríð um stöðuga útfærslu á íslenzkri fiskveiðalögsögu sé nú loksins stöðvað, að þessi einhliða útfærsla, sem Íslendingar hafa talið sig hafa fullan rétt til að gera og hafa gert á undanförnum árum, geti ekki lengur átt sér stað, að Íslendingar geti ekki lengur fært landhelgi sína út á eigin landgrunni. Það er engum vafa bundið, að það er mikil nauðsyn á því að hafa þennan möguleika, og næsti áfanginn, þegar allar grunnlínur hafa verið færðar út, er að stækka landhelgina úr 12 mílum og eitthvað meira. Takmarkið verður vitanlega allt landgrunnið, og þar sem vitað er, að veiðitækni fleygir mjög mikið fram, þá er grundvallarskilyrði fyrir Íslendinga að hafa þennan möguleika og nota það fordæmi, sem Íslendingar hafa gert á undanförnum árum með einhliða útfærslum á grunnlínum.

S. l. sunnudag var mjög fjölmennur og samhuga fundur í þessu máli vestur í Ólafsvík, og þar voru ekki aðeins þeir 100 menn, sem á fundinum mættu, og allir nema tveir greiddu atkvæði með ákveðnum mótmælum í þessu máli, heldur voru lagðar fram á fundinum áskoranir frá svo til hverjum einasta sjómanni og skipstjóra á öllum bátaflotanum í Ólafsvík, en hann hafði einmitt róið þennan dag. Á þessum fundi sagði greindur maður, sem tók til máls, að það virtist vera svo, að ártölin 60 væru hálfgerð óhappaártöl í sögu þjóðarinnar. Hann benti á 1262, og hann benti á 1662 og svo 1961. M. ö. o.: nú þessi árin eða á næsta ári eru 300 ár liðin frá erfðahyllingunni í Kópavogi, þegar Friðrik III. var svarið einveldi á Íslandi, og 700 ár frá því, að Íslendingar gengu á hönd Hákoni Noregskonungi.

En það eru ekki aðeins ártölin, það er margt annað, sem er líkt í þessum efnum. Þegar Gamli sáttmáli var gerður, voru Íslendingar þar ekki að koma landi og þjóð undir Noregskonung. Nei, það var ekki alveg það. Þeir voru að tryggja frið á Íslandi, og þeir voru að skapa Íslendingum ákaflega mikil réttindi í Noregi. Þetta átti að vera til þess að tryggja sjálfstæði landsins, það hét það, og það er að því leyti líkt með þáltill. og samningnum við Breta. Hann á að vera til þess að tryggja frekari útfærslu á fiskveiðilínunni, þó að hún sé færð inn á sama tíma, en samkvæmt Gamla sáttmála voru tekin fram alls konar atriði, sem Íslendingar fengu fyrir það að játa konungi land og þegna, ævilangan skatt, en konungur hét þeim aftur á móti að láta Íslendinga ná friði og íslenzkum lögum, að sex skip skuli ganga af Noregi til Íslands tvö sumur hin næstu, en þaðan frá sem konungi og hinum beztu bændum þykir hentast landinu. Enn fremur segir, að erfðir skuli upp gefast íslenzkum mönnum í Noregi, hversu lengi sem staðið hafa, að landaurar skuli upp gefast og loks að Íslendingar skuli hafa slíkan rétt í Noregi sem þeir hafa beztan haft. Þetta þótti Íslendingum mjög mikið atriði, að hafa eins mikinn rétt í Noregi og þeir hafa hann beztan haft áður, og allt var þetta gert til þess að skapa Íslendingum sem bezta aðstöðu og sem mest frelsi. Íslendingar lýstu því jafnframt yfir, að þeir vildu hafa jarlinn yfir sér, meðan hann héldi trúnað við konunginn, en frið við landsmenn. Og að lokum lofa þeir í niðurlagi sáttmálans fyrir sína hönd og sinna erfingja að halda allan trúnað við konung, meðan hann og hans erfingjar haldi sáttargerðina, en lausir, ef hún rýfst að beztu manna yfirsýn. Og þetta: beztu manna yfirsýn, það heitir núna alþjóðadómstóll. Þetta er ákaflega keimlíkt allt saman, enda er við þetta afsal 1262, 1662 og 1961, þegar Íslendingar afsala erlendum þjóðum eigum sínum og umráðarétti, andinn yfirleitt sá sami, jafnvel þótt 700 ár líði á milli. En það var sagt, að með þessu ákvæði, að þeir skyldu vera lausir, ef hún rýfst að beztu manna yfirsýn, að með þessari niðurlagsklausu hafi landsmenn auðsjáanlega ætlað sér að slá varnagla við ágangi af hálfu konungsvaldsins, og leiddi framtíðin í ljós, að eigi var vanþörf á slíku.

Nokkrum árum síðar gerðist það, að maður er sendur til Íslands, og þessi maður minnir mjög á vinnubrögð núv. hæstv. utanrrh. Var þetta nákvæmlega fyrir 680 árum, eða 1281. Þessi maður hét herra Loðinn leppur. Hann færði Íslendingum Jónsbók. Það var lögbók, sem stóð um margar aldir. Hún ber nafn eftir höfundi sínum, sem hét Jón Einarsson, lögmaður. Þar er svo sagt frá því, að þegar hann kom á Alþingi Íslendinga 1281, var það ráð tekið, að bókin var athuguð, og þá vildi enginn lögtaka þessa bók, og er sagt, að þá hafi ýmsar stéttir ritað skoðanir sínar á henni. Það, sem þeir vildu samþykkja og játa, var mjög lítið af því, sem í bókinni stóð. Biskupar og klerkar gerðu sínar játningar, í annan stað handgengnir menn og í þriðja stað bændur, og síðan gengu menn til lögréttu, og létu þeir allir uppi skoðanir sínar. Herra Loðinn leppur varð við þetta mjög æstur, að menn skyldu hafa skoðanir á þessum málum, og spurði, hvers vegna búkarlar gerðust svo digrir, að þeir færu að hugsa sér að skipa lögum í landi, þar sem konungur einn ætti að ráða, og hann heimtaði, að þeir játuðu allri bókinni undantekningarlaust. En þeir svöruðu í móti, að það mundu þeir eigi gera og tapa svo frelsi landsins við það. En herra Loðinn leppur sagði þá, að þeir ættu fyrst að játa bókinni og biðja síðan konung og ráð hans miskunnar um þá hluti, sem nauðsyn

þætti til standa, og kvað þá mundu reiði sæta, sem öðruvísi gerðu. Sótti hann nú málið fast, og kom svo að lokum, að bókin var öll lögtekin utan nokkrir kaflar, sem handgengnir menn vildu að stæðu til konungsúrskurðar og erkibiskups, og gilti hún síðan sem lög í landi hér um langan aldur og fram á síðustu tíma, með þeim afleiðingum, sem öllum ætti að vera ljóst.

Það, sem gerðist á þessu herrans ári, 1281, var, að maður er sendur með þessi lög og Íslendingar taka þessu mjög illa, og þetta endaði með þeim hætti, að þeir fengu að velja nokkur ákvæði, sem þeir gengust ekki undir. Nú hefur hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstj. verið á þönum vikum og mánuðum saman að berja það inn í sína þingmenn, að þeir yrðu að fylgja þessu samningsuppkasti, sem þeir allir í öndverðu höfðu andstyggð á, sem þeir voru búnir að sverja í tvennum kosningum, að þeir mundu aldrei ljá máls á, og samþykki þeirra manna víðs vegar um landið stóð einnig til þess. En hvað hefur skeð? Það lítur út fyrir, þótt það sé ekki komið í ljós, að þessir menn hafi játað þessari lögbók greinalaust. Það lítur út fyrir, að hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstj. hafi að þessu leyti gengið lengra en herra Loðinn leppur, að þeir hafi ekki fengið að ráða neinu um orðalag, ekki einu sinni orðalagi þessarar orðsendingar, eða þá um breytingar, sem neinu máli skipti. Það kemur í ljós við atkvgr. um þær brtt., sem hér liggja fyrir, og við atkvgr. í málinu, hvort þetta eigi ekki eftir að rætast.

Og nákvæmlega sami hugsunarhátturinn kemur fram hjá hæstv. utanrrh. og hæstv. ráðherrum eins og kom fram í erfðahyllingunni í Kópavogi 1662, þegar Íslendingar gáfu Friðrik III. Danakonungi einveldi. Þá skeði það, að Brynjólfur biskup ætlaði að neita að skrifa undir, en höfuðsmaðurinn, Henrik Bjelke, benti honum á menn, sem stóðu í kringum hringinn, — það voru vopnaðir dátar, sem stóðu með byssur sínar, — og sagði við Brynjólf biskup: „Sjáið þá þessa.“ Dátarnir kinkuðu kolli framan í biskupinn og lyftu aðeins byssuskeftum sínum, og þetta varð til þess, að biskupinn, foringi klerkavaldsins í landinu, skrifaði undir. Og síðan skrifaði Árni Oddsson lögmaður grátandi undir, foringi hins veraldlega hluta þjóðarinnar.

Þessir menn segja stöðugt: Sjáið hættuna á hafinu, sjáið brezku herskipin. Eigum við að halda þessum leik áfram? — Og þeir segja við þingmenn eins og utanrrh. í ræðu sinni í dag: Sjáið, hvað brezku herskipin geta gert. Þau geta skotið niður íslenzk skip, grandað mannslífum. — Er þetta ekki nákvæmlega sami hugsunarhátturinn og hjá Henrik Bjelke, þegar hann sagði í Kópavogi 1662 við Brynjólf heitinn Sveinsson: Sjáið þá þessa?

Það er ákaflega margt líkt með þessu, enda er eðlið ósköp svipað í öllum þessum tilfellum. Íslendingar eru nú að afsala erlendri þjóð réttindum yfir hluta af landgrunninu, sem á að vera og er íslenzk eign og íslenzkt umráðasvæði. Þetta er afsal. Þetta er afsal eins og gert var í Kópavogi fyrir 300 árum og gert var við Hákon Noregskonung fyrir 700 árum.

Sannleikurinn í þessu máli er sá, að þó að búið sé að ganga hart eftir stuðningi þingmanna stjórnarliðsins við þetta mál, þá hefur enginn þeirra rétt til þess gagnvart kjósendum sínum eða siðferðilegan rétt að greiða þessu atkvæði.

Ég minnist þess t. d. úr Vesturlandskjördæmi frá kosningunum 1959, að þeir, sem þá hlutu kosningu fyrir stjórnarflokkana, þingmenn Vesturlandskjördæmis nr. 2, 4 og 5, sóru þess allir dýran eið í kosningunum, þegar einhver minntist á, að þeir væru ekki tryggir í landhelgismálinu, að þetta væru allt saman getsakir, það kæmi aldrei til mála að semja við Breta um að minnka íslenzka fiskveiðilögsögu. Hvað haldið þið líka, að fólkið hefði sagt í þorpunum á Snæfellsnesi og byggðinni hér við Faxaflóa, hefðu þessir hv. frambjóðendur sagt: „Það, sem við ætlum að berjast fyrir, þegar við erum komnir á þing, er að minnka fiskveiðilögsöguna niður í 6 mílur um nokkur ókomin ár og gefa Bretum samningsrétt um frekari útfærslu landhelginnar“? Skyldi þetta hafa verið sigurstranglegt kosningaloforð? Það er sitt hvað orð eða efndir. En þetta sýnir bara eitt með öðru, hversu fráleitur málatilbúnaður og fráleit vinnubrögð þetta eru, sem alþingismönnum hér er boðið upp á og íslenzku þjóðinni er boðið upp á að taka á móti. En þó að stjórnin keyri málið í gegn núna, er hlutur þjóðarinnar eftir, því að sú stund kemur, að valdið er í höndum hennar, og þá hefur hún tækifæri til að kvitta fyrir þau mestu svik, sem Alþingi hefur framið við þjóðina um langan tíma, svik, sem koma niður á núverandi kynslóð og óbornum kynslóðum í þessu landi.

Landgrunnið við Ísland er okkar kolanámur. Um lífsbjörg þjóðarinnar og möguleika til betri nýtingar með vaxandi fólksfjölda eigum við ekkert að eiga undir alþjóðadómstólnum. Sjálfstæði þjóðarinnar hefði aldrei fengizt, hefði það verið sótt undir alþjóðlegar stofnanir. Saga landsins, myndun landsins og lífsbarátta þjóðarinnar í þúsund ár eru þau vopn, sem við höfum í réttindabaráttunni.

Ég vil þess vegna skora á hv. alþm., þ. e. a. s. þm. stjórnarflokkanna, að láta það ekki á sannast, að þeir hafi verið fengnir til þess að ganga á þau heilgu loforð, sem þeir hafa gefið íslenzkum kjósendum og eru skilyrðislaust bundnir af, og það má segja, að velferð og heiður þjóðarinnar velti á því, að þeir sjái sóma sinn í því að stöðva málið.

Björn Jónsson: Herra forseti. Í 1. gr. laga um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948 er svo fyrir mælt, að sjútvmrn. skuli með reglugerð ákveða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Síðan segir, að ráðuneytið skuli einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á landgrunnssvæðinu. Og í lok greinarinnar segir svo, að reglugerðin skuli endurskoðuð, eftir því sem vísindalegar rannsóknir gefi tilefni til. Í þeim umr., sem hafa orðið um þá þáltill., sem er hér til umr., hefur margoft verið sýnt fram á með skýrum rökum, að sjálf landgrunnslögin, sem hafa verið hvort tveggja í senn grundvöllur og leiðarmerki í sókn okkar í landhelgismálinu allt frá 1948 og fram til þessa dags, eru raunverulega ógilt og afnumin með samþykkt þessarar till. Þau nótu-

skipti, sem gert er ráð fyrir að fram fari milli Íslands og Stóra-Bretlands, munu því í fyrsta lagi ómerkja heimild laganna til handa ráðh. til þess að breyta í einu eða neinu sjálfri stærð verndarsvæðanna í þrjú næstu ár, og hygg ég, að sú staðreynd sé viðurkennd af öllum, líka þeim, sem að þessari þáltill. standa. En eftir árin þrjú mundi rétturinn til reglugerðarbreytinga í átt til aukinnar fiskverndar stranda í fyrsta lagi á 6 mánaða tilkynningarskyldu gagnvart Bretum og þar á eftir á málarekstri fyrir Haagdómstólnum, sem upplýst er að taka mundi fjölda ára. Og engin vissa gæti auðvitað verið fyrir því, hvort úrskurðir hans yrðu í samræmi við þær breytingar, sem ráðgerðar væru eða skylt væri að gera af íslenzkum ráðherra í samræmi við íslenzk lög.

Hæstv. dómsmrh. sagði í útvarpsumr. hér á Alþ. 2. þ. m., að hið þýðingarmesta af öllu í sambandi við þennan samning væri það, að Ísland haldi áfram að vera réttarríki, undir því væri gæfa þjóðarinnar komin, og á því gæti sjálfstæði hennar oltið. Og hann hélt áfram: Með samþykkt þessarar tillögu er allt þetta tryggt. Slegin er skjaldborg um lífshagsmuni íslenzku þjóðarinnar, sagði ráðh., og fáni laga og réttar, frelsis og fullveldis hennar dreginn að hún. — Hafa menn heyrt öllu öfgafyllri öfugmæli en þessi? Og hvernig er sá málstaður, sem neyðir einn helzta og jafnvel snjallasta talsmann sinn til þess að grípa til slíkra upphrópana? Orðstillinn er þannig, að ef maður þekkti ekki til alvöru málsins og viðkomandi persónu, þá gæti maður ímyndað sér, að þessi ráðh. væri genginn í Hjálpræðisherinn. Eða er það meining þessa ráðh., að þegar gefizt er upp fyrir ofbeldinu, þá sé fáni frelsis og fullveldis dreginn að hún, — þegar íslenzk lög og réttur er gerður að samningsmáli við Bretland eða lagður í gerð erlends dómstóls, þá sé verið að tryggja hér réttarríki, — þegar íslenzkum lífshagsmunum er fórnað og efnahagslegu sjálfstæði stefnt í voða, þá sé verið að slá skjaldborg um lífshagsmuni íslenzku þjóðarinnar og tryggja gæfu hennar? Og það er vissulega íhugunarefni, að slíkt skuli vera mælt af munni æðsta manns laga og réttar í landinu.

Þegar landgrunnslögin voru sett 1948, var Íslendingum ljóst, að fyrir fram yrði ekki með neinni vissu vitað, hve mikil útfærsla verndarsvæða fiskimiðanna innan landgrunnsins yrði nauðsynleg á hverjum tíma. Takmarkið var sett um verndun miðanna á öllu landgrunninu og því slegið föstu, að þar ætti íslenzk lögsaga að gilda og fram yrði sótt, til þess að Ísland gæti notað þennan rétt, eftir því sem vísindalegar rannsóknir sýndu að nauðsynlegt væri hverju sinni, og sú lagaskylda beinlínis lögð á herðar sjútvmrh. hverju sinni að endurskoða útgefnar reglugerðir, eftir því sem vísindalegar rannsóknir sýndu að ástæða væri til, og þá að sjálfsögðu til stækkunar, því að frá upphafi var augljóst, að með bættri veiðitækni og aukinni veiðiásókn hlyti þörfin fyrir frekari vernd að vaxa. Alveg óumdeilanlega var svo komið 1958, þegar fiskveiðilögsagan var færð út í 12 mílur frá grunnlínum, að *vísindalegar rannsóknir á fiskistofnunum sönnuðu* brýna nauðsyn bæði fyrir okkur Íslendinga og einnig fyrir aðrar þjóðir, sem hafa nytjar af fiskistofnunum undan ströndum landsins, að hún var fyrir hendi fyrir þeirri ráðstöfun, sem þá var gerð, og jafnvel þótt meiri hefði verið. Útfærslan þá var þess vegna byggð á grundvelli þessa ákvæðis landgrunnslaganna, sem ég nefndi, og íslenzk stjórnarvöld voru aðeins að framkvæma skyldu sína gagnvart þeim lögum með framkvæmd hennar. Skerðing á þessari útfærslu, hvort sem hún yrði gerð um takmarkaðan eða ótakmarkaðan tíma, hlýtur því óhjákvæmilega að verða tvöfalt brot á landgrunnslögunum: í fyrsta lagi á því ákvæði þeirra, sem að því lýtur, að sótt verði að því marki, að við ákvörðum lögsögu yfir landgrunninu öllu, og í öðru lagi á því skýlausa ákvæði þeirra, að friðunarsvæðin verði ákveðin, eftir því sem vísindarannsóknir gefa tilefni til. Því freklegra brot á landgrunnslögunum verður sú skerðing á 12 mílna mörkunum, *sem nú er fyrirhuguð*, þar *sem* reynslan og staðreyndirnar sanna sífellt betur vaxandi þörf fyrir aukna vernd. Aflatregða togaraflotans nú og á síðasta ári sérstaklega, miðað við það, sem áður hefur verið, er eitt viðvörunarmerkið um nauðsyn aukinnar verndar. Alþjóðleg ofsókn á síldarstofnana er annað hættumerkið. En miklu fleira kemur þó hér til. Viðtækar tilraunir hafa á undanförnum árum farið fram á vegum fiskveiðistórveldanna — og með árangri — um nýjar veiðiaðferðir, m. a. með rafmagn sem aðalhjálpartæki, — tilraunir, sem líklegt er að á næstu árum skapi alveg ný og áður óþekkt viðhorf, þannig að um verði að ræða miklu stórvirkari og fiskistofnunum hættulegri aðferðir við veiðar en nokkurn hefur órað fyrir fram undir þessa tíma. Samtímis er það að gerast mjög víða um heim og m. a. meðal allra fiskveiðiþjóða Vestur-Evrópu, að veiðar með ströndum fram fara síminnkandi og skila nú víðast aðeins broti af þeim árangri, sem enn er unnt að ná við Íslandsstrendur. Það er þegar vitað og liggur fyrir, hvernig þessar þjóðir hyggjast mæta vaxandi tregfiski á heimamiðum sínum. Það hyggjast þær gera með því jafnvel að margfalda úthafsflota sinn og senda hann á fjarlægari mið, hvar sem veiði *er að hafa, en draga jafnframt* úr strandveiðum sínum á smærri farkostum. Þannig hafa Bretar t. d. að undanförnu haft uppi ráðagerðir um að koma upp miklum móðurskipum fyrir togaraflota sinn, m. a. með því að taka til þeirra nota flugvélamóðurskip, sem ekki er lengur þörf á í hernaði og breytt yrði til þeirra þarfa. Norðmenn telja það nú vera eitt helzta viðfangsefni sitt í sjávarútvegsmálum að byggja upp flota sinn með togurum og öðrum stórskipum, sem keppt geti um veiðimöguleika hvar sem er á heimshöfunum. Vestur-Þjóðverjar og reyndar Austur-Þjóðverjar líka og fleiri stefna að því að stórauka verksmiðjuskipaflota, sem halda má úti mánuðum saman á fjarlægum miðum. Sovétríkin auka og hafa aukið úthafsflota sinn gífurlega síðustu árin og hafa nú, að því er fullvíst er talið, a. m. k. 1000 skip að veiðum á Norður-Atlantshafi. Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til þess að sjá, hvað þessi þróun þýðir fyrir okkur Íslendinga, — sjá, að hún leiðir til slíkrar ásóknar á fiskimiðin undan ströndum landsins, *þau sem opin standa*, að allt, sem við höfum reynt í þeim efnum á umliðnum árum og jafnvel öldum, verður lítilfjörlegt til samanburðar. Ég hygg ekki ofmælt, að lífshagsmunir okkar Ís-

lendinga, sjálfstæði og frelsi séu undir því komin, að við gerum okkur fulla grein fyrir þeim framtíðarhorfum í þessum efnum, sem við blasa, og við reynumst menn til þess að mæta þeim með fullnægjandi gagnráðstöfunum, ekki eftir að við erum ofurseldir voðanum, heldur áður en hann er skollinn yfir.

Með þessum millirikjasamningi við Breta, sem nú er fyrirhugað að gera eða ákveðið, er því óumdeilanlega slegið föstu, að við afsölum okkur með öllu dýrmætum rétti innan 12 mílna markanna, rétti, sem við höfum þegar hlotið alþjóðlega viðurkenningu á, og þetta réttindaafsal á að gilda í 3 ár a. m. k. og raunverulega gagnvart öllum þjóðum og öllum hugsanlegum veiðarfærum. Þó að ekkert annað né meira réttindaafsal fælist í þessari þáltill., sem hér er rædd, þá væri slíkt afsal glæpur gagnvart íslenzkum hagsmunum, jafnvel þó að fulltryggt væri, að réttindaafsalið að þessu leyti yrði endurheimt eftir þrjú ár, sem þó verður að teljast mjög vafasamt, eins og ég mun víkja lítillega að síðar. Útfærslan 1958 var lágmarksaðgerð á þeim tíma til verndar fiskimiðunum og að sjálfsögðu miðuð við þær aðstæður sem þá voru fyrir hendi. Enginn getur fullyrt um það nú, að sú útfærsla reyndist nægileg íslenzkum hagsmunum næstu 3 ár, eins og útlitið er nú um ný viðhorf og ég hef lauslega drepið á. Þrjú ár eru kannske ekki langur tími, en á tímum svo örrar þróunar á öllum sviðum tækni, jafnt í fiskveiðum sem öðru, geta á skemmri tíma orðið slíkar gerbyltingar á þeim sviðum, sem hér skipta máli, að þær geti valdið miklum umskiptum. Á næstu þremur árum gætu auðveldlega skapazt nýjar þarfir til viðbótar þeim, sem fyrir eru, fyrir stórfelldum aðgerðum af okkar hálfu í landhelgismálunum. En hæstv. ríkisstj. hikar ekki við að binda hendur okkar, svo að þær verða hvergi hreyfðar í næstu framtíð, jafnframt því sem hún minnkar stórkostlega verndarsvæði, — verndarsvæði, sem sannað var að voru óhjákvæmileg nauðsyn fyrir tveimur og hálfu ári, og gerir með þessu þjóðina varnarlausa gegn yfirvofandi hættum af völdum ofveiði. Enda þótt svo færi gegn öllum líkum, að við kæmumst vel, miðað við það, sem efni standa til, út úr þeim stórfelldu vandamálum og hættum, sem þessi samningur mundi stefna okkur út í á næsta þriggja ára tímabili, og jafnvel þótt svo færi, að Bretar vikju út að 12-mílna mörkunum að þeim tíma liðnum, þá mundu samt standa eftir háskalegustu atriði þessa samnings, sem binda hendur okkar að meira eða minna leyti um ófyrirsjáanlega framtíð og geta hæglega leitt það af sér, að við stöndum uppi sem bónbjargarmenn, en helzti þjóðarauður okkar verði upp étinn af erlendum veiðiflotum.

Með næstsíðustu málsgrein hinnar fyrirhuguðu nótu hæstv. utanrrh. til utanrrh. Bretlands er öllum rétti til einhliða aðgerða í útfærsluátt af okkar hálfu afsalað um alla framtíð, þrátt fyrir það, að sú staðreynd blasir við, að allar þjóðir, sem mestan rétt hafa helgað sér um fiskveiðilögsögu og allar með fullkomnum árangri, hafa hingað til farið þá leið til þess að ná markmiðum sínum, og þrátt fyrir það, að það er þessi leið einhliða aðgerða, m. a. okkar Íslendinga, sem skapað hefur og þróað alþjóðarétt, að svo miklu leyti sem hann er til varðandi fiskveiðilögsögu. Það lýsir nokkuð eðli þessa mikilvægasta og hættulegasta ákvæðis fyrirhugaðs samnings, að Bretar lýsa því nú yfir, að þeir hafi öllu fremur óttazt, að 12 mílna útfærslan yrði aðeins fyrsta skrefið af mörgum, sem mundu ná hámarki með því að bægja brezkum togurum frá hinu umfangsmikla svæði íslenzka landgrunnsins, eins og orðrétt stendur í brezka blaðinu „The Guardian" 1. þ. m., og blaðið hélt áfram: Sú tillaga, sem nú hefur verið borin fram, ætti að létta þessum áhyggjum af Bretum. — Það liggur einnig fyrir, að samband brezkra togaraútgerðarmanna sættir sig við a. m. k. eða styður tillöguna á þeim grundvelli, að Íslendingar hafi afsalað sér réttinum til að færa fiskveiðimörkin út enn frekar án samninga. Margir brezkir stjórnmála- og blaðamenn hafa jafnvel tekið enn dýpra í árinni og fullyrt, að raunverulegt inntak samninganna væri það, að ekki væri síðar unnt fyrir okkur að færa mörkin út fyrir 12 mílur, eins og einn þm. í brezka þinginu komst að orði nú fyrir fáeinum dögum.

Ef við lítum raunsætt á ákvæði samningsins og reynum jafnframt að gera okkur grein fyrir viðhorfunum, eins og þau kunna að verða að þrem árum liðnum, þá fer varla hjá því, að í bezta falli hypja Bretar sig út að 12 mílna mörkunum, en samtímis verður orðin miklu ríkari nauðsyn á nýjum útfærsluaðgerðum en nokkru sinni áður. Margt bendir til þess, eins og ég hef áður drepið á, að þá og kannske fyrr verði 12 mílna beltið orðið jafnvel lítlu meiri vernd fyrir okkur en þriggja eða fjögurra mílna friðunin var okkur á sínum tíma. Líf okkar sem þjóðar kann því að liggja við, að stórfelld ný friðunarsvæði verði mynduð og margvíslegar reglur um veiðiaðferðir og fleira verði settar bæði utan og innan hinnar eiginlegu fiskveiðilögsögu.

En hvernig yrði aðstaðan til slíkra aðgerða, jafnvel fyrir þjóðholla og dugmikla ríkisstj., ef þessi samningur væri á annað borð talinn hafa eitthvert gildi? Líklegt væri, að fyrst hæfust hálfs árs samningar við Breta samkvæmt ákvæðum þessa samnings og þeir færu fram jafnvel undir þrýstingi af nýjum ofbeldishótunum og heitingu vopnavalds, því að ekkert ákvæði þessa samnings bindur hendur þeirra í því efni. Að þessu hálfa ári liðnu yrðum við þess vegna engu nær, og væri þá tvennt fyrir hendi, í fyrsta lagi að gefast upp, annað að skjóta málinu til Haagdómsins og hafast ekki að, meðan beðið væri úrskurðar hans, sem gæti orðið margra ára bið, og að honum fengnum að lúta þeim úrskurði, hver sem hann yrði, hvort sem hann tryggði okkur sigur eða dæmdi okkur lífsnauðsynlegu aðgerðir ólögmætar og hindraði þannig, að Íslendingar gætu tryggt efnalegt sjálfstæði sitt.

Menn geta auðvitað haft misjafna trú á réttdæmi alþjóðadómstólsins, eins og hann er skipaður nú, og menn geta líka leitt misjafnlega vafasamar getur að ágæti hans að mörgum ókomnum árum liðnum. En hitt er jafnvíst, að sú trú má vera mikil og studd meiri líkindum en nokkrum manni er fært að færa fram nú, sem gerir það verjandi að leggja alla velferð og framtíð heillar þjóðar á eitt spil, eins og hér er verið að gera. Stórveldin ráða mestu um skipun Haagdómsins, eins og hér

hefur verið sýnt fram á, og Bretland er eitt þeirra. Það gæti því farið svo, því að ekki eru allir dómendur í dómum sammála, að þegar að því kæmi, að við ættum allt undir þessum dómstóli, réði eitt brezkt eða brezksinnað atkvæði þar úrslitum um framtíð okkar og um líf okkar.

Engin þjóð, engir ábyrgir stjórnmálamenn í nokkru landi mundu láta sér til hugar koma að leggja slíkt lífshagsmunamál eins og landhelgin og rétturinn til fiskimiðanna er okkur Íslendingum undir neinn dómstól, hversu vel sem hann væri skipaður, hvað þá undir dómstól, sem enginn veit, hvernig skipaður verður, þegar að degi dómsins kemur. Og engin þjóð hefur heldur áður gert slíkt í sögunni. Þjóð, sem á í lífsháska, hefur aldrei og mun aldrei leggja það í gerð eins eða neins, hvort hún megi lifa eða ekki. Hún gerir þær ráðstafanir sér til bjargar, sem hún getur, og tekur síðan því, sem að höndum ber. Þetta hefur líka verið lífsregla okkar Íslendinga í landhelgismálinu, og án þess að fylgja henni hefðu ekki unnizt þeir sigrar, sem við höfum unnið til þessa í því máli.

En nú á að taka upp nýjar aðferðir, undanhald fyrir ofbeldishótunum og leik með fjöregg þjóðarinnar af erlendum valdsmönnum, og sjálfu Alþingi Íslendinga er nú ætlað að létta ábyrgðinni af slíku óafturkallanlegu svikræði af herðum upphafsmannanna, hæstv. ráðh., og taka hana á sig, — taka hana á sig umboðslaust frá hendi kjósenda sinna og gegn aðvörunum yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar. Það er erfitt að trúa því að óreyndu, að hv. þm. stjórnarliðsins láti hafa sig til slíkra verka, og það er enn erfiðara að trúa því, að þeir standi gegn því, að málið verði lagt undir þjóðaratkvæði. Það er erfitt að trúa því, að jafnvel menn, sem kannske trúa því, að óhætt sé að leggja framtíð landhelgismálsins í dóm erlendra manna, láti hafa sig til þess að synja sinni eigin þjóð um atkvæðisrétt um þetta mesta lífshagsmunamál sitt.

Í umr., sem urðu um landhelgismálið í hv. Ed. fyrr í vetur, sagði hæstv. dómsmrh., að við lausn *fiskveiðideilunnar við Breta yrði þess vandlega* gætt að meta réttilega hagsmuni hvers landshluta fyrir sig og sjá þeim borgið, svo að fyrir öllum verði jafnvel séð. Þetta voru ekki kannske alveg orðrétt ummæli ráðh., en efnislega voru þau þessi örugglega. Það fer ekki hjá því, að þessi loforð hæstv. ráðh. komi upp í hugann, þegar hlutskipti okkar Norðlendinga er athugað í þeirri þriggja ára áætlun, — undanhaldsáætlun, sem hér liggur fyrir. Ef svo er, að aðrir landshlutar verði jafnilla úti, þá verður það ekki málstað hæstv. ríkisstj. til framdráttar, svo mikið er víst. En sé gert á okkar hlut umfram annarra, þá eru það enn ein brigðmælin innan um stóru svikin. En grg. þáltill. virðist bera það með sér, að samvizkan sé ekki alveg hrein gagnvart Norðlendingum, því að þar er gripið til beinna falsana til þess að bera í bætifláka fyrir fyrirhugaðri skerðingu landhelginnar fyrir Norðurlandi. Þar segir, að á vestra Norðurlandssvæðinu, frá Djúpavík til Grenivíkur, veiðist aðeins 8.9% af heildaraflamagni bátaflotans og á eystra svæðinu, frá Grímsey til Þórshafnar, aðeins 2.5%. Það er sem sagt alveg sleppt þeim hluta af aflamagninu, sem fólginn er í síldveiðunum, en sé hann tekinn með, þá gerbreytist auðvitað allur þessi samanburður við aðra landshluta, þar sem meginið af sumarsíldveiðinni hefur oftast fengizt á þessum svæðum og fyrir austan landið, og þó miklu oftar nær eingöngu á þessum Norðurlandssvæðum. En landhelgin hefur ekki síður áhrif á þær veiðar en aðrar og ég hygg jafnvel enn þá afdrifaríkari. Þessi fölsun mun eiga að afsaka meðferðina á Norðlendingum.

Þá segir einnig á bls. 5, í grg.: „Enn fremur er svæðið á milli Grímseyjar og lands að mestu lokað.“ Og ókunnugir gætu fengið það á tilfinninguna, að a. m. k. hér hefði eitthvert stórt afrek verið unnið til hagsbóta fyrir Norðlendinga. Það rétta er, eins og allir mega sjá, sem líta á kortið, sem fylgir með till., að alla leiðina frá Horni og að Langanesi og reyndar aftur þaðan og suður með allri austurströnd landsins er landhelgin minnkuð inn að 6 mílum, að því er allt Norðurlandssvæðið frá Horni til Langaness áhrærir, yfir mánuðina júní til september á hverju ári. Það er rétt, að frá þessu er sú undantekning ein, að á svæðinu á milli Grímseyjar og lands er ekki alveg lokað. Það er skilinn eftir örlítill geiri suður af eynni, en Bretum og öllum öðrum hins vegar tryggðar veiðar nefndan árstíma vestan hennar, norðan og austan og nokkuð til suðuráttar, beggja vegna. Ég held, að einmitt valið á þessu litla svæði suður af Grímsey sem bannsvæði sé táknrænt fyrir val hinna svonefndu bannsvæða, sem að vísu eru öll smávægileg nema fyrir Vestfjörðum. Það er nefnilega þannig, að lokaða svæðið við Grímsey er öllum togurum einskis virði. Þar er hraunbotn, þar getur ekki nokkur togari fiskað með árangri, og lína er þar sjaldan lögð eða ekki. Þess vegna *mátti auðvitað banna Bretum ásókn á þetta svæði* og hæla sér yfir því. En á hinn bóginn eru allgóð togmið bæði vestan og austan Grímseyjar, og þar voru einu hólfin, sem brezkir togarar reyndu að fiska á fyrir öllu Norðurlandi, á meðan þeir sóttu með herskipafylgd hér á Íslandsmiðum. Einu svæðin, sem Norðlendingar höfðu að segja af togurum fyrir öllu Norðurlandi, allan tímann frá því að Bretar hófu innrás sína í landhelgina, voru á svæðunum vestan og austan við Grímsey, en þar náðu þeir líka verulegum árangri, og þar er þeim hleypt inn núna, enda hefur það að sjálfsögðu verið þeirra krafa, að þeir fengju aftur afnot af þessum svæðum. Og það stóð ekki á hæstv. ríkisstjórn: Alveg sjálfsagt, bara fara ekki inn á svæðið, þar sem ekkert er að hafa nema rifið troll.

En þá kem ég að hinu: Er það þá ekki alveg einstök vernd fyrir Norðlendinga, að veiðar skuli vera bannaðar frá októberbyrjun til maíloka? Það sanna í því er þetta: Alveg fram að þeim tíma, þegar útfærslunnar 1958 fór að gæta fyrir Norðurlandi, hófst vertíð þar ekki fyrr en í maí og stóð fram á haust. Vaxandi fiskgengd í skjóli 12 mílna útfærslunnar á undanförnum 2½ ári hefur leitt til þess, að vetrarveiðar hafa verið reyndar þar og þó ekki teljandi fyrr en í vetur. Slíkar vetrarveiðar eru dauðadæmdar, eftir að mörkin hafa verið á ný færð inn að 6 mílum yfir aðalveiðitímann og á meðan fiskurinn gengur á miðin. Verndin *yfir 8 mánuðina er alveg hliðstæð við það*, að bóndi leyfði granna sínum sumarbeit á túninu sínu, gegn því að hann lofaði því að beita ekki á

túnið, á meðan allt væri hulið snjó og gaddi. En þannig hygg ég að þetta sé líka alls staðar annars staðar, nema þá fyrir Vestfjörðum. Brezki togaraflotinn og í kjölfar hans togarar allra annarra þjóða fá að elta fiskigöngurnar inn að 6 mílna mörkunum allan ársins hring, því að það er enginn tími undanskilinn, sem brezkir togarar mega ekki veiða inn að 6 mílum einhvers staðar á landinu. Svæðaskiptingin, þar sem þeir mega veiða á hverjum tíma, er hnitmiðuð við það, að þá sé veiðivon, en bannsvæði við það, að þá sé lítið eða ekkert að hafa á þeim.

Allur sá útreikningur sem hafður hefur verið í frammi og á að sanna, að raunveruleg innfærsla landhelgislínunnar sé eitthvað minna en þeir 14500 km2, sem hún raunverulega nemur, eru því blekkingar einar. Allur sá brezki togarafloti, sem sótt hefur á Íslandsmið á síðari árum, getur óhindrað stundað hér veiðar innan eða utan við 12 mílna mörkin, eftir því sem hann kýs, eins og áður, að öðru leyti en því, að nú má hann að sjálfsögðu ekki fara inn fyrir 6 mílna mörkin.

Sumarsíldveiðin fyrir Norður- og Austurlandi er, eins og kunnugt er, einn af mikilsverðustu þáttum íslenzkra fiskveiða, en til þeirra veiða er haldið úti allt að 250 fiskiskipum. Norðmenn senda hartnær sömu tölu einnig til þessara veiða. Og margar fleiri þjóðir senda hingað nokkurn fjölda skipa. T. d. gera Sovétríkin nokkur hundruð skipa út til síldveiða með reknet og flotvörpur á Norður-Atlantshafi, — flota, sem fylgist með fullkomnum tækjum með göngu síldarinnar til Íslandsstranda. Það er nú talin full vissa fyrir því, m. a. af beztu sérfræðingum Norðmanna, að um mikla ofveiði sé að ræða á síldarstofnunum, og Norðmenn a. m. k. reikna með minnkandi veiði, jafnvel næstu áratugi fram í tímann. Það veltur því áreiðanlega á miklu og kannske öllu fyrir framtíð síldveiða fyrir Norður- og Austurlandi, að hinum gífurlega stóru veiðiflotum Norðurlandaþjóðanna og Sovétríkjanna sé bægt frá þeim veiðum eins og frekast má verða. Þau stórhögg, sem þessar þjóðir höggva í síldarstofnana og síldargöngurnar á leiðinni upp að landinu, eru vissulega ærin, þó að þeim sé bægt frá þeim svæðum, sem við getum bægt þeim frá. Þegar síldin er gengin á miðin við Norður- og Austurlandið, staðnæmist hún þar oftast nær aðeins í örstuttan tíma og hefst við á mjög takmörkuðum svæðum, og jafnvel þó að þar komi enginn að nema 250 íslenzk fiskiskip, þá er keppnin um hverja torfu alveg gífurleg. Menn ættu því að geta gert sér í hugarlund, hvernig ástandið verður á þessum miðum, þegar kapphlaupið um síldina stendur yfir og hundruð og jafnvel mörg hundruð skipa, jafnvel mörgum sinni fleiri en allur íslenzki síldveiðiflotinn, renna sér inn að 6 mílna mörkunum og taka upp keppnina um þessa takmörkuðu veiði ásamt íslenzka flotanum og það á stórum svæðum, sem þeim hefur verið bægt frá á undanförnum árum, og á sama tíma mundu svo togarar Breta, Íslendinga og sjálfsagt margra annarra þjóða skarka og skafa á sömu slóðum. Það er vissulega engin furða, þó að menn spyrji: Vita þeir menn, sem að þessu standa, hvað þeir eru að gera?

Síðan útfærslan í 12 mílur var framkvæmd fyrir röskum tveim árum, hafa nýjar vonir glæðzt fyrir Norðlendingum og Austfirðingum um það, að hægt væri að bjarga fiskimiðunum á þessum slóðum og jafnvel að nýtt uppgangstímabil væri fram undan fyrir sjávarþorpin, sem öll byggja tilveru sína og lífsvon á fiskveiðunum. Og vonirnar voru að byrja að rætast. Aflinn hefur vaxið, bátar hafa verið byggðir og keyptir, aðstaða til vinnslu á sjávarafla hefur verið bætt, verksmiðjur hafa verið reistar, og það má segja, að jafnvel samdráttarstefna núv. ríkisstjórnar, „viðreisnin", hafi ekki megnað að drepa niður framfaravilja, framfarakjark og bjartsýni fólksins, sem þessa staði byggir. Þessi samningur kemur því vissulega eins og reiðarslag yfir þetta fólk. Það veit, hvers virði útfærslan 1958 var fyrir afkomu þess og lífsskilyrði, og það veit, hvað herrarnir í ríkisstj. eru að gera, þó að þeir viti það kannske ekki sjálfir, og það er ekki heldur búið að gleyma svardögum þingmanna sinna allra frá tvennum kosningum 1959, að þeir mundu aldrei hvika frá ákvörðun Alþ. um óskerta 12 mílna fiskveiðilögsögu.

Ég drap áðan á það, að óhjákvæmilega sæktu að manni grunsemdir um það, sem í veðri er látið vaka eða fullyrt af sumum, að Bretar hverfi þó allténd út fyrir 12 mílna mörkin eftir 3 ár og að engin hætta sé á, að þeir sækist eftir þeim friðindum, sem þeim nú eru tryggð, þegar þar að kemur. Við Íslendingar erum nú orðnir slíkum brigðmælum vanir í samskiptum við stórveldin, að við getum ekki leyft okkur að vera auðtrúa á neitt, sem ekki er fast í hendi og efna á af þeirra hálfu, og við höfum líka mjög takmarkað af góðri reynslu varðandi skilaboð, sem borin eru á milli okkar og þeirra. Þar hefur oftsinnis farið svo mikið á milli mála, að hvítt hefur orðið svart á leiðinni. Og loks hlýtur það svo að verða ofraun fyrir trúgirni okkar margra að treysta fullkomlega þeim hæstv. ráðh. okkar, sem oftast hafa verið staðnir að ósönnum fullyrðingum, bæði hér á hv. Alþ. og frammi fyrir þjóðinni allri, m. a. í þessu máli. Í mínum augum a. m. k. er það ekki afsökun, sem einn hæstv. ráðh. færði sér til málsbóta undir þessum umr., þegar hann játaði, að Alþ. hefðu verið gefnar rangar upplýsingar um þetta mál. Þessi hæstv. ráðh. sagði, að það hefði ekki samræmzt hagsmunum Íslands að skýra rétt frá gangi samninganna. Það var sem sagt logið af hreinni þjóðhollustu. Það hefur sjálfsagt líka verið logið af einskærri þjóðhollustu af þeim hv. þm., sem hyggjast nú samþ. þennan samning, þegar þeir sóru það frammi fyrir þjóðinni í síðustu kosningum, að þeir skyldu aldrei víkja frá 12 mílna mörkunum. En a. m. k. á sú þjóðhollusta þeirra eftir að sannast við afgreiðslu málsins.

En það eru líka fleiri ástæður, sem við höfum til þess að gruna jafnvel hið versta, heldur en reynslan í þessum efnum í öðrum málum. Í orðsendingunni, sem fyrirhugað er að senda, segir hvergi berum orðum, að Bretum séu óheimilar veiðar innan 12 mílna markanna að þrem árum liðnum. Það segir hvergi berum orðum. Í 4. gr. orðsendingarinnar segir aðeins: „Á áðurgreindu þriggja ára tímabili er þó skipum, sem skráð eru í Bretlandi, óheimilt að stunda veiðar á svæðinu milli 6 og 12 mílna innan fiskveiðilögsögunnar, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum"

o. s. frv. Ef allt er eins og hér er sagt, hvers vegna er þá bannið við veiðum Breta hér aðeins tiltekið til þriggja ára, hafi meiningin verið sú af beggja hálfu, að um bann fyrir alla framtíð ætti að vera að ræða? Ef það er ótvírætt, að samningar hafa verið gerðir með þeim skilningi, að Bretum yrði undir öllum kringumstæðum óheimilt að veiða innan 12 mílna að 3 árum liðnum, því í ósköpunum mátti það ekki standa skýrt og ótvírætt í orðsendingunni, heldur á einhverju leyniplaggi, sem hæstv. utanrrh. segist hafa í fórum sínum, en þorir ekki að sýna þm.? Slíkt orðalag, sem er í einu og öllu á orðsendingunni, getur ekki verið samið af neinum Íslendingi, ekki einu sinni hæstv. utanrrh. Hver einasti maður, sem hefði haft snefil af íslenzkum hagsmunum í huga, hefði orðað þar öll atriði á annan veg, þannig að sá réttur, sem hæstv. ríkisstjórn telur Íslendinga þó eiga samkvæmt samningnum, væri þar skýr og ótvíræður.

Sókn Breta á hendur okkar í þessu máli, ofbeldi þeirra og ofbeldishótanir og að síðustu þessir samningar, sem hér eru ræddir, minna okkur á margan hátt óhugnanlega á annan svikasamning, sem á óheillastund var þröngvað upp á þjóðina af erlendu valdi og innlendum umboðsmönnum þess, þ. e. a. s. Keflavíkursamninginn 1946. Meðan verið var að svíkja hann upp á þjóðina, var henni sagt, að hann væri — þessi samningur — óhjákvæmilegt spor að því marki að losna við her og herstöðvar af íslenzku landi, alveg eins og okkur er nú sagt, að þessi undanhalds- og svikasamningur sé þjóðarnauðsyn nú, til þess að við getum losnað við brezkt ofbeldi og brezka ásókn í íslenzkri landhelgi. Og forsagan er ekki heldur með öllu ólík. Í kosningunum 1946 sóru allir frambjóðendur og verðandi þm., að þeir skyldu aldrei samþ. herstöðvakröfu Bandaríkjanna, alveg á sama hátt og frambjóðendur og verðandi þm. voru látnir sverja landhelgismálinu fullan trúnað 1959. Í október 1946 sviku 37 alþm. svardagana frá kosningunum um vorið og samþ. herstöðina í Keflavík. (Gripið fram í.) Keflavíkursamningurinn varð ekki upphaf að því, að amerísku hernámi linnti á Íslandi, eins og heitið var, heldur voru svikin, sem með gerð hans voru framin undir yfirskini íslenzkra hagsmuna og með faguryrtum loforðum hins erlenda stórveldis og íslenzkra valdsmanna, upphafið að heilli svikakeðju gegn Íslandi og sjálfstæði þess, — svikakeðju, sem nú, nær hálfum öðrum áratug síðar, hefur reyrt okkur fastar í fjötra hernaðar og herstöðva en nokkurn gat órað fyrir og enginn fær nú séð, hvenær við fáum af okkur slitið.

Þessi samningur er eins konar nýr Keflavíkursamningur, að sínu leyti sízt betri en hinn fyrri. Hann á að gera í skjóli hótana um ofbeldi, alveg eins og hinn samninginn. Hann er gerður þvert gegn öllum loforðum allra íslenzkra stjórnmálamanna, alveg eins og hinn fyrri. Hann er gerður í fullkominni óþökk og í fullkomnu umboðsleysi frá hendi þjóðarinnar, alveg eins og hinn fyrri. Hann er gerður í þeim tilgangi að skapa yfirgangsstórveldinu nýja og betri aðstöðu til valds yfir alíslenzkum málum, alveg eins og hinn fyrri. Og hann boðar nýj svik og nýtt undanhald, alveg eins og hinn fyrri. En í einu mikilvægu atriði er nýi svikasamningurinn þó frábrugðinn Keflavíkursamningnum frá 1946. Þeim samningi gátu Íslendingar sagt upp að tilteknum tíma liðnum, en þessum samningi geta Íslendingar aldrei sagt upp. Hann, að svo miklu leyti sem hann verður talinn löglegur gerningur, á að gilda, þar til báðir aðilar koma sér saman um annað. Einsdæmin eru verst, var einu sinni sagt. Aldrei, jafnvel á mestu niðurlægingartímum þjóðarinnar, bundu Íslendingar sér og óbornum kynslóðum slíka fjötra um ákvörðunarrétt sinn í eigin málefnum.

Ég held það hafi verið hæstv. menntmrh., sem sagði hér í útvarpsumr. 1. þ. m., að með þessum samningi væru Íslendingar ekki að afsala sér neinu, í þessu máli ættum við engan rétt nema alþjóðalög og hefðum því engu að afsala okkur. Samkvæmt hans skilningi og þekkingu á alþjóðarétti býður sá réttur okkur að láta undan fyrir ágangi Breta og hleypa þeim inn að 6 mílna fiskveiðimörkum fyrir svo til allri strandlengju landsins, meðan 31 þjóð önnur hefur 12 mílna landhelgi eða enn þá stærri. — En sleppum því og athugum nánar, hvort það er rétt, að við höfum engum rétti að afsala okkur að öðru leyti. Með samningnum á að gefa alþjóðadómstólnum eilífðarvald til að ákveða fiskveiðilögsögu Íslands Það mætti þess vegna ætla, að þeir, sem þennan samning vilja gera, hefðu fyrir fram gert sér fulla grein fyrir því, eftir hvaða lögum dæmt yrði. En þá blasir við sú staðreynd, að allar tilraunir til þess að skapa óyggjandi alþjóðalög um viðáttu fiskveiðilögsögu hafa farið út um þúfur hingað til. Alþjóðalögin, sem hæstv. menntmrh. og reyndar margir aðrir hafa sagt að væru okkar eini réttur, eru ekki til í dag og verða það ef til vill ekki enn um ófyrirsjáanlega framtíð. Það er því vissulega rétt, sem hv. 4. þm. Austf. o. fl. hafa sagt, að dómur Haagdómsins í landhelgismáli okkar yrði ekki annað en persónuleg atkvæðagreiðsla þeirra, sem dóminn skipa, um vilja þeirra eða þess ríkis, sem þeir eru fulltrúar fyrir. Hitt má segja með réttu, að alþjóðaréttur um þessi mál sé í deiglunni, og það er að sjálfsögðu von okkar Íslendinga, að þegar hann er fullskipaður, sem verður fyrr eða síðar, þá tryggi hann okkur fullan og ótvíræðan rétt til allra fiskimiða á íslenzka landgrunninu og jafnvel út fyrir það, ef nauðsyn krefur. Þróunin til slíkrar áttar hefur verið að fara fram og á vonandi eftir að halda áfram að fara fram.

En hvað er það, sem hefur ýtt réttri þróun þessara mála fram á leið á alþjóðavettvangi? Ég held, að á því leiki enginn vafi, að þar sé fyrst og síðast um að ræða þær einhliða aðgerðir, sem margir tugir þjóða og þar á meðal við Íslendingar hafa á liðnum árum gert til verndar fiskimiðunum. Með aðgerðum okkar í landhelgismálinu, með landgrunnslögunum 1948, með útfærslunni 1952 og 1958 og með rökum okkar á alþjóðavettvangi í mörg ár höfum við verið að leggja fram okkar skerf til þess, að skapast mætti slíkur alþjóðaréttur, að við ættum þaðan styrks og verndar að vænta, og til þess að helgur réttur okkar sem smáþjóðar, sem á líf sitt að verja, yrði virtur, en sá réttur hlýtur alltaf að verða öllum öðrum rétti æðri í okkar augum a. m. k. Með þessum samningi á ofan á allt annað að fórna fyrir fullt og allt rétti okkar til þess að halda áfram að styðja að því, að al-

þjóðaréttur þróist á þá leið, sem við bindum vonir við. Svo mikil er niðurlæging okkar, einu sjálfstæðu þjóðar heimsins, sem á allt sitt undir fiskveiðum, undir eignarréttinum á fiskimiðunum, að við eigum að verða fyrstir til að afsala okkur rétti, sem allar aðrar þjóðir hafa og notfæra sér eftir þörfum. Verður lengra komizt eða dýpra sokkið? Þannig erum við ekki aðeins svínbeygðir og brotnir niður, heldur einnig látnir styrkja og styðja að því, að þróun alþjóðaréttar verði á þá lund, sem höfuðfjendur okkar helzt kysu.

Réttindaafsal okkar er þess vegna margfalt, margfalt meira og alvarlegra en nokkurn gat órað fyrir að reynt yrði. Í fyrsta lagi sviptir samningurinn okkur rétti, sem við höfum helgað okkur með einhliða aðgerðum að hætti annarra þjóða og er þegar viðurkenndur, ýmist formlega eða í reynd, af öllum þjóðum nema Bretum, þ. e. a. s. rétti til 12 mílna fiskveiðilögsögu frá grunnlínum. Í öðru lagi sviptir samningurinn okkur a. m. k. um fjölda ára rétti, sem við eigum samkvæmt alþjóðasamningi um grunnlínur. Í þriðja lagi sviptir samningurinn okkur öllum rétti til útfærslu núgildandi friðunarsvæða með einhliða aðgerðum, hversu mikla nauð sem til slíkra aðgerða ber síðar og jafnvel þótt tilvera þjóðarinnar lægi við. En þennan rétt eigum við, eins og allar aðrar þjóðir, meðan óyggjandi alþjóðalög eru ekki til um stærð fiskveiðilögsögu. Í fjórða lagi sviptir samningurinn okkur áhrifavaldi á þróun alþjóðaréttar, en styrkir áhrifavald höfuðandstæðinga okkar frá fyrstu tíð á sköpun þeirra laga, sem eiga að ákvarða rétt okkar um alla framtíð. Til þess að gera þetta margfalda brot, þetta margfalda réttindaafsal, sem stefnir efnahag og jafnvel sjálfstæði þjóðarinnar í voða, er svo til þess ætlazt og til þess mælzt af hæstv. ríkisstj., að hv. alþm. í fyrsta lagi þverbrjóti og eyðileggi landgrunnslögin frá 1948, — lögin, sem öll barátta okkar í landhelgismálinu hefur grundvallazt á síðan. Í öðru lagi, að þeir rifi í tætlur yfirlýsingu sína frá 5. maí 1959 um það, að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið. Í þriðja lagi, að þeir gangi þvert gegn margyfirlýstum vilja íslenzku þjóðarinnar, eins og hann hefur mótazt í algerðri þjóðareiningu um landhelgismálið í nærri 3 ár. Í fjórða lagi, að þeir rjúfi orð sín og eiða, sem þeir hafa flestir margsinnis og allir einhvern tíma gefið kjósendum sínum um það að standa fast á þeim rétti, sem þjóðin hefur þegar aflað sér til fiskimiðanna. Og í fimmta lagi, að þeir synji þeim kröfum, sem áreiðanlega eiga að baki sér allan þorra íslenzku þjóðarinnar, um það, að hún fái að greiða atkvæði — þjóðaratkvæði — um þetta lífshagsmunamál sitt á örlagastund þess. Er til nema eitt svar við þessum tilmælum hæstv. ríkisstj. af hálfu þingmanna? Er til nema eitt svar, sem sæmir nokkrum Íslendingi? Nei, þetta skal aldrei verða.

Líklega á engin þjóða veraldar orð á sinni tungu, sem nákvæmlega feli í sér hið sama og okkar íslenzka orð — landhelgi. Þetta orð býr yfir einhverju, sem er stærra og meira í ætt við háleitt markmið heldur en hlöstæð orð á öðrum tungum. Og þetta er ekki tilviljun, heldur rökrétt afleiðing af því viðhorfi, sem íslenzka þjóðin hefur um hundruð ára mótað sér gagnvart þjóðréttindum sínum á þeim hluta landsins, sem sjó er hulinn, — þjóðréttindum, sem eru okkar þjóð hvort tveggja í senn helgari og dýrmætari en nokkurri annarri þjóð er hliðstæður réttur, vegna þess að undir þeim er líf okkar og sjálfstæði komið, vegna þess að á grunnsævi lands okkar er okkar þjóðarauður, sem við verðum að geta verndað og notið, ef þjóð okkar á að vera lifvænt í þessu landi sem sjálfstæðri þjóð. Þess vegna eru réttindi okkar til fiskimiðanna á landgrunninu heilög réttindi, að þau eru bundin órjúfandi böndum við frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar, og þess vegna hefur annar meginþáttur sjálfstæðisbaráttu okkar fram til þessa dags verið háður á grundvelli réttar okkar til fiskimiðanna, — réttar, sem byggzt hefur og byggist fyrst og síðast á því sögulega hlutverki okkar þjóðar að skapa hér sjálfstætt menningarríki á þeim slóðum, sem hún hefur frá upphafi byggðar helgað sér með öllum gögnum þeirra og gæðum.

Meira en 500 ár eru nú liðin, frá því að erlendir menn hófu ásókn sína á íslenzk fiskimið sér til auðgunar, en þjóð okkar til miska og tjóns. Í allan þann langa tíma getur sagan greint frá óslitinni röð rána, gripdeilda, manndrápa og hvers konar annarra lögbrota, sem framin hafa verið gegn þjóð okkar varnarlausri, vanmáttugri og kúgaðri af erlendu valdi, allt í þeim tilgangi að hrifsa af okkur lífsbjörg okkar, skrapa til botns í þeirri gullkistu Íslandsmiða, sem erlend áþján gerði okkur lengst af vanmáttuga að nytja nema að litlu leyti og þá helzt til hagsbóta þeirri þjóð, sem við urðum að lúta sem réttlaus nýlenda. Loks urðum við svo að þola þá smán árið 1901, að Danir seldu Englendingum, sem frá upphafi höfðu haft forustuna um ránin og óhæfuverkin gegn okkur, seldu þeim landhelgina — íslenzku landhelgina — inn að 3 sjómílum, í þeim tilgangi að fá í staðinn örugga markað fyrir kjötframleiðslu sína. En áður hafði landhelgin verið talin lengst af 16 og jafnvel upp í 24 sjómílur. Um líkt leyti og þó nokkru fyrr komu botnvörpungar til sögunnar og alveg nýjar hættur sköpuðust á því, að miðin yrðu gereyðilögð, enda varð sú raunin á víða í skjóli hinnar þrengdu landhelgi og algerrar vanrækslu dönsku löggæzlunnar, að togarar Breta skröpuðu miðin upp að landsteinum, þar til ekkert kvikt lifði eftir, en íslenzkir fiskimenn sátu bjargarlausir eftir. Því hefur verið réttilega lýst í umræðunum um þetta mál, að dönsku samningarnir frá 1901 hefðu óefað gereytt íslenzku miðunum, ef ekki hefði komið til tímabil tveggja heimsstyrjalda, sem hlífðu þeim um hríð og björguðu þeim í bili.

Mörg þung orð hafa fyrr og síðar verið höfð um þennan samning Dana, og hann hefur með réttu verið talinn eitt mesta ógæfuspor, sem stigið hefur verið í okkar málum. En ég tel mikinn vafa á því, að þessi samningur, sem okkur er nú boðið upp á, sé í nokkru betri, miðað við breytta tíma og breytt viðhorf, en um margt eru þeir hliðstæðir. Ég hef áður í ræðu minni leitt að því líkur, að svo kunni að fara, að þau verndarmörk, sem nú á að skammta okkur, hvernig sem aðstæður breytast, geti orðið okkur jafnvel minni vernd en samningurinn 1901 var, og að svo geti farið, að ekki aðeins fiskimenn okkar standi uppi sem bónbjargarmenn, heldur og þjóðin öll, ef þessi samningur verður

gildandi. Með fullgildingu samningsins frá 1901 braut konungur Dana stjórnarskrá landsins frá 1874. Í dag ætla íslenzkir valdsmenn að brjóta íslenzk lög og íslenzkan rétt til þess að gilda nýjan afsalssamning. Árið 1901 voru landsréttindi okkar seld fyrir svínakjötsmarkað. Nú á að fórna þeim á altari Atlantshafsbandalagsins — hernaðarbandalags vestrænna stórvelda. Árið 1901 var hörfað af dönskum stjórnarvöldum fyrir árhundraða ofbeldisverkum Breta í íslenzkri landhelgi. Nú ætla íslenzk stjórnarvöld að svínbeygja sig fyrir ofbeldishótunum, sem vitað er þó að Bretar þora ekki lengur að framkvæma, hve fegnir sem þeir vildu. Ég get sparað mér að draga ályktanir af þessum samanburði, því að þær liggja augljósar fyrir hverjum og einum. Það er skylda hv. Alþingis að fella þessa smánartill. ríkisstj. eða leggja hana undir þjóðaratkvæði ella. Það er heilög skylda þess við lýðræði og þingræði, skylda þess við þjóðina alla og hennar framtíð.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þannig hagar til, að ég hugðist ræða nokkuð í minni ræðu um gerðir og orð hæstv. forsrh. í landhelgismálinu fyrr og síðar og einnig koma nokkuð við villukenningar, sem hæstv. fjmrh. hefur haft hér í frammi í umr. um þetta mál, og er það því eindregin ósk mín til hæstv. forseta, að hann sjái svo um, að þessir virðulegu hæstv. ráðh. komi hér og gegni þingskyldu sinni í nótt. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á, að það er að vísu skylda þm. að sitja þingfundi, en það varðar ekki öðru en vítum, og það er ekki hægt að knýja þá gegn vilja þeirra til þess að koma.) Er nokkuð vitað um vilja þeirra? (**Forseti:** Þeir sýna hann í verki.) Ég óska þess, að hæstv. forseti sýni það réttlæti að heimta ekki, að ég og þeir þm., sem hér eru, gegni okkar þingskyldum, en sleppi öðrum frá því. Ég þarf að tala við þessa menn og á rétt á því. (**Forseti:** Ef hv. þm. vill geyma ræðu sína til morguns, — það eru margir aðrir á mælendaskrá, — þá er það innan handar, ef hann óskar eftir því.) Ég er reiðubúinn til að halda mína ræðu. (**Forseti:** Gott og vel.) En ég vil hafa þá menn hér, svo að ég sé ekki neyddur til að baktala þá. Ég bið hér í ræðustóli, — mér hefur verið gefið orðið, — ég bið hér í ræðustóli, þangað til þeir herrar koma, sem ég þarf að tala við, þó að það verði til morguns, þó að það verði til hádegis. Ég hef orðið. (**Forseti:** Ég skal hringja, þannig að þeir, sem hér eru viðstaddir í húsinu —) Ég krefst þess, að fundi sé frestað og umr. látnar bíða, þangað til þessir menn geta brugðið blundi. (**Gripið fram í:** Það er ekki ⅓ þingmanna í húsinu.) Og hvar er stjórnarliðið, það voru hér fjórir í dag. Það sefur, sefur undir umræðum um landhelgismálið. (**Forseti:** Ef hv. þm. treystir sér ekki til að halda áfram ræðu sinni, þá geri hann svo vel og víki úr ræðustóli. Hér eru margir á mælendaskrá.) Forseti hefur ekkert fyrir sér í því, að ég treysti mér ekki til þess að flytja ræðu mína. Ég treysti mér mætavel til þess. Það er misskilningur hans. Ég er að bíða hér eftir þeim mönnum, þingmönnum, þingbræðrum mínum, sem hér eru skyldugir til að vera og ég þarf að tala við. (**Gripið fram í:** Er ekki hægt að fresta þessum fundi núna. — **Forseti:** Hv. þm. veit, að honum ber einnig skylda til að hlýða forseta, og ég vænti þess, að hann geri það.) Vissulega er það skylda þm. að hlýða forseta, en það er frumskylda forseta að heimta sömu réttindi og skyldur af þingmönnum, gera ekki sumum þeirra að vaka til morguns við þingstörf, en leyfi öðrum að sofa. Réttlátum forseta á að hlýða. En ég legg réttlæti þessa forseta nú undir dóm þingmanna, hvort ég er að brjóta hér rétt eða hann. (**Gripið fram í:** Það er eindregið óskað eftir því, að fundi verði frestað. — **Forseti:** Ég spyr hv. þm.: Er það alvara hans að óhlýðnast skipun forseta að víkja úr ræðustóli eða byrja ræðu sína ella?) Það er alvara fyrir mér að fá að ræða hér við þá menn, sem ég hef ætlað að beina orðum mínum til. (**Forseti:** Ég bið um svar við því, sem ég spurði um.) Ég er hér í ræðustóli reiðubúinn til að flytja mína ræðu, þegar ég fæ aðstöðu til þess. Ég vil ekki láta bjóða mér það, að ég þurfi að baktala tvo hæstv. ráðh., sem eru nú fjarverandi. Ég hef ekki óskað annars af forseta en hann kalli þá hingað til þess að gegna þingskyldu sinni. (**Forseti:** Það verður 10 mínútna hlé.) Ég vænti þess, að tíminn verði notaður til þess að nálgast þessa menn. Ég vænti þess. — [Fundarhlé].

Forseti (FS): Fundi verður fram haldið. Ég bið hv. þm. að víkja úr ræðustól. Til máls tekur hv. 2. þm. Sunnl. (**HV:** Leyfist mér að spyrja hæstv. forseta, hvort ráðstafanir hafi verið gerðar að minni beiðni til þess, að hinir fjarstöddu hæstv. ráðherrar gegni þingskyldu sinni og komi hér, því að ég vilji við þá tala.) Hv. þm. getur fengið tækifæri til þess að tala á morgun, og þá geri ég ráð fyrir, að ráðherrarnir verði viðstaddir. (**HV:** Er þá ekki eðlilegra, að þm. sé gefinn kostur á því að sinna ekki lengur þingstörfum nú, þegar ráðherrarnir eru ekki fáanlegir? Væri það ekki eðlilegra?) Það er atriði, sem ég ætla ekki að ræða um við hv. þm., en hann víki nú úr ræðustól. (**HV:** Ég mun ekki gera það. Hér er ofsalegu ranglæti beitt, og ég vítna til þeirra þm., sem hér eru, að ég hef eingöngu farið fram á sanngjarna hluti.) Ég bendi enn á, að ég mun gefa hv. þm. kost á að flytja ræðu sína á morgun. (**HV:** Ég vænti, að ég þurfi ekki að fá neina heimild til þess, en ég hef hér ekkert af mér brotið, — hef tjáð forseta, að ég sé reiðubúinn að flytja mína ræðu, en hef óskað eftir, að hann gerði ráðstafanir til þess, að aðrir menn gegndu hér þingskyldu sinni, meðan þingskyldu er krafizt af þeim, sem hér eru staddir.) Ég hef áður bent hv. þm. — (**HV:** Ég mótmæli því sem ranglætisverki, ef mér er vísað úr ræðustól, án þess að hafa farið fram á neitt annað en sanngjarna hluti.) Ég hef áður bent hv. þm. á, að það er ekki hægt að knýja þm. með valdi til þess að sitja fundi, sem þeir vilja ekki sitja. Það varðar að vísu vítum, en það er viðkunnanlegra, að þeir séu viðstaddir, þegar þeim eru veittar vítur. (**HV:** Hverjir eru hér þá vittir, mig langar til að vita það?) Ætlar hv. þm. að óhlýðnast skipun forseta? (**HV:** Ég er hér í ræðustóli tilkvaddur af forseta.) Ég spyr. Sé svo, þá er það vítavert. (**HV:** Ég er hér tilkvaddur af forseta. Er ég þá einn vittur, en ekki hinir sofandi ráðherrar? Við skulum fá að vita það.) Hv. þm. er viðstaddur, og

ég víti hann fyrir óhlýðni. (**HV**: Eru hinir fjarverandi ráðherrar vittir? Ekki heyrist það. Er það nýtt réttlætisverk af forsetanum?) Ég gef hv. þm. tveggja mínútna frest til þess að víkja úr ræðustóli. (**Gripið fram í**: Það er óskað eftir því, að fundi verði frestað. — **Gripið fram í**: Er tekið undir þá ósk? — **Gripið fram í**: Það eru eindregin tilmæli, klukkan er orðin þrjú. Hér er aðeins einn þriðji þingmanna mættur í húsinu. Það er eindregið farið fram á það, að fundi verði frestað. — **HV**: Af öllu stjórnarliðinu 3—4 menn eða svo.) Það er ekki óvenjulegur fundartími, þegar um stórmál er að ræða. Það er ekki óvanalegt, að fundir séu haldnir fram á nætur. (**Gripið fram í**: Það er sjaldgæft fram yfir þennan tíma.) Það er ekki sjaldgæft. Það er misskilningur. (**Gripið fram í**: Það er eindregið farið fram á það, að fundi verði frestað. Þess er vænzt, að forsetinn taki þessa ósk til greina.) Það er fundarhlé í fimm mínútur. Á meðan vænti ég þess, að hv. þm. hugsi sig betur um. (**HV**: Ég er sífellt að hugsa um það, hvort hæstv. forseti sé nú að gera skyldu sína að kveðja þessa menn til.) — [Fundarhlé].

Fundi verður enn fram haldið. Ég spyr hv. þm., hvort honum hafi ekki snúizt hugur, hvort hann vill víkja úr ræðustól og láta af því að hindra eðlileg störf þingsins? (**HV**: Það er fjarri því, að ég vilji hindra eðlileg störf þingsins. Ég vil greiða fyrir þeim. Mér finnst þingstörfin ekki ganga fyrir sig með eðlilegum hætti, nema með því, að þeir menn, sem maður þarf að ræða við, séu viðstaddir og forseti geri einhverja tilraun til þess að kveðja þá til.) Hefur hv. þm. kannske aldrei verið fjarstaddur þingfund? (**HV**: Jú, komið hefur það fyrir, en oftast nær hef ég beðið forseta leyfis. Ég hef sjaldan verið í leyfisleysi fjarverandi frá þingfundi. En ef forseti vill bera fram á mig ákærur út af því, að ég sæki öðrum þm. verr þingfundi og hafi verið hér án leyfis fjarverandi af fundum, þá er ég reiðubúinn til þess að ganga undir þann dóm. En það hygg ég að sé ekki rétt.) Þar sem hv. þm. hefur með einstæðum hætti hindrað eðlileg störf þingsins, sem ég ætla að muni vera einsdæmi í þingsögunni jafnvel, þá verður umr. um málið frestað og það tekið af dagskrá og fundinum slitið. Næsti fundur verður boðaður með dagskrá á venjulegan hátt.

Umr frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 8. marz, var enn fram haldið síðari umr. um till.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. 2. umr. þessa máls hefur nú staðið í nærri heilan sólarhring eða samfellt í 23 klukkustundir. Af þessum langa umræðutíma hafa stjórnarandstæðingar notað nærri 20½ klukkustund. Ég hef furðað mig nokkuð á framkomu þeirra. Það er eins og ræðuflutningur þeirra sé eins konar Maraþonhlaup milli þm. kommúnista og Framsóknar. Til þess að lengja ræðurnar sem mest hafa þessir þm. gripið til þess að lesa langa kafla úr eldri og yngri ræðum og greinum annarra manna, svo að oft og iðulega hefur engu verið líkara en búið væri að taka allt annað mál á dagskrá en hér liggur fyrir og er til umr. Ég held, að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafi á vissan hátt metið í upplestrinum, þar sem hann fór mjög samvizkusamlega í gegnum allmörg eintök af blaðinu Ingólfi frá 1908. Hins vegar hefur hv. 4. þm. Austf. glæsilegt met í Maraþonkeppninni með 3½ stunda ræðu. Svo var það hv. 4. landsk. þm., sem sló öll met, eins og hans var von og vísa, þegar hann í nótt sem leið tók sér varðstöðu hér í ræðustólnum, en neitaði þó að tala og neitaði að öðru leyti að hlýða hæstv. forseta Sþ., með þeim afleiðingum, að Alþingi var ekki lengur starfhæft og varð að slíta fundi. (Gripið fram í.) Ég vona, að hv. þm. reyni að hafa hemil á skapi sínu í dag, þó að það hafi verið farið svolítið að hitna í nótt. En annars er það ekki mitt að hafa áhyggjur af skapi þessa hv. þm.

Þó að hv. stjórnarandstæðingar hafi talið sig þurfa að nota þennan ótrúlega langa ræðutíma, er þó mála sannast, að það er auðvelt í stuttu máli að hrekja þær efnislegu mótbárur, sem gegn þessu máli hafa verið fluttar. Hafa þeir allir endurtekið þær hver á fætur öðrum, stundum með nákvæmlega sama orðalagi, stundum einhver lítils háttar munur. Allt aðfengna efnið og stundum guðsþakkarverð gamansemi hjá einstökum stjórnarandstæðingum er í raun og veru hið eina, sem aðgreint hefur þessar Maraþonræður, og mér er nær að ætla, ef þessar 20 tíma ræður væru spilaðar í belg og biðu af segulbandinu, að menn mundu halda, að þetta væri allt ein ræða, ein og sama langlokan, aðeins eins og gömul grammófónplata, sem er orðin svo skemmd, að hún hjakkar áfram, spilar aftur og aftur sömu orðin og sömu setningarnar.

Ég vil leyfa mér fyrst í stað að fara nokkrum almennum orðum um veigamikil atriði þessa máls, sem blandazt hafa inn í umr., án þess nokkuð sérstaklega að víkja að einstökum þm. í því sambandi.

Það hefur verið mikið talað í þessum umr. um réttindaafsal og alþjóðalög og alþjóðarétt. Nú vildi ég leyfa mér að spyrja: Getur það verið réttindaafsal að afsala sér því, sem ekki á stoð í lögum eða rétti? Hygg ég tæpast, að það geti verið afsal, en þá afsal einhvers annars en réttinda. T. d. getur hinn sterkari gagnvart hinum veikari afsalað sér möguleikanum og aðstöðunni til valdbeitingar, ólöglegrar valdbeitingar, eins og Bretar gera með því samkomulagi, sem hér er um að ræða. Íslendingar hafa ekki fallið frá rétti sínum um einhliða aðgerðir til breytinga á fiskveiðilandhelgi sinni um aldur og ævi, eins og segir orðrétt í nál. hv. 2. minni hl. utanrmn., en þetta orðalag hefur svo verið tekið upp næstum því orðrétt af flestöllum, ef ekki öllum þeim mörgu ræðumönnum stjórnarandstöðunnar, sem hafa talað. Hv. 3. þm. Reykv. má hafa ánægjuna af því að hafa gefið þarna tóninn.

Það er svo fjarri því, að rétti okkar til einhliða útfærslu hafi verið afsalað hér, að réttur inn er þvert á móti áréttaður, sbr. niðurlag orðsendingar hæstv. utanrrh. á þskj. 428, þar sem því er slegið föstu, að Íslendingar muni halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþ. frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar. En hitt er rétt, að við afsölum okkur að færa út fisk-

veiðilögsöguna með þeim hætti, sem ekki á stoð í lögum og rétti, þ. e. alþjóðarétti og íslenzkum lögum. Það er rétt. Að þessu vék ég í framsöguræðu minni og sagði m. a. um það þá, að það væri aðeins eitt atriði, sem við Íslendingar skuldbyndum okkur til um alla framtíð með því samkomulagi, sem ráðgert er til lausnar fiskveiðideilunni við Breta, að gera ekki ráðstafanir, sem samkvæmt dómi alþjóðadómstólsins brjóti í bága við alþjóðalög og rétt. Og ég spurði þá og ég spyr enn, hvort einhver hv. þm. mundi óska, að slíkar skuldbindingar væru teknar eða gerðar tímabundnar af okkar Íslendinga hálfu.

Þetta er hið eina svokallaða hop, eins og það heitir á máli stjórnarandstöðunnar, sem við stuðningsmenn þessa máls viljum leggja á íslenzku þjóðina með þessu máli. Við teljum það ekki aðeins sóma fyrir hina litlu íslenzku þjóð, heldur fordæmi öðrum þjóðum, sem Íslendingar geta verið stoltir af, að vera þess reiðubúnir að leggja ágreining okkar við aðrar þjóðir undir dómsúrskurð alþjóðadómstólsins, þess hlutlausa dómstóls, sem er ein af meginstoðum og aðalstofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Það hefur verið rætt nokkuð um alþjóðadómstólinn í þessum umr. En mér hefur fundizt á því, sem fram hefur komið, að mörgum hv. þm. veiti ekki af nokkurri fræðslu fram yfir það, sem þeir virðast hafa haft um þennan dómstól. Það er talað um, að dómstóllinn hljóti að vera mjög íhaldssamur, dómstóllinn sé meira og minna undir áhrifavaldi stórveldanna, það sé í raun og veru stórveldadómstóll, sem hér sé um að ræða. Þessu fer alls fjarri. Ég vil leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að vitna hér í nokkur atriði úr samþykktum alþjóðadómstólsins, til þess að menn geri sér grein fyrir, hvers kyns dómstól hér er verið að tala um að vísað verði til úrskurðar væntanlegu ágreiningsmáli á milli þjóða. Það er sagt svo, að dómstóllinn skuli skipaður óháðum dómendum. Eigi skiptir þjóðerni þeirra máli, enda skulu þeir vera vammlausir menn og búnir þeim kostum, sem heimtað er í landi hvers þeirra um sig til skipunar í æðstu lögfræðiembætti, eða vera viðurkenndir sérfræðingar í þjóðarétti. Í þessum dómi sitja 15 dómendur, enda mega engir tveir þeirra vera þegnar sama ríkis. Það er þing eða allsherjarþing hinna Sameinuðu þjóða og öryggisráðið, sem velur dómendurna úr mönnum, sem dómaranefndir hvers ríkis í fasta gerðardómnum í Haag hafa tilnefnt. Og samkv. 6. gr. er mælzt til þess, að sérhver dómaranefnd ráðfæri sig við æðsta dómstól sinn, lagadeildir sínar og lagaskóla, háskóla sína og deildir alþjóðaháskóla, þar sem laganám er stundað, áður en hún tilnefni dómaraefnin. Allsherjarþing hinna Sameinuðu þjóða og öryggisráðið skulu hvort öðru óháð vinna að kjöri dómendanna, en samkv. 9. gr. segir svo, að þegar velja skal dómendur, skuli kjósendur jafnan bæði gæta þess, að dómaraefnin séu hvert um sig búin þeim kostum, sem krafizt er, og einnig, að tryggt sé, að í dóminum í heild sinni verði málsvarar höfuðmenningarartegunda og höfuðlögskipana heimsins. Dómaraefni, sem algeran meiri hluta atkv. hafa hlotið á þingi Sameinuðu þjóðanna og í öryggisráðinu, skal telja kjörin, en um atkvgr. — og því bið ég hv. þm. um að taka eftir — um atkvgr. í öryggisráðinu er svo mælt, að engan mun skal gera á atkv. fastra eða lausra félaga þess, þannig að stórveldin hafa í þessu sambandi enga sérstöðu fram yfir önnur ríki, þegar velja á dómendurna. Þessir dómendur eru valdir til 9 ára, og enginn þeirra má gegna nokkru starfi í þágu framkvæmdavalds eða stjórnmála né heldur taka þátt í nokkurri atvinnusýslun. Þessi dómur skal stöðugt vera starfsskyldur nema í dómleyfum, enda kveður dómurinn á um það, hvenær leyfi skuli vera og hversu löng.

Um það, eftir hverju þessi dómur eigi að dæma, segir svo í 38. gr., að þá er leysa skal úr ágreiningsmálunum, er til dómstólsins eru lögð, skuli hann fara eftir í fyrsta lagi millirikjasamningum, hvort sem þeir eru almenns eða sérstaks eðlis, enda geymi þeir fyrirmæli berum orðum viðurkennd af sakaraðilum. Í öðru lagi millirikjavenjum, sem vegna almennrar og sannaðrar notkunar eru viðurkenndar eins og lög. Í þriðja lagi almennum grundvallarreglum laga, viðurkenndum af siðuðum þjóðum. Í fjórða lagi dómsúrlausnum, enda sé gætt fyrirmæla 59. gr., og kennisetningum beztu sérfræðinga ýmissa þjóða, er veita mega, er annað þrýtur, leiðbeiningar um tilvist og efni réttarreglna. Loks segir, að þessi ákvæði skuli ekki skerða heimild dómstólsins til þess að úrskurða mál ex aequo et bono, með sanngirni og réttsýni, ef aðilar eru því samþykkir.

Það er eitt ákvæði enn, sem ég vil vekja athygli á vegna nál. hv. fyrri minni hl. utanrmn., þar sem er nú, eins og oft hefur annars staðar komið fram, mjög mikið talað um það, að dómurinn hljóti að verða mjög afturhaldssamur og fylgjast illa með þróuninni. Má t. d. í þessu sambandi benda á, að Bretar buðu að láta alþjóðadómstólinn dæma um rétt Kýpurbúa til sjálfstæðis, en forvígismenn Kýpurbúa höfnuðu því, þar sem fullvíst var talið, að dómstóllinn teldi sig bundinn af gamalli hefð og reglum, sem hefðu gert dómsúrskurðinn hagstæðan Bretum. Það er ekki lengi verið að slá því föstu, að ef þessi dómur ætti að dæma, þá mundi næstum því verða fyrir fram vitað, hvernig dómsniðurstaðan mundi verða. Í 34. gr. segir, að ríki ein megi vera aðilar mála fyrir dómstólnum, svo að ég veit ekki, hvaða ríki hefði átt að vera gagnaðili í þessu sambandi. (Gripið fram í.) Það er kannske dálítið annað mál. En svo er um Kýpurbúa, eins og stendur í nál., sem tóku ákvörðun um það, að málið skyldi ekki fara fyrir dóminn.

Ég held, að það sé fullljóst og dyljist ekki, að það er þannig um hnútana búið í sambandi við þennan alþjóðadómstól, að í einu og öllu á að mega vænta þess af hverjum aðila sem er, að þar geti fengizt hlutlaus dómsniðurstaða, og það er auðvitað ekki sæmandi á Alþ. Íslendinga að gera ráð fyrir því fyrir fram, að það sé nokkurn veginn gefið, hvernig dómsniðurstöður fari, stórveldin hafi svo og svo mikil áhrif o. s. frv. Mörg ríki hafa áður farið eftir því ákvæði þessarar stofnsamþykktar, þar sem þau fyrir fram í eitt skipti fyrir öll skuldbinda sig til þess að leggja öll sín deilumál, sem upp kunna að koma við aðrar þjóðir, undir úrskurð alþjóðadómstólsins, og auðvitað væri þjóðasamfélagið miklu betur á vegi statt, ef fleiri ríki væru í þeim hópi. En samkv. 36. gr. segir í 2.

málslið, að ríki, sem aðilar eru að samþykktum þessum, geti hvenær sem er lýst yfir því, að þau skuldbindi sig in facto og án sérstaks samkomulags gagnvart hverju öðru ríki, er gengst undir sömu skuldbindingar, til þess að hlíta lögsögu dómsins um allan lagalegan ágreining varðandi túlkun samninga, hvert vandamál um millirikjarétt, hvort staðreynd hafi gerzt, sem, ef sönnuð væri, mundi fela í sér brot á skyldu í skiptum ríkja, hvers konar og hve miklar bætur skuli gjalda fyrir brot á skyldu í skiptum ríkja.

Að vera reiðubúinn til þess að leggja ágreining við annað ríki undir úrskurð dóms er kallað hér í sölum hv. Alþ. réttindaafsal um aldur og ævi. Þannig hafa stjórnarandstæðingar tjáð sig hver af öðrum, og hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) komst m. a. svo undarlega að orði í gær, að með samkomulagi við Breta um skuldbindingar af beggja hálfu til þess að leggja ágreining ríkjanna um áframhaldandi útfærslu fiskveiðilögsögu við Ísland undir úrskurð þessa dóms hefðu Bretar náð nýlendutaki á Íslendingum. (**KK**: Nokkurs konar.) Nokkurs konar nýlendutaki, jæja, — þetta var stórum betra, og ég er þakklátur hv. þm. fyrir að draga úr þessu. Ég skal viðurkenna, að það er stigmunur á því, en að mínu áliti enginn eðlismunur að taka á sig skuldbindingu í eitt skipti fyrir öll að hlíta dómsúrskurði alþjóðadómsins eða taka aðeins ákvörðun um það hverju sinni, þegar ágreiningur er risinn. Ríkisstj. Íslands undir forsæti Framsfl. hafði frumkvæði um það eða forustu 1953 að vilja leggja ágreining okkar við Breta þá um 4 mílna landhelgina undir úrskurð alþjóðadómsins. Það er enginn eðlismunur á þessari skuldbindingu og þeirri, sem hér er um að ræða samkv. samkomulaginu, aðeins stigmunur, eins og ég vék að áðan.

Það var töluvert talað um það í gær, að þau væru lágkúruleg, sjónarmið okkar, sem fylgjum þessu samkomulagi, og því vil ég aðeins segja það, að það þarf meiri trú á málstað Íslands, meiri manndóm og kjark og minni tækifærissinna til þess í eitt skipti fyrir öll að þora og vilja skjóta máli sínu til alþjóðadómsins, en meta það hverju sinni, þegar ágreiningur er risinn.

Ég skal nú með nokkrum orðum víkja að ýmsum einstökum atriðum og fullyrðingum, sem fram hafa komið um efni þessa máls í ræðum stjórnarandstæðinga, þó að það geti aldrei tæmandi orðið eftir allar þessar löngu ræður. En það skiptir ekki heldur máli, heldur aðallega að binda sig við það, sem veigamest er.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði: Ef þetta samkomulag verður staðfest, fá Bretar sama rétt og Íslendingar til landgrunnsins umhverfis Ísland. Eftir staðfestingu þessa samkomulags höfum við ekki meiri rétt til fiskveiða á landgrunninu heldur en Bretar. — En hvað kemur til, að menn segja þetta? Er það vegna þess, að hv. stjórnarandstaða sé algerlega trúlaus á málstað Íslands, á árangur þeirrar þrautseigu baráttu, sem Íslendingar hafa háð á alþjóðavettvangi allt frá setningu landgrunnslaganna frá 1948 á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, á tvelmur Genfarráðstefnum, í Evrópuráði, innan Efnahagsstofnunar Evrópu (OEEC), í Norðurlandaráði og við margs konar einstök tækifæri á alþjóðavettvangi fyrir því að öðlast og ná viðurkenningu annarra á rétti strandríkis til landgrunnsins og alveg sérstaklega Íslands á sökkluum, sem landið hvílir á? Hefur alveg farið fram hjá hv. stjórnarandstæðingum hin öra þróun síðari ára á alþjóðavettvangi, sem öll stefnir að því, að þessi réttur strandríkis öðlist viðurkenningu? Sá, sem í dag segir, að með því að vilja skjóta ágreiningi um frekari útfærslu en nú er til alþjóðadómstóls, — sá, sem segir í dag, að með því sé verið að gefa Bretum sama rétt og Íslendingum til landgrunnsins, hann hefur ekki trú á málstað Íslands. En Íslendingar hafa sótt mikið áleiðis á undanförnum áratug til þess að skapa sér viðurkenningu og öðlast rétt á þessu sviði. Það var vitnað í það hér í umr., að alþjóðalaganefndin hefði á sínum tíma viljað gera eða gert tillögur um staðfestingu þeirra alþjóðareglna, að strandríki ætti landgrunnið, botninn og það, sem undir botninum væri, en ekki hafið yfir landgrunninu, og þetta sýndi, hvað við værum skammt á veg komnir, það væri vegna þess, að stórveldin og ýmsir aðrir hefðu oliuturna margar mílur á hafi úti til þess að vinna oliu úr botninum og önnur verðmæti þar, en af því að þau hirtu ekkert um eða hefðu ekki aðstöðu til að hagnast á fiskigöngunum í hafinu yfir landgrunninu, þá ætti að undanskilja það. Á árinu 1953 voru uppi tillögur um þetta í alþjóðalaganefndinni. Íslendingar börðust ásamt öðrum þjóðum mjög hart gegn þessum skilningi, og þessi skilningur alþjóðlegu laganefndarinnar hefur verið lagður til hliðar. En þvert á móti hafa komið alþjóðlegar samþykktir, sem lengra og lengra ganga í því að viðurkenna rétt — sérstakan rétt — strandríkisins yfir landgrunninu og hafinu yfir landgrunninu. Á Genfarráðstefnunum 1958 og 1959 voru gerðar mjög merkar ályktanir í þessu sambandi. Á báðum þessum ráðstefnum lögðu Íslendingar til, að þar sem þjóð byggi afkomu sína á fiskveiðum meðfram ströndum, bæri strandríkinu sérstaða umfram hin almennu fiskveiðitakmörk, enda skyldi ágreiningur borinn undir gerðardóm. Þessar tillögur hafa fram að þessu verið felldar. Þær hafa hins vegar notið mikils og vaxandi stuðnings og þetta er það, sem koma skal og kemur fyrr en varir, a. m. k. að áliti þeirra manna, sem hafa trú á málstað okkar Íslendinga og okkar fullkomnu sérstöðu í sambandi við fiskveiðarnar. Á Genfarráðstefnu 1958 var samþykktur samningur um verndun fiskimiða úthafsins, og Ísland undirritaði hann. En þar er gert ráð fyrir því, að þegar sérstaklega stendur á og samningaviðræður við hlutaðeigandi ríki hafa ekki borið árangur, geti strandríki ákveðið einhliða verndarráðstafanir. Þetta var samþykkt og hlaut gildi sem alþjóðalagaregla samkv. þeirri samþykkt. Og á þessari ráðstefnu var einnig samþ. ályktun, þar sem mælt var með því, að hlutaðeigandi þjóðir hefðu samvinnu um að tryggja forgangsrétt strandríkis, þegar nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir gegn ofveiði. Í báðum þessum tilfellum er gert ráð fyrir því, að gerðardómur fjalli um mál, sem út af þessum samþykktum kynnu að rísa.

Það er sjaldan, að herforingi, enda þótt hann stýri fræknu liði, hafi sterka vígstöðu, vinni sigur, ef hann skortir sigurvissuna, trúna á málstaðinn fyrir fram. Og það er óþarfi fyrir okkur Ís-

lendinga að skorta trúna á okkar málstað í þessu máli.

Hv. 4. þm. Austf. sagði margt í sinni löngu ræðu, sem sannast sagna að mínum dómi væri betur ósagt um málstað Íslands og réttarstöðu í landhelgismálinu, því að ég álít, að hv. þm. beri að varast að hafa uppi hér í þingsölunum skoðanir um réttarstöðu Íslands, sem síðar meir gætu veikt málstað Íslands í baráttu þess við aðrar þjóðir. Þess hefur ekki verið gætt í þeim umr., sem hér hafa farið fram. En ég vil víkja að einu atriði, sem fram kom hjá hv. 4. þm. Austf. Hann sagði í fyrsta lagi, að það væri alveg ótvíræður réttur samkv. alþjóðlegri samþykkt og alþjóðalögum frá Genfarráðstefnunni fyrir okkur að færa út grunnlínurnar með tilteknum hætti, — alveg ótvíræður lagaréttur. Þessi hæstv. ráðh. setur reglugerð um grunnlínurnar 1958. Það var ótvíræður réttur að lagfæra grunnlínurnar. Sá réttur var ekki notaður. Á hinn bóginn segir hv. þm. og staðhæfir, sem mig furðaði á, að það mundi vera algerlega vonlaust, eins og nú er komið, að fá neinn úrskurð alþjóðadómstólsins til þess að viðurkenna 12 mílur. Þegar slíkar skoðanir eru fyrir hendi hjá hv. þm., hverjar voru þá afleiðingarnar af því? Jú, þá var alveg sjálfsagt að taka ákvörðun um að fara út í 12 mílur, þar sem rétturinn var vafasamur, en þar sem rétturinn var óvefengjanlegur, mátti það liggja á milli hluta. Ég álít, að framkvæmdir af þessu tagi séu ekki vænlegar í máli eins og þessu og gefi því miður grun um, að það sé meira hugsað um annað en öryggi og málstað okkar Íslendinga í máli eins og þessu, og ég skal koma að því síðar.

Ég vil leiðrétta eitt, sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Austf. og hv. 6. þm. Sunnl. og kannske fleiri, þar sem þeir sögðu, að Bretar hefðu fallið frá mótmælum gegn 4 mílunum, en tekið mótmælin upp aftur. Þetta var sagt í sambandi við það, að nú væri talað um það að falla frá mótmælum gegn 12 mílum, — auðvitað væri alltaf hægt að taka upp mótmælin aftur, Bretar féllu aldrei frá mótmælum gegn 4 mílunum, og þegar löndunarbanninu var aflétt á sínum tíma, þá voru meira að segja áréttuð mótmælin gegn 4 mílunum.

Ég veit ekki, hversu margir af ræðumönnunum viðhöfðu þá sömu staðhæfingu, að hæstv. dómsmrh. hefði viðurkennt í útvarpsumr., að viðurkenning Breta á 12 mílunum hefði alls ekki fengizt. Þeir hafa lesið með mikilli kostgæfni nál. frá 2. minni hl. utanrmn., en þar er þessu sama slegið föstu, og það er einmitt margt af því, sem þar kemur fram, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum fullyrðingar í ræðum þingmannanna síðar. Nú hefur dómsmrh. leiðrétt þetta sjálfur. En eftir að hann leiðrétti þetta, kemur hver ræðumaður á fætur öðrum og þylur upp þetta sama, að hæstv. ráðh. hafi viðurkennt og sagt, að það sé rétt, að formleg viðurkenning hafi ekki fengizt fyrir 12 mílunum hjá Bretum. Af hverju stafar þetta? Þetta stafar einfaldlega af því, að þessir ágætu þm. voru búnir að skrifa ræðuna, áður en þessi leiðrétting var gerð, og það var of mikið áfall fyrir Maraþonkappana að strika út úr ræðunum það, sem leiðrétt hafði verið og ósatt var. Þá urðu þessar ræður allt of stuttar.

Ég ætla að leyfa mér aðeins að taka upp það, sem hæstv. ráðh. vitnaði til í sinni ræðu, ef vera kynni, að einhver kæmi á eftir mér með sömu staðhæfingar, en þar kemst hæstv. ráðh. þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lið orðsendingar utanrrh. Íslands til utanrrh. Bretlands, sem hér liggur fyrir, segir: „Ríkisstjórn Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland.“ Með staðfestingu brezku ríkisstj. á þessu frumskilyrði okkar er tryggt, að ofbeldisaðgerðir af hennar hálfu innan fiskveiðilandhelgi okkar hverfa úr sögunni. Mótmæli Alþ. gegn þeim hafa þess vegna borið tilætlaðan árangur, en áður hafði ríkisstjórn Íslands með sakaruppgjöfinni síðastliðið vor og ákvörðuninni um viðræður við Breta á síðastliðnu sumri tekizt að hindra þær að mestu um sinn. Ákvörðun brezku ríkisstj. að falla frá mótmælum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögunni tryggir ekki einungis, að hún taki ekki upp ofbeldisaðgerðir að nýju, heldur felur ákvörðunin einnig í sér, að héðan í frá mun brezka stjórnin ekki bera brigður á hinn ótvíræða rétt, sem Alþ. Íslendinga hinn 5. maí 1959 lýsti yfir, að Ísland hefði til 12 mílna fiskveiðilögsögu. Þetta heitorð er helgað með skrásetningu eða þinglýsingu hjá sjálfum Sameinuðu þjóðunum til tryggingar því, að við það verði staðið. Héðan í frá verður ekki um það deilt, að Íslandi einu ber þessi réttur og getur þar af leiðandi án samráðs við aðra ráðstafað honum eins og það telur sér henta. Hv. þm. Lúðvík Jósefsson og Hermann Jónasson héldu því að vísu fram, að með þessu sé ekki fengin viðurkenning Breta á 12 mílna lögsögunni. Þetta segja þeir í sömu andránni og Hermann Jónasson fjölyrðir um þá viðurkenningu í verki, er við höfum hlotið frá ríkjum, sem létu ekki skip sín fiska hér undir herskipavernd og mótmæltu þó stækkuninni 1958 berum orðum. Nú falla Bretar ekki einungis frá valdbeitingu, heldur berum orðum frá mótmælum sínum.“

Þetta er svo skýr viðurkenning, sem á verður kosið, en samt skal það heita, að ráðh. hafi sagt í sinni ræðu, að viðurkenningin hafi ekki verið gefin af hálfu Breta.

Ég ætla að minnast hér örfáum orðum á drottningarbréfið. Það var ekki lítill þáttur í ræðunum hér í gær, eftir að hv. alþm. höfðu haldið því fram, að það fælist ekkert í þessu samkomulagi um það, að Bretar mundu ekki strax að 3 árum liðnum heimta endurnýjun á takmörkuðum veiðiréttindum innan 12 mílna landhelginnar, — eftir að þeir höfðu haldið þessu fram og eftir að hæstv. utanrrh. færði sönnur á það með tilvitnunum í bréf brezku ríkisstj., að hún hafi engar ráðagerðir um framlengingu á þessum takmörkuðu réttindum. Þegar þessu er lokið, rjúka menn upp og fjargviðrast yfir því, hvað maðurinn sé að gera, hvað hæstv. utanrrh. sé að gera, þetta sé hneyksli, honum beri skylda til að birta allt bréfið. Þegar birt eru úr bréfi frá brezkri ríkisstjórn til íslenzku ríkisstj. ótvíræð ummæli, sem taka af skarið um efnisatriði þessa máls, sem þm. höfðu vefengt og maður skyldi ætla að þeir væru ákaflega fegnir að úr fengist skorið efnislega, þá eru þeir ekki fegnir, þegar úrskurðurinn fæst. Nei, þá fyrst eru þeir óánægðir og tala um, að það sé hneyksli að birta ekki allt bréfið.

Hvað eiga svona látalæti að þýða? Hvaða máli kemur það við, hvort bréf frá ríkisstj. til ríkisstj. er birt að meira eða minna leyti, þegar beinlínis er óskað eftir vitneskju um það, hver afstaða brezku ríkisstj. sé til tiltekins atriðis, og sú afstaða hennar er gerð heyrinkunn á Alþ. af hæstv. utanrrh. úr bréfi brezku ríkisstj. til íslenzku ríkisstj.? Þetta eru óskiljanleg barnalæti, allur þessi gauragangur í sambandi við birtingu bréfsins, og það er gert í morgun í blöðunum að stórmáli, og vinur minn, hv. 6. þm. Sunnl., það var einmitt hann, sem var að tala um það í gær, að þetta væri alveg einstæður atburður, að slíkt skyldi hafa komið fyrir. Það er lesið úr bréfi það, sem óskað er eftir að fá úrskurð um, en ekki bréfið allt. Og hvert var svo framhaldið? Auðvitað getsakir um, að það væru einhverjir leynisamningar í þessu bréfi, sem þjóðin mætti ekki sjá. Menn geta fundið sér allt til foráttu í sambandi við mál eins og þetta og hvert annað mál, ef menn vilja gera veður út af hlutum eins og þessum.

Ég skal svo fara nokkrum orðum um grunnlínupunktana, sem eru veigamikið atriði og um hefur verið rætt mikið í þessu sambandi, en í nál. hv. 2. minni hl. utanrmn. standa þessi orð: „Eftir að grunnlínupunktarnir eru með þessu samningsuppkasti gerðir að óbreytanlegum samningi við brezku ríkisstj.“ — grunnlínupunktarnir eru gerðir að óbreytanlegum samningi við brezku ríkisstj. Það stendur, með leyfi hæstv. forseta, í niðurlagi orðsendingarinnar til Breta: „Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþ. frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland“ — mun halda áfram að vinna að útfærslunni. Þar undir eru grunnlínupunktar. Hvernig er svo hægt að segja, að með slíku samkomulagi sé verið að gera grunnlínupunktana að óbreytanlegum samningi við brezku ríkisstj.? Það er enn fremur sagt, með leyfi hæstv. forseta: „En grunnlínupunktana höfum við enn samkvæmt íslenzkum lögum rétt til að draga að vild, og til þess sama höfum við ótvíræðan rétt bæði að alþjóðalögum og samkvæmt ákvörðunum sjóréttarráðstefnunnar í Genf.“ Þessum réttindum öllum er verið að afsala þjóðinni með því að semja við Breta um nokkra punkta og gera það síðan háð samþykki þeirra eða alþjóðadómstólsins í Haag, hvort breyta megi. Fyrst er sagt: við eigum ótvíræðan rétt samkvæmt alþjóðalögum til tiltekinna punkta, hagnýtingar á þeim, öðrum en hér eru, og svo er sagt, að það sé verið að afsala þessum rétti með því að ætla að láta alþjóðadómstól kveða upp úr um það, hvort þetta séu lög eða ekki lög. Þegar jafngreindir þm. og hér eiga hlut að máli fara út í svona rökvillur eins og að segja: fyrst höfum við réttinn að alþjóðalögum, svo ætlum við að skuldbinda okkur, ef ágreiningur verður um réttinn, til að skjóta ágreiningnum til alþjóðadóms, — með því atriði sé verið að afsala sér réttindum, það er með öðrum orðum, að í hvert skipti sem borgari færi til dómstólanna með mál sitt, þá væri hann með því eftir þessu að afsala sér þeim réttindum, sem hann hyggur sig hafa, bara með því að fara til dómsins. Það er eins og það sé verið að leita með logandi ljósi að einhverjum atriðum í þessu samkomulagi, sem hægt sé að vefengja, skýra á annan hátt en liggur í augum uppi, hæstv. ríkisstj. hefur skýrt og upplýst hefur verið að Bretar skilja.

Út af fyrir sig er ekkert við þessu að segja, ef þetta væri gert í þeim tilgangi að taka af öll tvímæli í þessu sambandi. En það er ekki gert til þess. Það er gert til þess að reyna að sjá einhverja veilu í aðstöðu Íslendinga. Það er verið að búa til veilur í réttarstöðu landsins. Það er í þeim skilningi gert. Og þegar hægt er að leggja fram málsgögn frá Háskóla Íslands, sem veigamikla þýðingu hafa, og um afstöðu sjálfra Breta um skilninginn á þessum tilteknu atriðum og þegar það virðist óþarfi lengur að vera um það að þrátta, þá er ævinlega brugðizt verst við. Þetta er vegna þess, að það er því miður einlægur vilji og ásetningur sumra manna hér í þinginu að koma með öllum ráðum í veg fyrir, að samkomulag eða sætt geti tekizt í landhelgisdeilunni við Breta, og það er meira áhugamál fyrir þeim, að sú deila haldi áfram, heldur en hitt, að Íslendingar geti farið út úr þeirri deilu og endað hana með sóma frammi fyrir öllum þjóðum, eins og fram hefur komið, bæði í afstöðu Breta og annarra þjóða, sem tjáð hafa sig um afstöðu Íslendinga í sambandi við það samkomulag, sem hér er til umr.

Ég sagði, að það kæmi fram í afstöðu Breta. En þá höfum við skýringar frá hv. frsm. 1. minni hl. utanrmn., hv. 8. þm. Reykv., Þórarni Þórarinssyni. Hann sagði, að Bretar væru bara að gera það að gamni sínu að vera óánægðir, þeir væru nefnilega svo drenglyndir og miklir sportmenn, að þeir vildu ekki vera að sparka í aumingja Íslendingana, sem lægju svona hundflatir. Að þessari skýringu hefur verið brosað, og við skulum ekki eyða tíma í að gera hana frekar að umtalsefni. Það kom önnur miklu alvarlegri skýring að mínum dómi fram hér í umr. í gær. Hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði að umtalsefni útvarpsfrétt, sem barst í gær, að togaramenn í Hull mundu taka til löndunarbanns á íslenzkum fiski, ef Bretastjórn tryggði þeim ekki fyrir fram, að Íslendingar færðu ekki frekar út fiskveiðilögsögu sína síðar, og hv. ræðumaður komst efnislega þannig að orði, að þetta væri hið raunverulega mat þeirra, að Íslendingar hefðu afsalað sér rétti til frekari útfærslu. Mér finnst mjög alvarlegt og hryggilegt, þegar íslenzkir alþm. gera sig með slíkum hætti bera að því að telja ótvíræð réttindi eigin þjóðar einskis virði og afsöluð og reyna þannig að smíða vopn í hendur andstæðinga þjóðarinnar, af því að þeir halda, að með því geti þeir komið einhverju klámhöggi á pólitíska andstæðinga. Ég benti í minni framsöguræðu á og vitnaði til ummæla brezkra blaða, þingmanna og forustumanna, að það, sem Bretar óttuðust mest við þetta samkomulag, væri framhaldið, frekari útfærsla Íslendinga á fiskveiðilögsögunni, sem þeir áskilja sér í samkomulaginu að vinna að, og það er augljóslega einmitt þessi sami ótti, sem lýsir sér í afstöðu útvegsmannanna í Hull, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði að umtalsefni.

Ég skal þá koma að sjálfri orðsendingunni og fara með fáum orðum yfir þær brtt. eða ræða þær brtt., sem fram hafa komið í sambandi við orðsendinguna. Ég kem þar fyrst að 1. liðnum, að ríkisstj. Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn

12 mílna fiskveiðilögsögunni umhverfis Ísland. Þetta er ekki talið sama og viðurkenning. Það hefur verið margrætt hérna. Lagadeild háskólans hefur tjáð sig um það, og hæstv. utanrrh. hefur vitnað í ummæli brezkra ráðh. í þinginu um það, að þeir hafi með þessu ótvírætt áfturkallanlega viðurkennt 12 mílna landhelgina. Ég hitti ungan dreng um daginn, sem sagði við mig: Bretar hafa ekki viðurkennt landhelgina, þeir hafa ekki viðurkennt 12 mílurnar, þeir hafa bara fallið frá mótmælum. — Er það ekki sama og viðurkenna? sagði ég. Nei, ekki segja strákarnir það, sagði hann. Segja strákarnir það ekki, sagði ég. Nú, ef þú ert að deila við einhvern af félögum þínum, við skulum segja t. d. um *vasahnífinn þinn, sem þú telur þig eiga*, en hann segir: Ónei, ég á helminginn í þessum hníf með þér, og ég mótmæli því, að þú eigir hnífinn, — svo rifizt þið um þetta, og félagi þinn mótmælir, að þú eigir hnífinn, en svo segir hann allt í einu: Nei, ég ætla nú að falla frá þessum mótmælum, — finnst þér hann ekki hafa viðurkennt, að þú eigir hnífinn? Jú, sagði strákurinn, þó að hann væri ekki nema 14 ára gamall. En um þetta er búið að deila hér í *marga klukkutíma* í þinginu, um atriði eins og þetta. Og eftir að búið er að vitna í, hvernig Bretar líta á þetta, ummæli, sem viðhöfð hafa verið í brezka þinginu og eru alveg ótvíræð og leggja nákvæmlega sama skilning í þetta og hæstv. ríkisstj., þá segja andstæðingar: Því ekki taka af skarið, bera fram brtt.? Við því er að svara: Það þarf ekki að breyta því, sem er ákveðið, hvernig á að vera, og brtt. segir ekkert meira en sjálfur málsliðurinn. Það er óþarfi að breyta því. Orðsendingar á milli ríkja eru yfirleitt þannig gerðar, að í flestum tilfellum verður að velja þær eða hafna, og ef engar efnisbreytingar eru fram bornar, þá þarf auðvitað ekki að vera að deila um það, hvort eigi að breyta til orðalagi á einn eða annan hátt, þegar það er jafnótvírætt og hér um ræðir, að það orðalag, sem lagt er til, segir ekkert nýtt frá því, sem er í sjálfri orðsendingunni eða í 1. lið tillögunnar.

Um 2. lið þarf ekki að fjölyrða. Það er enginn vafi á því, að þær eru mjög mikilvægar, þær grunnlínubreytingar, sem þarna hafa átt sér stað. Það hefur verið vikið að því hér og margsinnis um það talað, og hv. stjórnarandstæðingar hafa flutt í efri deild frv. um það að lögfesta gömlu grunnlínurnar án nokkurra lagfæringa, og í síðastliðnum mánuði skiluðu fulltrúar stjórnarandstæðinga í nefndinni, sem fór með málið, till. um það, að svona skyldi þetta vera óbreytt. En þegar hins vegar kemur fram í orðsendingunni hér, að stórkostlegar breytingar geti átt sér stað og sé ætlunin að framkvæma, þá segja auðvitað stjórnarandstæðingar: Þetta er ekki neitt nema það, sem við höfum rétt til. 1958, þegar sjútvmrh. þá, hv. 4. þm. Austf., gaf út reglugerðina, þá voru engar útfærslur á grunnlínunum. Fyrir Alþingi liggja núna till. um staðfestingu eða lögfestingu á gömlu till. Og svo loksins þegar hér koma breytingar fram, þá eru þær taldar einskis virði. Látum það liggja á milli hluta. Þegar búið er að piska þessa menn, sem hafa staðið þannig á rétti okkar í grunnlínuréttingunum hér kvöld eftir kvöld, í útvarpsumr. og framhaldi 2. umr. um þetta mál, þá tóku þeir sig til í gær og fluttu brtt. um nokkrar grunnlínuréttingar. Ég verð að segja, að mér finnst málstaður þessara manna og afstaða í sambandi við þetta mál hafa verið léleg fyrr, en í raun og veru kannske enn þá aumari, eftir að þeir læðast nú fram með þessar brtt. eftir allt það, sem á undan er gengið frá þeirra hálfu, og eftir það, hvað mikið er búið að inna þá eftir því, hvort þeir ætli ekki að hafa manndóm í sér til þess að koma fram með brtt. En hvernig er það, er þá búið að taka aftur frv. í Ed. eða leggja fram brtt. þar? Það er dálítið einstakt, að sömu mennirnir skuli vera með sitt hvora till. í *sama máli*, aðra í Sþ. og hina í Ed.

Í 3. lið orðsendingarinnar er dregið upp, á hvaða svæðum Bretar fái takmörkuð veiðiréttindi til þriggja ára. Um þetta geta auðvitað verið skiptar skoðanir, og sumum finnst þetta veita Bretum of mikil réttindi, að þeir megi veiða inn að 6 mílunum á tilteknum svæðum um tiltekinn tíma á ári um þriggja ára bil. Öðrum finnst ekki mikið látið á móts við það, sem annars vegar er *fengið*, að geta fengið lausn þessarar deilu.

Um 4. tölulið hefur verið gerð töluverð athugasemd, og þar er flutt fram brtt., og því vík ég að henni, að í stað orðanna: „á áðurgreindu þriggja ára tímabili", eins og það er orðað, megi skip Breta þó ekki veiða á tilteknum svæðum, — það hefur verið flutt brtt. um það, að í stað þess komi: „framvegis" megi þeir ekki veiða á þessum *tilteknu svæðum, sem þarna eru tilgreind*. Og orðunin „á áðurgreindu þriggja ára tímabili" hefur verið túlkuð þannig, að fyrst það sé meiningin, þá hljóti í því að felast, að það sé aðeins um þetta tiltekna tímabil, en algerlega óráðið og óvisst um framtíðina. Nú hefur að vísu hæstv. utanrrh. bent á misskilninginn, sem fram hefur komið í þessu, og eftir að hann benti á það, þá *held ég*, að ekki hafi komið fram hjá neinum ræðumanni *nein athugasemd* við þetta. En 3. liðurinn ber að skoðast og skiljast sem takmörkun á 4. lið og skilst mjög auðveldlega, þegar tekin er landhelgin fyrir Norðurlandi, að þar er Bretum heimilað samkv. 3. liðnum réttur til þess að veiða inn að 6 mílna svæðinu frá Horni til Langaness á tilteknum tíma, en í 4. lið segir: þó ekki á vissu tilteknu svæði, sem dregið er frá Grímsey og í 6. og 8. grunnlínupunkt. Þegar þetta liggur þannig fyrir, þá verður að ætla, að mönnum skiljist til fulls, að þessi brtt., sem er c-liður 2. brtt. á þskj. 450, er af misskilningi fram borin.

Þá er loksins niðurlag orðsendingarinnar, og um það hafa verið skiptar skoðanir. Stjórnarandstæðingar vilja umfram allt geta lesið út úr þessu eitthvert afsal réttinda okkur til handa og þyngri og aðrar skuldbindingar séu lagðar á herðar okkar með þessu en felst í sjálfu orðalaginu. Ríkisstj. sjálf hefur skýrt og ótvírætt lýst yfir, að enginn ágreiningur hafi verið í samningaviðræðunum og undir meðferð málsins um þetta atriði við samningsfulltrúa Breta. Það er efni þessa máls, að ríkisstj. muni halda áfram að vinna að útfærslu, og samkvæmt orðun þessa niðurlags mun hún tilkynna ríkisstjórn Bretlands þessa útfærslu, sem yrði þá í framkvæmd þannig, að ný reglugerð um útfærslu yrði gefin út og gildistaka hennar

miðuð við 6 mánuði, en það á að tilkynna Bretum útfærsluna með 6 mánaða fyrirvara, miðað við 6 mánuði, frá því að hún yrði kunngerð Bretum. Það olli nokkrum umr. hér í gær. Það er ekki ákvörðunin um útfærsluna, sem hér er um að ræða, heldur að útfærslan sjálf er tilkynnt, og það er þess vegna, sem það er ótvírætt, að sjálf útfærslan kæmi síðan til framkvæmda að 6 mánuðum liðnum, ef Bretar hefðu ekki haft það við hana að athuga, að þeir teldu ástæðu til þess að láta alþjóðadómstólinn um hana fjalla. Þeir hafa því 6 mánuði til þess að vísa ágreiningi um þetta til alþjóðadómstólsins. Ef alþjóðadómstóllinn hefur ekki tjáð sig um málið að 6 mánuðum liðnum, þá tekur útfærslan gildi.

Það er að vísu rétt, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., að alþjóðadómstóllinn getur tjáð sig um þetta mál vafalaust án þess að taka endanlegar niðurstöður um málið. Það verður að ætla það. En hitt er jafnvíst og jafnótvírætt eftir hljóðun orðanna í þessu niðurlagi, að hafi alþjóðadómstóllinn ekki tjáð sig um málið að 6 mánuðum liðnum, þá tekur þessi tiltekna útfærsla gildi og gildir áfram, hvort sem Bretum líkar vel eða miður, og verður þá ekki hnekkt úr því gagnvart þeim, nema alþjóðadómstóllinn síðar felli úrskurð um það, að þessi útfærsla hafi ekki stoð í alþjóðalögum og rétti. Og þá er rétt að viðurkenna það, að á þessu niðurlagi orðsendingarinnar er sá efnismunur og brtt. 2, b-lið, á þskj. 450 frá hv. stjórnarandstæðingum, að með þessu taka Íslendingar á herðar sér strax og fyrir fram skuldbindinguna um að leggja ágreininginn undir dóm. Hv. stjórnarandstæðingar vilja aðeins orða það svo, að Íslendingar muni fara í þessum efnum við útfærsluna samkv. íslenzkum lögum og alþjóðarétti. Þeir ætla að vísu að fara að alþjóðarétti, en ég skil það svo, að í því þurfi ekki að felast skuldbinding um það, að þeir ætli að leggja málið fyrir dóm hverju sinni, heldur taka hverju sinni ákvörðun um það, hvort fyrir dómstólinn skuli fara eða ekki. En hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar, sem stendur að þessu máli, vill undirgangast þá skuldbindingu og gera það með glöðu geði í eitt skipti fyrir öll að vísa ágreiningi um málið til úrskurðar alþjóðadómstólsins.

Það má þess vegna segja, að fyrir utan þessa brtt. og svo hina síðbornu grunnlínupunktabrtt. séu engar efnisbreytingar í þeim brtt., sem fram eru komnar og fluttar eru af stjórnarandstæðingum á þskj. 450.

Hv. 4. þm. Reykn. (JSk) flytur brtt. á þskj. 459, af því að hann vill ekki fallast á þann skilning, að málskotið til alþjóðadómstólsins fresti ekki útfærslunni, og vill orða það jákvætt, telur, að um það gæti verið einhver vafi. Frá sjónarmiði okkar og miðað við skilning okkar á niðurlagi orðsendingar ríkisstj. felst engin breyt. í brtt. á þskj. 459.

Ég hef nú viljað freista þess við þessa umr. að árétta nokkuð sitthvað af því, sem fram hefur komið við 2. umr. þessa máls. Því miður er það mjög áberandi, eins og ég hef áður vikið að, hversu stjórnarandstæðingar gera sér far um það í einu og öllu að veikja málstað okkar Íslendinga svo sem mest má verða í þessu máli. Ég held hins vegar, að það verði framtíð Íslands ekki að neinu fótakefli. Ég get efnislega haft þau sömu ummæli, sem ég hafði við lok fyrri ræðu minnar um þetta mál, að ég tel það Íslendingum til sóma að leysa fiskveiðideiluna við Breta á þann hátt, sem hér er lagt til, og ég tel, að það sé lagður öruggur grundvöllur undir framtíðargang þessara mála í viðskiptum við Breta, sem hafa mundi áhrif einnig til góðs í viðskiptum við aðrar þjóðir, með því samkomulagi, sem hér er lagt til að staðfesta. Meginatriðið er það, að við Íslendingar höfum það mikla trú á málstað íslenzku þjóðarinnar, að við erum reiðubúnir til þess að leggja ágreining um réttindi okkar undir úrskurð alþjóðadómstóls.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að mótmæla harðlega því, sem hv. frsm. utanrmn. sagði nú hér seinast undir lok ræðu sinnar, að stjórnarandstaðan hagaði málflutningi sínum í þessu máli svo, að til tjóns gæti orðið fyrir íslenzkan málstað í landhelgismálinu. Þessu mótmæli ég sem staðlausum stöfum, og ég held, að hv. frsm. utanrmn. hefði borið skylda til að færa sönnur á þessa fullyrðingu sína. (Gripið fram í.) Það gleður mig að heyra, að hæstv. forsrh. er kominn á vettvang og það er lífsmark með honum.

Það er rétt, sem hv. frsm. utanrmn. sagði hér áðan, að þessar umr. eru orðnar nokkuð langar, þó ekkert úr hófi langar. Því verður alls ekki haldið fram. Hér er um stórmál að ræða, sem ekkert er eðlilegra í þingræðislandi en taki nokkurn tíma að kryfja til mergjar, og það er alveg ástæðulaust af hv. stjórnarsinnum að vera að barma sér yfir því, þó að þessar umr. hafi staðið sem svarar einum sólarhring. Það er tilefnislaust, þegar þeir þá hafa fengið að sofa meiri hlutann af þessum tíma og hafa haldið sig utan þingsalanna og svikizt um sínar þingmannsskyldur undir þessum umr. Nei, þeir hafa ekki ástæðu til þess að barma sér, þeir hafa fengið að lúra í bólunum sínum.

En ég skil það vel, að hv. stjórnarsinnum líður ekki vel, og þeir hafa ekki gert mikið að því að taka til máls í þessum umr. Það er frsm., það er hæstv. dómsmrh., og það er hæstv. utanrrh. og svo aftur frsm. nú, sem hafa talað í málinu. Að öðru leyti hafa þeir látið málið, — eins og það væri eitthvert ómerkilegt mál, — látið það lönd og leið. En þetta mál er þýðingarmikið mál á heljarslóð ríkisstjórnarinnar, enda hefur málið fengið það heiti nú í þessum umr., — og það hittir í mark, — að þetta er heljarslóðarorrusta ríkisstj. Það er heljarslóðarorrusta ríkisstj., sem hér hefur verið háð s. l. sólarhring. (Gripið fram í.) Ja, það var nú einhver, sem beið ósigur í orrustunni við Solferino, sem Benedikt Gröndal gerði að yrkisefni, og það er áreiðanlega sá aðilinn, sem ber að líkja við núverandi hæstv. ríkisstj., og þeim hershöfðingja, sem þar stýrði liði, má líkja við frsm. hv. utanrmn. Nei, heljarslóðarorrusta ríkisstj. fer á einn veg. Hún fer á þann veg, að hæstv. ríkisstj. verður þar kannske ekki eftir á vígvöllunum, en það verður hennar Waterloo.

Hv. frsm. utanrmn. á rétt á því eins og aðrir frsm. nefnda að grípa inn í umr., þegar honum þykir hlýða samkv. þingsköpum, og það gerði hann nú, og hann hóf mál sitt með því að rifja upp nokkuð þessar umr. um málið, og m. a. minntist

hann á atvik, sem gerðist hér s. l. nótt. Þegar ég átti þeirri ánægju að fagna að sjá hér hæstv. forsrh. mættan í dag og hæstv. fjmrh. líka og heilmikið af því 27 manna þingliði stjórnarinnar, sem vantaði hér í nótt, þá hafði ég glaðzt svo, að ég hefði ekki talið ástæðu til að gera það mál að umtalsefni nema af því, að hv. frsm. utanrmn. tókst það á hendur svona í leiðinni að minnast á það atvik. Annars hefði það ekki verið gert að umtalsefni af mér. En úr því að á þetta var minnzt, þá vænti ég þeirrar sanngirni af hæstv. forseta, að mér leyfist að víkja svolitið að þessum atburði. Það er þá einmitt í beinu framhaldi af því, að hv. form. utanrmn. var að rekja gang þessara umr. og hver hefði verið frammistaða stjórnarliðsins og stjórnarandstæðinga, að ég leyfi mér að draga upp svolitla viðbótarmynd af því. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. 1. þm. Vestf.? Ég bið að afsaka, það er frsm. utanrmn., sem hefur talað. Ég vona nú, að hv. formaður láti til sín heyra um þetta stóra mál. Að öðrum kosti tek ég það þannig, að hann sé eins og leiddur til aftökustaðarins í sambandi við þetta mál og sé hljóður af þeim sökum. En það kynnu að vera fleiri hv. þm. hér, sem væri innanbrjósts á þann veg, að þeir prísuðu sig sæla að geta verið hér fjarverandi, meðan þetta mál er til meðferðar í þinginu, og kannske helzt ef þeir mættu vera fjarverandi við atkvgr.

Umr. um þetta mál var haldið áfram í fyrradag allan daginn, og það voru sannast að segja miklar vanheimtur á liði stjórnarinnar, svo var í ráðherrasætum líka. En fundunum var haldið áfram í fyrrinótt þangað til klukkan að ganga fimm, held ég, — hún var fyllilega orðin fjögur í fyrrinótt, mundi það ekki vera rétt? Jú, jú. Fyllilega fjögur. (**Gripið fram í:** Var þm. ekki viðstaddur þá?) Jú, ég hef verið viðstaddur allar þessar umr. Ég var það. En ég efast um, að ritstjóri Alþýðublaðsins hafi verið það. Þessu var vel áfram haldið, ekki stuttur vinnutími hjá Alþingi þann daginn. En í gær var haldið áfram umr. og þangað til kl. um þrjú í nótt sem leið. Þá var þannig ástatt, að hér voru tveir varðstjórar frá hendi ríkisstjórnarinnar, þeir hæstv. utanrrh., sem stóð vel á verðinum, og hæstv. dómsmrh. með honum, en fimm ráðherra sá ég ekki úr þessari sjö manna ríkisstj. Tveir voru mættir. Þegar maður leit á þingbekkina, þá voru þar miklar eyður. Það kom í ljós, að á vissu augnabliki mun hafa vantað 27 af liði stjórnarinnar, 27 af 33 í þingliði stjórnarinnar, og það var verið að tala um eitt stærsta mál íslenzku þjóðarinnar, landhelgismálið. Forsrh. svaf, og eftir höfðinu dansa limirnir. (Gripið fram í.) Það má vel vera, ég hef ekki rannsakað það, ég kastaði tölu á þá stjórnarsinna, sem vantaði, og þeir voru 27. Hann kinkaði kolli, frsm., það mun vera sannleikanum samkvæmt.

Hér var hverjum þm. á fætur öðrum boðið upp á það að tala um landhelgismálið yfir mestmegnis auðum stólum þingsalarins. Það er aldrei skemmtilegt að horfa á auða stóla fyrir ræðumann. Það er ekki líklegt, að þeir meðtaki boðskapinn svo auðveldlega. Þetta ætti enginn maður að skilja betur en hæstv. utanrrh., því að mér er sagt, að í draumum sæki að honum óhugnanlegar sýnir auðra stóla úr hátíðarsal háskólans, líkt og augu Gláms sóttu að Gretti lengstum. Þegar að því kom, að ég átti að fara hér í ræðustól, að mér komið á mælendaskrá, þá var klukkan að verða þrjú í nótt, og þá var það, að ég, eins og þingvenja er, lét það í ljós við hæstv. forseta sameinaðs þings, Friðjón Skarphéðinsson, að ég þyrfti að haga máli mínu svo í sambandi við landhelgismálið, að ég þyrfti að beina orðum að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. viðvíkjandi orðum og gerðum þeirra í sambandi við landhelgismálið, og ég óskaði þess vegna eftir því, að hann gerði ráðstafanir til þess, að þessir þingbræður mínir kæmu. Undan þessu færðist forseti. En ég gaf kost á því, að ef þeim væri vorkunn að koma hér og gegna sínum þingskyldum, þá værum við hinir, sem hér værum í þingsalnum, einnig leystir frá okkar þingskyldum og fundi væri frestað, en ekki var hlustað á það. Ég skal ekki greina frekar frá orðaskiptum mínum og hæstv. forseta í sambandi við þetta mál, nema hann gaf hlé til umhugsunar og hann gaf hlé til þess að geta ráðgazt við hæstv. utanrrh. og dómsmrh. hér í hliðarherbergjum. Að þeirri ráðstefnu lokinni kom hann hér og beitti því valdboði forsetans, að ég ætti að víkja úr ræðustóli, en gaf mér ekki kost á að halda áfram mínu máli, þegar þá höfðu þó bætzt tveir ráðherrar í þingsalinn, sem ég hefði sennilega gert þá, þó að mig vantaði þá, sem ég ætlaði að tala við, — mér þótti leitt að þurfa að baktala þá virðulegu ráðh., en tilknúinn af forsetavaldinu hefði ég sennilega orðið að gera það, ef aðrir ráðh. hefðu kannske tekið að sér að bera þeim mín orð. (**Gripið fram í:** Þarna vantar í frásögnina.) Hvað mikið, hvað? (**Gripið fram í:** Forsetinn bauð ræðumanni, að hann skyldi fresta ræðu sinni til dagsins í dag.) Það var gott boð. Ég var kvaddur í þennan ræðustól af forsetanum og hafði einungis farið fram á það við hæstv. forseta, sem sanngjarnt var, að hann sæi um, að aðrir þm., sem jafnframt eru ráðh., gegndu sínum þingskyldustörfum. Hitt boðið gat ég vel afþakkað. Það var ekkert sæmdarboð. En það er staðreynd, að mér var ekki boðið að halda áfram ræðu minni, eftir að nokkrir ráðh. höfðu sýnt sig hér í þingsal, en var vísað úr ræðustóli. Og þá tilkynnti ég, að ég mundi verða í ræðustólnum til morguns og þó að þyrfti til hádegis eða til næsta þingfundartíma, og var þá að lokinni nýrri ráðstefnu slitið fundi og sagt, að næsti fundur væri boðaður og mundi hefjast með eðlilegum hætti. Það var eðlilegt, að það væri tekið fram, því að hinum fundinum lauk ekki með eðlilegum hætti.

Ég get ýmsu fleira bætt við þessa frásögn, því að það vantar ýmislegt í hana, það er rétt. Ég álít, að það væri hæstv. stj. ekkert til sóma, því að það er hægt að skýra frá þeim hlutum, sem þeir kæra sig ekki um hér. Þeir hafa vafrað þannig um þingsali hér, á meðan á afgreiðslu þessa máls stóð, að það er ekki vert kannske að upplýsa það á almannavettvangi.

Þá læt ég útrætt um þetta, sem er eingöngu sagt í tilefni af því, að hér var hafin umr. um þetta af frsm. utanrmn.

Á síðara helming 19. aldar var sífellt afturför hjá Íslendingum að því er snerti landhelgi og vernd hennar. Á síðustu 100 árunum, sem liðin eru frá

miðri 19. öldinni og fram á þessa miðja, var þróunin þessi, að Íslendingar bjuggu við 24 mílna fiskveiðilandhelgi, fóru svo niður í 16, svo fór það niður í 4, — mikið hnignunartímabil. Svo um aldamótin, eða nánar tiltekið 1901, semja vinir okkar Danir, sem þá höfðu forræði fyrir okkur, við Breta, eins og kunnugt er, um það, að nú skuli skorin enn ein míla af íslenzkri landhelgi og hún færð niður í 3 mílur og Bretum boðið inn í firði okkar og flóa þar með. Það er a. m. k. í almæli haft, að þetta hafi Danir gert til þess að glæða eitthvað sölu á svínakjöti í Bretlandi. Við þennan danska samning bjuggum við svo í hálfa öld. Og þessi danski samningur hefur verið talinn eitt af hinum ógeðfelldari plöggum Íslandssögunnar, menn hafa ekki viljað bendla neinn Íslending við gerð hans. Nei, menn hafa þótzt góðir að geta sagt: Nei, það var aldanskur ráðherra, sem gerði þann samning. — Það var satt, það var aldanskur ráðherra og dönsk ríkisstjórn, sem bar ábyrgð á honum. En þessi samningur var ekki eins bölvaður að öllu leyti og dæmi eru til um samninga. Það var einn kostur við hann. Hann var uppsegjanlegur, hæstv. utanrrh. Hann var uppsegjanlegur. (**Gripið fram í:** Þetta er alveg rétt.) Já, það er rétt. Svo er annar samningur, sem er það ekki. Danir sáu þó svo um, þrátt fyrir að samningurinn væri bölvaður, að það væri hægt að segja honum upp með tveggja ára fyrirvara, og það var gott, því að þann rétt gátu Íslendingar síðar notað sér. Honum var sagt upp á tilskildum tíma með tveggja ára fyrirvara og er úr sögunni. Þá hófst sókn Íslendinga í landhelgismálunum. Það hófst góð samvinna á milli flokka á Íslandi um landhelgismálin, um sóknina í þeim á fyrsta sprettinum, allir flokkar sammála um það, að nú þyrftum við að auka verndina á íslenzkum fiskimiðum, við ættum helzt að búa því lagalegan ramma, að við ættum tilkall og lögsögu og ráðstöfunarrétt á öllu landgrunninu kringum Ísland. Með þessu flokkasamstarfi var sett landgrunnslöggjöfin, löggjöfin um vísindalega friðun landgrunnsins, árið 1948. Það var mikilsverður kapituli, það var gleðilegur atburður í sögu Íslands.

Svo er farið að starfa að því að setja reglur um friðun á landgrunninu samkv. þeirri heimild, sem sjútvmrh. hafði samkvæmt þessum lögum, — heimild til þess að gera það með setningu reglugerða. Fyrsta reglugerðin um þetta efni er sett 1950, þar sem aukið er nokkru við fiskveiðilandhelgina norðanlands. Þar með eru íslenzk botnvörpuskip látin færa sig utar, öll erlend skip líka nema Bretar. Þeir fengu að skarka áfram fyrst um sinn inn að gömlu línunni, og það var illur fyrirboði þess, sem síðar kom. Það bólaði þarna strax á undirlægjuhættinum gagnvart Bretum, að taka þá eina þjóða út úr, þjóð, sem hafði sýnt okkur meiri ágengni og drýgt stærri syndir með því að urga upp íslenzk fiskimið og gera þau fisklaus að kalla. Jú, þeir fengu þarna strax við setningu reglugerðarinnar 1950 þau sérréttindi allra erlendra þjóða að mega fara inn fyrir þá nýsettu línu og inn að þeirri gömlu, og notuðu þeir þann rétt ræki lega, ekki hvað sízt á Húnaflóa, enda varð það svo, að Húnaflóasvæðið varð mjög hart úti á næstu árum á eftir og hefur verið svo fram undir þetta, að því er fiskleysi snertir.

Bretar höfðu með reglugerðinni frá 1950 meiri rétt en Íslendingar. Við samþykkt þess samnings, sem hér er til umr., komast þeir líklega aftur í sömu sporin. Íslendingum, ekki sízt Strandamönnum og íbúunum við Húnaflóa, líkaði þetta stórum illa. Þessi undanlátssemi við Breta varð illa ræmd þar norðanlands. Íslenzk stjórnarvöld þóttu hafa haft lítið bein í nefi gagnvart Bretum viðvíkjandi þessari stjórnarathöfn, og þótti mönnum upp frá þessu ills að vænta af þeim sömu mönnum, enda er það nú komið á daginn.

Næsta skrefið, og það má kalla stórskref, er stigið árið 1952, þegar reglugerð er sett um að færa út fiskveiðilandhelgi Íslands í 4 sjómílur og loka fjörðum og flóum eftir sömu reglum og Norðmenn höfðu þá nokkru áður fært sína landhelgi út í 4 sjómílur. En ekki þarf að rifja það upp í löngu máli, að þá hófst raunverulegt stríð við Breta. Bretar sögðu okkur þá stríð á hendur út af því, að við skyldum hafa dirfzt að ætla að helga okkur 4 sjómílur meðfram strandlengju okkar til eigin fiskveiða, sem þeir þó eins og allar aðrar þjóðir vissu að við lifðum á. Hvað varðaði þá um það? Þetta var einhliða aðgerð af hendi Íslands, og enginn gat haggað þeirri aðgerð. Hún var gerð í fullri andstöðu við Breta. Þeir byrjuðu á að hóta og ógna, áður en þetta var gert, og héldu því áfram, eftir að þetta hafði verið framkvæmt, og settu þá á okkur fisklöndunarbannið, sem allir sjá og viðurkenna að var tilraun af hendi stórveldis til þess að svelta hina litlu íslenzku þjóð. Og þetta gerðu þeir þrátt fyrir það, þó að þeir væru þá orðnir bræður okkar í bandalagi þjóða, þar sem fyrsta boðorðið var, að stórþjóðirnar áttu að vernda þær litlu.

Vel fylgdust Íslendingar að í þessu máli. Þetta var ekki ágreiningsmál innanlands. Þetta þótti öllum sjálfsögð ráðstöfun til þess að bæta lífsaðstöðu þjóðarinnar, og hefði mátt vænta þess, að slíkt yrði einnig áframhaldið. Þá kemur að útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 12 mílur 1958, stærsta skrefinu, sem var stigið til þess að vinna upp aftur hnignunina á síðari hluta 19. aldarinnar, að komast þá aftur upp í 12 mílur með íslenzka fiskveiðilandhelgi. Það var öllum ljóst, að þetta var enginn lokaáfangi. Það er alrangt, sem hefur verið látið í veðri vaka í þessum umr., að þessir eða hinir hafi litið á þetta sem endanlegt mark, heilaga tölu 12, og þar fram eftir götunum og að lengra skyldi ekki haldið, það mætti ekki neinn vinna að því að víkka landhelgina meira en þetta. Þetta er alrangt. Þetta eru ósæmilegar getsakir.

Það var öllum Íslendingum augljóst, að þó að við næðum okkar 12 mílna áfanga, þá yrði sífellt með vaxandi veiðitækni, stækkun skipa og fullkomnari veiðarfærum að stefna að því, að þjóð, sem er eins sett og íslenzka þjóðin er, sem á allt sitt undir fiskveiðum og verndun sinnar landhelgi, fengi umráð yfir landgrunninu öllu og gæti lagt það undir sína lögsögu. Það var lengi vel ekki vitað um nokkurn minnsta ágreining í þessu. Það var ekki vitað annað en öll þjóðin fylgdist að sem bræður í því að stefna skref fyrir skref að þessu marki, nota hvert tækifæri, sem gæfist, til þess að stíga nýtt og nýtt skref, þangað til við hefðum náð lögsögu á öllu okkar landgrunni, sem er svo

sérstaklega vel aðgreint frá öllum öðrum landgrunnum annarra landa landfræðilega, að ekkert er hægt að deila um þess mörk.

Samfylgdin entist svo lengi sem ofur sterk erlend öfl fóru ekki að hafa áhrif á hugi ýmissa Íslendinga, jafnvel í valdaaðstöðu. Það eru eingöngu erlend, framandi, utanaðkomandi öfl, sem hafa gert það að verkum, að íslenzk þjóð stendur í dag — því miður — ekki sameinuð sem skyldi um sitt landhelgis- og landvarnamál. Við höfðum náð 12 mílna áfanganum og unnið það stríð, sem Bretar hófu eftir setningu reglugerðarinnar 1. sept. 1958, og unnið það stríð þannig, að brezku herskipin voru hætt að ónáða íslenzku varðskipin og fara inn fyrir íslenzka landhelgi og höfðu gert það fyrir mörgum mánuðum, — ef það er ekki að nálgast árið, síðan þau gáfust upp, — það var fyrir Genfarráðstefnuna í fyrra, og það fer nú að líða að því, að það sé ár, frá því að þeir létu af þessari styrjöld, af því að þeir sáu, að hún var vonlaus. Það hafði ekki tekizt að fiska undir herskipavernd, og Bretar höfðu fengið slíkt ámæli í augum heimsins, að þeim fannst það ekki reynandi að halda þessu siðleysisstríði áfram. Þá var farið að makka, og það þótti svo ljótur verknaður, að enginn íslenzkur valdamaður vildi játa á sig glæpinn lengi vel, mánuð eftir mánuð. Það eru svívirðileg ósannindi, var sagt, íslenzka ríkisstj. er ekkert að makka við Breta, það er ekki verið að undirbúa neina samninga. Þeir eru bara í kurteisi að tala við Bretana, eins og sjálfsagt mál er.

En þegar þing kom saman í haust og umr. hófust hér í þinginu um þetta mál, þá varð öllum mönnum ljóst af ræðum hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh., að þeir voru og höfðu verið í samningum við Breta um þetta mál. Dómsmrh. sagði hiklaust, að það yrði að vega það og meta, hvað væri hægt að fá, hverju yrði að sleppa, — aðallega, sagði hann, hvað við yrðum að láta innan okkar 12 mílna fyrir það, sem við kunnum að geta fengið utan 12 mílnanna, — þetta er álitamál, og við verðum að vega það og meta, hvort hægt sé að ná samningum á þessum grundvelli. — Hæstv. utanrrh. hagaði sér allt öðruvísi. Hann reyndi enn á ný að þræta og sverja, að það væri eiginlega ekkert að gerast, það hefði ekkert gerzt. En samt fór það svo, að Alþ. var heitið því hátíðlega, að ekkert skyldi verða gert í málinu gagnvart Bretum nema láta Alþ. fylgjast með í því og málið skyldi þannig vera í höndum þingsins ásamt stjórninni, eins og sjálfsagt var. Þetta var þá sannleikur.

Samtölin höfðu verið í gangi milli íslenzkra stjórnarvalda og Breta, þó að þrætt væri fyrir, og það eru margir mánuðir síðan það varð augljóst mál og játað. Svo kom þar, að nú fyrir nokkrum dögum var tilkynnt, að það yrði lögð þáltill. fyrir Alþ. um það, að deilan við Breta yrði leyst með samningum, og fskj. með þessari þáltill. er orðsending utanrrh. Íslands til utanrrh. Bretlands um það, að ríkisstj. Bretlands falli frá mótmælum sínum, grunnlínur verði færðar svolítið út, í 3 ár frá dagsetningu svars Bretastjórnar mun ríkisstj. Íslands ekki hindra, að skip, sem skrásett eru í Bretlandi, stundi veiðar milli 12 og 6 mílna fiskveiðilögsögu Íslands á nánar tilgreindum svæðum, í fjórða lagi, að á áðurgreindu þriggja ára tímabili skuli þó skipum, sem skráð eru í Bretlandi, óheimilt að stunda veiðar á tilteknum svæðum milli 6 og 12 mílna innan fiskveiðilögsögunnar, og svo í fimmta lagi, að ríkisstj. Íslands ætli sér að halda áfram að vinna skv. ályktun Alþ. frá 5. maí 1959 að útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en muni tilkynna ríkisstj. Bretlands slíka útfærslu með 6 mánaða fyrirvara, og ef þeir færu að malda eitthvað í móinn gegn slíku, þá væri hægt að skjóta ágreiningnum til alþjóðadómstólsins. Það er þessi till. til þál., einkanlega þessi orðsending, þessi millirikjasamningur, sem hér er um að ræða, sem hv. Alþ. hefur verið að ræða undanfarna daga og nætur og er enn að ræða.

Það sér hver maður, það blasir við augum allra, að frá Horni og austur fyrir land er á einhverjum tímum ársins heimilað, að brezk skip séu að veiðum innan 6 mílna línu allt vestur að Bjargtöngum, austur fyrir og suður fyrir og vestur fyrir land til Bjargtanga með örfáum undantekningum, þar sem veiðiskapurinn skal af þessum erlendu ræningjum ekki stundaður nema inn að 12 mílunum. Þessu er afsalað. Þetta stingur mest í augun. Það er út frá þessu, sem menn taka afstöðu til málsins við fyrstu sýn. En þegar menn athuga málið betur, þá er það miklu stærra atriði, sem upplýst var á utanríkismálanefndarfundi fyrir nokkrum dögum, að þessi samningur sé óuppsegjanlegur og að Ísland sé þannig um aldur og ævi skuldbundið til þess að ákveða ekki nýja grunnlínupunkta, færa ekki út sína fiskveiðilandhelgi nema hafa fyrst sótt um það til Breta og verða síðan að leggja það undir erlendan dómstól. Þetta er raunverulegt innihald samningsins. Þetta er það, sem veldur því, að sum brezk blöð segja, að það hafi verið gert „good job" fyrir þá, og mætti segja, að Íslendingar hafi gert „bad business" í staðinn. Það er það stóra í málinu. Og eins og málið stendur núna, þá er ekki annað að sjá en sóknin, sem hófst 1948 í landhelgismálinu og náði hápunkti með útfærslunni í 12 mílur 1958, sé nú að byrja að verða að undanhaldi, sams konar undanhaldi og upphófst hér á síðari hluta 19. aldar, og það verður ömurlegt, ef síðari hluti 20. aldarinnar ætti að verða endurtekning á sögu 19. aldarinnar.

Það má segja, að það hafi gengið í þessum umr. eins og jafnan, þegar deilt er um mál, stjórnarsinnar, ríkisstj. og fylgilið hennar á þinginu hefur haldið því fram, að þetta sé einn mesti sigur íslenzkrar stjórnmálasögu, sem hér hafi verið unninn, og sparar hvorki stór orð, miklar gylliningar, risafyrirsagnir í sínum blöðum, endurtekningar á þessum boðskap í ríkisútvarpinu dag eftir dag, að nú hafi verið unninn einn stærsti sigur íslenzkrar stjórnmálasögu. Og það er með þessari orðsendingu, sem við eigum kost á að gera að millirikjasamningi við Breta. Nú lýgur þú Herlegdáð fyrir kónginum, var eitt sinn sagt, og það má sannarlega segja eins nú: Nú lýgur þú að íslenzkri þjóð, hæstv. ríkisstj. — Hins vegar heldur stjórnarandstaðan því fram, að þetta sé einn hörmulegasti svikasamningur íslenzkrar sögu. Það ber ekkert meira eða minna en þetta á milli. Og í þeim umr., sem hér hafa farið fram af hendi stjórnarandstöðunnar hafa verið færð fram þung rök fyrir

því, að þetta sé afsal landsréttinda, þetta stofni lífsaðstöðu íslenzku þjóðarinnar í mikinn háska og þetta sé mikið undanhald undan erlendri ásælni og ofurselji rétt ekki aðeins nútíma Íslendingsins, heldur komandi kynslóða, og það er það versta. Að þessu leyti má segja, að umr. hafi verið, eins og umr. oftast eru, einn segir hvítt það, sem hinn segir svart, og svo hættir mörgum til að láta slíkar umr. sem vind um eyru þjóta. En það hefur ýmislegt merkilegt gerzt í þessum umr., og ég ætla aðallega að staldra við tvennt.

Ég tel það fyrsta merkilega atburð þessara umr., sem gerðist hér í gær, þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) sannaði það ótvírætt fyrir þingheimi, svo að ekki verður um villzt eða hrakið, að hæstv. utanrrh. Íslands er staðinn að beinum og berum ósannindum frammi fyrir Alþ. Íslendinga. Hann gaf yfirlýsingu hér þann 6. febr., að þá hefðu engin tilboð borizt frá Bretum og þá hefðu engar till. farið frá Íslendingum í landhelgismálinu, — ekkert að frétta af þeim vígstöðvum. Og svo er hér í gær lesin skýrsla úr flokksblaði þessa hæstv. ráðh., sem er að allri uppbyggingu þannig, að hún getur ekki verið samin af neinum öðrum en þeim, sem annaðhvort hefði beina frásögn ráðh. til þess að rita eftir eða skjöl hans og skilriki til þess að draga upp myndina af því, sem hefði gerzt, atburðaröðina í þessu frá því í október og hversu það hefði verið óskaplega mikið að gera hjá ráðh. í málinu, þegar þetta skeyti hefði borizt, sem hefði verið þýtt með dulmálslyklum, og ráðh. vakað í ofvæni, þangað til menn sáu, hvað í þessu fælist, og þessi atburður gerðist þarna og þennan dag borðaði hann með Home lávarði, á þessum stað, í hinum veglega sal Buckinghamhallar, og nákvæmlega lýst, hvernig hæstv. utanrrh. mataðist og drakk og starfaði og hverja hann hitti af valdapersónum Bretlands o. s. frv., o. s. frv., og þar mættust tveir seigir, sagði blaðið. Dagsetningarnar voru þarna. Áreiðanlega hefði ritstjóri Alþýðublaðsins ekki farið með þessar dagsetningar í blaðið, nema það hafi verið nákvæmlega og vandlega endurskoðað af ráðh. sjálfum. Og hvað sjáum við svo? Þá sjáum við þarna svart á hvítu, að þessi stórkostlegu afrek þessara tveggja afreksmanna hafa ekki aðeins verið til umr., heldur til afgreiðslu, þau hafa verið til afgreiðslu, áður en hæstv. ráðh. kom hér hátíðlega í stólinn frammi fyrir Alþ. og sagði: Ekkert að frétta, ekkert gerzt, engin tilboð frá Bretum, engar till. frá Íslendingum. — Hér er því ekkert um að villast. Hér hefur það orðið ljóst í þessum umr., að utanrrh. Íslands, sem fer með allan trúnað íslenzku þjóðarinnar í landhelgismálinu út á við, er staðinn að berum ósannindum frammi fyrir Alþ. Íslendinga. Hvað á slíkur maður að gera? Hann á, undireins og hann getur komizt í þennan ræðustól, að ganga hér fram, það er það allra minnsta, sem hann getur gert, og biðja þingið afsökunar á þessum mistökum. (**Gripið fram í:** Ætli sá brezki mundi ekki segja af sér?) Ætli sá brezki mundi ekki segja af sér, segir gamall og reyndur þm. hér. Það er líka hugsanlegur möguleiki, að drengskapur Guðmundar Í. Guðmundssonar rísi einnig svo hátt, að hann segi af sér.

Annað mjög merkilegt hefur gerzt í þessum umr. Og það er það, að hæstv. utanrrh. lætur þess getið í útvarpsumr. um landhelgismálið frammi fyrir alþjóð, þegar hann á í vök að verjast stjórnarandstæðingum, sem fullyrða, að í millirikjasamningnum felist ekki ákveðið öryggi, sem þeir telji nauðsynlegt að þar sé til verndar íslenzkum málstað, þá segir hæstv. ráðh.: Það er að vísu rétt, það er ekki í orðsendingunni, en ég hef bréf upp á það, — eins og Jón Hreggviðsson hafði, — bréf frá hennar hátign Elísabetu Bretadrottningu. Og þar er það tryggt, að Ísland hefur þennan rétt, sem er ekki tekinn fram í orðsendingunni, en í bréfinu er það staðfest, svo að það er ekkert um að villast. — Ég sé það af nál. hv. utanrmn., að þegar nefndarmenn komu þar á nefndarfund, þá fara þeir fram á það, eins og eðlilegt er, að utanrmn. sé sýnt þetta leyniplagg. Engin ósk var eðlilegri. Engin ósk var sjálfsagðari. Og sagði ekki hæstv. ráðh. undireins: Jú, utanrmn. hlýt ég að sýna þetta plagg? — Nei, hann var ekki alveg á þeim buxunum, ekki að tala um að sýna utanrmn. þetta leynibréf. Þá gerist annað, og það er það, að í framhaldsumr. hér á hv. Alþ. tekur hæstv. ráðh. leynibréfið upp og þýðir sjálfur úr því tvær setningar og gengur þannig feti framar en í útvarpsumr., sýnir horn af bréfinu: Hér er það, en að öðru leyti skal það vera í mínum lófum leynt. — Og þá rísa auðvitað upp raddir í þinginu: Við viljum fá að sjá bréfið, við viljum fá að ganga úr skugga um það sjálfir, hvað í þessu bréfi er, hvort það er þetta, sem hæstv. ráðh. segir, hvort það er aðeins það, hvort það er ekkert annað í því. — Og grunsemdirnar vakna við það, að hæstv. ráðh. vill ekki sýna neinum bréfið. Eru einhverjar skuldbindingar í þessu bréfi gagnvart Íslandi? Eru einhverjar tryggingar í því gagnvart Íslandi? Eru einhverjar skýringar í því gagnvart óljósum ákvæðum samningsins? Eru einhver viðbótarákvæði þarna? Er eitthvað, sem hallar rétti Íslands eða bætir aðstöðu Íslands, í þessu viðbótarplaggi? Til einhvers er það sent. Það kemur ekki til mála, að það sé hægt að telja okkur trú um það, að þetta sé einkabréf frá Elísabetu til Guðmundar. Og hvað áttum við að gera með að sjá hornið af því bréfi? Ekkert. Nei, hér er um skjal að ræða, sem varðar þetta mál. Það hefur hæstv. ráðh. sjálfur opinberað með því að geta þessa plaggs í útvarpsumr. og með því að sýna það hér og þýða úr því eina eða tvær setningar á Alþ. Krafa þingsins er því og hlýtur að vera: bréfið fram. Utanrmn. er skyldug til að heimta bréfið í sínar hendur, og ég treysti svo formanni hv. utanrmn., Gísla Jónssyni, að hann heimti bréfið a. m. k. í hendur utanrmn. Þegar utanrmn. hefur gengið sjálf úr skugga um efni bréfsins, þá er það mitt álit, að hún eigi að mynda sér skoðun um, hvort ástæða sé til, að þetta bréf sé prentað sem þskj. í sambandi við landhelgismálið. Ef hún telur þetta einskis virði, þá er það hennar að ákveða, að það skuli ekki birt. En hún verður að fá vitneskju um það, og snerti þetta málið, sé til skýringar á einhverju atriði samningsins, eins og hæstv. ráðh. hefur sagt, eða bæti einhverju við samninginn eða dragi þar eitthvað frá, þá á þingið heimtingu á að fá þetta plagg, og það er botnlaus ósvífni af hæstv. ráðh. að leyfa sér það að reyna til að dylja Alþ. þess

plaggs, sem er í snertingu við þetta mál. Slík fyrirlitning hefur Alþ. mér vitanlega aldrei verið sýnd fyrr, og það kemur úr hörðustu átt, að þessi ósvifni skuli sýnd í sambandi við eitt viðkvæmasta og helgasta og stærsta mál þjóðarinnar.

Ég veit, að það verður allsherjarkrafa, ekki aðeins allrar utanrmn., heldur og þingheims alls og þjóðarinnar, að ekkert pukur sé haft í þessu máli og að þau plögg, sem játað er að snerti þetta mál, séu lögð fram fyrir alþjóð. Það er engin krafa eins eðlileg og þessi.

Og eitt langar mig til að spyrja um, spyrja beint um. Hefur þetta Elísabetarbréf verið birt fylgismönnum ríkisstj., eða hafa þeir ekki fengið að sjá það, *nema hornið af því*? Ef fylgismenn stjórnarinnar hafa fengið að sjá þetta bréf, þá hefur verið gert upp á milli þm. á þann hátt, sem ber ekki að gera í lýðfrjálsu landi. Plögg varðandi hin þýðingarmestu mál þingsins eiga að verða gerð kunn öllum þingheimi, jafnt þm. stjórnarandstöðunnar sem fylgismönnum ríkisstj. Ef hins vegar svo laumulega hefur verið farið með þetta bréf, að stjórnarfulltrúarnir í utanrmn. og þm. stjórnarliðsins hafa ekki fengið að sjá það, hvernig getur þá hæstv. ríkisstj. ætlazt til þess, að þessir menn þóknist henni í því að rétta upp hendurnar með lausn málsins, fáandi ekki að vita um málsefnið í heild, fá meira að segja að vita um það, að einhver atriði málsins séu dulin fyrir þeim, en atkvæði þeirra heimtuð um málið þrátt fyrir það? Nei, þm. stjórnarliðsins geta ekki látið bjóða sér slíkt. Og þar tel ég, að sterkasta kröfuvaldið hafi fulltrúar ríkisstj. í utanrmn. og þá sérstaklega formaður hv. utanrmn. fyrir hönd nefndarinnar og fyrir hönd þingsins alls. Og ef hann *með sínum* dugnaði og sinni réttlætiskennd kemur þessu ekki fram, þá álít ég, að hann hafi beðið mikinn ósigur og verði ekki með öllu losaður við þá ábyrgð, sem menn hljóta að lýsa á hendur hæstv. ráðh. fyrir tilraun hans til þess að halda leynd yfir vissum atriðum *þessa máls*. Það er ekki hægt að koma með neina skýringu á því, að slíkt bréf sé sent upp á þau býti, að þing gagnaðilans megi ekki fá að sjá það. Og tilvera bréfsins sýnir, að einhverja þýðingu hefur það. Þýðingarlaust bréf fer ekki Elísabet Bretadrottning að senda Guðmundi Í. Guðmundssyni utanrrh. í sambandi við landhelgismálið. Bréfið verður að birtast. Lágmarkskrafan er sú, að bréfið sé gert kunnugt utanrmn. í heild og hún taki ákvörðun um, hvort það skuli prentað sem þskj.

Hv. frsm. utanrmn. gerði sig alveg eins og barn í framan, eins og 14 ára dreng, — hann var nú reyndar að tala um 14 ára dreng líka, — þegar hann segir: Þegar þm. heyra eina eða tvær setningar úr bréfinu, þá verða þeir óánægðir. — Hann er alveg hissa á þessu, hissa á því, að þm. skuli ekki vera svo lítilþægir, að þeir fái bara að vita eitthvert atkvæði, eitthvert orð, einhverja setningu úr bréfinu og þá eigi þeir að vera ánægðir. Við höfum heyrt setningu úr bréfi Elísabetar til Guðmundar. Þá eiga þeir að vera ánægðir, þm. Nei, þá verða þeir óánægðir, segir frsm. Hann sagði, að það *væri barnaskapur af* þm. að haga sér svona. Nei, það er fjarri sanni. Hér er um svo stórt mál að ræða, að þm. geta ekki unað neinu öðru en því, að utanrmn. fái bréfið og taki ákvörðun um, hvort ástæða sé til að birta það sem þskj. eða hvort efni þess skuli varðveitt í bókum utanrmn. sem minna opinbert mál. En það er ekki ástæða til að hafa vitneskju bréfsins í höndum ráðh. og elga að trúa því, hvað í þessu bréfi sé, þegar þetta mál er á dagskrá á þeim sama degi sem þessi sami ráðh. er staðinn að ósannindum frammi fyrir Alþ. Íslendinga. Þá á hann sízt heimtingu á því, að honum sé trúað. Er meira í bréfinu? Er annað í bréfinu? Ráðh. verður ekki trúað. Bréfið verður sjálft að tala. Og ég endurtek: Ég vil fá að vita, hvort stjórnarliðar hafa fengið að sjá bréfið og þannig verið gert upp á milli þm. eða hvort þeir eru einnig blekktir á sama hátt og við, og er hvorugur kosturinn góður.

Í þessum umr. hefur mjög mikið verið um það rætt, hvort það sé ekki góður kostur að elga úrskurð í þessu lífshagsmunamáli íslenzku þjóðarinnar, landhelgismálinu, undir alþjóðadómstólnum í Haag, alþjóðlegum dómstóli. Um þetta hafa verið höfð stór orð í þá átt, að hver sá þegn, sem vilji ekki að skorið sé úr íslenzkum *málum* á þennan hátt, sé eiginlega ofbeldisseggur og slík þjóð, sem vilji ekki láta afgreiða sín mál þannig, geti ekki talizt meðal réttarríkja. Þetta eru stór orð. Ef Ísland yrði ekki talið á bekk með réttarríkjum, ef það neitaði að leggja þetta mál undir Haagdómstólinn, þá er nokkuð eðlilegt, að þessir menn hafi heldur valið það, að Ísland gæti talizt réttarríki. Og þarna er það, sem hæstv. fjmrh. kemur við sögu. Er hann nú farinn? Getur hann ekki einu sinni verið á þingfundi um hádaginn? Mætti biðja hæstv. forseta, að gera ráðstafanir til þess, að fjmrh. *sýndi* sig hér í salnum? Ég mundi gera hlé á máli mínu á meðan. (**Forseti:** Það virðist vera, að hv. þm. ætli að hefja hér sams konar leik og hann gerði á s. l. nóttu og ég hélt að hann sjálfur vildi hafa sem fæst orð um.) Við skulum ræða um það, herra forseti. Ég hef farið fram á, að það sé gerð ráðstöfun til þess, að hæstv. fjmrh. komi í þingsalinn. Það er forsetans að segja já eða nei við því, gera ráðstafanir eða gera þær ekki. Þetta er minn þingréttur, sem ég stend á. (**Forseti:** Ég mun athuga, hvort hæstv. ráðh. er staddur í húsinu.) Það eru hér tæki í húsinu, sem sýna það, hvort menn eru í húsinu. Ljósin segja til þess, og þingsstarfsliðið getur gengið úr skugga um það. (**Gripið fram í:** Hvort það logar á perunni hjá honum.) Já, hvort það logar á perunni. (**Forseti:** Það er sjálfsagt að verða við þeirri ósk að sjá, hvort hann er í húsinu eða ekki.) Ég þakka forseta. (**Gripið fram í:** Það berst engin frétt af því enn, hvort það logar á perunni.)

Ég sé, að hæstv. fjmrh. er kominn í þingsalinn, og mun ég þá halda áfram máli mínu. (**Forsrh.:** Ég er líka kominn.) Það gleður mig nú enn þá meir, því að mér finnst hæstv. forsrh. alltaf hressilegur og skemmtilegur maður, svo að það verkar vel á mig nærvera hans. (**Forsrh.:** Má eg segja eina setningu?) Já. (**Forsrh.:** Ég mundi hvorki taka á móti þingmennsku né ráðherradómi, ef ég væri alltaf skyldugur að hlusta á Hannibal.) Já, það gerist nú ekki þannig á Íslandi, að menn taki við þingmennsku úr hendi eins manns, það

gerist úr hendi kjósendanna, ef ég man rétt, og hann væri ekki ofsæmdur af því að vera kosinn með einu atkvæði. Ég undrast ekkert, þótt hann mundi hafna þingmennskunni, ef hann hefði bara fengið eitt atkv. (**Gripið fram í**: Hann er nú ekki á kjörskrá í kjördæmi sínu.) Nei, en atkv. verður hann að fá þaðan samt.

En ég ætlaði nú samt sem áður, þrátt fyrir ánægju mína yfir nærveru hæstv. forsrh., að beina nokkrum orðum til hæstv. fjmrh. að sinni. Hann hélt ræðu í útvarpið nú á dögunum um landhelgismálið. Það var ein af þessum fínu og penu ræðum, sem engan hneyksla, og það var samt ýmislegt í henni, sem mér fannst sérkennilegar kenningar. Hann sagði í þessari ræðu í fyrsta lagi, að orðalagið að falla frá mótmælum jafngilti viðurkenningu með berum orðum. Já, það jafngildir viðurkenningu, sem væri sögð berum orðum. En ég vil segja, að þegar menn vilja segja einhvern ákveðinn, þýðingarmikinn hlut, þannig að hann skiljist og verði áreiðanlega ekki mistúlkaður, hvílík aðferð er þá í millirikjasamningi að segja hann ekki berum orðum, en það megi skilja það, megi ráða í það. Hæstv. ráðh. játar, að þetta sé ekki sagt berum orðum, en það jafngildi því, að það sé sagt berum orðum. Þm. hafa borið fram brtt. á þann hátt, að þetta verði sagt berum orðum, að Bretar viðurkenni 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland. Er það nú ekki öllu viðkunnanlegra að segja svona hlut berum orðum? En það má vel vera, að það sé afstaða hæstv. ráðh., að það fari einmitt betur á því að segja þetta undir rós og mátulega óljóst, ekki berum orðum.

Þó var það ekki aðallega þetta, sem ég vildi til hans beina, heldur um kenningar hans viðvíkjandi Haagdómstólnum. Nú stöndum við afskaplega ójafnt að vígi, hann er lögfræðingur, hefur verið prófessor í lögum, ég held, að hann sé sérfræðingur í alþjóðalögum eða teljist það, en ég algerlega ólöglærður maður. En hann segir, að málskot til Haagdómstólsins sé eðlileg aðferð í samskiptum siðaðra ríkja. Kannske er það ekkert óeðlilegt, slíkt málskot í samskiptum siðaðra ríkja. En ber að skilja þetta þannig, að þau ríki, sem kjósi ekki málskot til Haagdómstólsins, séu ekki meðal siðaðra ríkja? Eru þau ekki meðal siðaðra ríkja? Þetta skýrist kannske dálítið, þegar lesið er svolítið lengra í hans ræðu í Morgunblaðinu. Þar stendur þá, með leyfi hæstv. forseta: „Nú ætla ég," segir ráðh., „að það sé nokkuð samróma álit ábyrgra manna í lýðræðislöndum, að réttarríki geti ekki skorazt undan því að bera ágreining við annað ríki undir alþjóðadómstólinn, ef það vilji njóta trausts og virðingar meðal þjóða." Þetta finnst mér vera afskaplega skýrt. Þarna er talað berum orðum. Hæstv. ráðh. heldur því fram, að það sé samróma álit ábyrgra manna í lýðræðislöndum, að réttarríki geti ekki skorazt undan því að bera ágreining við annað ríki undir alþjóðadómstólinn, ef það vilji njóta trausts og virðingar meðal þjóða.

Nú er það í fyrsta lagi, að Ísland með Ólaf Thors, núv. hæstv. forsrh., sem þáv. hæstv. forsrh. líka hefur neitað að setja viss atriði landhelgismálsins áður fyrr undir Haagdómstólinn, neitað Bretum um það, eins og ég skal sanna hér á eftir. Olli Ólafur Thors þessu þá, að Ísland væri ekki talið meðal siðaðra þjóða? Fyrirgerði hann allri virðingu Íslands meðal siðaðra þjóða? Það er spurningin.

Ég veit ekki betur en að af þeim u. þ. b. 100 þjóðum, sem eru í Sameinuðu þjóðunum, hafi meir en ⅔ þeirra neitað að leggja ágreiningsmál sín við aðrar þjóðir undir alþjóðadómstólinn. Það er innan við ⅓ hluti þeirra þjóða, sem eru í Sameinuðu þjóðunum, sem hefur fallizt á það að leggja sín ágreiningsmál við önnur ríki undir alþjóðadómstólinn. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geri sér það ómak síðar að leiðrétta þetta, ef hann hefur öruggar heimildir fyrir því, að þetta sé rangt. En eftir hans kenningu ættu þarna meira en ⅔ hlutar af meðlimaþjóðum Sameinuðu þjóðanna að vera utan við fylkingu siðaðra þjóða, og það stenzt ekki. Þessu hafa þjóðir leyft sér að neita, og þær eru svona margar, milli 60 og 70. Það er því dálítið hart, að hæstv. ráðh., fyrrv. prófessor í lögum, skuli koma með svona trakteringar fram fyrir þjóð sína í ríkisútvarpið í opinberum umr., algerlega staðlausa stafi, andstæðu sannleikans.

Það hefur verið bent á það í þessum umr. réttilega, að við Íslendingar eigum ekki neinn fulltrúa í þessum alþjóðadómstóli, sem nú er sótt fast á að leggja okkar örlagamál fyrir, en milljónaþjóðirnar, stórveldin eiga þar fulltrúa, Bretar eiga þar fulltrúa, Bandaríkjamenn o. s. frv. Það hefur verið gerð á því athugun, einmitt í sambandi við tilhugsunina um, að við eigum að setja okkar landhelgismál undir þennan alþjóðadómstól, hvernig hann sé saman settur nú, og það er þannig: 9 af 15 dómendum þessa dóms eru nú frá þjóðum, sem hafa verið yfirlýstir andstæðingar Íslands í landhelgismálinu, 9 af 15, og í hendur þessara manna ættum við að senda stærsta mál nútíðar og framtíðar Íslands og þykja máli okkar þar vel borgið.

Nú má segja: En dómararnir, þeir eru þó ekki bundnir af afstöðu sinna þjóða, sinna ríkisstj. endilega, dómararnir eru hafnir yfir allt slíkt. — Ég hef fengið upplýsingar um það, og ég held, að það séu öruggar upplýsingar, að það hafi aðeins einu sinni gerzt í sögu dómsins, þegar hann hafði starfað í sjö ár, í stórmáli, þá kom það fyrir aðeins einu sinni og hefur ekki komið fyrir aftur, að dómari greiddi atkvæði í stórmáli á móti ríkisstj. sinnar þjóðar. Í öll önnur skipti hafa atkvæði dómendanna fallið saman við vilja ríkisstj. þess lands, sem þeir voru fyrir. En í eitt skipti í sögu dómsins er það til, að dómari hafi greitt atkv. um málsniðurstöðu gegn vituðum vilja sinnar ríkisstj.

Undir þennan dóm ættum við að setja landhelgismálið. Það þykir fangaráð. Stærsti stjórnmálasigur, sem unninn hefur verið á Íslandi, á að vera að búa okkar stærsta máli slík örlög. Nei, ég get ekki fallizt á það. Og þeir eru fleiri, og þeim fjölgar, sem þykir það ekki ráðlegt, eftir því sem þeir fá meira um þetta að heyra og betur að vita.

Og hver þarf að undrast það, þó að afstaða dómenda í máli sem þessu beri nokkurn keim af þeim kenningum, sem þeirra eigin ríki hefur viðurkennt um aldur og ævi? Það vita allir, að það eru fyrst og fremst Bretar, sem hafa haldið fast við það, að 3 mílna landhelgi væri alþjóða-

regla, og þeir standa á því lengur en stætt er á því. Það er ekki til nokkur maður í Bretlandi, sem hefur meðtekið aðra kenningu en þá viðvíkjandi stærð landhelgi, að 3 mílna landhelgi sé alþjóðalög, dómararnir ekki undanskildir. Við þessa lífsskoðun eru þeir mótaðir, hver einasti Breti, og út frá þessari sannfæringu sinni um, að þetta séu alþjóðalög, mundu þeir dæma. En það er einmitt þessi skilningur, sem við Íslendingar viðurkennum ekki, og á meðan við megum nokkru ráða, viljum við ekki leggja okkar helgustu mál undir slíkan dóm. Og við megum vera alveg óhræddir um, að það er enginn möguleiki til þess að segja, að Ísland sé ekki á bekk með siðuðum þjóðum, þó að við verðum 67. eða 68. þjóðin, sem segði nei við því að leggja okkar mál undir Haagdómstólinn. Og mætti ég ólöglærður maður segja hæstv. fjmrh. það, að það er enginn minni maður en Dag Hammarskjöld, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sem hefur haldið fyrirlestur og látið gefa hann út, um það, að það stofni til voða framtíð Haagdómstólsins, að mikill meiri hluti þjóða í Sameinuðu þjóðunum skuli ekki vilja leggja mál sín undir hann. Þetta hefur framkvæmdastjórinn sagt í fyrirlestri, opinberum fyrirlestri. Hann örvæntir um framtíð Haagdómstólsins, af því að það hefur ekki enn þá tekizt að fá nema mikinn minni hluta þjóða til þess að leggja sín mál undir hans úrskurð.

Menn hafa hér fjölyrt um, að það þurfi ekki mikið vitnanna við lengur um, að það hafi verið góð verzlun, sem íslenzka ríkisstj. hafi gert með þessari nótu sinni, þessum millirikjasamningi, sem hér er á döfinni. Ég segi: hafi gert, því að það sagði hæstv. sjútvmrh. í útvarpsræðu sinni, hann hafði það í þátíð, og einum af fylgismönnum stjórnarinnar, sem hér talaði í gær, varð á einmitt að hafa það í þátíð, en kippast svo við og breyta því í nútíð — í framtíðarmerkingu sjálfsagt. Nótan er gerð náttúrlega, þeir eru þannig settir, þessir blessaðir menn, að þeir hafa sennilega ekki aðstöðu til að breyta stafkrók eða orði í henni. Hún er í höndum beggja. Svona skal hún vera, og það er formsatriði í okkar lýðræðis- og þingræðislandi, að Alþingi þarf að leggja meirihlutasamþykkt á hana. Hefðist það ekki, þá yrði að kasta henni í ruslakörfuna, þá yrði hún ónýt. En það er náttúrlega gefinn hlutur, að breytt verður henni ekki. En ef þeir eru ekki bundnir í báða skó með allt orðalag þessarar till., þá efast ég ekki um, að þeir vilja heldur hafa orðalagið sem skýrast, til þess að málstaður Íslands sé sem öruggastur, og kjósa þá heldur í fyrsta lið: Bretland viðurkennir óafturkallanlega 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands, — í staðinn fyrir að þeir falli frá mótmælum gegn henni. Ef þeir eru alfrjálsir að því að breyta orðalagi, án þess að samkomulagsmerkingin breytist, þá veit ég, að þetta verður samþ. einróma. Séu þeir bundnir hins vegar, þá er það eingöngu þess vegna, sem það verður fellt, þetta skýra orðalag, sem nú er lagt til, og þannig er með aðrar sjálfsagðar brtt., sem hér eru fram fluttar.

Bretar eru óánægðir með lausn málsins, segja menn. Það á að vera einhver sterkasta sönnun, sem hægt sé að færa fram fyrir því, að málið sé ágætt fyrir Íslendinga. Bretar eru óánægðir. Hvernig hefði nú málið þurft að leysast, til þess að Bretar hefðu látið í ljós ánægju sína? Er ekki ástæða til þess að hugleiða það? Hæstv. forsrh. hefur talað við foringja Breta fyrr og síðar, hann gerði það 1952 og hann gerði það núna í vetur á Keflavíkurflugvelli. Það var þeirra sameiginlega territorium, og hann veit manna bezt, hvað þyrfti til þess, að Bretinn væri ánægður. Hann var ekki ánægður með 4 mílna línuna okkar. Hann er ekki ánægður, þegar hann fær að fara upp að 6 mílum. Hann var náttúrlega hundóánægður með þessar 12 mílur okkar. En hann var eiginlega jafnóánægður 1952 með 4 mílurnar. Af því vitum við það, að hann yrði ekki einu sinni ánægður, þó að við hleyptum honum upp að 4 mílum. Hans afstaða er slík: Það er opið haf, ég á rétt á að fiska upp að 3 mílum við Ísland. — Það er hans afstaða. Er einhver hér, sem vill gera hann ánægðan? Nei, ég vænti ekki.

Nei, málið hlaut að leysast á þann veg, að Bretar væru óánægðir, og það eru því engin tíðindi að segja okkur, að brezku blöðin séu óánægð. Sum þeirra eru það, en sum þeirra eru það ekki. Það eru til brezk blöð, sem segja, að þeir hafi bara gert „good job", þeirra umboðsmenn.

Sá möguleiki var ekki til, að þetta mál væri leyst, meðan við Íslendingar værum í sókn í landhelgismálinu, öðruvísi en í fullum fjandskap við Breta, meira að segja undir vopnum þeirra. Það er engin sönnun, það er hin herfilegasta blekking að telja það til sannana, að Bretarnir séu óánægðir með þessa lausn. Þeir hefðu orðið það, þó að við hefðum farið með þá algerlega inn að 6 mílunum okkar. Þeir hefðu orðið óánægðir, þó að við hefðum hleypt þeim inn að 4 mílum, því að þeir settu á okkur löndunarbann, þeir ætluðu að svelta okkur í hel, þegar við fórum í það að ákveða 4 mílna landhelgi hjá okkur. Þeim tókst það ekki, fóru á rassinn þá, fóru á rassinn með sín herskip, sína herskipaofsókn til Íslands. Það er nefnilega sannleikur, að sameinaða þjóð, vopnlausa, er ekki hægt að sigra. Það er eingöngu, þegar raðirnar riðlast hér heima fyrir, að hægt er að koma einhvers konar Gleipni, einhvers konar svikafjötri á okkar þjóð.

Það má vera auglýst hverjum einasta Íslendingi, að óánægjuhljóð í brezkum blöðum er engin sönnun þess, að nú höfum við fengið góða lausn á málinu frá íslenzku sjónarmiði.

Sannleikurinn er sá, að það er búið að fá samþykki útgerðarmannanna, sjómannasamtakanna og allra aðila, sem máli skiptir, eftir að vitneskja hefur borizt frá brezku stjórninni um það, hvað sé meginkjarni málsins, og meginkjarni málsins er sá, að nú geti Íslendingar ekki stækkað fiskveiðilögsögu sína einhliða lengur, nema að fengnu samþykki Breta eða úrskurði þess dómstóls, sem ég hef lítillega gert að umræðuefni og margir fleiri og skýrt nokkuð, hvernig er saman settur og hvernig lífsskoðanir þeirra manna eru, sem þar eiga að kveða upp dómsorð.

Það var rétt fyrstu dagana, eftir að hæstv. ríkisstj. birti boðskap sinn í stjórnarblöðunum með risastórum fyrirsögnum um stærsta sigur stjórnmálasögunnar, að það tókst í bili að blekkja nokkra Íslendinga. Menn vildu ekki trúa öðru en að þarna hefði einhver góð lausn fengizt, úr því að menn

höfðu svona gífurlega stór orð og þessar risafyrirsagnir um stórsigur Íslands. En þegar menn fengu þáltill. út um landið, lásu hana í ró og næði, kynntu sér efni hennar, sáu réttindaafsalið í niðurlagsliðum hennar og hið tvíræða, ófullnægjandi orðalag í 1. gr., þar sem ekki er sagt berum orðum, að Bretar viðurkenni 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, þá sáu menn, að málið hafði fengið vonda lausn, háskalega lausn fyrir alla framtíð, enda hefur það nú gerzt, að þeir, sem fyrst létu í ljós ánægju, hafa ýmsir skipað sér ákveðið í lið þeirra manna, sem mæla gegn samþykkt þessarar þáltill. Ég á þess þó von, að enn þá eigi fólk eftir að glöggva afstöðu sína til þessa máls og það fyrst og fremst út frá praktísku hliðinni á málinu.

Þetta er mál, sem fellur ekki í gleymsku á viku og ekki á hálfum mánuði. Þetta mál verður vakandi í hugum þjóðarinnar vegna þeirrar ágengni brezkra togara og allra þjóða togara, sem nú steðja inn á fiskisvæðin okkar upp að 6 mílum fyrir Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Og þá, þegar erlenda stóðið — skipastóðið — er komið inn á fiskimið okkar, bátanna okkar m. a., og flykkist þangað um hávertíðina, þá sjá þeir, hvað hefur gerzt. Þá sjá þeir stjórnmálasigur íslenzku ríkisstjórnarinnar í nýju ljósi. Það talar skýrar og betur en nokkur tvíræð orð.

Meðan þessi samningur verður í gildi, fyrnist málið ekki, gleymist ekki. Að því leyti er það ólíkt flestum öðrum málum. Þjóðin verður sífellt, óaflátanlega minnt á þennan svikasamning í framkvæmd. Þá sér þjóðin fyrst almennt í gegnum það moldviðri, sem nú hefur verið þyrlað upp um það í sjónhverfingarskyni.

Ég lofaði því áðan, að ég skyldi leiða rök að því, að hæstv. forsrh. hafi á fyrri stigum þessa máls, einmitt eftir að hann stóð í istaðinu fyrir Ísland og íslenzku þjóðina í sambandi við útfærsluna 1952, — þá sagði hann Bretum það hreint og skýrt, að hann neitaði að semja. Þá sagði hæstv. ráðherra samkvæmt því, sem hans málgagn, Morgunblaðið, hefur eftir honum, — hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Um skeið var unnið að því að takmarka veiðar með því að ákveða veiðar með millirikjasamningum.“ Það var reynt fyrst. Síðan heldur hann áfram: „En ljóst er, að slíkir samningar eru ekki fullnægjandi leið fyrir okkur Íslendinga.“ Hvers vegna er þá farið inn á þá leið nú aftur, þegar hæstv. forsrh. veit, að millirikjasamningaleiðin er ekki leið fyrir okkur Íslendinga? Hann heldur áfram: „Bæði er það, að með þeim er gert ráð fyrir, að allir aðilar séu jafnréttháir á þeim svæðum, sem þeir taka til,“ — það er t. d. utan 3 mílna frá landi, — „og svo hitt, að með þeim er ráðgert, að till. séu gerðar til hinna ýmsu ríkisstj. um nauðsynlegar ráðstafanir, sem svo er alveg undir hælinn lagt að fáist samþykktar eða ekki.“ Hann færir fram tvenn meginrök fyrir því, að millirikjasamningaleiðin henti ekki okkur Íslendingum og þá hefði orðið að grípa til annarra leiða. Og hverra annarra? Hann segir: „Til annarra aðferða varð að grípa. Spurningin er: Hvaða ráðstafanir getum við sjálfir gert einhliða,“ — og orðið einhliða er feitletrað í Mbl. „Spurningin er: Hvaða ráðstafanir getum við sjálfir gert einhliða, þ. e. a. s. án þess að þurfa að semja um það við aðra?“ segir hann. Án þess að þurfa að semja um það við aðra. Fann hann nokkra slíka leið? Fór hann nokkra slíka leið. Eða fór hann samningaleiðina, þó að honum þætti hún ófullnægjandi og ill? Nei, hann fór ekki samningaleiðina. Hann neitaði henni alveg. Kannske hann hafi ekki sett okkur í röð síðaðra ríkja með þessu? Hæstv. fjmrh. var þá samt framámaður í þessum flokki, sem naut forustu þess manns, sem neitaði samningaleiðinni. Hæstv. ráðh. rifjar það upp, að upphaf landgrunnskenningarinnar sé eiginlega hjá forseta Bandaríkjanna, hafi komið þar fram um 1945. Upp úr því hafi fjöldi þjóða fallizt á landgrunnskenninguna, og í ræðu sinni, sem er prentuð í Morgunblaðinu, nefnir forsrh. Mexíkó, Argentínu, Chile, Perú, Costa Rica og að þessar þjóðir hafi vikkað út landgrunnskenningu Bandaríkjaforseta og sagt, að landgrunnið og hafið yfir landgrunninu skyldi falla inn fyrir landhelgi viðkomandi landa. Og þá segir orðrétt: „Eftir að málið hafði verið athugað frá öllum hliðum, þótti rétt, að Ísland skipaði sér í flokk með þeim þjóðum, sem töldu, að miða bæri við landgrunnið, enda er landgrunn Íslands ef til vill skýrara afmarkað en landgrunn nokkurs annars lands. Með landgrunnslögunum var mörkuð stefna og skoðanir Íslendinga í þessum málum,“ segir hann. En hvað er nú að gerast? Eru ekki allir sammála um það, verður ekki að viðurkenna það, að nú er verið að eyðileggja landgrunnslögin? Niðurlag þeirra er, ef ég man rétt, á þá leið, að efni þeirra verði á hverjum tíma að vera í samræmi við gerða millirikjasamninga Íslands. Og þegar þessi millirikjasamningur væri svo gerður og tæki af okkur sjálfræðið, og þar með sjávarútvegsmálaráðherranum, um að gefa út reglugerð um friðanir á landgrunninu, það væri ekki lengur í okkar höndum, við yrðum að spyrja Breta, leita undir Haagdómstólinn, þá erum við auðvitað búnir að missa okkar eigið sjálfstæði þarna, búnir að eyðileggja landgrunnslögin, horfnir frá þessari stefnu, sem hæstv. forsrh. — góðu heilli — átti drjúgan hlut í að marka á sínum tíma, en hefur nú gefið upp á bátinn.

Þessari ræðu, sem ég hef hér verið að vitna til, lauk Ólafur Thors með þessum orðum: „Það er óhætt að slá því tvennu föstu, að engin íslenzk ríkisstj. er í samræmi við íslenzkan þjóðarvilja og þjóðarhagsmuni, nema hún geri ráðstafanir til að vernda íslenzk fiskimið, og í öðru lagi, að þess er enginn kostur, að Íslendingar fái lifað menningarlífi í landi sínu, nema því aðeins að þær verndarráðstafanir komi að tilætluðum notum. Aðgerðir íslenzkra stjórnarvalda í þessu máli eru sjálfsvörn smáþjóðar, sem á líf sitt og frelsi að verja.“

Morgunblaðið ræðir svo þetta mál, — ég held daginn eftir, — og segir, þ. e. 23. marz: „Takmark okkar er að njóta einir fiskimiða landgrunnsins umhverfis landið. Það er skoðun okkar, að þessar auðlindir höfum við einir rétt til þess að hagnýta á svipaðan hátt og aðrar þjóðir hagnýta kolanámur og málma í jörð landa sinna. Réttur okkar stendur á traustum grundvelli, siðferðilega og lagalega.“ Þá stóð hann þó á þeim grundvelli, að það var um einhliða aðgerðir af Íslands hendi að ræða, samningum neitað.

Þessu næst vil ég leyfa mér að vitna í orðsend-

ingu Breta til dómsmrh. 17. maí 1953. Bjarni Benediktsson er að skýra frá þessari nótu, sem hann hefur fengið frá Bretum: „Af Breta hálfu var það tekið fram, að það mundi vera sameiginlegt hagsmunamál fyrir bæði ríkin, að gerðir yrðu samningar þeirra á milli um þetta mál.“ Þeir eru sem sé lengi búnir að hafa það í huga, Bretarnir, umfram allt að ná samningum um það og hafa sótt á garðinn og verið reknir frá fram að þessu. Ólafur Thors ráðherra lagði aftur á móti á það áherzlu eftir frásögn Bjarna Benediktssonar, að íslenzka ríkisstj. áliti, að hinar fyrirhuguðu ráðstafanir væru í samræmi við alþjóðalög og að ekki væri með millirikjasamningum hægt að afsala réttinum til að taka einhliða ákvarðanir um mesta velferðarmál þjóðarinnar. Íslendingar stóðu á lögum og rétti, siðferðilegum og lagalegum, þegar við framkvæmdum útfærsluna 1952 einhliða. Millirikjasamningaleiðin var okkur Íslendingum ónothæf, og það er ekki hægt, segir ráðherrann, að afsala sér réttinum til að taka einhliða ákvarðanir um mesta velferðarmál þjóðarinnar. Hér er um að ræða hið sama, mesta velferðarmál þjóðarinnar, og nú er til umr. ráðstöfun með millirikjasamningi og að fallast á samninga.

Hér hafa því algerlega verið höfð pólitísk buxnaskipti, og eru þau af hinu alvarlegasta tagi.

Í leiðara hinn 18. maí, daginn eftir að Bjarni Benediktsson birti þessa frásögn, sem ég nú vitnaði til, segir og er lögð höfuðáherzla á þetta: „Hvert strandríki hefur rétt til þess innan sanngjarnra takmarka að ákveða viðáttu fiskveiðilögsögu sinnar. Efnahagslegar ástæður Íslands réttlæta einhliða útfærslu.“ Og seinna í leiðaranum segir: „En einnig hinar landfræðilegu aðstæður fela í sér sterk rök fyrir rétti Íslendinga til einhliða ráðstafana til verndar fiskimiðunum. Landgrunnið umhverfis Ísland er mjög greinilega markað. Landgrunnið tilheyrir Íslandi og fiskimið þess sömuleiðis.“ Þetta eru ummælin, sem mér þótti máli skipta að hafa hér yfir og gera hv. þm. kunn.

Tvö hin umdeildu atriði eru: Er æskilegt fyrir okkur að fara dómstólaleiðina, millirikjadómstólaleiðina, fara samningaleiðina, eða er hitt rétt leið, siðferðilega og lagalega, að ákveða stækkun okkar fiskveiðilögsögu einhliða, eins og við höfum gert? Hæstv. forsrh. hefur verið þeirrar skoðunar, að einhliða leiðin sé hin rétta, siðferðilega og lagalega, og hann hefur framkvæmt hana. En er nú ekki hvort tveggja til, að þjóðir hafi stækkað landhelgi sína með samningum við aðrar þjóðir og að þær hafi orðið að gera það einhliða? Er ekki sá hópurinn stærri, sem hefur gert það með samningum? Nei, í þeim hópi er engin þjóð. Það er engin þjóð, sem hefur getað stækkað landhelgi sína með samningum. En þær eru á milli 30 og 40, sem hafa stækkað landhelgi sína í 12 mílur og meira, allt upp í 200 mílur, með einhliða aðgerðum, og því hefur ekki verið hnekkt. Það er hið eina, sem hefur dugað. Það er það, sem hefur staðið. Við allar þjóðir nema Íslendinga hefur það verið látið nægja að mótmæla, þegar þær hafa fært út landhelgi sína. En þegar Íslendingar áttu í hlut, þá var reynt eitt, sem aldrei hafði verið reynt áður í mannkynssögunni, að beita hervaldi. En það voru ekki liðin nema 2 ár tæp, þegar brezka heimsveldið var búið að uppgötva það og læra það af reynslunni, að beiting hervalds í þessum málum gegn hinum smæstu þjóðum, sem höfðu stækkað landhelgi sína, var ónothæf leið, — var að gefast upp. Og þá tókst þeim að gabba íslenzka ríkisstjórn inn á samningaleiðina. Þegar Íslendingar höfðu unnið algeran sigur, höfðu náð sama marki og allar aðrar þjóðir með sömu aðferðum, einhliða útfærslu, þá er látið flæma okkur af þeim grundvelli og yfir á samningaleiðina.

Meðan við framkvæmdum sókn okkar í landhelgismálinu eftir einhliða leiðum, sagði hæstv. núv. forsrh. í sjómannadagsræðu 7. júní 1953 þetta m. a.: „Allar frelsisunnandi þjóðir hafa dæmt málstað Íslendinga sterkan og málsmeðferð fram að þessu í fullu samræmi við venjur og hætti siðaðra þjóða.“ Í fullu samræmi við hætti og venjur siðaðra þjóða. Það kemur ekki alveg heim við skoðun hæstv. fjmrh., sem telur slíkt algert siðleysi. „Bretar sögðust ekki geta aflétt löndunarbanninu,“ segir forsrh., „en það sker ekki úr, heldur hitt, að það er stjórn Bretlands og þing, sem ræður löggjöf landsins, en ekki brezkir útgerðarmenn. Og það, sem brezka stjórnin getur ekki gert í dag, vegna þess að hana skortir lagaheimild, getur hún gert á morgun, skorti hana ekki til þess vilja að afla sér slíkrar heimildar.“ Þetta er alveg hárrétt. Þetta er skýrt. Og hvað gerist? Skorti brezku stjórnina vilja? Jú, ég held það. Hún setti engin lög til þess að taka fram fyrir hendurnar á útgerðarmönnunum í löndunarbannsmálinu og afsakaði sig bara: Við ráðum þessu ekki, það eru útgerðarmennirnir í Hull og Grimsby, sem stöðva fiskkaupin.

Þegar við höfðum fært út okkar fiskveiðilandhelgi 1952, var það gert svo nákvæmlega eftir hinni norsku fyrirmynd, sem hafði fengið sína staðfestingu á alþjóðavettvangi, að Bretar treystu sér ekki til að mótmæla neinum grunnlínum, sem þá voru dregnar, nema línunni frá Öndverðarnesi til Reykjaness, þ. e. a. s. línunni fyrir Faxaflóann. Þeir héldu því fram, að hún samrýmdist ekki alþjóðalögum, og heimtuðu, að Íslendingar féllust á, að þetta atriði út af fyrir sig væri sett undir Haagdómstólinn. Og um það ræðir núv. hæstv. forsrh. einmitt í ræðu á sjómannadaginn og segir: „Væri það raunhæft að leggja Faxaflóalínuna eina fyrir Haagdómstólinn?“ Það var nú ekki stærra mál en það. Hann var ekki á því. En þó að hún væri dæmd lögleg, mundu þeir samt ekki aflétta löndunarbanninu. Það mundi líka taka langan tíma. Hvað yrði mikið vatn til sjávar runnið, áður en þessir dómar væru gengnir? Hann mælir gegn aðferðinni um að skjóta til alþjóðadómstólsins máli vegna þess, hve það sé seinvirkt. Og hversu margar milljónir hefði sá málarekstur ekki kostað Íslendinga? — líka dýr leið, óaeskileg vegna þess. Og að lokum: Er tryggt með þessu samkomulagi, að ekki verði sett löndunarbann á fisk í Bretlandi áfram? Hann komst í þriðja lagi að þeirri niðurstöðu, að líklega væri það tilgangslaust. Bretar mundu ekki beygja sig. Og svo bætir hann við: „Til hvers skyldu Íslendingar líka vera að leita uppi einhverja þá aðila, Haagdómstólinn eða aðra, sem kynnu að einhverju leyti að vefengja gerðir Íslendinga?“ Það væri hlálegt að vera að leita uppi úti í heimi slíka aðila, sem líklegir væru til þess einmitt, Haagdómstólinn eða aðra, til þess

að vefengja gerðir Íslendinga. Þetta er alveg hárrétt, þetta er nákvæmlega min afstaða í dag. Ég álít, að það sé hjákátlegt að vera að slíkri leit, og ég harma það, að þeir skuli hafa farið í þessa leit og fundið Haagdómstólinn, vera að leita að slíkum aðilum.

Af þessu er fullljóst, að þegar Bretar báðu um það litilræði að skjóta ágreiningnum um Faxaflóalínuna til Haag, þá neitaði Ólafur Thors. Orðrétt segir hann: „Ég þvertók þá þegar fyrir að verða við þeirri ósk. Ég benti á, að samkvæmt Haagdómnum væri það einhliða réttur strandríkis að ákveða sjálft og eitt fiskveiðilandhelgi sína.“ Eigum við ekki að nota þann rétt núna? Erum við búnir að glata þeim rétti? Hefur honum verið gloprað úr höndum okkar? „Ég benti á,“ segir ráðh., „að samkvæmt Haagdómnum væri það einhliða réttur hvers strandríkis að ákveða sjálft og eitt fiskveiðilandhelgi sína.“ Eigum við ekki að gera það? „Um slíkan einhliða rétt, sem Íslendingar ættu lífsafkomu sína og jafnvel þjóðfrelsi undir að gernýta, kæmi ekki til mála að semja, hvorki við Breta né neina aðra.“ Þetta er orðrétt úr sjómannadagsræðunni 1953. „Brezkir útgerðarmenn eru menn, sem of lengi hafa notið of mikils réttar á Íslandsmiðum, öllum Íslendingum til mikils tjóns.“ En því þá að fara að framlengja þeirra rétt nú með sérstökum gerningi, sérstökum samningi? Hvaða vit er í því? Of lengi. Of mikið. Það er mál að linni. Nú er ætlunin að auka þann rétt á kostnað Íslendinga, eins og það sé þannig, að réttur Íslendinga hafi verið of mikill og það sé ástæða til þess að farga einhverju af honum.

Þau ummæli, sem nú fara á eftir, voru flutt hér úr ræðustóli í gær. Þá var hæstv. forsrh. ekki við, svo að ég sé ekkert á móti því, að þau séu höfð yfir aftur, enda er margt vel sagt hjá hæstv. forsrh., og góð visa er sjaldan of oft kveðin, en hann er að ljúka ræðu sinni á sjómannadaginn og segir þá frá, hvað hann hafi gert í landhelgismálinu: „Þegar ég lagði málið fyrir Alþingi hinn 6. nóv. s. l., mælti ég m. a. á þessa leið,“ með leyfi hæstv. forseta. (**Forseti**: Ég vil minna hv. ræðumann á 38. gr. þingskapa: „Ekki má nema með leyfi forseta lesa upp prentað mál.“ Hv. ræðumaður hefur gleymt þessu hvað eftir annað.) Ég bið afsökunar á því, en ég bið hæstv. forseta leyfis að segja nú nokkur vel valin orð eftir forsrh. (**Forseti**: Leyfið er veitt.) Það er jafngilt góðu guðsorði, hygg ég. Það er svona: „Þegar ég lagði málið fyrir Alþingi hinn 6. nóv. s. l., mælti ég m. a. á þessa leið,“ þ. e. a. s. forsrh.: „Það er málinu sjálfu og öllum aðilum þess fyrir beztu, að ekki sé farið dult með þá staðreynd, að núv. ríkisstj. Íslands mun halda fast á málstað Íslendinga. Ef henta þykir, mun stjórnin ekki hika við að flytja málið með fullri einurð á sérhverjum erlendum vettvangi, þar sem rödd Íslands heyrist. Stjórnin mun hvergi hopa, heldur sækja fram til sigurs með öllum löglegum ráðum. Íslendingar munu og aldrei þola ríkisstj. sinni undanhald í málinu. Rík þjóðarþörf og einhuga þjóðarvilji er slagbrandur fyrir öllum útgöngudyrum til undanhalds í þessu mikla velferðarmáli.“ En hvað er nú? Hafa nú slagbrandarnir verið brotnir? Hafa þeir nú steðjað út á undanhaldsleiðina? Eitthvað þvílíkt hlýtur að hafa gerzt. Forsrh. heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Og loks sagði ég í viðræðum, er ég átti um síðustu áramót við stjórn Bretlands, að hvorki núv. ríkisstj. Íslands né nein önnur vildi vikja í þessu máli. Það gæti heldur engin íslenzk stjórn gert, þótt hún vildi. Sú stjórn, sem það reyndi, yrði ekki lengur stjórn Íslands, því að hún yrði að láta sér nægja að vera fyrrv. stjórn.“ Og ræðulok hæstv. forsrh. voru — með leyfi forseta — á þessa leið, það eru aðeins örfá orð: „Það fyrirheit tel ég mig geta gefið íslenzkum sjómönnum á þessum hátíðisdegi þeirra, enda treysti ég því, að sérhverri stjórn, sem reynir að bregðast hagsmunum Íslendinga í þessu máli, muni tafarlaust vikið frá völdum.“ Hann treysti því þá, og ætli hann megi ekki treysta því í dag?

Það eru aðeins tvö atriði úr útvarpsræðu hæstv. forsrh. nú á dögunum, sem fjallar um landhelgismálið, sem mér komu mjög undarlega fyrir sjónir af vörum þessa gamla garps — að visu samkvæmt eigin ummælum og mati alltaf — í landhelgismálinu. Hann segir: „Við fáum stóra viðauka af úthafinu.“ Það er einkennilegt, ef hæstv. forsrh. telur sneiðina á Húnaflóa og Bakkaflóa og af Selvogsbugtinni vera úthafið og að við fáum þetta. Frá hverjum? Hafa Bretar gefið okkur sneiðar af úthafinu? Hvílíkt örlæti! En þetta er þjóðinni boðið upp á: „Við fáum stórar sneiðar af úthafinu,“ það er ekkert lítið, „gegn því, að Ísland fái sem einkaeign þegar í stað að heita má jafnstóran viðauka af úthafinu utan 12 mílnanna.“ Það er ekki mikill vandi að slaka svolitið til, þegar menn fá svona gjafir, fá gefnar stórar sneiðar af úthafinu til einkaeignar. Hvers konar hugsunarháttur er að baki svona orða, lofsyngja Breta fyrir að hafa gefið okkur stórsneiðar af úthafinu og þess vegna sé sjálfsagt að borga þetta vel? Er þetta íslenzkur hugsunarháttur? Nei, ég held, að hann sé a. m. k. hálfdanskur.

Sams konar hugsunarháttur gerir vart við sig síðar í ræðunni, þar sem segir: „Loks er þess ógetið, sem mestu skiptir,“ með leyfi hæstv. forseta, „að á þessum helztu veiðisvæðum okkar fá Bretar aðeins þriggja ára afnot af sem svarar 755 km2, en viðurkenna fyrir sitt leyti að afhenda Íslendingum strax nýja og um alla framtíð óafturkallanlega stækkun friðunarsvæðisins utan 12 mílnanna, sem eru hvorki meira né minna en 3060 km2“. Það er verið að afhenda okkur. Í hvers höndum var þetta? Er það hin gjafmilda hönd Bretans, sem er að rétta okkur þetta, afhenda okkur þetta? Ég kalla það vera ekkert litla viðurkenningu á því, að Bretar eigi ekki aðeins úthafið, heldur sjóinn upp að ströndum Íslands, þegar verið er að viðurkenna, að þeir gefi okkur sneiðar úthafsins og afhendi okkur þessi og hin hafsvæði á flóum okkar, á flóum við íslenzkar strendur.

Ég harma það, að íslenzki forsrh. skuli láta svona frá sér sem innlegg í landhelgismálaumræðurnar nú, og það eru einmitt svona ummæli, sem geta veikt málstað Íslands, en ekki málstúlkun stjórnarandstöðunnar, eins og hér var haldið fram í dag.

Það er fyrsta krafa stjórnarandstöðunnar, að þessi þáltill., sem hér er til umr., verði felld.

En stjórnarandstaðan mundi geta sætt sig við, að komið yrði í veg fyrir gildistöku hennar í bili, ef hún yrði samþ. — ef sá sorglegi atburður gerðist hér á Alþingi, að hún yrði samþ. hér, — meðan fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um málið, svo að þjóðin fengi sjálf að kveða upp sinn dóm um það, hvort hún vill binda sín stærstu og helgustu mál þeim böndum og böggum, sem núv. ríkisstj. vill í landhelgismálinu, binda ófæddar kynslóðir við umsókn um stækkun landhelginnar til Breta og eiga okkar örlög í því máli undir erlendum dómstóli. Alþb. og þingflokkur Framsfl. hafa hvorir tveggja lagt fram yfirlýsingu um það, að komandi ríkisstj. og íslenzka þjóðin sé óbundin af þessum samningi svika og nauðungar.

Ég tel, að það væri hamingja Íslands, ef — (**Forseti:** Ég vildi spyrja ræðumann, hvort hann ætti mikið eftir óflutt af máli sínu.) Það væri hamingja Íslands, ef Alþingi Íslendinga stöðvaði þennan gerning, sem hér liggur fyrir þinginu, og felldi þessa þáltill. — Ég á eftir það af máli mínu, — ég ætla ekki að lesa upp þennan bunka skjala, en skýra nokkuð frá afstöðu þjóðarinnar til málsins með þeim mótmælaorðsendingum, sem Alþingi hafa borizt, og ég hygg, að það mundi geta tekið þrjú kortér eða svo. En ég er reiðubúinn til þess að fresta máli mínu, til þess að gert sé hlé. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég er nú með stóran bunka skjala hér með mér í ræðustólinn, en það er ekki ætlun mín að lesa þennan mikla skjalabunka fyrir hv. þingheimi. Þetta eru allt gögn, sem varða mjög það mál, sem hér er til umr. Þar að auki tók ég eftir því, þegar hv. frsm. utanrmn. reifaði þetta mál hér, að þá vék hann að því, sem ekki var óeðlilegt, hvernig undirtektir þetta mál hefði fengið hjá þjóðinni, og þá gaf hann af undirtektum þjóðarinnar nokkuð aðra mynd en ég tel að sé sönn. Hann fór þannig að því að móta þessa mynd eða drættina í henni, að hann gat um þær fimm eða sex umsagnir, sem Alþingi hafa borizt viðvíkjandi þáltill. um landhelgismálið og mæla með samþykkt till. Ég hygg, að hann hafi nefnt m. a. tillögu frá skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi í Vestmannaeyjum, þar sem lýst er yfir stuðningi við fram komna till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta og þar sem skorað er á þm. Sunnl. að styðja till. Þessa till. minntist hv. frsm. utanrmn. á og einnig bréf, þar sem borgarstjórinn í Reykjavík sendir ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 2. marz s. l., þar sem skorað er á Alþ. að samþ. fram komna till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Í þriðja lagi mun frsm. hafa minnt á ályktun fundar skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis frá 4. marz, þar sem skorað er á Alþingi að samþ. fram komna till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Og enn mun hafa verið minnzt á ályktun frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, þar sem skorað er á Alþingi að samþ. fram komna till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Og í sjötta og síðasta lagi mun frsm. hafa minnzt á ályktun stjórnarfundar Landssambands íslenzkra útvegsmanna frá 28. febr., daginn áður en þál. kom fram, þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja fram komna till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. — Já, það er hér ein, sem einnig mun hafa verið minnzt á af frsm. Það er ályktun stjórnarfundar Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda frá 28. febr., þar sem skorað er á Alþingi að samþ. fram komna till. til lausnar fiskveiðideilunnar.

Allt er þetta mjög svo eðlilegt, að geta um það, hvernig þjóðin hefði tekið þessu máli, og skýra frá því, hvaða raddir hefðu borizt hv. Alþingi Íslendinga um afstöðu ýmissa aðila í þjóðfélaginu til málsins.

En þegar hv. frsm. hafði þetta gert, að lýsa þessum till., þá sagði hann, að einnig hefðu komið till. eða ályktanir utan af landi til Alþingis um að fella till., og þar tilnefndi hann tvær, en aðeins tvær. Það hefði komið frá afgreiðslustúlkum í brauða- og mjólkursölubúðum, og það hefði komið, að ég held, frá húsgagnasmiðum áskorun um þetta, — við það lét hann sitja, — og ýmsum pólitískum samtökum án þess að nefna þau frekar. (Gripið fram í.) Ég man nú ekki, hvernig það atvikaðist, en inn á þetta kom frsm. með líkum hætti og ég hef nú sagt. En hann segist hafa tjáð þinginu, að hann hefði séð það í blöðum, að fram hefðu komið ályktanir með og móti málinu, og nefnt þetta, og svo þessa tvo, sem hefðu mælt móti því, — það man ég, að hann gerði, — frá afgreiðslustúlkunum í brauða- og mjólkurbúðum og húsgagnasmiðunum, og fannst mér, þótt hann hefði engin orð um það, eins og það væri fólk, sem ætti ekki að segja álit sitt um landhelgismálið. En það var tekið hér til meðferðar af einum ágætum alþm. í gær, að það væri óviðurkvæmilegt, þegar verið væri að býsnast yfir því af ýmsum aðilum, að þessi eða hinn ætti ekki að láta sig skipta landhelgismálið. En ég játa, að frsm. fór engum orðum um það. Hann nefndi þessi tvö samtök, sem hefðu gert ályktun og mælt móti því, og heyrðist mér ekki betur á honum en honum fyndist það léttvægt, þó að svona fólk mælti móti því.

En ég tek eftir því í dag, að leiðari Alþýðublaðsins lítur svoleiðis á, að fólk eins og húsmæður í landinu, kvenfólk, það eigi ekki að vera að skipta sér af landhelgismálinu, því að leiðarinn heitir „Kerlingar Krúsjoffs“, og þær eiga helzt að þegja um svona mál. Það eru húsmæðurnar á Íslandi. Blað alþýðunnar hittir oft naglann á höfuðið, lýsir vinsemdinni til alþýðunnar á smekklegan hátt stundum nú orðið. Það dregur hver dám af sínum sessunaut, segir máltækið.

En þó að ekki hafi hér verið nafngreindar orðsendingar eða ályktanir, sem Alþingi hafi borizt, þar sem skorað er á Alþingi að fella þessa þáltill., nema tvær, þá er þó þær fréttir að segja af undirtektum þjóðarinnar um málið, að þessi bunki hér eru ályktanir og orðsendingar til Alþingis frá samtökum, sumum allfjölmennum, um það að fella þessa þáltill., samþ. ekki þetta mál, samninginn við Breta.

Eins og ég áðan sagði, tel ég, að það sé ofur eðlilegt, að þingheimi sé gefið yfirlit yfir það, hverjir hafi mælt gegn þáltill. og hverjir mælt með henni. Veit ég þó, að það eru miklu fleiri aðilar, sem búnir eru að ræða um þetta mál og taka afstöðu til þess, gera um það samþykktir, heldur en nú eru þegar búnir að senda Alþingi þetta, en í

höndum hef ég aðeins það, sem Alþingi hefur borizt og lagt hefur verið fram á lestrarsal. Og nú ætla ég að skýra hv. þingheimi frá því, eins og ég hef gert um þá, sem hafa mælt með, að nefna aðilann, sem áskorunina sendir, og mundi ég vilja biðja hv. frsm. að lána mér fyrstu eintökin. Við getum bróðurlega skipt þessu á milli okkar. Nei, ég þarf það ekki allt í einu.

Það er þá fyrst, — ég skal reyna að hafa þetta eins stutt og ég get, — ályktun almenns kjósendafundar á Reyðarfirði, þar sem mótmælt er fram kominni till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta og farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

Almennur kjósendafundur á Seyðisfirði 4. marz sendir ályktun, þar sem mótmælt er fram kominni till., sem hér um ræðir, og jafnframt skorað á Alþingi að láta fara fram þjóðaratkvgr.

Þá er hér enn ályktun fundar Menningar- og friðarsamtaka íslenzkra kvenna, — það er líklega það, sem Alþýðublaðið kallar „Kerlingar Krúsjoffs" og fer háðulegum orðum um, en þær leyfa sér nú samt að senda hinu háa Alþingi samþykkt, sem þær hafa gert, þar sem mótmælt er, að samið verði við Breta um fiskveiðilögsögu Íslands á grundvelli fram kominnar till. um lausn fiskveiðideilunnar.

Þá er hér ályktun frá aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu, þar sem skorað er á Alþingi að hvika hvergi frá fyrri aðgerðum um 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland.

Samvinnufélag útgerðarmanna og sjómanna á Húsavík sendir ályktun, þar sem mótmælt er, að 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands verði skert.

Hér er ályktun fundar 196 kjósenda í Hafnarhreppi og 56 aðkomumanna, þar sem mótmælt er fyrirhuguðum samningum við Breta um fiskveiðilandhelgi Íslands, skorað á alþingismenn Austfirðinga að greiða atkv. gegn till.

Hér er ályktun almenns kjósendafundar í Ólafsvík 5. marz, þar sem mótmælt er fram kominni þáltill. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta og skorað á þingmenn Vesturlandskjördæmis að greiða atkv. gegn henni.

Hér eru undirskriftaskjöl 203 Ólafsvíkinga, þar sem mótmælt er fram kominni till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta og skorað á Alþingi að láta fara fram þjóðaratkvgr. um málið. Mótmælaskjölin eru hér öll í þessu umslagi.

Hér eru undirskriftaskjöl með nöfnum 12 skipstjóra og útgerðarmanna í Ólafsvík, þar sem skorað er á Alþ. að fella fram komna till til þál. um lausn landhelgisdeilunnar við Breta, og jafnframt áskorun um, að fram fari þjóðaratkvgr. um málið.

86 starfsmenn vélsmiðjunnar Héðins, Reykjavík, mótmæla fyrirhuguðum samningi við Breta um fiskveiðilandhelgi Íslands og skora á Alþingi að láta fram fara þjóðaratkvgr. um málið. 86 manns voru það.

Hér er ályktun kjósendafundar á Akranesi frá 1. marz, þar sem mótmælt er fram kominni till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta og skorað á þm. Vesturlandskjördæmis að greiða atkv. gegn till.

Þá er hér ályktun stjórnar verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þar sem mótmælt er fram kominni till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta og áskorun um þjóðaratkvgr.

Hér er ályktun fundar verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga frá 5. marz s. l., þar sem mótmælt er fram kominni till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Þetta er simskeyti, sem var sent forseta sameinaðs Alþingis nú fyrir fáum dögum, og sýnist mér þannig, að þeir séu til á Vestfjörðum, sem mótmæli því, að þáltill. nái fram að ganga, þó að þeir fái ekki skerðingu á sínum 12 mílum þar úti fyrir sinni strönd, en þeir sjá, að málið er stærra. (Gripið fram í.) Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga í Súðavík.

Þessu næst les ég eða skýri ég frá ályktun almenns kjósendafundar á Eskifirði, þar sem skorað er á Alþ. að fella þáltill. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Hér sendir hreppsnefnd Eskifjarðar frá sér ályktun, þar sem skorað er á Alþingi að fella till.

Ályktun fundar stjórnar og trúnaðarmannaráðs Verkamannafélags Húsavíkur liggur hér fyrir, þar sem mótmælt er fram kominni till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta og skorað á þingmenn Norðurl. e. að fella till.

Samband ungra framsóknarmanna sendir ályktun fundar stjórnar sambandsins, þar sem mótmælt er fyrirhuguðum samningi við Breta um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Hér er simskeyti, þar sem tilkynnt er, að póstlögð hafi verið áskorun 105 alþingiskjósenda í Breiðdalshreppi, þar sem mótmælt sé fram kominni till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta, — það er sem sé tilkynning um undirskriftir eða áskorunarskjöl 105 alþingiskjósenda.

Þá liggur hér fyrir ályktun kjósendafundar í Vopnafirði, þar sem skorað er á Alþ. að láta fram fara þjóðaratkvgr. um fram komna till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Áskorun er hér frá 12 útgerðarmönnum á Hornafirði, þar sem mótmælt er fram kominni till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta og skorað á þm. Austfirðinga að greiða atkv. gegn till. Það sýnist svo, að útgerðarmönnunum litist ekki á blikuna, því að þeir eru fjölmennir í þessum hópi að láta til sín heyra um andúð sína og andstöðu við málið.

Hér er ályktun almenns borgarafundar í Neskaupstað, þar sem mótmælt er fram kominni till. til þál. um lausn landhelgisdeilunnar við Breta og skorað á Alþingi að láta fram fara þjóðaratkvgr. um málið.

Enn er hér ályktun kjósendafundar í Vopnafirði frá 3. marz, þar sem mótmælt er fram kominni till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta og skorað á þingmenn Austfirðinga að greiða atkv. gegn till.

Þá er hér ályktun kjósendafundar í Borgarfirði eystra, þar sem mótmælt er fram kominni till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta og farið fram á, að þjóðaratkvgr. fari fram um málið.

Send er ályktun fundar verkakvennafélagsins Öldunnar á Sauðárkróki, þar sem skorað er á Alþingi að fella fram komna till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Kári í Hafnarfirði sendir ályktun fundar félagsins frá 28. jan.,

þar sem samningum við Breta um fiskveiðilandhelgi Íslands er mótmælt og skorað á ríkisstj. að láta fram fara þjóðaratkvgr. um málið. (**Gripið fram í:** 28. janúar?) Það stendur nú hér á umslaginu 28. jan., en það virðist nú vera miðað við málið í núverandi mynd. 28. jan. stendur hér, það gæti verið, að það væri ritvilla, — ég skal ekki um það segja, — nema það er áskorun um, að samningum við Breta um fiskveiðilandhelgina er mótmælt og skorað á ríkisstj. að láta fara fram þjóðaratkvgr.

Stjórn verkamannafél. Hlífar í Hafnarfirði sendir ályktun, þar sem skorað er á Alþingi að láta fram fara þjóðaratkvgr. um fram komna till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Samþykkt almenns kjósendafundar, sem haldinn var að Bjarmalandi í Skeggjastaðahreppi 1. marz s. l., þar sem mótmælt er fram kominni till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta og skorað á þingmenn Austfjarðakjördæmis að greiða atkv. gegn till.

Hér er tilkynning um það, að póstlögð hafi verið mótmæli 92 alþingiskjósenda í Stöðvarfirði gegn fram kominni till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

Þá er hér ályktun bændafundar í Norður-Þingeyjarsýslu, þar sem skorað er á ríkisstj. að semja ekki um fiskveiðiréttindi annarra þjóða innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Rauði þráðurinn er — ekki semja — í þeim öllum.

Hér er ályktun fundar sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum um landhelgismálið, og er það áskorun um að fella fram komna till.

Þá eru hér undirskriftalistar með nöfnum 750 kjósenda á Siglufirði, þar sem mótmælt er, að samið verði við Breta um fiskveiðiréttindi þeim til handa innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Bréfið er fram komið, áður en það komst á þetta stig, en þá voru 750 kjósendur á Siglufirði við því að semja við Breta um málið.

Hér er send fundargerð almenns kjósendafundar, sem haldinn var á Þórshöfn 11. des. s. l., um landhelgismálið, og er þar mörkuð ákveðin andstaða við samninga Breta.

Hér eru send undirskriftabréf frá 153 Ólafsfirðingum, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstj. að skerða í engu 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Bréfið er dags. 16. des. og er þannig andmæli, áður en þessi till. kom fram, sem nú er til umr., en er um það að skerða ekki 12 mílna landhelgina. Það eru sem sé kröfur um, að enginn undanslátt eigi sér stað í málinu.

Hér eru undirskriftaskjöl með nöfnun 44 skipstjóra og stýrimanna á Akranesi, þar sem mótmælt er, að samið verði við Breta um fiskveiðiréttindi þeim til handa innan 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Það mál hefur verið á ferðinni, áður en þáltill. kom fram, en þeirra prinsipmál er það, að engum sé hleypt inn fyrir 12 mílna mörkin neins staðar við landið.

Þá er hér tilkynning um, að 272 Patreksfirðingar skori á ríkisstj. Íslands að stöðva samningaviðræður við Breta um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Hér eru send undirskriftabréf frá 580 Húsvíkingum og 40 kjósendum á Tjörnesi, þar sem samningunum við Breta í landhelgismálinu er mótmælt. Bréfið er dags. 12. des. og fjallar um þann undanslátt, sem þá var vitað um, en samningum við Breta fyrst og fremst mótmælt.

Hér er ályktun Ungmennafélagsins Baldurs í Hraungerðishreppi, þar sem skorað er á Alþingi að veita engri þjóð undanþágu til fiskveiða innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands.

Þá er hér send ályktun fundar verkakvennafélagsins Einingar og Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar frá 27. nóv. s. l. varðandi landhelgismál, og er þar öllum samningum við erlendar þjóðir mótmælt.

Þá er hér ályktun frá bændafundi í Innri-Akraneshreppi um landhelgismál. Í niðurlagi hennar segir: „Skorar fundurinn á alla Íslendinga í sveit og við sjó að sameinast í eina órofa fylkingu gegn skerðingu á fiskveiðilögsögu Íslands."

Kvenfélag sósialista á Akureyri sendir ályktun félagsins, þar sem skorað er á Alþingi að hvika í engu frá 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslands.

Oddviti Árneshrepps í Strandasýslu sendir ályktun almenns hreppsfundar í Árneshreppi, þar sem skorað er á Alþingi að hvika hvergi frá 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslendinga.

Hér er send ályktun fundar Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, þar sem mótmælt er samningum við Breta um fiskveiðilandhelgi Íslands. Og í þessu umslagi er ályktun aðalfundar Sjómannafélags Akureyrar, þar sem mótmælt er samningum við Breta um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Þá er hér ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Norðurlands frá 7. okt., þar sem mótmælt er fyrirhuguðum samningum við Breta um landhelgi Íslands. Það eru mótmæli gegn málinu, áður en þessi þáltill. kom fram.

Þá er hér ályktun aðalfundar Mæðrafélagsins í Reykjavík frá 23. febr., þar sem skorað er á Alþingi, — fyrirgefið, það er plaggið, sem ég tók til hliðar og er um annað mál, um að skora á Alþingi að samþykkja gott mál, hverfa frá tregðu um fæðingarorlof. Það er þess vegna ávarp til hv. 1. þm. Vestf. um það að sjá sig um hönd og verða með því góða máli. Það er ástæða til að biðja menn að vera með góðum málum og standa á verði gegn skaðræðismálum.

Þá er hér bréf frá Alþýðusambandi Vestfjarða, þar sem getið er um ýmsar ályktanir, m. a. ályktun um það að hvika í engu frá 12 mílna landhelgi kringum landið allt. Fleiri ályktanir eru þarna í umslaginu snertandi önnur mál.

Og þá er hér ályktun Bændafélags Fljótsdalshéraðs, þar sem mótmælt er samningum við Breta um fiskveiðiréttindi þeim til handa innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands.

Þessi plögg munu öll hafa verið lögð fram á lestrarsal Alþingis. En fleiri samþykktir hafa þegar verið gerðar, og er mér kunnugt um, að tvær eru á leiðinni til Alþingis, sem ég hef því ekki tilkynningu skrifstofunnar um. Það er í fyrsta lagi ályktun fundar, sem haldinn var í Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja þriðjudaginn 1. marz, þar sem lýst er yfir hryggð yfir þeirri stefnu, sem ríkisstj. Íslands hefur tekið í landhelgismálinu þrátt fyrir áður yfirlýstan stuðning við 12 mílna fiskveiðilögsögu og loforð um, að hvergi skuli frá henni hvikað. Jafnframt skorar þessi fundur á Alþingi

að fella samning þann milli brezku stjórnarinnar og íslenzku ríkisstj., sem liggur fyrir Alþingi, um sérréttindi til fiskveiða hér við land milli 12 og 6 mílna. Og rétt í þessu var mér að berast samþykkt frá Siglufirði, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Fundur í stjórnum og trúnaðarmannaráðum verkalýðsfélaganna Þróttar og Brynju á Siglufirði mótmælir harðlega öllum samningum við Breta um friðindi þeim til handa innan 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Fundurinn lítur svo á, að þingmenn hafi ekki umboð til að samþykkja fram komna þáltill. um fiskveiðideiluna við Breta, en telur eðlilegast, að þjóðaratkvgr. yrði látin fram fara um málið. Verði ekki orðið við þeirri kröfu, skorar fundurinn á Alþingi að fella tillöguna.

F. h. verkalýðsfélaganna á Siglufirði.

Óskar Garibaldason."

Þá hefur miðstjórn Alþýðusambands Íslands á fundi sínum þann 3. marz gert eftirfarandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta: „Alþýðusamband Íslands harmar þá atburði, sem nú hafa gerzt í landhelgismálinu. Ofbeldi Breta er verðlaunað með því að hleypa togurum þeirra inn að 6 mílum við mestan hluta strandlengjunnar. Lofað er að færa fiskveiðilandhelgina ekki út fyrir 12 mílur nema leita fyrst samþykkis Breta og erlends dómstóls. Þetta er ósamboðið sjálfstæðri þjóð, skýlaust brot á margyfirlýstum vilja þjóðarinnar í landhelgismálinu og einróma samþykkt Alþingis um að hvika aldrei frá 12 mílna fiskveiðilandhelgi umhverfis landið allt. Slíkt eru þjóðsvik, sem Alþýðusambandið fordæmir og mótmælir harðlega. Með þessu afsalar ríkisstj. landsréttindum til frambúðar og leggur alla frekari vísindalega friðun landgrunnsins og útfærslu fiskveiðilandhelginnar undir erlenda ákvörðun. Lögin um vísindalega friðun landgrunnsins eru í rauninni afnumin með svikasamningi þessum. Alþýðusambandið telur Alþingi ekki hafa neitt umboð frá þjóðinni til slíkrar samningsgerðar og gerir því kröfuna um þjóðaratkvgr. um þetta mál að sinni kröfu."

Þannig hef ég nú gert grein fyrir hvoru tveggja, umsögnunum, sem Alþingi hafa borizt, þeim sem mæltu með samþykki þessarar þáltill., og þar voru það 6 aðilar, sem höfðu þá afstöðu til málsins, en allir hinir, — ég hef ekki á þeim tölu, en þeir eru margir, því að það hefur tekið nokkurn tíma að lesa eingöngu fyrirsagnirnar á þessum erindum til Alþingis, — þeir mótmæla, að gerður sé samningur til skerðingar á íslenzkri fiskveiðilögsögu, þeir vara við þeirri afgreiðslu málsins, þeir heita á ríkisstj. og Alþingi að hverfa frá þessu áformi, og þeir óska eindregið eftir, að þjóðin fái að segja sitt álit á málinu, fram verði látin fara þjóðaratkvæðagreiðsla. Og hver getur ímyndað sér það, ef hæstv. ríkisstj. og hennar fylgismenn trúa því sjálfir, að þetta sé vilji þjóðarinnar, sigur hafi verið unninn fyrir þjóðina, — hver getur þá komið með nokkra skynsamlega skýringu á því, ef hæstv. ríkisstj. tekur þeirri ósk þjóðarinnar ekki fagnandi að leggja málið undir hennar dóm? Hver getur ímyndað sér það, að hér á Alþingi verði felld fram komin till. um þjóðaratkvgr., ef hæstv. ríkisstj. telur sig vissa um það, að hún sé með þessum samningi, sem við köllum svikasamning, að framkvæma þjóðarvilja?

Ég held, að vilji þjóðarinnar hafi komið þegar mjög skýrt fram, og ég veit, að hann kemur því skýrar fram, sem lengra líður. Alþingi berast mótmæli úr öllum áttum, aðvaranir gegn samþykkt málsins, áskoranir um að fella það. Ef þessi samningur verður keyrður í gegn, þá er það ekki af því, að þjóðin hafi ekki látið til sín heyra, og menn, sem vilja lýðræði í verki, ættu a. m. k. að athuga, hvað þeir gera, áður en þeir reka smiðshöggið á það verk, sem nú virðist vera í miðjum kliðum hjá þeim, — þessi samningur, sem hér er um að ræða við Breta.

Ég tel það eins konar hæðni örlaganna, sem varpar þó vissu ljósi á sálarástand manna innan þingsalanna, að tveir sjálfstæðismenn, tveir menn úr þingliði Sjálfstfl., hafa, meðan þetta mál hefur verið á döfinni, komið fram með tillögur á Alþ. snertandi fiskveiðar og landhelgismál. Annar þeirra, sá sem hefur verið trúnaðarmaður ríkisstj. og vissi um allt, sem var að gerast í málinu, Davíð Ólafsson, hefur borið fram á Alþ. þáltill. um það, að við skulum fara að fiska við Afríkustrendur. Það er skoplegt, einmitt þegar er verið að skerða fiskveiðimöguleika okkar við Íslandsstrendur. Jú, þá kemur fram till. um, að við skulum fara að athuga um það, hvort við getum ekki fiskað við Afríku. Og í gær kemur hér fram till. frá þm., sem býr á Akranesi, einum af þm. Vesturl., þáltill. um það að skora nú á ríkisstj. að athuga allt, sem hægt sé, til verndunar fiskimiðunum við Ísland. Ég kalla þessa till. samvizkubitið.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Í ræðu þeirri, sem hæstv. fjmrh. flutti í útvarp við fyrri umr. þessarar till., tók hann m. a. þetta fram: Að landgrunnið sé jarðfræðilega og jarðsögulega óaðskiljanlegur hluti af Íslandi sjálfu, að þetta fiskauðga landgrunn vildum við Íslendingar eiga, að við teldum okkur eiga til þess sögulegan rétt, þjóðlegan rétt og landfræðilegan auk þess helga réttar, sem lífsnauðsyn heillar þjóðar skapar henni. Þetta tel ég vel mælt og skilmerkilega. En gallinn er sá, að niðurstaðan, dómurinn, sem felst í þskj. því, sem hér liggur fyrir til umr., er í fullkominni andstöðu eða ósamræmi við þessar forsendur, sem ég hef nefnt.

Sumar þjóðir, — þær eru margar, — eru þannig settar, að þær búa við breytileg eða hreyfanleg landamæri. Það er sorgleg saga sumra slíkra þjóða um áhrif þess, þegar landamærum hefur verið breytt og ríkjum skipt. Má í því efni nefna sögu Póllands og fleiri ríkja. Ísland er þannig sett, að það er ekki undirorpið þessari hættu. Ísland er „ægi girt yzt á Ránarslóðum", svo að mælt sé máli, sem þjóðin skilur, þó að það sé með öðrum blæ heldur en málið á orðsendingu þeirri, sem hér er til umr. Landgrunnið er jarðfræðilega hluti af Íslandi sjálfu. Lögun þess er að ýmsu leyti svipuð. Það er vogskorið eins og landið sjálft.

Við eigum einnig þjóðlegan rétt. Forfeður okkar, frumbyggjar þessa lands, komu hingað að óbyggðu landi. Þeir þurftu ekki að taka landið herskildi, heldur helguðu það með eldi, eins og gert var á þeirri tíð, og að öðru leyti með vinnu sinni, með því að yrkja landið og nytja það, og þær 30—40 kynslóðir, sem lifað hafa og starfað í landinu

samfleytt síðan, hafa helgað þennan þjóðlega rétt með lífi sínu og starfi. Saga landsins er „saga vor, sómi þess vor æra". Þessi þjóðlegi réttur er helgaður einnig og sérstaklega með því, að þjóðin hefur byggt landið allt, dali þess og strendur, nytjað landið og fiskimiðin í kringum strendurnar. Enn kemur hér til hinn helgi réttur, sem er lífsnauðsyn heillar þjóðar til að lifa, og á þennan rétt hefur ekki sízt verið treyst nú á síðari árum og hann verið túlkaður af forustumönnum þjóðarinnar, m. a. í þeim hvítu bókum, sem gefnar hafa verið út um landhelgismálið og dreift á meðal flestra þjóða heims. Og í þeim hvítu bókum er m. a. lögð sérstök áherzla á það, að engin þjóð — eða til þess að taka ekki of djúpt í árinni skal ég segja — nær engin þjóð í heimi á jafnmikilla hagsmuna að gæta í sambandi við fiskveiðar sínar og íslenzka þjóðin. En sá rétturinn, sem þó hefur ávallt dugað íslenzku þjóðinni bezt í sjálfstæðisbaráttu hennar og einnig hefur ríkulegt gildi í sambandi við landhelgismálið, er hinn sögulegi réttur þjóðarinnar. Það er því ekki að ófyrirsynju í þeim umr., sem hér fara fram, að með örfáum orðum sé á það drepið, á hvaða grundvelli hinn sögulegi réttur í landhelgismálinu hvílir.

Frá upphafi þjóðveldisins og langt fram eftir öldum er ekki um landhelgi að ræða við Ísland í nútímaskilningi þess orðs. Íslendingar höfðu á þjóðveldistímanum einir aðgang að fiskimiðunum umhverfis landið og gátu notfært sér þau eftir því, sem hin frumstæða tækni þeirra leyfði. Síðan komst Ísland undir yfirráð Noregskonungs og síðar Danakonungs, en þessir þjóðhöfðingjar gerðu tilkall til forræðis yfir norðurhöfum, allt frá Noregi til Grænlands.

Það mun ekki hafa verið fyrr en á 16. eða jafnvel 17. öld, með vaxandi þörf þjóðanna á að hagnýta fiskimiðin, að það tóku að skapast reglur um viðáttu landhelgi, og þær reglur voru settar samkvæmt fyrirmælum þjóðhöfðingjanna, sem hlut áttu að máli. Fyrst mun regla um viðáttu fiskveiðilandhelgi gagnvart Íslandi hafa verið miðuð við 48 sjómílur, síðar við 36 sjómílur, en árið 1682 er landhelgin bundin við 16 sjómílur, og þannig stóð þar til árið 1859. En 1859 er gerð breyting á dönsku landhelgisgæzlunni við Ísland af hálfu danskra stjórnarvalda, þannig að þá og eftirleiðis er gæzlan aðeins látin taka til 4 sjómílna þrátt fyrir áskoranir Alþingis um, að landhelgisgæzlan yrði sem fyrr látin ná til 16 sjómílna svæðis. Enn líða 10 ár, til ársins 1869. Þá ber Alþingi Íslendinga fram bænaskrá til konungs út af landhelgismálinu, og í þeirri bænaskrá segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingið verður að álíta, að hið eina ráð til að verja landið gegn því tjóni, sem yfir vofir í þessu efni, sé það, að hinum útlendu fiskimönnum verði haldið til að hegða sér eftir lögum þeim, sem gilda um þetta efni, þannig verði samkvæmt opnu bréfi frá 13. maí 1682 stranglega bannað að fiska nær landi en 4 danskar mílur, þ. e. 16 sjómílur."

Ég verð að segja, að í orðalagi þessarar bænaskrár og því frumkvæði af hálfu Alþingis að senda hana felst furðumikil reisn, þegar miðað er við alla aðstöðu þess tíma. Þá hafði Alþ. Íslendinga ekki löggjafarvald, heldur var einungis ráðgefandi samkoma. Þá þurftu Íslendingar að stríða við mikla erfiðleika á atvinnusviðinu, m. a. af völdum fjárkláðans, sem geisaði í landinu, og þá áttu þeir við að búa hjá herraþjóðinni, Dönum, það hugarfar, sem leiddi til setningar stöðulaganna, sem alkunnugt er. Ég endurtek það, að þegar á þessa aðstöðu er litið, þá virðist mér, að á þessum tíma hafi Alþ. Íslendinga haft jafnvel ótrúlega opin augu fyrir nauðsyn landhelgismálsins og að í störfum þess hafi komið fram furðumikil reisn fyrir þjóðarinnar hönd.

Næsta skrefið er það, að árið 1901, eins og oft hefur verið vitnað til í þessum umr., er gerður samningur, sem undirritaður var í London 24. júní það ár, um fiskveiðilandhelgi Íslands. Fyrirsögn þessa samnings er nokkuð eftirtektarverð. Hún sýnir, að fyrirsagnir samninga, jafnvel fyrr og síðar, segja ekki allt innihald þeirra og ekki alla sögu þeirra. Fyrirsögn þessa fiskveiðisamnings er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Samningur milli hans hátignar konungsins í Danmörku og hans hátignar konungsins í hinu sameinaða konungsríki Bretlandi hinu mikla um tilhögun á fiskveiðum þegna hvors þeirra um sig fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland." Allt svæðið utan við 3 mílur, sem þessi samningur hljóðaði um að binda landhelgina við, er beinlínis í fyrirsögn samningsins kallað „hafið fyrir utan landhelgi".

En þessi samningur var uppsegjanlegur, eins og oft hefur verið bent á í þessum umræðum. Og nú mun það álit fróðra manna á sviði laga og réttar, að uppsegjanlegur samningur skapi ekki hefð og að við brottfall hans ætti að skapast sama réttarástand og var fyrir gildistöku samningsins. Samkvæmt því virðist mér, að þegar samningnum var sagt upp, þá hefði það verið eðlileg afstaða af Breta hálfu að fallast á, að um leið og samningurinn félli úr gildi, skapaðist sama réttarástand, þ. e. a. s. að Íslendingar fengju aftur sama rétt og þeir höfðu, þegar samningsgerðin fór fram. En það er nú öllum kunnugt, að skoðanir Breta þá og síðar hafa verið aðrar en þessar, er ég greindi, um réttarstöðu Íslands.

Fyrsta hreyfing, að því er mér er kunnugt, meðal stjórnmálaflokkanna, sem nú starfa, um að segja samningnum upp, sem gerður var á milli Dana og Íslendinga, hygg ég að hafi komið fram á flokksþingi framsóknarmanna 1946, en það flokksþing gerði ákveðna samþykkt í málinu og kröfu um það til Framsfl. að beita sér fyrir uppsögn samningsins. Í samræmi við það fluttu tveir þm. Framsfl. þann sama vetur, eða á því Alþ., sem þá sat að störfum, till. til þál., sem er að meginmáli þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstjórninni að segja upp samningi þeim, er gerður var 24. júní 1901 milli Danmerkur og Stóra-Bretlands um landhelgi Íslands, sbr. auglýsingu frá 28. marz 1903."

Við þessa till. til þál. kom fram brtt., sem flutt var af frsm. meiri hl. utanrmn. í þessu máli, þ. e. Jóhanni Hafstein alþingismanni. Hann lagði til, að meginmál till. yrði orðað þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að stækkun landhelgi Íslands."

Þessi till. til þál. hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu hér á Alþingi, hvorki í þeim búningi, eins og hún var flutt af hálfu Framsfl., né í þeim búningi, sem hv. þm. Jóhann Hafstein lagði til. Hygg ég, að sú ríkisstjórn, sem þá sat, hafi ekki talið sig við því búna að mæla með eða beita sér fyrir samþykkt till. í þessu efni. En sú hreyfing, sem komst á landhelgismálið hér á hv. Alþingi í sambandi við flutning þessara tillagna, átti áreiðanlega sinn þátt í því, ásamt ef til vill öðru, sem ég tel líklegt að hafi komið þar til, að undirbúin voru landgrunnslögin, sem mjög hafa verið gerð að umtalsefni í þessum umr. og marka mjög merk tímamót í sögu landhelgismáls þjóðarinnar.

Landgrunnslögin voru sett á þingi 1948 og landgrunnslögunum er ótvírætt ætlað að hafa að grundvelli þann ferns konar rétt, sem ég gat um í upphafi máls míns og fylgdi í því efni skilgreiningu hæstv. fjmrh. Landgrunnslögunum er ótvírætt ætlað að hafa að réttargrundvelli þann ferns konar rétt, og um landgrunnslögin varð ekki ágreiningur hér á hv. Alþ. Ég átti sæti hér á þingi, þegar þau voru sett, og man það í megindráttum. En það er aldrei öruggt að treysta á minni sitt, svo að ég hef, síðan umr. hófust um þetta mál, sem hér liggur fyrir, kannað í umræðuparti Alþingis það, sem þá var sagt og þá kom fram hér á hv. Alþingi. Um landgrunnslögin var ekki ágreiningur á milli flokka og aðeins lítilvægar breytingar gerðar á frv. frá því, sem það var lagt fram af hálfu þeirrar ríkisstj., sem þá sat.

En þó að mikið hafi verið rætt um landgrunnslögin í þessum umr., sem mjög er að vonum, þá vil ég leyfa mér, af því að það hefur ekki komið fram hjá öðrum ræðumönnum, að minna á kafla í grg., sem fylgdi frv., og sá kafli er mjög góð leiðbeining um það, hvernig Alþingi hugsaði sér framkvæmd landgrunnslaganna á þeim tíma, þegar þau voru sett. Sá hæstv. ráðh., þáverandi sjútvmrh., Jóhann Jósefsson, sem mælti fyrir frv. í Ed. Alþingis af hálfu þeirrar ríkisstjórnar, sem þá sat, byggði mál sitt mjög á ákvæðum þess kafla í grg., sem ég ætla nú að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Flestum strandríkjum, sem fiskveiðar stunda, hefur um langt skeið verið ljóst, að gera þurfi virkar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja gereyðingu fiskimiðanna vegna rányrkju. Ekki hefur þó verið samkomulag um það, með hverjum hætti slíkar ráðstafanir skyldu gerðar. Skiptast ríki þar að meginstefnu til í tvo flokka. Annars vegar eru þær þjóðir, sem meiri hagsmuna hafa að gæta af fiskveiðum sínum við erlendar strendur en sínar eigin. Þau ríki eru því yfirleitt fylgjandi að hefta sem mest hendur strandríkja til einhliða ráðstafana á þessu sviði. Þau ríki hafa þó viðurkennt, að eigi yrði hjá því komizt að gera einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir gereyðingu miðanna, en þá jafnframt fylgt fast eftir þeirri stefnu, að slíkar ráðstafanir yrðu einungis gerðar með millirikjasamningum. Hins vegar eru þjóðir, sem eingöngu eða aðallega stunda veiðar við sínar eigin strendur. Þeim þjóðum hefur í vaxandi mæli skilizt, að strandríkið verður að bera aðalábyrgðina á því, að strandmiðin séu vernduð í ljósi vísindalegra staðreynda. Ýmsar slíkar þjóðir hafa því lögleitt hjá sér mismunandi víðtækar reglur í þessu skyni, enda ljóst, að samningaleiðin hefur hvergi nærri leitt til viðunanlegrar niðurstöðu, nema í tiltölulega fáum tilvikum, þar sem samhentar landamæraþjóðir áttu hlut að máli og sameiginlegra hagsmuna að gæta. Hitt er svo annað mál, að á höfum úti, hinu eiginlega úthafi, verður friðunarráðstöfunum eðlilegast og bezt fyrir komið með alþjóðasamningum. En varðandi hafið næst ströndum gegnir öðru máli.“

Hér lýkur þeim kafla í grg., sem ég ætla mér að lesa. En þegar á þetta er litið, þá sjáum við, að í fyrsta lagi er málið lagt þannig fyrir Alþingi og hugsað þannig, að það er algerlega skipt í tvennt, annars vegar hafinu, hinu eiginlega úthafi, þ. e. a. s. ráðstöfunum á höfum úti, og hins vegar ráðstöfunum varðandi hafið með ströndinni. Varðandi ráðstafanir á úthafinu er talið eðlilegt og miðað við, að þær fari eftir millirikjasamningum. En um ráðstafanir á hafinu kringum ströndina er bent á, að í því efni séu uppi tvær stefnur. Voldug ríki, sem stundi fiskveiðar meira við strendur annarra ríkja en sínar eigin, vilji koma slíkum ráðstöfunum yfir á samningsgrundvöll, en á móti því sé staðið af þeim ríkjum, sem hafi sínar fiskveiðar aðallega við sínar eigin strendur, eins og Ísland. Lögin eru grundvölluð á því, að Ísland hagaði framkvæmd laganna á þá lund að skipa sér í flokk þeirra ríkja, sem hafa sett hjá sér eigin lög og lögleitt hjá sér mismunandi víðtækar reglur í þessu skyni. Ég ætla enn fremur, að barátta fulltrúa Íslands á alþjóðaráðstefnum hafi verið grundvölluð á sama sjónarmiði og hér kemur fram í grg. fyrir landgrunnslögunum. Ég hygg, að þetta hafi, a. m. k. frá því, að landgrunnslögin voru sett, og jafnvel að það eigi rætur lengra aftur í löggjafarstarfinu, verið sú grundvallarskoðun, sem Íslendingar hafa ætlað sér að fylgja í framkvæmd friðunarráðstafana við strendur landsins.

Eftir að landgrunnslögin voru sett, næst samkomulag um það, a. m. k. innan þeirrar ríkisstjórnar og á milli þeirra stjórnarflokka, sem þá fóru með völd, að segja fiskveiðisamningnum frá 1901 upp, og féll hann úr gildi árið 1951. Um það leyti er farið að hefjast handa um útfærslu landhelginnar og fyrstu framkvæmd laganna um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins með setningu reglugerðar, fyrst 1950 á takmörkuðu svæði og síðar allsherjarreglugerðar eða reglugerðar, sem tók til svæðisins allt í kringum landið, 1952. Og það er fullkomlega ástæða til að gera sér grein fyrir í sambandi við þetta mál, hvernig á því hefur verið haldið, síðan til framkvæmda kom, bæði í kenningu og framkvæmd.

Reglugerðin um útfærslu í 4 mílur og mikla breytingu á grunnlínum var sett 19. marz 1952. Þá sat að völdum stjórn, sem studd var af Framsfl. og Sjálfstfl. Ég held, að það sé ótvírætt, að a. m. k. þessir flokkar báðir náðu samkomulagi um þá reglugerð, sem þá var sett, og ég vil ætla, að það samkomulag hafi náð til allra þingflokkanna. Það munu a. m. k. ekki nein pólitísk öfl hér innanlands hafa beitt sér gegn framkvæmd þeirrar reglugerðar. Hér var vissulega unnið gott verk og þarft, sem ekki var ágreiningur um milli stjórnmálaflokkanna, og núv. hæstv. forsrh. mun

áreiðanlega hafa átt góðan hlut að því máli, og ég hygg meira að segja, að hann hafi á þeim tíma gegnt embætti sjútvmrh. En með setningu þeirrar reglugerðar var að vissu marki brotinn ísinn í þessu efni um framkvæmd laganna um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Og það var rakið allýtarlega af þeim ræðumanni, sem talaði hér á undan mér, hvernig viðbrögð Breta urðu þá og hver afstaða Íslendinga og þá sérstaklega þeirrar ríkisstjórnar, sem þá sat, var til þess ágreinings, þeirrar deilu, sem reis út af því máli. Ég hef satt að segja enga löngun til þess að vera að teygja hér umr. um skör fram, þó að ég ætli mér að segja hér nokkur orð til viðbótar, og skal því alveg sleppa því að vera að lesa hér upp sömu tilvitnanirnar sem fram komu hjá síðasta ræðumanni, þó að mér væru þær flestar eða allar kunnar, áður en hann flutti þær hér í sínu máli. En þar kom svo glögglega fram sem verið getur, hvernig núv. hæstv. forsrh. markaði stefnuna þá og hvaða aðferðum hann taldi þá eðlilegt og sjálfsagt að beita af hálfu íslenzku þjóðarinnar í sambandi við deiluna við Breta, að ótvíræðara verður naumast frá því greint heldur en sjálfur hæstv. núv. forsrh. gerði á þeim tíma. En til viðbótar því, sem hæstv. forsrh. núverandi sagði þá, bæði á sjómannadaginn 1953 og við fleiri tækifæri, þá leyfi ég mér að benda á það, að hinn 5. maí 1953 er birt í Morgunblaðinu stefnuyfirlýsing landsfundar Sjálfstæðisflokksins, sem þá var nýlega um garð genginn, um landhelgismál, og þar segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stefnuyfirlýsing landsfundarins.“ Það er fyrirsögn. „Þá færir landsfundurinn ráðherrum Sjálfstfl. sérstakar þakkir fyrir röggsamlega meðferð landhelgismálsins og treystir á samhug þjóðarinnar í því mikla máli. Heitir landsfundurinn eindregnum stuðningi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hvika í engu frá teknum ákvörðunum.“

En þessar ákvarðanir þáv. ríkisstj., sem hér er vitnað til, voru breyting á grunnlínum og einhliða útfærsla í 4 mílur, — útfærsla, sem var ekki gerð með millirikjasamningi og deila hlauzt af. Sú deila mun nú raunar hafa staðið yfir eða verið komin upp, þegar þessi samþykkt var gerð.

Nú líða tímar fram, og vorið 1956 heldur Sjálfstfl. aftur landsfund, þar sem bæði í landhelgismálinu og fjöldamörgum öðrum þjóðmálum er mörkuð stefna flokksins og hún birt þjóðinni í aðalmálgagni flokksins, Morgunblaðinu. Þá gerði landsfundur Sjálfstfl. samþykkt, sem birt er í Morgunblaðinu 28. apríl 1956, um landhelgismálið, og í þeirri samþykkt segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Landsfundurinn lýsir sig samþykkan þeirri stefnu ríkisstj. og þingflokks sjálfstæðismanna að halda óhagganlega á rétti Íslendinga í landhelgismálinu, hvika hvergi frá gerðum samþykktum og leita jafnskjótt og fært er lags um frekari friðun fiskimiðanna.“

Það er ekki hægt að skilja þessa stefnuyfirlýsingu Sjálfstfl., sem gerð var 1956, öðruvísi en svo, að stefna flokksins sé óbreytt — ja, raunar frá því að landgrunnslögin voru sett og frá árinu 1952, þegar reis upp deila við Breta, og a. m. k. til þess tíma 1956, og hér er sagt, að það beri að leita lags um frekari útfærslu landhelginnar.

En næst kemur að því, að hafinn er undirbúningur að nýjum framkvæmdum í málinu, þ. e. setningu reglugerðarinnar 1958 um útfærslu í 12 mílur. Þá er háttað þannig á stjórnmálasviðinu, að þá situr að völdum stjórn þriggja flokka, en Sjálfstfl. var þá í bili í stjórnarandstöðu. Það hefur verið skoðun Framsfl. frá öndverðu, að hann fór að hafa áhrif á framkvæmdir í landhelgismálinu, að þetta mál væri mál allra Íslendinga, þetta mál ætti að vera hafið yfir opinber átök eða opinberar deilur milli stjórnmálaflokkanna í landinu, þau mismunandi sjónarmið, sem eðlilega eru til staðar, þurfi að ræða og ná samkomulagi um í samvinnu milli flokkanna, án þess að til átaka komi út af þeim á opinberum vettvangi. Í samræmi við þetta álit Framsfl. beitti hann sér fyrir því, þar sem hann hafði forsæti í ríkisstj. 1958, að nefnd manna, þar sem fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkunum áttu sæti, fylgdist með því, sem í undirbúningi var að gera í landhelgismálinu. En það hefur verið rakið hér af öðrum, sem ég ítreka, en ætla ekki að öðru leyti að endursegja, að því miður gætti þess um of, að erfitt reyndist að ná samstöðu innan þessarar nefndar, fullkominnar samstöðu um aðgerðir í málinu, og að fulltrúi Sjálfstfl., sem þá var í stjórnarandstöðu, eins og ég hef áður sagt, reyndist vera mjög tregur til þess að taka bindandi ákvarðanir fyrir fram, þótt áhugi væri fyrir lausn málsins í einhverri mynd þess. Og eins og aðrir ræðumenn hafa rakið, þá leiddi þetta af sér það, að niðurstaðan varð sú, að grunnlínum var þá ekki breytt, heldur stigið það þýðingarmikla skref að færa út í 12 sjómílur umhverfis landið allt. En svo var ákveðið af hálfu þeirrar ríkisstj., sem þá sat, að gefa reglugerðina út, en láta hana ekki taka gildi fyrr en eftir alllangan biðtíma og nota þann biðtíma til þess að kynna öðrum þjóðum þá ákvörðun, sem íslenzk stjórnarvöld höfðu tekið. Og það er að mínum dómi, sá sorglegi þáttur í þessu máli, að höfuðmálgagn stjórnarandstöðunnar notaði þennan biðtíma til þess ýmist að láta undir höfuð leggjast að draga fram á skýran og skilmerkilegan hátt rök Íslendinga í málinu og á hinn bóginn til þess að gera lítið úr og tortryggilegar þær ráðstafanir, sem ákveðið var að gera og taka skyldu gildi 1. sept. 1958. Þetta hafa ýmsir ræðumenn bent á, en það má segja, að ákveðnar tilvitnanir og ákveðin dæmi skýri mál oft fyllilega eins vel og almenn orð, og ég er við því búinn að nefna dæmi um þetta mál minu til sönnunar. En ég skal nú stilla því mjög í hóf til þess að lengja ekki mál mitt að óþörfu.

Um það leyti sem reglugerðin var gefin út, valt á miklu fyrir íslenzku þjóðina, að allir legðust á eitt um að kynna fyrir útlendingum rök Íslendinga í málinu. En það er ekki hægt að segja, að Morgunblaðið hafi á þeim tíma lagt sig fram um það. Hinn 30. júní 1958 mun reglugerðin hafa verið gefin út, og blöð stjórnarflokkanna, sem þá voru, — það voru blöð báverandi stjórnarflokka, — kynntu málið á mjög áberandi hátt næsta dag og næstu daga, eftir því sem við varð komið. En daginn eftir að reglugerðin er gefin út nægir Morgunblaðinu veigaminni fyrirsögn undir þessa fregn heldur en frá einum sjálfstæðisfundi austur

á Hellu. Reglugerðin var þá ekki birt í heild í Morgunblaðinu, heldur aðeins í lauslegum útdrætti, og í fréttinni ekki laust við hnútur og aðkast til þeirra, sem reglugerðina höfðu gefið út eða báru stjórnarfarslega ábyrgð á útgáfu hennar.

Næsta dag, 2. júlí, er vikið að málinu í forustugrein Morgunblaðsins. Og nú skyldu menn þó halda, að málstaður Íslands yrði rösklega varinn. En það er öðru nær. Þar er lögð sérstök áherzla á það, að þessi stækkun fiskveiðilandhelginnar sé „ekkert nýmæli". Þessi tvö orð standa beinlínis þarna: „ekkert nýmæli". Þar er sagt, að þetta sé beint framhald af reglugerð frá 1950 og 1952, en eins og menn muna, var gerð á þeim árum viss breyting á landhelginni, eins og áður hefur verið rakið. Og svo þar næstu daga ver þetta áhrifamikla málgagn stærsta stjórnmálaflokks í landinu meira rúmi undri myndir og frásagnir af Rússlandsför íslenzkra alþingismanna heldur en til þess að skýra landhelgismálið bæði fyrir Íslendingum og erlendum aðilum. Það má þó segja, að gagnvart Íslendingum hafi þetta minna gert til, því að heilbrigðir þurfa ekki læknis við, en gagnvart erlendum aðilum var það að mínum dómi mjög miður farið, að svona skyldi vera á málum haldið.

Þeir, sem lesa blöðin að staðaldri, vita það, að í sunnudagspistlum blaðanna, sunnudagspistlum, sem bera í Morgunblaðinu fyrirsögnina Reykjavíkurbréf, er að jafnaði á hverjum tíma drepið á þau helztu mál, sem afgreidd hafa verið og efst eru á baugi á hverjum tíma, jafnvel eins konar vikuyfirlit, og í þeim pistlum er oft tekin skörp afstaða og vel haldið á penna. Í Morgunblaðinu 6. júlí, sem var fyrsti sunnudagurinn, eftir að reglugerðin var gefin út, hefði mátt vænta þess, að rösklega hefði verið tekið á málinu í Reykjavíkurbréfi, sem margir munu hafa ætlað, a. m. k. á þeim tíma, að sjálfur hæstv. dómsmrh. núv. hafi skrifað, — þar hefði verið rösklega og vel haldið á penna um stækkun landhelginnar í 12 mílur. En það ber svo við, þótt leitað sé, þá finnast þar engin rök fyrir málstað *Íslands og ekkert um landhelgismálið* í þessu tölublaði Morgunblaðsins.

Ég satt að segja hirði ekki um og vil ekki tefja umr. með því að hafa þennan lista lengri, en svona er hægt að rekja allan þennan biðtíma, sem leið, frá því að reglugerðin var gefin út og þangað til hún átti að taka gildi.

En það gat auðvitað ekki hjá því farið, að þessi málsmeðferð hjá stóru og áhrifamiklu íslenzku blaði vekti eftirtekt á erlendum vettvangi og að það mótaði þá skoðun eða a. m. k. styrkti þá skoðun af hálfu brezkra stjórnarvalda, að ekki væri svo mikill einhugur meðal íslenzku þjóðarinnar í landhelgismálinu sem raunverulega var, því að ég vil hiklaust halda því fram, að það hafi verið einhugur meðal þjóðarinnar í landhelgismálinu 1958, og þá dreg ég ekkert undan sjálfstæðismenn yfirleitt, það fólk í landinu, sem styður Sjálfstfl., — enda sáust þess merki í brezkum blöðum á þessum tíma, að þannig var litið á af brezkum aðilum, að Íslendingar væru ekki jafnsamhuga og landhelgismálið væri þeim ekki eins mikið kappsmál og raunverulega var, og þetta jafnvel talið augljóst merki þess, að hér væri samstaða þjóðarinnar ekki órofin.

En næst skal ég víkja að því, að þetta viðhorf blaðsins, sem ég hef nú gert að umtalsefni, gerbreyttist um mánaðamótin ágúst og september 1958, þegar ljóst var, að Ísland hafði orðið fyrir ofbeldisaðgerðum af Breta hálfu. Þá reis upp slík alda með þjóðinni um gervallt land, að jafnvel þótt ekki hefði komið annað til, þá hlaut þetta stóra málgagn stærsta stjórnmálaflokksins að knýjast til þess að taka hreina afstöðu með þeirri öldu, sem þá reis upp með þjóðinni.

Á þinginu næst á eftir, að þessir atburðir gerðust, var landhelgismálið mjög til athugunar á milli stjórnmálaflokkanna, og þær athuganir og sú vinna, sem lögð var þá fram af hálfu flokkanna og ekki sízt af þeim, sem áttu sæti í utanrmn., leiddi til þess, að samstaða náðist um ályktun Alþ. frá 5. maí 1959. Þessarar ályktunar hefur oft verið getið í þessum umr., og er ástæðulaust, að ég lesi hana upp. En þá stóðu málefni þjóðarinnar þannig, að þá var augljóst, að fyrir dyrum stóðu tvennar kosningar vegna breytinga á stjórnskipunarlögum ríkisins. Skömmu áður en kosningabaráttan við fyrri kosningarnar 1959 hófst, var þessi ályktun gerð hér á hv. Alþ., og þá ber svo við gagnstætt því, sem var sumarið 1958, að það er — og ekki síður af hálfu núv. stjórnarflokka en annarra — haft hátt um þessa ályktun í kosningabaráttunni. Þá var jafnvel gripið til aðgerða eins og þeirra að kalla heim ambassador Íslands í London fyrir kosningar. Þá fór enginn Íslendingur á NATO-fund sumarið 1959. Þá var við því amazt, að meira að segja kennarar, fulltrúar úr íslenzkri kennarastétt, fengju að sitja kennaraþing í Bretlandi. En eftir kosningar fer ambassador Íslands aftur til embættis síns í London. Það slaknaði á, þegar fyrri kosningarnar voru um garð gengnar, slaknaði á framkvæmdinni gagnvart Bretum. Og þau ummæli hæstv. utanrrh., sem lesin voru upp við fyrri umr. þessa máls í útvarp af einum ræðumanni og þjóðinni er vel kunnugt um og hún hefur í minni, þau ummæli, sem eru á þá leið, að við berjumst gegn öllu, sem skerðir rétt Íslendinga innan 12 mílna fiskveiðilögsögu, gegn tímatakmörkunum og öðru, hverju nafni sem það nefnist, — þau voru áreiðanlega til þess fallin að gefa þjóðinni allt aðra hugmynd um afstöðu og framkvæmdir núv. ríkisstj. á sviði landhelgismálsins heldur en það, sem fyrir liggur í því þskj., sem nú er hér til umræðu.

Núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda í nóvembermánuði 1959. Við það tækifæri, á fyrsta fundi Alþingis þá um haustið, gaf núv. hæstv. ríkisstj. yfirlýsingu um það, að stefna hennar í landhelgismálinu væri óbreytt frá því, sem hún hefði verið mörkuð með ályktun Alþingis frá 5. maí 1959. En þá liðu ekki nema 8—9 mánuðir, frá því að núv. hæstv. ríkisstj. settist að völdum, þangað til þjóðin komst að raun um af fregnum í blöðum og í útvarpi, að mig minnir, að ríkisstj. hefði léð máls á því að taka upp viðræður við Breta um landhelgismálið. Þá mun orðalagið hafa verið þannig, að það væru teknar upp viðræður — ekki samningar. Þegar ríkisstj. er spurð um það hér á hv. Alþ. í haust, þann dag, sem við þingfulltrúar höfum störf að því sinni, hvort það stæðu yfir samningar við brezku ríkisstj. eða aðila í umboði hennar út af landhelgismálinu, þá varð hæstv.

forsrh. fyrir svörum og skýrði frá því, að það hefði aðeins verið skipzt á skoðunum, þannig að hvor aðili um sig hefði skýrt sjónarmið sín, en um samninga væri ekki að ræða. En hvort sem þetta hefur verið nákvæmlega rétt túlkað eða ekki, — á það legg ég ekki dóm, — þá er það víst, að ekki liðu margir dagar, þangað til hæstv. dómsmrh. hafði einurð og drengskap — vil ég segja — til þess að skýra frá því í ræðu í hv. Ed., að verið sé að kanna, hvort hægt sé að semja um skemmri tíma en áður var búið að gera grein fyrir, með því að tryggja Íslendingum fiskveiðar á samningstímanum jafnvel eða betur en gert er með 12 mílna lögsögunni. Þetta er viðfangsefnið, sagði hæstv. dómsmrh. í hv. Ed. En svo hefur verið vikið að því hér af öðrum, og þann þátt skal ég ekki endurtaka, hvað skrifað stendur í hinni nýju Heljarslóðarorrustu, og í beinu framhaldi af því, hver svör hæstv. utanrrh. gaf hér á hv. Alþ. um þetta mál, á hvaða stigi það væri þá, 6. febrúar nú í vetur, 6. febrúar 1961, þar sem helzt mátti ráða af þeim ummælum, að málið væri ekki þá komið á samningastig, engin tillaga lægi fyrir eða hefði verið gerð af hálfu Íslands né ákveðin tilboð af hálfu Breta, sem yrði að játa eða neita. Ummælin eru svo ótvíræð, að þau verða ekki skilin á annan veg en þann, að þá væri þetta mál ekki komið enn á samningastig, þrátt fyrir það, þó að hæstv. dómsmrh. segði þeim, sem sæti eiga í Ed., í október í haust, að „viðfangsefnið er þetta, að verið er að kanna að semja við Breta um skemmri undanþágutíma“ en hafði verið rætt um og áður er greint í ræðunni. Ég drep á þetta einungis til þess að minna á, að yfirlýsingar hæstv. ráðherra í sambandi við þetta mál eru ekki allar á einn veg, og það m. a. er til þess fallið að skapa öllu meiri tortryggni meðal stjórnarandstöðunnar og meðal þjóðarinnar um þetta mál heldur en ella mundi. Og nú höfum við hér í höndum þetta þskj., sem hefur að geyma þáltill. hæstv. ríkisstj. og þá orðsendingu, sem á að gilda sem millirikjasamningur um þetta mál, ef þáltill. verður samþykkt.

Það hafa ýmsir bent á það í þessum umr., að formið á samningnum sjálfum, þ. e. a. s. orðsendingunni, væri með óvenjulegum hætti og orðalagið ekki ótvírætt. Ég tek eindregið undir þessa skoðun. Allir könnumst við við það, sem sæti eigum hér á Alþ., að í þingsköpum er það beinlínis tekið fram, að lagafrumvörp skuli samin með lagasniði. Þetta er í framkvæmdinni a. m. k. þannig, að efni máls er skipt í afmarkaðar greinar, og ég hygg, að það sé ekki sízt gert í því skyni að *afmarka efnisatriðin sem gleggst og hafa formið* að öllu leyti sem ótvíræðast á skilríkjum, sem hafa svo mikið gildi, að dómar grundvallast á skýringum á orðalagi þeirra. Nú eru millirikjasamningar ekki í sjálfu sér lög íslenzka ríkisins. En þeir hafa þó ekki minni þýðingu og að form þeirra og orðalag sé svo ótvírætt í túlkun sem nokkur kostur er á. Og venja er sú, það fullyrði ég, að millirikjasamningar, sem samþykktir hafa verið hér á hv. Alþ., eru prentaðir með lagasniði, eins og það er kallað í þingsköpum. Þannig er örugglega samningurinn um t. d. aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, herverndarsamningurinn og yfirleitt þeir samningar og alþjóðasáttmálar, sem *lagðir hafa verið hér til fullgildingar fyrir hv.* Alþingi. Ég skal ekki fullyrða, hvort það er hægt að finna fordæmi fyrir formi á millirikjasamningi sambærilegt við það, sem hér er. Ég skal ekki fullyrða það. En sjálfur man ég ekki til þess, að það hafi verið lagt fyrir Alþingi í svona formi, síðan ég kom hér, og ef einhver hv. þm. man það eða er svo fróður, að hann geti bent mér á hliðstætt dæmi að formi til, þá skal ég með ánægju taka það til greina.

Það hefur einnig verið mikið rætt um það hér í þessum umr., að orðalagið á samningnum eða orðsendingunni sé alls ekki ótvírætt. Ég skal nú ekki lengja mál mitt með því að endurtaka neitt að ráði það, sem aðrir hafa sagt um þetta. En ég verð að láta í ljós þá skoðun, að mér finnst við að hafa hlýtt á þær athugasemdir, sem fram hafa komið að þessu leyti, að þær séu yfirleitt réttmætar. Og ég vil sérstaklega þó minna á eitt atriði. Það hefur verið frá því skýrt af hálfu stuðningsmanna þessa máls, bæði hæstv. ráðherrum og frsm. meiri hl. utanrmn., að framkvæmdin sé hugsuð þannig, að Íslendingar eigi að tilkynna Bretum reglugerðina, sem sett yrði hverju sinni um meiri útfærslu, en ekki ákvörðunina sjálfa, um leið og hún er tekin af íslenzkum stjórnvöldum, að slík reglugerð skuli sett. En þessi skýring fer alls ekki saman við það, sem sagt er í athugasemdum við þáltill. á 1. bls. þskj., þar sem talað er um *ágreining um hugsanlegar aðgerðir og að* honum skuli vísað til alþjóðadómstólsins. Það er ekki á því stigi, þegar búið er að gefa út reglugerð og ákveða orðalag hennar. Þá er málið ekki lengur á því stigi, að það sé aðeins um hugsanlegar aðgerðir að ræða, það sé hugmyndin, sem íslenzk stjórnvöld séu að íhuga og vilji gera grein fyrir.

En þá kem ég næst að því, að hæstv. utanrrh. dró fram rök í þremur liðum í framsöguræðu sinni við fyrri umr. þessa máls, sem eiga að vera því til sönnunar, að orðalag þessarar orðsendingar sé ótvírætt og á engan hátt þurfi að vefengja það. Og þessi rök hæstv. utanrrh. eru þessi, með leyfi hæstv. forseta, — ráðh. sagði:

„Vil ég biðja þjóðina að hafa þrennt í huga, þegar hún hlustar á þessi rök andmælenda samkomulagsins:

1) Að orðalag orðsendingarinnar er ótvírætt.

2) Þeir, sem fylgzt hafa með frásögnum af umræðum í brezkum blöðum undanfarna daga, hafa áreiðanlega veitt því eftirtekt öðru fremur, að Bretar gera sér glögga grein fyrir því, að veiðum þeirra á milli 6 og 12 mílna lýkur að fullu eftir 3 ár.

3) Ríkisstj. Íslands hefur í höndum yfirlýsingu ríkisstjórnar Bretlands um, að ekki verði farið fram á framlengingu heimildarinnar til að veiða innan 12 mílna í lok þriggja ára tímabilsins.“

Þá er að líta á *þessi þrenns konar rök. Um* fyrsta liðinn, þ. e. að orðalag orðsendingarinnar sé ótvírætt, hefur verið mikið rætt í þessum umr., og hefur verið sýnt fram á það og það enn betur af ýmsum öðrum ræðumönnum heldur en ég hef varið tíma til að endurtaka, að orðalagið er í ýmsum greinum ekki ótvírætt. Um það stendur

a. m. k. staðhæfing á móti staðhæfingu, svo að þau almennu orð hæstv. utanrrh., að þetta sé svona, eru naumast úrslitadómur í þessu efni. (**Forseti**: Á ekki hv. ræðumaður enn ólokið töluverðu af ræðu sinni?) Ég á nokkuð ósagt enn þá, herra forseti. En ég er alveg að komast hér að þáttaskilum og vildi mega segja örfá orð til viðbótar, eina eða tvær mínútur, ef hæstv. forseti vill gera svo vel. (**Forseti**: Já, já.)

Þá er að líta á annan lið í röksemdafærslunni. Hann er sá, að þeir, sem lesi brezk blöð, sjái það, að Bretar muni álíta þetta ótvírætt. Dómar, hvort sem þeir eru byggðir á lögum eða millirikjasamningum, geta aldrei grundvallazt á blaðaskrifum. Þessi röksemd um tilvitnunina í brezku blöðin er því heldur léttvæg. Hún yrði skoðuð léttvæg réttarheimild Íslandi til handa.

Og þá er þriðja röksemdin, bréfið, sem hæstv. utanrrh. segist hafa í fórum sínum og þar séu fullgild rök í þessu máli. Það hafa ýmsir ræðumenn hér gert kröfu til þess, að þingmönnum yrði kynnt efni þessa bréfs, sem búið er að skýra þjóðinni frá í ríkisútvarpinu héðan frá þessum stað, að hæstv. utanrrh. hafi í fórum sínum. Ég vil nú í fyrsta lagi taka undir þessar óskir þingmanna, og meðan bréfið liggur ekki fyrir, treysti ég mér ekki til að gera efni þess neitt sérstaklega að umtalsefni. En ég vil þó leyfa mér að bera fram þá ákveðnu spurningu til hæstv. utanrrh., hvort ég hafi heyrt það eða skilið það rétt við fljótan upplestur bréfsins héðan úr ræðustól, að orðalag á þeirri yfirlýsingu, sem þar er skráð, sé efnislega á þá leið, að stjórn Bretlands hefur ekki í huga að fara fram á framlengingu á veiðiréttinum, eftir að þriggja ára tímabilinu lýkur. Ég leyfi mér að bera fram þessa ákveðnu fyrirspurn nú þegar til hæstv. utanrrh., hvort orðalagið, sem hér var lesið upp, sé efnislega þannig, „að stjórn Bretlands hafi ekki í huga". Ég fullyrði ekki um það að svo stöddu, að þetta sé rétt, en sé það svo, vil ég þegar vekja eftirtekt á því, að það er a. m. k. ekki sterkt orðalag, þó að núv. ríkisstj. Bretlands, sem gerir úr garði þetta bréf, hafi eitthvað ekki í huga. Það koma nýir tímar og nýjar ríkisstjórnir, og hvað öðrum kann að koma til hugar, er ekki hægt að fullyrða nú í dag.

Ég er kominn hér að þáttaskilum, á nokkur orð ósögð og skal gjarnan gera hlé á ræðu minni. — [Fundarhlé.]

Ég vil nú leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að það er enn þá mjög fámennt í fundarsalnum, enda klukkan aðeins á mínútunni 8, og ég hefði viljað þessu næst, að hv. frsm. meiri hl. utanrmn. heyrði þau orð, sem ég ætla nú að víkja að, og e. t. v. er hann hér í húsinu. (**Forseti**: Ég skal reyna að hringja betur. — Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. ræðumanns á því, að frsm. meiri hl. utanrmn. er nú mættur í salnum, og ég tel, að hann geti byrjað sína ræðu, því að það eru margir á mælendaskrá, sem eiga eftir að komast hér að.) Ég tek þessa ósk forseta til greina og skal hefja mál mitt.

Hv. frsm. meiri hl. utanrmn. vék að því í ræðu sinni nú í dag, að með því að andstæðingar þessa máls vefengdu það, að orðalag orðsendingarinnar væri skýrt og ótvírætt, þá væru þeir að leggja Bretum vopn í hendur síðar í sambandi við túlkun þessa máls. Út af þessu vil ég taka þetta fram:

Það hafa verið færð fyrir því gild rök, bæði af mér og öðrum ræðumönnum, í þessum umr., að orðalag orðsendingarinnar, sem á að gera að millirikjasamningi, er ekki ótvírætt. M. a. vegna þess, að svo er, hafa komið fram brtt., og ef sú skoðun hv. frsm. utanrmn. er rétt, að með því að benda á þá annmarka, sem í orðalaginu felast, sé verið að leggja Bretum vopn í hendur, hvað má þá segja, ef það á eftir að henda hv. meiri hl. þings að fella þær brtt., sem fyrir liggja? En þeir, sem standa að þessu máli og hafa farið með það sem sitt mál frá öndverðu án þess að kynna það þingmönnum yfirleitt fyrir fram, þeir bera vitanlega ábyrgð á því, að málið er í þeim búningi, að óhjákvæmilegt hefur reynzt að bera fram við það brtt.

Það er allmikið talað um það í þessum umr., að nú gegni mjög sama máli og gerði 1958, þegar ráðizt var í að færa fiskveiðilandhelgina út í 12 mílur, og þá hafi það boð verið gert af hálfu íslenzkra stjórnvalda, að útfærslan tæki ekki gildi öll í einu, heldur yrði færð út í áföngum, ef vissum skilyrðum yrði fullnægt. Ég get ekki látið hjá líða að minna á, þó að það hafi raunar verið fullkomlega skýrt af öðrum ræðumönnum, að hér er óliku saman að jafna. 1958 var verið að ráðast í að færa landhelgina út í 12 mílur. Þá höfðum við enga reynslu við að styðjast, en áttum undir högg að sækja við allar aðrar þjóðir, hvort þessi útfærsla yrði viðurkennd, og þá var það vitanlega eðlilegt og sjálfsagt að kynna málið fyrir öðrum þjóðum, áður en ákvörðunin var látin taka gildi. Nú er allt öðru máli að gegna. Nú höfum við notið friðunar á fiskimiðunum um tveggja ára skeið, þannig að allar þjóðir hafa viðurkennt hana í verki nema Bretar, og vitað er, að aflabrögð Breta undir herskipavernd voru bæði kostnaðarsöm fyrir þá og gáfu ekki mikinn arð. Nú höfum við reynslu við að styðjast. Nú er einnig um það að ræða að færa inn landhelgina um vissan tíma frá því, sem verið hefur. 1958 var um það eitt að ræða að færa landhelgina út og aðeins talið álitamál, hvort það skref skyldi stiga allt í einu eða í áföngum. Það hefur einnig verið bent á það í þessum umr., að sá árangur, sem náðst hefur til þessa við framkvæmd laganna um verndun fiskimiða landgrunnsins, hefur náðst með því að beita einhliða rétti Íslands til útfærslunnar.

Nú er á það bent og það fært fram sem rök af forsvarsmönnum þessa máls, að vegna þess að áður hafi það boð verið gert af hálfu íslenzkra stjórnvalda að leggja visst atriði málsins eða löndunarbann — deilu þá, sem stóð yfir við Breta eftir 1952 — undir alþjóðadómstól, þá séu það rök fyrir því, að sú leið, sem fara á samkv. þeim samningi, sem hér liggur fyrir, sé eðlileg og réttmæt. En það vill nú svo vel til, að grg. sjálf frá hæstv. ríkisstj., sem fylgir þáltill., tekur af tvímæli í þessu efni, að hér er ekki um sambærilegt atvik að ræða. Í grg. er þetta tekið fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar hinn 19. marz 1952 gaf ríkisstj. Íslands út reglugerð er náði til alls landsins, þar sem beinar grunnlínur voru dregnar og fiskveiðilögsaga ákveðin 4 sjómílur frá þeim. Brezka ríkisstj. og ríkisstjórnir þriggja annarra landa mótmæltu þessum aðgerðum Íslendinga, en létu þar við sitja. Hins vegar beittu samtök brezkra togaramanna sér fyrir löndunarbanni á íslenzkum ísvörðum fiski í brezkum höfnum. Ítrekaðar viðræður fóru fram milli íslenzkra og brezkra stjórnvalda, þar sem báðir aðilar settu fram sjónarmið sín varðandi stækkun fiskveiðilögsögunnar og löndunarbannið. Fyrri hluta árs 1953 var t. d. rætt um þann möguleika að leggja deiluna um reglugerðina frá 19. marz 1952 fyrir alþjóðadómstólinn, og hinn 24. apríl 1953 tjáði sendiherra Íslands í London brezka utanríkisráðuneytinu, að íslenzka ríkisstj. væri reiðubúin að skjóta þessum ágreiningi til alþjóðadómstólsins og væri reiðubúin að taka upp viðræður við brezku stjórnina um, á hvern hátt það skyldi gert, að því tilskildu, að löndunarbanninu skyldi strax aflétt að fengnu samkomulagi um málsmeðferð."

Það er augljóst af þessu, sem hér er tekið fram, að reglugerðin var gefin út 19. marz 1952. Þá kom hún til framkvæmda sem ákvörðun, einhliða ákvörðun íslenzkra stjórnvalda. Það er ekki fyrr en löngu síðar, eftir að ágreiningur hafði risið og staðið um meira en eitt ár, að það er tekið að ræða um það innbyrðis hjá íslenzkum stjórnvöldum að skjóta málinu undir alþjóðadómstól. Þá hafði reglugerðin verið framkvæmd, eins og ég tók fram, um marga mánuði, og Bretar höfðu þá enga aðstöðu til þess að eiga frumkvæði að því eða krefjast þess, að Íslendingar skyldu leggja þá deilu fyrir alþjóðadómstól. Frumkvæðið var í höndum íslenzkra stjórnvalda, og tímaákvörðunin, hvenær þetta skyldi gert, var líka algerlega háð samþykki eða ákvörðun íslenzkra stjórnvalda. Nú á á hinn bóginn að búa svo um hnútana samkv. þeim samningi, sem hér liggur fyrir, að Bretar eiga að fá jafnmikinn rétt og Íslendingar til þess að eiga frumkvæði að því, að deila, sem kynni að spretta af frekari útfærslu, verði lögð undir alþjóðadómstól. Hér er réttur Bretum til handa, sem þeir hafa ekki áður haft, og tímaákvörðunin um það, hvenær það skuli gert, á einnig að vera bundin. En áður var það háð einungis frjálsri ákvörðun íslenzkra stjórnvalda eftir því, hvað þeim þótti bezt henta í þessu efni.

Þá spyrja formælendur þessa máls, m. a. hæstv. dómsmrh., hvort stjórnarandstæðingar vilji hika við það að leggja deilu, sem sprettur út af stækkun landhelginnar, undir alþjóðadóm. Og rökin, sem færð eru fyrir því, að allt slíkt sé óeðlilegt, óeðlileg afstaða, eru bara upphrópanir í spurnarformi á þessa lund: Vill þá stjórnarandstaðan, að íslenzka ríkið beiti ofbeldi? — Þetta eru vægast sagt léttvæg rök.

Það hefur verið rakið hér, að alþjóðadómstólnum hefur verið komið á fót á vegum hinna Sameinuðu þjóða og fyrir atbeina þeirra. Hann er stofnun, sem er í raun og veru þáttur af starfsemi hinna Sameinuðu þjóða. Við Íslendingar erum aðilar að hinum Sameinuðu þjóðum, eins og líklega 90—100 önnur ríki í heiminum. En nú er á það að líta, að hér er til umr. millirikjasamningur, einhliða millirikjasamningur milli Íslands og Bretlands, en ekki alþjóðalög eða sáttmáli, sem öll ríki hinna Sameinuðu þjóða væru aðilar að og þar með Ísland. Hér er alls ekki um að ræða neinn sáttmála milli ríkjasambands, sem sjálfsagt sé og eðlilegt, að Ísland sé aðili að. Ef svo væri, mætti spyrja: Vilja stjórnarandstæðingar ekki, að íslenzka ríkið hliti sömu reglum og aðrir aðilar innan alþjóðasamtakanna? Það væri réttmætt að spyrja um það. En hér er því alls ekki til að dreifa, eins og ég hef þegar bent á. Og þá vil ég svara þessum rökum með gagnspurningu og spyrja forsvarsmenn þessa máls um það, hvers vegna þeir vilji, að Ísland hliti þeim ákvæðum að skuldbinda sig til að gera einhliða millirikjasamning við Breta og leggja sín landhelgismál undir alþjóðadómstól, jafnframt því að önnur ríki, sem eru aðilar ásamt Íslandi í ríkjasambandi hinna Sameinuðu þjóða, hafi lausar hendur í þessu efni og sjálfsákvörðunarrétt um það, hvort þau leggja sín mál undir alþjóðadómstólinn eða ekki.

Það er nú augljóst, að verði þessi samningur samþykktur og í gildi þann tíma a. m. k., sem tilskilinn er, þá leiðir af því mjög alvarlega breytingu um aðstöðu til fiskveiða hér við land. Það hlýtur að verða afleiðing samningsins, þegar hann kemur til framkvæmda, að stórkostlega verði þrengt að fiskimiðum íslenzkra báta og að fiskmagnið dragist saman frá því, sem nú er. Tekjur þjóðarbúsins rýrna af þessum sökum. Öll þjóðin tapar. En það leynir sér þó ekki, þegar lesin er grg. með þáltill. og athugaður sá uppdráttur, sem henni fylgir, að aðstaða landshlutanna verður mjög misjöfn, þegar þessi samningur hefur komið til framkvæmda. Ég vil þó láta þá skoðun koma hér fram, að í lengstu lög hefði ég viljað vona, að svo yrði á málum haldið, að í þessu efni yrði ekki gert upp á milli landshluta, heldur gengið eins skammt bæði fyrir landið í heild og hvern landshluta og nokkur kostur er frá sjónarmiði þeirra, sem að þessu máli standa og hafa reynt að beita sér fyrir því á annað borð. Og það hefði komið fram í umr. um þetta mál í hv. Ed. í haust af hálfu eins ráðherra, að það kæmi ekki til greina að halda þannig á málum í þessu sambandi, þótt til samninga kæmi, að misrétti ætti sér stað milli landshluta. M. a. af þeim ástæðum hefði ég viljað vona í lengstu lög, að þannig yrði á þessu máli haldið. En það er alveg augljóst mál, að Austurland og Suðausturland — einnig hluti af Norðurlandi — verður alveg sérstaklega fyrir barðinu á þeim ráðstöfunum, sem gera á samkv. þessum samningi. Erlendir togarar eiga að fá að veiða úti fyrir Suðaustur- og Austurlandi alla mánuði ársins, en þeir eiga að færa sig um set í viss hólf eða vissa reiti á beltinu á hinum ýmsu tímum hvers árs. Nú er það hverjum þeim, sem til þekkir og lítur á þessa reiti, sem afmarkaðir hafa verið, augljóst, að veiðitíminn fyrir Breta eða hin erlendu skip er valinn nákvæmlega, þegar fiskigöngurnar eru mestar á hverjum stað, þannig að hinum erlendu skipum er ætlað að fleyta rjómann ofan af á hverjum árstíma. Þessu til sönnunar þarf ekki aðeins að minna á skoðanir fræðimanna eða fiskifræðinga, heldur veit þetta hvert manns-

barn, sem þekkir atvinnulífið í þessum landsfjórðungi og þróun þess á undanförnum áratugum. Það var t. d. um langt skeið föst venja, að bátafloti Austfirðinga úr Múlasýslum kom á vetrarvertíð suður til Hornafjarðar og stundaði róðra þaðan á vetrarvertíðinni, frá því í febrúar og fram í maí. Þetta var fastur þáttur í atvinnulífi þessa landsfjórðungs um langt skeið. Hvers vegna var þetta gert? Vitanlega ekki af því, að bátaútvegsmenn í Múlasýslu hefðu sérstakan hug á því að fjarlægjast sín heimamið og sín byggðarlög yfir háveturinn, heldur var þetta gert af ríkri nauðsyn, vegna þess að fiskigöngurnar eru á þeim árstíma við Hornafjörð og Suðausturlandið, en aflabrögð mjög rýr á þeim árstíma fyrir Austfjörðum norðanverðum. En svo þegar vetrarvertíðinni er lokið í maí, tóku Austfjarðarbátarnir til við fiskveiðar úti á sínum heimamiðum.

Hvernig á sú aðstaða að vera, sem Bretum er veitt á þessum slóðum samkvæmt þessum samningi? Frá því í marzbyrjun og þangað til í júlí á að vera opið inn að 6 mílum svæðið frá Reyðarfirði og allt vestur í Meðallandsbugt með tveimur örlitlum undantekningum, nákvæmlega á vetrarvertíðinni, þá mánuði, sem bjargræðið er sérstaklega fyrir hendi þarna úti fyrir ströndinni á þessum slóðum. En þegar fiskigöngurnar fara að koma norður með Austfjörðum í júlí og ágúst og þeir fiska þar á sínum heimamiðum, þá á að bjóða erlendu togurunum: Gerið þið svo vel, færið ykkur um set norður fyrir Reyðarfjörð og yrjið upp miðin þar. — Það lítur út fyrir, að þetta sé alveg sérstaklega gerhugsað til þess að veita hinum erlendu skipum forgangsrétt til þess að elta fiskigöngurnar á þessum slóðum. Það er ekki aðeins þekking þeirra, sem stunda atvinnurekstur og heyja sína lífsbaráttu í þessum landsfjórðungi, sem staðfestir, að þetta, sem ég hef sagt, á við full rök að styðjast, heldur kemur fleira til, sem fer alveg í sömu átt.

Hér í þessum umr. lagði fram einn hv. þm., hv. 4. þm. Reykn., eða tók upp í ræðu sína álitsgerð frá mjög þekktum skipstjóra, sem nýtur mikils álits í stétt sinni og hefur starfað lengi sem skipstjóri á fiskiskipi hér við land. Ég ætla að leyfa mér að minna á álit þessa skipstjóra aðeins að því er snertir þann landshluta, sem ég var nú að minnast á. Í álitsgerðinni segir svo:

„Það er svæðið frá Glettinganesi til Hornafjarðar. Þarna er eins ástatt og á svæðinu, sem áður er rætt um, nr. 2," þ. e. a. s. að því er snertir fiskigöngurnar. „Það hefur verið róið frá Austfjörðum á haustin, og hefur verið góður afli á línu, síðan landhelgin var færð út. Þetta svæði er opið á þeim tíma, sem fiskurinn er að ganga. Þó má segja, að þetta svæði hafi sérstöðu vegna þess, að í kringum Hvalbak er uppeldisstöð fyrir smáfisk, og þyrfti því að rétta þarna af grunnlínuna, svo að það svæði, sem smáfiskurinn er á, kæmi inn fyrir 12 mílna línuna, og ætti að vera algerlega lokað fyrir togveiðum. Á þessu svæði gengur fiskur eftir áramót, og sjá allir, hvaða áhrif það hefur á fiskigöngurnar að hleypa fjölda togara inn á þetta svæði. Þarna kemur fiskurinn fyrst upp að landinu og gengur svo vestur með landi allt vestur að Snæfellsnesi, og má því geta nærri, að það hafi mjög mikil áhrif á veiði þeirra báta, sem eru gerðir út á svæðinu frá Hornafirði og allt vestur að Látrabjargi, en þessar verstöðvar eru á þessu svæði: Hornafjörður, Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn, Eyrarbakki, Stokkseyri, Grindavík, Sandgerði, Keflavík, Njarðvík, Vogar, Hafnarfjörður, Reykjavík, Akranes, Rif, Ólafsvík, Grundarfjörður, Stykkishólmur."

Þetta álit er algerlega í samræmi við það, sem fólk á þessum slóðum þekkir og þó sérstaklega fiskimenn. Aflabrögðin glæðast oft fyrr á vetrarvertíð á Hornafjarðarmiðum heldur en á Vestmannaeyjamiðum. En í aprílmánuði er oft mikill uppgripaafli á Vestmannaeyjamiðum, en þá er farið að draga úr afla á Hornafirði, af því að þá er fiskigangan þar að mestu gengin fram hjá. Það er því alveg augljóst, að það er ekki aðeins þessi landshluti, sem hlýtur að tapa, heldur hefur þetta áhrif á fiskigöngurnar og hlýtur að koma fram á miðum annarra verstöðva hér vestur með Suðurlandi.

Það hefur verið um það rætt í þessum umr., að þm. Framsfl. og Alþb., sem sæti eiga í hv. Ed., hafi á þessu þingi lagt fram frv. um að lögfesta þá reglugerð, sem gefin var út 1958 og enn er í gildi um fiskveiðilandhelgina. Og í því sambandi hefur verið að því vikið og um það spurt, hvort í því felist það, að við, sem að því frv. stöndum, höfum ekki hugsað okkur að fá breytingar á grunnlínum. Út af þessu vil ég láta það koma hér fram, að þetta frv. var flutt á öndverðu þessu þingi fyrst og fremst og raunar einungis í því skyni að lögbinda ákvæðin um fiskveiðilandhelgina, láta þau ákvæði vera bundin í löggjöf og breytingar á þeim háðar samþykki Alþingis, en ekki ríkisstj., sem getur breytt reglugerð. Í þessu frv. fólst engin önnur breyt. frá þeirri skipan, sem gilt hefur, heldur en sú formsbreyting, að ákvörðunin skyldi bundin í lögum, en ekki vera sett með reglugerð. Nú liggur það í augum uppi, að það væri jafnopin leið til þess að færa út grunnlínur, þótt þessi ákvæði væru sett með lögum. Það þyrfti aðeins að breyta löggjöfinni til þess, og væri það auðvelt verk, ef efnislega væri samkomulag um það eða efnislega væri fyrir því meirihlutafylgi á Alþingi að gera þá breytingu.

Nú höfum við nokkrir þm. úr Alþb. og Framsfl. lagt fram sérstaka brtt. við það mál, sem hér liggur fyrir, um að gera grunnlínubreytingar á tilteknum stöðum fyrir Norðurlandi og Suðausturlandi og úti fyrir strönd Vestur-Skaftafellssýslu, sem talið er að eigi eins mikinn rétt á sér og þær grunnlínubreytingar, sem ákveðnar eru samkv. þeim samningi, sem hér liggur fyrir.

Það kom fram hjá hæstv. utanrrh. í ræðu hans, að um þetta mál hefði verið ágreiningur milli hæstv. utanrrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar, og 4. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar, á sínni tíð, og utanrrh. spurðist fyrir um það, hvað kæmi til, að Lúðvík Jósefsson beitti sér ekki fyrir grunnlínubreytingum á þessum slóðum. Út af þessu vil ég segja það, að þessir tveir hv. þm., eða hæstv. ráðh. og hv. 4. þm. Austf., gera upp vitanlega sín ágreiningsmál, án þess að ég leggi hönd að þeim reikningsskilum. Það er þeirra mál. En það vil ég segja hæstv. utanrrh., að ef hann lítur þannig á, að

grunnlinubreytingar á þessum slóðum séu áhugamál einungis Lúðvíks Jósefssonar, þ. e. a. s. það hafi engir aðrir landsmenn áhuga á þessum breytingum en Lúðvík Jósefsson, þá er það hinn mesti misskilningur, og það ber einungis vott um, að hæstv. ráðh. stendur ekki í svo nánu sambandi við fólkið, sem stundar atvinnulífið á þessum slóðum, sem æskilegt væri og hann ætti að gera. Og nú vil ég sérstaklega beina því til hæstv. utanrrh., hvort hann liti ekki þannig á, að þessar tilteknu grunnlinubreytingar, sem við leggjum til að verði teknar upp, hafi eins mikinn rétt á sér, eða að það sé eins sterkur grundvöllur fyrir því að koma þeim fram, eins og þær grunnlinubreytingar, sem ákveðið er samkv. þessu þskj. að gerðar verði. Og ef svo er, sem ég vænti að sé álit hæstv. utanrrh., þá vil ég enn fremur bera fram þá fsp. til hans og þeirra manna annarra, sem að þessu máli standa: Hvað veldur því, að þessi svæði við Suðausturlandið hafa verið undanskilin í þeim samningum, sem hafa átt sér stað og staðfesta á með þessu þskj.? Ég óska þess, að í þessum umr. verði af hálfu formælenda þessa máls gerð grein fyrir, hvað veldur því, að látið hefur verið undir höfuð leggjast af hálfu ríkisstj. að gera þær grunnlinubreytingar við Suðausturland og úti fyrir strönd Vestur-Skafafellssýslu, sem lagt er til að gerðar verði samkv. till. okkar.

Það hefur komið fram í sambandi við þetta mál, að hæstv. ríkisstj. býst við því, að ýmsar aðrar þjóðir, sem á undanförnum áratugum hafa fiskað hér uppi við strendur landsins, fari þess á leit að njóta sams konar hlunninda um tiltekinn tíma og veita á Bretum með samningi þeim, sem hér er til umr. Hv. 4. þm. Reykn., Jón Skaftason, beindi í ræðu sinni hér fyrir nokkru ákveðinni spurningu til hæstv. utanrrh. út af þessu. Fsp. Jóns Skaftasonar, hv. 4. þm. Reykn., var um það, ef samningar verða gerðir við aðrar þjóðir en Breta um sams konar hlunnindi tiltekinn tíma, eins og veita á Bretum með þessum samningi, við hvaða tímatakmörk eigi þá að miða samkomulag og gildistíma gagnvart öðrum þjóðum í þessu sambandi. Ég veitti því eftirtekt, að í ræðu, sem hæstv. utanrrh. flutti hér, eftir að þessi fsp. kom fram, svaraði hann henni ekki, annaðhvort vegna þess, að það hafi liðið honum úr minni, eða hann af ásettu ráði hefur sniðgengið að svara þessari fsp. Að gefnu þessu tilefni leyfi ég mér að endurtaka þessa fsp.: Hvernig hugsar ríkisstj. sér að framkvæma þá samninga eða þau ákvæði um tilslökun eða hlunnindi, sem öðrum þjóðum kunna að verða veitt til að veiða í fiskveiðilandhelgi innan 12 mílna markanna, við hvaða tímamörk á að miða slíkar undanþágur? Og í öðru lagi leyfi ég mér að spyrja: Ef til þess kemur, að slík skipti eiga sér stað við aðrar þjóðir en Breta, ber þá að skilja þennan samning þannig, að þá fylgi þar með tilkynningarskylda af Íslands hálfu til þeirra þjóða líka eins og Breta, ef til frekari útfærslu á að koma af Íslands hálfu? Á að fylgja því tilkynningarskylda af Íslands hálfu til fleiri þjóða en Breta, og ef svo er, eiga þá aðrar þjóðir líka, sem svipaðra hlunninda njóta, að fá þann rétt að geta átt frumkvæði að því, að Íslendingar verði að leggja sín deilumál út af landhelginni undir alþjóðadóm? Eiga fleiri þjóðir en Bretar að fá þann rétt að geta átt frumkvæði að því, að Íslendingar verði að leggja sín deilumál um landhelgina undir alþjóðadóm? Ég óska þess, að svör við þessum atriðum verði gefin hér í umr. afdráttarlaust.

Ég hef vikið að því, sem augljóst er, að verði þessi samningur samþykktur og komi til framkvæmda, hlýtur afleiðingin að verða minnkandi afli og rýrnandi þjóðartekjur. En þetta stóra mál, sem hér liggur fyrir, snertir þó jafnvel alveg sérstaklega einn þátt þjóðarbúskaparins, eitt hugtak, sem mjög hefur verið á orði haft, bæði hér á hv. Alþ. og í umr. og blöðum. Það er þetta hugtak: „jafnvægi í byggð landsins". Sjálfstfl., sem beitir sér nú fyrir samþykkt þessarar till., hefur gert um það samþykktir og skrifað um það í blöð sín og látið það uppi hér á hv. Alþ., að hann vildi stuðla að og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Hafi það verið alvara, sem ég taldi mig hafa ástæðu til að ætla, þá er augljóst, að þetta mál er svo fullkomlega gagnstætt þeirri stefnu sem verið getur. Það er sterkasta vopnið, sem hægt er að finna til þess að auka ójafnvægið í byggð landsins, að skerða eða rýra þau atvinnukjör eða þau skilyrði til atvinnurekstrar, sem fyrir eru úti á landsbyggðinni, bæði til lands og sjávar. Nú leynir það sér ekki, að með þessu máli er alveg sérstaklega harkalega vegið í þennan knérunn. Það væri því mjög æskilegt að fá það fram í þessum umr., einkum af hálfu sjálfstæðismanna, hvernig þeir skoða þetta mál í því ljósi að efla eða stuðla að og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Kynni það þá að geta orðið nýr þáttur til umhugsunar, áður en þessum umr. lýkur.

Það hefur verið bent á það, að þjóðin hefur hrokkið við, eftir að þetta mál komst á dagskrá. Til Alþingis hafa borizt áskoranir og ályktanir hvaðanæva. Það hefur af öðrum ræðumanni hér í kvöld verið gerð rækileg grein fyrir þessu, og skal ég ekkert endurtaka af því eða lengja mál mitt með því að lesa upp, hvaða aðilar hafa sent þessi mótmæli. En það eru líka nokkur erindi, sem Alþingi hafa borizt frá ýmsum aðilum, sem eru meðmæli með þessu máli, og af öðrum ræðumönnum, sem talað hafa á undan mér, hefur líka verið rækilega á það bent, og skal ég ekki heldur rifja það upp. En það hefur sérstaklega í öðru stjórnarblaðinu, e. t. v. í málgögnum beggja stjórnarflokkanna, en ég hef sérstaklega veitt því eftirtekt í Alþýðublaðinu, að það hefur sérstaklega verið gert að umræðuefni afstaða í einum hreppi á Austurlandi að þessu leyti. Um afstöðu manna á Austurlandi almennt er það að segja, að listinn, sem hér hefur verið lesinn upp í umr. um mótmæli, sýnir, að annaðhvort fundarályktanir fjölmennra funda eða langir undirskriftalistar með hundruðum kjósenda hafa borizt hingað úr nær öllum byggðarlögum með strandlengjunni frá Langanesi til Hornafjarðar. Og þessar samþykktir allar eru einróma áskoranir til þingmanna Austurlandskjördæmis um að greiða atkv. gegn því máli, sem hér liggur fyrir. Frá þessu er þó ein einasta undantekning, og hennar hefur sérstaklega verið getið í Alþýðublaðinu, og vegna þess kemst ég ekki hjá að skýra frá því, hvernig sú undantekning er. Í Alþýðublaðinu segir: „Landhelgin rædd í hrepps-

nefnd Eskifjarðar". Ekki er nú fyrirsögnin sterkari en þetta: Landhelgin rædd í hreppsnefnd Eskifjarðar. Og þetta er þó það innlegg, sem þetta málgagn ríkisstj. telur þörf á og eðlilegt að gera þá undantekningu um að birta. Og þá kemur það í ljós, að í 7 manna hreppsnefnd í kauptúninu hefur orðið skoðanamunur um afstöðu til þessa máls, þannig að 4 nm. geiða atkv. og fá samþykkta svofellda ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Hreppsnefnd Eskifjarðar vísar til fyrri mótmæla sinna gegn undanlátssemi í deilunni við Breta um fiskveiðilögsögu Íslands. Því skorar hreppsnefndin á Alþingi að fella fram komna till. ríkisstj. í málinu eða ella að skjóta því undir dóm þjóðarinnar. Telur hreppsnefndin eigi annað sýnt en heimaútgerð frá Austfjörðum leggist niður, nái till. samþykki."

Sem fyrr segir, þarna í blaðagreininni var þessi till. samþ. með 4:3 atkv., en fulltrúar Alþfl. og Sjálfstfl. greiddu atkv. gegn till. og gerðu þó svofellda grein fyrir atkv. sínu. Og svo er greinargerð þessara þriggja manna birt. Hún er óþarflega löng að lesa hana alla, en það leynir sér ekki, að jafnvel samvizka þessara hinna réttlátu slær þó dálitið órólega, því að í greininni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að vísu kann nokkur óþægindi og aflarýrnun að leiða af því, að Bretum verða heimilaðar veiðar að sex sjómílna mörkum á vissum svæðum fyrir Austurlandi og Suðausturlandi í þrjú ár. En þegar litið er til útfærslu landhelginnar sunnan Langaness, hin friðlýstu svæði við Hornafjörð og Ingólfshöfða og að ekki eru nema tæp þrjú ár síðan öllum þjóðum voru heimilaðar fiskveiðar að 4 mílna mörkum, þá ber að fagna þeim áfanga, sem nú hefur náðst, enda treystum við því, að stjórnarvöldin bæti Austfirðingum það tjón, sem fiskveiðar þeirra kunna að bíða af veiðum útlendinga á sex sjómílna belti landhelginnar, t. d. með því að beina auknu fjármagni í atvinnuvegi Austfirðinga. Við fögnum úrslitum þessa máls sem sigri Íslendinga á réttargrundvelli og greiðum því atkv. gegn till."

Þessi grg. hinna þriggja heiðursmanna, sem hér standa að, talar sínu máli. Og það má nú segja, að lítlu verður Vöggur feginn, þegar málgögn hæstv. ríkisstj. gera sérstaklega þá undantekningu að birta þessa till. sem stuðning við það mál, sem ríkisstj. flytur og þingmeirihlutinn stendur að, að því er virðist, og nú er til umr. Og ég vék að því áðan, að hugtakið um jafnvægi í byggð landsins, þegar það er skoðað í ljósi þessa máls og í samhengi við það, gæti orðið nýr þáttur til nokkurrar athugunar hér í þessum umr. Og það vill nú svo vel til, að jafnvel þessir þrír heiðursmenn, sem er sérstaklega tekið fram að séu sjálfstæðismenn og Alþýðuflokksmenn, gefa fullt tilefni til þess að íhuga málið út frá þessu sjónarmiði, þar sem þeir blanda hér inn í þetta ósk eða jafnvel kröfu á stjórnvöldin um fjárhagslegar bætur og a. m. k. láta í ljós þá skoðun, að bæta þurfi Austfirðingum það tjón, sem af samþykkt þessarar tillögu leiðir.

Það er alveg augljóst mál, að með þessu þskj., sem hér liggur fyrir, undirbúningi þess og afgreiðslu, eru mörkuð tímamót í landhelgismáli Íslendinga. Það eru mörkuð tímamót á þann hátt, að nú í fyrsta sinn, að ég ætla, hefur ekki verið leitað eftir því að ná samstöðu milli allra stjórnmálaflokkanna um aðgerðir í landhelgismálinu. Þvert á móti hefur fram á síðustu stund verið forðazt að láta stjórnarandstöðuna fylgjast með því, sem gera á, og meira að segja gengið svo langt, að sumir hæstv. ráðh. eru berir að því að hafa skýrt rangt frá gangi málsins hér á Alþ. Þetta markar tímamót. En þetta mál markar tímamót að öðru leyti líka. Með þessu er gengið í berhögg við þær yfirlýsingar, sem sjálfir stjórnarflokkarnir hafa gefið, bæði með samþykkt Alþ. 5. maí 1959 og með yfirlýsingum á ýmsum tímum, þar sem þeir hafa markað stefnu sína um framkvæmdir í landhelgismálinu. Það er því full ástæða til þess að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir, að þjóðaratkvgr. verði látin fara fram um þetta mál. Og ef málið er svo gott og svo vinsælt og því fylgir svo mikil sigurvissa sem stjórnarliðar segja og stjórnarblöðin skrifa um, þá ætti ríkisstj. og meiri hl. þings að vera það kærkomið tilefni að fá þann sigur staðfestan með þjóðaratkvgr. En til viðbótar þessu ber að líta á það, að landhelgismálið er ekki mál einstakra flokka. Það hefur verið, er og á að vera mál allra Íslendinga, og ábyrgð þeirra manna, sem taka málið út af þeim grundvelli og gera það að flokksbaráttumáli, er þung. Það er rétt, að fylgismenn hæstv. ríkisstj. hér á Alþingi eru 33 af 60, en þm. stjórnarandstöðunnar 27. En þess ber að gæta, að í síðustu kosningum fengu stjórnarflokkarnir samanlagt 54.9% allra greiddra atkv. í landinu, en stjórnarandstæðingar fengu samtals 45.1%, svo að hér er ekki svo afar mikill munur á. Þó að hér sé tiltölulega naumur þingmeirihluti, þá má hann gæta þess og á að gæta þess í sambandi við afgreiðslu landhelgismálsins, að áhrif hans eða fylgi meðal þjóðarinnar er ekki svo mikið, að það sé neinn stórkostlegur munur á því annars vegar og fylgi stjórnarandstöðunnar hins vegar. Og þetta m. a. á hæstv. ríkisstj. og liðsmenn hennar hér á þingi að hugleiða, og það er alveg ástæðulaust fyrir þá, hvort heldur er utan þings eða innan, að taka ekki tillit til þessa og láta svo sem þeir eigi allan heiminn skuldlaust.

Það hefur verið sagt hér á þingi, bæði fyrr í vetur og nú, að 12 mílurnar séu í raun og veru fengnar, það sé unninn fullur sigur í því máli, en eftir standi einungis deilan við Breta, það sé lausnin á þeirri deilu, sem hér sé um að ræða. En þetta mál er ekki einungis, jafnvel ekki fyrst og fremst um lausn deilunnar við Breta, heldur um framkvæmd laganna um vísindalega verndun landgrunnsins, að því leyti sem ný útfærsla á sér stað héðan í frá. Það er meginefni málsins.

Þessi þjóð hefur um langan aldur átt í sjálfstæðisbaráttu, og öll þjóðin lítur upp til hins mikla foringja í sjálfstæðisbaráttunni, Jóns Sigurðssonar. Allir stjórnmálamenn, hvar í flokki sem þeir standa, geta sótt fyrirmyndir þangað, og það mun vera óskipt mál meðal forustumanna þjóðarinnar að líta til hins mikla foringja með virðingu og þökk. En hver var aðferð Jóns Sigurðssonar í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar? Það var aðferð hans að láta aldrei af hendi rétt, sem Íslendingar áttu,

og sækja heldur fram, þar sem hinn sögulegi réttur var sá allra sterkasti grundvöllur, sem hann byggði baráttu sína á. Það er ekki tilviljun, að hjá þessum mikla foringja fór saman stjórnmálamaðurinn og vísindamaðurinn. Vopn hans í stjórnmálabaráttunni voru röksemdir vísindamannsins. Og þessi foringi kostaði kapps um og lagði á það áherzlu, að samræmi væri milli orða og gerða. Dettur nokkrum í hug, að Ísland stæði nú þar, sem það stendur stjórnarfarslega séð, ef Jón Sigurðsson hefði barizt fyrir málstað þjóðar vorrar með ósönnum rökum, ýkjum og öfgum? Dettur nokkrum í hug, að hann hefði orðið sómi Íslands, sverð þess og skjöldur, ef hann hefði ekki sjálfur haft hreinan skjöld? Það var hans mikla lán og það aðalsmerki, sem kannske lyftir minningu hans einna hæst, að hann var í tungunni trúr. Þeir menn, sem forustu hafa á sviði stjórnmála, hvar í flokki sem þeir standa, mega gjarnan líta til þessarar fyrirmyndar og gæta þess betur en verið hefur um skeið og hér hafa verið færð rök að, að samræmi sé milli mikilsverðra yfirlýsinga og þeirra framkvæmda, sem teknar eru fyrir þjóðarinnar hönd.

Og ég vil að allra síðustu minna á eina forna sögu. Í einum fornsögubætti okkar segir frá Íslendingi, sem fór um langa vegu og hafði gersemi með höndum, sem hann ætlaði að færa erlendum konungi. Á leið sinni varð hann gestur annars konungs, annars þjóðhöfðingja, en milli þeirra tveggja, þess, sem veitti honum gistingu, og hins, sem átti að njóta gersemarinnar, var ekki vinátta, og það var örðug aðstaða að vera gestur annars, en velgerðamaður hins. En þegar þessi forni Íslendingur stóð á þeirri örlagastund að þurfa að taka ákvörðun um það, hvorum höfðingjanum hann ætti að þjóna, þá sagði hann þessi eftirtektarverðu orð: „Engu játa ég ég öðru en ég hef áður ætlað.“

Þetta eru íslenzk orð, og í þeim anda hafa margir forustumenn þjóðarinnar á liðnum öldum starfað. Og ég vil segja það að lokum, að það er full ástæða fyrir hv. Alþingi að haga afstöðu sinni nú í samræmi við þessi fornu, íslenzku orð: „Engu játa ég öðru en hef áður ætlað.“

Að allra síðustu leyfi ég mér að endurtaka þá fsp., sem ég bar fram fyrr í ræðu minni til hæstv. utanrrh., og vænti þess, að hann síðar í umr. gefi greinileg svör við henni, en hún var efnislega á þá leið, hvort orðalagið í bréfinu margumtalaða frá Elísabetu drottningu til Guðmundar sé efnislega þannig: „Stjórn Bretlands hefur ekki í huga að fara fram á framlengingu á veiðiréttinum“ o. s. frv.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Hér á Alþ. hefur gerzt sá atburður, sem örlagarikastur getur orðið íslenzku þjóðinni allra stjórnmálaatburða síðan Íslendingar urðu frjáls og fullvalda þjóð. Ég hygg, að fáir Íslendingar hafi búizt við því fyrir fáum mánuðum, að slík till. til lausnar landhelgisdeilunni við Breta og sú, sem hér liggur nú fyrir, yrði lögð fram. Ég segi fyrir mig, að þótt ég hafi vantreyst þessari hæstv. ríkisstj., bæði í þessu máli og ýmsum fleirum, þá vildi ég þó ekki að óreyndu trúa því, að hún semdi á þann hátt, að hendur okkar um frekari útfærslu yrðu bundnar um aldur og ævi Með þessari till., ef hún verður samþykkt, er Bretum — og hætt er við, að fleiri muni á eftir koma — leyft að fiska í íslenzkri landhelgi gegn loforði um, að þeir, eins og í orðsendingu þessari segir, falli frá mótmælum gegn 12 mílna landhelgi og viðurkenni breytingar á grunnlínum á fjórum stöðum við Ísland. Um leið á að lýsa því yfir, að ef íslenzku þjóðinni skyldi detta í hug frekari útfærsla landhelginnar síðar, þá skal það ekki gert nema tilkynna það Bretum, og ef þeir vilja ekki sætta sig við slíka útfærslu, þá skal henni vísað til alþjóðadómstólsins. Í næstu þrjú ár eiga svo útlend skip að hafa leyfi til þess að veiða inn að 6 mílum á stórum svæðum við strendur landsins. Útfærsla sú, sem vinstri stjórnin framkvæmdi með reglugerðinni 30. júní 1958, var 8 mílur í viðbót við þær 4, sem fyrir voru. ¾ hluta af því, sem þá náðist, ætlar ríkisstj. nú að afhenda útlendingum aftur á stórum svæðum við strendur landsins til frjálsra afnota í þrjú ár. Hvar eiga bátarnir okkar að halda sig við veiðar á eftir? Að undanförnu hafa Íslendingar unnið að því af mjög miklum hraða að stækka vélbátaflota sinn, bæði auka fjölda skipanna og fá sífellt stærri skip. Að sama skapi hefur magn veiðarfæranna hjá hverju skipi verið aukið. Eftir því sem skipunum fjölgar og veiðarfærin aukast, því meira svæði þarf fiskiskipaflotinn á hafinu til iðju sinnar. Hvar eiga nú þessi okkar skip að koma veiðarfærum sínum í sjóinn, svo að von sé um góðan árangur, þegar búið er að taka ¾ þeirrar stækkunar, sem gerð var 1958? Ég hygg, að fiskimönnum okkar þyki þrengjast um sig á eftir. Við útfærslu landhelginnar jókst aflamagn okkar Íslendinga, bæði vegna þess, að fiskurinn hafði næði fyrir togvörpum hins mikla fjölda togskipa og nú gátu íslenzku fiskimennirnir haft meira næði og miklu rýmra svæði fyrir veiðarfæri sín.

Eins og kunnugt er, eru útflutningsvörur okkar Íslendinga aðallega fiskur og fiskafurðir. Við höfum á undanförnum árum veitt mikið og þannig haft mikið til að selja af þessum vörum. En þó hefur það ekki nægt okkur til að kaupa nauðsynjar okkar erlendis frá. Það hefur verið halli á viðskiptum okkar við útlönd. Nú gerir þjóðin auðvitað sífellt stærri og stærri kröfur til lífsins, og þeim kröfum verður auðvitað að mæta með aukinni framleiðslu. Hvernig á þjóðin að fara að því að bæta lífskjör sín nú á næstunni, þegar útlendar stórþjóðir með stærstu fiskiflota heimsins eru boðnar og velkomnar til þess að ausa upp lífsbjörg Íslendinga og flytja hana úr landi?

Ég hef heyrt ýmsa menn segja, sem vilja undanhald í málinu, að þrjú ár séu ekki langur tími af eilífðinni. Eftir þrjú ár sé allri ásælni og réttindum útlendinga innan 12 mílna markanna lokið og eftir það sitjum við að þessu einir. Mér finnst þetta vera fáránleg rök. Þjóð, sem jafnmikið á undir fiskveiðum og við eigum, getur bókstaflega eyðilagzt efnahagslega á þremur árum, ef hin dýru atvinnutæki hennar ná ekki þeim framleiðsluafköstum, sem þau þurfa að ná, og þjóðin fær ekki þau verðmæti til sölu, sem henni eru nauðsynleg, svo að lífsþörfum hennar sé fullnægt.

Þetta mál um landhelgina og stærð hennar er því orðið miklu stærra mál og þýðingarmeira fyrir líf þjóðarinnar nú en það nokkurn tíma hefur

áður verið, og höfum við þó alltaf átt mikið undir landhelginni komið, Íslendingar. Ég þarf ekki að útskýra það nánar. Það vita allir, að pólitískt og efnahagslegt frelsi Íslendinga og sjálfstæði þjóðarinnar yfirleitt byggist öllu öðru fremur á því, að auðlindir landsins okkar séu nýttar af okkur sjálfum, en ekki af öðrum.

Nú kunna ýmsir að hugsa sem svo: Þetta verður ekki svo mikið tap, því að það var breytt grunnlínum og þar vinnst talsvert upp af því, sem tapast. — Þessar grunnlínubreytingar auka fiskveiðilögsögu okkar um rúmlega 5 þús. km2 á hafflötinum. Af þessu gumar ríkisstj. að vísu mjög. En mér sýnist nú satt að segja, að þó að þetta sé miklu betra en ekki neitt, — það skal ég viðurkenna, — þá sé þessi breyting svo lítið flatarmál af landgrunninu, að það skipti ekki öllu máli, og þetta er að mínu viti eins og dálítill plástur á þau sár, sem þjóðinni eru veitt með samningi þessum, ef hann verður samþykktur.

Það er hart fyrir íslenzku þjóðina að þurfa að þola það, að ríkisstj. hennar semji við þá, sem hafa beitt okkur ofbeldi á undanförnum árum, vegna þess að við tókum okkur þann rétt, sem við sem þjóð áttum og fjöldi annarra þjóða hefur tekið sér, án þess að Bretar eða aðrir hafi vefengt. En vegna þess að við erum smáþjóð, þá hafa Bretar beitt okkur ofbeldi, rænt fiskimið okkar og sýnt sjómönnum okkar banatilræði hvað eftir annað, þar sem þeir hafa verið við störf sín á hafinu.

Ég veit ekki, fyrir hvað ríkisstj. á að vikja úr valdastólum, ef það er ekki fyrir slíkan vesaldóm sem fram kemur í samningi þeim, er hin íslenzka ríkisstj. vill nú fá heimild Alþ. til þess að gera við Breta. Þessi vinnubrögð ríkisstj. koma þvert ofan í samþykkt Alþingis, sem gerð var 5. maí 1959 eða fyrir aðeins tæpum tveimur árum. Hvernig má það verða, að sömu menn og þá samþykkt gerðu fyrir tæpum tveimur árum greiði atkv. með því að taka brezka togaraflotann inn í íslenzka landhelgi í þrjú ár? Getur það skeð, að slíkt geðleysi sé til í nógu mörgum liðsmönnum stjórnarinnar til þess, að hún komi till. sinni fram? Ég vil ekki og ég get ekki trúað því, fyrr en ég sé það með eigin augum.

Þegar maður rennir augunum yfir kort það af þeim breytingum, sem samningur ríkisstj. við Breta gerir ráð fyrir á íslenzkri landhelgi, þá sér maður, að brezku skipin eiga að vera fyrir innan 12 mílurnar á flestum fengsælustu fiskimiðum okkar, þegar þeim hentar bezt. Fiskimið okkar verða eins og stöðull, þar sem búsmali hnappar sig og étur upp hvert strá, og hvernig halda menn, að það verði svo fyrir landhelgisgæzluna íslenzku að halda uppi vörzlu á þessum svæðum á eftir? Mér sýnist, að það hljóti að verða svo erfitt á mörgum þessara svæða, að það megi heita ógerlegt, þar sem línan bæði lengist og mörkin verða óglögg vegna þeirra vika eða skarða, sem koma inn í landhelgina. Ég hygg, að það verði ekki gott á ýmsum svæðum fyrir hina útlendu fiskimenn að vera öruggir um takmörkin, og þar sem ásælnin er nú á annað borð hjá þeim fyrir hendi, þá er hætt við, að þeir verji sig með þeim rökum, að takmörkin séu óljós. Mig grunar þess vegna, að átökin milli útlendra veiðiskipa, bæði brezkra og einnig annarra þjóða, við landhelgisgæzluna íslenzku og fiskimenn okkar almennt minnki ekki við þennan samning, heldur muni aukast og meiri hættur skapast lífi og limum íslenzkra manna en nokkurn tíma hafa verið fyrir hendi vegna ofbeldis Breta við okkur á undanförnum missirum. Ég get ekki séð, að samningur sá, sem um er að ræða, tryggi á nokkurn hátt, að átök og ofbeldi af hálfu útlendinga á fiskimiðum okkar hverfi úr sögunni, enda er í honum ekkert tekið fram um það, hvernig með skuli fara, ef slíkt hendir.

Þarna ber því allt að sama brunni. Samningurinn er vandræðasamningur, og verði hann samþykktur, er slíkt að mínu áliti mjög mikil brigð við íslenzku þjóðina og brigðmælgi við sjómannastéttina, þar sem ekki er nóg með það, að réttindi hennar til athafna á hafinu við strendur landsins eru stórlega skert, heldur stóraukinn sá lífsháski, sem sjómönnum okkar er búinn af starfi sínu. Þar við bætist svo, að veiðarfæratjón mun margfaldast af völdum hinna erlendu veiðiskipa. Þannig er þessi samningur ekki í einu, heldur í öllu, sá stórkostlegasti ósigur, sem íslenzka þjóðin hefur orðið fyrir, ef hann nær samþykki. Ég sá hins vegar í Morgunblaðnu, að þar var talað um, að þessi samningur mundi vera stærsti stjórnmálasigur, sem þjóðin hefði nokkru sinni unnið. Þannig hefur það blað étið ofan í sig öll fyrri ummæli um lífshagsmunamál íslenzku þjóðarinnar og snýr sannleika þessa máls upp í öfugmæli, og hefur það að vísu hent alloft nú í seinni tíð.

Með landgrunnslögunum frá 1948, þar sem stefnt var að vísindalegri verndun fiskimiða okkar, tókum við okkur þann rétt að færa út fiskveiðilögsöguna, þegar við teldum okkur það nauðsynlegt til þess að vernda fiskstofna fyrir ofveiði. En þegar slíkt ástand skapast, er okkur sem fiskveiðiþjóð nauðsynlegt að verja hagsmuni okkar með því að stækka þau svæði á grunnmiðum kringum landið, þar sem fiskarnir fæðast upp og hafa dvalarstöðir sínar. Á grundvelli þessara laga höfum við nú tvisvar fært út landhelgi okkar, í bæði skiptin einhliða án samþykkis annarra þjóða.

Hið fyrra sinn var þetta gert árið 1952 og þá fært út um eina mílu, úr 3 í 4. Þá mótmæltu Bretar útfærslunni og fleiri þjóðir, en létu þó að öðru leyti kyrrt liggja. Brezkir togaraeigendur beittu sér fyrir banni gegn sölu íslenzks fisks í Bretlandi, og stóð það bann, löndunarbannið, í fjögur ár, en var aflétt árið 1956. Í því kom fram sami kúgunarandi gegn okkur Íslendingum af hálfu brezkra útgerðarmanna og nú hefur átt sér stað að undanförnu, þótt ekki tækist þeim þá að fá brezk stjórnvöld til að senda herskip til aðgerða hér.

1958 var landhelgin enn færð út frá eldri grunnlínum um 8 mílur á grundvelli landgrunnslaganna. Grunnlínum var þá ekki breytt af þeim ástæðum, að meira þótti um vert að geyma þann ótvíræða rétt til slíkrar útfærslu þar til síðar, þegar slíkt yrði nauðsynlegt. Bretar og fleiri þjóðir mótmæltu útfærslunni. En það voru þó Bretar einir, sem létu ekki sitja við orðin tóm, heldur sendu hingað herskip og virtu ákvörðun okkar að engu. Sú saga er öllum kunn og hefur margoft verið rakin hér í þessum umr., og skal ég ekki frekar fara út í það.

En eins og ég sagði, hafa aðgerðir okkar í landhelgismálunum síðan 1948 byggzt á landgrunnslögunum. Þau hafa verið það bjarg, sem byggt hefur verið á um útfærslu. Nú eru með þeim samningi, sem landhelgistillagan fjallar um, landgrunnslögin í raun og veru að engu höfð og beinlínis tekið fram, að *detti Íslendingum einhvern tíma í hug* að færa fiskveiðilögsöguna út, þá verði þeir að tilkynna Bretum það, og séu þeir málinu mótfallnir, skal *vísa því fyrir alþjóðadómstól*. Þetta er, eins og margtekið hefur verið fram hér í þessum umr., í raun og veru það hættulegasta. Landgrunnslögin hafa verið okkur álíka gagnleg og bogi Einars þambarskelfis var Ólafi konungi Tryggvasyni á Orminum langa. Þegar boginn brast, mælti konungur: „*Hvað brast svo hátt?*" „*Noregur úr hendi þér*, konungur," mælti Einar. Og það er grunur minn, að svo muni einnig fara, ef við Íslendingar sjálfir tröðkum á þeim lagagrundvelli, sem við sjálfir höfum lagt og orðið hefur okkur til svo mikils gagns fram að þessu sem raun ber vitni um.

Þess vegna er fjórða atriðið í orðsendingu Breta, sem ríkisstj. Íslands vill nú fallast á, það langhættulegasta samningsákvæði, sem ég hygg að íslenzka þjóðin hafi nokkurn tíma staðið frammi fyrir. Verði það samþykkt, má líta svo á, að landgrunnslögin séu úr gildi fallin, og allan rétt okkar í þessum efnum verðum við þá að sækja í alþjóðadómstólinn. Slík eiga þá að verða örlög okkar Íslendinga einmitt á þeim tíma, þegar hin kúguðu lönd og þjóðir sunnar á hnettinum eru sem óðast að hljóta fullt frelsi og taka umsjá sinna mála í eigin hendur.

Hvernig stendur á því, að við Íslendingar verðum að þola slíkt? Það er af því, að við höfum duglausa ríkisstj., sem metur meira að þóknast pólitískum samherjum í nálægu stórveldi heldur en halda uppi skýlausum rétti íslenzku þjóðarinnar. Sigurinn í þessu máli er vís, ef traust forusta er frá stjórn landsins. Ég held, að engin ríkisstj. hafi áður haft slíka möguleika til þess að hafa þjóðina alla og einhuga með sér í nokkru máli, eins og ríkisstj. vor, sem nú situr, hefði getað haft í þessu máli, ef hún hefði í því haft einarða stefnu og forustu. Hún hefur hins vegar tekið þann kost að heykjast og láta undan síga, og þess vegna á hún ekki skilið nokkurs manns traust.

Mér finnst, að stjórnin eigi þó eina leið enn til í þessu máli, svo að því verði bjargað, en það er að fá þjóðinni allri í hendur úrslitavaldið um afgreiðslu þess í þjóðaratkvgr. Eins og margsinnis hefur verið bent á í þessum umr., hétu frambjóðendur allra flokka því í síðustu kosningum, að ekki yrði látið undan síga í þessu máli. Það hefur þess vegna enginn þm. rétt til þess að samþykkja þessa svokölluðu lausn landhelgisdeilunnar, því að ég er viss um, að þjóðin ætlast til þess af fulltrúum sínum á Alþingi, að þeir hafi þá sjálfsögðu siðferðis- og sómatilfinningu að halda orð sín og standa við gefin loforð.

Aldrei hefur verið ríkari ástæða til þess en nú, að Alþingi fengi þjóðinni allri úrslitavald í máli. Málið er þess eðlis, að það getur ráðið úrslitum um líf og frelsi þjóðarinnar.

Það hefur mjög verið af því gumað af hendi hæstv. ríkisstj., hversu mikið öryggi sé í því fólgið að láta alþjóðadómstólinn skera úr þrætum, sem í framtíðinni kunna að skapast milli Íslendinga og Breta út af því, er Íslendingar kynnu að færa fiskveiðilögsöguna lengra út á landgrunnið. Við Íslendingar teljum, að landgrunnið sé okkar eigið land eða hluti þess, og það er því einkennilegt að vilja kalla yfir sig dóm frá framandi mönnum eða stofnun, þótt sú stofnun sé góð og eigi að vera hlutlaus, eins og allir dómstólar eiga auðvitað að vera. En þrátt fyrir þá skyldu dómstóla, að þeir séu hlutlausir, þá hygg ég, að flestir einstaklingar vilji vera í lengstu lög lausir við að eiga líf sitt eða athafnafrelsi undir dómstólum, því að til þess er málflutningur fyrir dómstólum, að eins og hann er til þess að sanna það, sem er satt og rétt, þá er þar einnig oft barizt við að sanna það, sem er ekki það rétta, og gera það svo sennilegt, að dómendur taki það trúanlegra en hitt og felli dóma sína eftir því, sem þeim þykir sennilegt.

Við Íslendingar höfum alltaf trúað því, að við ættum landgrunnið allt, enda var landhelgin áður á öldum miklu stærri en nú og tók yfir mikinn hluta landgrunnsins. Á þeim forna rétti ber okkur að standa. Þar erum við að verja frumburðarrétt okkar, en hann er helgastur réttur, og hann skulum við Íslendingar varðveita umfram allt annað.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Till., sem hér er til umr., flutningur hennar og málatilbúnaður allur ber með sér ákveðin, sterk einkenni. Öll mannanna verk bera með sér meira eða minna ákveðið handbragð, og handbragðið vitnar um höfundinn. Oft má rekja listaverk af kunnugum mönnum til meistara síns á handbragðinu einu saman. Reyndir lögreglumenn geta oft fetað sig áfram beint til afbrotamannsins á handbragðinu einu. Þetta verk hæstv. ríkisstj., sem hér er til meðferðar, ber með sér mjög ákveðið og einkennandi handbragð. Það er hennar handbragð, ekki aðeins á þessu verki, heldur yfirleitt á öllum verkum, sem hún vinnur. Einkenni handbragðsins, eins og þau koma fram í þessu verki hæstv. ríkisstj., eru aðallega tvö. Í fyrsta lagi ber verkið vott um nærri takmarkalausa tillitssemi við útlent vald. Í öðru lagi ber handbragðið vott um nærri takmarkalaust tillitsleysi við íslenzku þjóðina og umfram allt takmarkalausa lítilsvirðingu fyrir henni. Þetta mál og þessi meðferð er ekki til orðin í dag hjá þeim mönnum, sem að þessari till. standa, sem við ræðum nú. Þetta er þeirra einkenni, þeirra stefna, og þetta er stimpillinn, sem þeir setja á flest sín opinberu störf.

Ég vil aðeins stuttlega benda á atriði í sambandi við það, sem ég nú hef sagt. Hér er nú í öllum aðalatriðum leikinn sami leikur og áður hefur verið leikinn. Ég skal nefna dæmi. Á NATO-fundi í Kaupmannahöfn vorið 1958 komst hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, svo að orði, að því er hann sjálfur sagði síðar:

„Ekki kemur til mála af Íslands hálfu neitt minna en 12 mílna fiskveiðilögsaga, og ekki er heldur hægt að fallast á það sjónarmið, að ráðstafanir í þessu máli skuli háðar samþykki þjóða,

sem í grundvallaratriðum eru algerlega andvígar skoðunum Íslendinga á málinu.“

Frá þessum ummælum sínum sagði hæstv. ráðh. í eldhúsdagsumr. á Alþ. 2. júní 1958. Hvað gerir svo þessi hæstv. ráðh. nú? Hann slakar til á 12 mílna fiskveiðilögsögunni og gerir þá ráðstöfun og aðrar í landhelgismálum okkar háðar samþykki þjóðar, sem í grundvallaratriðum er algerlega andvíg skoðunum okkar í þessu máli. Hér fara sem sagt orð og gerðir í þveröfuga átt. Hér stangast á orð og gerðir.

Hæstv. fjmrh. sagði í útvarpsræðu hér á Alþ. 2. þ. m., er hann ræddi um landgrunnið: „Þetta fiskauðga landgrunn kringum landsins vogskornu strendur viljum við Íslendingar einir eiga. Við teljum okkur eiga til þess sögulegan rétt, þjóðlegan rétt og landfræðilegan auk þess helga réttar, sem lífsnauðsyn heillar þjóðar skapar henni.“

En hvað gerir hæstv. fjmrh., um sömu mundir og hann talar þessi orð? Hann afhendir ráðstöfunarréttinn yfir þessu landgrunni erlendri þjóð í hendur. Hann afsalar íslenzku þjóðinni réttinum til landgrunnsins.

Þessi dæmi nægja til þess að sýna það, sem ég sagði í upphafi máls míns. Annars vegar er nærri takmarkalaus undirgefni undir vilja erlends valds, hins vegar tillitsleysi til þarfa íslenzku þjóðarinnar. Við þetta bætist eitt aukaeinkenni. Það er það, að þessir háu herrar tala digurbarkalega í fyrstu og gefa síðan eftir. En það er ekki nóg með það. Þeir láta aldrei málið á sig ganga, að þeir hafi gefið eftir. Um leið og þeir afhenda Bretum rétt til íslenzku landhelginnar, auglýsa þeir það út um allar jarðir, að þeir hafi sigrað Breta í deilunni.

Það mætti sannarlega ætla, að þessir menn gerðust gneypir nú. En svo er ekki. Þvert á móti, þeir stælast í hrokanum að sama skapi og þeir heykjast í siðferðinu. Þeir kalla undanhald sitt stórsigur og geipa um 12 mílur og baráttu sína fyrir 12 mílum og jafnvel landgrunninu öllu, um leið og þeir afsala þjóðinni réttinum um aldur og ævi. Það er óhætt að segja, að þessi hæstv. ríkisstj. steytir hnefann framan í allar staðreyndir og hikar ekki við. Um leið og hún hopar, segist hún vera að sækja á. Um leið og hún færir Bretum rétt okkar, segist hún vera að afla okkur réttar. Þetta má nú kalla að forstokkast og að forherðast í synd og spillingu, eins og mundi sagt vera á biblíumáli. Þetta gerist um þessar mundir hér. En könnumst við ekki eitthvað við þessi vinnubrögð, þessa óskammfeilni, þessa afneitun allra staðreynda? Hefur ekki áður verið leikinn svipaður skollaleikur og nú er leikinn og það meira að segja mikið til af sömu mönnum og nú leika hann?

Ég vil minna á, að árið 1949 og 1951 gerðist hráskinnaleikur í alvarlegu máli svipaður þeim, sem nú er verið að leika. Árið 1949 vorum við Íslendingar véladir inn í striðsbandalagið NATO. Þá þreyttust forsprakkar Sjálfstfl. og Alþfl. aldrei á því að fullvissa þjóðina um, að hér yrði aldrei her né herstöðvar á friðartímum. Þá sagði núv. hæstv. forsrh., Ólafur Thors, er hann talaði um friðarbandalag lýðræðisþjóðanna í NATO, — hann sagði orðrétt 1949:

„Við höfum ekki her, og við viljum ekki hafa her, og við ætlum okkur aldrei að hafa her.“ Og hann bætti við: „Og það er undirskilið, að við höfum aldrei herstöðvar eða hersetu á friðartímum eða hermenn á friðartímum.“

Þetta sagði þá núv. hæstv. forsrh. Og það voru fleiri ráðherrar árið 1949, sem sögðu svipað, lofuðu þjóðinni svipuðu. Í sérstakri skýrslu tóku ráðherrarnir þá fram, að ekki kæmi til mála, að útlendur her fengi að hafa aðsetur á Íslandi á friðartímum né yrðu þar leyfðar erlendar herstöðvar. Þetta sögðust þeir þá nýlega hafa sagt utanrrh. Bandaríkjanna og hann tjáð sig samþykkan. Ég vil líkja þessum yfirlýsingum ráðherranna 1949 að reisn og skörungsskap við ályktun Alþingis 5. maí 1949 í landhelgismálinu.

En hvað skeði? Hvað varð úr þessum skörulegu yfirlýsingum? Staðreynd er það, að tæpum tveim árum eftir að þessar yfirlýsingar voru gefnar var hér kominn her og herstöðvar. Hvort tveggja hefur staðið hér á landi síðan þrátt fyrir friðartíma. Þessir háu herrar glúpnuðu þá fyrir erlendu valdi. En játuðu þeir það fyrir þjóðinni? Komu þeir gneypir og skömmustulegir fram fyrir þjóðina og sögðu: Því miður, við neyddumst til að láta undan stórveldunum? — Nei, ekki aldeilis. Þeir gerðu það ekki þá, og þeir hafa ekki viðurkennt það enn. Ég skal aðeins þessu til sönnunar minna á, að árið 1956 rifjaði núv. hæstv. dómsmrh. það upp hér á þingi, í þessum sal, hverju hann og fleiri hefðu lýst yfir 1949, orðrétt, að á friðartímum vildum við Íslendingar frekar taka á okkur áhættuna af því að hafa landið óvarið heldur en að hafa hér erlent herlið og erlendar herstöðvar. „Þetta endurtek ég enn í dag,“ sagði hæstv. ráðh. „Þetta er óhagganleg sannfæring mín.“ Þetta sagði þessi hæstv. ráðh. þjóðinni fimm árum eftir að her og herstöðvar voru komin hér á landi. Þetta kalla ég forstokkað. Þetta er máske heppilegt pólitískt herbragð, enda mikið notað í stórum málum og smáum af Sjálfstfl., — herbragð, sem hann vafalaust lærði af nazistum Þýzkalands á sínum tíma.

Ég get þessa og geri þennan samanburð til að sýna fram á haldleysi fullyrðinga og loforða þeirra manna, sem standa að till., sem við erum að ræða nú, og til þess að sýna fram á óskammfeilnina, hvernig þeir standa uppi í hárinu á þjóðinni, þegar þeir eru að tilkynna henni svikin.

Það er athyglisvert að hugleiða sögu landhelgismálsins á Íslandi. Ég ætla ekki að gera það að umtalsefni nú. En það er athyglisvert, að fyrr á öldum, meðan Íslendingar voru landbúnaðarþjóð fyrst og fremst, höfðu þeir mjög viðáttumikla landhelgi. Á 17. öld var landhelgin 24 sjómílur, og hún var aldrei minni á fyrri öldum en 16 sjómílur. Á þessum tímum lifði þjóðin mestmegnis á landbúnaði, og á þessum tímum var hún kúguð og arðrænd af erlendu valdi og átti einskis úrkosti gagnvart útlendu ofbeldi. Samt hafði hún aldrei minni en 16 sjómílna landhelgi. Á þeim árum var rányrkja fiskimiðanna ekki til í þeim skilningi, er síðar varð og nú er. Því ollu að sjálfsögðu ófullkomin skip og frumstæð veiðitæki. Þó var landhelgin þetta stór. Á síðari hluta seinustu aldar tók að syrta í álinn hvað snerti íslenzka landhelgi. Dönsk yfir-

völd tóku að vanrækja eftirlitið með landhelginni, og mátti heita, að það eftirlit legðist alveg niður. Um síðustu aldamót kom svo að því, að við misstum formlega þessa viðáttumiklu landhelgi okkar. Árið 1901 gerði Danakonungur samning við Breta um íslenzka landhelgi og afhenti þeim hana svo til alla gegn því, að Bretar keyptu svínakjöt af Dönum í auknum mæli. Ef aldrei hefði verið samið við Breta um síðustu aldamót, ættum við enn í dag fiskveiðilandhelgi, sem væri mun stærri en 12 sjómílur.

Þessi er nú okkar reynsla af samningagerðum við Breta. Sú reynsla ætti frekar að fæla menn frá að semja á nýjan leik við Breta um þessi mál, en ekki hvetja til þess. Ástæðan til þess, að við misstum meginhlutann af okkar landhelgi árið 1901, var sú sama og nú er upp á teningnum. Annars vegar var ágengni Breta, völd þeirra og hyggindi, en hins vegar hirðuleysi og skammsýni danskra yfirvalda á Íslandi. Þetta eru þannig sömu öflin, sem áttust við 1901 og eigast við í dag um íslenzka landhelgi. Bæði leggjast þessi öfl á sömu sveifina, íslenzkri þjóð til tjóns. Enn er ágengni Breta sýnilega í fullu fjöri, og enn eru yfirvöld Íslendinga sýnilega hirðulaus og skammsýn, þótt ekki eigi þau lengur að heita dönsk.

Af samningnum við Breta árið 1901 leiddi rányrkju fiskimiðanna, og gengu útlendingar þar að sjálfsögðu rösklega fram. Það var auðsætt þegar á árunum fyrir 1914, að til vandræða horfði. Milli heimsstyrjaldanna fór fiskstofnunum stöðugt hnignandi, og upp úr 1950 var algert hrun í þessu efni talið yfirvofandi. Nokkur friðun fékkst á árum beggja heimsstyrjalda, þegar erlend fiskiskip gátu lítt haft sig í frammi við strendur Íslands, og var árangur þeirrar friðunar mjög greinilegur.

Samningur Danakonungs við Breta um íslenzka landhelgi var slæmur og þjóðinni hættulegur, en hann hafði þó þann kost, að það mátti segja honum upp. Að því leyti var sá samningur betri en þessi, sem nú á að fara að gera, því að hann er óuppsegjanlegur, hann er ævarandi.

Þegar að því kom, að danski samningurinn um landhelgina íslenzku skyldi falla úr gildi, sagði íslenzka ríkisstj. honum upp með hæfilegum fyrirvara, og úr gildi féll hann 1951. Árið eftir færðu íslenzk stjórnarvöld landhelgina út í 4 mílur. Hvað gerðu Bretar þá? Samningstíminn var útrunninn og samningnum löglega sagt upp. Þeir mótmæltu, þeir neituðu að viðurkenna rétt okkar til útfærslunnar. Þeir heimtuðu að fá að veiða áfram upp að þrem mílum, og þeir reyndu að svelta okkur til hlýðni við þessa kröfu. Samningurinn var útrunninn, við vildum ekki framlengja hann, og því höfðu Bretar þessa aðferð. Það er til nokkurs að gera samning við slíka þjóð.

Hættan á ofveiði í íslenzku landhelginni varð, eins og ég tók fram áðan, öllum ljós, löngu áður en ákvæði gamla samningsins gátu gengið úr gildi. Þess vegna höfðu íslenzk stjórnarvöld uppi ráðagerðir um að bæta úr, jafnskjótt og fært væri. Íslenzk stjórnarvöld gerðu ráðstafanir fyrir fram, áður en samningurinn rann út, og meðal þeirra ráðstafana var, að samþykkt voru sérstök lög á Alþ. 1948 um landgrunnið. Skyldu nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fiskstofnunum byggðar á ákvæðum þeirra laga og framkvæmd þeirra ráðstafana hefjast strax og samningur Dana og Breta frá 1901 rynni út. Lög um vísindalega verndun fiskimiða eða landgrunnslögin öðru nafni voru sett með samþykki allra flokka árið 1948, og á þessum lögum byggjast aðgerðir okkar Íslendinga í landhelgismálunum síðan, útfærslurnar 1952 og 1958. En með væntanlegum samningi við Breta nú eru þessi lög raunverulega úr gildi numin. Samkvæmt landgrunnslögunum ákveða Íslendingar einir takmörk fiskverndarsvæða innan endimarka landgrunnsins alls. Skal sjútvmrn. ákveða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á þessu svæði.

Þegar við færðum út landhelgina 1952, urðu fjögur Evrópuríki til að mótmæla þeirri reglugerð, en aðeins eitt þeirra, Bretland, gerði sérstakar hefndar- og refsiaðgerðir í sambandi við þessa útfærslu. Þeir settu löndunarbann á íslenzkan fisk. Útfærslan 1952 var vafalaust af öllum stjórnmálaflokkum skoðuð sem byrjun af hálfu íslenzkra stjórnarvalda, sem fyrsta skrefið í ráðstöfununum til verndar fiskstofnunum á grunnsævinu umhverfis landið. Og fram að þeim tíma hafði ríkt fullkomin eining meðal stjórnmálaflokkanna og meðal landsmanna um þessi mál. Sjálfstfl. átti hlut að setningu landgrunnslaganna 1948 og útgáfu reglugerðarinnar um 4 mílna landhelgi 1952. Fram á það ár, árið 1952, var ekki annað að sjá en þessi flokkur, Sjálfstfl., hefði sama áhuga á fiskivernd og aðrir flokkar. En upp úr 1952 verður hér snögglega breyting á. Eftir að Bretar höfðu í mótmæla- og hefndarskyni sett löndunarbann á íslenzkan fisk, var sem allan mátt drægi úr Sjálfstfl. í þessu máli, engu líkara en nú væri Sjálfstfl. öllum lokið, og frá þeim tíma að telja hafa leiðtogar Sjálfstfl. vægast sagt gerzt býsna staðir í öllum málum, sem verndun fiskimiðanna við Ísland varða. Það var þó ekki af því, að ekki heyrðust fljótlega eftir 1952 raddir meðal landsins barna um það, að bráðlega þyrfti að auka útfærsluna á ný, stækka landhelgina. Það bar mikið á þessum kröfum víðs vegar í landinu 1954 og eftirleiðis. En forusta Sjálfstfl. lét allar slíkar kröfur sem vind um eyrun þjóta. Leiðtogarnir virtust einhverra hluta vegna hafa misst móðinn, einna helzt vegna mótmæla og refsiaðgerða Breta. Það má vera, að íslenzkir togaraeigendur, sem eru drjúgir hluthafar í Sjálfstfl., hafi átt hér hlut að máli. Þeir munu hafa talið sig missa spón úr askinum sínum við löndunarbannið, enda þótt þetta bann annars yrði til þess að auka á verðmæti íslenzkra útflutningsafurða, svo sem öllum er nú löngu kunnugt orðið. Löndunarbannið varð Íslendingum til góðs, þótt Bretar ætluðust til hins gagnstæða. Íslenzka þjóðin græddi beinlínis á refsiaðgerðum Breta. En það kunna að hafa verið nokkrir íslenzkir togaraeigendur, sem töldu sig tapa á því, og það mun hafa orðið með öðru þess valdandi, að Sjálfstfl. gerðist í meira lagi tómlátur um verndun fiskimiðanna við Íslandsstrendur.

Mér er það minnisstætt, að fyrir kosningarnar 1956 voru mjög háværar raddir uppi um það meðal kjósenda úti um land, að nauðsyn bæri til að stækka landhelgina. Það voru kröfur fjölmargra manna úr öllum flokkum. Og mér er það minnis-

stætt, að þó nokkrir Sjálfstæðisflokksmenn úti um landið lýstu þessu yfir á kosningafundum, að landhelgina yrði að færa út, og þeir gagnrýndu sinn flokk fyrir tómlæti í því efni.

Þegar vinstri stjórnin tók við völdum á árinu 1956, var það eitt í stefnuyfirlýsingu hennar, að hún vildi leggja áherzlu á stækkun landhelginnar og stækkun friðunarsvæðisins kringum landið og taldi brýna nauðsyn á þessu vegna atvinnuöryggis landsmanna. Lofaði ríkisstj. því þegar í upphafi að beita sér fyrir framgangi þessa mikilvæga máls. Aldrei hafði Sjálfstfl. uppi neinar yfirlýsingar í þessa átt. Reglugerðin um 12 mílna landhelgina var gefin út, eins og menn muna, 30. júní 1958. Þá var Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu, og hann beitti sér af alefli gegn útfærslunni og naut þar verulegs stuðnings Alþfl., eins og kunnugt er.

Það má með réttu segja, að Sjálfstfl. ásamt hjáleigunni hafi frá fyrstu tíð barizt bæði leynt og ljóst gegn 12 mílna landhelginni og þannig skipað sér við hlið Breta gegn íslenzku þjóðinni í þessu mikla hagsmunamáli hennar. Það skal ég viðurkenna, að Sjálfstfl. hefur oft átt bágt í þessu efni. Aðstaða hans hefur oft verið erfið. Hann hefur alla tíð haft þjóðarviljann á móti sér í þessu máli, og þess vegna hefur hann orðið að fara krókavegu í baráttu sinni fyrir málstað Breta. En hann hefur verið þrautseigur og aldrei látið af andstöðu sinni við 12 mílurnar, þótt hann stundum hafi barizt úr launsátri og stundum, eins og t. d. fyrir kosningarnar 1959, jafnvel látizt vera hlynntur 12 mílunum. En nú telur þessi flokkur ásamt Alþfl. stund sigursins upp runna. Nú skal reglugerðin um 12 mílna landhelgi ógilt. Nú ætla þessir flokkar að ná sér niðri, þeir hafa barizt lengi og beðið lengi, en nú er þeirra tími kominn. Með þessari aðgerð, sem hér er um að ræða, hefur Sjálfstfl. vissulega unnið stórsigur.

Þetta mál er mjög stórt og viðtækt. Hér er um að ræða baráttuna fyrir landgrunninu, baráttuna fyrir að fá að halda 12 mílna landhelgi, og hér er um að ræða þessa svokölluðu deilu við Breta í sambandi við landhelgismál Íslendinga. Flestum, ef ekki öllum Íslendingum ber saman um, að Íslendingar hafi þegar sigrað í landhelgismálinu, 12 mílna landhelgi sé staðreynd og að þar hafi Bretar beðið ósigur. Eftir stendur deilan við Breta, eftir er það að gera Breta ánægða, láta þá sætta sig við hlutskipti sitt, ósigurinn. Fyrr í vetur voru þessi mál mikið rædd í hv. Ed. Þar gengu þá fram fyrir skjöldu tveir hæstv. ráðh. og vörðu af kappi málstað Breta. Hæstv. dómsmrh. viðurkenndi fúslega og aftur og aftur, að við Íslendingar værum búnir að sigra í landhelgismálinu. En hann ræddi um deiluna við Breta og þörfina á að leysa þá deilu. Um það efni snerust umr. í hv. Ed. í vetur að verulegu leyti. Það var margt athyglisvert, sem fram kom í þessum umr. Sérstaklega var það áberandi, að brezka ríkisstj. átti tvo dugmikla málsvara á hinu háa Alþingi Íslendinga. Þessir málflutningsmenn fluttu málstað Breta af fullri einurð og miklum dugnaði. Áreiðanlega máttu Bretar þá vel við una túlkunina, sem þeirra sjónarmið hlaut í þessari hv. d. í byrjun vetrarins. Ég vil meina, að þar hafi þeirra málstaður, Bretanna, hlotið meira en hann verðskuldaði. Mér flaug það oft í hug undir ræðulestri hæstv. ráðherra þá dagana, að mikilsvert hefði það verið okkur Íslendingum að eiga ámóta talsmenn í brezka þinginu árið 1958. Ef við þá hefðum haft brezka íhaldsráðherra jafneindregið á okkar bandi og Bretar höfðu og hafa enn íslenzka á sínu, þá hefðum við vissulega orðið minna varir hrottaskapar Bretanna og minna varir ágengni þeirra í íslenzkri landhelgi. En þessu var ekki að heilsa, hvorki árið 1958 né síðar. Brezkir ráðherrar virðast kunna skil á hlutverki sínu. Þeir virðast hafa vit á að gæta hagsmuna sinnar þjóðar, þótt slíkt vefjist fyrir íslenzkum ráðh. öðru hvoru.

En hver voru svo rök þessara hæstv. ráðh. í vetur, rökin, sem þeir færðu fram fyrir málstað Breta? Við höfðum sigrað í landhelgismálinu, um það var ekki deilt. En það var einmitt þess vegna, vegna þess að við höfðum sigrað í landhelgismálinu, að viðeigandi var að áliti hæstv. ráðh. að heija samningamakk við Breta um landhelgina. Í þessu sambandi minntist annar ráðh. á samlíkingu, sem hann hafði áður gert, hann líkti íslenzku fiskveiðilandhelginni við nýsmíðað hús með herbergjum, sem leigja þyrfti út í ábataskyni. Þetta var falleg samlíking og smekkleg — eða hitt þó heldur. Einhverjir mundu hafa talið, að þetta hús, fiskveiðilandhelgin, væri ekki nema rétt handa íslenzku þjóðarfjölskyldunni og illa það og því ætti ekki að koma til mála að leigja þar neitt út, hvorki brezkum ofbeldismönnum né öðrum. Flestir mundu telja, að vísindaleg friðun fiskimiðanna umhverfis landið væri gerð í allt öðrum tilgangi en þeim að selja friðunarsvæðin útlendingum á leigu. Ég hefði haldið, að tilgangurinn með stækkun landhelginnar væri allt annar en sá. En samlíkingin um húsið og leiguherbergin gæti bent til þess, að uppi séu fleiri skoðanir en ein á friðunartilganginum.

Þegar hæstv. ráðh. voru að gera grein fyrir málstað Breta í þessari svokölluðu landhelgisdeilu, nefndu þeir öðru hvoru Rússa sem fyrirmynd. Það var minnt á það æ ofan í æ, að Rússar hefðu leyft Bretum fiskveiðar á svæðum innan 12 mílna landhelgi sinnar og virtist ekki meira, þótt við Íslendingar gerðum það. Það væri óneitanlega og er óneitanlega Bretum hagkvæmt, að við tökum Rússa okkur til fyrirmyndar í þessu efni. En það mætti athuga, áður en að því yrði flanað, hvort ekki væri ástæða til að athuga þarfir Rússa í þessu efni og þarfir Íslendinga, hvort þar er um sambærilega hluti að ræða. Við byggjum tilveru okkar á fiskveiðunum einum, svo að segja, en það gera Rússar ekki og ekki nærri því. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þann reginmun, sem á þessu er. Hitt er líka athugandi, sú spurning, hvort Rússar hefðu leyft Bretum veiðar innan sinnar 12 mílna landhelgi, ef Bretar hefðu hafið málaleitan sína um það með vopnaðri árás inn í rússneska landhelgi. Ég tel það ekki vera að hallmæla Rússum, þótt ég láti í ljós efa um samningslipurð þeirra við Breta eftir slíkar aðfarir.

Þá var það eitt, sem átti að mæla með því, að við slökuðum til við Breta og leyfðum þeim veiðar innan 12 mílna landhelgi okkar, og það var dæmi Norðmanna. Norðmenn voru einmitt um þær mundir að semja um stærð sinnar landhelgi við Breta. Hvers vegna skyldum við ekki fara eins

að? Það voru ekki höfð um það orð þá, að aðferðir Norðmanna í þessu efni eru engri þjóð til fyrirmyndar. Við stækkuðum okkar landhelgi af brýnni nauðsyn árið 1958. Við gerðum það óumdeilanlega af brýnni nauðsyn og nutum þó til þess einskis stuðnings frænda okkar Norðmanna, frekar var um að ræða það gagnstæða. Síðan komu þeir í kjölfarið og nutu góðs af frumkvæði Íslendinganna og þeirra sigri. Það var heldur enginn vegsauki Norðmönnum, að samningaviðræður þeirra við Breta voru látnar fara fram einmitt á þessum tíma í þeim tilgangi að veikja siðferðisþrótt Íslendinga í landhelgismáli þeirra. Það er ekki til fyrirmyndar að láta hafa sig til slíks. Bretar væntu sér mikils af þessu vopni, samningunum við Norðmenn í viðureigninni við okkur, enda hafa íslenzku ráðh. notað þau vopn gegn íslenzka málstaðnum.

Hæstv. dómsmrh. viðurkenndi það skýrt og skilmerkilega í ræðum sínum í Ed. í vetur, að Bretar hefðu haft rangt fyrir sér og að þeir hefðu beitt okkur ofbeldi. Þann sannleika reyndi hæstv. ráðh. sannarlega ekki að draga í efa. En hann dró af þessu ákveðna ályktun, og sú ályktun er athyglisverð. Hún er á þessa leið: Þrátt fyrir ranglæti Breta og þrátt fyrir sigur okkar ber okkur að slaka til og semja, því að hér stendur smáþjóð andspænis stórþjóð, og þegar þannig vill til, er það smáþjóðarinnar að *gleyma réttlætinu og ofbeldinu.* — Á þessa leið virtist mér æðsti vörður réttar og laga á Íslandi ályktа í vetur, og hann hafði fordæmið á takteinum. Hann sagði: Finnar hafa orðið að semja við Rússa, meira eða minna nauðugir. Vegna nábýlisins varð smáþjóðin að beygja sig fyrir stórþjóðinni. Þarna höfum við eina fyrirmyndina enn. Við eigum ekki að standa upp í hárinu á Bretum frekar en Finnar Rússum. Það má segja, að allt sé hey í harðindum, þegar rökin þrýtur, og flest þá til tínt. Þetta voru aðalröksemdirnar fyrir því, að við ættum að semja við Breta, að við ættum að slaka til fyrir Bretum.

Það var ein röksemd í viðbót, og hún var mikil og nýtilkomin umhyggja þessara hæstv. ráðh. fyrir íslenzku sjómannastéttinni. Sú umhyggja var ekki fyrr til orðin í hjörtum þessara ágætu manna en hún var hagnýtt og notuð til framdráttar hagsmunum Breta. Vegna hættunnar, sem landhelgisdeilan skapar íslenzkum sjómönnum, vegna ofstopa Breta vildu þessir málflutningsmenn í hv. Ed. láta slaka til og fórna unnum sigri í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Í tvö ár samfleytt höfðu íslenzkir sjómenn lagt sig í hættu vegna þessa máls, og þeir höfðu ekki æðrazt. Þetta framlag sjómanna er að sjálfsögðu mikilsvert. En nú skal það að engu gert í samningamakkinu við Breta.

Til lítils hafa sjómenn lagt líf sitt í hættu fyrir þetta mál, ef þannig skal að farið. Þetta er mín skoðun. Ég geri ekki lítið úr þeirri hættu, sem sjómenn lögðu sig í vegna ofbeldisaðgerða brezkra skipa í landhelgi, en mér finnst það vera sjómannanna sjálfra að meta þá hættu og a. m. k. alveg fráleitt, að ráðh. séu að hagnýta hana málstað Breta til framdráttar. Það finnst mér vægast sagt ósmekklegt. Í tveim styrjöldum höfðu íslenzkir sjómenn lagt líf sitt í hættu við þann starfa að færa Íslendingum og Bretum lífsbjörg í bú, og þráfaldlega hafa þeir lagt sig í hættu við björgun brezkra skipshafna hér við land. Hvort mundi nú þeim vera óljúfara að gæta lífshagsmuna þjóðar sinnar í landhelginni, og mundu þeir frekar í því starfi vila hættuna fyrir sér? Ég held ekki. Og ég er viss um, að sjómenn frábiðja sér þau krókódílstár, sem felld voru í hv. Ed. í vetrarbyrjun af hæstv. ráðh.

Nú á að slaka til við Breta. Það á að hleypa þeim inn fyrir 12 mílna mörkin, allt inn að 6 mílna mörkum umhverfis landið. Þetta er talið nauðsynlegt til þess að fullnægja óskum brezku stjórnarinnar. Þetta ræðst hæstv. ríkisstjórn í og hyggst koma fram með aðstoð þingliðsins hér. Það er ekkert spurt um þarfir þjóðarinnar í þessu sambandi. Það er ekkert spurt um, hvernig fer með fiskveiðar við strendur Íslands á næstu árum. Hver verður afleiðing þeirra ráðstafana, sem nú skulu gerðar? Það er ekki leitað til sjómanna, fiskimanna, um þeirra álit. Er það forsvaranlegt að leyfa erlendum togurum, svo að hundruðum skiptir, að veiða upp að 6 mílna mörkum næstu 2 árin, jafnvel þótt ekki verði lengri tími? Tækni í fiskveiðum fleygir fram með ári hverju, skipin verða stærri og betur búin en áður, og þróunin er ör. Hefur þetta atriði verið rannsakað? Hefur hæstv. ríkisstj. látið athuga afleiðingarnar, sem af þessum ráðstöfunum hljótast?

Ég les það í nál. 2. minni hl. utanrmn., að farið hafi verið fram á það í hv. n., að sérfróðir menn yrðu látnir gefa álitsgerð um afleiðingarnar af þessu verki, en að það hafi ekki fengizt. Ég verð að lýsa undrun minni á því, að hæstv. ríkisstj. fæst ekki til að birta álitsgerð sérfróðra manna um afleiðingar þessara tilslakana, sem fyrirhugaðar eru, afleiðingarnar að því er snertir fiskimiðin og fiskstofnana. Þetta er þó mikilsvert, ég vil segja mikilsverðast af öllu í þessu máli.

Hv. 4. þm. Vesturl., Jón Árnason, hefur lagt fram till. til þál. um verndun fiskstofna við strendur Íslands nú nýlega. Í grg., sem þessari till. fylgir, segir hann sitt álit, og fer þar ekki á milli mála, að hann ber kvíðboga fyrir framtíðinni, hann ber kvíðboga fyrir framtíð fiskstofnanna við strendur Íslands. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa örstutta klausu úr þessari grg. þessa hv. þm. Sjálfstæðisflokksins:

„Öllum fiskveiðiþjóðum er nú orðið ljóst, að gæta þarf varhuga við þeirri tækni, sem nú er í sívaxandi mæli farið að beita á sviði fiskveiðanna. Sérstaklega er það hér í norðurhöfum, þar sem menn eru lengst komnir með beitingu fiskveiðitækninnar, að þessi þróun er farin að vekja nokkurn ugg, því að ýmis fyrirbæri á þessu sviði gefa nú orðið nokkra bendingu um, að svo sé nú komið, að frjósemi fiskstofnanna fái eigi lengur rönd við reist veiðitækninni. Þá er það augljóst orðið, að þessi nýja tækni getur auðveldlega valdið miklum truflunum á fiskgöngum og á margan hátt haft hin skaðlegustu áhrif á eðlishætti fisksins.“

Enn fremur segir þessi hv. þm. í grg.:

„Það er því í alla staði óhyggilegt, eins og nú hagar til, að ganga að fiskveiðunum hér við land eins og sá brunnur verði aldrei tæmdur, hvaða rányrkju og bolabrögðum sem beitt er. Slíkur hugsunarháttur er hættulegur. Og að því leyti sem rányrkja af þessu tagi ber skynsamleg og raunhæf

viðhorf til málsins ofurliði, verður með opinberum ráðstöfunum að banna slíkan verknað og fylgja því banni svo eftir, að raunhæft reynist.“

Ég get tekið undir þessi orð hv. þm. Jóns Árnasonar. Mér er ekki grunlaust um, að hann vildi gjarnan standa hér nú og mæla nokkur varnaðarorð, en sennilega telur hann sig bundinn flokksviðjum. En hann hefur haft aðra leið. Hann hefur komið þessu á framfæri á annan hátt, og það er vel. Vill nú ekki hæstv. ríkisstj. manna sig upp í það að gefa hinu háa Alþ. tækifæri til að kynnast því, sem sérfræðilegir ráðunautar hæstv. stjórnar hafa að segja um þetta efni, hvaða afleiðingar það muni hafa fyrir fiskstofninn á miðunum, að Bretum og öðrum þjóðum sé hleypt inn að 6 mílna mörkum?

Ég skal nú fara að stytta mál mitt. Till., sem hér liggur fyrir til umr., er í raun og veru mjög merkilegt plagg. Till. sjálf er mjög stutt, aðeins ein setning: „Alþ. ályktar að heimila ríkisstj. að leysa fiskveiðideiluna við Breta í samræmi við orðsendingu þá, sem prentuð er með ályktun þessari.“ Fyrirsögn till. er um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Ég hef það við þessa fyrirsögn að athuga, að ég tel hana rangnefni. Hér er ekki um að ræða lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Við eigum ekki í neinni fiskveiðideilu við Breta. Það er ekki rétt. Maður, sem verður fyrir ofbeldisárás í þeim tilgangi að ná af honum fé, á ekki í deilu, hvorki á undan né eftir, við árásarmanninn. Mistakist árásarmanninum að ná fénu, þá verður það ekkert samningsatriði á eftir, hvernig leysa skuli það vandamál, að árásarmaðurinn náði því ekki. Hér er því ekki um neina deilu í orðsins eiginlegu merkingu að ræða. Við færðum út landhelgina og nutum til þess réttar. Bretar mótmæltu og beittu okkur valdi. Þeir biðu ósigur, við sigruðum og héldum okkar hlut. Að þessu öllu loknu er ekki um deilu að ræða. Við deilum ekki við Breta um landhelgina. Við eigum landhelgina og höfum ekkert við þá að deila um. Þeir eru óánægðir að hafa ekki fengið sínu ofbeldi framgengt. Þannig er það ekki rétt að tala um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Ég hefði heldur kosið, að fyrirsögn till. hefði verið: Till. til þál. um að blíðka brezk stjórnarvöld. — Það nægði. Annars er það einna athyglisverðast við þetta plagg, sem till. er prentuð á, að þar er langur kafli um athugasemdir við till. og tekur meginmál þskj., kemur næst á eftir tillgr., en orðsendingin, sem allt byggist á og allt snýst um, kemur síðast á þessu þskj. og er aðeins ein blaðsíða.

Það er áberandi, að aths. og orðsendingin stangast á í flestum atriðum og raunar í öllum veigamiklum atriðum. Túlkunin er m. ö. o. allt önnur en efni orðsendingarinnar, væntanlega samkomulagið, gefur tilefni til. Þessar athugasemdir, þannig úr garði gerðar, voru birtar þjóðinni að kvöldi 27. febr. í útvarpinu, ekki einu sinni, heldur mörgum sinnum. Þessum athugasemdum var stungið að þjóðinni fyrirvaralaust og án þess að hún hefði haft nokkra möguleika til að kynna sér orðalag og efni sjálfrar orðsendingarinnar, sem athugasemdirnar eiga við. Þetta er mjög vítavert, þegar þess er gætt, að athugasemdirnar eru í öllum veigamestu atriðum röng túlkun á orðsendingunni, sýnilega gerð til þess að blekkja, sýnilega gerð í þeim tilgangi að villa um fyrir þjóðinni. Það var ekki fyrr en næsta dag og síðan, að þjóðin átti þess kost að heyra, hvernig í málinu lá. Hæstv. ríkisstj. misbeitti þar valdi sínu, tók í þjónustu sína hið hlutlausa ríkisútvarp til einhliða málflutnings í mjög mikilsverðu máli.

Í þessum athugasemdakafla eru margar gleiðletraðar undirfyrirsagnir, og nokkrar þeirra hljóða svo: Bretar viðurkenna 12 mílur og nýjar grunnlínur. Takmörkuð veiðiheimild til Breta í 3 ár. Frambúðaraukning fiskveiðilögsögunnar um 5065 ferkílómetra. Frekari útfærsla fiskveiðilögsögunnar. Hagkvæm lausn.

Það var um efni þessara fyrirsagna og í þessum dúr, sem fréttir og frásagnir íslenzka útvarpsins snerust kvöldið 27. febr. Það var fagnaðarboðskapur, sem hæstv. ríkisstj. flutti þjóðinni þetta kvöld á öldum ljósvakans, ekki einu sinni, heldur aftur og aftur. Þessi fagnaðarboðskapur var um það, að deilan við Breta væri úr sögunni og henni hefði lokið með glæstum sigri íslenzku ríkisstj. Þessi gleðifregn hinnar fagnandi ríkisstj. dundi í eyrum landslýðsins allt kvöldið, og þetta var það fyrsta, sem hann heyrði um úrslit þessarar deilu. Fréttin flaug um landið fyrsta kvöldið eins og söngur himneskra hersveita. Síðan var haldið áfram í málgögnum Sjálfstfl. og Alþfl. næsta dag og næstu daga, og það var básúnað fyrir þjóðinni, að nú væri unninn stórsigur í landhelgismálinu. Til þess að árétta þennan framburð og til þess að styrkja landsmenn í trúnni á þennan mikla sigur var fljótlega farið að birta blaðagreinar frá Bretlandi, þar sem talað var um ósigur Breta, fórn Breta og annað því um líkt.

Ég las þessar blaðafréttir Morgunblaðsins 1. marz. Þá vitnaði þetta blað Sjálfstfl. í brezka blaðið Daily Mail, og átti allur sá fréttaflutningur að sannfæra okkur Íslendinga um, að Bretar viðurkenndu ósigur sinn. En þegar betur var að gáð og farið var að lesa fréttirnar, sem Morgunblaðið hafði eftir Daily Mail, þá kom strax 1. marz í ljós, að sitt hvað var kyndugt við þessar fréttir Morgunblaðsins um viðurkenningu Breta á eigin ósigri. Forustumenn brezka fiskiðnaðarins urðu hvumsa við, þegar fyrstu fréttirnar bárust um væntanlegt samkomulag í þessari deilu, og þeir skunduðu þegar í stað á fund Soames ráðherra til þess að skýra honum frá vonbrigðum sínum vegna þessa samkomulags. Þannig skýrir Morgunblaðið frá. En eftir hálfa aðra klst. á fundi í ráðuneytinu samþ. þessir forustumenn brezka fiskiðnaðarins einum rómi að fallast á samkomulagið, þar sem í því fælist, að það mundi gilda um alllangt skeið. Þetta segir orðrétt í Morgunblaðinu 1. marz, og kveðst blaðið hafa þetta eftir Daily Mail. Bretar leggja áherzlu á nauðsyn þess, að komið verði í veg fyrir frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar, enda verða Íslendingar að skýra frá öllum frekari aðgerðum til útvíkkunar með 6 mánaða fyrirvara. Frá þessu segir Morgunblaðið og hefur eftir Daily Mail. Bretar leggja áherzlu á að koma í veg fyrir frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar og telja í því efni mikilsvert, að Íslendingar hafi skuldbundið sig til að skýra frá öllum frekari aðgerðum til útvíkkunar með 6 mánaða fyrirvara. Einhvern

veginn telja þeir þetta mikilsvert atriði í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir frekari útfærslu landhelgi okkar.

Í ummælum brezkra blaða er lagt mikið upp úr tilkynningarskyldu Íslendinga og mikið öryggi í henni talið. Áður en farið var á fund Soames ráðh., var óánægjan mikil, að því er Morgunblaðið segir 1. marz. Cobley, varaformaður samtaka togaraeigenda, talaði um það, áður en hann fór á fundinn, að nú mætti brezka fiskiðnaðinum það, sem hann vildi nefna nærri fyrirvaralausan brottrekstur. Hvað átti hann við þá? Hann átti við 3 ár. En þegar hann og samherjar hans í fiskiðnaðinum brezka koma af fundi Soames ráðh. 28. febr., að ég hygg, þá koma þeir ánægðir, hafa gengizt inn á samkomulagið og tala um, að í því felist, að það muni gilda um alllangt skeið. Hvað felst í þessu? Hvað sagði ráðh. þessum fulltrúum fiskiðnaðarins brezka? Hvíslaði hann einhverjum leyndarmálum í eyru þeirra? Eru einhverjir leynisamningar á ferðinni? Einhvern veginn tókst Soames og veittist raunar ekki erfitt að sannfæra fulltrúa fiskiðnaðarins brezka. Það tók hann ekki nema hálfa aðra klst. að fá þá til að fallast á samkomulagið. Þetta hef ég allt frá Morgunblaðinu 1. marz 1961.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um efni orðsendingarinnar, en vil þó aðeins minnast á örfá atriði. Eins og ég tók fram, kemur það í ljós við lestur þskj., sem till. er á, að áberandi ósamræmi er á milli þess, sem segir í orðsendingu utanrrh. annars vegar og í athugasemdum ríkisstj. við þáltill. hins vegar. Orðsendingin er hinn væntanlegi bindandi samningur milli Íslendinga og Breta, en aths. eru ætlaðar til notkunar innanlands og eiga að þjóna ríkisstj. í viðskiptum hennar við þjóðina. Þetta ósamræmi er djúptækt og snertir öll meginatriði samningsins.

Í aths. er fullyrt, að Bretar viðurkenni nú þegar 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Í orðsendingunni er hins vegar ekki eitt orð um þessa viðurkenningu Breta, ekki á hana minnzt þar. Það, sem þar segir, er aðeins, eins og er flestum kunnugt nú orðið, að ríkisstj. Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, en það er allt annað en viðurkenning, hvað sem lagadeild háskólans segir. Bretastjórn fellur aðeins frá mótmælum, á meðan brezk fiskiskip fá að veiða innan þessarar 12 mílna landhelgi. Mótmælin getur hún hafið aftur, hvenær sem henni mislíkar við okkur, rétt eins og hún gerði í tilefni af útfærslu í 4 mílur. Þá mótmælti hún, lét síðan mótmælin niður falla að nokkrum árum liðnum, en tók þau upp aftur 1958. Bretar mótmæla ekki 12 mílna landhelgi Rússa, enda fá þeir að veiða þar á vissum svæðum fyrir innan, en þeir hafa marglýst því yfir á síðustu missirum, að þeir þrátt fyrir það viðurkenni ekki landhelgi Rússa. Það er þannig bert, að Bretar gera reginmun á því að viðurkenna og því að falla frá mótmælum, og þannig munu þeir sjálfir túlka þetta, hvenær sem þeim býður við að horfa og þeir telja sig sjálfir hafa hag af. Fullyrðing hæstv. ríkisstj. um viðurkenningu Breta er gripin algjörlega úr lausu lofti og aðeins ætluð til að friða íslenzku þjóðina. Ef brottfall frá mótmælum jafngilti viðurkenningu, ætti að vera auðvelt að fá Bretastjórn til þess að gangast inn á þá orðalagsbreytingu, að í stað orðanna „falla frá“ o. s. frv. komi: viðurkenna. En það er nokkurn veginn öruggt, að Bretar muni ekki fallast á slíka breytingu, og það veit hæstv. ríkisstj. Sú breyt. er nefnilega meira en orðalagsbreyt., hún er mjög róttæk efnisbreyt. okkur í hag. Þetta vita Bretar, og því mundu þeir aldrei ganga inn á þessa breyt. Þetta veit líka hæstv. ríkisstj., og þess vegna getur hún ekki fallizt á að styðja framkomna till. um slíka breytingu.

Í aths. segir enn fremur, að Bretar viðurkenni þýðingarmiklar breyt. á grunnlínum á fjórum stöðum umhverfis landið. Þetta er þar talið eitt af meginatriðum samningsins Íslendingum í vil. Sannleikurinn er þó sá, að þetta er aukaatriði, vegna þess að við þurftum ekki á þessari viðurkenningu Breta að halda. Alþjóðasamþykkt er til um það, hvernig draga megi grunnlínur, og samkvæmt ákvæðum þeirrar samþykktar gátum við því hvenær sem var framkvæmt lengingu þeirra grunnlína, sem í gildi hafa verið, og þurftum ekki að leita viðurkenningar Breta á því. Þetta atriði er því sýndarmennskan eintóm, til þess gerð að gylla fyrir landsmönnum lélegan samning. Það þurfti ekki og átti raunar ekki að semja við Breta um breyt. Þeir eru engir samningsaðilar í því efni, og þess vegna var það til bölvunar að blanda þeim inn í það mál. Enn eigum við eftir og eigum rétt til að leiðrétta grunnlínur, og það var unnt að gera og er unnt að gera að alþjóðalögum. En hamingjan má vita, hvort nú er ekki skapað fordæmi handa Bretum til að skipta sér af grunnlínuákvörðunum Íslendinga í framtíðinni.

Þá segir í aths., að brezkum skipum verði heimilað að stunda veiðar á takmörkuðum svæðum á milli 6 og 12 mílna takmarkaðan tíma á ári í næstu 3 ár. Í orðsendingunni er þetta þannig orðað, að ríkisstj. Íslands muni ekki hindra, að brezk skip stundi veiðar á svæði á milli 6 og 12 mílna næstu 3 ár, og eru staðar- og tímatakmarkanir nánar tilgreindar. Þá beisku staðreynd, að horfið er frá 12 mílna landhelgi, er reynt að bragðbæta með ýmsu móti. „Leyfið til handa Bretum á aðeins að gilda í 3 ár,“ segir í aths. Hvað á þá að taka við? Endurnýjun samkomulagsins eða nýtt ofbeldi Breta? Um það er ekkert í orðsendingunni, aðeins að íslenzka ríkisstj. ætli ekki að hindra Breta í fiskveiðum innan 12 mílna næstu 3 ár. Hún nærri því lofar að gera það ekki framar. Á móti þeirri skuldbindingu kemur engin skuldbinding af Breta hálfu, ekkert loforð um það t. d., að þeir skuli að 3 árum liðnum víkja út fyrir 12 mílna mörkin. Á slíkt er ekki minnzt í orðsendingunni.

Gyllingarnar í aths. um takmörkun veiðisvæða og veiðitíma fara sennilega fljótt af. Eftirlit með bannsvæðunum milli 12 og 6 mílna mun viðast hvar reynast óframkvæmanlegt, en sjálfur veiðitíminn, sem leyfður er á hverju ári, er miðaður við þarfir Breta, miðaður við þeirra vertíðir, svo að þar er ekki af miklu af státa.

Það má líklega segja með sanni, að Bretum séu með þessari orðsendingu leyfðar veiðar upp að 6 mílna mörkum á þeim árstímum, sem þeir óska, og að sú tilhögun muni standa eins lengi og Bretar hafa úthald til að þybbast við, annaðhvort

með áframhaldandi nauðungarsamningum eða með hreinu ofbeldi.

Ekki er á það minnzt einu orði í aths., sem lesnar voru yfir þjóðinni að kvöldi 27. febr., að með þessari samningsgerð við Breta eru landgrunnslögin frá 1948 raunverulega numin úr gildi ásamt reglugerðinni frá 1958 um 12 mílna landhelgi og ásamt ályktun Alþ. 5. maí 1959, þar sem m. a. er ákveðið, að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið. Þetta má hins vegar greinilega lesa út úr orðsendingunni. Rétti landsmanna til landgrunnsins er afsalað og frekari útfærsla landhelginnar ekki á valdi Íslendinga, heldur Breta og alþjóðadómstólsins í Haag. En af þessu er ekki verið að guma í aths. ríkisstj., sem þjóðin fékk fyrst að kynnast, heldur er það sniðgengið.

Ef Bretum líka ekki framtíðarráðstafanir okkar í landhelgismálum, þá geta þeir mótmælt, og þeir geta áfrýjað deilumálinu til alþjóðadómstólsins í Haag. Ég hlustaði á útvarpsræðu hæstv. fjmrh. fyrir nokkrum dögum, þar sem hann ræddi um alþjóðadómstólinn í Haag. Hann talaði um þennan dómstól lotningarfullt og næstum með helgislepju, taldi hann nánast ofar öllu mannlegu að fullkomleika og hreinleika. Það hefur áður í dag verið á það bent, að slíkur er þessi alþjóðadómstóll ekki, því miður. Það var á það bent, að dómarar í þessum dómstóli hafa aldrei utan einu sinni dæmt öðruvísi en í samræmi við óskir og vilja sinna ríkisstj. Í dóminum eiga sæti 15 menn, og þannig stendur á nú, að 9 eða 10 af þessum mönnum eru tilnefndir af ríkisstj., sem eru andstæðingar okkar í landhelgismálum. Þannig er sannleikurinn um þennan dómstól, og það er engin ástæða til að falla í stafi af hrifningu yfir því að þurfa í framtíðinni að leita á náðir þessa dómstóls með lífshagsmunamál okkar.

Það þarf ekki að athuga orðsendingu þessa lengi til að sjá, að íslenzka ríkisstj. hefur beðið herfilegan ósigur fyrir þeirri brezku. Hér hefur brezki refurinn svo sannarlega leikið á íslenzka lambið. Ívilnanir Íslendinga eru markaðar skýrt og ótvírætt, en það, sem á móti kemur frá Bretum, er loðið og tvírætt. Þetta er ekki óeðlilegt. Við áttum réttinn allan, gefum nokkuð af honum. Bretar áttu réttinn engan og geta því ekkert gefið. En þessi ósigur íslenzku ráðh. magnar þá nú til að leita sér uppreisnar á öðrum vettvangi. Nú reyna þeir eftir ósigurinn við brezku ríkisstj. að sigra íslenzku þjóðina, vinna hana til liðs við sig og allan sinn hrakfallabálk. Þeir leitast við að snúa ósigri sínum fyrir Bretum í sigur yfir íslenzku þjóðinni með því að fá hana til að gerast samseka sér um afglöpin. Þetta er skýringin á öllu skrumi hæstv. ríkisstj., öllum áróðurshamförum hennar síðustu dagana og þeim skefjalausa umsnúningi staðreynda, sem hún hefur gert sig seka um í þessu máli öllu.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt, þó að þetta mál sé ýtarlega rætt hér á Alþ. Það mætti miklu fremur telja það furðulegt og það mætti telja það vanrækslu af hálfu þm., ef mál eins og þetta, eitt stærsta hagsmunamál þjóðarinnar, væri ekki ýtarlega rætt hér í sölum Alþ., og ég er ekki í neinum vafa um það, að hvar annars staðar í þingræðislandi, þar sem mál eins og þetta væri rætt, mundi það taka marga daga. Þing flestra þjóða mundu telja sér skylt að ræða málið ýtarlega og kynna sér það. Það er þess vegna fullkomin fjarstæða, þegar talað er um málþóf í þessu máli. Það er ekki nema eðlilegt, að menn ræði málið alhliða og líti á þá sögu, sem hefur verið að gerast á undanförnum mánuðum og undanförnum árum, og rifji upp. Ég mun samt sem áður vegna þess, hvað þetta mál hefur af ýmsum verið ýtarlega rætt, takmarka ræðu mína við nokkur atriði, sem ég tel að máli skipti að séu tekin til nánari athugunar.

Ég vil þá fyrst vekja athygli á hinni merku aths., sem kom fram frá hv. 5. þm. Austf. (PÞ), þar sem hann spurðist fyrir um það hjá utanrrh., hvort tilkynningarskyldan, sem er lögð á herðar íslenzku ríkisstj. — herðar okkur Íslendingum í framtíðinni, — tilkynningarskyldan til Breta um það, að við ætlum okkur að færa út, ef við tökum slíka ákvörðun, færist af sjálfu sér yfir til annarra þjóða, sem kynnu að ganga inn í þetta samkomulag. Ef þetta er tilfellið, erum við bundnir við það að tilkynna öllum þjóðum, sem gengju inn í samkomulagið, að við ætluðum okkur að færa út landhelgina, og e. t. v. þá að fylgi tilkynningarskyldunni að ráðfæra okkur við þær um málið. Og enn fremur það, hvort það á þá að vera þannig, að allar þjóðir geti heimtað, að við förum með málið til Haag.

Ég þykist vita, að hæstv. utanrrh. láti ekki dragast að svara þessu.

Það hefur komið að vísu miklu fleira fram, sem spurt hefur verið um. Nú skulum við segja, að þessi þáltill. verði samþ. og samningurinn samkvæmt henni gerður. Þá gengur samkomulagið í gildi milli íslenzku ríkisstj. og brezku ríkisstj. frá ákveðnum, tilsettum degi. En frá hvaða tíma eiga samningarnir að taka gildi við aðrar þjóðir? Það getur tekið talsverðan tíma að semja við þessar þjóðir, sem á að semja við og yfirlýst er að semja við, og þess vegna ekki ósennilegt, að tíminn byrji seinna hjá þeim, samningarnir verði síðbúnari hjá þeim og samkomulagið nái þess vegna fram yfir þann tíma, sem Bretar megi fiska hér. Þetta er alveg óupplýst mál, og væri nauðsynlegt að upplýsa það.

En það voru ekki þessi atriði, sem ég ætlaði fyrst og fremst að ræða um. Ég tek hér nokkur atriði, sem hafa komið fram í ræðum andstæðinganna og ég tel mig þurfa að gera aths. við.

Það er þá fyrsta atriðið, sem oft hefur komið fram í þessum umr. og ég get ekki látið ómótmælt, ágreiningurinn í vinstri stjórninni um útfærslu landhelginnar í 12 mílur. Ágreiningurinn var um það, sagði hæstv. utanrrh., lengi vel, hve lengi ætti að halda áfram samningum í NATO. Ég er nú sannast að segja undrandi yfir því, að annarri eins fullyrðingu og þessari skuli slegið fram hér á Alþ. Ég ætla ekki að fara að ræða og hef aldrei rætt um einstök atvik frá þeim stjórnum, sem ég hef átt sæti í eða veitt forustu. En ég hef að gefnu tilefni margsagt það, að ágreiningur var í vinstri stjórninni um útfærsluna, hvort ætti að færa út í 12 mílur eða ekki, og það veit hver einasti alþm., að þegar rislð er gegn

vinsælu máli, þá er það ekki háttur manna í ríkisstj. eða hér á Alþ. að rísa beint gegn því, heldur er risið gegn því, að það sé farin þessi eða hin leiðin til að framkvæma það, til þess að stöðva það, látast vera með því, en stöðva það án þess að verða ber að andstöðu við það. En ég ætla ekki að segja meira um þetta en það, að það eru svo margir menn úr þingflokkunum öllum, sem vita um ágreininginn, sem var í vinstri stjórninni um það, hvort ætti að taka þá áhættu að færa út í 12 mílur, og að Alþfl. var hikandi í málinu og stóð gegn því þangað til á seinustu stundu, að það væri hægt að leiða þau vitni, ef á þyrfti að halda, og þarf ekki að fjölyrða um það. Um þetta var ágreiningurinn, og það er alveg rétt, að Alþfl. lét ekki undan, fyrr en dag eftir dag lá við, að stjórnin klofnaði, og var tilkynnt hvað eftir annað í blöðum andstæðinganna, að stjórnin væri klofnuð út af þessu máli, sem Alþfl. var á móti. En það, sem gerði gæfumuninn, var það, að allir vissu, að þjóðin stóð að því einhuga að vilja færa út í 12 mílur, og það þorði enginn flokkur — og Alþfl. sízt af öllu, eins og hann stóð — að rísa gegn því, að þetta væri framkvæmt, og það réð úrslitum.

Í umr. hefur því verið haldið fram, m. a. af hæstv. utanrrh., að það hafi verið hliðstætt, það sem boðið var 1952 af stjórn Steingríms Steinþórssonar og það sem boðið er nú. Svona fullyrðingar er alveg furðulegt að skuli koma fram í málfærslu frá nokkrum hæstv. ráðh. Þannig stóð á 1952, að þegar við drógum landhelgislínurnar, þá höfðum við fyrir okkur dóminn, sem hafði verið kveðinn upp í máli Norðmanna og Breta, og við fengum tvo málfærslumenn úr sjálfu málinu til þess að draga línurnar þannig, að það væri öruggt, að það væri í samræmi við dóminn, sem nýlega var búið að kveða upp. Við vissum þess vegna alveg *með vissu nema e. t. v. um eina línuna, að* það var búið að staðfesta þær með dómi. Og það var sagt við Bretann þá: Afnemið þið fiskveiðibannið fyrst, síðan skulum við fara með málið til Haag. — En þeir fylgdust vitanlega svo vel með og vissu það, að aðgerðir okkar voru í samræmi við dóminn, sem nýlega hafði verið kveðinn upp, og var þýðingarlaust fyrir þá að fara með málið fyrir *Haag-dómstólinn, enda má geta þess í þessu sam*bandi, að það verður vitanlega því erfiðara að fara fyrir dóm með mál eins og þessi, því lengra sem fært er út. Það er þess vegna ekkert sambærilegt að binda sig um aldur og ævi við Haagdómstólinn og að bjóðast til þess 1952 að fara með mál fyrir dóminn, þar sem við höfðum breytt landhelgi okkar í samræmi við dóm, sem nýlega var kveðinn upp í Haag. Annað er að sigla, eins og ég kem að síðar, stefna í algera óvissu, hitt var alveg vissa um það, hvernig málalokin mundu verða.

Því hefur verið haldið fram oft og einatt og hvað eftir annað komið fram í þessum umr., meira að segja oftar en einu sinni, síðan ég bað um orðið fyrir tveim sólarhringum, að þetta sé sama boðið og vinstri stjórnin hafi boðið 1958. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta, en ég ætla þó að draga fram, hvílík fjarstæða þetta er og hve furðulegur þessi málflutningur er, og ég verð að segja það, að þegar svona málflutningi er beitt, eins og ég skal nú sýna fram á, þá hlýtur að vakna sá grunur, að málið sé meira en lítið óhreint, — þegar þarf að beita slíkri málfærslu eins og þeirri að bera þetta saman við það, sem gerðist 1958. Ég veit, að hver einasti ykkar, sem hér er, viðurkennir það, að lélegum rökum og fölskum rökum þarf ekki að beita fyrir góðan málstað, en þeim rökum er oft beitt, þegar málstaðurinn er veikur eða rangur.

Þess er þá fyrst að geta, sem oft hefur verið dregið fram og ég skal ekki fara mörgum orðum um, að samningarnir í NATO voru lögboðnir. Við *vorum skyldugir til að taka þá upp.* Við höfðum gengizt undir þær skyldur samkvæmt lögum Atlantshafsbandalagsins. Og þegar við leituðum eftir því að fá tilboð frá því 1958, var það um útfærslu, eins og oft hefur verið sagt frá, í áföngum gegn því, að þeir fengju að veiða hér á vissum svæðum upp að 6 mílum. Við leituðum eftir því hjá öllum NATO-ríkjunum að fá slíkt tilboð, enda væri þá viðurkennd 12 *mílna landhelgi og* viðurkennt, að við hefðum haft rétt til að færa út einhliða, og það var ekki um neitt það að falla frá mótmælum, það var hrein viðurkenning. Að þessu var leitað, áður en við vorum beittir ofbeldi, áður en reglugerðin kom í gildi, og það var lögboðin sáttatilraun, sem við höfðum gengizt undir að leitað yrði eftir. Það sjá allir, hvílíkur reginmunur er hér á, þegar af þessum ástæðum, sem ég hef nú rakið. En það, sem gerir þetta að andstæðum, beinum andstæðum, þetta, sem hér er verið að gera, og það, sem var boðið 1958, gerir það að andstæðum, en ekki hliðstæðum, er rétt*indaafsalið, sem engum lifandi manni kom til hug*ar að minnast á 1958. Ég veit ekki, hvað hefði verið sagt, ef nokkrum manni hefði dottið það í hug að afsala rétti okkar til einhliða útfærslu 1958, eins og gert er í sambandi við þetta tilboð, — og þetta er borið saman, þetta tvennt. Ég fullyrði, að það þorði enginn að nefna á nafn 1958, ekki einu sinni Sjálfstfl., að við afhentum það vopn, sem við höfðum unnið alla okkar sigra með, réttinn til einhliða útfærslu án þess að spyrja aðra. Og ekki aðeins við höfðum unnið sigrana með því vopni, heldur hafa allar þjóðir, sem komizt hafa í 12 mílur og lengra, unnið sína sigra með þessu vopni, að færa út einhliða, þegar þær hafa talið það eðlilegt og þegar þær hafa talið, að þær kæmust áfram með það — ekki samkvæmt alþjóðalögum, heldur samkvæmt siðferðilegum rétti og venjum, sem þær eru að mynda með því að færa út. Þetta hefur engum manni dottið í hug að afhenda, þetta hefur verið okkar fjöregg, sem Bretar hafa alltaf verið að sækjast eftir, sótt eftir því í 13 ár að fá að fara inn fyrir 12 mílur og fá Íslendinga til að fallast á að færa ekki út nema að ganga undir dóm eða tilkynna það fyrir fram. Loksins höfum við náð því, segir í Fishing News frá 3. þ. m.

Það, sem við höfum sagt um það, að við vildum fara fyrir alþjóðadómstólinn, er þetta: Við höfum sagt það ákveðið hverju sinni, en það var svo fast, svo ákveðið af öllum flokkum, að annað kæmi ekki til mála en að við hefðum þennan einhliða rétt og afsöluðum honum ekki, að það var orðað, og ég sá þá tilkynningu, sá þá frétt m. a. úti í löndum,

þar sem Emil Jónsson, núv. hæstv. sjútvmrh., þá forsrh., tilkynnti það, að við værum reiðubúnir til þess að gangast undir alþjóðadómstól með okkar mál, ef þær þjóðir, sem eru nú um 30, sem væru búnar að færa út í 12 mílur og meira, vildu gangast undir það að hlíta þeim dómi eins og við. En að við einir gengjum undir þennan dóm, sem þurfum mest á fiskveiðilandhelgi að halda allra þjóða, það hefur engri stjórn dottið í hug og datt engum flokki í hug 1958. Þessi hugsun er alveg ný, að afsala sér þessum rétti.

Við vissum vitanlega, að það var óhætt að gefa slíka yfirlýsingu, og Emil Jónsson, hæstv. sjútvmrh., vissi, að honum var óhætt að gefa slíka yfirlýsingu, vegna þess að þeim þjóðum, um 30, sem hafa þessi réttindi, dettur þetta ekki í hug.

Við höfum orðið varir við það, — án þess að fara langt út í það mál, — hvað Bretar hafa sótt eftir þessu, eins og þeir líka segja. Þeir, sem skrifa um málið og vita, hvað samningurinn gildir, segja, eins og t. d. Manchester Guardian: „Hið raunverulega innihald samningsins er það, að Íslendingar hætta við að færa út einhliða og beygja sig fyrir alþjóðadómstól í málinu.“ Það er aðalinntak samningsins.

Eftir tilkynningarskyldunni hafa þeir sótt, sóttust þeir meira að segja þannig, eftir að við færðum út 1952, að það var sendur maður eftir mann til flokkanna og til ríkisstj., með skilaboð frá Bretum, að þeir skyldu aflétta löndunarbanninu, bara ef við vildum gangast inn á það að tilkynna fyrir fram, með ákveðnum fyrirvara, ef við ætluðum að færa út aftur. Í þessu: að tilkynna með ákveðnum fyrirvara — liggur e. t. v. meira, án þess að ég vilji fara að túlka það hér, liggur e. t. v. meira en menn gera sér grein fyrir. Það er kannske viss viðurkenning í því að tilkynna slíkt fyrir fram. Það kynni að vera, að alþjóðadómstóll liti svo á, að ef ein þjóð gengur inn á það að tilkynna annarri, í þessu tilfelli að hún ætli að færa út landhelgina, þá sé búið að gefa meira í skyn, að sú þjóð, sem á að tilkynna það, hafi eitthvað svipaðan rétt á þessum slóðum að sögulegum rétti eða einhverju öðru, heldur en menn gera sér grein fyrir. Það liggur kannske dálítið meira í tilkynningunni heldur en menn halda. Hvers vegna á að tilkynna Bretum þetta, og hvers vegna göngum við inn á að tilkynna þeim einum þetta? Ég ætla ekki að fara lengra inn á það. En svo mikið er víst, að þeir sóttu eftir þessu eftir 1952. Og ég ætla ekki heldur að eyða tímanum í að rekja þá sögu, án þess að tilefni gefist til. En okkur hefur verið það vel ljóst, hvað þetta hefur átt að þýða.

Utanrrh. hæstv. sagði, að Bretar vissu vel sjálfir, hvað það að falla frá mótmælum, sem ég kem síðar að, þýddi. Ég efast ekkert um, að þeir viti það. Og hann sagði, að þeir segðu, að þetta þýddi, að þeir ætluðu ekki að hreyfa andmælum. En þeir hafa hvergi sagt það, svo að ég viti, brezka ríkisstj. eða talsmenn brezku ríkisstj., að þetta gilti sama og að viðurkenna endanlega íslenzku landhelgina, þessar 12 mílur.

Það kemur mjög fram í þessum umr. og er gerður að verulegu atriði einn þáttur, sem skiptir ekki litlu máli að menn geri sér nokkra grein fyrir. Þeir, sem vilja ekki gangast undir alþjóðadómstól í þessu máli, vilja sýna ofbeldi, og hver getur það síður en Ísland? er viðkvæðið. Og hér spyr hv. frsm. meiri hl.: Getur það verið réttarafsal að afsala sér því, sem maður hefur ekki samkvæmt lögum? Við afsölum okkur rétti til að færa út án þess að það sé í samræmi við alþjóðalög. — Þetta sýnist allt saman ákaflega sakleysislegt. Og það er líka sagt oft hér í þessum umr., að þeir, sem vilji ekki lúta alþjóðadómstólnum, ætli sér ekkert annað en ofbeldi, því að alþjóðadómstóllinn fari eftir þeim lögum — og eftir alþjóðarétti. Nú skulum við athuga þetta.

Þá er fyrsta spurningin: Eru til lög um landhelgina? Nei, þau eru ekki til. Þetta mun enginn vefengja. Þess vegna var haldin ráðstefna tvívegis um það að reyna að koma sér niður á, hvað alþjóðalög skyldu vera. Og hvað segir laganefnd Sameinuðu þjóðanna? Hún segir: Ég hafði ekkert umboð til þess frá Sameinuðu þjóðunum að kveða upp neinn úrskurð um það, hvað væru alþjóðalög. Það, sem við sögðum, sögðu þeir, var ekkert annað en að endursegja staðreyndir, að landhelgi virtist vera milli þrjár og tólf mílur. Það er ekki vafi á því, að menn hafi haft tilhneigingu til þess að halda því fram, að 12 mílna landhelgi væri hin löglega landhelgi, og hún getur verið lögleg fyrir því, þó að ekki séu lög til að byggja hana á.

Það hefur núna 31 þjóð, að ég held, 12 mílur og meira. Og hvernig hafa þær öðlazt það? Með einhliða útfærslu. Er dómur fyrir landhelgi þeirra? Ekki veit ég til þess, að til sé dómur fyrir landhelgi einnar einustu. Hafa þær beygt sig undir alþjóðadóm? Nei. Eru þetta ofbeldisþjóðir allt saman? Við skulum athuga það. Það er nefnilega ekki hægt að brjóta lög, sem eru ekki til. Útfærslan er ekki andstæð lögum, og þess vegna er hún ekkert ofbeldi, en hún er ekki byggð á lögum eða lagafyrirmælum, af því að þau eru ekki til. Við höfum fært út í bæði skiptin vegna þess, að þó að ekki séu alþjóðalög fyrir því, sem við höfum gert, þá vissum við, að reglurnar voru að skapast fyrir því, að við gætum tekið okkur fyrst 4 og síðan 12 mílna landhelgi. Og við urðum að halda áfram að færa út landhelgina samkv. íslenzkum lögum og alþjóðarétti, ekki kannske alltaf samkv. lagarétti, heldur landfræðilegum rétti, siðferðilegum rétti og fleira, sem byggir smátt og smátt upp réttinn meðal þjóðanna. Með því að fallast á það að leggja málið undir alþjóðadóm, skipum við okkur aftast í röðina í staðinn fyrir fremst í röðina. Við höfum verið meðal þeirra þjóða, sem með útfærslu okkar á landhelginni höfum verið — kannske ekki nema að litlu leyti — að skapa venjur, skapa rétt. Nú getum við ekki, eins og hefur verið sýnt hér fram á mjög greinilega af öðrum, annað en sigla í kjölfar hinna, komið ef til vill nokkuð langt eða mjög langt á eftir. Það er vitað mál, að alþjóðadómstóllinn er íhaldssamur, — dómstólar hafa alltaf tilhneigingu til að vera íhaldssamir, — og alþjóðadómstóllinn dæmir ekki eftir venju og reglum, fyrr en þær eru orðnar viðurkenndar. Hann dæmir eftir gömlum lögum, þangað til reglurnar eru orðnar viðurkenndar í verki. Þess vegna er það, að við getum orðið langt á eftir í landhelgismálinu samanborið við það, sem við höfum orðið,

hefðum við haft réttinn til einhliða útfærslu, eins og við höfðum áður. Afsalið á réttinum til einhliða útfærslu er langstærsta atriðið í þessu máli, svo að öll hin atriðin eru ósambærileg við það.

Ég ætla að athuga brtt. litils háttar og mun ekki heldur þar verða langorður.

Það er þá fyrst, að við ættum nú sannast að segja að geta orðið sammála um það að hafa skiljanlegt orðalag á þeirri orðsendingu, sem hæstv. utanrrh. sendir. Það er nú raunverulega það minnsta, sem hægt er að gera kröfu til. Og kem ég þá fyrst að orðunum „falla frá mótmælum". Þessi orð eru túlkuð á þann veg, að það sé sama sem að viðurkenna endanlega og óafturkallanlega, eins og hæstv. utanrrh. hefur orðað það. Um þetta atriði hefur lagadeild háskólans gefið út álitsgerð, sem ég tel eina furðulegustu álitsgerð, sem ég hef séð, og hefur sumt af því verið rakið í þessum umr. Ég efast ekkert um það, að í lagadeild háskólans eru góðir lögfræðingar, betri og viðlika og margir aðrir lögfræðingar í þessu landi. En ég hef sannast að segja ekki séð og ekki búizt við, að deildin léti frá sér álitsgerð eins og þá, sem hún hefur látið sér sæma að láta frá sér í þessu máli. Ég hygg, að það sé það venjulega, þegar stofnun eins og háskólinn lætur frá sér álitsgerð í máli svipuðu og þessu, þá sé það sýnt og sannað, að orðatiltækið „að falla frá" hafi verið notað í millirikjasamningum, hafi þýtt það, sem þeir tilgreina, og hafi staðizt þann skilning, sem þeir tilgreina. Öðruvísi er það ekki sá rökstuðningur, sem lagadeild sæmir að láta frá sér. En hitt vita allir menn, bæði utan þings og innan, að það „að falla frá mótmælum" þýðir ekki: að viðurkenna, frekar en „að þegja og veita ekki andmæli" þýðir: samþykkja. Og það er alveg furðulegt, að við skulum þurfa að deila um það hér á Alþ., að notað sé orðalag í þessum samningum eða þessari orðsendingu, sem er skiljanlegt og afdráttarlaust. Ef þetta orðalag: „falla frá mótmælum" — þýðir sama sem viðurkenna endanlega og óafturkallanlega, hvers vegna má ekki nota þessi orð? Og ef hver og einn okkar þm. spyr sig aðeins að þeirri samvizkuspurningu, dettur nokkrum okkar í hug, að brezka stjórnin noti orðatiltækið „falla frá mótmælum", án þess að það liggi ásetningur á bak við? Haldið þið, að þeir séu að leika sér að því að nota einhver önnur orð yfir sama hugtak, það sé eitthvert aðalatriði fyrir þá? Það getur haft þýðingu, að gengið sé rétt frá orðalagi í samningum. Og ég er ekki í neinum vafa um, að það á eftir að koma á daginn, að þetta orðalag er sett í ákveðnum tilgangi, annars væri það ekki gert. Ég veit, að okkar menn, sem reyndu samninga í London, hafa reynt að fá hitt orðalagið, því að það var ekkert leyndarmál, að ýmsir sögðu það við hvern sem hafa vildi, að það yrði aldrei fallizt á þessa samninga, nema hreinlega yrði viðurkennd endanlega og óafturkallanlega 12 mílna landhelgi, og þetta orðalag er eingöngu komið inn frá brezku stjórninni, vegna þess að okkar menn hafa ekki fengið annað. Þetta orðalag hefur engum Íslendingi dottið í hug að taka upp í staðinn fyrir það, sem þeir höfðu sett sér að ná fram. Þetta orðalag er frá brezku stjórninni og sett fram í ákveðnum tilgangi.

Ég ætla hér að minnast á annan samning, sem var gerður 1941 og þar sem orðalag var þannig, að það virtist vera ákveðið. Þessi samningur er herverndarsamningurinn við Bandaríkin. Það var fenginn lærðasti diplómat Íslands til þess að orða samninginn ásamt manni, sem hafði þá nýlega látið af starfi sem prófessor við Háskóla Íslands. Ein grein í þessum samningi var, með leyfi hæstv. forseta: „Bandaríkin skuldbinda sig til að hverfa burt af Íslandi með allan herafla sinn á landi, í lofti og á sjó, undireins og núverandi ófriði er lokið." Það var tekið fram í orðsendingunni, að það yrði að svara henni alveg nákvæmlega játandi, og væri óskað eftir, að svarið yrði ekki birt, fyrr en íslenzka ríkisstj. væri búinn að rannsaka svarið. Svarið kom, og það er tekið upp: „Bandaríkin skuldbinda sig til að hverfa burt af Íslandi með allan herafla sinn á landi, í lofti og á sjó, undireins og núverandi ófriði er lokið." Svo var hnýtt aftan í orðsendinguna ákaflega kurteisum orðum um, að þeir virtu okkar sjálfsákvörðunarrétt o. s. frv., en skotið inn í, að þeir mundu fara héðan, strax og núverandi hættuástandi í millirikjaviðskiptum er lokið. Það var talið af þeim, sem rannsökuðu þetta, að það væri að visu svolitið öðruvísi orðað, en þetta væri almenn kurteisi þarna í lokin, sem væri eðlilegt að fylgdi svarinu. En svo mikið er víst, að þegar átti að fara að ganga eftir því, að herinn færi, þá sagði Bandaríkjastj.: Ófriðnum er ekki lokið, hættuástandinu er ekki lokið. Það þarf fyrst að gera samninga við styrjaldaraðila o. s. frv. — Og á þessu var samningurinn byggður 1946 um lið á Keflavíkurflugvelli, sem heitir: „Samningur um niðurfellingu herverndarsamningsins við Bandaríkin." Þetta er aðeins ónákvæmt orðalag, sem enginn tók eftir. Bæði maður, sem var fyrrv. prófessor, og reyndur diplómat rannsökuðu orðalagið, og það þýddi þetta. Stórveldið segir: Við skiljum það svona, og við höldum okkur að því. — En á því ættu allir alþm. og allir að geta séð, hvað það þýðir að hafa óákveðið orðalag, eins og það að „falla frá", hvort það muni standa á þjóð, sem telur sér fært að nota slíkt, að nota það, ef hún getur. Þó að ég ætli ekki að hafa í frammi neina illmælgi um brezka heimsveldið, síður en svo, þá dettur mér ekki í hug að halda því fram, að Bandaríkin séu ekki a. m. k. eins orðheldin sem þjóð eins og Bretar. En þetta orðalag notuðu þeir til þess að hanga í því og sögðu: „Okkur er ekki skylt að fara burt af landinu með herinn." Þess vegna er það alveg furðulegt, ef menn ganga að því með opin augun að taka við orðalagi, sem okkur er skammtað af Bretum í þessu sambandi og þeir hafa áreiðanlega ákveðinn tilgang með.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um hinar brtt. Ég get ekki séð, að það sé neins staðar tekið fram í samningnum, nema þá óbeint, eins og hæstv. ríkisstj. heldur fram, að Bretar fari héðan úr landhelginni eftir 3 ár. Og hæstv. utanrrh. getur sagt okkur það, að hann hafi útvegað sér þetta bréf vegna hinnar vondu stjórnarandstöðu, vegna þess að hún mundi tortryggja sig. Þetta kemur alls ekki heim, eins og fæst í þessu máli, það rekur sig hvað á annað, því að hæstv. ráðh. sagði frá bréfinu í útvarpi, áður en nokkur var farinn að tortryggja hann. Og hvers vegna telur

hann sig þurfa bréf upp á það, að Bretar fari héðan, ef það er svo ákveðið í samningnum, að það sé alveg öruggt? Hvers vegna þarf að fá aukabréf upp á það, að Bretarnir fari, ef það er alveg öruggt samkv. samningnum, að þeir fari? Hvers konar samningur er þetta eiginlega að verða, þegar þarf að lappa upp á hann með skýringum frá háskólanum, að þeir skilji hann svona og svona, vegna þess að Bretarnir muni hugsa svona og svona, og lappa upp á þetta atriði, að þeir muni fara héðan? Það sýnir, að samningurinn er ekki í augum ríkisstj. allt of öruggur, og það er heldur engin furða. Þess vegna er það, að það stendur í bréfinu, sem hæstv. utanrrh. hefur með höndum frá brezku ríkisstj., að ríkisstj. Bretlands hafi skuldbundið sig til að fara héðan eftir 3 ár. Hvað er þá á móti því að samþykkja þetta inn í sjálfan samninginn? Hvað er þá á móti því að samþykkja þetta, fyrst það stendur í aukabréfi, sem er í höndum ráðh.? Hvað er á móti því? Hvernig geta Bretar haft nokkurn skapaðan hlut á móti því? (**Gripið fram í:** Það stendur í bréfinu.) Já, hann las það upp, að þeir lofuðu því að fara, þegar þeir væru búnir að umþótta sig. Brezka stjórnin er nú farin að nota þetta orð líka, að umþótta sig. Það væri gaman að heyra, hvernig það hljóðar á ensku. En hvers vegna, segi ég enn og aftur, hvers vegna má þeim ekki vera sama, þó að það standi í samningnum, það sem hæstv. utanrrh. segir að standi í bréfinu?

Enn fremur er sagt í 4. tölulið orðsendingarinnar, að næstu 3 ár megi þeir ekki veiða á tilteknum svæðum. Ég er nú hræddur um, að lögfræðingar eins og þeir, sem sitja í ríkisstj., hefðu kannske brugðið því fyrir sig, ef þeir hefðu verið að ræða samning, sem einhver önnur ríkisstj. gerði en þeir sjálfir, þá hefði kannske komið eitthvað um það, að það mætti álykta ex contrario. Það mætti segja, fyrst þeir mega ekki veiða í næstu 3 ár, að þeir megi veiða á eftir. Ég vil ekki skýra málið þannig og ekki halda því fram, að það þýði það, en stundum eru lög skýrð þannig og samningar. Ég vil halda því fram, að það sé ekki í þessu tilfelli. En hvers vegna má ekki standa „framvegis er", frá því að samningurinn tekur gildi, er þeim óheimilt að veiða á þessum stöðum, bæði í næstu þrjú ár og árin þar á eftir? Hvers vegna má þetta ekki standa, ef það er ætlunin, að þeir fari þarna út eftir þrjú ár? — Þetta er alveg furðulegt. Það má ekki nota rétta orðið yfir, að þeir viðurkenni íslenzka landhelgi. Það má ekki nota orðin um það, að þeir lofi því að fara, sem þó er sagt að standi í bréfi, sem hæstv. ráðherra hefur. Og það má ekki heldur segja, að framvegis skuli þeir ekki fiska á tilteknum svæðum, heldur þarf að segja: næstu þrjú ár mega þeir ekki fiska, en ekki tekið fram um það, hvað sé eftir þrjú ár.

Það er sagt, að við gerum allt til þess að tortryggja þennan samning. Við gerum ekkert annað en að koma með brtt., skýra orðun á því, sem þeir segja að samningurinn þýði. Og hvers vegna má ekki orða hann skýrt? Þeir halda því ekki fram, að þessar brtt. þýði ekki það sama og samningurinn, eins og hann liggur fyrir. Nei, síður en svo. En það má bara ekki orða það skýrt.

Svo komum við að síðustu brtt., sem er um alþjóðadóminn. Það er nú búið að halda fram furðulegustu staðhæfingum um alþjóðadóminn og vinnubrögð hans. Það er sagt, að við getum fært út, látið liggja að því strax í utanrmn., að við getum fært út landhelgina og þær breyt. standi, þangað til alþjóðadómstóllinn sé búinn að kveða upp dóm í málinu. Mér varð að orði satt að segja: Nú, þetta er ekki amalegt. Ef þetta er svona, þá verðum við alltaf að færa út, færum bara út á allt landgrunnið. Og svo tekur það langan tíma að útkljá þetta fyrir alþjóðadómi, og á meðan höldum við þessu og Bretarnir fiska ekki ugga hér. Svo næsta skipti, þegar við erum búnir að tapa þessu, þá færum við okkur eitthvað lengra inn kannske, og svo koll af kolli. Vitanlega er þetta ekki svona. Og það gerir umr. hér að þeim furðulegustu umr. að ræða um svona hlut á þennan hátt. Ég viðurkenni það, að hæstv. utanrrh. hefur aldrei sagt um þetta annað en það, sem má til sanns vegar færa, þó að hann talaði þannig, að það hlaut að verða misskilið, og ég vil ekki halda því fram, að hann ætlist til að láta misskilja sig. Sannleikurinn er sá, að það er líka sagt allt annað, áður en þessar sögur eru fundnar upp. Þeir finna það, að mönnum er viðkvæmast af öllu, sem er ekki furða, að afsala sér réttinum til einhliða útfærslu, sem hefur verið vopn okkar og allra þjóða, sem hafa fært út landhelgina, eins og við höfum sýnt fram á. Og þá er þetta fundið upp. En í aths. við þáltill. stendur það, sem hefur nú verið áréttað af einum hv. þm., sem hér hefur talað, það er í fjórða lið, að ágreiningi um hugsanlegar aðgerðir skuli vísað til alþjóðadómsins. Um hugsanlegar aðgerðir, ekki aðgerðir, sem búið er að gera. „Um hugsanlegar aðgerðir," stendur í sjálfri grg. Og við vitum það, þó að maður sé farinn að ryðga í lögum, þá þekkir maður þá lagareglu, sem er sú almennasta, að þegar deila er um eitthvert atriði, þá er a. m. k. ekki sá, sem kann að verða dæmdur, settur inn í tugthús og látinn taka út refsinguna, áður en dómur gengur. Og það er reynt að halda status quo í hverju máli, þangað til dómur er genginn, — því ástandi, sem var, þegar deilan reis, er reynt að halda, en láta hvorugan aðila ná þeim rétti, sem hann er að sækjast eftir.

Þegar við erum í þessu tilfelli að deila um landgrunnið, þar sem Bretar fiska og þar sem við fiskum, þá er vitanlega reynt að láta haldast það ástand, sem verið hefur, þangað til dómur er kveðinn upp. Og samkv. lögum dómsins er gert ráð fyrir þessu, því að í 41. gr. segir: „Dómstóllinn hefur vald til þess að ákveða, ef hann telur atvik heimta það, hverja þá bráðabirgðaráðstöfun, er hann telur þurfa að gera til hagsmunagæzlu hvors aðila." Og þetta getur hann tilkynnt aðilum og öryggisráði. Það, sem hæstv. utanrrh. á við, þegar hann talar um úrskurð, en ekki dóm, — hann talaði um úrskurð réttilega, — er það, að fyrsta verk dómsins yrði sennilega það að ákveða, áður en 6 mánaða fresturinn er útrunninn, að það ástand, sem verið hefur, skuli haldast óbreytt, þangað til dómurinn hefur verið kveðinn upp, samkv. þessari lagagr. Þó að það sé orðað þannig, að menn hlutu að misskilja hann, þá er það þetta, sem hann á við með þeim úrskurði, sem gengur innan sex mánaða.

Ég ætla ekki að fara frekari orðum um alþjóðadómstólinn. Það hefur verið talað um hann hér af öðrum og sýnt fram á, að það er áhyggjuefni framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, hvað dómstóllinn hefur litið álit og miklu minna álit en gamli Haag-dómstóllinn hafði. En það er staðreynd, að þessum dómi hafi ekki viljað lúta nema um einn þriðji af Sameinuðu þjóðunum. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að í þessum dómi séu ekki góðir og gegnir menn, — síður en svo, — þeir eru það áreiðanlega. En það er alveg tvímælalaust, eins og rakið hefur verið hér, og það er sú stóra hætta, að dómari, hvað samvizkusamur sem hann er, fer ekki eftir öðru en sínum skoðunum, skoðunum og lögum og venjum, sem hann á að dæma eftir, og þær mótast alltaf af því þjóðerni, sem hann tilheyrir, af þeirri menningu, sem hann lifir í og er alinn upp í. Og það er staðreynd, að þær þjóðir, sem eru á móti okkur í landhelgismálinu, eiga nú meiri hluta í dómnum. Við getum þess vegna ekki búizt við því, eins og ég líka sagði áðan, þegar ég minntist á hættuna af því að afsala hinum einhliða rétti til útfærslu, að þegar dómurinn dæmir, þá verði það mat, sem hann leggur á okkar mál, okkur hagkvæmt, því að við skulum gera okkur það ljóst, eins og margsinnis hefur verið tekið fram, að hér er ekki verið að dæma eftir lögum, hér er verið að dæma eftir því, hvað dómurinn álítur rétt í þessu tilfelli, til þess hefur hann vald, og það er eins konar mat á aðstæðum. Við getum ekki búizt við því, að það verði okkur hagstætt, þvert á móti.

Það er því eitt af því allra hættulegasta, sem nokkurn tíma hefur verið gert, það réttindaafsal, sem hér er verið að gera í þessu máli. Það er í mínum augum svo alvarlegt atriði, að ég tel það langsamlega stærsta málið, sem hefur komið fyrir á Alþ., síðan ég kom í þessa sali, og samanborið við miklu lengri tíma.

Það getur ekki verið, að þessu máli, sem hefur verið svo lengi í deiglunni, liggi svo mikið á, að ekki sé hægt að láta það ganga undir þjóðaratkvæði. Ég skil ekki í því, að nokkur þm. neiti því í hjarta sínu, að hann hefur ekki umboð til að gera þennan samning. Allir flokkar og allir frambjóðendur við síðustu kosningar, núv. þm., lofuðu þjóðinni því hátíðlega, að þeir skyldu ekki slá undan í því máli, og það sem er undansláttur og stærsti undansláttur in er afsalið á einhliða réttinum, — afsalið á einhliða réttinum, sem hefur verið vopn okkar til þessa í málinu og vopn allra þjóða, sem komizt hafa í 12 og yfir 12 mílur í landhelgismálinu. Þeir hafa ekkert umboð til þess. Og hvers vegna ekki, ef stjórnarflokkarnir eru svo sannfærðir eins og þeir segja um það, að þjóðin jafnvel fagni þessum samningi, mikill meiri hluti hennar sé honum samþykkur, — hvers vegna ekki að láta þetta ganga undir þjóðaratkvæði? Ég vil nú enn skora á ríkisstj. að taka þetta atriði til athugunar. Hér er verið að gera stórfelldara afsal á réttindum en gert hefur verið, — kannske erum við að afsala sjálfstæði okkar, og ég get undir engum kringumstæðum skilið, hvers vegna þarf að þvinga þennan samning í gegn með þessum hraða og ekki hægt að láta þjóðaratkvæði ganga í málinu. Ég vil blátt áfram óska eftir því, að ríkisstj geri grein fyrir því, hvers vegna sú leið er ekki farin. Það hafa engin rök komið fram fyrir því enn, að það sé ekki hægt. Ég get ekki séð, að Bretum liggi svo mikið á að gera þessa samninga, eða ég veit ekki til þess. Það kann að vera, að fyrir liggi loforð, að þeir mættu koma hingað einhvern ákveðinn tíma. — En ég vil enn einu sinni skora á ríkisstj. að taka það til athugunar að fallast á, að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um þetta stórmál.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera allt of langorður, það er búið að ræða mikið um þetta mál. Skal ég reyna að taka aðeins aðalatriðin, sem ég álít að séu í þessum samningi.

Hv. frsm., 5. þm. Reykv. (JóhH), fórust orð í ræðu, sem hann hélt, á þessa leið: Við höfum þá trú á málstað þjóðar okkar, að við þorum að vísa til alþjóðadómstóls. — Ég vil bara spyrja: Hvers vegna vísuðu þeir ekki ágreiningsatriðinu við Breta um landhelgismálið til alþjóðadómstóls nú? Hvers vegna gerðu þeir það ekki? Það var einfaldlega af því, að þeir vissu, að þeir mundu tapa fyrir þeim alþjóðadómstóli, vegna þess að hann hafði engin lög til þess að dæma eftir. Þora þeir það þá frekar síðar, ef á að færa landhelgina frekar út? — Ég vil bara biðja ykkur að athuga það. Er aðstaðan þá betri? Hvaða tryggingu hafa Íslendingar fyrir því, að það verði sett einhver lög viðvíkjandi útfærslu landhelgi? Alls enga.

Ég gæti trúað, að þeir glottu, Bretarnir, þegar þeir eru að athuga þetta og þegar þeir eru að fá þýðingar á íslenzku blöðunum, þar sem þau tala um þann mikla sigur, sem við höfum unnið í samningunum við þá. Það er nefnilega dálítið barnalegt að lofa því að vísa ágreiningi um útfærslu landhelginnar til alþjóðadómstóls, þegar vitað er, að hann hefur engar lagasetningar til að dæma eftir viðvíkjandi útfærslu landhelgi. Þetta er ofur litið barnalegt, að ætla að lofa þessu fyrir alla framtíð. Það væri fyrir sig, ef ríkisstj. hefði gert þann fyrirvara, að yrðu gerðar alþjóðasamþykktir um útfærslu landhelgi, þá skuldbyndi ríkisstj. sig til að hlýða þeim samþykktum, og ef ágreiningur yrði um framkvæmd þeirra, þá yrði honum vísað til alþjóðadómstóls, því að þá var tryggt, að alþjóðadómstóllinn hafði einhverjar samþykktir til að fara eftir. En það er fráleitt að lofa að vísa ágreiningsmálinu um útfærslu landhelginnar til alþjóðadómstóls, þegar vitað er, að hann getur ekki dæmt eftir neinum reglum eða samþykktum.

Af hverju var Genfarráðstefnan haldin? Til að reyna að koma sér niður á einhverjar reglur. Og það náðist ekki samkomulag. Hvaða tryggingu höfum við fyrir því, að það næist nokkurn tíma samkomulag? Það þurfti tvo þriðju atkvæða til þess að fá löglegt samkomulag á Genfar-ráðstefnunni, — það náðist ekki, — en það þurfti ekki nema einn þriðja til að stöðva málið. M. ö. o.: Bretar og aðrar fiskveiðiþjóðir, sem vilja ekki, að við stækkum landhelgina, þurfa á ráðstefnum með sömu reglum ekki nema einn þriðja af atkv. til að hindra, að nokkrar reglur verði settar, og þar með að hindra það um alla framtíð, að við getum nokkurn tíma fært frekar út landhelgina en orðið er. Þetta er alvarlegur hlutur. Þetta er þungi málsins.

Ég geri ekki mikið úr 1. liðnum. Það má vel vera, að Bretar geri þetta af klókskap. Ég gæti vel fallizt á það. En ég hef ekki trú á því, að þeir veiði með herskipavernd innan við 12 mílur framar, af því að þeir eru búnir að reyna til þrautar, að það er ekki gerlegt, það er ekki framkvæmanlegt. Það var verið að birta mynd af hv. 4. þm. Austf. í Morgunblaðinu og reyna að gera hann hlægilegan fyrir það, að hann hélt því fram, að þetta hefði bara verið til bóta fyrir okkur, að Bretar héldu sínum skipum í hópum. En þetta var bara dagsatt hjá 4. þm. Austf., — ég vil nú ekki segja: aldrei þessu vant, — en hann sagði satt þarna. Þetta var bara dagsatt. Þetta er alveg hliðstætt því t. d., ef nágranni okkar ætlaði að beita kúm í túnið okkar. Haldið þið það væri ekki betra fyrir okkur, að hann passaði kýrnar á einhverjum bletti á túninu, en hann léti þær valsa um allt túnið? Það er bara það, að áður en Bretar tóku upp á þessu, þá urðum við t. d. fyrir línutapi fyrir norðan. Eftir að þeir voru farnir að hópa saman skipunum, urðum við aldrei fyrir neinu veiðarfæratjóni. Hv. 4. þm. Austf. sagði alveg satt þarna, þó að Morgunblaðsmennirnir skilji það ekki, því að þeir hafa aldrei verið neinir sjómenn og ekki lagt neina línu og hafa ekkert vit á þessu.

Það sér hver einasti maður, að það er hreinn fíflaháttur að ætla að lofa því skilyrðislaust að vísa máli til alþjóðadómstóls, þegar engar samþykktir og engin lög eru til fyrir því, hvernig á að dæma. Það er eins og einhverjir krakkar hefðu gert þetta.

Ég get lýst því yfir, að ég reyndi að gera mér grein fyrir þessu máli algerlega hlutlaust og hef ekki nokkra löngun til þess að halla á ríkisstj., ekki þá minnstu, og hefði feginn viljað vera með þessu, ef ég hefði getað. Ég hugsaði málið algerlega hlutlaust, því að það er sannarlega nóg, að þessir ráðh. vinni hér um bil kauplaust, þótt ekki þurfi að skamma þá fyrir alla skapaða hluti, sem þeir gera. Ég hef enga löngun til þess að deila á ríkisstj. En ég vildi benda þeim á þetta, ef nokkur leið væri að laga þetta, að koma a. m. k. því skilyrði inn, að ágreiningi sé ekki vísað til alþjóðadómstóls, án þess að búið sé að gera samþykkt um fiskveiðilandhelgina. Það er sjálfsagt fyrir Íslendinga að hlýða lögum og reglum. En það þurfa bara að vera einhver lög og einhverjar reglur, einhverjar samþykktir til að fara eftir. En hitt er eins og hver önnur glópska, að lofa því að vísa ágreiningsatriði til dómstóls, þegar hann hefur enga möguleika til að dæma málið. Ef þeir treysta því, að þetta sé rétt og framkvæmanlegt, þegar á að færa landhelgina út fyrir 12 mílur, því gera þeir það þá ekki nú að fara í 12 mílur, þar sem um 30 þjóðir hafa gert það, og þar er þó hægt að styðjast við fordæmin, þó að það sé ekki annað? Hvaða ástæðu höfum við til þess einir allra þjóða að lofa svona löguðu? Hvaða þjóð hefur lofað þessu? Hvaða þjóð hefur lofað því, er hún ætlar að stækka landhelgi sína, að leggja það undir alþjóðadómstól? Engin. Þetta er auðmýking á frelsi okkar og sjálfstæði. Það er búið að samþ. hér landgrunnslög frá 1948. Hvað voru menninrnir að gera, ef þeir héldu ekki, að þeir réðu yfir landgrunninu? Hvað átti það að þýða að samþ. lög um þetta? Það er vitað, að þegar um málma og olíur og slíkt er að ræða, þá vilja þjóðirnar hafa rétt yfir landgrunninu, en það hafa ekki náðst enn samþykktir um veiðina. Má vera, að það verði, má vera að það verði ekki, en það er bara óviturlegt að lofa þessu alveg ótímabundið. Það væri fyrir sig, ef það væri í 10—20 ár. Þetta er ótímabundið. Hvað munu næstu kynslóðir segja um þetta? Hvernig munu þær dæma það, ef þær verða algerlega færðar í fjötra, ef afkomendur okkar óska eftir því eftir 30—60 ár, að breyta landhelgislínunni? Bretar segja: Jæja, við leggjum það fyrir alþjóðadómstól. — Þeir hafa séð um það, að engar reglur eða samþykktir eru til, sem gera okkur mögulegt að færa út landhelgina. Hvernig munu þær dæma þessa menn? Ég vil segja: Það á engin ríkisstj. að gera svona hlut, svona endileysu. Með einföldum orðsendingum milli ríkja ætla þeir að gera þetta: hlut, sem skerðir í raun og veru frelsi og sjálfstæði okkar. Það er alveg sjálfsagt fyrir okkur að hlýða lögum og reglum, en þær verða bara að vera til. Og ef þær eru til, þá þarf ekki neitt að vera að lofa því að vísa til alþjóðadómstóls, þá hafa allar þjóðir rétt til þess.

En viðvíkjandi því ofbeldi, sem Englendingar hafa verið að sýna okkur, þá er allt of mikið gert úr því, hvað okkur stafi mikil hætta af því. Þeir vita það ósköp vel sjálfir, að það er ekki hægt að láta skipin veiða sér til hagsbóta með herskipavernd. Það er ekki hægt. Þeir gerðu þetta aðeins af stífni og neyddu skipin til þess, þeim var miklu betra að vera frí og frjáls utan við 12 mílurnar en vera að þvinga þau að veiða á vissum svæðum innan við þær. Þetta vissu Bretar sjálfir og voru komnir í algert öngþveiti. Við áttum bara að halda þetta út. Og ég get sagt ykkur það, að það var miklu betra fyrir okkur að ganga að því, sem um var talað á Genfar-ráðstefnunni, að lofa þeim að veiða hvar sem var í 5 eða 6 ár, heldur en ganga að þessu fyrir ótakmarkaðan tíma. Það var miklu hagkvæmara fyrir okkur, því að það skulum við gera okkur ljóst, að þeir fá að vera þar sem þeir vilja fyrir norðan á sumrin, fyrir sunnan að vetrinum, þeir fá nokkurn veginn að haga sér eins og þeir vilja.

Og það, sem Bretar veiða ríkisstj. á, er útfærsla grunnlinanna. Ég skal játa, að í bili er okkur þetta hagræði. Það má vel vera, að við hefðum getað náð þessu, en það hefði getað kostað okkur einhverja fyrirhöfn og deilur. Agnið, sem ríkisstj. Íslands er veidd á, er útfærsla grunnlinanna, en í því er falinn sá öngull, að bundnar eru hendur okkar um alla framtíð viðvíkjandi því, að við getum fært frekar út fiskveiðilandhelgina. Hverju skiptir Breta línan á milli 6 og 12 mílna, miðað við hinn hluta landgrunnsins? Hún er einskis virði fyrir þá. Það er það, sem þeir hafa alltaf óttazt, að við færum lengra en í 12 mílur. Það er það, sem þeir hafa alltaf verið að reyna að tryggja, að við gerðum það ekki.

Við vitum það í stjórnarandstöðunni, að það er sama, hvaða till. við komum með, þær eru allar drepnar. En ég vildi nú benda ríkisstj. á, hvort það væri ekki hægt að koma að þeim fyrirvara, að málinu væri ekki vísað til alþjóðadómstólsins, nema alþjóðadómstóllinn hefði einhverjar samþykktir til

að dæma eftir. Ef það er ekki hægt, þá er betra fyrir okkur að semja ekki heldur en semja um þetta. Það er barnalegt að *semja svona og furðulegt*, að fullþroska menn skuli láta sér detta það í hug. Hvernig í ósköpunum stendur á því, að þeir vísa ekki núna deilunni til alþjóðadómstóls? Það er af því, að það er ekki hægt. Þeir hafa ekkert til að dæma eftir. Svo þegar búið er að færa landhelgislínuna út í 12 mílur, þá á að vísa ágreiningsatriðinu fyrir alþjóðadómstólinn. Þetta er eins og hver önnur endileysa. Ef menn athuga þetta skynsamlega og rólega, þá sjá menn, að þarna er verið að teyma menn á asnaeyrunum.

Aðstaða Breta gagnvart okkur eftir þetta er ámóta og mannsins, sem er búinn að láta laxinn gleypa agnið, *og það er ekki í munninum á honum*, það er komið í magann á honum og hann getur alls ekki losað sig. Ef þetta agn væri nú aðeins í munninum á hæstv. ráðh., þá væri víst enginn fúsari en ég að losa þá við það.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það eru mjög furðulegar kenningar, sem hér er haldið fram, að það sé afsal á einhliða rétti Íslendinga til þess að færa út landhelgina, ef við föllumst á það, að ágreiningur af þeim sökum skuli lagður undir alþjóðadómstól. Því er haldið fram, að þetta sé mikið réttindaafsal, vegna þess að alþjóðadómstóllinn hafi ekki eftir neinum reglum að fara. Og það er sagt einnig, að dómstóll hljóti ætíð að verða íhaldssamur og verða á eftir þróuninni í þessum málum.

En hver er nú sannleikurinn í þessu, ef við skoðum þetta mál? Hvaða stofnun er það, sem varð þess valdandi, að mjög breyttust viðhorf í öllum landhelgismálunum, og meira að segja kom af stað þýðingarmestu breytingunni, sem enn hefur orðið á landhelgi Íslendinga, og það var friðun flóa og fjarða við Ísland? Voru það alþjóðasamþykktir eða samningar eða fordæmi 20—30 ríkja, eins og hér er vitnað til, eða var það kannske alþjóðadómstóllinn, sem hafði í því forustuna og var skapandi þess réttar, sem reynzt hefur okkur mikilsverðastur í þessu máli?

Það var vitnað hér áðan af hv. 2. þm. Vestf. í dóminn í máli Norðmanna og Breta, sem var undirstaða aðgerða okkar 1952. Sá dómur var einmitt brautryðjandi í þessum efnum. Hann kvað á um það, þó að engin sett alþjóðasamþykkt væri til, að þá væri það m. a. vegna lífshagsmuna fólksins, sem Norðmenn höfðu rétt fyrir sér, en ekki Englendingar. Það var þessi alþjóðadómstóll, sem nú er sagt að ætíð sé á eftir, — það var hann, sem setti fram í skýru og stuttu máli þær helztu röksemdir, *sem við höfum fram á þennan dag byggt á*, ekki aðeins það, sem við gerðum 1952, heldur einnig réttarlega túlkun á því, að aðgerðirnar 1958 hafi haft við lög að styðjast. Það er þess vegna algert ófugmæli og lýsir fullkominni vanþekkingu á sögu þessa máls og alls, sem í því hefur gerzt, þegar sagt er, að alþjóðadómstóllinn sé þarna á eftir þróuninni, 20—30 árum, þegar það liggur fyrir, að í því eina máli þessarar tegundar, sem lagt hefur verið undir hann, vann hann brautryðjendastarf — og okkur Íslendingum alveg sérstaklega ómetanlegt brautryðjendastarf.

Ég játa, að það kann að verða löng bið, þangað til við fáum alþjóðasamþykkt eða viðurkenningu einstakra ríkja fyrir rétti okkar yfir landgrunninu að öllu eða einhverju leyti. Alþingi Íslendinga gerði sér hins vegar grein fyrir því 5. maí 1959, að þennan rétt gætum við ekki tekið okkur nema að fá á honum viðurkenningu annarra. Og nú höfum við, í stað þess að afsala rétti til Breta, fengið þá til þess fyrir fram að skuldbinda sig til þess varðandi þá stofnun, sem þarna hefur verið brautryðjandinn og hefur sett og skýrt réttarreglurnar, sem okkur mega bezt að haldi koma, ekki aðeins varðandi það, sem við höfum gert, heldur einnig í framtíðinni, — til þess að beygja sig fyrir úrskurði þess aðila, hvað sem alþjóðasamþykktum, sem erfitt verður að ná, eða viðurkenningu einstakra ríkja líður.

Ég segi hiklaust, að þetta er mesti sigur, sem við höfum unnið í landhelgismálinu fyrr og síðar: að fá Breta til þess að viðurkenna, að það sé þessi forustuaðili um réttarsköpun í þessum efnum, sem þarna eigi að veita viðurkenningu, og við þurfum ekki að bíða eftir viðurkenningu einstakra ríkja né alþjóðasamþykktum, sem við höfum séð, hversu erfiðlega gengur að ná.

Jafnframt vil ég mótmæla því sem algerlega tilhæfulausu og ósæmilegu, þegar því er haldið fram á Alþ. Íslendinga, að við höfum ekki stuðzt við alþjóðalög við útfærsluna 1958. Og ég segi, að það er harðasti fordæmingardómurinn, sem þessir menn kveða yfir athæfi sínu, mennirnir, sem alltaf hingað til hafa sagt, að þeir hafi einungis farið eftir alþjóðalögum, þegar þeir nú koma og segja: Nei, við megum ekki bera það undir dóm, af því að það voru engin alþjóðalög. — Ég segi: Það er betra, að við vorum búnir að fá viðurkenningu Breta fyrir 12 mílunum, áður en þessir herrar opnuðu sinn munn á þennan veg.

Allt þangað til þessi till. kom fram, hélt jafnvel 2. þm. Vestf., hv. þm. Hermann Jónasson, því fram, að þetta hefði verið í samræmi við alþjóðalög.

Það er svo eftir öðru, þegar þeir nú leggja sig alla fram til þess að túlka allt í því samkomulagi, sem hér er ráðgert að gera, Íslandi til óhags. Sem betur fer, geri ég ráð fyrir, að alþjóðastofnun eins og alþjóðadómstóllinn taki ekki meira mark á þessum herrum en almenningur á Íslandi, ómerk þyki ómagaorðin þar jafnt og hér.

Enn er svo sá hugsunarháttur, þegar þessir menn leyfa sér að segja: Við berum undir alþjóðadómstól það, sem við vitum sjálfir fyrir fram að er rétt, en við neitum að lúta alþjóðadómstóli, ef við sjálfir trúum ekki á það. — Er það ekki einmitt þessi hugsunarháttur, þessi skinhelgi, þessi ofbeldisandi, sem er nærri búinn að tortíma öllu mannkyninu? Það er hart, að jafnvel í því friðsama Íslandi skuli menn hver eftir annan koma til þess að prédika þennan hugsunarhátt á Alþ. Íslendinga, einni elztu réttarstofnun þjóðarinnar, — stofnun, sem hefur getið okkur frægð fyrir það að vera eldra tákn laga og réttar en nokkur hliðstæð stofnun í heiminum. Svo leyfa menn sér í þessari stofnun að tala á þann veg: Jú, vitanlega beygjum við okkur undir lög og rétt, undir dómstóla, bara ef við erum sjálfir sannfærðir um,

að við höfum gagn af því. En ef við höfum ekki gagn af því, nei, þá er eitthvað annað, þá á að beita öðrum aðferðum.

Þá halda þessir herrar sennilega, að þeir geti att stórveldum saman okkur til bjargar. Hv. 2. þm. Vestf., sem nú talar um það, að við höfum verið búnir að sigra í deilunni við Breta og engin hætta hafi verið á ferðum, hann hreyfði því í utanrmn. í sumar, að málið væri svo alvarlegt og ástandið svo iskyggilegt, að við yrðum að fá bandarísku ríkisstj. til þess að skerast í leikinn gagnvart Bretum með sínum herstyrk, þannig að hann beinlínis lagði til, að það yrði komið af stað stórstyrjöld á Íslandsmiðum okkur til verndar. Það er gott, ef hann þykist hafa ameríska sjóliðið í sínum vasa. En hann kom ekki með það, meðan hann var forsrh., svo mikið er víst. Það getur vel verið, að hann treysti nú á aðstoð Rússa okkur til bjargar.

En skyldi það ekki geta farið svo héðan í frá, eins og svo oft hingað til, að sá, sem ekkert á undir sér, er máttlaus sjálfur, nema að því leyti sem hann hefur styrk og skjól í lögum og rétti, að hann verði fyrsta fórnarlambið á altari hinna stóru, ef hann ætlar að gera sér leik að því að etja þeim saman? Það er ekki nema vika síðan, ef það er svo langt, að Stevenson, fulltrúi Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, hélt ræðu, þar sem hann beindi þeirri aðvörun, ekki til Íslendinga, heldur til annarra þjóða, sem eru kallaðar smáþjóðir, en telja þó tugi milljóna, að þær skyldu fara varlega í því að etja stórveldunum saman, vegna þess að yfirleitt hefur sá leikur endað í því, að þau smáveldi, sem þannig færu að, misstu sjálfstæði sitt og hættu tilveru sem sjálfstæð ríki. Nei, hér er vissulega miklu meira á ferðum en jafnvel sjálft landhelgismálið. Ef Ísland ætlar að hætta að vera réttarríki, ef það ætlar að taka upp þann hátt að vilja einungis lúta lögum og rétti, þegar því hentar, en að öðru leyti taka sér það, sem því lízt sjálfu, þá er sjálfstæði og tilveru íslenzku þjóðarinnar stefnt í visan voða.

Hitt er svo annað, að það er einkennilegt að heyra hv. 2. þm. Vestf. tala nú svo sem hér sé um ógurlegt réttindaafsal að ræða, að vilja lúta dómi alþjóðadómstólsins um aðgerðir utan hinnar eiginlegu fiskveiðilögsögu. Ísland hefur ekki borið fram á alþjóðavettvangi eða stutt aðra till. um það heldur en að hin almenna fiskveiðilögsaga skyldi vera 12 mílur. Einmitt ríkisstj. hv. 2. þm. Vestf., hin svokallaða vinstri stjórn, bar á Genfarráðstefnunni 1958 fram till. um, að aðgerðir strandríkis utan hinnar eiginlegu fiskveiðilögsögu skyldu háðar úrskurði gerðardóms, — það var ekki svo vandlega um búið, að það væri sjálfur alþjóðadómstóllinn, sem hefði vald og aðstöðu til þess að skapa réttinn, því að það var einfaldur gerðardómstóll, sem átti þar með að fá aðstöðu til allrar ákvörðunar um allar okkar aðgerðir utan hinnar eiginlegu 12 mílna fiskveiðilögsögu. Þessi till., sem eftir atvikum var æskileg, miðað við núverandi réttarástand, var að efni til tekin upp af núverandi ríkisstj. á Genfar-ráðstefnunni síðari, með samþykki hv. 2. þm. Vestf., Hermanns Jónassonar, og hv. 4. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar. Þá var enn tekið upp 1960, að aðgerðir strandríkis utan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar skyldu háðar úrskurði gerðardóms. Í hvorugt skiptið var þarna — og ég legg áherzlu á það, — í hvorugt skiptið var um að ræða tímabundna skuldbindingu eða tilboð af hálfu Íslendinga um að lúta úrskurði gerðardóms. Nei, það var um að ræða að fella þessa íslenzku till. inn í samning, sem á að gilda um aldur og ævi og Ísland hafði ekki einhliða rétt til þess að segja sig frá. Svo leyfa þessir menn sér að koma hingað og tala um það sem einstakt réttindaafsal, að okkur tekst í stað tillagna, sem eru ekki líkt því eins heppilegar frá íslenzku sjónarmiði og náðu ekki fram að ganga og voru við samþykkt, sem í náinni framtíð hefur litlar líkur til að verða samþykkt, — í stað þessara tillagna fáum við Breta til þess að fallast á það í eitt skipti fyrir öll að lúta úrskurði forustustofnunar í heiminum um réttarsköpun í þessum efnum, — stofnunar, sem þegar hefur sýnt, að hún hefur meira viðsýni og meira vald til þess að komast að okkur hagkvæmari niðurstöðu í þessum efnum en nokkur önnur stofnun, sem til er.

Það tekur svo út yfir, þegar þessir menn eftir allt, sem þeir eru búnir að segja um framferði Breta hér að undanförnu og m. a. ráðagerðir hv. 2. þm. Vestf. um að hleypa af stað nýrri heimsstyrjöld milli Breta og Bandaríkjamanna, svo trúleg sem sú ráðagerð var okkur til bjargar í landhelgismálinu, — þegar þeir segja nú: Bara að við fáum nú brezku herskipin aftur til þess að passa Breta innan landhelginnar okkar. — Og þá ekki með þeim hætti, sem hér um ræðir, nei, heldur á svæðinu milli 4 og 6 mílna umhverfis allt land hvenær og hvar sem Bretar teldu sér bezt henta og bezt eiga við.

Ef maður hlustaði ekki á aðrar eins fjarstæður með eigin eyrum, þá héldi maður, að það væri grínsögumaður eins og vinur minn, sá sem síðast talaði, sem hefði samið allar ræðurnar handa öllum þessum herrum, en — því miður, — þó að hann tali í gamni, þá tala allir hinir í blárri alvöru. Við vitum, að Björn Pálsson talar í gamni, og við fyrirgefum það og skiljum og vitum það, sem rétt er, að hann er sannfærður um það, að hann segi einn orð af viti í málinu, það er hans trú, blessaðs mannsins. En yfirgengilegt er, að menn eins og hv. 4. þm. Austf. skuli leyfa sér að koma á Alþ. Íslendinga og vilja gera Bretum tilboð um það, að í næstu fjögur ár skuli þeir fiska innan íslenzku fiskveiðilögsögunnar milli 4 og 12 mílna, eins og þeir hafa gert, sem sagt, hvar og hvenær sem þeim sýnist. Hann telur óskaplega hörmulegt, að það skuli nú vera tryggt, að þessi „dægilegheit", eins og hann kallaði, skuli ekki halda áfram. (**LJós**: Hvað fiskuðu þeir mikið?) Hvað fiskuðu þeir mikið? Hv. þm. getur gert okkur nánari grein fyrir því í næstu ræðu. Við vitum það, að hann hefur verið í nánu samningamakki við brezka fiskkaupmenn, eins og myndir hafa verið birtar af, og það getur vel verið, að þeir hafi trúað honum fyrir því, þó að þeir hafi ekki trúað mér fyrir því.

Þá vil ég einnig minna á það, að það er engin ný skuldbinding að efni til, sem hér er verið að taka á sig. Ég vil minna t. d. á 33. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, þar sem segir:

„Aðilar að sérhverju deilumáli, sem með áfram-

haldi gæti stofnað í hættu heimsfriði og öryggi, skulu fyrst leita lausnar á deilumálinu með samningaumleitunum, rannsókn, miðlun, sættargerð, gerðardómi, dómsúrskurði, afnotum svæðisstofnana eða samninga eða með öðrum friðsamlegum aðferðum, samkv. eigin vali.“

Þarna eru talin upp öll þau úrræði, sem andstæðingar þessa máls mega ekki heyra nefnd. Það er einmitt vegna þess að ríkisstj. Íslands hefur varðandi þetta deilumál fylgt þessu ákvæði stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, sem árásirnar á stjórnina út af þessu máli hafa staðið með hörku í allan vetur.

Þessi skuldbinding, sem á okkur hvílir eins og óteljandi margar aðrar skuldbindingar í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, hefur verið samþykkt af Alþingi Íslendinga, og við höfum ekki einhliða rétt til þess að skjóta okkur undan þessum skuldbindingum. Ísland getur ekki einhliða neitað að fylgja þeim skuldbindingum, sem það hefur tekið á sig í Sameinuðu þjóðunum, og það getur jafnvel ekki gert það með því að segja sig úr Sameinuðu þjóðunum, vegna þess að Ísland hefur m. a. tekið þá skuldbindingu á sig, þegar það gekk í Sameinuðu þjóðirnar, að ganga ekki úr þeim, nema einhver sæmileg ástæða, eins og prófessor Ólafur Jóhannesson orðar það í fræðibók um þessi efni, væri fyrir hendi, brostnar forsendur eða eitthvað annað slíkt, sem mundi leiða til þess, að venjulegir millirikjasamningar féllu úr gildi og skuldbindingin samkvæmt þeim. Við höfum tekið á okkur margfaldar skuldbindingar samkv. stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, sem við getum ekki losnað undan nema eftir sams konar reglum og við getum losnað undan þeirri skuldbindingu, sem felst í því að bera ágreining út af nýrri landhelgisdeilu við Breta undir alþjóðadómstólinn. Brostnar forsendur mundu gera það að verkum, að sá samningur félli úr gildi, alveg eins og brostnar forsendur geta leitt til þess, að við losnum undan skuldbindingum okkar samkv. stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og getum gengið úr þeim. Þarna er dæmi um það, að Alþingi, án þess að bera það undir þjóðaratkv., tekur á sig ævarandi skuldbindingu í miklu ríkara mæli en sú skuldbinding er, sem við höfum gengizt undir með þessu samkomulagi, ef samþykkt verður.

Það er svo enn annað, að með þessari skuldbindingu frá okkar hálfu og skuldbindingu af hálfu Breta, að þetta mál skuli borið undir alþjóðadómstólinn, þá er, eins og margoft hefur verið sýnt fram á, verið að framkvæma ályktun Alþingis frá 5. maí 1959 á Íslandi hagkvæmastan hátt. Það er ekki hægt með nokkru móti að afla viðurkenningar á rétti okkar til landgrunnsins öruggar eða betur en með því að fá skuldbindingu frá Bretum um það, að þeir lúti úrskurði alþjóðadómstóls um það og þar með skuldbindi sig fyrir fram um að hverfa frá þeim aðferðum, sem þeir hafa hingað til beitt okkur í þessu máli.

Það er rétt, sem sagt hefur verið, að það eru ekki nema menn, sem í alþjóðadómstólnum eru. Þeir eru sjálfsagt misjafnir, misvitrir og annað slíkt, eins og við allir hinir, en það eru þó þrátt fyrir allt fremstu lögfræðingar í heimi í sinni grein. Ég get m. a. sagt frá því, að sá fulltrúi, sem Bandaríkin nú nýlega hafa valið í alþjóðadómstólinn, prófessor Jessup, var okkur Íslendingum til ómetanlegrar stoðar í landhelgisdeilunni eftir 1952 og sýndi þá, að hann hafði mikinn og ríkan skilning á okkar þörf fyrir stækkaða landhelgi. Slíkur maður og hans félagar lúta ekki fyrirmælum sinnar stjórnar, þeirra lögfræðiæra og dómaraæra er þeim miklu meira virði en svo, að þeir láti einn eða annan segja sér fyrir verkum. Þarna eru yfirleitt saman komnir fremstu menn í sinni grein, afburðamenn, sem setja stolt sitt í það að vera skjól hins smáa, ekki síður en hins sterka og stóra.

Þetta sannaði dómurinn, eins og ég sagði, í málaferlunum milli Norðmanna og Breta, þegar hann kvað upp sinn brautryðjandi og sögurika dóm í þeirra deilumáli, og þeir, sem trúa minna á fulltrúa stórveldanna en smáveldanna, vita það, að smáveldin eru þó nú orðin miklu voldugri varðandi skipun alþjóðadómstólsins en áður var. Við vitum, að það er ekkert stórveldi, sem einhliða ræður meiri hl. á þingi Sameinuðu þjóðanna, það er ekkert stórveldi og enginn hópur stórvelda heldur, sem ræður þar úrslitum nú. Það eru miðlungsríkin og máttarminni ríkin, sem þar eru í algerum meiri hluta. Þau eru það ekki einungis á sjálfu þingi Sameinuðu þjóðanna, heldur einnig í öryggisráðinu, þar sem stórveldin geta ekki beitt sinu neitunarvaldi varðandi val dómara, heldur er það hreinn meiri hluti, sem úrslitum ræður um kosningar dómaranna í báðum þessum stofnunum. Það er þess vegna ein af þeim furðulegu blekkingum, sem hér hefur verið haldið fram, þegar látið er í það skína, að allsherjardómurinn sé einungis verkfæri stórveldanna. Ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að það má ekki líta á dómara stórveldanna, þá sem frá þeim koma, sem þeirra verkfæri, sem þeirra fulltrúa. Þeir eru þar sem sjálfstæðir dómendur, sem eiga að fara eftir sinni eigin samvizku. En jafnvel sú hætta er nú fyrir löngu undir lok liðin, að það séu stórveldin, sem ráði skipun þessa dómstóls. Það eru einmitt þau riki, sem hv. 2. þm. Vestf. vitnaði í, áður en hann tryllitist alveg í þessu máli, og sagði þá að mundu með sinni tilkomu í Sameinuðu þjóðirnar skapa okkur réttargrundvöll til þess að gera nýjar útfærslur. Það eru einmitt þessi nýju riki, sem nú orðið ráða úrslitum að verulegu leyti í Sameinuðu þjóðunum og hvergi geta fyrr komið áhrifum sínum fram en einmitt varðandi skipun slíkrar stofnunar eins og alþjóðadómstólsins. Ég segi þetta enn, með þeim fyrirvara, að þessa menn má ekki skoða sem fulltrúa sinna ríkisstjórna, heldur einungis meta sem hlutlausa og réttláta dómara.

Um þetta mál mætti margt segja. Það er þó í raun og veru óþarft að fjölyrða um það. Þau rök, sem hér hafa komið fram af hálfu andstæðinga málsins, hafa öll þegar verið hrakin lið fyrir lið, og ég skal ekki tefja þingheim á þeirri upptalningu. En ég vil segja, að að lokum snýst þetta mál fyrst og fremst um það, hvort Íslendingar vilja, að íslenzka lýðveldið, okkar sjálfstæða, litla þjóð, eigi að vera réttarríki héðan í frá eins og hingað til. Við byggðum ætíð kröfur okkar til sjálfstæðis á réttargrundvelli. Því var oft haldið fram, að þetta tal um rétt og tilvitnun í gamlar

heimildir væri hégóminn einber, það væri annað, sem úrslitum réði. En Íslendingar byggðu ætíð mál sitt á réttargrundvelli. Það er vegna þess, að öllum Íslendingum er það í blóð borið, að rétturinn, lögin séu okkar einasta skjól.

Og ég vil að lokum segja það til lofs andstæðingum stjórnarinnar í þessu máli, að þrátt fyrir allt þeirra tal nú síðustu dagana um, hvað það sé hættulegt, ef við ætlum að fylgja réttinum í þessum efnum, alþjóðalögum, þá bera þeir þó sjálfir fram till. um það, að við eigum framvegis eins og hingað til að fara eftir „íslenzkum lögum og alþjóðarétti". Það sýnir, hversu hugmyndirnar um löghlýðni og skyldu til þess að hlíta réttinum eru þó þrátt fyrir allt ríkar í okkur, að þegar andstæðingar okkar hafa það harðast á móti okkur og bregða okkur um allar vammir og skammir, af því að við viljum láta æðstu réttarstofnun í heiminum, alþjóðadómstólinn, skera úr um ágreining, sem kynni að verða af síðari útfærslum okkar á landhelginni, þá játa þeir jafnvel enn í dag, að við verðum að fara eftir íslenzkum lögum og alþjóðarétti. Mennirnir, sem svo segja: Það var ekki farið eftir alþjóðarétti og alþjóðalögum 1958, — og segja, að það sé hættulegt, ef við ætlum héðan í frá að fara eftir alþjóðarétti og alþjóðalögum, þeir bera sjálfir fram till. um að setja þetta berum orðum inn í fskj. þáltill. Það sannar, að þrátt fyrir allt moldviðrið, þrátt fyrir allar blekkingarnar vita þessir menn, að íslenzka þjóðin telur það hina mestu smán og óvirðingu við sig, ef á að fara að halda því fram, að hún sé ekki réttarríki, að hún vilji fara að alþjóðalögum og sækja mál sitt með festu og eindrægni, en ætið á þann veg, að lög og réttur ráði okkar gerðum. Enda er það svo, að hvenær sem við tækjum upp aðra meðferð á okkar málum, ég vil segja, hvort sem þau eru þýðingarlítil eða þýðingarmikil, en hvað þá í svo þýðingarmiklu máli sem þessu, ef við ætlum að hverfa af réttargrundvellinum, hverfa frá alþjóðalögum, hverfa frá því að láta fremstu stofnun til túlkunar gildandi alþjóðarétti bera úrskurðarvald í stað kúgunar og vopnavalds, þá er gæfu Íslands illa komið. En hún mun sannarlega endast til þess, að þjóðin styðji og styrki réttlætis- og réttarhugsjónina, sem kemur fram í því samkomulagi, sem hér er lagt til, að gert verði.

Páll Metúsalemsson: Herra forseti. Mál það, sem hér liggur fyrir, er till. til þál. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Þessi ályktun heimilar ríkisstj. að leysa fiskveiðideiluna við Breta í samræmi við orðsendingu, sem með fylgir. Orðsendingin sjálf efnislega leyfir Bretum veiði innan 12 mílna landhelgi Íslands næstu 3 árin á svæðinu milli 6 og 12 mílna kringum allt landið nema við Vestfirði. Víðast hvar og að mestu leyti er þessi heimild árið um kring eða allt að átta mánuðum, þó með friðuðum blettum, sem koma munu að óverulegu gagni. M. ö o.: Það á að semja um það að hleypa Bretum og öðrum fiskveiðiþjóðum inn í 12 mílna landhelgi Íslendinga, í landhelgi, sem nær allar þjóðir voru búnar að viðurkenna, ýmist viðurkenna alveg eða þá viðurkenna í verki, og þar á meðal jafnvel Bretar sjálfir nú síðustu mánuðina. En nú er tekið eitt heljarstökk aftur á bak og það í þjónustu við þá þjóð, sem ein allra þjóða hefur beitt Íslendinga ofbeldi og ekki virt lög okkar og rétt, enda hafa þessir gömlu kúgarar ágæta æfingu í öllum slíkum þrælatökum, því að eftir að hafa öldum saman kúgað og féflett nýlendur sínar, sem þeir svo urðu að hörfa frá á síðustu áratugum, vegna þess að þeim var ekki stætt lengur vegna álits síns í heiminum, þá snúa þeir sér að minnstu grannþjóð sinni og beita hana yfirgangi í skjóli vopnavalds, á sama tíma og þeir sitja við hlið hennar í fjölmennu þjóðabandalagi, bandalagi, sem á að tryggja viðkomandi þjóðum öryggi, og nú á að veita þessum herrum samning og að nokkru leyti viðurkenna rétt þeirra til þess að ráða útfærslu landhelgi Íslendinga á komandi árum.

Í fyrsta lið orðsendingarinnar er sagt, að Bretar falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. En samningurinn er til þriggja ára, og fellur því þessi yfirlýsing vitanlega úr gildi þá líka. Þetta er því allt á sömu bókina lært. Í fjórða og fimmta lið orðsendingarinnar er ákvæði um undanþágu til handa Bretum um veiðar í landhelgi Íslendinga í næstu þrjú ár. Í umr. hefur þetta atriði verið vefengt, enda óþekkt um slíka samninga, að ekki sé hægt að fá þá framlengda, sé vilji hlutaðeigandi aðila fyrir hendi.

En hver verða svo áhrifin á okkar sjávarútveg í skjóli þessa samnings næstu árin? Á síldveiðitímanum norðanlands og austan er síldarflotum allra þjóða sleppt inn fyrir sex mílna mörkin, og þar sem vitað er, að ýmsar þjóðir stunda nú þennan veiðiskap með móðurskipum og mjög nýtízkulegum veiðiaðferðum, má nærri geta, að þetta verði hið mesta áfall fyrir þennan atvinnuveg Íslendinga.

Þá er eitt, sem vekur strax athygli, en það er, hvernig eftirgjöf landhelginnar er skipt á milli landshluta. Leynir sér ekki, að langharðast verður norðaustur- og suðausturhorn landsins úti, enda drífa að mótmæli frá því fólki, sem byggir þessi byggðarlög.

En hvað er þá að gerast? Hvað er það, sem við Íslendingar vorum búnir að vinna. Við vorum búnir að vinna deiluna við Breta. Rétturinn til útfærslunnar var fyrir hendi á grunnlínunum og hefur alltaf verið það. Það viðurkenndu fjölmargar þjóðir útfærslu okkar 1958 og aðrar gerðu það óbeinlínis með því að þegja, nema Bretar. Þeir einir hafa traðkað á rétti okkar og beitt okkur ofbeldi, og svo er þessari þjóð einni allra þjóða hleypt inn í landhelgina með samningum. Alveg sérstaklega hefur þetta alvarlegar afleiðingar fyrir síldveiði við Norður- og Norðausturland og sömuleiðis bátaútgerð austan- og suðaustanlands. En í þessum landshlutum er lífsafkoma fólksins í þorpum og kaupstöðum að langmestu leyti undir þessum atvinnuvegi komin.

Þegar litið er á það, sem hefur gerzt síðustu árin í landhelgismálum Íslendinga, vekur það mikla undrun, að hæstv. ríkisstj. skuli senda frá sér slíka orðsendingu. Allt frá árinu 1948, er landsgrunnslögin voru sett, hefur verið um sókn og þróun að ræða í landhelgismálunum, og raunar höfum við einlægt verið að vinna sigur, sem náði hámarki

með útfærslunni 1958, sem þjóðin hefur staðið einhuga um. Hvað er það þá í þessum samningi, sem stjórnarliðið hér á Alþingi telur stórsigur? Það er að vísu rétt, að það verða grunnlínubreytingar á 4 stöðum, en að mestu leyti hverfa þær í innfærslu á landhelginni, meðan þessi samningur er í gildi. Þá er aðeins eitt, sem eftir er, og það er, að samið er við Breta til 3 ára, en það er skammgóður vermir og mun reynast þyngri þrautin að koma þeim út fyrir mörkin aftur heldur en er að hleypa þeim inn fyrir.

Þegar þessa er gætt, verður manni að spyrja: Hver er ástæðan fyrir því, að hæstv. ríkisstj. semur á þennan hátt, sem lýst er í orðsendingu þeirri, *sem um er rætt hér á þessum fundi?* Manni verður fyrst fyrir að líta aftur í tímann á sögulegar staðreyndir, hverjir og hvaða menn hafa áður reynt að selja og selt frelsi okkar og réttindi, því að vafalaust getur að því komið, að bæði efnalegu sjálfstæði okkar og jafnvel stjórnarfarslegu líka sé hætta búin út frá þessum samningum.

Fyrir um 700 árum hefur sennilega verið skráður þáttur, sem á að hafa gerzt fyrir 900 árum eða eitthvað þar um bil. Fyrir 700 árum voru hér miklar viðsjár og enduðu með því, að Íslendingar glötuðu frelsi sínu, svo að það er ekki ólíklegt, að höfundur þessa þáttar hafi haft ástandið, eins og það var þá, í huga, þegar hann samdi þennan þátt. En þá kemur fyrir Alþingi Íslendinga mál, sem er ekki óskylt því máli, sem nú er hér til umræðu. Maður er nefndur Þórarinn Nefjólfsson, og var hann íslenzkur að ætt, eftir því sem greint er. Maðurinn var hraustur og viðförull, og sjá má það og, að hann hefur verið höfðingjakær og þótt konungsveizlur góðar, því að hann hafði þjónað hjá mörgum konungum og verið hirðmaður að minnsta kosti til skiptis hjá tveimur. Hann tekur að sér það konungserindi í Noregi að fara til Alþingis Íslendinga og leita eftir því, að Íslendingar gefi Noregskonungi Grímsey. Hann kemur til Alþingis, heldur þar snjalla ræðu og sneri einkum máli sínu til ríkasta höfðingja Norðurlands, Guðmundar ríka Eyjólfssonar, um erindið. Guðmundur tók því vel og svaraði: Fús er ég til þess að vingast við Ólaf konung, og ætla ég mér það miklu meira gagn en útsker það, sem hann beiðist. — En Norðlendingar áttu fleiri menn þar stadda og m. a. bróður Guðmundar, er Einar hét. Og þegar umræður hófust um þetta atriði, sneru þeir sér einmitt til þessa manns og segjast vikja málinu til hans, því að hann muni gerla sjá, hvað rétt sé. En Einar svaraði með ræðu, sem lifa mun, meðan land byggist, og hluti af ræðunni er eitthvað nálægt þessu: Því er mér fátalaðra um þetta mál, að ég var ekki til kvaddur. En ef ég skal segja mína ætlan, þá gangið til og hyggið að, landsmenn, að ganga undir skattgjafir Ólafs konungs og allar álögur, og munu menn það ófrelsi eigi aðeins gera sér til handa, heldur og sonum sínum og þeirra sonum og allri ætt vorri og öllum, er þetta land byggja.

Í þetta sinn var frelsi og sjálfstæði Íslands borgið. En um 200 árum síðar, sennilega um svipað leyti og þátturinn er skráður, 1260, voru hinir höfðingjakæru auðmenn og valdhafar menn fyrir því að glata frelsinu. Og er hér ekki eitthvað svipað á ferðinni enn, það sjónarmið, að mikið sé tilvinnandi að ná hylli hinna voldugustu, hvort sem það eru einstaklingar eða heil ríki? Og enn mun það vera svo, að ekki mun vera lakara að sitja drottningarveizlur nútímans en konungsveizlur fyrir 900 árum. Og ef til vill kann það að vera eitthvað kitlandi og dálítið dularfullt að eiga einhvers staðar í fórum sínum drottningarbréf, sem eigandinn kærir sig ekki um að sýna öllum.

Ég mun nú ekki tefja tímann öllu lengur og vil aðeins bæta því við, að mitt álit er það, að engir alþm. hafi umboð til þess að gera þær aðgerðir, sem hér eru fyrirhugaðar. Þess vegna skora ég á hæstv. ríkisstj. og reyndar fylgdarlið hennar að skjóta þessu máli til þjóðaratkvgr.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það hafa nú orðið um þetta mál allmiklar umræður, og er það ekki að undra, því að hér er mikið mál á ferð. Við þessar umr. hafa málin líka skýrzt æði mikið. Hv. þm. stjórnarflokkanna hafa þó ekki verið mjög langorðir, og það er raunar ýmsum skiljanlegt. Hæstv. ráðh., utanrrh. og dómsmrh., hafa þó, að því er mér virðist, verið öllu langorðari á stundum en málstað þeirra er holit. Sá hóflausi áróður og dæmalausa blekkingamoldviðri, sem þyrlað hefur verið upp af talsmönnum þessa máls, hefur vakið mikla tortryggni hjá mörgum.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mikið, þær hafa þegar staðið í einar 35 klst., enda hafa flest efnisatriði málsins verið rakin og rædd svo ýtarlega, að ég geri mér litlar vonir um að geta þar miklu við bætt. Hv. 5. þm. Reykv. hefur líka kvartað yfir því, að hér væru þau vinnubrögð um hönd höfð, sem á öðrum vettvöngum eru kennd við grískan bæ fornan, og ég sé ekki ástæðu til þess að gefa honum tilefni til þess að ætla mér þátttöku í þeim leik. En hins vegar þykir mér rétt að leggja hér enn frekari áherzlu en gert hefur verið á nokkur atriði úr máli þeirra hæstv. ráðherra, sem hér hafa talað, sem mér virðist að sýni það svo, að ekki verður um villzt, hvers konar plagg hér er um að ræða, þó að það hafi kannske ekki verið tilgangur ráðh. að láta það koma svo glögglega í ljós.

Það hefur verið talað hér mikið um hið einkennilega orðalag, sem er í 1. málsl. orðsendingarinnar, um „að falla frá mótmælum". Í útvarpsumræðu við 1. umr. þessa máls beitti hæstv. fjmrh. lærðum lagaskýringum til þess að sýna fram á það, að þetta þýddi í raun og veru viðurkenningu Breta á 12 mílna fiskveiðilögsögu okkar. Hæstv. dómsmrh. sótti umsögn lagaprófessora og taldi sig með því og í ræðu sinni að öðru leyti hafa sannað það, að í þessu orðalagi væri fólgin ótvíræð, full og óvefengjanleg viðurkenning. En svo kom fram í bréfi háskólaprófessoranna þetta ólánsatriði með *textamismuninn*. Þeir vöktu athygli á því, að það mundi verða nokkur mismunur á íslenzka og enska textanum. Hæstv. dómsmrh. viðurkenndi þetta í ræðu sinni, en upplýsti um leið, að ríkisstjórninni hefði verið það áhugamál að þýða þetta orðalag *varlega*. Það vakti athygli, að ráðh. orðaði það þannig, að ríkisstj. hefði verið áhugamál, að þetta væri varlega þýtt. Ýmsir hefðu haldið, að

ríkisstj. mundi nú láta löggilta skjalaþýðendur og aðra góða sérfræðinga um það að þýða þetta plagg, en svo virðist ekki hafa verið. En ríkisstj. var áhugamál að þýða það varlega, og þá hlýtur sú spurning að vakna, hvort henni hafi ekki verið fyrst og fremst áhugamál að þýða það rétt. En nú var það þýtt varlega, og þess vegna varð niðurstaðan sú, að samkvæmt upplýsingum hæstv. dómsmrh. eigum við samkvæmt enska textanum meiri rétt en skv. þeim íslenzka. Sama kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. Nú gaf íslenzka orðalagið ótvíræða, fulla og óvefengjanlega viðurkenningu, og mér er þess vegna nokkur spurn: Hvað er í þessu sambandi meiri réttur en það? En auk þess fór hæstv. utanrrh. öðruvísi að í sambandi við þetta orðalag. Þegar hann hafði skýrt frá því, að enski textinn væri nokkuð á aðra lund og notaði ekki orðalag, sem nákvæmlega svaraði til „að falla frá mótmælum", heldur annað, sem væri okkur öllu hagstæðara, þá notaði hann samt þessa ónákvæmu þýðingu til þess að segja okkur sögurnar af öllum þeim rökstuðningi, sem Bretar hefðu sett fram í sínum mótmælaorðsendingum, og sagði okkur frá því, að frá öllu þessu væri nú verið að falla.

Í enska textanum er hvergi talað um fyrri mótmæli Breta eða annað orðalag, sem vísi á nokkurn hátt til mótmælaorðsendinga þeirra, sem þeir hafa sent. Skyldi nú Home lávarður hafa varað sig á því, að íslenzka ríkisstj. skyldi þýða enska textann, sem ég geri ráð fyrir að lávarðurinn hafi fyrst og fremst haft fyrir framan sig, svo varlega, að með því einu að leggja meiri áherzlu á að þýða varlega en nákvæmlega gætu þeir látið hann éta ofan í sig allar þær röksemdafærslur, sem Bretar hafa borið fram fram að þessu. En Home lávarður er nýr af nálinni í sínu embætti. Hann hefur ekki verið þar nærri eins lengi og starfsbróðir hans á Íslandi, og hann er ekki búinn að átta sig, hann er ekki búinn að umþótta sig nægilega til þess að kunna að meta snilli hinna varfærnislegu þýðinga.

En hvernig stendur þá á því, að íslenzka ríkisstj. telur sér það fært að þýða svona varlega? Oft eru millirikjasamningar á tveimur málum, og þá eru báðir textar jafnréttháir. Það vaknar í þessu sambandi sú spurning, hvort orðsendingin verði send á íslenzku eða hvort hún verði send á ensku eða hvort hún verður send á báðum málunum. Og þessi spurning er ekki þýðingarlaus, þegar það er viðurkennt af tveimur hæstv. ráðh., að það sé munur á þessum textum, a. m. k. blæmunur, eins og annar þeirra mun hafa orðað það, en ýmsir þykjast nú renna grun í, að það sé kannske meiri munur á þessum tveim textum en blærinn einn.

Nú er það í raun og veru ljóst, þegar um málið er hugsað, að á alþjóðavettvangi og fyrir alþjóðadómstóli hefur enski textinn einn þýðingu. Alþjóðadómarar og aðrir menn erlendis, sem um þessa hluti fjalla eða kynna sér þá eða skipta sér af þeim, munu ekki vera mjög leiknir í íslenzkri tungu. Og það skyldi nú ekki vera, að hér væri komin skýringin á því, hversu varfærnislega og kannske ónákvæmlega er þýtt? Það var nefnilega öllu óhætt. Enskir lögðu ekkert upp úr því, hvað stóð í íslenzka textanum, en hins vegar mátti nota þetta orðalag til þess að segja okkur Grýlusögur af öllum þeim mótmælum, sem Home lávarður væri að kyngja ofan í sig. Þýðingin var þess vegna eingöngu gerð til innanlandsbrúks, og henni var þess vegna hagað í samræmi við það, sem hentugast væri fyrir það áróðursmoldveður, sem ákveðið var að þyrla upp. Auk þess hafði hún þann kost, að prófessorar við Háskóla Íslands gátu notað einmitt þetta orðalag til þess að taka samanburð úr lagamáli, sem tíðkast hér við innlendar réttarstofnanir.

En hvað sem nú er rétt eða rangt í lagaskýringum ráðherra og prófessora á þessu orðalagi, þá er þó eitt alveg ljóst af þessu, og það er það, að þetta hefði getað verið skýrara. Og samningur með óskýrum ákvæðum um það, sem við erum að leitast eftir að fá fram, er slæmur samningur fyrir okkur.

Það er mikið rætt um alþjóðalög, einkum af hálfu hæstv. ráðherra, í sambandi við þetta mál. Nú rétt áðan ítrekaði hæstv. dómsmrh. það, sem áður hefur verið sagt af honum sjálfum eða öðrum ráðherra, að þeir, sem vildu ekki sætta sig við alþjóðadóm, þau ríki væru ekki réttarríki. Hann minnti á það, að við höfum hér á Íslandi verið réttarríki hingað til og vildum vera það áfram. Hann taldi enn fremur, að alla sjálfstæðisbaráttu okkar hefðum við byggt á alþjóðarétti. Þetta gefur tilefni til þess að spyrja hæstv. dómsmrh. að því, hvort hann hefði talið það farsælt fyrir okkur Íslendinga, ef við hefðum átt úrslit sjálfstæðisbaráttu okkar undir alþjóðlegum dómstóli, — eða álítur hæstv. dómsmrh., að þau nýlenduríki, sem nú eru að fá sjálfstæði sitt í öðrum heimsálfum, mundu gleypa við því að eiga úrslit sinna mála undir alþjóðadómstólum? Mér er nær að halda, að svo sé ekki.

Það mun víst hafa verið hæstv. fjmrh., sem sló föstu þessu, sem hæstv. dómsmrh. var að endurtaka, að það ríki, sem gæti ekki sætt sig við alþjóðadómstól, væri ekki réttarríki. Og það er auðvitað afleitt að vera ekki réttarríki. Slík ríki, sem eru það ekki, geta lítillar virðingar notið, og það má t. d. gera ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. teldi, að slíkum ríkjum væri í engu hægt að treysta og til lítils að gera við þau samninga. Samt er nú verið að gera samning um eitt þýðingarmesta mál íslenzku þjóðarinnar við ríki, sem fyrir 7—8 árum neitaði að leggja deilu við okkur Íslendinga í alþjóðadóm og er því samkvæmt skilgreiningu hæstv. fjmrh. ekki réttarríki.

Það urðu hér í umr. nokkur orðaskipti milli manna í sambandi við þessi alþjóðalög. Hæstv. dómsmrh. varpaði þeirri spurningu að einum hv. þm., hvort hann teldi, að 12 mílna reglugerðin frá 1958 hefði ekki verið í samræmi við alþjóðalög. Hann fékk að vísu til baka aðra spurningu um það, hvort ráðh. teldi ekki, að landgrunnsreglan væri í samræmi við alþjóðalög. Svörin við þessum spurningum eru miklu einfaldari en menn vilja vera láta, enda hafa ýmsir á það bent. Þetta er ekki samkvæmt neinum lögum, og þetta er ekki brot á neinum lögum, því að það eru engin alþjóðalög til um víðáttu landhelgi, eins og tvær

Genfarráðstefnur á undanförnum árum hafa tekið af öll tvímæli um.

Hæstv. fjmrh. greip líka fram í fyrir einum ræðumanni og spurði hann að því, hvort reglugerðin frá 1958 hefði verið lögleysa. Svarið var auðvitað neitandi. En það var ekki svarið, sem var athyglisvert í þessu sambandi, heldur spurningin.

Með lögleysu getur væntanlega aðeins verið átt við tvennt: annaðhvort lögbrot hreinlega eða verknað, sem styðst ekki við heimild í lögum. Í hvorugu tilfellinu var reglugerðin frá 1958 lögleysa. Það var ekki brot á neinum lögum, hvorki alþjóðlegum né íslenzkum, að færa landhelgina út, því að það voru engin lög til, sem bönnuðu það. Og það var vissulega heimild fyrir því að færa landhelgina út. Þá heimild var að finna í lögum nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Og hér er auðvitað mergurinn málsins. Með því að ekki eru til alþjóðalög um viðáttu fiskveiðilögsögu eða landhelgi yfirleitt, þá bætum við *sjálfir úr þeim skorti*, að því er lýtur að svæðinu við strendur okkar lands, með setningu friðunarlaganna. Auðvitað verðum við að sætta okkur við alþjóðalög og gerum það með gleði, en meðan þau eru ekki til, gilda okkar lög við Íslandsstrendur, og við beitum öllu afli okkar og manndómi til þess að gæta þeirra laga.

Svona hefur það að minnsta kosti verið. En nú skal sú stefna yfirgefin og í staðinn fyrir þau lög skal nú á þessu svæði gilda sanngirni dómaranna í Haag. Hæstv. dómsmrh. sagði, að þeir dómarar dæmdu af sanngirnisástæðum, þegar lagagrundvöll þryti, og nú kemur sú sanngirni væntanlega í stað laga nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

En allt þetta tal um réttarríki og alþjóðalög er aðeins áframhald af þeirri starfsemi að þyrla upp moldviðri í sambandi við þetta mál, flækja það eins og frekast er mögulegt. Það þarf enginn að segja mér, að hæstv. ráðh. viti ekki betur um þessi atriði en þeir láta.

Því hefur yfirleitt ekki verið haldið fram af íslenzkum aðilum, að við höfum haft í frammi lögleysur í þessum málum, hvorki fyrr né síðar, og ég minnist ekki nema einnar undantekningar frá þessari reglu, þeirrar, að stjórnarblöðin hafa nú haldið því fram, að Íslendingar og Bretar hafi með þessum samningi komið sér saman um grunnlínur, sem liggi utar en alþjóðasamþykkt frá 1958 leyfir, og þar með hafi Íslendingar og Bretar gerzt sekir um lögleysu og brotið þær alþjóðasamþykktir, sem þeir báðir eru aðilar að. Auðvitað er þetta rangt. En þetta sýnir, hversu langt er gengið í áróðursmoldviðrinu, og þetta sýnir, að kapp er, jafnvel í áróðri, bezt með forsjá.

Versta ákvæðið í þessum samningi er þó, eins og svo margir ræðumenn hér hafa undirstrikað, ákvæðið um alþjóðadómstólinn. Þetta ákvæði er auðvitað algerlega óhafandi, meðan þessi dómstóll hefur ekki nein alþjóðalög til að fara eftir nema um einstök fáein atriði þessu viðvíkjandi og t. d. engin um viðáttu fiskveiðilögsögunnar.

Það komu hér fram í umr. þær sorglegu fréttir, hafðar eftir engum lakari manni en sjálfum Hammarskjöld, að ⅔ hlutar þjóðanna innan vébanda Sameinuðu þjóðanna hefðu ekki viljað sætta sig við að vísa deilumálum sínum til Haag-dómstólsins. Þó var þarna um að ræða almenn deilumál af ýmsu tagi, sem í flestum tilfellum falla undir einhver gildandi alþjóðalög. Hvað halda menn, að það væru margar þjóðir og þá sérstaklega hvað margar af þeim framsæknu þjóðum, sem eru í sókn, — það er skiljanlegt með þær gömlu og íhaldssömu, — en hvað halda menn, að það séu margar þjóðir, sem hefðu viljað skuldbinda sig til þess að vísa málum, sem engin alþjóðalög eru til um, til dómstólsins í Haag, þegar svona illa gengur að fá þær til þess að fallast á að láta hann dæma í millirikjamálum almennt? Það mætti hugsanlega sætta sig við atriði af þessu tagi, ef þau næðu t. d. aðeins til spursmála eða ágreiningsatriða í sambandi við grunnlínur eða slíka hluti, sem alþjóðareglur eru til um. En að vera fyrir fram bundinn við að sætta sig við alþjóðadóm um alla eilífð, einnig í þeim atriðum, þar sem dómstóllinn hefur, eins og það er orðað, *sanngirni sína eina til að dæma eftir*, er alveg ótækt. Og hvernig er sanngirni slíkra dómstóla? Sanngirni þeirra er, eins og hér hefur oft verið bent á, fyrst og fremst íhaldssöm. Dómstólar eru íhaldssamir, og í mörgum tilfellum eru þeir mörgum árum, kannske áratug, á *eftir þeim praksis*, sem einhliða aðgerðir þjóðanna eru að skapa á hverjum tíma. Þess vegna er umskiptunum, sem nú eru að verða eða eiga að verða, bezt lýst með orðum hv. 2. þm. Vestf. hér áðan, þegar hann sagði, að við værum að flytja okkur úr farabroddi og aftast í röðina.

Hæstv. ráðh. hafa verið mjög margorðir um það, að við gætum farið öllu okkar fram í málinu, á meðan við biðum úrskurðar eða dóms. Um þetta hafa komið langar lagaskýringar, þó ekki frá háskólanum í þessu atriði. Og hér var ekki hægt að nota neinar varfærnislegar þýðingar, vegna þess að um þetta stóð ekki neitt. Um þetta atriði er samningurinn þögull eins og gröfin sjálf. Það er að vísu, eins og bent var á hér áðan, ákvæði í reglum alþjóðadómstólsins, sem heimila honum að úrskurða strax, hvernig haga skuli hinum umdeildu málum, meðan dóms er beðið, og það er enginn vafi á því, það liggur í hlutarins eðli, að dómstóllinn mundi nota sér slíkt ákvæði og úrskurða, að status quo skuli gilda. En þetta setja hæstv. ráðh. ekki fyrir sig, heldur beita þeir lagaskýringum sínum til þess að fá fram þann skilning á þessu atriði, sem þeir helzt vilja fá hv. þm. til þess að trúa.

Ég hef bent hér á fáein atriði af mörgum, þar sem það hefur komið skýrt fram í ræðum hæstv. ráðh. sjálfra, að samningurinn er mjög óljós og ógreinilegur, einkum í þeim atriðum, sem eru okkur hagsmunamál. Hann er ekki svo mjög óljós að því er snertir réttindi Breta. En af hverju er það nú ekki sagt skýrt, sem hæstv. ráðh. segja að sé meint? Þannig hafa margir hv. þm. spurt, og það er kannske von, að þannig sé spurt. En það er samt alveg óþarfi að spyrja svo, því að það getur hver maður sagt sér sjálfur. Halda menn kannske, að þetta sé af fljótfærni íslenzku aðilanna eða slóðaskap þeirra eða greindar- eða þekkingarskorti? Auðvitað ekki. Það var lesið upp úr

hinni nýju Heljarslóðarorrustu Alþýðublaðsins í gær, að hæstv. utanrrh. væri einn bezti samningamaður þessarar þjóðar, og það hefur oft verið logið meira en því í Heljarslóðarorrustu. Ég þykist þekkja hæstv. ráðh. nógu vel til þess að trúa engri af fyrrgreindum ástæðum fyrir því, að samningurinn er svo illa úr garði gerður. Það er augljóst, að ástæðan til þess, að samningurinn er ekki betri, er sú, að það var ekki hægt að fá samkomulag við Breta um betri samning. Það var ekki hægt að fá samkomulag um skýrari ákvæði yfirleitt. Og góðir samningamenn gera það ekki að gamni sínu að gera samning, sem hefur inni að halda teygjuákvæði þeim í óhag um þýðingarmestu mál.

En af hverju er þá verið að gera nokkurn samning yfirleitt? Á því gaf hæstv. utanrrh. skýringu í ræðu sinni hér í umr. Hann sagði, að fyrir Íslendinga væri nú um tvennt að velja, að gera þennan samning eða fá á ný það ástand, sem hér var áður, þegar brezkir bryndrekar brunuðu um íslenzka landhelgi. Það hefur verið sýnt fram á það í þessum umr., að þetta er sennilega rangt. En það er þó rétt að spyrja hreinskilnislega: Hafa Bretar sett fram þessa kosti í þeim samningum, sem hér hafa farið fram? Hafa þeir sett þessa kosti fram? Er þá kannske að finna í margumtöluðu bréfi, sem talið er að byrji á orðunum „kæri Guðmundur"? Eða er þetta bara mat ráðh. sjálfs á aðstæðunum? Allt um það hver svörin verða við þessum spurningum, þá liggur það fyrir, að þetta er það val, sem ráðh. töldu sig hafa. Þeir töldu sig til neydda að gera samning til þess að forða lífi og limum íslenzkra sjómanna undan vígvélum brezkra. Þetta mat getur verið rétt eða rangt, en þetta er skv. því, sem fram hefur komið, það, sem þeir álitu vera valið, og þeir völdu að láta undan ofbeldinu. Þess vegna er þessi samningur nauðungarsamningur, og hann mun í framtíðinni verða skoðaður sem slíkur.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Í þeirri baráttu, sem íslenzka þjóðin hefur háð fyrir verndun fiskimiðanna umhverfis landið, hefur hún átt við tvo höfuðfjendur að etja: annars vegar brezka heimsveldið og hins vegar á stundum þá aðila, sem annazt hafa samninga fyrir hönd Íslendinga, fyrst danska ríkisstjórn, sem mat meir verzlunarhagsmuni Dana en lífsafkomu íslenzku þjóðarinnar, og síðan núna innlent ríkisvald, þegar alþýða manna hefur látið vélast til þess að kjósa yfir sig fulltrúa, sem afsala réttindum Íslendinga, til þess að hernaðarbandalagi NATO-ríkjanna stafi ekki hætta af andspyrnu Íslendinga gegn ásókn Breta í íslenzkri fiskveiðilögsögu.

1952 svöruðu Bretar útfærslu fiskveiðilögsögu við Ísland og breytingum á grunnlínum með því að setja löndunarbann á íslenzkan fisk í brezkum höfnum. Þá átti að svelta Íslendinga til hlýðni. Ýmsir, sem til þess tíma höfðu ekki trúað þeim staðhæfingum, að landanir á óunnum fiski í brezkum höfnum væru þjóðinni ekki eftirsóknarverðar og beinlínis óhagkvæmar, þar sem það gæfi meira í aðra hönd að fullvinna fiskinn hér heima, en menn höfðu þá af pólitískum fordómum hafnað möguleikunum á að selja fullunninn fisk á erlendum mörkuðum, og höfðu með því haft af þjóðinni ómældar fjárhæðir, — þessir menn voru nú á sama hátt og Bretar fullvissir um, að löndunarbannið væri okkur háskasamlegt og það væri öruggt vopn í hendi Breta og meira þyrfti ekki til að kúska Íslendinga til hlýðni. En reynslan sýndi, að það vopn snerist í höndum þeirra, sem beittu því. Og innan skamms var öllum ljóst, að löndunarbannið var okkur til hagsbóta. Þjóðartekjurnar jukust, ekki aðeins vegna aukinnar fiskigengdar, sem af útfærslu landhelginnar í 4 mílur stafaði, heldur einnig vegna betri nýtingar aflans, þegar þjóðin hófst að þessu leyti af nýlendustigi. Verðmæti fisksins jókst stórlega vegna tilkomu nýrra fiskvinnslustöðva, sem voru svar okkar við bardagaaðferðum Breta, og fleiri veiðiferða togaranna en áður, þegar þeir stunduðu siglingar til Englands. Þannig töpuðu Bretar fullkomlega þeirri einstöku orrustu, sem þá var háð í langvinnu stríði þjóðarinnar fyrir því að fá viðurkennd yfirráð Íslands yfir landgrunninu öllu, orrustunni um einn áfanga þeirrar baráttu, sem var útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 4 mílur.

En það er sagt, að þótt Bretar tapi orrustum, þá vinni þeir stríðið, og nú horfir svo í landhelgismálinu, að það ætli að ásannast.

Þegar við Íslendingar lögðum til næstu atlögu til verndar fiskimiðunum umhverfis landið með stækkun fiskveiðilögsögunnar í 12 mílur, gripu erfðafjendur okkar í því lífshagsmunamáli, Bretar, til þess að beita Íslendinga hernaðarlegu ofbeldi, reynslunni ríkari, að þeir gátu ekki svelt þjóðina. En Bretar eru hernaði vanir, og þeir vissu, að það er ekki alltaf nægilegt að berjast á einum vígstöðvum. Þeir þekkja það úr sinni sögu, að það er stundum heppilegra að hafa mörg járn í eldinum. Þess vegna háðu þeir aðra orrustu, um leið og til hernaðarofbeldis var gripið á hafinu. Þeir þjörmuðu að veiklunduðustu fulltrúum Íslands, sem einhvers máttu sín í því hernaðarbandalagi NATO-ríkjanna, sem vernda á rétt smælingjanna, eins og við fengum að sjá og kynnast í aðförunum í Egyptalandi og á fiskimiðunum við Ísland. Og jafnhetjulega og íslenzka þjóðin brást við vopnuðu ofbeldi, jafnaumleg var afstaða þeirra Íslendinga, sem Bretar höfðu nánast samstarf við í NATO. Bretar töpuðu margri orrustunni í hinni vopnuðu baráttu sinni við íslenzku þjóðina. Í stað þess að glúpna fyrir vopnum og hótunum hertust Íslendingar í baráttunni og árangurinn af fiskveiðum Breta undir herskipavernd var ekki meiri en svo, að miðin út að 12 mílunum voru friðuð, svo að nam meira en 90%, og veiðisvæðin næst utan við 12 mílurnar lausari við ágang brezkra togara en nokkru sinni fyrr.

Barátta Íslendinga við ofurefli, hið vopnaða brezka heimsveldi, vakti samúð þjóða heimsins með Íslendingum, og Bretar fundu anda að sér fyrirlitningu og andúð. Þessi barátta efldi þjóðlegan metnað Íslendinga og einingu og var samstilltri þjóð afgjafi til sameiginlegra átaka. Svo mikil andleg heilsubót voru þessi átök samstilltrar þjóðar, að ýmsir, sem höfðu svæft svo sinn heilbrigða þjóðarmetnað, að þeir létu sér áður í léttu rúmi liggja, að Ísland var hersetið land, herstöð erlends stórveldis, örfáum árum eftir að þjóðin hafði öðlazt fullt sjálfstæði eftir aldalanga

baráttu, gerðu sér nú ljóst, að her sá, sem búið hafði um sig á Keflavíkurflugvelli, var í rauninni ekki annað en deild úr sama liði og því, sem ógnaði íslenzkum löggæzlumönnum með fallbyssukjöftum og hótunum um dauða og ætlaði með ofbeldi að hindra þjóðina í að ná fram lífshagsmunamáli sínu. Þjóðin var að vakna til vitundar um, að tími væri kominn til þess að hreinsa af Íslandi blett hersetunnar og samsektina af því að vera í hernaðarbandalagi með þjóð, sem beitti sjálfa okkur ofbeldi, og Ísland væri fyrir Íslendinga, en ekki ameríska hermenn, sem þóttust vera hér til að vernda okkur, en létu sem ekkert væri og hreyfðu ekki hönd eða fót, þegar að því rak, að Íslendingar voru beittir hernaðarofbeldi.

Hernaðarárás Breta á Íslendinga kom því fyrir ekki, enda er það margstaðfest reynsla hernaðardýrkenda fyrr og síðar, að Íslendingar láta ekki skipast við byssur. Hernaðarofbeldið eitt hefði því ekki dugað Bretum og óvíst, til hvers það hefði leitt í ósigrinum, — óvíst nema þjóðlegur metnaður og heilbrigt íslenzkt þjóðarstolt byldi þá eigi lengur smán erlendrar hersetu og létti henni af. Bretar hefðu því beðið algeran ósigur í þessu stríði, ef höfuðfjandi Íslendinga í þessu baráttumáli hefði aðeins verið einn, þ. e. Bretinn sjálfur. En eins og ég tók fram áður, hafa þeir jafnan verið tveir, Bretinn og þeir, sem háðastir eru Bretum, þeir aðilar, sem málum hafa ráðið á Íslandi. Og svo sem ég áður sagði, háðu Bretar orrustur á fleiri vígstöðvum en á hafinu einu. Þeir þoldu því að tapa öllum orrustum, sem á hafinu voru háðar í baráttunni um fiskveiðilögsögu Íslands. Þeir töpuðu að vísu einstaka orrustu líka á þessum vígstöðvum, um þrek þeirra manna, sem þjóðin hafði glæpzt á að treysta í baráttunni fyrir einu mesta lífshagsmunamáli hennar. Vinir Breta urðu nefnilega að láta undan síga á stundum. Þegar sú alþýða manna, sem bezt stóð sig gegn hinu brezka ofbeldi, átti að velja menn til að standa þar á vígvellinum, þar sem þeir síðar stóðu, þessir herrar, þá urðu þeir að látast taka þátt í baráttunni með þjóðinni, svo að þeir gætu með því komið í veg fyrir, að í þeirra stað og þá mikilvægu stöði yrðu settir menn, sem meir hugsuðu um hag Íslendinga en Breta og hernaðarbandalag NATO-ríkjanna. Þess vegna urðu þessir vinir Breta í upphafi að sætta sig við útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 12 mílur 1958, og þess vegna urðu þeir að sverja íslenzku þjóðinni hollustueiða fyrir kosningar 1959. En í þessum stundar- og sýndarósigrum þessara manna fólst þó mesti sigurinn fyrir Bretana, því að hefði þjóðinni í upphafi verið ljós hinn raunverulegi hugur þeirra til útvíkkunar fiskveiðilögsögunnar í 12 mílur, væru þeir þess ekki umkomnir í dag að færa Bretum sigurlaunin í baráttu þeirra gegn réttindum Íslendinga, þar sem Íslendingar afsala sér um aldur og ævi þeim stærsta rétti, sem þeir hafa til þessa verið að sækja og verja, réttinum til að ákveða einir um yfirráð þjóðarinnar yfir landgrunninu öllu.

Það hefur komið berlega í ljós, að barátta Breta á öðrum vígstöðvum en hafinu ætlar að tryggja þeim, að þeir vinni stríðið, þótt þeir tapi einstökum orrustum. Þeir töpuðu að vísu einstöku orrustum á þessum vígvelli líka, orrustum, sem miðuðu að því að beygja til hlýðni ístöðulausa valdamenn, sem voru þeim háðir. En sigurinn yfir þeim nú að lokum er að færa þeim heildarsigurinn í stríðinu gegn yfirráðum íslenzku þjóðarinnar yfir landgrunninu við Ísland, jafnvel þótt allar orrustur á hafinu hafi tapazt. Bretar hafa því reynt það sem fyrr, að það er vænlegt til árangurs að berjast á fleiri vígstöðvum en einum.

Þennan sigur hafa Bretar ekki fengið vegna þess, að íslenzkur almenningur hafi glúpnað fyrir ofbeldisaðgerðum og morðhótunum heimsveldisins. Þennan sigur hafa Bretar fengið fram vegna þess, að þeir hafa alla tíð átt á Íslandi menn, sem hafa séð sér hag í því á einn eða annan hátt að meta meir hagsmuni Breta en íslenzku þjóðarinnar. Bretar hafa alltaf átt sína vini á Íslandi, jafnvel áður en Bretar komust svo langt með tök sín á Íslandi, að þeir drægju þessa litlu og friðsömu þjóð inn í hernaðarbandalag stórvelda. Á meðan Bretar skömmtuðu okkur 3 mílna fiskveiðilandhelgi og sáu hana ekki einu sinni í friði, áttu þeir stuðningsmenn á Íslandi, menn, sem lögðu sig fram um að aðstoða þá við ólöglegar veiðar innan 3 mílna landhelginnar. Við könnumst öll við ömmuskeytin frægu, sem brezku togurunum voru send, svo að þeir gætu stundað veiðar í landhelginni, þegar íslenzku varðskipin voru fjarri. Þessir stuðningsmenn Breta hafa lagt þeim sitt lið í baráttu þeirra gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland. Hér leggja þeir fyrir til samþykktar eitt stórt ömmuskeyti, sem gerir ekki aðeins Bretum fært að ræna og eyðileggja innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu, meðan íslenzk varðskip eru fjarri, heldur gefur þeim tryggingu fyrir því, að það verði ekki komið að þeim óvörum. Þeir geta a. m. k. 3 næstu árin verið rólegir inni í miðri fiskveiðilögsögu Íslands. Íslenzku varðskipin skulu ekki hafa heimild til þess svo mikið sem stugga við þeim. Þannig sigrar brezka heimsveldið í stríðinu, þótt orrustur tapist. Bretar töpuðu orrustunum með byssunum á hafinu, en sigruðu í baráttunni, sem íslenzka þjóðin háði við þá um reisn og dug þeirra forustumanna, sem höfðu fyrir kosningar villt á sér sýn. Íslenzka þjóðin háði baráttu við Breta um afstöðu þessara manna. Á stundum urðu þeir í orði að láta undan síga fyrir kröfum þjóðarinnar um, að eigi yrði hvikað.

Er þess skemmst að minnast, að hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, varð að gefa alþjóð svo hljóðandi yfirlýsingu í ríkisútvarpinu:

„Við munum berjast gegn öllum frádrætti, hverju nafni sem nefnist, tímatakmörkunum og öðru, gegn öllu, sem veitir öðrum þjóðum fiskveiðiréttindi innan 12 mílna við Ísland.“

Þessi yfirlýsing dugði skammt til þess að tryggja hagsmuni Íslands, og hún verður ævarandi minnisvarði um reisn þeirra manna, sem hafa illu heilli um sinn haft aðstöðu til þess að ráða gangi landhelgismálsins, — manna, sem hafa, allt frá því er Íslendingar hófu undirbúning að stækkun fiskveiðilögsögunnar í 12 mílur, verið teygðir og togaðir milli íslenzku þjóðarinnar, sem hefur gert til þeirra kröfu um, að þeir væru Íslendingar og berðust fyrir Íslendinga eina, og brezka heimsveldisins, sem hefur togað þá og ginnt til þess að meta aðra

hagsmuni meir. Í þessum sviptingum hafa Bretar haft betur, og það hefur ráðið úrslitum í landhelgismálinu. Sjálfstæðiskennd þeirra sem Íslendinga gagnvart Bretum er ekki orðin á marga fiska. Þó hefur einn þeirra lýst því yfir opinberlega, að það sé sjálfstætt á honum hárið, og hann unir glaður við sitt.

Brezka heimsveldið tapaði öllum orrustum, sem það háði með vopnavaldi, og var búið að gefast upp á þeim vígstöðvum, þegar Bretar unnu endanlegan sigur í togstreitunni við þjóðina um afstöðu íslenzkra stjórnarvalda til eins brýnasta lífshagsmunamáls íslenzku þjóðarinnar, réttinda hennar til þess að ráða verndun sinna eigin fiskimiða. Bretar höfðu algerlega gefizt upp á því að veiða innan fiskveiðilögsögunnar undir herskipavernd. Þessar aðfarir þeirra, sem áttu að vekja ógn og áttu að kúska Íslendinga til hlýðni, urðu að skripaleik í augum alheimsins. Veiði togaranna varð engin, og undir lokin voru veiðiferðir brezkra togara innan lögsögunnar orðnar að skyldu og kvöð á togurum þeirra og áhöfnum og Bretum öllum til stórtjóns. Ógerlegt var að halda þeim skripaleik áfram, m. a. vegna þess, að brezkir togarasjómenn stunda ekki fremur en stéttarbræður þeirra annars staðar fiskveiðar á togurum sem sport. Þeir ráða sig á togarana einfaldlega til þess að hafa þar hlut. Brezkir togarasjómenn hafa engin efni á því að fórna hlut sínum við sýndarveiðar. Það var því öllum ljóst, að Bretar gátu aldrei sigrað í þessu stríði með því að beita gegn Íslendingum sjóliðum og togarasjómönnum.

En þegar ósigur Breta á þessum vígstöðvum var augljósastur, brast sá varnargarður Íslendinga, sem veikastur var. Þá sannaðist enn einu sinni, að höfuðfjendur íslenzkrar alþýðu í baráttunni fyrir verndun fiskimiðanna, sem þjóðin byggir afkomu sína á, hafa jafnan verið tveir, Bretar og þeir menn, sem hafa samið við þá um mikilsverðustu réttindi hennar, þ. e. a. s. Danir og NATO-sinnar, sem meta meir hernaðarbandalagið við verndara smælingjanna, Breta, en hagsmuni íslenzku þjóðarinnar, menn, sem hafa metið meir einingu í NATO, einingu, sem fengin er með því, að minnsta þjóðin gefi upp réttindi sín, heldur en þjóðareiningu Íslendinga í landhelgismálinu. Þess vegna er sýnt, að þótt Bretar hafi tapað öllum orrustum á hafinu í fiskveiðideilunni og nokkrum sinnum orrustu um staðfestu Bretavinanna á Íslandi, þá horfir svo, að þeim takist að vinna stríðið sjálft, ef þjóðin lætur ekki sjálf svo til sín taka, að um muni, svo að ekki verði af þeim samningum, sem nú eru fyrirhugaðir, um að hleypa Bretum inn að 6 mílna línunni og afsala rétti Íslendinga til einhliða aðgerða til verndunar fiskimiðanna umhverfis landið.

Með stórfelldum áróðri stjórnarliðsins hefur verið unnið að því um langt skeið að fá þjóðina til þess að sætta sig við afsláttinn í landhelgismálinu, fá hana til að fórna þeim árangri, sem þegar hefur náðst í friðun fiskimiðanna fyrir togveiðum innan 12 mílna, láta hana fyrst sætta sig við afsláttinn, og síðan er gengið svo langt, að reynt er að láta hana telja sér trú um, að um engan afslátt sé að ræða.

Einn hv. þm. sagði í umr. um daginn, að samningur sá, sem lagt er til að gerður verði við Breta, sé um margt líkur nauðungarsamningnum í Kópavogi fyrir 300 árum, og er það að nokkru leyti rétt. Í bæði skiptin er um að ræða nauðungarsamning, sem knúinn er fram með hótunum um ofbeldi. En sá er munurinn, að þegar nauðungarsamningurinn var gerður í Kópavogi, var ekki reynt að telja neinum trú um, að þjóðin væri að vinna sigur. Þá beittu forustumenn Íslendinga ekki sína eigin þjóð blekkingum. Þá var öllum ljóst, að verið var að láta undan ofbeldi og að um nauðung var að ræða, og viðbrögð þeirra, sem henni voru beittir, sýndu öllum, að samþykkt þeirra á samningunum var ekki gerð af frjálsum vilja. Þá varð ofbeldið, sem yfirráðaþjóðin beitti, Íslendingum aflgjafi til nýrra átaka um að berjast gegn óréttinum. Þá var ekki reynt að stinga þjóðinni svefnþorn.

Saga þjóðarinnar sýnir, að hún stendur af sér ofbeldið. Það er ekki til neins að beita hana því. Við beitingu kúgunar og nauðungar gegn þjóðinni hefur henni skilizt, hvers hún þurfi að krefjast af sjálfri sér í áframhaldandi baráttu til þess að vinna réttinn að nýju. En nú er reynt vísvitandi að ljúga að þjóðinni, til þess að hún haldi ekki baráttunni áfram, svo að hún jafnvel telji sér trú um, um skeið a. m. k., að hún hafi unnið sigur, þurfi ekkert að endurheimta og geti verið sem lengst ánægð með óbreytt ástand. Ofbeldið og nauðungina þolir þjóðin. En henni er ekkert hættulegra en sú lygi, sem er ætluð til þess að slæva samvizkuna og baráttuviljann og kveða niður samvizkubitið af því að hafa afsalað rétti þjóðarinnar. Þess vegna er það háskasamlegt, þegar þjóðinni er á niðurlægingarstundu talin trú um, að hún hafi engan rétt af hendi látið. Það er gert til þess eins, að hún afsali sér þeim rétti til frambúðar, en hefji ekki jafnskjótt baráttuna til þess að endurheimta hann.

Á undanförnum árum hefur of oft verið logið að þjóðinni á örlagastundum og síðan verið reynt að láta hana lifa í sjálfsblekkingu og lífslygi. Þegar þjóðin var véluð til þess að heimila hersetu í landinu, var samvizka hennar svæfð með því að telja henni trú um, að hún væri að bjarga sjálfu lýðræðinu í heiminum, — með því að styðja lýðræðishetjuna og mannvininn Syngman Rhee í Kóreu. Þessi vopnlausa smáþjóð, sem lýst hafði yfir ævarandi hlutleysi, þegar hún varð sjálfstæð, í samræmi við alla sína sögu og lífsgrundvöll, var véluð frá því hlutleysi með yfirlýsingum um, að því hlutleysi fórnaði hún vegna þátttöku í varnarbandalagi friðelskandi þjóða, sem hefði það hlutverk að vernda smælingjana í heiminum.

Þannig var samvizkan svæfð í það skiptið og þannig svaf samvizka mikils hluta þjóðarinnar, þar til lygin varð öllum ljós og eðli bandalagsins sýndi sig í Egyptalandi og á fiskimiðunum umhverfis Ísland.

Við hvern þann samning, sem vélað var inn á þjóðina, smækkaði hún meir andlega en hún hefði gert, þó að þessum samningum hefði opinberlega verið þröngvað inn á hana með ofbeldi, því að ofbeldið hefur þjóðin þolað, en lygin, sem ætluð er til að slæva samvizkuna og réttlæta ranglætið, er hættulegri öllu öðru. Og enn á að leika sama leik-

inn, nú með þeim samningi, sem hér er lagt til að gerður verði.

Nú er reynt að finna afsakanir fyrir uppgjöfinni, og nú er jafnvel gengið svo langt og svo hátt reitt til höggs, að reynt er að telja þjóðinni trú um, að hún sé að vinna sigur í því sjálfstæðismáli, sem landhelgismálið er. Sök sér væri að láta undan fyrir ofbeldinu og gera sér það ljóst og reyna ekki að blekkja sig eða telja sér trú um, að ósigurinn geti verið nokkuð annað en ósigur og undanhaldið undanhald. Þess vegna er lygaskammturinn, sem ríkisstj. ætlar þjóðinni nú, svo gífurlegur, að ósigurinn er nefndur sigur og niðurlægingin upphefð, að óttinn er allur við það, að kyngi þjóðin ekki þessum bita, þá verði því ekki forðað lengur, að vegna baráttu þjóðarinnar um landhelgina við Breta verði henni ljóst, hvílíkar ógnarblekkingar henni hafa verið boðnar áður, þegar hún var niðurlægð — fyrst til þess að veita erlendum her hluta af landinu og síðan til þess að ganga í hernaðarbandalag með Bretum. Það er nefnilega ekki örgrannt um, að baráttan við Breta, sem árið 1952 gerði Íslendingum í ógáti ljóst, að það var ekki í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar að selja ósunnin hráefni úr landi sem nýlendu, — það er ekki örgrannt um, að sú barátta hafi síðan 1958 opnað augu manna fyrir því, að það samrýmist ekki hagsmunum eða sóma Íslendinga að sætta sig við erlenda hersetu eða vera í hernaðarbandalagi við þá, sem með vopnuðu ofbeldi hafa barizt gegn lífshagsmunum íslenzku þjóðarinnar. Þess vegna er nú gripið til þess ráðs að halda því fram, að sú árásarþjóð sé að beygja sig, þegar hún er nú að ráðast inn að 6 mílna mörkunum og er að láta Íslendinga afsala sér þeim réttindum, sem lýst var yfir 1948, réttinum til lögsögu Íslendinga innan endimarka landgrunnsins.

Ríkisstjórnin er án efa búin að tryggja sér svo rækilega atfylgi þingmanna sinna fyrir samningi við Breta, að þær löngu umr., sem fram hafa farið hér á hv. Alþ., verða því miður ekki til þess að koma í veg fyrir samþykkt hans. Svo staðráðnir eru hv. þm. stjórnarliðsins, að þeir telja sig ekki einu sinni þurfa að hlusta á þær umr., sem hér hafa farið fram. En þótt ríkisstj. hafi valdið til þess að knýja fram þessa nauðungarsamninga, þá getur hún þó ekki komið í veg fyrir þann árangur af umr., að augu þjóðarinnar opnast fyrir blekkingum stjórnarinnar, að þjóðinni verður ljóst eðli samningsins, hún gerir sér ljóst, að hann er spor aftur á bak í sjálfstæðismálum þjóðarinnar, að hann er réttindaafsal og ósigur. Og það er ekki einskis virði, að sá árangur náist, að þjóðin geri sér þetta allt að fullu ljóst og lifi í engum sjálfsblekkingum. Þá er full von og vissa um, að þjóðin mun ekki sætta sig við óbreytt ástand, að hún mun eflast til nýrra átaka í landhelgismálinu, hún mun sækja að nýju þann rétt, sem nú er verið að láta af hendi.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 9. marz, var enn fram haldið síðari umr. um till. (A. 428, n. 447, 448 og 449, 450, 456, 459).

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem fram hafa komið í þessum umræðum, sem ég vildi nú gera að umtalsefni.

Hæstv. utanrrh. hefur neitað að birta í heild þá yfirlýsingu, sem við höfum séð hann hafa með höndum hér í þessum ræðustól. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í utanrmn. fórum fram á það við hv. formann utanrmn., að hann kallaði saman utanríkismálanefndarfund og fengi utanrrh. á hann, til þess að hann birti þar þessa yfirlýsingu og þetta umtalaða bréf. Hv. form. utanrmn. varð strax við ósk okkar að athuga um slíkt, en utanrrh. tilkynnti, að hann mundi ekki birta meira en hann nú hefði birt, lét jafnvel orð að því liggja, að hann hefði birt allt.

Ég vil taka það fram í sambandi við þessa hluti, að þegar utanrrh. neitar að birta slíka skýrslu til utanrmn., þá eru þetta engin þingleg vinnubrögð. Svo framarlega sem við hefðum verið staddir t. d. í þingi Bandaríkjanna, þá hefði utanrrh. orðið að gera svo vel að hlýða því, sem utanrmn. krafðist, og gefa þær skýringar, sem hún heimtaði. Og það kann ekki góðri lukku að stýra, að þeir menn, sem eru kosnir sem framkvæmdastjórar fyrir eitt þjóðfélag, fyrir eitt Alþingi, komist upp með að halda, að þeir séu herrarnir, en ekki þjónarnir. Það er líka greinilegt orðið af öllu því umtali, sem hefur orðið um þessa yfirlýsingu, að það eru fáir, sem vita, hvað hér er um að ræða. Stundum er látið orð að því liggja af hálfu hæstv. utanrrh., að hann hafi birt allt bréfið. Þegar hv. frsm. meiri hl. utanrmn., hv. 5. þm. Reykv., talar hér, segir hann hins vegar, að það hafi verið birt úr bréfi, það hafi verið birt að meira eða minna leyti. Sannleikurinn mun vera sá, að meira að segja stjórnarliðið hér á Alþingi hefur ekki hugmynd um, hvað í þessari orðsendingu stendur, og því mun aldrei hafa verið sýnd hún, þannig að hér virðist vera um að ræða einkaplagg, sem eigi að minnsta kosti að dylja fram yfir þessar umræður. Hvað er í þessu, sem þarf að fela? Það þarf venjulega ekki að fela annað en það, sem óhreint er.

Hæstv. utanrrh. hefur stundum látið orð að því liggja, þegar hann talar um aðrar þjóðir í sambandi við sérréttindi Breta, að þær létu máske ýmislegt annað í té.

Það kom dálítið einkennilegt fyrir í gær. Það var allt í einu farið að tala um af hálfu fulltrúa Sjálfstfl. og Alþfl. í hreppsnefnd Eskifjarðar, að fyrir það að eyðileggja fiskimiðin mundi vonandi koma eitthvert fjármagn í staðinn. Hvað er það, sem hefur verið að gerast á bak við tjöldin í sambandi við þetta? Við vitum, að það var neitað um lán frá Þýzkalandi nú í janúar. Við vitum, að það var játað að láta þau í desember, um það leyti sem upplýst er, að hæstv. utanrrh. hafi verið að semja um þau í London. Það var neitað að láta þau í janúar, og það var neitað að láta þau í febrúar, meðan ekki var búið alveg að beygja allt stjórnarliðið hérna. En þau voru öll laus, þegar þetta mál kom fyrir þingið, þegar búið var að handjárna. Hvað er það, sem er falið í þessum samningi? Hvað er það, sem máske hefur verið látið kvisast út á bak við tjöldin og borizt alla leið austur á Eskifjörð til fulltrúa Sjálfstfl. og Alþfl. þar, sem gera sér von um, að í staðinn fyrir að eyðileggja fiskimiðin fái þeir þó fjármagn? Er það

samningurinn um 30 skildingana, sem hæstv. utanrrh. vill ekki sýna okkur?

Það er ósvífni gagnvart Alþingi, gagnvart utanrmn. og gagnvart þjóðinni að reyna að kúga hér í gegnum þingið samning, jafnvel á grundvelli einhverra einkabréfa. Ég vil taka það fram, að þó að Guðmundur Í. Guðmundsson, hæstv. utanrrh., sé vafalaust mikill maður og eigi mikla kollega, þá er nú samt ekki íslenzka ríkið orðið hans einkamál enn þá, og meira að segja þegar hann hefur verið fjmrh., þá er honum bezt að líta svo á, að íslenzkur ríkissjóður sé ekki heldur neinn einkasjóður fjármálaráðs Alþýðuflokksins. Þótt toppkratar kunni að vera voldugir, þá er það enn þá íslenzka ríkið, sem ræður þessum hlutum, og það er bezt fyrir menn að gá að því, hvað þeir eru að gera, og fyrir stjórnarliðið er bezt að athuga, að það er engin afsökun til fyrir það eftir á, svo framarlega sem menn komast seinna meir að því, að þeir hafi verið blekktir.

En það er ekki nóg með þetta bréf eða þessa yfirlýsingu eða hvað sem við viljum kalla það, sem fram hefur komið í þessum umr. Það hefur líka komið fram í þessum umr., að hæstv. utanrrh. er staðinn að ósannindum. Aðrir utanrrh. hefðu sagt af sér, þegar slíkt hefði gerzt. Í svörum sínum 6. febr. við fsp. Lúðvíks Jósefssonar um landhelgismálið gaf hann skýr og ótvíræð svör. Hann sagði, að í þeim viðræðum, sem fram hefðu farið, hefði ekki komið fram nein till. eða neitt tilboð af Íslands hálfu um lausn málsins, og hann endurtók svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En á þessu stigi málsins vildi ég aðeins minna á ummæli hæstv. forsrh., daginn sem Alþingi var sett, um samráð við þingið, áður en endanleg ákvörðun í málinu yrði tekin. Sú yfirlýsing er að sjálfsögðu í fullu gildi, og mun ríkisstj. fara eftir henni.“

Þetta voru loforðin, sem okkur þm. voru gefin. Nú er það Alþýðublaðið, sem ljóstrar því upp, að þetta hafi verið ósatt. Nú er það hæstv. utanrrh., sem svíkur það loforð hæstv. forsrh. að leggja þetta fyrir þingið, áður en endanleg ákvörðun sé tekin. Og nú í þessum umr. eigum við að treysta á skýringar, sem þessi hæstv. utanrrh. gefur, — hæstv. utanrrh., sem hefur fallið fyrir okkur svo og svo mikið af því, sem gerzt hefur þarna á bak við tjöldin, — hæstv. utanrrh., sem er staðinn að ósannindum um það, sem þarna hefur farið fram, — og svo á Ísland í millirikjasamningum að treysta á hans skýringar og hans aukayfirlýsingar um hluti, sem varða þess framtíð.

Ég held, að hæstv. utanrrh. hljóti að vera ljóst, að við getum ekki treyst þessu, við getum ekki trúað þessu, við getum engu orði trúað eftir það, sem gerzt hefur af hans hálfu. Við sjáum nú staðreyndirnar, eins og þær liggja fyrir í þessum málum. Það hefur verið samið í desember um það, sem nú liggur fyrir. Ef það var í meðvitund hæstv. utanrrh. stórsigur, sem þá vannst, hví kom hann ekki fagnandi heim í desember, þegar þjóðinni stórsigurinn og sagði: Sjáið þið, hvílíkt afrek ég hef unnið? — Af hverju þurfti að fara leynt með stórsigurinn? Var það vegna þess, að meira að segja hæstv. utanrrh. var ekki sannfærður um, að það væri neinn stórsigur, heldur þvert á móti? Var það vegna þess, að það tók tvo mánuði að vinna verkið, sem fyrst þurfti að vinna, að beygja stjórnarliðið í sölum Alþingis, beygja stjórnarliðið og brjóta það niður, á meðan lánin væru stöðvuð erlendis, á meðan ráðslagað væri hér, hvernig skyldi reyna að taka þjóðina með skyndiáhlaupi áróðursins? Og það má segja hv. þm. stjórnarliðsins til hróss, að svo beygðir hafa þeir verið í þessu, að þeir hafa ekki komið upp einu einasta orði allan þennan tíma, við allar þessar umr., þangað til þeir að líkindum stynja upp sínu jái, þegar þar að kemur. En þetta er það, sem hefur gerzt. Svona hefur verið farið að. Þetta á þriðja mánuð hefur það tekið að beygja stjórnarliða á Alþingi, og það hefur aldrei verið þorað að standa við loforð hæstv. forsrh. um að leggja málið fyrir þingið, áður en endanleg ákvörðun væri tekin, vegna þess að ef stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar, þm. á þingmannabekkjum, hefðu fengið að ræða þessi mál í sameiningu, áður en ríkisstj. var búin að binda sig, þá hefði Alþingi aldrei verið bundið og ríkisstj. ekki heldur.

Ég vil því segja við hv. þingmenn stjórnarliðsins: Þið verðið að gera ykkur ljósa þá ábyrgð, sem á ykkur hvílir. Þið vitið ekki um alla samninga, sem fram hafa farið. Þið hafið reynslu af ósannindum hæstv. utanrrh. En það eruð þið, sem eigið að taka á ykkar herðar pólitísku og efnahagslegu afleiðingarnar og ábyrgðina af þeim verknaði, sem nú er verið að vinna. Við vitum ósköp vel, að meira að segja ráðherrar Íslands gera ekki þetta, sem nú er verið að gera, af frjálsum og fúsum vilja. Við vitum ósköp vel, að þá dreymdi allt aðra drauma, þegar þeir byrjuðu að semja við England. Við vissum, að þeir voru að tala um 16 mílur úti fyrir Vestfjörðum. Við vissum, að þeir voru að tala um að leggja undir okkur landgrunnið úti fyrir Vestfjörðum. Við vissum, að þeir vonuðust eftir að geta flutt einhvern sigur heim. Allar þessar sigurvonir þeirra hafa brotnað, og meira að segja utanrrh. sjálfur, eftir að allt þetta var brotnað niður í samningunum, hefur auðsjáanlega orðið að segja við Breta: Einhver vopn verðið þið þó að gefa okkur á móti stjórnarandstöðunni heima, þótt þið viljið ekki gefa okkur 16 mílur fyrir Vestfjörðum eða landgrunnið fyrir Vestfjörðum, eins og hæstv. fjmrh. einu sinni var að tala um við Vestfirðinga.

Við skulum þess vegna ekki, þegar gengið verður til atkvæða um þetta mál, fara í neinar grafgötur um það, hvaða harmleikur það er, sem þarna er að gerast, hvernig búið er að beygja menn. Sízt mundi ég ætla það nokkrum að hafa gert þetta án þess að hafa verið beygður til þess.

Hæstv. utanrrh. vék hér nokkrum orðum til mín í sambandi við undirbúning landgrunnslaganna 1948. Það var rétt hjá honum, og það var undirstrikað af mér þá, eins og alltaf hefur verið, að landgrunnslögin voru vel undirbúin, og ég lagði áherzlu á það, að þau væru vel undirbúin og vel kynnt og að það yrði að vinna sem bezt að málstað okkar Íslendinga út um allan heim. En hvernig var unnið að þeim? Ég hef gluggað ofur lítið í fundargerð utanrmn. frá 1947 og 1948. Það var hver fundurinn á fætur öðrum hjá utanrmn. þá, sem hæstv. þáv. utanrrh. átti uppástungur að, að haldnir voru, og lagði málið fyrir. Það var Bjarni Benediktsson þá.

Málin voru rædd þar og rædd ýtarlega, og það er satt að segja mjög fróðlegt, af því að maður er farinn að gleyma svona umr., að rifja þær upp nú, þó að ég ætli ekki að gera það hér. Þar var lögð áherzla á, hvílíkt samkomulag þyrfti að verða á milli allra þingflokka um þetta, og þá var þetta undirbúið í utanrmn. Og það hefði verið gæfa Íslands, ef það hefði verið gert aftur núna, eins og ber samkvæmt lögum, að undirbúa þetta mál í utanrmn., áður en ákvarðanir voru teknar um það, áður en handjárn voru sett á. Þá var lögð áherzla á samráð allra flokka, þá var loforð um að hafa samkomulag um þessa hluti. Nú hefur þetta allt verið svikið, nú er ekkert samráð, nú á aðeins að fara aftan að og knýja þessi mál í gegn. Hæstv. utanrrh. sagði, að það væri greinilegt, að við, sem þá vorum fulltrúar Sósfl., hefðum viljað vinna vel að þessum málum. Þá hefði heldur ekkert Atlantshafsbandalag verið til. Það er rétt. Það var ekki fyrr en árið eftir að landgrunnslögin voru gefin út, að okkar fjandmenn skipulögðu sig í Atlantshafsbandalaginu til þess að reyna að hindra, að við Íslendingar tækjum okkur þann rétt, sem við helguðum okkur með þeim lögum. En hvílík rökþrot eru þetta, sem hæstv. utanrrh. er kominn í, þegar hann er farinn að tala um, að það hafi verið eingöngu til þess að vinna gegn Atlantshafsbandalaginu, að við höfum beitt okkur fyrir landgrunnsbaráttunni, líka 1958. Hélt hann, að afstaða Atlantshafsbandalagsins og fjandskapur þess gagnvart Íslendingum væri eitthvað nýtt? Átti það að vera eingöngu þjónusta við heimskommúnismann að berjast fyrir útvíkkun fiskveiðitakmarkanna við Ísland? Var Ólafur Thors, hæstv. núv. forsrh., að vinna í þjónustu kommúnismans, þegar hann færði landhelgina út í 4 mílur? Var hæstv. núv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, að vinna í þjónustu kommúnismans, þegar hann var að vinna að því meira að segja að taka upp samninga við Rússa til þess að brjóta á bak aftur verzlunarbann Englendinga, sem sett var á okkur, þegar fært var út þá? Eru máske Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson orðnir erindrekar kommúnista? Eru engin takmörk fyrir því, hve djúpt þessi hæstv. utanrrh. ætlar að sökkva í sinni röksemdafærslu? Er ekki nóg að vaða upp að hnjám í lygum og landráðum, þó að menn sökkvi ekki í það hyldýpi röksemdaleysnanna, sem hatrið á kommúnismanum skapar hjá andstæðingum hans?

Hæstv. utanrrh. talaði um, að það væri verið að bera sér á brýn landráð og svik, það væri verið að tala um að semja nú um hluti, sem hann vildi meina að einu sinni hefði þó þótt framför að. Það var mikið, að hann fann það. Eftir að þjóðin hefur unnið sinn sigur, eru það landráð að spila þeim sigri úr hendi hennar. Það að semja um hlut í dag, sem hún þarf ekki að semja um, þó að henni hefði þótt sá hlutur einu sinni framför, það eru landráð. Það var vissulega stór framför, þegar við fengum okkar fullveldi 1918. Við höfðum þá danskan konung, og Danir fóru með okkar utanríkismál. Ef hæstv. utanrrh. tæki að semja um það í dag, að við tækjum aftur danskan konung og fengjum okkar utanríkismál í hendur Dana, þá væru það landráð, jafnvel þótt það hefði verið framför að því ástandi, þegar það var sett á laggirnar 1918.

Það hefur verið vikið hér að okkur, sem höfum viljað berjast fyrir rétti Íslands í þessum málum, að það væri ofbeldisandi, sem þar væri að verki. Ég verð að segja, að það er hart, að í þessum umr. skuli koma frá nokkrum hæstv. ráðh. ásakanir til nokkurs Íslendings um ofbeldi eða ofbeldisanda eða að Íslendingum sé slíkt kært. Við höfum allir alltaf farið og munum alltaf fara að okkar lögum og að okkar rétti og sækja okkar lög og okkar rétt í hendur hverra, sem við eigum við að etja. En hvar er það, sem ofbeldið er í þessum hlutum? Ofbeldið er hjá Bretum. Það voru Bretar, sem tóku okkar land með hernámi 1940. Það voru Bretar, sem brutu okkar stjórnarskrá og brutu öll sín loforð hér 1941. Það var brezk ríkisstj., sem hótaði íslenzkri ríkisstj. til þess að pína hana til þess að ganga að slæmum erlendum samningi við erlent vald. Það voru Bretar og þeirra vald, sem reyndi að brjóta okkur á bak aftur með efnahagsbanni 1952. Og það voru Bretar, sem beittu okkur ofbeldi, gerðu á okkur herárás 1958. Saga afskipta Breta af okkur er ein samfelld keðja af níðingsskap og ofbeldi. Og svo eru menn til, sem bera okkur á brýn, okkur Íslendingum, að það séum máske við, sem allan þennan tíma höfum orðið að berjast fyrir okkar lögum og okkar rétti, okkar frelsi á móti þessum ofbeldisseggjum, — það séum við, sem séum haldnir ofbeldisanda. Ég spyr: Hefði þessi samningur, sem nú liggur fyrir að gera, nokkurn tíma orðið til nema fyrir ofbeldi Breta? Ég trúi því ekki, að nokkur maður, — og ég undantek ekki ráðherrana hér inni, — hefði farið að láta sér detta í hug að gera þennan samning, nema vegna þess að Bretar beittu okkur ofbeldi 1958 og þaðan í frá. Það erum við, sem erum réttarríkið, Ísland. Það er Bretland, sem er ofbeldisríki, og það er ekki í fyrsta sinn og ekki bara gagnvart okkur, sem það er það. Undirrót þessara samninga er ofbeldi Breta, og einungis þess vegna eru þeir yfirleitt til komnir.

Með því, sem nú er að gerast hér á Alþingi, er verið að hörfa frá lögsögu Íslands yfir landgrunninu í framtíðinni. Sú lögsaga Íslands var grundvallaryfirlýsing okkar um yfirráðarétt okkar Íslendinga yfir landgrunninu, og Alþingi hefur aldrei gefið neinum heimild til þess að falla frá henni. En hitt þarf að gera sér ljóst, með hve mismunandi aðferðum er unnið að því að tryggja þennan rétt okkar og afla okkur að lokum á honum viðurkenningar. Við vinnum að slíku með tveim aðferðum: Í fyrsta lagi með sífelldri baráttu, sífelldri útfærslu á okkar fiskveiðilöggjöf, sífelldri baráttu út af þeirri útfærslu, baráttu, sem vekur athygli um allan heim, af því að það er hámenningarþjóð, lítil og fátæk, sem er að berjast fyrir lífi sínu, og af því að heimurinn er þó til allrar hamingju þannig hugsandi í dag, að hann hefur samúð með slíkum aðila, og okkur tekst þess vegna að vekja okkur samúð um víða veröld með því að berjast sjálfir.

Okkur hefur tekizt á síðasta áratug að leggja undir okkur sífellt stærra svið af landgrunninu. Okkur hefur tekizt með slíkri baráttu að leggja undir okkur 4 mílur, okkur hefur tekizt með slíkri baráttu að leggja undir okkur 12 mílur, þrátt fyrir mótspyrnu þess volduga brezka valds og án þess að við höfum beina lagastoð í alþjóðarétti. Hins

vegar erum við að skapa alþjóðarétt með þessari baráttu, og vegna þessarar baráttu og annarrar slíkrar, sem aðrir heyja, er meira og meira að færast í það horf, að alþjóðalög taki tillit til þessa réttar okkar og annarra slíkra. Einmitt vegna þess, að við berjumst sjálfir fyrir okkar rétti, erum við að gera þennan rétt að staðreynd í viðskiptum þjóðanna. Þetta er og verður okkar höfuðvopn í baráttunni, og þessu vopni megum við aldrei farga, hvernig sem reynt er að handjárna okkur.

Í öðru lagi getum við barizt með því, og það er rétt að berjast með því að beita okkar rökfærslu á alþjóðavettvangi, á alþjóðasamkundum, hvar sem við getum við komið, líka reyna að sannfæra dómstóla, dómendur og alla mögulega aðra slíka. En við skulum ekki halda okkur við það einvörðungu.

Það dregur nú að lokum þessara umræðna, og það er nú séð, hvað verða vill, og að því óhappaverki, sem hér er verið að vinna, verður ekki afstýrt. En það vil ég segja við meðþingmenn mína úr stjórnarflokkunum: Gerið þið ykkur ljósa þá ábyrgð, sem á ykkur hvílir í þessu sambandi. Þið gerið Íslandi erfiðara fyrir að ná sínum rétti, eftir að þessi samningur er gerður. Þið setjið þjóð vora á ný í þá aðstöðu að verða að sækja rétt sinn í greipar erlends valds. Og þið berið ábyrgð á öllum þeim erfiðleikum, sem þessi samningur leiðir yfir íslenzka þjóð. En þið skuluð engir halda, að það sé búið að drepa Ísland til frambúðar í dróma brezks auðvalds og Atlantshafsbandalagsins með þessum svikasamningi. Stormur frelsisins fer um víða veröld. Ánauðugar þjóðir hrista af sér nýlendufjötrana, og Ísland skal ekki verða eftirbátur annarra landa. Ísland mun einnig slíta af sér þá svikafjötra, sem brezkur níðingsskapur, brezkt ofbeldi, brezk flærð og vesaldómur íslenzkra valdhafa er nú að leggja á þjóðina. Ísland hefur áður verið bundið undir erlent ok. Það hefur hrist það af sér, og það mun hrista þetta ok af sér líka þrátt fyrir allt.

Jón Skaftason: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh., sem talaði hér í gærkvöld, var greinilega mikið niðri fyrir, sem er mjög skiljanlegt eftir þær umr., sem hér hafa farið fram á undan. Mér finnst ástæða til þess að gera nokkrar aths. við nokkur atriði í ræðu hans í gær.

Í fyrsta lagi: Hæstv. ráðh. hélt því fram, að alþjóðadómstóllinn væri á undan þróuninni til að skapa alþjóðarétt. Nefndi hann dæmi af dómi í deilu Norðmanna og Breta og hin víðtæku áhrif þess dóms á fiskveiðilögsögureglur þjóðanna.

Víst er um það, að dómur þessi hafði sín áhrif, og þá ekki hvað sízt hér á landi. Ég hygg þó, að alþjóðleg venja og praksis þjóðanna hafi tvímælalaust verið á undan sem réttarskapandi, enda þótt venja þessi og praksis hafi hvergi fengið staðfestingu með alþjóðadómi. Bendi ég á í þessu sambandi, að á milli 30 og 40 þjóðir hafa fært út fiskveiðilandhelgi sína einhliða í 12 mílur eða jafnvel enn þá meira og halda þeirri landhelgi óáreittar. Það er einmitt þetta atriði, sem gerir skylduákvæðið um málskot til alþjóðadómstólsins í væntanlegu samkomulagi við Breta varhugavert að mínu viti, því að engin vissa er fyrir fram, að dómstóllinn staðfesti friðunaraðgerð, þótt praksis margra þjóða styðji þá aðgerð. Venjan þarf að standa um langan tíma til þess að skapa rétt. Ummæli Gunnars G. Schrams þjóðréttarfræðings í útvarpinu á mánudaginn var staðfesta líka þessa staðhæfingu mína, en Gunnar sagði, ef ég man rétt, eitthvað á þessa leið, efnislega: að setning lagareglna um verndun fiskstofna á úthafinu hefði orðið á eftir þróuninni. **(Gripið fram í:** Hvaða þróun?) Þróun, sem hefur fengizt, fyrir, — ég nota sama orðið og hæstv. dómsmrh. notaði um þetta atriði í gær í sinni ræðu, þar talaði hann um þróun, þ. e. a. s. reglur, sem skapast fyrir venju eða samning ríkja í milli eða eitthvað slíkt.

Það er líka eðlilegt, að dómar alþjóðadómstólsins séu líttð réttarskapandi á vettvangi alþjóðareglna. Það hefur verið upplýst hér, að einungis um ⅓ hluti þeirra þjóða, sem nú eru í samtökum Sameinuðu þjóðanna, hefur skuldbundið sig til þess að skjóta öllum deilumálum ríkja í milli fyrir alþjóðadómstólinn. ⅔ hlutar þjóðanna standa þar fyrir utan. Og það er, eftir því sem ég bezt veit, heldur fátítt, að stór millirikjamál beri fyrir dómstólinn, þannig að hann fær ekki það tækifæri til að skapa alþjóðlega réttarreglu, sem hann gæti gert, ef fleiri mál kæmu fyrir hann.

Í öðru lagi talaði hæstv. ráðh. um það og nefndi það skinhelgi hjá stjórnarandstöðunni, er hún héldi því fram, að einungis ætti að leggja ágreiningsmál Íslendinga við aðrar þjóðir fyrir alþjóðadómstólinn, þegar við teldum fyrir fram líkur fyrir því, að við mundum vinna þau mál, annars ekki. Ég er sammála hæstv. ráðh. í því, að þessi regla er náttúrlega algerlega óviðunandi, að mínu viti. Ég hef alltaf litið þannig á, að við Íslendingar ættum að skuldbinda okkur til þess að hlíta dómi og lögsögu alþjóðadómstólsins, ef mikill meiri hl. þjóðanna gerði slíkt hið sama. En ég get ekki fellt mig við, að Íslendingar bindi sig fyrir fram um aldur og ævi til að leggja hvert eitt millirikjadeilumál fyrir þennan dómstól, meðan aðeins ⅓ eða ¼ hluti þeirra þjóða, sem skipa Sameinuðu þjóðirnar, hefur skuldbundið sig til þess að gera það.

Út af þessari fullyrðingu hæstv. ráðh. í gær langar mig til þess að spyrja hann að því, hver stefna hans sjálfs og hans flokks sé í þessu máli. Ég minnist þess ekki, að árið 1958, þegar við færðum út fiskveiðilandhelgina í 12 sjómílur og mjög var um gildi þeirrar aðgerðar deilt milli Breta og Íslendinga, kæmi ein einasta rödd fram úr hópi sjálfstæðismanna, er legði það til, að við létum alþjóðadómstólinn dæma um þetta mál. Ef þeir gerðu þetta ekki 1958, og ef þetta var ekki þeirra skoðun og þeirra regla þá, því er þá það talið sjálfsagt í dag, að við skulum um alla framtíð binda okkur skilyrðislaust við það að leggja hvert eitt deilumál, sem upp kann að rísa milli Íslendinga og annarra þjóða, fyrir alþjóðadómstól?

Í þriðja lagi gerði hæstv. ráðh. mjög mikið úr því, að íslenzka sendinefndin, með samþykki íslenzku ríkisstj., hefði á Genfarráðstefnunni 1958 samþykkt það, að gerðardómur mætti úrskurða ákveðin atriði á hafinu fyrir utan 12 mílna fiskveiðilandhelgina. Með þessu taldi hæstv. ráðh., að framsóknarmenn og þeir, sem þá stóðu að ríkisstj., hefðu sýnt það greinilega, að þeir í praksisnum

sem meginstefnu gætu samþ. það að bera deilumál milli ríkja undir alþjóðlegan dómstól. En er nokkur leið að jafna þessu saman við það, sem nú er verið að gera? Hvað var það, sem gerðist 1958 á Genfarráðstefnunni? Það var það, að við Íslendingar og íslenzka sendinefndin og íslenzka ríkisstj. taldi eðlilegt, að Íslendingar samþ., að gerðardómur skæri úr ágreiningi, er kynni að rísa utan 12 mílna fiskveiðilandhelginnar, þ. e. a. s. á svæði, sem er utan lögsögu Íslendinga, svæði, sem tilheyrir úthafinu, og elga því ekki að gilda frekar þar íslenzkar reglur en reglur annarra þjóða. Ég tel því, að hér sé ekki um sambærileg atriði að ræða.

Í fjórða lagi var svo að skilja af ræðu hæstv. ráðh. hér í gær, og raunar kom það sama fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), að Íslendingar væru skuldbundnir samkvæmt 33. gr. stofnskrár hinna Sameinuðu þjóða til að leggja deilumál, sem rísa kunna út af landhelgismálunum, undir úrskurð alþjóðadómstóls. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa upp 33. gr. laga Sameinuðu þjóðanna, þó að hæstv. ráðh. hafi raunar gert það í gær, en þar segir svo:

„Aðilar að sérhverju deilumáli, sem með áframhaldi gæti stofnað í hættu heimsfriði og öryggi, skulu fyrst leita lausnar á deilumálinu með samningaumleitunum, rannsókn, miðlun, sættargerð, gerðardómi, dómsúrskurði, afnotum svæðastofnana eða samninga eða með öðrum friðsamlegum aðgerðum samkvæmt eigin vali.“

Ég hygg, að fáir fallist á þá skýringu hæstv. ráðh., að svonefnt þorskastríð hér við Ísland á Íslandsmiðum hafi skapað hættu fyrir heimsfriðinn út af fyrir sig. Þótt málið sé að vísu stórt í augum okkar Íslendinga og taki eðlilega hug okkar allan, þá verður það aldrei talið meðal annarra þjóða þess eðlis, að ófriðarhætta stafi af. Hygg ég því, að þetta sé rangt hjá hæstv. ráðh. Og mér er spurn: Hver er þá eiginlega tilgangurinn með samningsákvæðinu um, að Bretum og Íslendingum skuli báðum skylt að leggja hugsanleg ágreiningsmál út af landhelginni fyrir alþjóðadómstólinn? Hver er meiningin með þessu ákvæði í samkomulaginu, ef það er skylda beggja þessara þjóða sem meðlima að Sameinuðu þjóðunum að leggja slík mál til úrskurðar hjá alþjóðadómstólnum? (Gripið fram í.) Ég minnist þess ekki. Ég minnist þess ekki heldur að hafa heyrt eða lesið um það, að þessi skilningur hv. sjálfstæðismanna hefði verið til staðar á árunum 1952 eða 1958. A. m. k. komu engar till. frá þeim um málskot út af þeim deilum, sem þá risu, — eða a. m. k. út af deilunni, sem reis 1958, komu engar till. frá þeim um að leggja málið fyrir alþjóðadómstól.

Í ræðu minni á mánudaginn var beindi ég nokkrum spurningum m. a. til hæstv. utanrrh. Hann hefur ekki svarað neinni þeirra enn þá. Vildi ég því ítreka eina spurningu, sem ég hef ekki fengið svar við í þeim umr., sem orðið hafa á þinginu, en sú spurning er þessi: Því hefur verið yfirlýst af talsmönnum ríkisstj. í þessu máli, að meiningin sé að gefa öðrum erlendum veiðiþjóðum en Bretum kost á að gerast aðilar að því samkomulagi, sem nú er verið að ganga frá og samþykkja. Í þessu felst m. a. það, að erlendar veiðiþjóðir, sem stundað hafa veiðiskap á Íslandsmiðum á undanförnum árum, elga þess kost að fá veiðiréttindi inn að sex mílna beltinu á næstu þrem árum. Ég spurði hæstv. ráðh. að því, við hvað upphaf þessa tímamarks yrði miðað gagnvart öðrum þjóðum, er kynnu að vilja ganga inn í samning þennan. Mér finnst þetta geta skipt máli og vildi því gjarnan fá svör við því.

Það er augljóst, að samkomulag það, sem nú er verið að ræða, er eitt hið örlagaríkasta, sem Íslendingar hafa gert við aðrar þjóðir fyrr og síðar, ekki hvað sízt fyrir þá sök, að gert er ráð fyrir því, að það gildi um aldur og ævi, að undanteknu undanþáguveiðitímabilinu í 3. lið 1. mgr., sem bundið er við þrjú ár, og að samkomulagið geti ekki breytzt nema á tvennan hátt: í fyrra lagi með samkomulagi samningsaðila og í síðara lagi fyrir dóm frá alþjóðadómstólnum. Það er því rík ástæða fyrir því, að hv. alþm. geri sér glögga grein fyrir efni samkomulagsins og hugsanlegum afleiðingum með hlutlægu mati, en skoði það ekki fyrst og fremst í pólitísku kastljósi.

Ég vil mótmæla alveg sérstaklega þeim ummælum hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) hér í gær, er hann viðhafði í umr., að ummæli stjórnarandstæðinga yfirleitt og tillöguflutningur þeirra væri til þess fallinn að skaða íslenzka hagsmuni og gæti reynzt gagna útlendingum í hugsanlegri deilu út af málinu. Málefnaleg gagnrýni er hér nauðsynleg sem oftar, og þar sem nokkuð er af óljósum ákvæðum í samkomulaginu, verður að fást upplýst á óyggjandi hátt um sameiginlega túlkun samningsaðila á þeim ákvæðum, og slíkt fæst ekki eftir öðrum leiðum betur gert en setja þau ákvæði í samkomulagið á ljósan og ótvíræðan hátt.

Af málflutningi hv. stjórnarliða og með nákvæmri athugun þáltill., grg. og þá fyrst og fremst orðsendingar utanrrh. á fskj. I virðist mér það einkum þrennt, er talið sé mæla með samkomulaginu. Þetta þrennt er: 1) Fallið sé frá mótmælum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögunni af hálfu Breta. 2) Mikilvægar breytingar á grunnlinum fáist. 3) Lýst er yfir þeirri fyrirætlun ríkisstj. að halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland. Mun ég vikja að hverju þessara atriða hér á eftir og hafa þá jafnframt í huga, er ég ræði þau, að því er yfir lýst af hálfu ríkisstj., að öðrum fiskveiðiþjóðum en Bretum, sem hér hafa stundað veiðar, verði heimilað að gerast aðilli að réttindum og skyldum þessa samkomulags.

1. liður samkomulagsins kveður svo á, að ríkisstj. Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögunni umhverfis Ísland. Deilt hefur verið um það, hvort jafna megi þessu við óafturkallanlega viðurkenningu á 12 mílunum. Hafa talsmenn stjórnarinnar lýst yfir, að svo sé, og er sú yfirlýsing studd af áliti þriggja prófessora við lagadeild Háskóla Íslands. Spurningin í minum huga er sú ein, hvort Bretar leggi í þetta orðalag sama skilning. Og þar sem ljóst er, að orðalag orðsendingarinnar er að þessu leyti óvenjulegt, og vegna ágreinings, sem upp er risinn hér á hv. Alþingi út af því, sýnist einsætt að breyta orðalaginu úr „að falla frá mótmælum“ í „að viðurkenna óafturkallanlega“, eins og lagt er til með brtt. á þskj. 450.

Þar með þyrfti ekki að deila um þetta atriði frekar.

Augljóst er, að ófriðarástand það, sem ríkt hefur á fiskimiðunum kringum Ísland undantekningarlítið frá 1. sept. 1958, er brezk herskip ösluðu inn á fiskimiðin til þess að vernda veiðiþjófnað brezkra togara allt að þrem sjómílum, var hið alvarlegasta. Það skapaði ekki einungis sjómönnum okkar mikla hættu, heldur hefur deilan valdið eðlilegu samstarfi vestrænna þjóða, fyrst og fremst Breta og Íslendinga, miklum og vaxandi erfiðleikum. Þar sem vonlitið var að minu viti, að Bretar mundu á næstunni hverfa af ofbeldisbraut sinni ótilneyddir, varð að leita einhverra ráða. Ég tel það ráð, sem hæstv. ríkisstj. tók í þessu máli, þ. e. a. s. að kaupa okkur friðinn við Breta með því að veita þeim a. m. k. tímabundið stöðvunarvald um allar frekari friðunaraðgerðir Íslendinga, hafi ekki verið bezta ráðið. Ég óttast þá aðstöðu, sem Bretum er fengin með þessu samkomulagi, — aðstöðu, sem þeir hafa verið að sækjast eftir í 13 ár árangurslaust, — óttast hana vegna þess, að engin erlend þjóð hefur verið okkur jafnandsnúin og sýnt jafnlitinn skilning á þörfum okkar og Bretar. Slíkri þjóð er hættulegt að rétta litla fingurinn, því að hætt er við, að þeir taki þá höndina alla. Min skoðun er sú, að Íslendingar hefðu átt að kæra framferði Breta fyrir Sameinuðu þjóðunum, kæra það sem vopnaða árás á svæði, er Íslendingar áttu lögsögu yfir. Þegar tillit er tekið til skipunar hinna Sameinuðu þjóða nú, m. a. þess, að á nokkrum mánuðum hafa þeim bætzt um 20—30 ný meðlimaríki frá hinni svörtu Afríku, ríki, sem voru að brjótast undan áþján nýlenduvelda, þá er ég viss um, að málstaður okkar hefði mætt á þessum vettvangi velvild og skilningi, enda barátta þessara þjóða frelsisstríð, ekki mjög frábrugðið því, er við höfum háð við Breta a. m. k. á þriðja ár. Ég trúi því, að á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða sé nú grundvöllur og tækifæri til að fá meirihlutasamþykkt þjóðanna til að fordæma árás Breta á Íslendinga, ef hún væri tekin aftur upp, og mér er sem ég sjái Bretana halda ofbeldinu áfram, eftir að slík samþykkt hefði fengizt.

Einhver kann nú að segja, að ekki sé slík kæra á hendur bandalagsþjóð samrýmanleg anda slíkrar samvinnu. En þeim hinum sama vil ég svara því, að jafnvel samstarf lýðfrjálsra þjóða geta Íslendingar keypt of dýru verði.

Í öðru lagi er rétting grunnlína í 2. lið samkomulagsins á fjórum stöðum hér við land talin mikill ávinningur fyrir Íslendinga. Þetta er rétt. En þurftum við að kaupa þessar grunnlinubreytingar dýru verði? Alls ekki, að minu viti, og skal ég nú rökstyðja það nokkuð.

Árið 1954 gaf ríkisstj. Íslands, sem þá var skipuð ráðh. Framsfl. og Sjálfstfl., út hvíta bók, sem á ensku nefndist: The Icelandic Efforts for Fisheries Conservation, sem þýða mætti á íslenzku: Barátta Íslendinga fyrir verndun fiskimiðanna. Á almenningsvitorði er, að bók þessi var samin af aðalráðunaut ríkisstj. í landhelgismálinu, Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingi. Í bók þessari, á bls. 23, segir svo um þessar fjórar grunnlinubreytingar, með leyfi hæstv. forseta:

Í raun réttri, segir sérfræðingur ríkisstj., þetta er sagt á árinu 1954, takið vel eftir því, — í raun réttri er mjög sennilegt, að í nokkrum tilfellum hefði verið mögulegt að draga grunnlínur fjær landi en gert var, — gert var, þá á hann við reglugerðina, sem gefin var út 1952, — svo sem beina línu á milli grunnlinupunkta 1 og 5, þ. e. a. s. frá Horni í Ásbúðarrif, milli grunnlinupunkta 12 og 15, þ. e. a. s. frá Langanesi í Almenningsfles, milli grunnlinupunkta 25 og 28, frá Stokksnesi í Ingólfshöfða, milli grunnlinupunkta 28 og 31, frá Ingólfshöfða í Meðallandssand II, og að öllum líkindum á milli grunnlinupunkta nr. 35 og 39, þ. e. a. s. Geirfuglasker—Eldeyjardrangur.

Þetta er álit Hans G. Andersens, sem kemur fram í hvítri bók, sem gefin var út af ríkisstj. Íslands á árinu 1954. Og um grunnlínu út af Faxaflóa segir svo í orðsendingu frá utanrrn. þann 12. maí 1952, með leyfi hæstv. forseta:

„Því er haldið fram, að það mundi hafa verið leyfilegt að nota Geirfugladrang sem grunnlinupunkt við lokun Faxaflóa og einnig að draga frá honum beina grunnlínu í Geirfuglasker sunnan við Vestmannaeyjar. Jafnvel þótt þetta hefði verið gert, þá hefðu þau svæði, er lent hefðu innan grunnlinunnar, verið gömul og þekkt íslenzk fiskimið, og mundi þetta vera talið í samræmi við regluna um hagkvæm afnot og þarfir viðkomandi þjóðar án þess að víkja í nokkrum verulegum atriðum frá lögun strandarinnar."

Af þessu er ljóst, að strax, — takið eftir því, — að strax á árunum 1952 og 1954 er það yfirlýst skoðun íslenzku ríkisstj., sem byggð er á mati sérfræðings hennar, Hans G. Andersens, að þá þegar hefðu Íslendingar átt vafalitinn lagalegan rétt til allra þessara grunnlinubreytinga. Því verður að telja, að ástæðulitið hafi verið fyrir Íslendinga að kaupa þær með samningum af Bretum og gefa þannig fordæmi, að héðan í frá getum við enga grunnlínu rétt af nema ræða um það við Breta og væntanlega fá dóm um hana hjá alþjóðadómstólnum. Þegar hér við bætist sú staðreynd, að með alþjóðasamkomulaginu í Genf frá 1958 um grunnlínur var viðurkenndur enn ríkari réttur ríkja til að draga grunnlínur fjær ströndunum en bjartsýnustu þjóðréttarfræðingar þorðu að gera ráð fyrir á árunum 1952 og 1954 að yrðu að veruleika á næstu áratugum, er augljóst mál, að þessar grunnlinubreytingar þurftu Íslendingar ekki að kaupa.

Þessu til enn frekari undirstrikunar vil ég vekja athygli hv. þm. á þeirri yfirlýsingu, er hæstv. utanrrh. gaf í umr. þeim, sem hér hafa orðið á undanförnum dögum, um tillögur Hans G. Andersens til ríkisstj. 1958, er verið var að færa út í 12 sjómílur, en hæstv. ráðh. sagði, að þjóðréttarfræðingurinn hefði ráðlagt ríkisstj. í fyrsta lagi að færa stórlega út grunnlínur og í öðru lagi að færa út sjálfa fiskveiðilandhelgislínuna.

Þegar þetta allt er athugað, þá tel ég, að enginn vafi geti lengur verið um ótvíræðan rétt Íslendinga til þessara fjögurra grunnlinubreytinga og jafnvel enn þá fleiri breyt. en á að gera með samkomulaginu.

Ég vildi leyfa mér að spyrja, af því að það hefur aldrei komið nein skýring fram á því af hálfu hæstv. utanrrh., hver ástæðan hafi verið fyrir því, að á árinu 1958 var ekki fylgt till. Hans G. Andersens um útfærslu grunnlína. Ég vil fyrir fram vara

hæstv. ráðh. við því að svara spurningunni út í hött með því að segja, að fyrrv. sjútvmrh. hafi ráðið þessu, því að frá hæstv. sjútvmrh. og fleirum, Hermanni Jónassyni o. fl., hefur sú skýring verið gefin á því, að ekki var látið til skarar skríða um útfærslu grunnlína, að um það hafi ekki tekizt samkomulag í ríkisstj. og ekki heldur við sjálfstæðismenn, sem þá voru í stjórnarandstöðu. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh., hver hans skýring sé á þessu.

Þá kem ég að þriðja og síðasta atriðinu í því, sem formælendur ríkisstj. telja, að við vinnum með þessu samkomulagi. Því er lýst yfir af hálfu ríkisstj. í samkomulaginu, að hún muni vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland. Þessi yfirlýsing er því aðeins nokkurs virði, að einhver árangur náist í þessa stefnu fyrir aðgerðir ríkisstj. Ljóst er, að ríkisstj. gat ekki gefið aðra yfirlýsingu en þessa efnislega. Hún var ekki einungis bundin af einróma samþykkt Alþingis frá 5. maí 1959, heldur fyrst og fremst af ákvæðum landgrunnslaganna frá 5. apríl 1948, þar sem Alþingi kveður svo á með lögunum, að ákveða skuli verndarsvæði við strendur landsins allt að endimörkum landgrunnsins. Allir vita, að slíkt hefur ekki tekizt enn þá, það á langt í land. Og á meðan svo er, er hvaða ríkisstj. á Íslandi sem er bundin af þessum lögum og ber að fylgja skýrum fyrirmælum þeirra eins fljótt og eins vel og aðstæður leyfa hverju sinni. Þetta er mergurinn málsins. Stefnan í yfirlýsingu þessari getur því ekki verið Bretum neitt nýmæli, nema þeir hafi álitið, að þeir væru búnir að kaupa íslenzku ríkisstj. til þess að hverfa frá frekari friðunaraðgerðum með samkomulagi þessu, en Bretar virðast halda því fram, að það sé Íslendingum sérstaklega hagstætt, a. m. k. sumir hverjir Bretar.

Ég hef þá rakið lið fyrir lið þann ávinning, sem Íslendingar eru taldir hafa öðlazt við þetta samkomulag, og sýnt fram á, að með því höfum við engin ný réttindi fengið, sem við áttum ekki og gátum tekið einhliða sjálfir, ef undan er skilinn réttur Íslendinga til þess að vera lausir við herskipaárás Breta. Þann rétt gátum við ekki tryggt sjálfir vegna aflsmunar. En hægt var að fara aðra og útlátaminni leið til þess að tryggja hann, eins og ég hef sýnt fram á hér á undan.

Þá kem ég að hinni hliðinni á samkomulaginu, þ. e. a. s. þeim skyldum, er við tökumst á herðar með því. Þær eru að mínu viti aðallega tvenns konar: Í fyrsta lagi veiðiréttur skipa skrásettra í Bretlandi í þrjú ár á mjög stóru svæði umhverfis landið, allt upp að 6 mílum, og í öðru lagi takmarkanir á möguleikum, sem við tökum á okkur samkv. samningi, um frekari einhliða útfærslu og aðrar friðunaraðgerðir. Þessar takmarkanir felast að mínu viti í þessu:

1) Tilkynningarskyldunni við Breta.

2) Skyldunni til að sæta dómi hjá alþjóðadómstólnum, ef Bretar æskja þess.

3) Stöðvunarvaldi því, sem Bretum er með samkomulaginu fengið, um aðgerðir Íslendinga.

Vík ég þá að þessum atriðum.

Samkv. 3. lið 1. mgr. samkomulagsins eiga skip skrásett í Bretlandi að fá veiðirétt inn að 6 mílna mörkunum frá þeim tíma, er svar Breta við orðsendingu utanrrh. hefur borizt, undanþágu á sjö stórum svæðum umhverfis landið. Eins og vænta mátti, eru svæði þessi og veiðitími við það miðað, að brezku togararnir geti fylgt fiskinum á Íslandsmiðum á hverjum tíma og veitt hann, þar sem hann er hvað mestur. Nú hefur því verið yfir lýst af hálfu ríkisstj., að öðrum veiðiþjóðum á Íslandsmiðum verði boðið að gerast aðilar að samkomulagi þessu. Það þýðir, að við eigum von á skipum þessara þjóða, auk Breta, á Íslandsmið, skipum Þjóðverja, Belga, Frakka, Rússa, Dana, Svía, Norðmanna og Færeyinga. Ekki þykir mér ósennilegt, að á milli 500 og 1000 togarar og önnur erlend skip muni nota sér þessa heimild, — og hvað halda menn, að mikið af göngufiski komist fram hjá veiðitækjum skipanna og inn á grunnmið, þar sem Íslendingar eru að athafna sig? Ekki nóg með þetta, þótt ærið áhyggjuefni sé eitt út af fyrir sig, því að við erum með samkomulaginu að hleypa skipum allra erlendra veiðiþjóða inn á beltið milli 6 og 12 mílnanna, — skipum, sem fram til þessa hafa, öll önnur en þau brezku, haldið sig utan 12 mílna markanna, virt okkar landhelgi. Hvernig lízt mönnum á fyrir norðan og austan t. d. að fá e. t. v. mörg hundruð rússneskra síldveiðiskipa upp að 6 mílna línunni? Ætli það auðveldi um 300 íslenzkum síldveiðiskipum að athafna sig á þessu svæði á sumar- og haustvertíð eða geri afla þeirra vissari? Vita þeir menn, sem fyrir þessu samkomulagi standa, hvaða flóðgátt þeir eru að opna með þessu? Ég trúi því tæpast. Menn geta svo rétt ímyndað sér, með hvers kyns hugarfari t. d. enskir sjómenn munu stunda þessar veiðar á undanþágutímabilinu. Þeir hafa sannfæringu fyrir því, að Íslendingar séu ólöglega að reka þá af aflasælum fiskimiðum, sem þeir telja sig hafa fundið og eiga sögulegan rétt til að nytja. Halda menn, að þeir sýni íslenzkum sjómönnum, bátum þeirra og veiðarfærum sérstaka tillitssemi? Ég trúi því tæplega.

Þá kem ég að síðari kvöðinni og þeirri, er gerir það að verkum fyrst og fremst, að ég tel óráðlegt að gera samkomulag þetta. Hér á ég við þann rétt, sem veita á Bretum með samkomulagi þessu og síðan fleiri þjóðum til þess að tefja og ef til vill stöðva alveg frekari útfærslu íslenzkrar fiskveiðilandhelgi. Sumir gagnrýnendur samkomulags þessa hafa haldið því fram, að með því sé alveg girt fyrir frekari útfærslu um alla framtíð. Undir það tek ég ekki. En ég bendi hins vegar á, að við getum hvorki breytt grunnlínum né fært út friðunarlínuna að samkomulaginu gerðu nema á tvennan hátt: Í fyrra lagi með samkomulagi við samningsaðila hvern og einn, og þá er slíkt aðeins skuldbindandi gagnvart þeim einum, er samþykkja þær breytingar, eða í síðara lagi fyrir dómsúrskurð alþjóðadómstóls út af ágreiningsatriði. En til þess að svo geti orðið, þarf að vera til einhver alþjóðleg réttarregla, svo skýr og ótvíræð, að dómurinn treystist til að byggja á henni um frekari rétt Íslendingum til handa. En hver er hér sá inni af hv. alþm., er treysti sér að segja um það, hvenær sú réttarheimild verður til eða hvort hún verður yfirleitt til? Ekki treysti ég mér til þess.

En nú kann einhver að segja, að myndist ekki slík réttarregla, er hafi almennt og öruggt gildi, þá sé útilokað hvort sem er fyrir Íslendinga að ráðast í frekari útfærslu og því skipti samkomulagið

engu máli, hvað þetta atriði snertir. Þetta er misskilningur að mínu viti. Það verður bezt rökstutt með því að rifja upp útfærslu landhelginnar 1958 í 12 sjómílur. Því hefur verið haldið fram, að þá hafi ekki verið til sú alþjóðaregla, sem t. d. alþjóðadómstóllinn í Haag hefði talið nægjanlega örugga réttarheimild til að byggja á dóm, er viðurkenndi 12 mílna fiskveiðilandhelgina umhverfis Ísland. Þessa staðhæfingu styðja m. a. tvær staðreyndir. Sú fyrri er sú, að þrátt fyrir, að alþjóðalaganefndin kæmist að þeirri niðurstöðu í tilkynningu, dags. 25. okt. 1956, að alþjóðalög banni ekki útfærslu landhelgi allt í 12 sjómílur, þá fékk þetta álit nefndarinnar ekki betri undirtektir en það hjá hinum Sameinuðu þjóðum, að reglan var aldrei samþykkt, þannig að hún væri skuldbindandi fyrir meðlimaríkin. Hin síðari staðreynd er sú, að íslenzka ríkisstj. 1958 vildi aldrei fallast á, og ég veit ekki til þess, að nokkrar tillögur hafi komið fram um það frá stjórnarandstöðunni, sjálfstæðismönnum, að orðið yrði við margendurteknum kröfum Breta um að leggja gildi 12 mílna reglunnar í dóm hjá alþjóðadómstólnum, sem hlýtur að stafa af því m. a., að ríkisstj. og formælendur sjálfstæðismanna vantreystu því, að til væri nægilega örugg réttarheimild, er dómstóllinn dæmdi eftir, þrátt fyrir þá staðreynd, að um 31 þjóð hafði þá stækkað landhelgi sína í 12 sjómílur eða meira með einhliða aðgerðum.

En hver varð þá reynslan af útfærslunni 1958? Hlaut hún ekki að mistakast, eins og allt var í pottinn búið? Nei, aldeilis ekki. Allar þjóðir aðrar en Bretar viðurkenndu línuna de facto — í verki. Er vafasamt, að önnur stjórnvaldsráðstöfun en einmitt útfærslan 1958 í 12 sjómílur hafi á síðari árum fært Íslendingum meiri ávinning.

Þessari stefnu á að mínu viti að halda áfram, fylgjast vel með þróuninni í þessum málum, gera allt, sem fært er af hálfu Íslendinga, til þess að hraða þeirri þróun og nota svo réttinn til hins ýtrasta, jafnvel þótt ekki sé fullvissa um örugga réttarheimild fyrir fram, því að lífsrétturinn og sanngirnin verður okkar megin í þeirri baráttu, eins og hæstv. forsrh. hefur svo oft minnzt á.

Um tilkynningarskylduna gagnvart Bretum vil ég segja þetta: Í 13 ár hafa Bretar barizt árangurslausri baráttu fyrir því að fá Íslendinga til að fallast á að viðurkenna, að við hverja einustu friðunaraðgerð á landgrunninu yrðu þeir að semja við Breta. Hv. 4. landsk. þm. (HV) las í gær upp nokkur ummæli þeirra hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., er sýndu ljóslega, hvað þeir töldu fyrrum mikilsvert, að Íslendingar viðurkenndu ekki slíka samningsskyldu. Þarf ég þar engu við að bæta. Með tilkynningarskyldunni er verið að opna fyrir samningsviðræður um þessi mál við Breta. Skriðan er að byrja að falla, og þegar hún er komin einu sinni af stað, verður þess ekki langt að bíða, að fall hennar verði hratt. Ég tel vafamál, að einn einasti hv. þm. dragi í efa, að núv. hæstv. ríkisstj. teldi sér stætt á því að neita Bretum um viðræður út af friðunaraðgerðum hér við land, eftir að samkomulag það, sem hér liggur fyrir, hefði verið samþykkt. Ég er hræddur um, að það yrði talin ókurteisi á þeim bæ.

Það getur verið, að sumir telji, að í þessum ummælum mínum felist of mikil tortryggni í garð Breta. Ég tel hana þó ekki óeðlilega og raunar staðfesta af reynslunni, ekki einungis í samskiptum þeirra við Íslendinga, heldur og margar aðrar þjóðir. Ég rakti í fyrri ræðu minni á mánudagskvöldið var nokkuð viðbrögð Breta við friðunaraðgerðum Íslendinga allt frá árinu 1950, og skal það ekki endurtekið. Á hitt vil ég þó benda hv. þm. til umþenkingar, að það eru ekki liðin nema rúm 11 ár, síðan Bretar neituðu að mæta á 12 þjóða ráðstefnu, sem íslenzka ríkisstj. bauð til 1949 í Reykjavík að tillögu alþjóðahafrannsóknarráðsins, en það hafði mælt með því, að Faxaflói innan línu frá Garðskaga að Malarrifi yrði friðaður í 15 ár, þar eð hann væri mikilsverð uppeldis- og hrygningarstöð nytjafiska, sem allar veiðiþjóðir hefðu hag af að vernda. Sýnir dæmi þetta einstaka lubbamennsku og algeran skilningsskort á högum og þörfum íslenzku þjóðarinnar, svo sem síðari afrek Breta á þessari sömu braut undirstrika enn þá betur. Ég segi því hiklaust: Gefum Bretum ekkert tak á okkur með samningum, verum vel á verði gegn leyndarráðum þeirra og trúum því ekki eitt einasta augnablik, að við snúum á Breta í samningum. Þeir hafa miklu meiri þjálfun í því en við, og það er ekki nema barnaskapur að halda, að við höfum hér snúið sérstaklega á þá.

Þá er það ákvæðið um alþjóðadómstólinn. Samkv. 38. gr. samþykkta hans eru þær réttarheimildir, er hann á að fara eftir og getur byggt dóma sína á, þessar: 1) Millirikjasamningar, almenns eða sérstaks eðlis, enda geymi þeir fyrirmælin berum orðum viðurkennd af sakaraðilum. 2) Millirikjavenjur, sem vegna almennrar og sannaðrar notkunar eru viðurkenndar eins og lög. 3) Almennar grundvallarreglur laga viðurkenndar af siðuðum þjóðum. 4) Dómsúrlausnir, enda sé gætt fyrirmæla 59. gr. og kennisetninga beztu sérfræðinga ýmissa þjóða, er veita mega, er annað þrýtur, leiðbeiningar um tilvist og efni réttarreglna. Og að lokum, þessi ákvæði skulu ekki skerða heimild dómstólsins til þess að úrskurða mál ex aequo et bono, ef aðilar eru því samþykkir. Augljóst er, að réttarheimildir þessar eru þröngar, sem reyndar er ekkert óeðlilegt, ef það er tekið með í reikninginn, að almennar réttarreglur þjóðaréttarins eru fáar og sumar óljósar. Þjóðirnar eru ekki heldur lengra komnar áleiðis að því marki að skapa alheimsstjórn og játa sig undir almennar, alþjóðlegar reglur en svo, að sérstakt samþykki beggja þjóða, sem eiga í deilum fyrir alþjóðadómstólnum, þarf til þess, að hann megi dæma eftir reglunni um sanngirni og réttlæti, — ex aequo et bono. En dómar, er byggðust á þeirri réttarreglu, mundu að mínu viti vera smáþjóðum a. m. k. farsælastar alþjóðareglur. Tökum dæmi: Setjum svo, að Íslendingar vildu færa út í t. d. 16 sjómílur fiskveiðilandhelgina. Slíkt mundi tvímælalaust að mínu viti ekki standast fyrir alþjóðadómstólnum nú. En þó er það staðreynd, að margar þjóðir hafa þá fiskveiðilandhelgi og jafnvel enn stærri. Hví á þá sú þjóðin, er mest á undir viðri fiskveiðilandhelgi allra þjóða heims, að þurfa að sætta sig við minni rétt en hinar? Í hvítri bók, sem gefin var út í apríl 1959 af utanrrn. og nefnist „The Icelandic Fishery Limits", segir svo á bls. 6:

„Ekki hefur náðst alþjóðlegt samkomulag um, hvernig ríki megi ákveða stærð lögsögu á hafinu. Því verður að fylgja ríkjandi venju. Flest, ef ekki öll ríki hafa ákveðið þessa lögsögu einhliða. Það er þess vegna ekkert réttlæti í því að halda fram, að Ísland hafi brotið alþjóðalög eða venju með einhliða útfærslu fiskveiðimarkanna. Þvert á móti, Ísland hefur fylgt ríkjandi venju á þessu sviði. Meira að segja hefur í þeim mótmælaorðsendingum, sem ríkisstj. Íslands hafa borizt, hvergi verið tilgreindar þær reglur eða venjur, sem Ísland hafi brotið. Þó verður að viðurkenna, að réttur ríkis til útfærslu fiskveiðimarka einhliða sé bundinn vissum takmörkunum."

Þetta var skoðun ríkisstj. Alþfl. og þá væntanlega hæstv. utanrrh. árið 1959 á rétti Íslendinga til einhliða útfærslu landhelginnar. Nú á að skerða þennan rétt fyrir fram. Fyrir fram á að semja um það við mesta mótgangsmann Íslendinga, Breta, að þeir geti heimtað, að hver ein og einasta friðunaraðgerð Íslendinga, stór eða smá, örugg eða hæpin lagalega, þurfi að dæmast hjá alþjóðadómstólnum, enda þótt flestar aðrar þjóðir eigi að halda áfram einhliða rétti til útfærslu fiskveiðimarkanna. Mér er t. d. ekki kunnugt um, að þetta ákvæði sé í margnefndum samningi Breta og Norðmanna, sem gerður var s. l. ár. Ég tel því jafnvel hagkvæmara Íslendingum að samþykkja heldur 10 ára undanþáguveiðiheimild fyrir Breta hér við land, eins og Norðmenn hafa gert, og losna þá við þetta bindingarákvæði.

Þá er ég kominn að síðasta atriðinu og einu því allra versta að mínu viti. Orðalag niðurlagsgreinar orðsendingar þeirrar á fskj. I, sem utanrrh. Íslands hyggst senda brezku ríkisstj. að þáltill. þessari samþykktri, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilandhelginnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með 6 mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til alþjóðadómstólsins."

Hæstv. utanrrh. og hv. 5. þm. Reykv. skýra niðurlagsákvæði þessarar greinar þannig, að tilkynna beri Bretum sjálfa útfærsluna með sex mánaða fyrirvara og ef þeir æski þess, að málið gangi til dómstólsins og ekki verði búið að kveða upp dóm innan sex mánaða frestsins, þá taki framkvæmdin gildi og standi, þar til dómur gangi um framtíðargildi hennar. Ég hef dregið þessa samningstúlkun í efa, og ég fæ ekki séð samkv. almennri skýringarreglu, að ótvírætt megi skilja ákvæðið svona. Ég hef borið ákvæðið undir nokkra lögfræðinga, og eru þeir mér allir sammála. Ég hef því leyft mér að bera fram breytingar- og viðaukatillögu við málsgrein þessa um, að eigi skuli málskot til alþjóðadómstólsins fresta útfærslu lengur en 6 mánuði. Er það engin efnisbreyting frá þeirri skýringu, er talsmenn stjórnarinnar segja vera rétta, en orðsendingin sker alls ekki úr um. Kæmi þetta atriði til álita fyrir alþjóðadómstólnum, er vafalaust, að orðalag samningsins yrði metið eftir orðanna hljóðan, ef aðila greinir á um skýringu þess. Það er því öllum fyrir beztu og bezt að horfast í augu við það strax, að samningsákvæði þetta þarf að gera skýrt. Væri svo sem ég held fram, að Íslendingar yrðu að bíða með hverja þá friðunaraðgerð, sem fyrir dómstólinn ber, er augljóst, að með því móti gætu Bretar, með því einu að skjóta máli til dómstólsins, tafið framkvæmd sérhverrar friðunaraðgerðar á Íslandsmiðum um mörg ár, segjum 3 ár, 5 ár eða 8 ár, og ég veit ekki hvað. Þetta gætu þeir gert, hvort sem friðunaraðgerðin væri smávægileg og greinilega lögleg, t. d. rétting grunnlínu í Meðallandsbugt og Mýrabugt, eða um stærri og vandasamari aðgerðir væri að ræða, svo sem útfærslu sjálfrar fiskveiðilandhelginnar í 16 sjómílur. Hvaða Íslendingur gæti sætt sig við slíkt, miðað við fyrri reynslu okkar af viðskiptum við Breta í landhelgismálum?

Ég hef heyrt þeirri skýringu haldið fram um málsmeðferð hjá dómstólnum, að hann muni strax og ágreiningsatriði er undir hann borið kveða upp bráðabirgðaúrskurð, er kveði á um, að friðunaraðgerðin skuli standa, þar til endanlegur dómur gangi um hana. Þessu á ég bágt með að trúa. Samkv. 41. gr. samþykktar dómstólsins hefur hann vald til þess að gera hverja þá bráðabirgðaráðstöfun, er hann telur þurfa að gera til hagsmunagæzlu hvors deiluaðila. Samkomulagið væntanlega kveður ekkert á um það, að dómstóllinn skuli nota þetta vald sitt, ef mál fer til hans á milli Íslendinga og Breta. Við slíkt samningsákvæði væri dómstóllinn að sjálfsögðu bundinn. Þess vegna er það á valdi dómstólsins eins, hvort hann notar þessa heimild og hvenær, og mér þykir mjög sennilegt, að kæmi til þess, að hann notaði heimildina í hugsanlegu deilumáli Breta og Íslendinga, þá mundi hann úrskurða, að hin umdeilda friðunaraðgerð skyldi bíða, — status quo, frá því sem var fyrir hina umdeildu aðgerð. Mér þykir í hæsta máta ólíkleg önnur niðurstaða. Tæplega teldi dómstóllinn sér fært að dæma Íslendingum hinn aukna rétt og hinn umdeilda rétt, áður en efnisatriði málsins hefðu verið skoðuð, málgögn lögð fram, álitsgerðir fengnar o. s. frv., o. s. frv. Slík niðurstaða væri í ósamræmi við allan venjulegan dómstólapraksis, því að þar er meginreglan sú, að menn verða að bíða eftir dómnum til þess að geta notið hins umdeilda réttar.

Herra forseti. Ég hef nú reynt að vega og meta efni þessa samkomulags á eins hlutlægan hátt og mér er mögulegt, og niðurstaða mín af þessum athugunum er sú, að áhættan og óvissan, er samningur þessi skapar Íslendingum, sé allt of mikil til þess, að hægt sé að samþykkja hann. Því mun ég eindregið greiða atkv. gegn samþykkt þessarar þáltill., og ég hvet alla hv. þm. til þess að skoða hug sinn nú rækilega, áður en þeir stíga svo örlagaríkt spor sem samþykkt þessarar þáltill. óneitanlega er.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það, sem öðru fremur virðist hafa einkennt þessar umr., er sú staðreynd, að stjórnarandstaðan hefur lagt á það megináherzlu að rangtúlka og beinlínis fara rangt með þær upplýsingar og gögn, sem fyrir liggja í málinu. Þetta hefur jafnvel gengið svo langt, að með öllu er sagt ósatt til um ýmis þau atriði, sem þó hver þm. hefur fyrir framan sig og sjálfur getur gengið úr skugga um. Ég ætla ekki að fara að eltast hér við nein einstök atriði

í þessu sambandi, en langar þó að víkja aðeins að einu. Það er yfirlýsing sú, sem ég gaf hér á hv. Alþ. þann 6. febr. í tilefni af fsp. út af viðræðum mínum við utanrrh. Breta í London og París í desembermánuði.

Þegar ég fór í þessa ferð, var hún farin í þeim tilgangi að ganga endanlega úr skugga um það, hvort Bretar væru fáanlegir til þess að ganga svo langt til samkomulags, að íslenzku ríkisstj. þætti það aðgengilegt. Til þess tíma hafði þetta ekki legið greinilega fyrir. Ég átti ýtarlegar viðræður við utanrrh. Breta bæði í París og í London. Í þeim viðræðum kom í ljós, að Bretar mundu fáanlegir til þess að teygja sig svo langt til samkomulags, að ég taldi einsætt, að það væri ávinningur fyrir Íslendinga að leysa deiluna á þeim grundvelli. Þetta sagði ég þó ekki í viðræðunum við hinn brezka utanrrh. Ég sagði það eitt, að ég yrði að fara með þær niðurstöður, sem ég hefði fundið út, heim til ríkisstj. Íslands. Ég gæti ekkert um það sagt, hvort þetta væri aðgengilegt eða ekki fyrir okkur. Ég gæti ekkert tilboð gert af Íslands hálfu. Ríkisstj. yrði að athuga málið og gera það upp við sig, hvort hún teldi, að sá grundvöllur, sem hér virtist vera að opnast, væri þess eðlis, að hún vildi mæla með því við Alþingi, að að honum yrði gengið. Frá þessu skýrði ég á hv. Alþ. þann 6. febr. Þar sagði ég svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessar viðræður fóru fram í því skyni að reyna að glöggva sig sem bezt á því, með hvaða hætti tök kynnu að vera á því að leysa fiskveiðideiluna, og sérstaklega leita eftir því, hvort hægt væri að finna einhverja lausn, sem við gætum talið aðgengilega fyrir okkur. Í þessum viðræðum kom ekki fram nein tillaga eða neitt tilboð af Íslands hálfu um lausn málsins."

Þannig sagði ég orðrétt á Alþingi 6. febr., og þetta er sannleikanum samkvæmt. Og þetta, sem ég nú hef sagt, er staðfest í Alþýðublaðsgreininni s. l. sunnudag. Þar segir:

„Og á þessum fundum varð til sú lausn deilunnar, sem nú er fjallað um."

Þetta segir Alþýðublaðið s. l. sunnudag. Það segir hvergi í þessari grein, að þarna hafi komið fram nein tillaga eða neitt tilboð af Íslands hálfu, heldur hafi sú lausn deilunnar, sem nú er fjallað um, orðið þarna til. Og hún varð þarna til vegna þess, að það varð ljóst, að Bretar vildu í þessu máli ganga svo langt, að einsýnt var að mínum dómi, að Íslendingum mundi hagur að því. En þetta sagði ég ekki. Það eru þess vegna tilhæfulaus ósannindi hjá stjórnarandstöðunni, þegar hún er að halda því fram, að ég hafi skýrt rangt frá um viðræður mínar úti í Bretlandi og París í s. l. desember.

Því hefur verið haldið fram, m. a. af síðasta hv. ræðumanni, að af hálfu ríkisstj. hafi því verið lýst yfir, að öðrum þjóðum mundi gefinn kostur á að ganga að því samkomulagi, sem hér er í ráði að gera við Breta. Þetta er alrangt. Engin slík yfirlýsing hefur verið gefin af hálfu ríkisstj. eða af hálfu einstakra ráðherra. Af hálfu ríkisstj. hefur verið sagt það eitt, að ef aðrar þjóðir eigi að fá að ganga inn í þetta samkomulag, þá verði þær að fallast á það, sem Bretar fallast á hér, en að öðru leyti muni það athugað, ef tilmæli koma fram frá öðrum þjóðum, hvernig að því skuli staðið. Meira en þetta hefur ríkisstj. ekki sagt, og það væri ekki skynsamlegt af hálfu Íslendinga að vera að gefa um það neinar almennar yfirlýsingar fyrir fram. Og það er áreiðanlega ekki í þágu íslenzkra hagsmuna, þegar stjórnarandstaðan er að reyna að koma því út um allan heim, að yfirlýsing sem þessi hafi verið gefin af hálfu ríkisstj.

Þegar ákveðið hafði verið 1958 að færa út fiskveiðilögsöguna við Ísland, lagði brezka ríkisstj. fram mótmæli. Í þeim mótmælum var skýrt tekið fram, að sú reglugerð, sem hér ætti að gefa út um 12 mílna fiskveiðilögsögu, væri brot á alþjóðalögum. Það var sagt, að ekkert ríki gæti einhliða tekið sér slíka fiskveiðilögsögu. Brezka ríkisstj. tók það greinilega fram, að hún mundi vernda brezka togara við veiðar innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar, þegar hún ætti að koma til framkvæmda. Þessum mótmælum fylgdi brezka ríkisstj. eftir síðan með ofbeldi. Við eigum þess kost í dag, að brezka ríkisstj. falli frá öllum þessum mótmælum sínum, taki þau öll saman aftur, til þess aldrei að taka þau upp aftur. Við eigum kost á því í dag, að Bretar víki burt úr 12 mílna fiskveiðilögsögunni eftir þeim reglum, sem í samkomulaginu segir, til þess aldrei að hverfa þangað aftur. Stjórnarandstaðan hér á hv. Alþ. hamast á móti þessu. Hún vill ekki láta Íslendinga gera samkomulag og taka við þessari yfirlýsingu. Því hefur m. a. verið haldið fram, að svona yfirlýsingar af hálfu Breta séu ekki mikils virði, við höfum reynsluna fyrir því, vegna þess að þegar löndunardeilan var leyst 1956, höfðu Bretar fallið frá andmælunum gegn 4 mílunum, en síðar tekið þau andmæli upp aftur, þegar fært var út í 12 mílur. Þetta er algerlega rangt. Þegar löndunardeilan var leyst 1956, féllu Bretar ekki frá andmælunum gegn 4 mílunum. Þeir þvert á móti lýstu því yfir, að þeir héldu fast við öll sín andmæli gegn 4 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland og þeir mundu halda áfram að berjast fyrir því á alþjóðavettvangi, að þriggja mílna reglan yrði staðfest.

Það er fyrst nú í sambandi við þá lausn, sem hér er rætt um, að Bretar eru fáanlegir til þess að falla endanlega frá öllum sínum andmælum gegn ekki aðeins 4 mílunum, heldur einnig 12 mílunum.

Ég ætla ekki að ræða hér þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til þess að rangtúlka 1. gr. orðsendingarinnar. Orðalagið er ótvírætt. Fyrir liggur umsögn prófessora lagadeildar Háskóla Íslands. Fyrir liggur ótvíræð umsögn brezku ríkisstj. sjálfrar, gefin bæði í efri og neðri deild brezka parlamentsins. Og auk þess hef ég vitnað hér til yfirlýsingar, sem ríkisstj. hefur í höndum frá brezku ríkisstj. Það hefur verið óskað eftir því, að þessi yfirlýsing væri birt. Hún er ein setning. Ég hef lesið þessa setningu hér upp á hv. Alþingi og þjóðin þekkir hana öll í dag. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að vera að birta meira. Það er ekki meiningin í sambandi við þetta mál á þessu stigi að birta neitt nema orðsendinguna sjálfa, og ég held sannast að segja, að stjórnarandstaðan ætti að vera þakklát fyrir að fá ekki meira af skjölum. Henni hefur reynzt svo erfitt að skilja það einfaldasta orðalag í orðsendingunni sjálfri, að það er áreið-

anlega ekki á erfiðleika hennar bætandi með því að láta hana glíma við fleiri skjöl.

En það, sem er athyglisverðast í sambandi við andstöðuna gegn því, að við tökum við þessari uppgjöf Breta, er þó afstaða Alþýðubandalagsins. Hv. 4. þm. Austf. (LJós) lýsti því yfir hér fyrir um það bil tveimur nóttum á hv. Alþingi, að hann vildi það eitt samkomulag við Breta gera, að þeir skuldbyndu sig til þess að halda áfram veiðum um 4 ár innan 12 mílnanna upp að 3 mílum í herskipavernd. Þetta er það eina samkomulag, sem hann getur hugsað sér að gera. Þegar Bretar tóku upp á því að stunda veiðar við Ísland með vernd herskipa, fylltist öll íslenzka þjóðin réttlátri reiði. Við mótmæltum þessum aðferðum við Breta. Við notuðum hvert tækifæri, sem við fengum á erlendum vettvangi, til að mótmæla og láta reiði okkar í ljós, og Alþb.-menn voru sízt varfærnastir í þessum efnum. Þeir þvert á móti gengu svo langt, að þeir kröfðust þess, að í mótmælaskyni við ofbeldi Breta kölluðum við sendiherra Íslands í London heim, rækjum sendiherra Breta frá Íslandi og slitum stjórnmálasambandi við Breta. Þeir kröfðust þess, að við rækjum varnarliðið úr landi og færum úr Atlantshafsbandalaginu. Þeir kröfðust þess, að við kærðum þessar aðfarir fyrir öryggisráðinu. En hvað segja þeir í dag, þegar Bretar loksins eru að hopa og láta undan? Jú, þeir lýsa því yfir, að þeir hafi ekki meint nokkurn skapaðan hlut með þessu öllu. Sú lausn, sem þeir helzt, þrátt fyrir allt þetta, kjósi á málinu, sé sú, að Bretar haldi áfram ofbeldisaðgerðum sínum við Ísland, til þess að þessir ægilegu dagar megi endast í 4 ár enn þá. Ég hygg, að ekki þurfi frekari útskýringa við um afstöðu Alþb.

Þá vil ég aðeins minna á það, að í leiðinni vilja Bretar fallast á það, að Íslendingar fækki grunnlínupunktum og færi grunnlínur mjög út við Ísland. Þessi grunnlínuútfærsla á sér stað á þeim stöðum við landið, sem langsamlega mestu máli skipta fyrir okkur Íslendinga. Þarna eru þýðingarmestu uppeldisstöðvar fiskstofna. Þarna heldur ungfiskurinn sig. Á þessum svæðum veiða fleiri íslenzk skip en á nokkrum öðrum stöðum við landið. Það er áreiðanlegt, að þessi útfærsla á grunnlínum á eftir að hafa stórkostlega þýðingu fyrir fiskveiðar og afkomu Íslendinga.

En áður en sjálf grunnlínuútfærslan kemur til framkvæmda, áður en hún fer að hafa áhrif á fiskstofnana og fiskveiðarnar, þá er hún farin að hafa áhrif á mannfólkið og þá fyrst og fremst þá, sem mest hafa verið hikandi í grunnlínumálunum og varlegast hafa viljað fara. Þegar út var fært 1958, hreyfði sjútvmrh. ekki við grunnlínum. Fyrir nokkru bar stjórnarandstaðan fram í hv. Ed. frv. um að lögfesta landhelgisreglugerðina. Hún treysti sér ekki til að hreyfa í neinu við grunnlínunum. Með nál. fyrir nokkrum dögum var n. enn sama sinnis. Hún treysti sér ekki til að hreyfa í neinu við grunnlínum. Þegar þessi þáltill., sem hér er til umr., kemur inn í þingið og stjórnarandstaðan er búin að athuga hana og gera sínar breytingar, þá vill stjórnarandstaðan breyta flestu í samkomulaginu nema grunnlínunum. Hún treystir sér ekki til að leggja í það. En eftir að málið er búið að vera hér til athugunar í nokkra daga, þá er kjarkurinn þó orðinn svo mikill, bjartsýnin orðin svo rík, að nú er lagt til, að grunnlínum sé breytt í mjög ríkum mæli. Grunnlínubreytingin, sem ríkisstj. er þarna búin að tryggja, er þannig þegar farin að hafa mjög þýðingarmikil og góð áhrif.

Íslendingar voru bundnir við 3 mílna fiskveiðilögsögu samkvæmt samningi Breta og Dana frá 1901. Þessi samningur var uppsegjanlegur með tveggja ára fyrirvara. Íslenzkum fiskveiðum stafaði mikil hætta af þessari þröngu landhelgi vegna ágengni erlendra fiskiskipa. Það var brýn nauðsyn fyrir Íslendinga að segja þeim samningi upp og færa fiskveiðilögsöguna út sem fyrst. Þrátt fyrir tveggja ára uppsagnarfrestinn treystu Íslendingar sér ekki til að gera þetta í tæp 50 ár, vegna þess að þeir sáu, að þá skorti alþjóðlegan grundvöll til útfærslunnar. Frændur okkar, Norðmenn, bjuggu líka við mjög þrönga fiskveiðilögsögu. Þeim var eins og okkur þörf á útfærslu. En lengi vel lögðu þeir ekki í að breyta sinni fiskveiðilögsögu. Það var um tiltölulega svipað leyti, sem Íslendingar og Norðmenn ákváðu að fara að hefja undirbúning að útfærslunni. Það var um tvær leiðir að velja til þess að skapa grundvöll undir slíka útfærslu. Önnur leiðin var sú að vinna að því á alþjóðavettvangi og á alþjóðaráðstefnum að fá settar almennar reglur, sem heimiluðu útfærsluna. Hin leiðin var sú að færa út og láta alþjóðadómstólinn skera úr um það, hvort útfærslan væri heimil eða ekki. En eins og kunnugt er, dæmir alþjóðadómstóllinn ekki aðeins eftir þeim alþjóðareglum, sem fyrir liggja á hverjum tíma, heldur einnig eftir öðrum aðstæðum, þ. á m. verður að meta þá þörf, sem sú þjóð, sem ætlar að færa út, hefur fyrir útfærsluna, og óhagræði það, sem aðrir hafa af henni. Íslendingar og Norðmenn gerðu upp við sig hvor í sínu lagi, hvort þeir ættu að fara dómstólaleiðina eða þá leið að fá settar almennar alþjóðareglur. Norðmenn völdu þá leið að færa út og leita til alþjóðadómstólsins. Árið 1952 gekk dómur í þeirra máli. Þar unnu þeir sigur. Á grundvelli þess færðum við svo út 1952. Grundvöllur okkar þýðingarmestu útfærslu fiskveiðilögsögunnar er því byggður á þeirri niðurstöðu, sem fékkst vegna þess, að Norðmenn völdu alþjóðadómstólaleiðina.

Við Íslendingar völdum hina leiðina. Við kusum að reyna að fá á alþjóðavettvangi settar almennar reglur, sem við gætum byggt á. Við komum því til leiðar, að hinni alþjóðlegu laganefnd Sameinuðu þjóðanna var falið að semja álit og gera tillögur um málið. Við reyndum árið 1956 að fá Sameinuðu þjóðirnar til að setja almennar reglur. Það tókst ekki. Ráðstefna var haldin 1958. Það tókst ekki að fá reglur settar þar. Hún var aftur haldin 1960. Það tókst enn ekki að fá settar almennar alþjóðlegar reglur. Og nú standa málin þannig, að það eru engar ráðstefnur fram undan og engar líkur til þess, að um fyrirsjáanlega framtíð verði gerðar tilraunir til þess að koma á almennum, alþjóðlegum reglum í sambandi við viðáttu fiskveiðilögsögunnar.

Íslendingar eiga því ekki þess kost eða geta þess vegna ekki, eins og málið stendur nú, gert sér vonir um það, að fram úr þessum málum rakni á alþjóðlegum vettvangi. Þeir eiga því í rauninni ekki um annað að velja en annaðhvort að fara í þær

framtíðarútfærslur, sem þeir telja óhjákvæmilegar, og reyna að fylgja þeim eftir án þess að leita stuðnings annars staðar eða reyna að tryggja sér stuðning alþjóðadómstólsins.

Það er eftirtektarvert í þeim umr., sem hér hafa farið fram, og kom mjög greinilega fram hjá hv. 2. þm. Vestf. (HermJ), á hverju andstaða stjórnarandstöðunnar gegn því að láta alþjóðadóminn fjalla um þetta mál, byggist. Þessi hv. þm. sagði, að það hefði verið eðlilegt og sjálfsagt 1952 að láta þá alþjóðadómstólinn úrskurða um útfærsluna, vegna þess að við vorum fyrir fram vissir um, að allar okkar aðgerðir þá byggðust á alþjóðareglum og við mundum fá aðgerðirnar staðfestar. M. ö. o.: það er skoðun stjórnarandstöðunnar, að það sé sjálfsagt að láta alþjóðadómstól fjalla um aðgerðir okkar í þessum málum, ef við erum fyrir fram vissir um, að hann staðfesti það, sem við höfum gert.

Ef menn ætla að standa gegn því, að alþjóðadómstóll eigi í framtíðinni að fjalla um þetta mál, þá virðist það hljóta að byggjast á því, að menn hugsi sér, að við í framtíðinni byggjum ekki okkar útfærslu á alþjóðarétti. En svo er þó ekki, slík er ekki hugsun stjórnarandstöðunnar, því að hún hefur borið hér fram till. um það, að við skulum gera skuldbindandi samning við Breta um að fara eftir alþjóðarétti við útfærslu á fiskveiðilögsögu við Ísland í framtíðinni. Stjórnarandstaðan vill láta okkur gefa Bretum skuldbindandi yfirlýsingu til allrar framtíðar um, að við skulum fara eftir alþjóðareglum í þessum efnum.

Og ég spyr nú og bið nú menn að leggja saman: Stjórnarandstaðan slær því föstu, að ef við erum vissir um að vinna mál fyrir alþjóðadómstóli, þá eigum við ekki að hika við að fara með það þangað. Stjórnarandstaðan vill slá því föstu, að við eigum að skuldbinda okkur til að færa ekki út, nema við séum öruggir um, að við byggjum á alþjóðareglum. Hvers vegna getur þá ekki stjórnarandstaðan hugsað sér að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll, að alþjóðadómstóll eigi að fjalla um þessi mál? Er það vegna þess, að hún vill gefa skuldbindandi yfirlýsingar um það að fara að alþjóðalögum, en ætlar sér síðan ekki að fylgja því eftir? Er það ekki tvímælalaust vinningur fyrir okkur að hafa í höndum samning við okkar erfiðasta andstæðing í landhelgismálinu um það, að hann muni í framtíðinni beygja sig undir úrskurð alþjóðadómstóls, en ekki grípa til ofbeldisaðgerða, þegar við færum út fiskveiðilögsöguna við Ísland, úr því að við á annað borð erum staðráðnir í að fara í þessum efnum að alþjóðalögum?

Öll þróun í heiminum hefur nú um nokkurt skeið gengið í þá átt, að alþjóðareglur skuli ráða, deilumál skuli leysa með samkomulagi og úrskurðum á friðsamlegan hátt, en ekki gripið til ofbeldisaðgerða. Á seinustu missirum hefur hinum frjálsu fullvalda þjóðum fjölgað mjög. Þær eru yfirleitt veikar að herstyrk til og eiga þess ekki kost að fylgja sínum málum eftir með vopnavaldi í viðskiptum við aðrar þjóðir. Það eru fyrst og fremst þeirra hagsmunir, að alþjóðareglur og alþjóðadómstólar, sem skera eiga úr um það, hvað eru alþjóðareglur, fái að hafa sem mest áhrif og sem mest völd í heiminum. Við Íslendingar eigum öðrum fremur heima í hópi þeirra þjóða, sem verða vissulega að leggja á það hina ríkustu áherzlu, að þannig skuli á málunum haldið í framtíðinni.

Mér virðist, að þetta mál liggi afar greinilega og ljóslega fyrir. Það er ljóst, að því er stjórnarandstöðuna varðar, að Alþb. leggur á það áherzlu, að hinir dægilegu dagar ofbeldisins fái að halda áfram og deilan verði ekki leyst. Formaður Framsfl. hefur lýst því yfir og gert um það till. í utanrmn., að við Íslendingar skulum til úrlausnar á þessari deilu við Breta snúa okkur til Bandaríkjanna og biðja þau um að koma með herskip sín hingað til Íslands og reka Breta burt úr landhelginni. Leið Framsfl. er þess vegna sú að biðja Bandaríkin um herstyrk til að binda endi á deiluna. Leið Alþb. hins vegar sú að semja við Breta um að halda deilunni áfram. Ríkisstj. vill hvoruga þessara leiða fara. Hún telur, að landhelgismálið sé Íslendingum svo þýðingarmikið hagsmunamál, að það beri að gera allt, sem unnt er, til að leysa það á friðsamlegan hátt, þannig að hagsmunum þjóðarinnar sé sem bezt borgið. Það er skoðun ríkisstj., að í því uppkasti að orðsendingu, sem hér liggur fyrir, sé ekki aðeins séð fyrir því á öruggan hátt, að 12 mílna fiskveiðilögsagan, sem verið hefur við Ísland síðan 1958, sé tryggð, án þess að nokkru, sem máli skiptir, sé þar til fórnað, heldur þvert á móti, að við séum betur settir en við áður vorum vegna grunnlínubreytingarinnar og vegna alþjóðadómstólsins, ef þessi tillaga verður samþykkt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í fyrri ræðu minni hér s. l. mánudag bar ég fram þá ósk til hæstv. utanrrh., að hann birti bréf það, sem hann var búinn að skýra þinginu frá að hann hefði í fórum frá brezku stjórninni og fæli það í sér, að brezka stjórnin lýsti því yfir, að hún mundi ekki gera að þremur árum liðnum neitt tilkall til frekari undanþága innan íslenzku fiskveiðilandhelginnar. Síðan hafa margir þm. endurnýjað og tekið undir þessa kröfu. Hæstv. utanrrh. hefur nú loks svarað og það á þann veg, að þetta bréf verði ekki birt. Ég ætla ekki að fara að ræða hér þá skýringu, sem hæstv. utanrrh. gaf á því, því að hún var fyrir neðan það að vera umræðuverð. En það, að hæstv. ríkisstj. skuli neita því að birta þetta bréf, sýnir glögglega, að hún mun ekki hafa hér hreint mjöl í pokahorninu, og það til viðbótar öllu öðru sýnir, hve óverjandi öll meðferð hennar hefur verið á þessu máli, og það er kórónan á því verki, að stjórnin skuli leyna þm. og utanrmn. þýðingarmiklum upplýsingum í sambandi við þetta mál, — upplýsingum, sem vel geta verið þannig lagaðar, að þær geti ráðið endanlegri afstöðu þm. til þessa máls. Hæstv. utanrrh. upplýsti nú, að hann hefði haft vitneskju um það um miðjan desember s. l. eða upp úr miðjum desember s. l., hver afstaða Breta mundi vera, og hún mundi þá vera á þann veg, að íslenzka ríkisstj. mundi fallast á það. Þrátt fyrir það gat hann, þegar hann var spurður um þetta mál hér 6. febr. s. l., enga vitneskju um það gefið, hvernig þetta mál lægi fyrir, og hefur þar með upplýst nú, að með því svari, sem hann gaf við fsp. í þinginu 6. febr., hafi hann gefið algerlega — ekki kannske beinlínis rangar, en mjög

villandi upplýsingar og haldið með því upplýsingum fyrir þinginu, sem það átti fulla heimtingu á að fá. Það sýnir ásamt mörgu öðru, hvernig þessi hæstv. ríkisstj. hefur haldið á þessu máli.

Þær umræður, sem hér hafa farið fram, eru orðnar nokkuð langar, en þó sízt of langar, þegar miðað er við mikilvægi þess máls, sem hér liggur fyrir, því að eins og fram hefur verið tekið af mörgum hv. þm., er þetta stærsta og örlagaríkasta mál, sem Alþingi hefur fjallað um áratugum saman. Þess vegna er eðlilegt, að mikið sé um það rætt, og þess vegna væri eðlilegt, að enn þá meira væri um það rætt en þegar er búið að gera.

Meginatriði þessa máls hafa komið mjög glögglega fram hér í umræðunum, og þeim hefur ekki verið haggað í þeim ræðum, sem stjórnarsinnar — eða ráðherrarnir og talsmaður stjórnarflokkanna í utanrmn. — hafa hér flutt. Það stendur alveg óhrakið eftir sem áður, það sem hér hefur verið haldið fram, að það bar enga nauðsyn til þess að gera þann samning, sem hér liggur fyrir. Það liggur jafnframt ljóst fyrir eftir þessar umræður, *að það fæst ekki neinn ávinningur við þann samning*, sem hér er gerður, því að allan þann rétt, sem hv. stjórnarsinnar telja að felist í þessum samningi, áttum við áður og þurftum ekki að semja við neinn um að fá hann. Þess vegna vinnst ekki neitt með þessum samningi. En það hefur hins vegar komið glögglega fram í þessum umræðum, og það stendur alveg óhrakið þrátt fyrir allar þær ræður, sem ráðherrarnir hafa hér flutt og þeirra talsmaður í utanrmn. hefur flutt, að með þessum samningi afsölum við, látum af hendi stórkostlega þýðingarmikinn rétt, rétt, sem getur ráðið örlögum um það, hvort þjóðin getur lifað við sæmileg efnahagsleg *skilyrði í landinu á komandi árum eða ekki*. Þessu hafa hæstv. ráðherrar ekki getað mótmælt. Þeir hafa ekki getað mótmælt því, að með þessum samningi afhendum við þeim einhliða rétt til að færa út fiskveiðilandhelgina, afhendum raunverulega yfirráð okkar yfir landgrunninu fyrir utan fiskveiðimörkin, sem nú eru, og þar með aðstöðuna til þess að nota okkur þann rétt, sem við höfum haft á undanförnum árum til þess að tryggja afkomu íslenzks sjávarútvegs, ef frekari friðunarráðstafana væri talin þörf. Hér er sannarlega glatað einhverjum hinum mesta rétti, sem þjóðin á, rétti, sem er engu þýðingarminni en rétturinn til *landsins sjálfs*.

Ég ætla ekki í þessum orðum, sem ég segi nú, að fara að rifja upp frekar meginrökin fyrir því, sem við andstæðingar stjórnarinnar höfum fært fram þessu máli okkar til stuðnings. En mér finnst rétt nú í lokin að víkja nokkrum orðum að því, hvernig málflutningur hæstv. stjórnarsinna, ráðherranna og þeirra talsmanna, hefur verið. Það er viðurkennt, að þeir tveir ráðherrar, sem hér hafa talað, og þeirra fulltrúi úr utanrmn., að það eru yfirleitt beztu málsvararnir, sem flokkar þessara manna hafa á að skipa, og þess vegna ætti að mega vænta þess af hálfu þessara manna, að málið hefði verið lagt eins vel fyrir og frekast væri kostur á. En ef við lítum svo yfir nokkur meginatriði í þeirra málflutningi, munum við komast að raun um það, hve hæpinn og slæmur sá málstaður er, sem þeir hafa haft hér að verja.

Ég ætla t. d. að víkja að því, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. í umr. í nótt og líka hefur komið fram hjá hinum ræðumönnum stjórnarflokkanna. *Þeir hafa sagt, að það væri eiginlega hreint ofbeldi*, það samrýmdist ekki réttarríki, það væri gert til að spilla sambúð þjóða, ef Íslendingar héldu fast á sínum einhliða rétti til landgrunnsins og útfærslu á fiskveiðilandhelginni og féllust ekki á það samkomulag, sem Bretar hafa nú boðið og íslenzka ríkisstj. vill ganga að. Það hefur verið sagt, að það væri ofbeldi, ef Íslendingar stæðu á kröfum sínum, það samrýmdist ekki Íslandi sem réttarríki að standa á þessum rétti sínum og það væri til að spilla sambúð við aðrar þjóðir og jafnvel spilla sambúð stórveldanna, ef Íslendingar stæðu á þessum rétti sínum. Hafa menn heyrt þessi rök fyrr? Muna menn, hvar þeir hafa heyrt þessi rök áður? Hverjir hafa látið þessi rök koma fram hjá sér áður í þessu máli? Þeir, sem hafa átt þess kost að hlusta á málflutning Breta á erlendum vettvangi í þessu máli, þeir, sem hafa lesið brezku blöðin, þeir, sem hafa fylgzt með því, sem þingmenn frá Grimsby og Hull hafa sagt í brezka þinginu, — þeir kannast við þessar röksemdir. Hér koma fram nákvæmlega sömu rökin og Bretar, sem eru andstæðir okkur í þessu máli, hafa haldið fram, allt frá því að landhelgisdeilan hófst. Þeirra rök hafa verið þau, að Íslendingar með sínu framferði væru að sýna ofbeldi, Íslendingar færu ekki að eins og réttarþjóð, Íslendingar væru með þessu að spilla sambúð þjóðanna, vegna þess að þeir gerðu ekki annað en að standa á sínum rétti. Og það, sem hér hefur svo gerzt, það, sem hefur gerzt þessa dagana í sölum Alþingis, er það, að í þennan stól hafa komið íslenzkir menn, meira að segja þingmenn og ráðherrar, og flutt nákvæmlega sömu röksemdirnar til réttlætingar þessu máli og andstæðingar okkar, Bretarnir, hafa flutt á undanförnum árum á alþjóðavettvangi, í blöðum sínum og í þingi sínu gegn hinum íslenzka málstað. Svo djúpt erum við sokknir í þessum efnum, að hér koma upp íslenzkir menn, tala úr þessum stól og flytja nákvæmlega sömu röksemdirnar og hinir brezku andstæðingar okkar hafa verið að halda fram á undanförnum árum.

Ég vil ekki fordæma þennan verknað, mér finnst hann vera fyrir neðan það. Ég votta þeim mönnum samúð mína, sem eru svo langt sokknir, að þeir skuli gerast slíkir þjónar erlends málstaðar að gera orð andstæðinga okkar að sínum eigin orðum í ræðustól hér á Alþingi.

Þá kom sú röksemd fram frá hæstv. dómsmrh. og reyndar hjá utanrrh. líka, að eiginlega væri það ekki aðalávinningurinn við þennan samning, sem þeir voru búnir að halda fram, að fá hina svokölluðu viðurkenningu á 12 mílna landhelginni, sem engin viðurkenning er, ekki heldur þriggja ára fresturinn, heldur hitt, að það afrek hefði unnizt, að Íslendingar hefðu fengið brezku stjórnina til að sætta sig við það að láta frekari deilumál í þessum efnum ganga undir Haag-dómstólinn, — það *sé alveg sérstakt afrek, sem hinir íslenzku samn*ingamenn og íslenzka ríkisstj. hefði unnið með því að fá brezku stjórnina og brezk stjórnarvöld til að fallast á það, að deilur okkar um þessi mál í framtíðinni skyldu ganga fyrir alþjóðadóm. Halda

nú þessir menn, sem slíku halda fram, að það sé hægt að telja mönnum trú um, að það séu Íslendingar, sem hafi sérstaklega verið að berjast fyrir því á undanförnum árum að fá slíkar deilur teknar upp fyrir alþjóðadómstólnum? Það hefur verið afstaða Breta frá fyrstu tíð að berjast fyrir því að fá Íslendinga til þess að skjóta slíkum deilumálum til alþjóðadómstólsins. (Gripið fram í.) Þeir óskuðu eftir því 1952, að viss þáttur útfærslunnar þá yrði lagður undir alþjóðadómstólinn. Það fyrsta, sem þeir gerðu 1958, þegar við færðum út þá, var ekki aðeins að mótmæla, heldur að óska eftir því og bera fram tilmæli um það, að við legðum útfærsluna þá undir alþjóðadómstólinn, og allt frá þeim tíma hefur það verið aðalósk þeirra, að Íslendingar sættust á það að leggja framvegis deilumál í þessum efnum fyrir alþjóðadómstólinn. Það hefur verið þeirra meginósk og meginkrafa, og það hefur líka komið greinilega fram í enskum blöðum núna í umr. um þessi mál, að þeir töldu það vera meginávinninginn, að Íslendingar skuli fallast á það, að í framtíðinni skuli slíkum deilumálum skotið til alþjóðadómstólsins. Og það vita allir, af hverju Englendingar bera þessa kröfu fram, eins og hér hefur margsinnis verið lýst. Þetta er þeirra meginávinningur í þessum samningum, og í þessu er okkar megintap fólgið, eins og hér hefur verið margsinnis lýst af þeim mönnum, sem hér hafa talað. En þrátt fyrir það eru þeir talsmenn stjórnarliðsins, sem hér hafa komið upp, svo blygðunarlausir að halda því fram, að meginávinningur Íslendinga og meginafrek Íslendinga í þessum efnum sé að fá brezku stjórnina til að fallast á það, að slíkum málum verði framvegis skotið til Haag-dómstólsins, þegar menn vita, að einmitt megintap okkar er í því fólgið, að slíkt skuli verða gert.

Álíka málflutningur, sem hefur komið fram hjá þessum mönnum, er sá, að þetta sé alveg í samræmi við þál., sem samþ. var hér á Alþ. vorið 1959, að þeir samningar, sem hér liggi fyrir, séu í fullu samræmi við þál. frá 1959, það sé verið að framkvæma hana með þeim samningi, sem hér liggur fyrir. Hvert er aðalefnið í þessari þál.? Aðalefnið er annars vegar það, að við lýsum yfir því, að við höldum fast við tilkall okkar til landgrunnsins og viljum vinna að því að fá viðurkenningu á því, hitt er það, að við viljum halda áfram undanþágulausri 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Fáum við nú þetta út úr þeim samningum, sem hér liggja fyrir? Fáum við viðurkenningu til landgrunnsins? Fáum við undanþágulausa 12 mílna fiskveiðilandhelgi? Nei, það eru settar stórkostlegar undanþágur á 12 mílna fiskveiðilandhelgina, svo að hún verður raunverulega ekki nema 6 mílna landhelgi næstu árin, og þar að auki er afsalað hinum einhliða rétti okkar til landgrunnsins og frekari útfærslu á fiskveiðilögsögunni. En þrátt fyrir það, þó að samningurinn gangi þannig fullkomlega í berhögg við þáltill. frá 1959, koma talsmenn stjórnarfl. hér upp og segja, að þeir séu að framkvæma og fylgja efni hennar með þessu samkomulagi. Er hægt að ganga lengra í blekkingum en hér er gert?

Alveg nákvæmlega sama er um að ræða, þegar þessir menn eru að tala um það, að Framsfl. hafi, þegar hann var í stjórnaraðstöðu, gefið fordæmi fyrir því, sem nú hefur verið gert. Þeir tala t. d. um, að það sé eitthvert fordæmi fyrir því, sem nú hefur verið gert, að Bretum var boðið upp á það, að útfærslan 1952 yrði lögð undir úrskurð alþjóðadómstóls. Það, sem lá fyrir 1952, var það, að þá lágu fyrir alveg glöggar og viðurkenndar alþjóðareglur varðandi þetta deilumál, svo að menn vissu nokkurn veginn fyrir fram, að hverju var gengið, vegna þess að það lágu fyrir viðurkenndar reglur um það, hver væri alþjóðavenjan og alþjóðareglan í þeim atriðum, sem þá var deilt um. Þess vegna var auðvelt fyrir okkur að láta þetta mál ganga til alþjóðadómstóls, því að í þeim efnum, þar sem alþjóðalög liggja greinilega fyrir, er ekkert athugavert við það og ekki nema sjálfsagt, að við hlítum úrskurði alþjóðadómstóls. Aftur á móti í þeim efnum, sem hér um ræðir, viðáttu sjálfrar fiskveiðilandhelginnar, liggja ekki fyrir neinar ákveðnar, viðurkenndar alþjóðareglur um það, hvernig fara eigi með slík mál og eftir hvaða reglum dómurinn eigi að fara. Undir þeim kringumstæðum getum við ekki átt það á hættu að eiga það undir úrskurði alþjóðadómstóls, hver niðurstaðan verður í þessum efnum, vegna þess að við vitum ekkert um, hverjar þær reglur eru, sem hann kann að fara eftir, og undir þeim kringumstæðum, þegar reglurnar eru óljósar, eins og í sambandi við þetta atriði, má vænta þess, að dómurinn verði frekar íhaldssamur en frjálslyndur í niðurstöðu sinni. Þess vegna er algerlega óliku saman að jafna, þó að við getum fallizt á það að skjóta tilteknu máli, þegar ljósar alþjóðlegar reglur liggja fyrir, undir úrskurð alþjóðadómstólsins, eða hvort við föllumst á það, að undir öllum kringumstæðum, þegar engar greinilegar reglur eru fyrir hendi, verði málinu skotið til alþjóðadómstólsins. Það er náttúrlega tvennt algerlega ólíkt.

Í sambandi við þær umr., sem fóru fram 1958 í Atlantshafsbandalaginu, kom það aldrei til neinna mála, að léð væri máls á því, að frekari deilum um þessi mál yrði skotið undir Haag-dómstólinn. Það var aldrei léð máls á því. En það er einmitt aðalatriðið í þeim samningi, sem hér liggur fyrir. Varðandi þær gerðardómstill., sem þeir segja að hafi verið lagðar fram á ráðstefnunum 1958 og 1960, þá er það að segja, að þessar till. náðu eingöngu til friðunarsvæða utan við sjálfa fiskveiðilandhelgina, en ekkert um það, hver viðátta fiskveiðilandhelginnar ætti að vera, eins og hér er verið að ræða um. Þær till. bundu ekki neitt hendur okkar um það að ákveða fiskveiðilandhelgina 12 mílur, 16 mílur eða 20 mílur, eins og sú binding mun gera, sem nú er verið að samþ. Þess vegna er hér algerlega ósambærilegu saman að jafna. Þrátt fyrir það eru þessir menn svo forhertir í sínum málflutningi, að þeir telja þetta algerlega sambærilegt.

Ég ætla þá að koma að því, sem þessir hv. þm. hafa verið að segja um alþjóðadómstólinn, og víkja þá fyrst að því, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér í nótt. Hæstv. dómsmrh. sagði, að við ættum ekki neitt að óttast það, að dómurinn

fylgdist ekki með þróuninni og væri jafnvel á undan henni, því að það sýndi úrskurðurinn, sem hann hefði kveðið upp í deilu Norðmanna og Breta 1952. Ég verð nú satt að segja að lýsa undrun minni yfir því, að maður, sem er jafnfróður um þessi mál, fyrrv. prófessor í þjóðarétti við Háskóla Íslands, skuli gefa aðrar eins upplýsingar og þessar, því að þær reglur, sem alþjóðadómurinn fór eftir í þessu deilumáli, höfðu verið viðurkenndar öldum saman. Það hafði verið viðurkennt öldum saman, að firðir og flóar væru innan lögsögu viðkomandi ríkis. Meira að segja hefur það verið í íslenzkum lögum allt frá upphafi og þangað til samningurinn við Breta var gerður 1901, að firðir og flóar væru innan íslenzkrar lögsögu. Þetta hafði gilt í Noregi frá upphafi, í Svíþjóð frá upphafi og í fjöldamörgum löndum öðrum. Rétturinn fór því í sínum úrskurði 1952, þegar hann ákvað, að Norðmenn hefðu haft rétt fyrir sér, ekki eftir öðru en því, sem hafði verið nokkurn veginn viðurkennd réttarvenja öldum saman, að firðir og flóar væru innan lögsögu viðkomandi ríkis. Svo segir hæstv. dómsmrh., þegar hann talaði hér í gær, að með þessum úrskurði sínum hafi dómurinn verið að skapa alveg nýja reglu og það sýni, að við þurfum ekki að óttast um, að hann muni ekki verða frjálslyndur í úrskurði sínum, jafnvel á undan þróuninni. Hann var m. ö. o. að fara eftir aldagömlum reglum, en ekki eftir neinum nýjum reglum. Hann var að fara eftir því, sem hafði verið viðurkennt í mörgum löndum öldum saman, en ekki að fara eftir neinum nýjum reglum. En þrátt fyrir það, þó að það lægju fyrir svona skýrar aldagamlar reglur um þetta mál, urðu úrslitin í dómnum þau, atkvgr. í dómnum sú, að af 15 dómurum voru það ekki nema 8 dómarar, sem greiddu atkv. með hinum norska málstað, 4 greiddu atkv. á móti og 3 sátu hjá eða greiddu ekki atkv. Þannig var nú afstaða dómsins þá, að jafnvel þótt eftir skýrum, aldagömlum, viðurkenndum venjum væri að fara, þá voru það ekki nema 8 dómarar af 15, sem fengust til þess að viðurkenna þessa reglu. Og þá getum við gert okkur grein fyrir, hvernig það geti farið í málum, þar sem um algerlega nýjar reglur er að ræða eða um mjög óljósar reglur að ræða, og t. d. okkar réttur mundi fyrst og fremst byggjast á hinni nýju hefð og nýju venjum, sem væru að skapast. Ég held, að einmitt þetta, að vitna til úrskurðar alþjóðadómstólsins í deilumáli Breta og Norðmanna, sýni okkur, að það er mjög varhugavert að treysta á alþjóðadómstólinn í þeim efnum, að hann muni taka nýjar venjur og nýja hefð til greina, þar sem aðeins 8 dómarar af 15 fengust til þess að viðurkenna það í því tilfelli, sem ég hef hér nú minnzt á.

Þá hefur því verið haldið fram í sambandi við alþjóðadóminn, að það sé ekki hægt að kalla þau ríki réttarríki, sem vilji ekki leita til dómsins, þau ríki geti alls ekki kallazt réttarríki. Ef Ísland vilji ekki fallast á að leita til dómsins undir öllum kringumstæðum, geti það varla talizt réttarríki. Þetta er gert þrátt fyrir þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram, að aðeins 38 ríki hafa gengizt undir skuldbindingu um það að skjóta deilumálum til dómsins af þeim rösklega 100 ríkjum, sem nú eru í Sameinuðu þjóðunum og stofnunum, sem þeim tilheyra, og flestöll þessi 38 ríki hafa gert það með þeim fyrirvara, að þau vildu meta það sjálf í hverju einstöku tilfelli, hvort um innanríkismál hjá þeim væri að ræða eða ekki. Þannig hefur t. d. það stórveldið, sem þessi hæstv. ráðh. telur vafalaust mesta réttarríkið í heiminum í dag, Bandaríkin, undirritað þessa skuldbindingu með slíkum fyrirvara. Bandaríkin vilja fá að meta það sjálf í hverju einstöku tilfelli, þau eru ekki meira réttarríki en það, — þau vilja fá að meta það sjálf í hverju einstöku tilfelli, hvort um innanríkismál hjá þeim er að ræða eða ekki. Og eins og **ég benti á í fyrri ræðu** minni, mundu Bandaríkin ekki undir neinum kringumstæðum hafa viljað fallast á það, að yfirlýsing þeirra um eignatökuna á landgrunninu 1945 gengi undir alþjóðadóm, vegna þess að þau höfðu talið, að þar væri hreinlega um innanríkismál að ræða. Og þess vegna geta menn gert sér góða grein fyrir því, hvernig Bandaríkin mundu fara að í okkar sporum og hvort þau mundu vilja sætta sig við þann samning, sem nú á að fara að gera fyrir okkar hönd.

Það verður líka að játast í þessu sambandi um alþjóðadóminn, eins og hér hefur komið fram og eins og kom fram í þeim ummælum Hammarskjölds, sem hér hefur verið vitnað til, að hann hefur ekki unnið sér þá tiltrú, sem æskilegt væri. Hann hefur enn ekki náð svipaðri tiltrú og gamli Haag-dómstóllinn hafði, sem var tengdur við fyrra þjóðabandalagið. Það má vitna til þess í því sambandi, að það voru 42 ríki, sem gengust undir skuldbindingu þá um að hlíta úrskurði þess dóms, þó að ríki væru þá miklu færri í heiminum. Á þeim tíma, sem sá dómur starfaði, á árunum 1922—1939, eða á 17 árum, felldi hann úrskurði í einum 80 málum. Aftur á móti á þeim 15 árum, sem núverandi dómstóll hefur starfað, hefur hann ekki haft nema 30 mál til meðferðar, og aðallega hefur hann haft þau til meðferðar fyrstu árin, sem hann starfaði. Það hefur alltaf dregið úr því, að deilumálum væri skotið til dómsins. Hann hefur þess vegna haft sáralítið eða ekkert að gera á undanförnum árum, sem stafar af því, að hann hefur ekki unnið sér þá tiltrú, sem slíkur dómur þarf að hafa, og sérstaklega er það einkennandi, að hinar nýju þjóðir, sem hafa komið til sögunnar á undanförnum árum, hafa sárafáar undirritað skuldbindingu um aðild að dómnum. Þessi afstaða þjóðanna í heiminum til dómsins ýtir ekki undir það, að menn hafi neina sérstaka tiltrú til hans.

Í þessu sambandi er líka rétt að geta þess, að það eru fyrst og fremst stórveldin gömlu og nýlenduveldin, sem hafa gerzt aðilar að dómnum, undirritað skuldbindingu um aðild að dómnum, og í sumum tilfellum hafa þau reynt að nota sína aðild að dómnum til þess að tryggja sín nýlenduyfirráð, eins og t. d. þegar Bretar óskuðu eftir því, að olíudeilan í Íran yrði lögð undir dóminn, en dómurinn úrskurðaði þó að lokum, að það mál væri þannig vaxið, að það heyrði ekki undir verk-

svið hans að fella dóm í því. Vafalaust stafar það af mörgum ástæðum, að alþjóðadómurinn hefur enn ekki unnið sér þá tiltrú sem vera skyldi, og kannske ekki síst vegna þess, að eins og hann nú er skipaður, hafa stórveldin óeðlilega mikil áhrif á skipan hans, því að dómararnir eru kosnir bæði af öryggisráðinu og af þingi Sameinuðu þjóðanna, en í öryggisráðinu hafa stórveldin fram að þessu nokkurn veginn ráðið öllu því, sem þar hefur verið gert.

Í þessu sambandi má minna á það, að fyrir nokkrum árum reis upp deila milli öryggisráðsins og þings Sameinuðu þjóðanna um val á manni í dóminn. Bretar og Bandaríkjamenn vildu fá Formósu-Kínverja kosinn í dóminn, nokkuð kunnan stjórnmálamann, Wellington Koo, og fengu það samþ. í öryggisráðinu. Þegar svo kom til þingsins að útnefna manninn, þá risu Japanir þar upp og vildu, að það yrði kosinn lögfræðingur frá þeim í staðinn fyrir þennan Formósu-Kínverja. Japönum tókst að fá allmikið atkvæðafylgi á þingi Sameinuðu þjóðanna, þannig að það fóru þar fram margar kosningar, án þess að lögmæt kosning næðist. En að lokum fór þetta þó á þann veg, að Japanir urðu að draga sig til baka, og það varð Formósu-Kínverjinn, sem Bretar og Bandaríkjamenn höfðu stutt í öryggisráðinu, sem hreppti sætið. Það er aðeins eitt lítið dæmi um það af mörgum, að það eru þessi tvö stórveldi, sem fram að þessu hafa ráðið langsamlega mestu um það, hvernig dómurinn hefur verið skipaður.

Frá okkar sjónarmiði tel ég það, sem hér hefur verið rakið, ekki aðalatriðið í þessu sambandi, heldur hitt, að það eru ekki til neinar ákveðnar reglur um viðáttu sjálfrar fiskveiðilandhelginnar, engar ákveðnar reglur um það atriði, sem dómurinn á að dæma um milli okkar og Breta, ef við færum út fiskveiðilandhelgina. Undir þeim kringumstæðum hljótum við að búast við því samkvæmt öllum eðlilegum venjum, að dómurinn verði frekar íhaldssamur heldur en hitt og muni þess vegna frekar ganga á móti okkur en Bretum. Þess vegna er um mjög hættulegt og vafasamt réttindaafsal að ræða, þegar við föllum frá hinum einhliða rétti okkar í sambandi við útfærslu landhelginnar og rétti okkar til landgrunnsins og felum í hendur annaðhvort Bretum eða alþjóðadómstóli að úrskurða um það, hver réttur okkar skuli vera í þessum efnum.

Það væri freistandi að minnast á ýmis fleiri atriði til að sýna þær öfgar og blekkingar, sem ráðherrarnir og þeirra fylgismaður hafa beitt í þessu máli til þess að komast hjá því að ræða um sjálfan kjarna málsins og til þess að reyna að fá menn til þess að beina athyglinni að einhverju öðru en eru meginatriðin í málinu.

Mér finnst rétt nú, þegar líður að lokum þessara umr., að rifja í örstuttu máli upp þá sögu, sem hér hefur verið að gerast. Mér dettur í hug, og það rifjast upp fyrir mér í því sambandi, að þegar ég kom hér fyrst til bæjarins, lagði ég stundum leið mína í Landsbókasafnið og las þar í gömlum blöðum og m. a. í blöðunum, sem komu út í kringum 1908. Það vildi þannig til, að þá var bókavörður á Landsbókasafninu, sem allmikið hafði komið við þá atburði, sem þá gerðust, og vegna þess að hann sá, að ég var að lesa í þessum gömlu blöðum, bárust þeir atburðir nokkuð í tal á milli okkar, sem þá gerðust. Og ég man það, að eitt af því, sem hann sagði mér frá þeirri baráttu, sem þá átti sér stað, var það, að þeir, sem hann hefði talið erfiðasta í okkar sjálfstæðisbaráttu, hefðu ekki verið Danir, heldur þeir Íslendingar, sem hefðu fylgt Dönum að málum. Þessi orð verða mér alveg sérstaklega minnisstæð í sambandi við þá sögu, sem hefur verið að gerast í landhelgismálinu hjá okkur á undanförnum árum. Það eru í raun og veru ekki Bretar, þó að þeir hafi verið okkur andstæðir, sem hafa verið verstir andstæðingar okkar í þessu máli, heldur þeir menn, sem hafa fylgt þeim að málum hér innanlands. Það má rekja þeirra feril, allt frá því að baráttan fyrir útfærslu fiskveiðilandhelginnar hófst hér á þingi 1946 með till. þeirra Hermanns Jónassonar og Skúla Guðmundssonar um að segja upp brezka samningnum. Þá áttu Bretar hér sína liðsmenn, sem risu gegn því, að uppsögnin færi þá fram, og þess vegna dróst það í nokkur ár, frá því að þessi till. kom fram hér í þinginu og þangað til samningnum væri sagt upp. Síðan tókst nokkurn veginn að hafa samkomulag um þessi mál á milli flokkanna. En þó var svo komið árið 1953, eftir að útfærslan 1952 hafði átt sér stað, að Framsfl. taldi þetta mál ekki vera öruggt, nema yrði skipt um utanrrh., og það var ekki síst vegna þess, að þau skipti áttu sér stað og Framsfl. tók forustu í því máli, sem aldrei var léð tals á neinum samningum um þessi mál eða neinu undanhaldi, og þess vegna tókst að leiða hina fyrri landhelgisdeilu við Breta til lykta, án þess að undan Bretum væri slakað, og vinna í henni fullan sigur og stuðla með því að aukinni sæmd þjóðarinnar út á við.

Þegar svo það næst gerist, að við ætlum að færa út landhelgina á nýjan leik 1958, þá höfum við líka sömu undanhaldsmönnunum að mæta. Þá er allt gert, sem hægt er, af vissum forustumönnum í Sjálfstfl. og Alþfl. til að koma í veg fyrir, að sú útfærsla ætti sér stað. Ég veit, að þm. þekkja hér þá sögu, svo að það er óþarfi að vera að rekja hana. En það var ekki nóg, að það væri reynt að koma í veg fyrir, að útfærslan væri framkvæmd, heldur gerðist sá atburður eftir útfærsluna, sem er einhver hinn ljótasti í íslenzkri sögu, og hann er sá, að þegar deilan á milli okkar og Breta var hafin, varð aðalmálgagn stærsta stjórnmálaflokksins í landinu, Morgunblaðið, þannig skrifað, að Bretar gátu ekki dregið aðrar ályktanir af því en þær, að Íslendingar væru klofnir í málinu. Og það var ekki síst vegna þess, að Bretar trúðu á slíkan klofning Íslendinga í málinu, sem þeir gripu til þeirra ofbeldisverka, sem áttu sér stað 1. sept. 1958 og þeir framfylgdu síðan. Þeir reiknuðu þannig út, að Íslendingar væru klofnir í málinu, og ef þeir kæmu með herskip í landhelgina, mundi það verða til að ýta undir þennan klofning, þá mundi vinstri stjórnin falla og þá mundi önnur ríkisstjórn koma, sem þeir gætu átt betri sambúð við. Það var þess vegna fyrst og fremst vegna skrifa Morgunblaðsins

sumarið 1958, sem þeir atburðir gerðust hér þá um haustið, að Bretar sendu sín herskip inn í landhelgina. Ef Bretar hefðu staðið í þeirri trú, að Íslendingar væru alveg óklofnir í þessu máli, þá er óliklegt, að þeir hefðu gripið til þess ævintýris, sem það var að senda herskip inn í fiskveiðilandhelgi Íslands og hljóta fyrir það þá andúð annarra þjóða, sem þeir máttu eiga vísa, og jafnframt það, að ekki væri hægt að stunda togveiðar undir herskipavernd. Síðan hefur það alltaf haldið áfram og komið greinilega í ljós, að það voru viss öfl í báðum stjórnarflokkunum, sem vildu semja, sem vildu gefast upp fyrir Bretum, sem voru í raun og veru talsmenn hins brezka málstaðar, eins og þeir hafa verið í ræðustól á Alþ. undanfarna daga. Hins vegar þótti ekki fært að láta þetta uppi, fyrr en þingkosningar hefðu farið fram sumarið og haustið 1959. En allt frá því, að þær kosningar fóru fram, hefur undanhaldið átt sér stað í þessum efnum og smátt og smátt verið að vinna að þeirri niðurstöðu, sem hér liggur fyrir. Þetta kom mjög greinilega fram á Genfarráðstefnunni á s. l. vori með þeirri gerðardómstill., sem ráðh. báru þar fram og fól í sér svipað afsal á íslenzkum rétti og sú till., sem hér liggur fyrir. Þetta kom mjög greinilega fram líka, þegar náðunin svokallaða átti sér stað á s. l. vori, því að af hálfu Breta var hún fullkomlega misskilin. Það var litið á hana sem undanhald Íslendinga í málinu, og þess vegna var það, sem brezku herskipin færðu sig aftur upp á skaftið á s. l. sumri, sem þau áreiðanlega hefðu ekki gert, ef þau hefðu ekki reiknað með, að það væri eitthvert undanhald á Íslendingum í þessum efnum. Þetta undanhald var svo áréttað með því, þegar *ríkisstj. féllst á samningana* við Breta á s. l. sumri, sem var aðfari þess, sem nú hefur átt sér stað, og loks hefur þetta undanhald verið fullkomnað með þeim samningum, sem hér liggja fyrir. Það er kórónan á verki þeirra undanhaldsmanna, sem hér hafa verið að störfum á undanförnum missirum. Þetta er hin rétta staðreynd í þessum málum, og ég veit, að þó að hæstv. dómsmrh. kunni að eiga eftir að mótmæla þessu eitthvað hér á eftir, þá veit hann, að þetta er satt, og það veit nefnilega enginn betur en hæstv. dómsmrh., að þetta er satt.

Nú liggur verk þessara undanhaldsmanna hér fyrir. Nú liggur það fyrir, að við afsölum okkur þeim einhliða rétti til frekari útfærslu á fiskveiðilandhelginni, sem við höfum haft á undanförnum árum og við byggðum á útfærslurnar 1952 og 1958 og hefur reynzt hin bezta undirstaða fyrir íslenzkan sjávarútveg á undanförnum árum. Nú munum við ekki, eftir að þessi samningur er genginn í gildi, geta notað okkur þann rétt til frekari útfærslu. Við afsölum okkur jafnframt með þessu þeim rétti, sem við höfum talið okkur eiga til landgrunnsins utan fiskveiðimarkanna og við höfum staðfest með landgrunnslögunum frá 1948. Það er fullkomin tvísýna um það, meðan þessi samningur ríkir, hvort okkur verður nokkurn tíma fært að færa landhelgina frekar út og hvort við þurfum þess vegna ekki að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til að brjótast undan því oki, sem hér er á okkur lagt. En þrátt fyrir það, þó að hér hafi hættulegir og ömurlegir atburðir gerzt, þá er gott að minnast þess í þessu sambandi, að svipaðir atburðir hafa oft gerzt hér á landi áður, að eins konar umboðsmönnum eða jörlum erlends valds hefur tekizt að hneppa þjóðina í vissa fjötra um nokkurt skeið, en henni hefur jafnan tekizt að leysa þá af sér aftur. Þess vegna verður okkur það ríkast í huga nú í dag, þegar við komum til með að standa frammi fyrir þeim verknaði, sem verður vafalítið unninn hér á Alþ. innan nokkurra klukkustunda, að það verður afsalað einum dýrmætasta rétti þjóðarinnar, — þó að við hryggjumst yfir því, að slíkt sé gert, þá er það ekki okkur efst í huga, heldur hitt, að hefja nýja baráttu til þess að sækja þennan rétt og fá hann í okkar hendur að nýju. Og það mega Bretar vita, að þó að þeirra jörlum hafi tekizt að vinna hér nokkurn sigur að sinni, mun íslenzka þjóðin vakna þannig á eftir og taka þannig á þessu máli, að þessi sigur verður Bretum og jörlum þeirra ekki langær. Sá tími mun koma fyrr en seinna, að íslenzka þjóðin mun brjótast undan þessu oki, og það verður fyrsta verkið, sem íslenzk stjórn mun gera, full-íslenzk stjórn, er kemur aftur til valda í þessu landi, að nota alla þá möguleika, sem Ísland hefur yfir að ráða, til þess að losa sig við þann nauðungarsamning, sem hér hefur verið gerður. Við munum að sjálfsögðu beita öllum lögmætum ráðum, sem við höfum yfir að ráða, þátttöku okkar í alþjóðasamtökum og annars staðar, þar sem við getum komið okkar málstað á framfæri, til þess að losa okkur undan þeim viðjum, sem hér eru á okkur lagðar. Og það er trú mín, að með því að taka þannig upp skelegga baráttu í þessu máli bæði innanlands og utan sannist það á Bretum og jörlum þeirra að þessu sinni, að skamma stund verður hönd höggi fegin.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér í þær umr., sem eiga sér stað hér. Það er búið að gera grein fyrir öllum þeim atriðum, og skal ég ekki þreyta þingmenn með því. En það hefur slæðzt hér inn villa, sem þarf að leiðrétta (Gripið fram í.) Það er villa á fskj., eitt í fylgiskjölunum. (Gripið fram í.) Jú, það er villa í þeim. Það er í 3. lið, iv og v, þar er vitnað í grunnlínupunkt, Mýrnatangi (grunnlínupunktur 30) og svo aftur Mýrnatangi (grunnlínupunktur 30). Á kortinu, sem fylgir með fskj., sést, að þær línur, sem við er miðað, eru miðaðar við grunnlínupunkt 30 á báðum stöðum, og það hefur verið á þeim byggt. En ruglingurinn liggur í því, að Mýrnatangi er heiti á því, sem kallað er grunnlínupunktur 32, sem er nokkru vestar á ströndinni og kemur ekki við sögu að öðru leyti. En þessi grunnlínupunktur 30 hefur verið kallaður í reglugerðum áður Meðallandssandur 1, það er óljóst með örnefni og hefur verið tekið upp það örnefni. Hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða, heldur rugling, sem inn hefur komizt og við höfum sýnt á kortum hv. formönnum — **(Gripið fram í:** Verður ekki þskj. prentað upp?) Við teljum, að það sé réttara að hafa skrifl. brtt.

í samráði — (Gripið fram í.) Það er tvennt í því, annaðhvort taka þetta sem hreina leiðréttingu, sem lýst væri úr forsetastól, en í samráði við formenn Framsfl. og Alþb. töldum við réttara, til þess að ekki væri um neitt að villast, að bera fram skrifl. brtt. **(Gripið fram í:** Er ástæðulaust að hafa samráð við Breta um það líka?) Já, það held ég nú, þó að mönnum sé nú mjög annt um þeirra óskir í þessu, en hér er samt um hreina villu að ræða, sem ég játa að hefði mátt sjást fyrr. En það er betra að sjá villuna fyrr en síðar og sjálfsagt að leiðrétta það, sem rangt er.

Ég vil svo einnig vekja athygli á því, að í ensku þýðingunni er um hreina prentvillu að ræða á síðu 9. Í síðustu upptalningunni er þar Mýrabugt, þar sem stendur Ingólfshöfði í íslenzka textanum, en Mýrabugt hefur færzt niður í enska textann og er í þar næstu línu fyrir ofan, það er hrein prentvilla. (**HÁ:** Prentvillupúkinn er ykkur fjandsamlegur.) Já, það eru flestir púkar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta, en leyfi mér að leggja fram þessa skriflegu brtt., sem hljóðar svo:

„Við fskj. I. Í stað orðsins „Mýrnatangi" í (iv) og (v) í tölul. 3 komi: Meðallandssandur 1."

Það breytist af sjálfu sér í enska textanum. Leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta tillöguna.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 461) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er nú augljóst af þeim umr., sem hér hafa farið fram, að hæstv. ráðh. eru orðnir æði aðþrengdir í málflutningi sínum öllum. Hæstv. utanrrh. kom hér upp í ræðustólinn nú fyrir nokkrum mínútum síðan til þess að reyna að telja þingheimi trú um, að ummæli hans hér á Alþingi þann 6. febr. og þau ummæli, sem birt eru í Alþýðublaðinu þann 5. marz, hvor tveggja ummælin um nákvæmlega sama tilfellið, en í rauninni í allra augum alveg gagnstæð, að þrátt fyrir það, þó að allt hljómaði nú gagnstætt, þá sannaði hvað annað og allt færi hér rétt saman, sagði hæstv. ráðh. En hvað var nú það, sem hér var um deilt? Hæstv. utanrrh. hafði sagt hér í umr. á Alþingi þann 6. febr., að engar tillögur og engin tilboð hefðu komið fram af hálfu Íslendinga varðandi lausn landhelgisdeilunnar við Breta. En í Alþýðublaðinu stóð aftur nú fyrir nokkrum dögum, að dagana fyrir jólin hafi á tilteknum fundum úti í London, eins og stendur í Alþýðublaðinu: „á þessum fundum varð til sú lausn, sem nú er fjallað um." Til ýmislegs má nú grípa, þegar menn eru komnir alveg í vandræði og eru í rauninni alveg innikróaðir. Þá segir hæstv. utanrrh.: Ég hafði sagt, að Íslendingar hefðu ekki gert neinar tillögur og engin tilboð, en hins vegar segir Alþýðublaðið, að sú lausn á deilunni, sem nú liggur fyrir Alþingi, hafi orðið til á þessum fundum í London dagana fyrir jólin, og þetta fari ekki í gagnstæða átt. — Af þessu kemur auðvitað það, að utanrrh. er að lýsa því yfir, að Íslendingar hafi aldrei gert tillögur til lausnar á landhelgisdeilunni, þeir hafi aldrei gert tilboð, heldur aðeins það, að Bretar hafi gert tiltekið tilboð, gert tiltekna tillögu og Íslendingar þá gengið að henni. Þegar búið er að slá því föstu, að samkomulagið, sem hér liggur fyrir, hafi orðið til dagana fyrir jólin, en síðan segir ráðh. hér á Alþingi 6. febr., að ríkisstj. hafi engar tillögur gert og engin tilboð gert í málinu, þá er hann með þessu að segja, að Íslendingar hafi aldrei lagt neitt fram í málinu, heldur aðeins gengið að þeim tillögum, sem Bretar hafi verið búnir að gera. Auðvitað sjá nú allir menn, að það er ekki einu sinni hægt að ljúga sig út úr vandanum á þennan hátt.

Hér liggur það auðvitað óumdeilanlega fyrir, að samkomulagið var gert, eins og Alþýðublaðið hafði upplýst, dagana fyrir jól, og þegar hæstv. utanrrh. afneitaði því hér á Alþingi 6. febr., að Íslendingar hefðu gert nokkur tilboð í málinu, þá var hann að segja ósatt, vegna þess að þá þegar var búið að ljúka málinu. En svona sem sagt geta aðþrengdir menn orðið að grípa til aumra blekkinga.

Þá sagði hæstv. utanrrh. í ræðu sinni áðan, að það yrði ekki birt neitt úr hinu margumtalaða leynibréfi, sem hér hefur nokkuð borið á góma í þessum umr., að ekkert yrði birt nema þessi eina setning, sem hann hafði lesið upp úr bréfinu, enda væri bezt að birta ekki meira en búið væri að birta, því að stjórnarandstaðan mundi snúa hér út úr öllu, sem sagt yrði. Finnst mönnum þetta fullnægjandi skýring? Það er upplýst hér á Alþ., að það liggur fyrir bréf frá brezku ríkisstj., sem er tvímælalaust um þetta mál, sem hér liggur fyrir. Ein setning er þar slitin út úr og lesin, en því er neitað harðlega að leggja fram allt bréfið, vegna þess að óttazt er, að stjórnarandstaðan muni snúa hér út úr því, sem í bréfinu stendur.

Nei, því verður ekki neitað, að það er fullkomlega eðlilegt, með tilliti til þess, sem gerzt hefur í þessu máli, að menn tortryggi það nokkuð, hvað í þessu bréfi kann að standa, varðandi þessa lausn á málinu. Menn hljóta vitanlega um það að spyrja: Hvað er það, sem hæstv. ríkisstj. vill leggja hulu yfir í þessu efni? Hvað er það, sem hún er að fela, að þetta bréf, sem varðar málið, skuli ekki mega koma fram? Hefur hún gert einhvern viðbótarsamning við brezku ríkisstj., sem þolir ekki dagsins ljós, eða hvað er hér á ferðinni? En öll er málfærsla þeirra ráðherranna orðin af svipuðu tagi og þetta.

Nú er aðaluppistaðan orðin í þessum umr. eiginlega tvennt, og hvor aðili á nú auðvitað sinn skammt af því af þeim tveimur flokkum, sem eru andvígir þessu samkomulagi. Hæstv. dómsmrh. sagði í umr. í gær, að Hermann Jónasson hefði með tillögum sínum í utanrmn., eins og dómsmrh. sagði, viljað efna til heimsstyrjaldar út af þessu máli. Hann notaði þetta orð hér í þessum ræðustól, að Hermann Jónasson vildi efna til heimsstyrjaldar út af málinu. Þetta er hlutur Framsóknar, þannig er hún afgreidd. En við Alþýðubandalagsmenn, við fáum vitanlega okkar hluta og þá alveg sérstaklega ég. Sagt er, að okkar afstaða sé sú og þá sérstaklega mín, að ég

vilji endilega semja við Breta um að veiða innan landhelginnar. Og svo eru auðvitað teiknuð upp feiknalega stór og voldug kort í Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu af öllum þeim svæðum við landið, sem ég vilji semja við Breta um, að þeir haldi áfram að veiða á. Halda menn ekki, að þeir séu orðnir dálitið aðþrengdir, þessir piltar, sem halda slíku fram sem þessu?

En hvert var nú tilefni þess, að menn fundu út slíkan áróður sem þennan, sem átti að jafnast á við heimsstyrjöldina hjá Hermanni, — þetta sem ég hef sagt? Jú, ég hafði lýst því hér yfir, sem ég hef oft gert áður, að Bretar hafi ekki getað stundað undir herskipavernd neinar fiskveiðar innan íslenzku landhelginnar. Ég orðaði það þannig hér, að þeir hefðu í þessum efnum haft hér í frammi hinn mesta fíflaskap. Ég sagði aldrei eitt einasta orð um það, að Bretar hefðu stundað veiðar, — ég sagði þvert á móti, að þeir hefðu ekki getað stundað fiskveiðar á þessum slóðum. En ég benti á, að sú heimskulega ráðstöfun Breta að ætla að binda skip sín á þröngum básum innan landhelginnar hefði orðið til þess, að íslenzku fiskimiðin eða Íslandsmið, eins og ég orðaði það, hefðu notið miklu meiri og betri friðunar en yfirleitt nokkurn tíma áður. Mér er það nefnilega ljóst, þó að piltunum, sem skrifa Morgunblaðið, sé það ekki ljóst, að meginhlutinn af fiskimiðum Íslands, þeim sem við ausum úr, liggur fyrir utan 12 mílna hringinn. Mér er það að vísu líka ljóst, að það er þýðingarmikið að vernda miðin, sem eru innan við 12 mílur, vegna þess uppeldis, sem þar á sér stað. En meginhlutann af okkar fiskmagni verðum við að taka annars staðar. Það er því mjög dýrmæt friðun á miðunum við Ísland, ef ein aðalfiskveiðiþjóðin, sem stundar hér veiðar, glæpist inn á slíkan fíflaskap, að hún neitar sér um það að geta stundað eðlilegar veiðar á Íslandsmiðum, eins og Bretar gerðu hér raunverulega um nærri 2½ árs skeið. Ég sagði, að út frá friðunarsjónarmiðum væri okkur hagstætt, beinlínis hagstætt, að Bretar héldu áfram slíkum fíflaskap eins og þeim að loka skip sín inni í þröngum básum. Þetta sagði ég hér á Alþingi, og það þori ég að segja hvar og hvenær sem er. Út frá friðunarsjónarmiðum í sambandi við miðin við Ísland var þetta okkur hagstætt.

Hitt var annað mál, að gerð Breta í okkar garð var hin sama eftir sem áður. Þeir voru að reyna að brjóta hér niður íslenzk lög. Þeir sendu herskip sín til þess að hnekkja því, sem við vorum að gera. En okkur var ljóst, að þessar ráðstafanir þeirra gátu aldrei fært þeim sigur í deilunni við okkur. Til þess þurftu þeir að fá einhverja hjálp Íslendinga sjálfra til þess að draga lokur frá hjá okkur. Og þá hjálp hafa þeir nú fengið, enda hafa þeir vitað, hvaða menn voru til þess líklegastir allan tímann.

Hæstv. utanrrh. sagði hér í umr., að það hafi jafnan verið stefna okkar Alþýðubandalagsmanna í landhelgismálinu að miða okkar aðgerðir við það að spilla vináttu Íslendinga og Breta. Og enn fremur sagði hann, að hann og Alþfl. hefðu viljað fá meira tóm til þess að kynna útfærslu landhelginnar öðrum þjóðum. Hvað var það, sem við gerðum í þessum efnum, sem gat spillt vináttunni við Breta? Við gerðum ekkert annað en það að færa út landhelgislínuna. Við gerðum ekkert annað en að framkvæma það, sem hæstv. utanrrh. og flokkur hans hafði skrifað undir í samkomulagi við okkur, að við skyldum gera. Það var í júlímánuði 1956, þegar vinstri stjórnin var mynduð, sem slíkt samkomulag var gert. Það var dregið að fara í þessa útfærslu hálft árið 1956, allt árið 1957 og meira en hálft árið 1958. Allan þennan tíma vorum við að tilkynna Bretum og öðrum, hvað við værum ákveðnir í að gera, og hæstv. utanrrh. hafði það starf sérstaklega á höndum að eiga að útskýra málið. Á fundum Sameinuðu þjóðanna í lok ársins 1956 og í ársbyrjun 1957 undirstrikuðum við það, að við ætluðum okkur að færa út, við gætum ekki beðið lengur, við yrðum að fara að hefja framkvæmdir, og á Genfarráðstefnunni 1958, þá um veturinn, lýstum við því einnig yfir, að við mundum færa út í 12 mílur, og það gerði sjálfur utanrrh. á þeirri ráðstefnu, svo að okkar framkvæmdir í þessum efnum komu Bretum ekkert á óvart. Við Alþb.-menn vorum því ekki að knýja neitt fram í þessum efnum annað en það, að staðið yrði við gerða samninga og gefin loforð um stækkun landhelginnar. Hitt var alveg gefið mál, að það gat enginn maður stækkað íslenzku fiskveiðilandhelgina, án þess að Bretar yrðu óánægðir út í slíka ráðstöfun. Þeir, sem ætluðu því að halda vináttu við Breta á þeim grundvelli að gera þá ánægða í landhelgismálinu, hafa hlotið að hugsa sér að svíkja þjóðina um það, sem þeir voru búnir að heita henni, að stækka fiskveiðilandhelgina. Við höfðum veitt Bretum nægilega langt tóm. Þeir höfðu fengið nægilegan umþóttunartíma, ef þeir hefðu viljað sinna okkar aðvörunum, okkar tilkynningum í þessu máli. Það var því ekki undan neinu að kvarta í þeim efnum.

Þá sagði hæstv. utanrrh. hér enn einu sinni, að í fyrstu tillögum, sem við höfðum lagt fram í ríkisstj. um breytingar á fiskveiðilandhelginni, hefðum við gert ráð fyrir óbreyttum grunnlínum. Hvernig getur nú staðið á því, að menn lemja höfðinu við steininn á þennan hátt? Nú liggur þetta skriflega fyrir í höndunum á ýmsum mönnum, hefur verið birt opinberlega hvað eftir annað, að við lögðum fram tillögu 28. apríl 1958 með 12 mílna útfærslu og breyttum grunnlínum. Þetta voru þær fyrstu tillögur, sem lagðar voru fram, og það var farið fram á, að samkomulag mætti takast um þetta. Till. um óbreyttar grunnlínur kom ekki fram, fyrr en það hafði verið þrautreynt, að Alþfl. fékkst ekki til þess að standa að því að breyta grunnlínunum. Hvernig getur nú staðið á því, að menn eru að endurtaka svona ósannindi út af atburðum, sem liggja alveg skjalfast fyrir?

Í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hefur hæstv. dómsmrh. vikið nokkrum sinnum að því, að gerð hafi verið á fyrri Genfarráðstefnunni eða lögð hafi verið þá fram till. af vinstri stjórninni, eins og hann orðar það, sem er nú auðvitað rangt, — tillaga, sem felur í sér gerðardómsákvæði varðandi rétt okkar til fiskfriðunar utan 12 mílna markanna. Ég hef áður bent þessum

hæstv. ráðh. og öðrum á það, að til er alveg óræk sönnun fyrir því, að hér fer hann með rangt mál. Ég hef lesið upp í útvarpsumr. m. a. skjal frá Davíð Ólafssyni fiskimálastjóra og Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingi, sem voru fulltrúar Íslands á þessari ráðstefnu, þar sem þeir gera grein fyrir þessari tillögu og þar sem þeir mótmæla þessu, sem hæstv. dómsmrh. er að reyna að láta skína í varðandi þessa till., en það voru þessir aðilar, sem áttu alla ábyrgð á því, að þessi till. var flutt, og án leyfis íslenzku ríkisstjórnarinnar. En þessi till. var ekki á nokkurn hátt, eins og þeir hafa réttilega bent á, varðandi það að takmarka vald Íslands varðandi stækkun íslenzku fiskveiðilögsögunnar, — ekki á nokkurn hátt um það. Þessi till., sem fól í sér gerðardómsákvæði, var eingöngu um það, að í slíkum tilfellum, þegar það kemur upp, að það er talið óhjákvæmilegt að setja reglur vegna ofveiði utan þeirra marka, sem á hverjum tíma eru í gildi sem fiskveiðilögsaga, — þegar á að setja reglur varðandi ofveiði, þá er lagt til í þessari tillögu, að strandríki skuli þó hafa forgangsrétt til veiðanna undir slíkum kringumstæðum, en gerðardómur skuli fjalla um það, hvort um ofveiði hafi verið að ræða á þessu svæði eða ekki. Tillaga þessi er því eingöngu um það, hvort gerðardómur ætti að skera úr um það, hvort ofveiði væri fyrir hendi á tilteknum svæðum, sem liggja fyrir utan fiskveiðilögsöguna, ekki fyrir utan 12 mílur, heldur bara fyrir utan fiskveiðilögsöguna, sem þá var ótakmörkuð.

Hér er því vitanlega um algeran tilbúning hjá hæstv. ráðh. að ræða, þegar hann reynir að halda því fram, að við höfum með þessu staðið að tillögu, sem sé eitthvað í þá átt, sem felst í þessu samkomulagi, sem hér liggur fyrir varðandi vald alþjóðadómstóls um fiskveiðilögsögu Íslands.

En það er ástæða til þess í þessum efnum að átta sig eilítið betur á því, sem hér hefur komið fram í þessum umr. varðandi aðalefni þessa samkomulags, sem einmitt snýr að ákvæðunum um alþjóðadómstólinn, og snýr að því, sem er meginafsalið frá Íslands hálfu, sem er varðandi það, að Ísland falli frá sínum einhliða rétti til stækkunar á sinni fiskveiðilandhelgi. Enginn vafi getur leikið á því, að í því samkomulagi, sem hér liggur fyrir, enda er í rauninni ekki borið á móti því af talsmönnum þessa samkomulags, felast þau ákvæði, að við Íslendingar afsölum okkur réttinum, sem við tókum okkur með landgrunnslögunum, til þess að við mættum ákveða fiskveiðilögsöguna á landgrunninu. Hér eftir eigum við ekki að hafa einhliða rétt til þess að lýsa yfir stærð þessarar fiskveiðilögsögu. Þessu atriði afsölum við okkur. Við erum með þessu að afsala þeim rétti, sem okkur hefur dugað bezt fram til þessa í landhelgismálinu. Við notuðum þennan rétt árið 1952, þegar við breyttum landhelginni þá. Við notuðum þennan rétt árið 1958, þegar við breyttum landhelginni. Þetta er m. ö. o. rétturinn, sem við höfum stutt allar okkar aðgerðir við. Þessum rétti erum við nú að afsala. Þetta er líka sá réttur, eins og hér hefur oft verið tekið fram í þessum umr., sem ekki færri en 31 þjóð í heiminum hefur þegar notfært sér varðandi stækkun á sinni fiskveiðilandhelgi. Og það er einmitt þessi einhliða réttur til útfærslu á fiskveiðimörkum, sem hefur orðið til þess, að nú er almennt talið, að það fari að koma að þeim tíma, að t. d. alþjóðadómstóllinn hljóti að fara að viðurkenna slíka almenna reglu eins og 12 mílur eru nú að verða sem alþjóðalög, sem dóma væri hægt að byggja á. Ég segi: það eru allmiklar líkur til þess, að sá tími sé nú að nálgast, að dómstóllinn muni fara að telja sér fært að miða við þetta. Ef við hefðum hins vegar staðið þannig að þessu máli, að við hefðum ekki verið í hópi þeirra þjóða, sem unnu að því með þessum einhliða útfærslurétti að skapa þennan þjóðarétt, þá eru engar líkur til þess, að við hefðum getað vonazt til þess, að alþjóðadómstóll gæti innan skamms farið að leggja slíkt til grundvallar dómsniðurstöðu.

Það er vert að hafa það í huga, að hæstv. forsrh., Ólafur Thors, lýsti því yfir alveg ótvírætt í umr. um landhelgismálið árið 1952, eins og hann sagði, að strandríki hefði einhliða rétt til þess að ákveða sjálft stærð fiskveiðilögsögu sinnar. Og sama árið, 1952, sagði Bjarni Benediktsson, að við mundum aldrei semja við aðrar þjóðir um stærð okkar fiskveiðilögsögu, því að Ísland hefði, eins og hann orðaði það, lagalegan og siðferðilegan rétt til þess að ákveða einhliða verndun fiskimiðanna við strendur landsins. Þennan rétt höfðum við, þennan rétt viðurkenndi forsrh. landsins 1952, þennan rétt viðurkenndi núv. hæstv. dómsmrh. 1952, á þessum rétti höfum við einmitt náð þeim árangri í útfærslu landhelginnar, sem við höfum náð. En nú er verið að snúa við blaðinu, nú er verið að reyna að gera lítið úr þessum rétti okkar og halda því fram, að þessi einhliða réttur sé enginn lagalegur réttur, hann sé í rauninni aðeins réttur þeirra, sem vilja fara ofbeldisleiðina.

En eru þá miklar líkur til þess, að ákvæðin um málskot til alþjóðadómstólsins geti komið okkur Íslendingum í stað þessa einhliða útfærsluréttar, sem við höfum haft? Eru líkur til þess? Það hefur verið á það bent hér í umr., að aðeins um einn þriðji þjóða innan Sameinuðu þjóðanna hafi fengizt til þess að lýsa því yfir, að þær vildu leggja mál sín til úrskurðar hjá alþjóðadómstólnum, en þó flestar þeirra með fyrirvara, þannig að þær vilja sjálfar geta ákvarðað um það, hvað af sínum málum þær leggi undir úrskurð dómsins. En tveir þriðju þjóðanna innan Sameinuðu þjóðanna hafa ekki viljað fallast á það að bera mál sín yfirleitt undir úrskurð dómsins. Það er líka á það bent, að af þeim 15 dómendum, sem nú eiga sæti í alþjóðadómstólnum, eru 9 sem fulltrúar þeirra þjóða, sem okkur hafa verið andstæðastar í landhelgismálinu. Það hefur verið á það bent líka í þessum umr., að í 7 ára starfi þessa dómstóls hafi það aðeins komið fyrir einu sinni í einu máli, að dómandi hafi greitt atkv. andstætt því, sem ríki hans óskaði eftir eða hafði haldið fram. Á það hefur líka verið bent í þessum umr., að alþjóðadómstóllinn hefur aldrei í sögunni kveðið upp dóm um viðáttu fiskveiðilandhelgi eða viðáttu landhelgi. Engin þjóð hefur varpað slíku máli fyrir dóminn. Hann hefur aldrei kveðið upp neinn dóm um viðáttu landhelgi. Það

hefur líka verið bent á það í þessum umr., að allfjölmenn laganefnd Sameinuðu þjóðanna hefur gefið út yfirlýsingu um það, að á það væri sú nefnd ásátt þrátt fyrir mikinn ágreining að öðru leyti, að ekki væru í gildi neinar fastar reglur um víðáttu landhelgi.

Þegar menn hafa nú þessar staðreyndir í huga, þá ætla ég, að menn sjái glöggt, að það sé óliku saman að jafna að eiga mál sín varðandi útfærslu á fiskveiðilandhelgi undir úrskurði þessa dómstóls, sem svona er ástatt um, eða hafa þann einhliða rétt, sem orðið hefur okkur happadrýgstur fram til þessa og allar aðrar þjóðir hafa orðið að notfæra sér, þegar þær hafa lagt í að stækka sína landhelgi. Það getur því ekki leikið neinn vafi á því, að það, sem er að gerast í þessum efnum, er það, að Íslendingar eru með þessu ákvæði að afsala sér þýðingarmiklum rétti, sem þeir hafa notfært sér, sem þeir hafa haft alla sína sigra af í þessu máli, en þeir eru í stað þess að skuldbinda sig að hlíta úrskurði dóms, sem getur ekki eðli málsins samkvæmt kveðið upp dóm um lögmæti stærðar eða víðáttu landhelgi.

Ég hef því haldið því fram hér í þessum umr., að það ákvæði þessa samkomulags, sem bindur Íslendinga í sambandi við frekari útfærslu landhelginnar við dómsúrskurð alþjóðadómstólsins, jafngildi raunverulega því, að um ókomin ár getum við ekki breytt okkar landhelgi til frekari útfærslu frá því, sem nú er, vegna þess að það eru engar líkur til þess, að á næstunni eða næstu áratugum fáist samkomulag með þjóðunum í heiminum, sem verði fullnægjandi til þess, að dómarar þessa alþjóðadómstóls treystu sér til þess að löggilda víðáttumeiri landhelgi en t. d. 12 mílna landhelgi. Þegar Bretar samþ. því þetta ákvæði, vita þeir, hvað þeir eru að gera. Þeir vita, að þeir eru að loka okkur hér inni, þeir eru að girða fyrir það, að við getum stefnt til frekari útfærslu, og það er líka þetta, sem aðalmenn þeirra í þessu máli segja alveg opinskátt nú um þessar mundir.

Ég vil t. d. benda á það, að nú fyrir nokkrum dögum birti hið þekkta brezka fiskveiðitímarit, Fishing News, ummæli eftir varaforseta félags brezkra togaraeigenda einmitt um þetta atriði, og orðrétt stendur í blaðinu sem hér segir: „Sem svar við spurningum eftir fundinn sagði hr. Cobley, varaforseti félags brezkra togaraeigenda: Stjórn hennar hátignar hefur unnið gott verk með því að halda Íslandi innan 12 mílna markanna. Við óttuðumst einmitt, að þeir ætluðu sér að taka miklu meira.“ Þessi aðili, sem hefur einmitt verið í hópi þeirra, sem hafa sótt fastast að okkur Íslendingum varðandi það að koma brezka veiðiflotanum sem næst ströndum okkar, veit alveg, hvað er meginkjarni þessa samkomulags, sem hér er verið að gera. Hann telur, að það hafi verið vel unnið verk hjá brezku ríkisstjórninni að takast að ná því marki að halda Íslendingum innan 12 mílna markanna, vegna þess að þeir óttuðust það mest, að við ætluðum að taka meira.

Hér hefur líka nokkuð verið rætt um grunnlínur, og það eru býsna einkennilegar umr., sem hér hafa farið fram um þær. Allir hafa auðvitað veitt því athygli, að hæstv. ríkisstjórn lagði á það megináherzlu í málflutningi sínum fyrir þessu samkomulagi, að það, sem Íslendingar væru hér að vinna með samkomulaginu, væri það, að þeir ættu að fá á fjórum stöðum mjög þýðingarmikla útfærslu á grunnlínum. Við, sem erum andstæðir þessu samkomulagi, höfum aftur á það bent, að í gildi væru alþjóðalög og reglur varðandi grunnlínur, sem bæði Bretar og Íslendingar væru aðilar að, og við hefðum því ekki með sérsamkomulagi átt að þurfa að kaupa það neinu verði. Nú vil ég spyrja: Reynir hæstv. ríkisstjórn að neita því, að árið 1958, á fyrri Genfarráðstefnunni, hafi þjóðirnar komið sér saman um fastar reglur varðandi grunnlínur, sem bæði brezka ríkisstjórnin undirskrifaði og íslenzka ríkisstj. undirskrifaði? Nei, það hefur enginn maður hér í þessum umr. treyst sér til þess að neita því, að svona lægi málið fyrir. En fyrst við vorum orðnir ásáttir á Genfarráðstefnunni um reglur þær, sem skyldu gilda um drátt á grunnlínum, fyrst þær reglur lágu alveg mótaðar og fastar fyrir, um hvað þurfti þá að semja? Um hvað þurfti þá að semja? Í þeim efnum, eins og ég hef sagt hér áður, var hægt að skjóta máli til úrskurðar alþjóðadómstóls, því að þar hafði hann fyrirliggjandi föst lagaákvæði í mörgum greinum um það, hvernig með skyldi fara um drátt á grunnlínum. Það var hægt að fá úrskurð dómstólsins um þessi atriði. Íslendingar höfðu líka margsinnis haldið fram opinberlega, að þeir ættu rétt til þess samkvæmt alþjóðalögum að breyta þessum grunnlínum, og við höfum talið upp allmargar grunnlínubreytingar. En nú, þegar ríkisstj. Íslands gerir samkomulag við Breta í þessu máli, þá eru teknar út aðeins 4 af 11 grunnlínubreytingum, sem við Íslendingar höfum haldið fram að við ættum rétt á, þá eru teknar 4 af þeim, sem við áttum tvímælalausan rétt til samkvæmt samkomulagi, sem Bretar höfðu staðið að eins og við. Það voru teknar aðeins 4 af þessum 11 og sagt: Sjáið þið nú til, nú fáum við þessar 4 frá Bretum. — Getur það verið, að hæstv. ríkisstj. endist svona málflutningur lengi? Ég veit, að það eru eflaust til einhverjir í byrjun, sem líta á þau viðbótarsvæði, sem hér eiga að koma inn í okkar fiskveiðilögsögu, og þeir hugsa gott til þess. En þegar þeir aðilar fá að heyra það og vita, að við áttum óumdeilanlegan rétt til þess samkvæmt alþjóðasamþykkt, sem bæði við og Bretar höfðum staðið að, þá geta menn ekki metið þetta sem neinn gjaldeyri fyrir þær fórnir, sem við eigum að færa samkvæmt þessu samkomulagi.

En varðandi ákvæðin um alþjóðadómstólinn og þær skuldbindingar, sem Íslendingar eru að taka á sig í þeim efnum, er líka ekki ófróðlegt að virða það fyrir sér, hvernig þessari skuldbindingu er háttað í því samkomulagi, sem hér liggur fyrir. Jú, það er tekið fram í þessu samkomulagi, að íslenzka ríkisstjórnin skuli tilkynna þeirri brezku, ef fyrirhugað sé að færa út fiskveiðimörkin við Ísland. Þetta er auðvitað alveg einstakt fyrirbæri og óþekkt hjá öðrum. En mér dettur nú í hug að spyrja, m. a. vegna þess, að það hafa komið mjög háværar kröfur fram um það og nú endurteknar fyrir stuttu í sjálfu Bretlandi og einnig

Skotlandi, að þeir færðu út sína landhelgi við Skotland, eins og skozku fiskimennirnir hafa margsinnis krafizt á undanförnum árum, en nú kemur krafan upp aftur, — verða Bretar þá að spyrja okkur? Nei, það er ekkert ákvæði um það í þessum samningi. Við höfum engan málskotsrétt til alþjóðadómstólsins í sambandi við það, sem Bretar kunna að gera í þessum efnum, hvorki á einum né öðrum stað í heiminum. Og engin þjóð, sem við vitum um, er bundin sliku ákvæði sem þessu einhliða, að hún verði að tilkynna annarri tiltekinni þjóð um fyrirætlanir sínar í þessum efnum og lúta því ákvæði að verða að leggja mál sitt undir alþjóðadómstól, ef hinn aðilinn krefst þess. Hér er alveg greinilega um að ræða einhliða afsal á réttindum af okkar hálfu, en skuldbindingar frá Breta hálfu eru hér engar.

En auk þessa meginatriðis, sem er hættulegast af öllu í þessu samkomulagi, réttindaafsals varðandi möguleika á frekari útfærslu á íslenzku fiskveiðilandhelginni, eru svo auðvitað önnur ákvæði í þessu samkomulagi, sem eru stórhættuleg, og ekki er auðvelt að meta, hvað þau geta kostað okkur Íslendinga. Það er auðvitað enginn vafi á því, að það getur orðið okkur kostnaðarsamt, Íslendingum, að heimila Bretum og öðrum fiskveiðiþjóðum að veiða upp að 6 mílna mörkunum, þótt ekki væri nema um 3 ára tímabil. Allar blekkingaráðstafanir af hálfu hæstv. ríkisstj. breyta hér engu um, slíkar reikningskúnstir eins og þær, að þegar það liggur fyrir, að það svæði í kringum landið, sem á að hleypa Bretum á, jafngildir fullum 20% af allri fiskveiðilandhelgi okkar, þá taka menn upp á því að reikna þetta niður með hinum furðulegustu reikningskúnstum og koma niður í það, að þetta sé nú ekki mikið. Fyrst reikna menn það út og segja: Á þessu tiltekna svæði við landið mega þeir bara vera í tvo mánuði, á öðru svæði mega þeir bara vera í fjóra og svo sex, svo átta o. s. frv. — Og þegar menn eru búnir að hlutfalla þetta allt saman niður, þá segja þeir: Þetta jafngildir eiginlega ekki meira en því, að þeir fengju að veiða á 5000 km2 svæði stanzlaust í þrjú ár. — Hvað á nú svona útreikningur að þýða? Þó að Bretar eða hvaða fiskveiðiþjóð sem er fengi hér ótakmarkaða heimild til þess að veiða upp að 6 mílunum, alveg ótakmarkaða heimild, þá mundi hún auðvitað aldrei veiða látlaust alla mánuði ársins á sömu fiskimiðunum. Aðili, sem væri alveg óbundinn, mundi auðvitað hreyfa sig til, eftir því sem fiskurinn veiðist á hinum ýmsu slóðum við landið. Sá aðili, sem fær því leyfi til þess að veiða á hverjum stað við landið á þeim tíma, sem þar veiðist bezt, hefur fengið allar sínar óskir uppfylltar í þessum efnum, og það þarf ekkert að reikna þetta með einhverjum dagsláttuútreikningi, eins og hér er gert.

Því hefur ekki verið hnekkt hér í þessum umr., að heimild Breta til þess að veiða upp að 6 mílum er í öllum aðalatriðum miðuð við það, að þeir fái að veiða alls staðar þar við landið, sem þeim væri hagstæðast á hverjum tíma. Það er auðvitað enginn vafi á því, að ýmsir þm. í liði ríkisstj. sjá þetta og vita, og þeir kvíða fyrir því að þurfa að taka á sig afleiðingarnar af því, sem hér er verið að gera. Það er engin tilviljun, að einmitt um það leyti sem ríkisstj. var að taka ákvörðunina um það, að hún ætlaði að hleypa erlendum fiskiflota inn í okkar fiskveiðilandhelgi, að hún ætlaði að hleypa brezka flotanum hér upp að 6 mílum, þá kom fiskimálastjóri, Sjálfstæðisflokksmaðurinn Davíð Ólafsson, með alla rófuna af sjávarútvegsþingmönnum Sjálfstfl. hér á Alþ., þá lagði hann fram till. um það, að við skyldum athuga að senda íslenzka fiskiskipaflotann, sem væri yfir 150 tonn að stærð, til fiskveiða við Afríku. Hann vissi, að hér mundi þrengjast um. Þessir aðilar vissu, að hér voru menn að tefla út í alger vandræði, og þá hvarflaði að þeim að finna einhvers staðar pláss fyrir íslenzk fiskiskip, og þá flytja menn till. hér á Alþ. um það að senda jafnvel 150 tonna báta til veiða suður við Afríkustrendur, á sama tíma sem auðvitað átti að senda brezka flotann, þúsund tonna skip þeirra, hér upp að 6 mílum. Og nú síðustu dagana, um sama leyti og var verið að kasta fram þessari till. um að hleypa Bretunum inn í landhelgina, flytur einn af sjávarútvegsþingmönnum Sjálfstfl. till. um það, að gerðar verði nú sérstakar ráðstafanir til þess að friða grunnmiðin hér við landið, friða uppeldisstöðvarnar á okkar fiskimiðum. Það fer ekki illa á því að flytja till. um þetta, á sama tíma sem menn er að gera hér till. um það að hleypa mörg hundruð erlendum veiðiskipum upp á smábátamiðin allt í kringum landið á þeim tímum, sem bátarnir stunda mest veiðar. Það fer ekki illa á því að flytja slíka till. á sama tíma.

Mér sýnist, að það, sem liggi fyrir í þessu máli, sé þetta: Hér er ætlað að gera samkomulag við Breta, sem tvímælalaust felur í sér afsal frá okkar hálfu á okkar einhliða rétti til stækkunar á fiskveiðilandhelginni. Um þetta geta varla verið deilur. Í öðru lagi felur þetta samkomulag það í sér, að ef einhver erlend þjóð, eins og t. d. Bretar, eða aðrar þjóðir, sem geta orðið aðilar að þessu samkomulagi, krefst þess, að ágreiningur, sem upp ris um útfærslu okkar fiskveiðilandhelgi, sé borinn undir úrskurð alþjóðadómstóls, þá eigum við Íslendingar einir allra að vera bundnir af því ákvæði. Aðrar þjóðir eru það ekki. Engin þjóð hefur viljað samþ. þetta ákvæði allt fram til þessa fyrir sig. Þá liggur það einnig fyrir, að samkvæmt þessu samkomulagi eigum við, eftir því sem hér hefur verið upplýst af hæstv. ríkisstj., að vera bundnir af þessum ákvæðum um það, að við afsölum okkur einhliða rétti til útfærslu án málskots til alþjóðadómstólsins, — við eigum að vera bundnir af þeim um aldur og ævi. Þessi ákvæði eiga að vera óuppsegjanleg með öllu.

Í þessu samkomulagi felst einnig það, að Bretar og aðrar fiskveiðiþjóðir, sem veiðar stunda hér í Norður-Atlantshafi, eiga að fá heimild til þess að veiða upp að 6 mílna mörkunum í næstu 3 ár, svo að segja í kringum allt landið.

Þá sýnist mér, að það geti ekki leikið vafi á því, að hægt sé að fullyrða, að þessi samningur sé vægast sagt ótryggilega orðaður fyrir okkur Íslendinga. Í þessum umr. er búið að benda á það, að mörg ákvæði samkomulagsins eru svo vafasöm að orðalagi, að mikill vafi getur leikið á því,

hvernig framkvæmdin verður, hvernig skilningur þeirra verður, sem að þessu samkomulagi standa. Það er t. d. í samkomulaginu engin bein viðurkenning á okkar 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Þar er um að ræða orðalag, sem allir vita að samkvæmt íslenzkri málvenju er ekki hið sama og að viðurkenna. Og við höfum það líka fyrir okkur, að Bretar hafa sjálfir litið öðruvísi á þetta orðalag en orðalagið að viðurkenna. Þannig hafa þeir komið fram við okkur í landhelgisdeilunni hér áður. Því verður ekki heldur neitað, að í samkomulaginu er ekki eitt einasta orð, sem á ótvíræðan hátt skuldbindur Breta til þess að fara út úr okkar fiskveiðilandhelgi að þriggja ára tímabilinu liðnu, — ekki eitt einasta orð, sem skuldbindur þá tvímælalaust. Þvert á móti er orðalag samningsins þannig, að það er eins og það sé sniðið með tilliti til þess, að Bretar geti sagt á eftir, að þeir hafi aldrei með þessu samkomulagi tekið á sig skuldbindingar, sem stæðu nema í þrjú ár.

Þetta er meginniðurstaðan. Og það, sem vinnst í þessum efnum, er það, að Bretar hætta þessum fiflaskap, sem ég hef hér orðað, að þeir hafa leikið hér innan okkar landhelgi nú um 2½ árs skeið, þeim fiflaskap, sem aldrei gat borið nafnið fiskveiðar og var alveg vitað mál að hvorki brezkir sjómenn, brezkir útgerðarmenn né brezk stjórnarvöld vildu standa að lengur. Það hafði verið reiknað út af íslenzku landhelgisgæzlunni á sínum tíma og gefið opinberlega út, að básarnir, sem Bretar höfðu tekið sér úr okkar fiskveiðilandhelgi, þar sem þeir voru að leika þennan fiflaskap sinn, jafngiltu í kringum 3½% af okkar fiskveiðilandhelgi allri, og þessi litlu svæði voru þess eðlis, að það var útilokað að fiska þar. En þau urðu til þess að geyma þar brezku skipin og halda þeim frá því að veiða annars staðar á Íslandsmiðum á sama tíma. Í staðinn fyrir þessi 3½% af fiskveiðilandhelginni, sem Bretar gátu leikið þennan sinn leik á, á nú að afhenda þeim rösklega 20% af allri fiskveiðilandhelginni í 3 ár að minnsta kosti. Telja einhverjir, að þetta sé vinningur fyrir fiskveiðimálefni Íslands og fiskfriðunarmál hér á Íslandsmiðum? Eru þeir menn einhverjir til, sem raunverulega halda því fram, að það muni vera betra fyrir fiskveiðar Íslendinga og fiskfriðunarmálin hér við Ísland að hleypa brezka veiðiflotanum og veiðiflota annarra landa inn á 20% af allri okkar fiskveiðilandhelgi eða upp að 6 mílum um þriggja ára skeið, heldur en þó að við þyrftum að horfa upp á Breta leika þennan fiflaskap sinn í básunum, sem þeir hafa gert nú 2½ ár? Nei, frá fiskveiðisjónarmiði sjá allir, að hér er um gífurlegt tjón að ræða fyrir okkur Íslendinga, en ekki öfugt, eins og látið hefur verið í skína.

Við höfum hér, þeir sem hafa talað á móti þessari þáltill. ríkisstj., lagt á það mikla áherzlu hér í þessum umr., að hæstv. ríkisstj. vildi fallast á það sem lágmarkskröfu okkar að láta þetta samkomulag við Breta ekki öðlast fullnaðargildi, fyrr en meiri hl. þjóðarinnar hefði þá staðfest það í þjóðaratkvgr. Er nú til mikils mælzt að fara fram á það við ríkisstj.. sem aðeins styðst við knappan meiri hl. á Alþingi, að hún skuldbindi þjóðina ekki um alla framtíð til þess að afsala sér jafnmikilvægum réttindum, sem hún hefur haft og stuðzt við fram til þessa í sinni landhelgismálabaráttu? Er til mikils mælzt að fara fram á það við ríkisstj., sem stendur jafnknappt og sú stjórn, sem nú situr á Íslandi, að hún bindi þjóðina ekki um alla framtíð á þennan hátt? Það getur engum manni dulizt, að neiti ríkisstj. að bera þetta mál undir þjóðaratkvæði, þá er það vegna þess, að hún veit, að meiri hl. þjóðarinnar er á móti þessu samkomulagi. En hvað er þá hæstv. ríkisstj. að gera, ef hún ætlar að gera þennan samning við Bretann gegn vilja meiri hl. þjóðarinnar? Slíkt er ofbeldisaðgerð og ekkert annað, og við slíkt verður vitanlega ekki unað.

Ég vil svo að lokum vekja enn athygli á því, að báðir andstöðuflokkar hæstv. ríkisstj. hér á Alþingi hafa gefið út yfirlýsingar um það, að þeir telji þjóðina ekki skuldbundna af þessum samningi, þó að hann verði samþ. hér á Alþingi og af hæstv. ríkisstj., og að þeir muni báðir beita sér fyrir því að losa þjóðina undan oki þessa samkomulags, svo fljótt sem tök eru á. Ég hef sagt það hér áður í þessum umr. og endurtek það hér enn: Þessi svikasamningur, sem hér er ráðgert að gera, getur aldrei verið í gildi lengur en sú ríkisstj., sem nú situr við völd, situr þar. Um leið og hún fer frá völdum, fellur þessi samningur líka úr gildi. Það verður reynt að sjá til þess af þjóðinni, að nýr meiri hl., sem skapast á Alþingi, uni ekki við þennan samning. Og við skulum vona, að það verði ekki langt eftir því að bíða, að þær kosningar komi í þessu landi, að sá dómur verði kveðinn upp yfir þessari ríkisstj. og þessum samningi, sem með þarf.

ATKVGR.

Brtt. 450,1 felld með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, DÁ, HB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, PM, FRV, IG, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ.

nei: JKs, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, FS.

Brtt. 450,2.a felld með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, DÁ, HB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, PM, FRV, IG, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ.

nei: SÓÓ, JKs, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, FS.

Brtt. 456 felld með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, DÁ, HB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, PM, FRV, IG, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ.

nei: JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, JKs, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, FS.

Brtt. 461 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 450,2.b felld með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, DÁ, HB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, PM, FRV, IG, GeirG, GíslG, GJón, HÁ, HS, HV, HermJ, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ.

nei: SÓÓ, JKs, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, FS.

Brtt. 450,2.c felld með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, FRV, IG, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, DÁ, HB, BjörnJ, BP, EðS, EOl.

nei: EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, JKs, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, FS.

Brtt. 450,2.d felld með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, DÁ, HB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, PM, FRV, IG, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, JSk, KGuðj, KK, LJós.

nei: ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, JKs, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, FS.

Brtt. 459 felld með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, PM, FRV, IG, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, DÁ.

nei: BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, JKs, AuA, BGr, BF, FS.

Tillgr. samþ. með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, JKs, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, FS.

nei: PM, FRV, IG, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, DÁ, HB, BjörnJ, BP, EðS, EOl.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, JKs, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, FS.

nei: GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, DÁ, HB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, PM, FRV, IG, GeirG.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 462).

8. Raforkumál á Snæfellsnesi.

Á deildafundum 21. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um að hraða framkvæmdum í raforkumálum á Snæfellsnesi [63. mál] (A. 69).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Till. þessi er þess efnis, að skorað verði á ríkisstj. að láta fram fara rækilega athugun á því, á hvern hátt hægt er að hraða framkvæmdum í rafmagnsmálum á Snæfellsnesi, annaðhvort með virkjun eða með því að tengja þann landshluta við aðalorkukerfi landsins. Hér er aðallega átt við norðanvert *Snæfellsnes*, en þar eru allmörg kauptún, sem hafa undanfarin ár verið í mjög örum vexti. Atvinnulíf er þar blómlegt og vaxandi. Á þessu svæði eru nú tíu fiskverkunarstöðvar starfandi, svo að dæmi sé nefnt. Þarna var fyrir allmörgum árum reist raforkuver, Fossárvirkjun, skammt frá Ólafsvík, og mun þá hafa verið gert ráð fyrir, að það mundi duga fyrir þessi kauptún um *nokkra* framtíð. Nú hefur farið svo hér eins og víðar, að þróun og vöxtur kauptúnanna hefur verið örari en menn óraði fyrir, og ber þegar á því, að rafmagnsleysi hafi truflandi áhrif á framleiðsluna. Hér er því mikið í húfi, ekki aðeins varðandi þægindi heimila, heldur einnig um mjög mikilvæga útflutningsframleiðslu, þar sem fiskmagn, sem lagt er á land á þessum stöðum, hefur vaxið gífurlega. Bátaflotinn hefur vaxið mjög mikið nú á allra síðustu árum. Ég vil því vænta þess, að Alþ. sjái sér fært að mæla með því með samþykkt till., að látin verði fara fram athugun á því, hvernig þetta vandamál verði leyst. Lengra nær till. ekki, og verður að gera ráð fyrir því, að þegar svar hefur fengizt við þeim spurningum, þá sé að athuga, hvernig lausnir á málinu geta fallið inn í áframhaldandi rafvæðingu landsins.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað um þessa till. og henni vísað til hv. fjvn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala hér langt mál, en aðeins lýsa ánægju minni yfir því, að þessi till. skuli vera fram komin, og sérstaklega því, að hún skuli vera flutt

af Alþfl.-manni, því að meðan Alþfl.-stjórnin sat að völdum árið 1959, tók hún sig til og gerbreytti ýmsu í framkvæmdaáætlun í raforkumálum, sem m. a. gerði það að verkum, að það truflaði þá áætlun, sem gerð hafði verið um framkvæmdir í raforkumálum á Snæfellsnesi. Það fer því vel á því, að þeir sjái sig nú um hönd og ætli að bæta eitthvað um það, sem vangert hefur verið af þeirra hendi. Og vonandi reynist það betur, ef eitthvað verður að gert, heldur en það, sem áður hefur verið gert af hálfu Alþfl. í raforkumálum Snæfellinga.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vænti þess, að ein af þeim venjulegu kveðjum frá framsóknarmönnum til Alþfl., sem heyrast nú hér nálega á hverjum degi í þinginu, muni ekki skaða þetta mál, enda var víst ekki tilgangurinn sá.

Ég vil aðeins segja það, að eins og ráðherrar Alþfl. í bráðabirgðastjórninni 1959 útskýrðu hér, voru þær breytingar, sem þar voru gerðar, samkv. meðmælum færustu sérfræðinga þjóðarinnar og byggðust á því, að rafvæðingin ætti ekki að tefjast, heldur gerast á nokkuð annan hátt en upphaflega hafði verið áætlað, og átti að verða til þess, að hægt væri að koma fjármálum, sem voru orðin nokkuð þung í vöfum, lánsútvegun og öðru slíku, haganlega fyrir. Ég vísa því algerlega á bug, að Alþfl. sé nú, fyrir utan það að þjást af hatri til landbúnaðarins, farinn að hatast við rafvæðingu landsins, eins og skilja mátti á þessum hv. þingmanni.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að karpa neitt við hv. 5. þm. Vesturl. út af þessu máli eða fara að ræða afstöðu þeirra Alþfl.-manna til landbúnaðarins. Það hafa þeir sjálfir skýrt svo greinilega síðustu dagana, að ég hef þar engu við að bæta. Hitt vil ég benda á, að með þessari tillögu hafa þeir sjálfir sannað það, að till. sérfræðinganna og þeirra eigin tillögur hafa verið gerðar með þeim hætti, að þeir þurfa að tveimur árum liðnum að fara að betrumbæta það, og þess vegna er þessi till. flutt.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 69, n. 503).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar till. til þál. á þskj. 69 um að hraða framkvæmdum í rafmagnsmálum á Snæfellsnesi.

Það líður nú senn að því, að tímabili hinnar svokölluðu tíu ára áætlunar í rafvæðingarmálum landsins ljúki. Það er því tími til þess kominn að gera sér grein fyrir því, sem þá tekur við, og að gaumgæfilega sé athugað, á hvern hátt það muni vera heppilegast og framkvæmanlegast að leysa þessi mikilvægu framfaramál þjóðarinnar í næstu framtíð. Á undanförnum árum hefur þróunin í notkun rafmagnsins á þeim stöðum, þar sem orkuveitur hafa verið byggðar, verið svo ör, að hver aukning, sem átt hefur sér stað, hefur svo til jafnóðum verið fullnýtt. Sérstaklega hefur þetta átt sér stað í hinum ýmsu kaupstöðum og kauptúnum víðs vegar um landið, þar sem hvers konar stóriðnaður í sambandi við sjávarútvegsframleiðsluna hefur stóraukizt, og hefur á þeim stöðum oft komið til þess, að um verulega vöntun á rafmagni hefur verið að ræða.

Í verstöðvunum á Snæfellsnesi, sem tillaga þessi m. a. fjallar um, er ákveðið að auka raforkuna verulega á yfirstandandi ári. Verður það gert með því að bæta tæplega 300 kw. rafstöð við í Stykkishólmi og um 930 kw. stöð til viðbótar í Ólafsvík. Er þá gert ráð fyrir, að þessar aflaukningar nægi til þess að mæta og sjá fyrir neyzluþörfinni á norðanverðu Snæfellsnesi til ársins 1965.

Fjvn. leitaði umsagnar raforkumálastjóra um málið og fékk þar staðfestar þessar upplýsingar, en í niðurlagi bréfs raforkumálastjóra segir svo til viðbótar, með leyfi hæstv. forseta:

„Að þeim tíma liðnum verður annaðhvort aukið dísilafl, vatnsvirkjun eða lína frá heildarkerfi Suðvesturlandsins að vera komin til viðbótar. Þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um virkjun og línu, eru nú orðnar nokkurra ára gamlar og voru þá lauslegar, svo að ekki er hægt að byggja á þeim nú. Ég er því fim. þáltill. sammála um, að tími sé kominn til þess að taka rafmagnsmál Snæfellsness til nýrrar athugunar.

Hvað viðvíkur sveitunum sunnan fjallgarðsins," segir raforkumálastjóri, „skal á það minnt, að í núverandi tíu ára áætlun er ekki gert ráð fyrir línulögnum um þær. Á mælikvarða rafvæðingarinnar geta þær sveitir því miður ekki talizt þéttbýlar."

Þegar raforkumálastjóri talar hér um, að miðað við mælikvarða rafvæðingarinnar, á hann að sjálfsögðu við þann ramma, sem settur var í sambandi við tíu ára áætlunina. Að henni lokinni má fullvíst telja, að hinum blómlegu byggðum í sveitum á sunnanverðu Snæfellsnesi verði skipað framarlega í þeirri framkvæmdaáætlun, sem þá tekur við og ríkisstj. hefur nú með höndum að láta undirbúa og gera tillögur um.

Fjvn. er í aðalatriðum sammála tillögumanni um nauðsyn þessa máls og leggur til, að till. verði afgreidd með nokkurri orðalagsbreytingu, sem n. hefur leyft sér að flytja á þskj. 503. Er þar sérstaklega lögð áherzla á þá hlið málsins, sem veit að því, að ríkisstj. láti hið allra fyrsta fara fram rækilega athugun á því, hvernig auðið sé að leysa á viðunandi hátt raforkumál Snæfellinga.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ekki ætla ég að mæla gegn því, að skorað verði á ríkisstj. að láta sem fyrst fara fram rækilega athugun á raforkumálum Snæfellinga. En hitt vildi ég segja, að ég hefði talið það á ýmsan hátt eðlilegra, að þessi till. hefði verið viðtækari en hún er. Það er vitanlega þörf að athuga víðar en á Snæfellsnesi, hvernig auðið sé að leysa raforkumál byggðanna á viðunandi hátt.

Nú er verið að vinna að — og hefur verið um

allmörg ár — framkvæmd svonefndrar 10 ára áætlunar um dreifingu raforkunnar. Það mun mega gera ráð fyrir, að framkvæmdum samkv. þeirri áætlun verði lokið eftir 2—3 ár. Það mun vera nú í athugun hjá raforkumálastjórninni undirbúningur að nýrri áætlun um framkvæmdir á vegum héraðsrafmagnsveitna ríkisins, eftir að lokið er þeim verkum, sem 10 ára áætlunin gerir ráð fyrir. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, mun enn vera óunnið þar allmikið undirbúningsstarf, til þess að hægt sé að gera framhaldsáætlun.

Það var nokkuð rætt um þetta á síðasta þingi, m. a. borin fram till. þá um að fela ríkisstj. að láta vinna að slíkum undirbúningi, og mun ríkisstj. í fyrravetur, eftir því sem mér er bezt kunnugt, hafa lagt fyrir raforkumálaskrifstofuna að hefja þennan undirbúning. En eins og ég sagði, mun þar allmiklu rannsóknarstarfi ólokið og undirbúningsvinnu, til þess að hægt sé að ganga frá framhaldsáætlun um raforkuframkvæmdir í héruðunum. Og ég kvaddi mér einkum hljóðs til þess að beina þeirri áskorun til hæstv. ráðherra, sem fer með þessi mál, að hann hlutist til um það, að þessari undirbúningsvinnu á raforkumálaskrifstofunni verði hraðað svo sem föng eru á. Ég tel, að því starfi þyrfti að vera lokið á næsta hausti, þegar næsta þing væntanlega kemur saman.

Það er ákaflega þýðingarmikið fyrir menn, ekki eingöngu á Snæfellsnesi, heldur um land allt, að vita, áður en langt líður, hvers má vænta um áframhaldandi framkvæmdir í rafmagnsmálunum. Það verður sem fyrst að taka ákvörðun um það, að hve miklu leyti raforkuþörf sveitanna verður fullnægt með dreifilínum frá aðalorkuveitukerfinu og hvaða landshlutar þurfa að leysa sín raforkumál með öðrum hætti. Þó að enn sé nokkuð eftir að vinna við 10 ára áætlunina, þá líður nú senn að því, að því verði lokið, ef lagt verður fram svipað fjármagn til framkvæmdanna og verið hefur undanfarin ár. Og það er, eins og ég hef bent á, ákaflega þýðingarmikið fyrir menn að vita, hvað þá tekur við.

Ég vildi því beina því til ríkisstj., að hún láti hraða þessum undirbúningsrannsóknum, svo sem auðið er, svo að niðurstöðurnar geti legið fyrir nú síðar á þessu ári, um það leyti sem næsta þing kemur saman.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú óþarfi í sjálfu sér að svara nokkru í tilefni af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan, vegna þess að eins og fram kom í ræðu hans, þá er honum kunnugt um það, að þessi athugun, sem hér um ræðir, er í fullum gangi hjá raforkumálaskrifstofunni og að henni verður hraðað eins og unnt er. Þetta kom fram í umr. á síðasta þingi, að raforkumálastjóra hefur verið falið að gera nýja áætlun um, hvernig hægt verði að leysa rafmagnsmál þeirra byggðarlaga, sem ekki falla undir 10 ára áætlunina, og þá vitanlega um leið, að gerð sé grein fyrir því, hvaða bæir það eru, sem geta fengið rafmagn frá samveitum, og hvaða bæir það eru og hversu margir, sem þurfa að leysa þessi mál með öðrum hætti, með dísilvélum. Að þessu er unnið með þeim hraða, sem unnt er. Hvort þeirri athugun verður lokið á næsta hausti, það get ég ekkert fullyrt um. En mér er kunnugt um, að raforkumálastjóri hefur hug á því að ljúka þessu sem fyrst, enda hefur verið áherzla á það lögð frá hendi ríkisstj.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, að till. líkt og sú, sem hér er á ferðinni, verði samþykkt. En það eru fleiri en þessi till., sem hér er til umr., sem liggja fyrir. Það er hér önnur í sambandi við rannsókn og virkjun Fjarðarár, og hefur einnig komið álit frá hv. fjvn. um till., að hún verði samþykkt. Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga, að slíkar till. séu samþykktar. En í sambandi við þetta vildi ég mega gera eina fsp. til hæstv. ráðherra, sem fer með þessi mál. Mundi samþykkt þessara till. hafa nokkur áhrif á framkvæmdir fyrir þau önnur héruð landsins, sem hafa ekki fengið slíkar till. samþykktar hér á Alþingi? Þetta er mikilsvert fyrir okkur að vita. Ef þessar tillögur hafa ekki nein áhrif á áætlunina fyrir þá staði, sem hafa ekki fengið slík meðmæli frá fjvn., þá gerir það hvorki til né frá, að till. séu samþykktar. Sé það hins vegar skoðað svo, að meðmæli fjvn. með framkvæmdum á þessum stöðum eigi að ganga fyrir öðrum stöðum, sem hafa ekki fengið slík meðmæli, þá vildum við að sjálfsögðu gjarnan heyra um það frá hæstv. ráðherra. Og að sjálfsögðu verða þeir menn, sem ekki hafa borið fram þáltill. til þingsins og fengið meðmæli hv. fjvn. um sams konar aðstoð, að gera það nú áður en þingi er lokið. Ég veit eftir samtölum bæði við raforkuráð og hæstv. ráðherra, að það eru gerðar ákveðnar áætlanir um þessi mál og að slíkar till. eins og hér eru á ferðinni munu hvorki ráða þar meira né minna um. Um það vildi ég gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra, hvort það sé hugsað, að þessar till. gætu ýtt meira undir framkvæmdir, sem hér um ræðir, fram yfir aðra landshluta.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni þessarar fsp.

Eins og fram hefur komið bæði hér áðan og eins á síðasta þingi, hefur raforkumálastjóra verið falið að gera heildaráætlun yfir allt landið um framkvæmd á raforkumálum í þeim héruðum, sem ná ekki til 10 ára áætlunarinnar. Og þó að þessar till. verði samþykktar, sem hér um ræðir, þá geta þær ekki haft þau áhrif, að þeirri heildaráætlun verði ekki haldið áfram, eins og fyrir hefur verið lagt. Ég sé því ekki, að þótt till. eins og þessi, sem nú er verið að ræða um, verði samþykkt, að þá spilli hún neitt fyrir því, að heildaráætlun verði gerð, — alls ekki. Það hefur, eins og áður er sagt, verið lagt fyrir raforkumálastjóra að gera heildaráætlun, hraða því, eins og mögulegt er, og till. sem þessi, þótt hún verði samþykkt, hefur engin áhrif á það, að það verði gert.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir nál. hennar á þskj. 503 og vil lýsa

því yfir, að ég vona, að það hafi einhvern árangur í för með sér.

Snæfellingar hafa verið að mörgu leyti mjög óánægðir með afgreiðslu á rafmagnsmálum héraðsins — og þá sérstaklega eftir að bæði raforkuráð og raforkumálaráðherra, með meðmælum frá raforkumálastjóra, höfðu samþykkt að leggja háspennulínu frá Ólafsvík til Stykkishólms árið 1956, en ekkert varð úr þeirri framkvæmd. Það er ekki nema eðlilegt, að þetta aðgerðaleysi hafi vakið sár vonbrigði heima í héraðinu, sérstaklega þegar það er haft í huga, að þeir aðilar allir, sem þessi mál heyra undir, voru sammála um, að þessi framkvæmd skyldi gerð. Það mun hafa verið raforkumálastjóri, sem lagði til, að ekki yrði úr þessari framkvæmd í bili, þar sem orkuverið við Fossá gefur litla orku eða ca. 900 kw. Það hefur því verið hallazt að því ráði að reisa dísilstöðvar í kauptúnunum á norðanverðu Snæfellsnesi, sem reknar eru í sambandi við Fossárvirkjunina, til að fullnægja rafmagnsþörfinni.

Það hafa verið framkvæmdar töluverðar rannsóknir á vegum raforkumálaskrifstofunnar á virkjunarmöguleikum á norðanverðu Snæfellsnesi og vatnsmælingar farið fram í því sambandi. Hafa þær leitt í ljós, að t. d. við Hraunsfjarðarvatn eru mikil og góð skilyrði til virkjunar, og eru taldir möguleikar fyrir því, að þar mætti reisa allt að 5 þús. kw. stöð. En eins og kom fram í framsöguræðu hv. 4. þm. Vesturl. hér áðan, er 10 ára áætlun um rafmagnsframkvæmdir senn lokið. Áttunda ár áætlunarinnar stendur nú yfir, og á næsta ári er gert ráð fyrir samkv. áætluninni, að lögð verði háspennulína frá virkjuninni í Ólafsvík eða við Fossá til Breiðuvíkur. Ég hef á undanförnum árum lagt mikla áherzlu á það, að þessi háspennulína yrði lögð, en ekki fengið því framgengt, þar sem forustumenn þessara rafmagnsmála hafa talið sig verða að fylgja 10 ára áætluninni.

Ég vil nota tækifærið til að ítreka margendurteknar óskir mínar um það, að hæstv. ríkisstjórn eða þeir aðilar aðrir, sem þessi mál heyra undir, láti það ekki bregðast, að háspennulína þessi verði lögð á næsta ári. Það skal viðurkennt, að í 10 ára áætluninni var ekki gert ráð fyrir, að nefnd háspennulína yrði lögð fyrr en á 9. ári áætlunarinnar eða á árinu 1962. Það má heldur engan veginn bregðast, enda mundi frekari dráttur á framkvæmdum valda íbúum Breiðuvíkur miklum og sárum vonbrigðum.

Skúli Guðmundsson: Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh. áðan, að hann vildi láta hraða undirbúningi á raforkumálaskrifstofunni að gerð nýrrar áætlunar, sem tæki við af tíu ára áætluninni. En ég vildi þó beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh., að hann hlutaðist til um, að meiri vinna verði lögð í það undirbúningsstarf nú í vor og í sumar en gert hefur verið að undanförnu. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, er það aðeins einn maður af starfsmönnum raforkumálaskrifstofunnar, sem hefur unnið að athugunum á þessu máli, þó að aukastarfi að mestu, því að hann hefur mörgu öðru að sinna á raforkumálaskrifstofunni. Ég held því, að það þurfi að leggja í þetta meiri vinnu en gert hefur verið, ef það á að verða mögulegt að ljúka þessum undirbúningsathugunum nú í vor og sumar, en það vil ég leggja áherzlu á að verði gert.

Út af till., sem fyrir liggur, og þeim umr., sem um hana hafa orðið, vil ég segja það, að mér sýnist till. í raun og veru óþörf. En þó gerir að sjálfsögðu ekki til, þó að hún sé samþykkt. Till. er um það að skora á ríkisstj. að láta sem allra fyrst fara fram rækilega athugun á því, hvernig auðið sé að leysa raforkumál þess landshluta, sem þar er nefndur, og samkvæmt því, sem kunnugt er, þá er þessi athugun nú hafin, að því er snertir allar byggðir landsins, og þar með mundi vitanlega verða athugað um rafmagnsframkvæmdir á Snæfellsnesi eins og í öllum öðrum héruðum. Það er vitanlega ekkert um það í till., að rafmagnsmál þess byggðarlags eigi að leysa sérstaklega á undan málum annarra landshluta. Það er ekkert um það og því ekki meiningin með till. að ákveða neitt um það, að einn landshluti hafi þar forgangsrétt öðrum fremur, enda teldi ég slíkt ekki eðlilegt, heldur verði að vinna að þessu sem jafnast um allt landið, eftir því sem kostur er á, eins og reynt hefur verið að gera, og væntanlega verður þannig að málunum unnið framvegis einnig, þegar við tekur ný áætlun um framkvæmdir að loknum verkum samkvæmt tíu ára áætluninni.

ATKVGR.

Brtt. 503,1 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

— 503,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 607), með fyrirsögninni:

Þál. um raforkumál á Snæfellsnesi.

9. Virkjun Jökulsár á Fjöllum.

Á deildafundum 11. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju [98. mál] (A. 109).

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18., 20. og 30. fundi í Sþ., 23. og 30. nóv., 16. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Við höfum, þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra og hv. 10. landsk. þm., leyft okkur að flytja á þskj. 109 till. til þál. um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju. Ég tel mig geta lýst yfir, að hv. 5. landsk. standi einnig að þessu máli.

Hann sat ekki á þingi, þegar till. var flutt, en við höfum síðan rætzt við um þetta mál. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvörum og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi."

Till. sama efnis var flutt á síðasta Alþ., en varð þá ekki útrædd. Í framsöguræðu, sem ég flutti um þá till., gerði ég grein fyrir þessu máli, eftir því sem ég taldi þá ástæðu til og á mínu færi vera, og þar sem nú sitja yfirleitt á Alþingi sömu menn, tel ég ekki rétt að endurtaka nema að litlu leyti það, sem ég sagði þá.

Ég lýsti þá nokkuð hinu mikla fallvatni, sem hér er um að ræða, Jökulsá á Fjöllum, öðru nafni Jökulsá í Öxarfirði, vatnasvæði hennar, mælingum, sem gerðar hafa verið á vatnsmagni árinnar, en þær hófust fyrir meira en 50 árum, fallhæð hennar á fyrirhuguðu virkjunarsvæði, hinum sérstöku athugunum og rannsóknum á Jökulsá og umhverfi hennar, sem fram hafa farið í seinni tíð. Einnig sagði ég þá frá virkjunaráætlunum þeim, sem gerðar hafa verið nú nýlega, og aðalniðurstöðum þeirra áætlana, að því leyti sem okkur fím. voru þær niðurstöður kunnar, svo og hugmyndum verkfræðinga um að auka mjög virkjunarmöguleika með uppistöðu fyrir ofan fossa í Jökulsá.

Jökulsá er, eins og kunnugt er, önnur lengsta á landsins, 206 km. Vatnasvæði hennar er 7800 km2, þar af 1700 km2 undir jökli, og hefur ekkert annað íslenzkt fljót svo stórt vatnasvæði. Minnsta rennsli árinnar er nálægt 100 m3 á sek. og allt upp í 1500—1600 m3, þegar það er mest. Meðalrennsli mun vera um 200 m3 á sek. Samanlögð fallhæð á fyrirhuguðu virkjunarsvæði mun vera um 300 m.

Á síðasta þingi var í framsöguræðu einnig nokkuð rætt um hugsanlega nýtingu orkunnar og hvað helzt hefði verið um talað, að til greina kæmi í því sambandi.

Ég minnti þá líka á hugsjónir þjóðskáldsins Einars Benediktssonar og annarra aldamótamanna í sambandi við virkjun Dettifoss og varpaði fram þeirri spurningu, hvort Alþingi þætti ekki hæfa að taka til athugunar, hvort tími væri til þess kominn að láta draum skáldsins í þessu efni rætast.

En við það, sem þá var sagt, þ. e. a. s. á síðasta Alþingi, má nú bæta því, að þetta mál hefur verið allmikið rætt fyrir norðan á s. l. ári. Borizt hafa ályktanir um það til Alþingis, sem liggja frammi hér í lestrarsal, m. a. frá sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu og fjórðungsþingi Norðlendinga, og hafa raunar fleiri slíkar ályktanir verið gerðar. Í þessum erindum til Alþingis kemur það fram, sem kunnugt er, að á Norðurlandi er nú mikill og vaxandi áhugi fyrir því, að virkjun Jökulsár verði næsta stórvirkjun, sem ráðizt verður í hér á landi, enda mun það nú liggja nokkuð í augum uppi, að ekki sé völ á annarri virkjun hagkvæmari. Í því sambandi leyfi ég mér að vitna til bréfs raforkumálastjóra til fjvn. Alþingis, sem dags. er 6. maí s. l., en þar segir raforkumálastjóri, að rannsókn hafi leitt í ljós, að úr Jökulsá megi vinna raforku á svipuðu kostnaðarverði og stóriðjuver, svo sem alúmíniumverksmiðjur, greiða fyrir orkuna víða erlendis. Að þessu athuguðu og ýmsu öðru teljum við fím. þessarar till., eins og segir í grg. till., rétt, að Alþ. lýsi yfir þeim vilja sínum, að ríkisstj. leggi allt kapp á að hraða sem mest fullnaðarathugun málsins, þannig að fullnaðaráætlun geti legið fyrir, og að jafnframt fari fram þær athuganir aðrar, sem tillagan fjallar um.

Hér á landi eru, sem kunnugt er, nokkur stór, virkjanleg fallvötn. Sum þeirra er hægt að virkja á mörgum stöðum, að því er virðist. Raforkumálastjóri skýrir svo frá í fyrrnefndu bréfi sínu s. l. vor til fjvn., að í þrem af þessum fallvötnum megi, eins og hann kemst að orði, jafnan vinna orku, sem nemur 13500 millj. kwst. á ári, eða sem svarar rúmlega, að mér skilst, 1½ millj. kw. virkjun, og er þá gert ráð fyrir 20 orkuverum, þar af 2 orkuverum í Jökulsá. Þar hygg ég þó, að ekki sé gert ráð fyrir öllum mögulelkum í sambandi við þessi vötn. Meðal fjögurra stærstu orkuveranna, sem þarna er gert ráð fyrir, eru Jökulsárvirkjanirnar báðar og tvær í Þjórsá, og skal ég ekki rekja það nánar.

En þó að ekki sé um annað rætt en þessi þrjú fallvötn, sem greint er frá í bréfi raforkumálastjóra, sýnist mér næsta ólíklegt, að fært þyki eða hagkvæmt fyrir íslenzkt atvinnulíf að ráðast í fullvirkjun þeirra allra samtímis, jafnvel þótt fyrir lægju fullnægjandi áætlanir um virkjunarframkvæmdir og hagnýtingu orkunnar til iðnaðar. Hins vegar virðist nú vera þannig að þessum málum staðið, að unnið sé að misjafnlega langt komnum athugunum allra þessara fallvatna og líklega fleiri jöfnum höndum og þá e. t. v. með það fyrir augum, að öllum athugunum, rannsóknum og áætlunum ljúki um svipað leyti, en þær munu, eftir því sem fram hefur komið, taka langan tíma og kosta mikið fé. Mér skildist á umr. um þetta mál hér á Alþ. 26. okt. s. l., að undirbúningsrannsóknir og frumáætlanir, sem eftir er að gera við Þjórsá og Hvítá út af fyrir sig, mundu kosta a. m. k. 40 millj. kr. Þó má vera, að þetta hafi átt að skiljast svo, að í þessari upphæð væru einhverjar fleiri athuganir. Hitt er jafnframt kunnugt, og á það leyfi ég mér að benda, að þegar fyrir ári var undirbúningsvinnan við Jökulsá lengst á veg komin, og kom það reyndar glöggt fram í ræðu hæstv. raforkumálaráðherra hér á Alþ. 26. okt. s. l. Það virðist því einsætt, að leggja beri á það megináherzlu að ljúka því verki, sem þar hefur verið unnið, eins og farið er fram á í till. á þskj. 109. Ég held, að engum geti orðið mein að því, að sú vinnuaðferð sé viðhöfð. Öðrum rannsóknum og áætlunum er svo sjálfsagt að halda áfram, eftir því sem tök eru á, enda verður að gera ráð fyrir, að þær komi að notum á sínum tíma. En í fyrsta virkjunaráfanga með tilliti til stóriðju mun Jökulsá nægja og ekki trúlegt, að hægt sé að ráða við meira í bili. Það er ekki ráðlegt að vinna að öllu í einu, og á einhverju þarf að byrja. Ég held meira að segja — það er mín skoðun — að skyn-

samlegt sé að taka til athugunar, hvort ekki sé hægt að koma á fót stóriðju með því að virkja hluta af Jökulsá, þ. e. a. s. Dettifoss einan, í 137 m falli, ca. 100—150 þús. kw. Ég tel mig hafa sterkar líkur fyrir því, að þessi Dettifossvirkjun, sem ég nú nefndi, mundi án efa verða hin ódýrasta, sem völ er á hér á landi. Þá þyrfti að athuga gaumgæfilega, hvort virkjun með þeirri orku gæti ekki orðið nægilega traust undirstaða þess, sem nefna mætti stóriðju, í smáum stíl þó, miðað við það, sem tíðkast með stórum þjóðum, og hvort iðja af því tagi gæti ekki orðið fyllilega samkeppnisfær, þegar á það er litið, að orkan yrði ódýr. Þetta er auðvitað rannsóknarefni. En af ýmsum ástæðum væri hér um æskilega niðurstöðu að ræða, æskilega byrjun, meðan þjóðin er að fika sig áfram á þessu sviði. Slík byrjunarframkvæmd þyrfti auðvitað að vera þannig, að hún gæti án teljandi aukakostnaðar fallið inn í meiri virkjun árinnar síðar, og mér sýnist í fljótu bragði, að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu. Spurningin er þá aðallega sú, hvort hægt er að stofna til samkeppnisfærs stóriðnaðar með því orkumagni, sem hér er um að ræða, og úr því þarf að skera. Auðvitað er ekki ástæða til að einskorða sig við alúmíníumframleiðslu í því sambandi, þótt mest hafi verið um hana rætt. Fleira kann að geta komið til greina. En í sambandi við virkjun Jökulsár vil ég leyfa mér að benda á það, að fjarlægðin til sjávar og hafnargerðarskilyrði á Norðurlandi mundu ekki geta talizt óhagstæð, þegar samanburður er gerður í þeim efnum.

Í sambandi við afgreiðslu þessarar till. vil ég svo aðeins að lokum drepa á eitt mikilvægt atriði í þessu máli, enda verður ekki hjá því komizt að taka afstöðu til þessa máls m. a. með það atriði í huga. Hér á Suðvesturlandi hefur skapazt eins konar miðstöð í atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar, og jafnframt hefur jafnvægið í byggð landsins raskazt svo mjög, að margir hafa áhyggjur af, ekki aðeins í öðrum landshlutum, heldur einnig hér. Í sambandi við virkjun Jökulsár á Fjöllum er hægt að skapa nýja atvinnulífsmiðstöð, að vísu í smærri stíl, hinum megin á landinu. Möguleikarnir eru til staðar. Sú framkvæmd mundi alveg ótvírætt stefna í jafnvægisátt, eins og vikið er að í lok grg. fyrir þessari till. á þskj. 109.

Því mun verða veitt athygli í Þingeyjarsýslum og við Eyjafjörð, um Norðurland allt og miklu víðar, þar sem slík mál eru efst á baugi, hvort ráðamenn gefa gaum að þessu atriði málsins eða hvort menn í þess stað óska eftir fresti til að undirbúa ný reikningsdæmi nær höfuðborginni. Ég endurtek það, og ég vona, að ég megi gera það fyrir hönd okkar allra flm. þessarar till., að jafnvægið í byggð landsins á a. m. k. ekki að gleymast, þegar við Íslendingar ákveðum, að ráðizt verði í næstu stórvirkjun fallvatns hér á landi.

Ég legg svo til, um leið og þessari umr. er nú frestað, sem væntanlega verður, að málinu verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 109, n. 482).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. fjvn. á þskj. 482 ber með sér, mælir n. einróma með því, að till. þessi verði samþykkt óbreytt. Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða, sem vissulega væri hægt að segja margt um. En þar sem mörg mál eru hér á dagskrá og mjög farið að styttast í þingtíma, þá ætla ég að láta mér nægja að segja aðeins örfá orð um málið, enda voru því gerð rækileg skil af hv. 1. flm. þess, þegar fyrir því var talað við upphaf þessarar umr.

Jökulsá á Fjöllum var valin fyrir nokkru til þess að gera athugun í sambandi við það, hversu hugsanlegt væri að fá hér ódýra raforku til stóriðju. Var talið af sérfróðum mönnum, að þessi á einmitt uppfylli þau skilyrði, sem ætla mætti líklegust til þess, að hægt væri að framleiða ódýra raforku í þessu skyni. Það er að sjálfsögðu höfuðatriði í sambandi við möguleika okkar til stóriðju, að við getum lagt til raforku, sem sé ekki óhagstæðari en sú orka, sem hliðstæð iðjuver búa við erlendis. Bráðabirgðaniðurstöður af rannsóknum á Jökulsá benda ótvírætt í þá átt, að þess megi vænta, að þar sé hægt að fá rafmagn, sem fyllilega sé samkeppnisfært við erlenda raforku, jafnvel þar sem hún er ódýrust. Hæstv. raforkumálaráðherra mælti svo fyrir við raforkumálastjórnina í fyrra, að haldið skyldi áfram athugunum á Jökulsá, jafnframt því sem gerðar yrðu athuganir á vatnasvæðum Hvítár og Þjórsár. Svo sem frá hefur verið greint hér á þingi og m. a. af hæstv. ráðh., þá er þar um mjög yfirgripsmiklar rannsóknir að ræða, sem munu kosta mikið fé. Það er að sjálfsögðu hin þýðingarmesta nauðsyn, að þeim rannsóknum sé haldið áfram, og hjá því verður ekki heldur komizt vegna þeirra brýnu þarfa, sem eru á aukinni raforku hér á stærsta orkuveitusvæði landsins. Þessi rannsókn er mjög kostnaðarsöm og er talin munu kosta um 40 millj. kr. Athugun á Jökulsá á Fjöllum er miklum mun ódýrari, og það ætti ekki að vera mjög kostnaðarsamt að ljúka rannsóknum á henni. Og það ætti af þeim sökum ekki á nokkurn hátt að þurfa að spilla fyrir því, að sú rannsókn, sem þarf að fara fram hér á vatnasvæðum Þjórsár og Hvítár, gæti gengið með fullum hraða, svo sem nauðsynlegt er, enda þótt nú yrði undinn að því bráður bugur að ljúka fullnaðarathugun á Jökulsá á Fjöllum. Þessi mál horfa einnig þannig við, að enda þótt hægt sé að uppfylla það skilyrði, að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi, þá munu líða allmörg ár, þangað til fengin verður niðurstaða varðandi vatnasvæðið hér sunnanlands, og það er ljóst, að þörfin fyrir raforkuna hér er svo mikil og fjölþætt og svo mörg atriði, sem koma til greina við notkun hennar, sem mundu ekki koma til greina varðandi notkun Jökulsár, að það er síður en svo að óttast það, að enda þótt lögð yrði áherzla á virkjun Jökulsár með þann tilgang í huga, sem hér er um rætt í till., þá mundi það á nokkurn hátt verða til þess að minnka líkurnar fyrir því, að hér yrði fullkomlega hagnýtt sú

raforka, sem hægt væri að beizla á vatnasvæðum Hvítár og Þjórsár, þegar þar að kemur. Það liggur hins vegar ljóst fyrir, að ef á nú að hefjast handa í náinni framtíð um að koma upp stóriðju í sambandi við vatnsorkuver hér, þá er Jökulsá eini möguleikinn, vegna þess að rannsókn hennar er það langt komin. Það er jafnframt ljóst, að virkjun Jökulsár verður ekki framkvæmd, a. m. k. ekki í náinni framtíð, nema beinlínis í sambandi við stóriðju, og því hlýtur það að verða undir því komið, hvort um slíka stóriðju er að ræða, hvort yfirleitt verður á næstu árum ráðizt í virkjun Jökulsár.

Ég skal ekki ræða sérstaklega það mál, það er mikið mál út af fyrir sig, hversu langt á að ganga í því að setja hér upp stóriðju. En það mun samt flestra skoðun, að það hljóti að verða veigamikið atriði í framfarasókn þjóðarinnar á næstu árum að hagnýta vatnsaflið til þess að koma upp nýjum stóriðjufyrirtækjum, og þá yrðu þau fyrirtæki vafalaust í miklu stærri stíl en áður hefur þekkzt hérlendis. Þau fyrirtæki, sem kæmu til greina í sambandi við virkjun Jökulsár, mundu kosta jafnvel þúsundir milljóna króna, þannig að svo sem vikið er að í tillgr. er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera sér um leið fulla grein fyrir því, hvernig hægt væri að afla fjár til slíkrar stóriðju. Þetta er því eðlilegt að tengja saman, svo sem í till. er gert, og það er skoðun fjvn. einróma, að málið allt sé svo mikilvægt fyrir þjóðfélagið, að það sé nauðsynlegt að halda þessum athugunum áfram af fullum krafti, og jafnframt, þar sem þegar liggja fyrir nokkrar niðurstöður, sem mega teljast nokkurn veginn óyggjandi um það, hvert mundi verða raforkuverð frá þessu orkuveri, þá verði einnig sem allra skjótast hafin athugun á því, hvaða framleiðsla hér kæmi til greina, og á þeim úrræðum, sem yrðu þá til þess að koma slíkum fyrirtækjum upp.

Ég skal, herra forseti, svo ekki orðlengja um þetta frekar, enda þótt margt væri um þetta mál hægt að segja, en leyfi mér að vænta þess, að hv. alþm. séu fjvn. sammála um það, að æskilegt sé, að að þessu máli verði unnið af fullum krafti.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil f. h. okkar flm. þessarar till. leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir þá afgreiðslu, sem nú hefur verið lýst hér. Jafnframt leyfi ég mér að vitna til framsöguræðu, sem flutt var um þetta mál á sínum tíma, og taka undir þau orð hv. frsm. að vænta þess, að till. verði samþ. hér í þingi, eins og hún hefur áður hlotið samþykki fjvn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 608).

10. Vitar og leiðarmerki.

Á deildafundum 18. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um vita, leiðarmerki og öryggi sjófarenda [110. mál] (A. 125).

Á 18. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20., 32., 35. og 37. fundi í Sþ., 30. nóv., 18. jan., 1. og 8. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Till. þessi á þskj. 125 fjallar um það að endurskoða löggjöf um leiðarmerki og vitamál og ákveða stefnuna í þeim málum á næstunni.

Eins og vikið er að í grg., hafa orðið mjög miklar tæknilegar framfarir á búnaði skipa á undanförnum árum. Þessar framfarir valda því, að nauðsyn og gagnsemi venjulegra vita, eins og þeir hafa verið byggðir til skamms tíma, er allt önnur en áður var. Þá þekktu menn ekki annað ráð til þess að ná til skipa undan landi og leiðbeina þeim en ljós, hvít, rauð eða græn, og hljóðmerki, ef dimmviðri var, svo að ljós sáust ekki nema skamman veg. Nú er hægt að ná til skipa um óravegu með tiltölulega einföldum sendi- og móttökutækjum. Það er hægt að ákveða með mikilli nákvæmni stefnu frá skipi til tiltekinnar stöðvar á landi og það er unnt að setja upp stöðvar í landi, svo að áhöfn skips eða flugvélar geti vitað, hvar skipið eða vélin er stödd, svo að ekki skeiki nema nokkur hundruð metrum, þó að dimmt sé og hvorki sjáist til lands né stjarna. Þá geta skip og flugvélar beinlínis séð land, ef þau eru búin ratsjá, þó að ekkert sjáist með venjulegum hætti. Einnig er hægt að sjá skip eða flugvél í ratsjárstöð í landi, þótt það sé í allmikilli fjarlægð, og þá um leið leiðbeina skipi til lands eða flugvél til lendingar frá ratsjárstöð á landi, þótt dimmviðri sé. Einnig er tiltölulega ódýrt að setja upp í landi eða á eyjum eða skerjum svokölluð ratsjármerki til að auðvelda áhöfnum skipa, sem búin eru ratsjám, að átta sig og vita, hvar þau eru stödd. Eitt slíkt merki var nýlega sett upp á Hvalbak fyrir Austurlandi, og mér er sagt, að það hafi gefið góða raun. Það mun að vísu hafa spillzt í óveðri nú í vetur, en mér er tjáð, að sett verði upp þar nýtt og öflugra merki, strax og tækifæri verður til. Að setja upp slík merki er nauðsynlegt, vegna þess að landslagi er sums staðar svo háttað, að erfitt er að átta sig á því frá skipum, sem búin eru ratsjá, það er t. d. láglendi og lítið um kennileiti, en úr því má bæta með því að setja upp slík merki sem þessi, sem ég nefndi, og það er tiltölulega ódýrt.

Um hin tækin, er ég áðan drap á, sem notuð eru til að gera nákvæma staðarákvörðun, jafnvel um langan veg, er það að segja, að þar eru kunnust nokkur kerfi. Það eru t. d. svokallað

lórankerfi, sem notað er einkum á löngum leiðum, og dekkakerfi, sem hentar betur, ef um skemmri veg er að ræða og nær landi. Það er nú þegar til ein lóranstöð hér á landi, á Reynisfjalli í Mýrdal, sem er liður í slíku kerfi. Dekka eða svipað kerfi er notað víða um heim, en enn ekki hér við land. *Ég hygg þó, að brýna nauðsyn beri til að koma upp einhverju slíku kerfi hér,* bæði til að auka öryggi sjófarenda og flugvéla við landið og einnig til að auðvelda nákvæma staðsetningu skipa í kringum landið vegna útfærslu landhelginnar. Ég held, að kunnáttumenn séu sammála um, að eins og veðurfari er háttað hér við land, þá sé þetta eina ráðið til, að yfirmenn skipanna geti jafnan vitað örugglega, hvar landhelgislínan er, og jafnframt mundi það að sjálfsögðu auðvelda starf landhelgisgæzlunnar að miklum mun.

Þótt ekki sé getið um það í till. okkar, þá hlyti sú athugun, sem till. fjallar um, að leiða til þess, að athugað yrði, á hvern hátt hagkvæmast væri að haga rekstri vitanna, miðað við þær aðstæður, sem nú eru, og þá m. a. það, hvort halda á áfram að byggja vita með líkum hætti og nú hafa verið byggðir undanfarið, eða taka upp annan hátt þar á.

Það vakna óhjákvæmilega spurningar í sambandi við þetta um rekstur vitanna og vitakerfisins, sem nú þegar hefur verið byggt, eins og t. d. það, hvort hagkvæmt sé eða nauðsynlegt að hafa sérstakt vitaskip. Ég hygg, að það geti komið fyrir, að vitaskip sé sent með tiltölulega lítið vörumagn á stað, *sem strandferðaskip eða flóabátur,* eitthvert af björgunar- eða varðskipum ríkisins eða jafnvel bifreið hefði getað flutt þangað án verulegs kostnaðar.

En rekstur vitaskips hlýtur óhjákvæmilega að kosta mjög mikið fé árlega. Það hefur verið í undirbúningi nú að byggja nýtt vitaskip fyrir vitaþjónustuna, sem vafalaust kostar ekki undir 10—15 millj., og rekstur slíks skips mundi eftir þeirri reynslu, sem við höfum fengið bæði hjá Skipaútgerðinni og varðskipum ríkisins, varla kosta undir ½ millj. á mánuði í beinan rekstrarkostnað, en allur kostnaður sjálfsagt vera einhvers staðar á annarri milljóninni á mánuði, svo að það er ekki svo lítið, sem mætti spara, ef það kæmi í ljós, að unnt væri að vera án sérstaks vitaskips. Það, sem gerir vitaskipið mjög dýrt í rekstri, er, að það kemur stundum fyrir, að vitaskipið þarf stundum að bíða, jafnvel dögum saman, eftir að veður leyfi, að það geti losnað við vörur til vitanna, þótt flóabátur, sem styrktur er af ríkisfé, geti gripið tækifærið, þegar veður leyfði, og flutt vöruna, án þess að það kostaði sérstakan biðtíma, og að skipið hefur ekki næg verkefni nema skamman tíma á ári hverju.

Ég skal að svo stöddu ekki fjölyrða um þetta mikilsverða mál, en leyfi mér að leggja til, að umr. um það verði frestað og því vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 125, n. 524).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft till. til þál. á þskj. 125 til meðferðar og mælir með, að hún verði samþ. með *lítils háttar breyt., sem eru fólgnar í því,* að inn er sett nafn þeirra laga, sem farið er fram á að verði endurskoðuð. N leitaði álits bæði hjá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og eins hjá vita- og hafnarmálastjóra um till. þessa, og mæla báðir aðilar með samþykkt hennar. Farmanna- og fiskimannasambandið tekur þó réttilega fram, að varasamt sé, eins og kemur fram í grg. með till., að gera sér of háar hugmyndir um, að hægt sé í náinni framtíð að hætta við að byggja ljósvita, þar sem þeirra er enn þá og verður í náinni framtíð mikil þörf, en mælir annars með samþykkt hennar. Vita- og hafnarmálastjóri gerir það einnig, eins og ég minntist á. Hann bendir á það réttilega, að á síðustu árum eða síðan þessi lög voru samin, en þau eru síðan 19. júní 1933, hafi komið fram ýmsar markverðar nýjungar í vitamálum, svo sem radar og ýmis radíóstaðsetningarkerfi. Hann segir, að embætti hans hafi fylgzt með þessum nýjungum í nokkur ár og þar á meðal fengið tilboð í eina tegund staðsetningarkerfa, en þeim hafi þótt þetta kerfi of dýrt og eins hafi ekki verið komin fram nægileg reynsla í því efni. Hins vegar eru nú þegar komnir tveir slíkir staðsetningarvitar hér á landi, eins og hv. flm. benti réttilega á við framsögu, bæði á Reynisfjalli og eins á Snæfellsnesi, *og bæði af þeim ástæðum og eins vegna* þess, hve radartækjum hefur fjölgað verulega í fiskibátum í seinni tíð, tekur hann undir þau rök, sem flm. hefur haft með þessari till. sinni, og mælir með samþykkt hennar, — svo og gerir allshn. Sþ., eins og ég gat um.

ATKVGR.

Brtt. 524 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 609).

11. Sameining löggæzlu og tollgæzlu.

Á 23. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt:

Till. til þál. um sameiningu löggæzlu og tollgæzlu [127. mál] (A. 182).

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Á fyrri hluta þessa þings flutti hv. 4. þm. Norðurl. v., Einar Ingimundarson, till. hér í Sþ., sem er á þskj. 182 og fjallar um sameiningu löggæzlu og tollgæzlu, og hljóðar tillögugreinin þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem auðið er, sameina almenna löggæzlu og tollgæzlu í hinum stærri kaupstöðum landsins."

Ég læt mér nægja að vísa til grg. hv. flm. fyrir till. Hann leggur áherzlu á, að hann telji eðlilegt, að náin samvinna og samstarf sé með starfsmönnum hinnar almennu löggæzlu og tollgæzlunnar á hverjum stað, en eins og þessi mál séu nú í framkvæmd, skorti nokkuð á, að um slíkt samstarf sé að ræða, a. m. k. alls staðar. Enn fremur bendir hv. flm. á, að með bættri skipan þessara mála mætti koma á nokkrum sparnaði, t. d. með því, að lögreglumenn gætu á vissum stöðum annazt tollgæzluna. Ég viðurkenni það, að ég er ekki mikið inn í þessum málum, tók aðeins að mér að freista þess að koma þessari till. til nefndar, og ég legg til, hæstv. forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 182, n. 467).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað till. og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar með svofelldri breytingu:

Tillögugreinin orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta, svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir, sameina almenna löggæzlu og tollgæzlu."

Breytingin á till. stafar af því, að nm. töldu ekki ástæðu til þess að miða sameiningu löggæzlunnar og tollgæzlunnnar eingöngu við hina stærri kaupstaði landsins, ef til kæmi, eins og sjálf till. gerir ráð fyrir. Nefndin telur, að vinna eigi að sameiningu þessara tveggja þátta löggæzlunnar á þeim stöðum á landinu, þar sem hagkvæmt þykir, hvort sem um er að ræða strjálbýli eða þéttbýli.

Varðandi efni till. að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til grg., sem henni fylgir.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. fjvn. fyrir góða og jákvæða afgreiðslu á þessari till. Viðkomandi brtt., sem hún hefur flutt við till., vil ég taka það fram, að ég hef ekkert við hana að athuga, enda raskar hún í engu aðalefni till.

ATKVGR.

Brtt. 467 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 610).

12. Endurskoðun laga um vegi.

Á deildafundum 13. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun á lögum um vegi [137. mál] (A. 203).

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt sex öðrum hv. þm. að flytja hér þáltill. um endurskoðun laga um þjóðvegi á þskj. 203. Þáltill. svipaðs efnis var flutt hér á Alþingi í fyrra af mér og nokkrum fleiri þm., en náði þá ekki að verða útrædd.

Það er hv. alþm. vafalaust mjög vel kunnugt, að á undanförnum þingum hafa komið fram margar brtt. við lög um þjóðvegi, er flestar ganga í þá átt að lengja þjóðvegakerfið eða bæta við það frá því, sem verið hefur og er. Nú þegar málið hefur verið athugað og leitað hefur verið umsagnar vegamálastjóra, þá hefur hann talið, að þýðingarlítið væri að bæta við þjóðvegina, nema því aðeins að meiri fjárframlög væru fyrir hendi hverju sinni til þess að vinna fyrir, vegna þess, hvað enn væri mikið ógert af þeim vegum, sem þegar hafa verið samþykktir. Og það er sjálfsagt, að í þessari röksemdafærslu er mikill sannleikur og eins og á stendur sennilega rétt að taka álit hans til greina, enda hefur ekki þótt fært að verða við þessum óskum, sem fram hafa komið um aukningu á þjóðvegakerfinu. Hins vegar er það öllum landslýð ljóst, að vegaþörf er geysilega mikil um allt land, og má segja, að það sé bæði þar, sem þéttbýli er og strjálbýli. Þó mun það víst, að vegaleysið er langtilfinnanlegast í strjálbýlinu víða hvar og það svo tilfinnanlegt, að það er ekki hægt að telja, að sum byggðarlög geti risið undir því öllu lengur, að ekki verði verulega bætt þar úr skák. Einnig þarf að endurbyggja marga eldri vegi, sem þegar eru orðnir úreltir vegna þess, hvað þeir hafa verið gerðir ófullkomnir í upphafi, sérstaklega þar, sem snjóar eru miklir, en vegaþörf á vetrum fer vaxandi. Það er líka talað um, að þurfi að steinsteypa eða endurbyggja á varanlegan hátt marga vegi, þar sem umferðin er mest. Sem sagt, hvar sem litið er, þá er vegaþörf mjög brýn, endurbygging og umbætur á vegum. Um þetta hygg ég, að ekki sé neinn ágreiningur í sjálfu sér. En það er skoðun mín, að það sé óumflýjanlegt að bæta við fjárframlög til vega á næstunni verulega frá því, sem verið hefur nú um langt skeið.

Ákveði vegalaga eru frá ýmsum tímum og allmikið dreifð, og er þess vegna mikil ástæða til að endurskoða þau og færa saman í eina heild, þótt ekki væri annað. Í öðru lagi tel ég og við flm., að við endurskoðun þá, sem við leggjum til að fram fari á lögum um þessi mál, verði leitazt við að finna eða skapa eða fá vegunum fasta tekju-

stofna, svo að fjárframlög til þeirra geti aukizt verulega og vegagerðin fái um leið mun meiri fjárframlög árlega en hún hefur nú.

Ég ræddi nokkuð um þessi mál hér við flutning þeirrar till., sem ég nefndi áðan og var flutt hér á Alþingi í fyrra, og sé ekki ástæðu til að flytja hér langa ræðu um þetta mál. Það er augljóst öllum mönnum, að vegir, sæmilegir vegir, eins og nú er komið háttum manna, eru undirstaða þess, að menn geti haldizt við á þeim stöðum, þar sem þeir búa. Veglaus maður á veglausu heimili getur ekki lengur, eins og nú háttar samgöngum og viðskiptum manna á meðal, staðizt. Úr þessu er alveg óumflýjanlegt að bæta eins fljótt og verða má, og við höfum litið svo á, flm. þessarar tillögu, að fyrsta spor í þessa átt sé að endurskoða öll ákvæði um vegi, í fyrsta lagi með það fyrir augum að leiðrétta það misræmi, sem óneitanlega er milli ýmissa byggðarlaga um aðstöðu til vega, og í öðru lagi að finna leiðir til þess að auka fjárframlög og auka átök í þessu efni á næstu árum til hagsbóta fyrir allan landslýð, því að það er sannleikur, að allur landslýður þarf á vegum að halda, hvar sem hann er búsettur, og meira að segja, það er hægt að rökstyðja það, að þéttbýlið þarf einnig á vegum að halda út um strjálbýlið, og þar mætast því hagsmunir beggja.

Ég vænti þess, að hv. Alþingi taki þessari till. vel, og sér í lagi vænti ég þess, að hæstv. ríkisstjórn taki þessari till. vel og láti þá endurskoðun, sem hér er fram á farið að gerð verði, fram fara fyrir þann tíma, sem til er skilið í till., þ. e. a. s. áður en næsta Alþingi kemur saman, svo að fyrir geti þar legið einhverjar raunhæfar tillögur í þessu vandasama máli til verulegra úrbóta eftirleiðis, þar sem vegaástandið í landinu er verst, og einnig náttúrlega þar, sem það er eitthvað betra, en segja má, að alls staðar sé þar mikilla umbóta þörf.

Ég legg svo til, að umræðu verði frestað og þessu máli skotið til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 203, n. 510, 511).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. fjvn. ber með sér, leggur hún til, að till. þessi verði samþykkt, en þó nokkuð breytt.

Svo sem hv. þm. mun kunnugt, var fyrir nokkru eða á árinu 1958 samþykkt hér á Alþingi þál. um það, að gerð yrði heildarathugun á ástandi vegakerfis landsins. Síðan þessi till. var samþykkt, hefur af hálfu vegamálastjórnarinnar verið framkvæmd töluverð athugun á þessu máli, og liggja þegar fyrir allmiklar upplýsingar og þá fyrst og fremst um ástand vegakerfisins. Af þessum upplýsingum og athugunum er ljóst, svo sem raunar flestum mun kunnugt um af eigin reynd, að mjög mikið vantar á, að vegakerfi landsins sé komið í viðunandi horf, og þarf mjög mikil og stór átök til þess, að svo megi verða.

Samkvæmt athugun þeirri, sem fyrir liggur, er t. d. talið, að þjóðvegir, sem eru ekki bílfærir, nemi 732 km, óbílfærir sýsluvegir séu 463 km og óbílfærir hreppavegir 351 km. Þetta segir þó ekki nema hluta sögunnar, vegna þess að einnig verður að hafa það í huga, að meðal þeirra vegaframkvæmda, sem nú er unnið að og brýn nauðsyn verður að vinna að í náinni framtíð, eru mjög dýrar framkvæmdir, sem kosta milljónir og milljónatugi, og kemur sérstaklega til athugunar, þegar farið er að vinna að lagningu vega úr varanlegu efni, eins og það er kallað, að þá verður þar um að ræða útgjöld og kostnað við vegagerð, sem nemur áður óþekktum upphæðum í vegagerðarkostnaði hérlendis.

Loks er og þess að geta, að enn er ógerður mikill fjöldi brúa. Það er talið, að á s. l. ári hafi verið ógerðar 97 stærri brýr á þjóðvegum, 84 á sýsluvegum, 34 á hreppavegum og að auki hafi verið ógerðar smábrýr: á þjóðvegum 232, 112 á sýsluvegum og 24 á hreppavegum. Ég nefni aðeins þessar tölur hér og þessi atriði til þess, að mönnum sé ljóst, hversu stórt viðfangsefni er hér við að fást.

Á undanförnum árum hafa með nokkurra ára millibili verið gerðar breytingar á vegalögum, allar í þá átt að fjölga mjög tölu þjóðvega. Það er nú nokkuð langt síðan vegalög voru síðast opnuð, og hafa komið á hverju þingi síðan fram till. um að taka nýja vegi í þjóðvegatölu. Nú síðast á þessu þingi hafa komið fram till. um að taka í þjóðvegatölu vegi, sem nema 1058 km.

Þá hafa einnig á þessu þingi komið fram ýmis frv. um vegamál og á undanförnum árum einnig. Það hafa komið fram frv. og verið mikið rædd t. d. um hina miklu erfiðleika sýsluvegasjóðanna, en einmitt fjárhagserfiðleikar þeirra valda því, að það hefur verið því meiri ásókn á að koma vegum í þjóðvegatölu.

Þá hafa komið fram ýmis frv., sem sýna, hve þörfin er brýn að ýta hér áleiðis framkvæmdum, þar sem lagt hefur verið til að taka meiri háttar lán til þess að hraða vegagerðum í einstökum landshlutum eða til þess að leggja tiltekna vegi.

Það hefur komið hér fram og er á þessu þingi til meðferðar frv. um sérstakar ráðstafanir til að greiða fyrir jarðgangagerð á þjóðvegum, en þar er um að ræða mjög kostnaðarsamar framkvæmdir.

Með hliðsjón af þessum vandræðum og miklum viðfangsefnum í vegagerð hafa að vonum augu manna beinzt að því, hvernig hægt væri að afla fjár til þess að þoka þessum málum meira áleiðis. Ég hef áður minnzt á þær till., sem fram hafa komið um lántökur. Þá hafa enn fremur komið fram hugmyndir um það, að vissir tekjuliðir ríkissjóðs og þá fyrst og fremst af umferð væru látnir renna til vegagerðar óskiptir. Þar væri vissulega um allverulegt nýtt fé að ræða. En þess ber þó að geta í því sambandi, að þarna er einnig um að ræða verulega tekjustofna fyrir ríkissjóð,

og eins og sakir standa, þá er ekki sýnilegt, hvernig hann má án þeirra tekjustofna vera, nema þá annað tveggja sé gert, að sjá ríkissjóði fyrir nýjum tekjustofni eða þá að lækka útgjöld ríkissjóðs sem þessu nemur.

Öll þessi mörgu atriði leiða það glöggt í ljós, að hér er um að ræða víðtækt vandamál, sem er ekki hægt að búast við að auðið sé að afgreiða á viðunandi hátt með því að samþykkja hin einstöku mál, sem imprað hefur verið á í sambandi við umbætur í vegamálum, og eru þau þó öll góðra gjalda verð. Hér þarf augljóslega að koma til heildarathugun á þessum mikla vanda, sem við er að glíma, og það leiðir beinlínis af þeirri þál., sem ég áðan minntist á, frá 1958, að það er eðlilegt, að einmitt sú heildarathugun vegalaga fari fram, sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill.

Það er einnig vitanlegt, að í mörgum gildandi lögum, bæði um vegi og brýr, eru ýmis atriði, sem þurfa beinlínis endurskoðunar við. Þessi lagaákvæði eru orðin alldreifð og nauðsynlegt að samræma þau og færa saman á einn stað.

Fjvn. leggur því til, að till. þessi verði afgr. svo sem segir í nál. hennar. Þar er um að ræða efnislega það sama og í upphaflegu till. segir, að því viðbættu, að athugunin er færð út á víðari grundvöll. Hún er ekki aðeins takmörkuð við þjóðvegi, heldur við athugun á öllum gildandi lögum um opinbera vegi og brýr, og jafnframt að athuguð verði hugsanleg úrræði til þess að afla fastra tekjustofna til vegagerðarframkvæmda í framtíðinni. Undir þetta falla að sjálfsögðu gildandi lög um þessi atriði, bæði vegalögin og lögin um brúargerðir, einnig viss atriði í girðingalögum, að sjálfsögðu einnig lögin um sýsluvegasjóði, og þá er eðlilegt, að komi til athugunar þær hugmyndir, sem fram hafa komið á Alþingi á undanförnum árum, bæði í ár og síðustu ár, varðandi þessi mál, og þá m. a. sérstaklega, svo sem vikið er að í nál., þar sem það er till., sem til fjvn. hefur verið vísað, að við þessa athugun verði tekið til athugunar, hvort ástæða sé til þess að gera hina sérstöku reiðvegi, sem flutt hefur verið hér sérstök þáltill. um og ég fjölyrði ekki frekar um, en þetta nál. fjvn. telst einnig afgreiðsla á því máli.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að orðlengja frekar um málið, enda þótt um það mætti margt og mikið segja. Þetta er viðtækt vandamál, sem mikil nauðsyn er að taka til rækilegrar athugunar, Ég vil leyfa mér að vænta þess, að bæði hv. flm. geti fallizt á þá breytingu, sem hér hefur verið gerð á þeirra upphaflegu till., og einnig að hv. Alþingi geti fallizt á að afgreiða till. í því formi, sem fjvn. leggur til, og síðan verði lögð *rík áherzla á að hrinda þessu máli* áleiðis — þessari rannsókn — með þeim hraða, sem auðið er.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 510, nál. frá fjvn., stendur fjvn. öll að þeirri till., sem hv. form. hennar hefur gert hér grein fyrir. Þó er aðild okkar fulltrúa Framsfl. og Alþb. með þeim hætti, að við lögðum til í n., að kosin yrði mþn. til þess að gera þá athugun, er hér er lagt til að gera. Við höfum því á sérstöku þskj. borið fram brtt., sem gengur í þá átt. Vil ég segja það, að við teljum eðlilegt, að sá háttur verði á hafður, að það verði Alþingi sjálft, sem velur sér fulltrúa til þess að gera þá heildarendurskoðun, sem hér á að fara að gera, — miklu eðlilegra en að ríkisstj. velji þá. En þrátt fyrir það, þó að nefndin yrði ekki sammála um, að slík framkvæmd yrði viðhöfð, þá skar það ekki úr um fylgi okkar við meginmálið.

Í sambandi við þetta mál vil ég geta þess, að snemma á þessu þingi, eða hinn 25. okt. s. l., lögðum við nokkrir þm. Framsfl. fram frv. til laga um vega- og brúasjóð. Þegar ég gerði grein fyrir þessu máli við 1. umr. þess, benti ég m. a. á nokkur verkefni, sem ég vil nú minna á á nýjan leik í sambandi við afgreiðslu málsins í dag.

Í fyrsta lagi benti ég á það, að 357 bæir væru enn án vegasambands eða hefðu verið það í lok ársins 1958, en það var það ár, er ég hafði skýrslur um. Þessum bæjum yrði að koma í vegasamband, því að óhugsandi væri nú á tímum hraðans, að fólk gæti búið án þess að eiga aðgang að vegum.

Í öðru lagi benti ég á það, að um helmingur af þjóðvegum landsins, eins og þeir eru nú, væru lagðir vegir, hitt væru ýmist óruddir vegir eða ruddir. Nokkrir af þeim vegum, sem eru í þjóðvegatölu, eru algerlega ófærir enn þá.

Í þriðja lagi benti ég á það, að nauðsyn bæri til að endurbyggja vegakerfið, þar sem fyrst og fremst á því svæði, þar sem umferðin er mest, voru vegirnir fyrst gerðir og þeir vegir voru gerðir á þann frumstæða hátt, að þeir þjóna nú ekki lengur þeirri umferð, sem um þá þarf að fara. Í stórum landshlutum, svo sem á Suðvesturlandi, eru ruddir vegir á aðalvegi, eins og t. d. í Hvalfirði, og sjá allir, að þetta getur ekki staðið lengi.

Í fjórða lagi bentum við á, að nauðsyn bæri til að stefna meira að því en verið hefur að gera vegi úr varanlegu efni. Það hefur sýnt sig, að það eru orðnir þeir kaflar í vegum okkar, þar sem umferðin er svo mikil, að það er óhugsandi að halda þeim við sem malarvegum. Enn fremur hefur komið í ljós, að við höfum ekki tök á því að halda þeim við sem slíkum, vegna þess að ofaníburð skortir. Einnig er þetta svo mikið slit á farartækjunum, sem um vegina fara, að það er orðið mikið fjárhagsatriði, sem við verðum að taka tillit til, þegar farartækin eru orðin jafndýr og nú er orðið, kosta svo að hundruðum þúsunda skiptir og jafnvel upp í milljón króna.

Í fimmta lagi benti ég á það, að við hefðum hér, framsóknarmenn, flutt till. til þál. á þinginu í fyrra um aðstoð við kaupstaði og kauptún til *gatnagerðar, og hefur sú tillaga verið endurflutt* nú á þessu þingi. Það væri líka verkefni framtíðarinnar, að ríkið aðstoðaði við þessa gatnagerð í kaupstöðunum og þorpunum, ef vel ætti að vera og það ætti einhverjum árangri að ná í varanlegri gatnagerð.

Þessi verkefni eru svo veigamikil og svo mikils virði fyrir okkar þjóðfélag, að við getum ekki horft á það, að þau verði óleyst. Ég benti einnig á í því sambandi, að nauðsyn bæri til að sinna þessum málum betur en gert hefur verið nú allra

síðustu árin. Á um 20 ára tímabili hefur því verið þannig varið, að 10—12% af fjárlögum eða heildarútgjöldum fjárlaga hefur verið varið til samgöngubóta á landi. 1940 voru það rétt 10%, 1950 voru það 10.4%, en 1960 er aðeins gert ráð fyrir, að 6.9% af heildarútgjöldum fjárlaga fari til framkvæmda í samgöngubótum. Þessi þróun er í alla staði óæskileg, og við getum ekki við slíkt unað. Ekki sízt er hún frálelt, þegar á það er litið, að á þessum árum, sem ég vitnaði til, eins og 1940 og 1950, hafði ríkissjóður mun minni tekjur af umferðinni en til hennar var lagt. En á síðustu árum hefur þetta breytzt allverulega, því að á árinu 1959 var 87.3 millj. kr. varið til samgöngubóta á landi, en þá var talið, að tekjur ríkissjóðs af umferðinni, benzínskattur, þungaskattur, innflutningsgjald af bifreiðum og varahlutum þeirra og allar tekjur, sem að bifreiðum og notkun þeirra lytu, væru um 270 millj. kr. Þess vegna hlýtur það að verða takmark okkar nú að breyta þessari þróun þannig, að það verði umferðin sjálf, sem beri uppi kostnaðinn við vega- og gatnagerðina.

Frv. okkar stefndi einmitt í þá átt, að farið yrði inn á þá braut að ákveða vissa tekjustofna, sem gengju til þess að byggja vegina upp með.

Hér kom fram síðar á þessu þingi till. til þál. um endurskoðun á lögum um þjóðvegi, sem vegamálastjóra var send til umsagnar. Frv. okkar, sem ég hef hér getið, var til umsagnar hjá vegamálastjóra um svipað leyti. Hann hefur nú gert tillögu til fjvn. um þessi mál öll í heild, að endurskoðun á lögum um þjóðvegi og alla aðra opinbera vegi verði gerð og jafnframt verði þá stefnt að því að ákveða vegunum ákveðna tekjustofna.

Þegar ég mælti fyrir frv. okkar í vetur, sagði ég það sem lokaorð í minni ræðu, að ég væri sannfærður um það, að þó að hv. Alþ. að þessu sinni afgreiddi ekki þetta frv. á jákvæðan hátt, og miðaði ég við þá staðreynd, sem við í stjórnarandstöðu verðum að sætta okkur við, að lítið er gert að því að afgreiða mál okkar á jákvæðan hátt og það án tillits til þess, hversu góð þau eru, þá væri ég þrátt fyrir það sannfærður um, að þetta mál næði fram að ganga fyrr en seinna, og því fyrr, því betra. Nú þykist ég sjá það, að sú trú mín hefur nokkuð náð að rætast, þar sem ég þykist vera fullviss um það, að Alþ. muni nú afgreiða þessa tillögu, sem vegamálastjóri hefur gert um endurskoðun á opinberum vegum, svo og um tekjustofna til þeirra. Ég geri mér von um, að sú endurskoðun muni leiða til þess, að vegunum verði ákveðnir tekjustofnar, til þess að endurbygging þeirra fari fram og áframhald verði á gerð þeirra og svo á varanlegum vegum, — að þetta geti allt átt sér stað með meiri hraða en verið hefur og stefni ekki í þá átt, sem hefur gert nú síðustu árin, að fjárveitingum hefur raunverulega verið breytt. Þess vegna er fylgi okkar við þessa tillögu það, að við þykjumst sjá, að hér sé þó þá beztu lausn að fá á því máli okkar, að að þessu verði stefnt. Það er von okkar, að hv. Alþ. geti fallizt á það, að kosin verði nefnd hér á þinginu í málið, en þrátt fyrir það, þó að svo færi, að það verði ekki gert, þá mælum við með samþykkt till. og treystum því, að með henni náist sá árangur, sem við stefndum að með frumvarpi okkar í haust.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég ásamt nokkrum öðrum hv. þm. till. til þál. um það, að fram færi endurskoðun á lögum um þjóðvegi, brúalögum og sýsluvegum. Þessi till. náði ekki fram að ganga þá, þ. e. a. s. hún varð ekki útrædd vegna þess, hve seint hún var á ferðinni í þinginu. Nú höfum við sömu menn og nokkrir fleiri endurflutt þessa till., breytta að orðalagi að vísu, þannig að aðeins er tekið fram, að endurskoða skuli lög um þjóðvegi. En í grg. er hins vegar vikið að því, að það hljóti að leiða af sjálfu sér, að endurskoða þurfi fleiri lög um vegi en þjóðvegina, ef lög um þá eru á annað borð endurskoðuð. Ég vil fyrir hönd okkar, þessara flm., þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu á þessu máli, og við erum að sjálfsögðu alveg ásáttir um það, að till. sé færð nokkuð út frá því, sem við gengum frá henni, og er það í raun og veru ekki nema til umbóta á till. Ég hafði hugsað mér fyrr í vetur að flytja brtt. við sýsluvegalög á þessu þingi, en þar sem ég vissi til þess fyrir alllöngu, að fjvn. mundi afgreiða þessa till. á þann hátt, sem hún hér gerir, að leggja til, að fram skuli fara endurskoðun á öllum opinberum vegum, þá taldi ég ekki ástæðu til að flytja það frv., vegna þess að það kemur þá að sjálfsögðu undir þessa endurskoðun. — Ég vil svo vænta þess, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþykkja þessa till., því að ég tel, að þar sé áreiðanlega aðkallandi mál á ferðum.

Helgi Bergs: Herra forseti. Hv. meiri hl. og hv. minni hl. fjvn., sem hafa skilað áliti um þetta mál, leggja báðir til, að það verði samþykkt með nokkurri breytingu. Það má því gera ráð fyrir því, að önnur hvor þessara tillagna verði samþykkt og verði þannig þetta mikla mál í nefnd til næsta þings.

Ég vildi ekki láta þetta mál fara fram hjá mér án þess að vekja athygli á því, sem ég tel vera stærsta verkefnið í samgöngumálum okkar nú, en það er að gera fjölförnustu vegina úr varanlegu efni. Það er nú mjög vart vaxandi skilnings á þessu atriði, og menn eru að gera sér það ljóst, að við verðum að fara að gera vegi okkar á sama hátt og aðrar þjóðir, sem hafa tekið í þágu sína vélknúin farartæki, og þessu verður ekki öllu lengur á frest skotið.

Okkur Íslendingum vex það oft í augum, hve vegakerfi okkar er tiltölulega langt vegna strjálbýlisins í landinu, og ég skal ekki gera lítið úr því, að það er nokkur baggi. En við megum þó vera þess minnugir, að vegakerfi okkar er eina samgöngukerfið, sem við höfum á landi, en aðrar þjóðir þéttbýlli, þó að þær hafi styttra vegakerfi, mega gjarnan bera kostnað af járnbrautum, jafnvel viðhaldi skipgengra fljóta, skipaskurða, skipastiga og annars slíks, en við getum helgað okkur vegunum einum í okkar samgöngum á landi. Þess vegna er fyllsta ástæða til fyrir okkur að leggja nokkuð á okkur til þess að sýna vegakerfinu fullan sóma. Akfærir vegir í landinu eru nú á annan tug þúsunda km, og það er vissulega engin ástæða til þess að hugsa sér, að það verði lagt á þá alla

varanlegt slitlag. Vegirnir eru svo ákaflega mismunandi fjölfarnir, að mjög stór hluti umferðarinnar fer fram á tiltölulega mjög stuttum vegaköflum. Það er mjög mikill hluti umferðarinnar, sem fer fram á vegaköflum, sem eru ekki mikið yfir 200 km, og á ég þar við vegina í næsta nágrenni Reykjavíkur, Vesturlandsveg upp undir Kjalarnes, Suðurlandsbrautina austur á Suðurlandsundirlendið og Reykjanesbrautina suður með sjó, og auk þess mun vera mjög fjölfarinn vegarkafli í kringum Akureyri, sem ástæða væri til að gefa gaum í þessu sambandi. Við Íslendingar eigum hlutfallslega fleiri bifreiðar en flestar aðrar þjóðir, en kunnugum kemur saman um það, að ending farartækja okkar sé miklu minni og viðhaldskostnaður þeirra miklu hærri en annars staðar vegna slæmra vega. Þetta leiðir til mikils kostnaðar við innanlandsflutningana, og við megum ekki gleyma því, að það hefur þýðingarmikil áhrif á alla verðlagsmyndun í landinu, bæði landbúnaðarafurða og fleiri hluta.

Bifreiðar landsmanna eru nú yfir 20 þús., og þær eru áreiðanlega ekki ofmetnar á 2000 millj. kr. Það er því fljótséð, að það skiptir ekki neinum hégóma, hvort þessar bifreiðar endast árinu lengur eða skemur. Viðhaldskostnaður þessara farartækja nemur á hverju ári líklega nokkur hundruð milljónum króna, og það skiptir ekki heldur litlu máli, hvort einhvern hluta þeirrar upphæðar mætti spara.

Þess vegna er það hafið yfir allan vafa, að fé er vel varið til framkvæmda til endurbóta á vegakerfinu, sem gætu leitt til sparnaðar í rekstri ökutækjanna.

Í þessu sambandi vil ég minnast þess, að það var einmitt af þessum ástæðum almennt fagnaðarefni, þegar það var tilkynnt á s. l. hausti, að ríkisstj. hefði ákveðið að hefjast þegar handa um að steinsteypa Reykjanesbraut. Menn gerðu sér þá vonir um það, að þetta mundi verða upphaf að myndarlegum aðgerðum í þessum efnum og verkinu mundi verða haldið áfram af miklum hraða og því lokið fljótt, svo að röðin kæmi sem fyrst að öðrum vegum, sem jafnmikil eða meiri nauðsyn er á að bæta.

Þó virðist, að of lítill skriður sé á þessu máli, og undirbúningur virðist á ýmsan hátt hafa verið ónógur. Það var samkvæmt frásögn í einu dagblaðanna gert ráð fyrir því að taka fyrir tiltölulega stutta spotta í einu og vinna verkið með heldur frumstæðum tækjum, enda var varla á öðru völ, því að um það leyti sem tilkynnt var, að verkið væri að hefjast, réð vegagerð ríkisins ekki yfir neinum fullkomnum tækjum til vegagerðar af þessu tagi, og árangur sá, sem nú má sjá, er einnig í samræmi við þetta. Það hefur verið ýtt upp í kringum 1 km löngum grjóthrygg rétt fyrir sunnan Hafnarfjörð, og við það situr. Með þessum hætti yrði auðvitað bæði seinlegt og kostnaðarsamt að vinna þær framkvæmdir, sem verður ekki komizt hjá að gera. Það er nauðsynlegt að afla fullkomnustu tækja, og þó að þau séu ekki mjög dýr, þá eru þau nógu dýr til þess, að það dugir ekki að taka fyrir smáspotta hér og hvar, heldur verður að skipuleggja framkvæmdirnar nokkuð fram í tímann, og það verður að skapa öruggan fjárhagsgrundvöll, sem nú er ekki til, fyrir áframhaldandi framkvæmdum af þessu tagi.

Ég er að minna á þetta hérna vegna þess, að mér virðist þetta hljóta að verða eitt meginverkefni þeirrar nefndar, sem gera má ráð fyrir að verði skipuð eða kosin, að gera sér grein fyrir, hvernig skipun þessara mála yrði bezt fyrir komið. Það er alveg ljóst, að kostnaður við að gera varanlegt slitlag á þá þjóðvegi, sem þegar er sýnilegt að ekki verður komizt hjá að steypa eða malbika á næstunni, nemur væntanlega hundruðum milljóna króna. Slíkt stórátak verður að sjálfsögðu að undirbúa vel og vandlega og láta vegamálastjóra og aðra færustu sérfræðinga fjalla um það. Og málið þolir ekki mikla bið. Það þarf þess vegna að miða að því, að frumvarp um þetta efni verði lagt strax fyrir næsta hv. Alþingi.

Frv. hv. 3. þm. Vesturl. o. fl., sem flutt var hér á þessu þingi, á þskj. 76, stefndi mjög í rétta átt, þó að mér virðist fulllítil áherzla lögð þar á þann þátt vegamálanna, sem ég er hér sérstaklega að gera að umræðuefni, en þar er stefnt að því að láta umferðina um vegina borga þá. Það er þannig meðal margra annarra þjóða, að það þykir eðlilegt, að innflutningsgjöld af bifreiðum og af benzíni og af öðrum rekstrarvörum bifreiða séu sérstaklega tekjustofn fyrir vegamálin. Og þannig hefur raunar verið litið á til skamms tíma líka hér á landi, því að fram til ársins 1956 stóðust tekjur af þessum tekjustofnum nokkurn veginn á við útgjöld til vegamála, en síðan hefur það hlutfall raskazt mjög verulega.

Samkvæmt athugun, sem Félag íslenzkra bifreiðaeigenda hefur látið gera, nema tekjur af þessum tekjustofnum, sem ég nefndi, á árinu 1960 talsvert á þriðja hundrað millj., og eru þá ótalin innflutningsgjöld af varahlutum til bifreiða. En útgjöld til vegamála voru á sama ári áætluð innan við 100 millj. kr. Af þessu má það vera ljóst, að í rauninni eru til eðlilegir tekjustofnar fyrir mjög umfangsmiklar framkvæmdir í vegamálum. En það þarf að koma þessum málum þannig fyrir, að áætlun um þessar framkvæmdir sé gerð til nokkurs tíma í einu, allmargra ára. Það yrði auðvitað að leggja höfuðáherzlu á að steypa eða malbika þá vegi, þar sem umferð er mest og þar sem kostnaðurinn við umferðina hefur mest áhrif á verðlag neyzluvaranna í landinu.

Það hagar víða svo til, að fjölfarnir þjóðvegir liggja þvert í gegnum kauptún og þorp, og það er auðvitað nauðsynlegt, að ríkið annist kostnað af slíkum vegum. En það hefur ekki alltaf legið laust fyrir. Kannske eitt bezta dæmið um slíkt er þjóðvegurinn í gegnum Selfoss, sem er einn fjölfarnasti þjóðvegur landsins og liggur þvert í gegnum mitt þorpið. Það er ekki hægt að ætlast til, að hreppsfélagið geti annazt þær framkvæmdir, sem gera þarf á þessum vegarkafla. Þar verður ríkið vissulega að koma til. En það er einnig nauðsynlegt, að ríkið styrki bæjar- og sveitarfélög til þess að gera varanlegar götur. Ekki sízt ef inn á þá braut verður farið, sem ég tel að hljóti að verða gert, að láta umferðina standa undir kostnaði við vegi, þá er ekki eðlilegt, að

ríkið taki til sín tekjustofnana, en láti bæjarfélögin standa undir öllum útgjöldum af sínum götum, og þetta þarf auðvitað að hafa í huga, um leið og um þetta mál er fjallað.

Ég álít, að þetta mál sé veigamikið, og þar sem gera má ráð fyrir því, að um þetta verði fjallað á næsta hv. Alþingi og það talið til hinna stærri mála, þá þætti mér það ekki óeðlilegt, að Alþingi kysi sjálft nefnd til þess að undirbúa þessi mál fyrir næsta hv. Alþingi. Ég vil þess vegna mæla eindregið með því, að brtt. á þskj. 511 verði samþykkt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hér er um stórmál að ræða, eins og sagt hefur verið, og hef ég hlustað á umræður manna. Ekki er að efast um það, að sumt af því, sem fram hefur komið, mætti telja til gagns. En aðalatriðið er það, sem till. fer fram á, að nú verði gerð gagngerð athugun á því, hvernig megi bæta úr okkar samgöngumálum, vegamálum.

Það er rétt, sem hv. tveir þm. úr stjórnarandstöðunni hafa sagt, að þessi mál þurfa að ganga með meiri hraða en verið hefur. En þó held ég, að ekki sé rétt að vanþakka það, sem gert hefur verið og áunnizt hefur á undanförnum árum, vegna þess að það má segja, að þjóðin, sem býr í svo miklu strjálbýli sem við gerum, hafi með undraverðum hætti lagt nothæfa vegi um þetta stóra land.

Ég tel, að með þessari tillögu sé stigið nýtt spor, sem geti markað tímamót í okkar vegamálum, og nauðsynlegt er og sjálfsagt, að þeir menn, sem valdir verða í þá nefnd, sem þessa athugun á að gera, verði starfi sínu vaxnir og leysi verkið þannig af hendi, að það megi verða raunhæft, styðjast við staðreyndir.

Hv. síðasti ræðumaður minntist hér á Keflavíkurveginn, nauðsynina á því að gera vegina, sem fjölfarnastir eru, úr varanlegu efni. Jú, þetta hefur oft verið sagt áður. En enginn hefur látið sér detta það í hug, þótt ríkisstj. hafi ákveðið það á s. l. hausti að byrja á því að leggja nýjan Keflavíkurveg, sem skyldi verða með slitlagi, að þessi vegagerð gæti komizt langt á þeim fáu mánuðum, síðan ákvörðun var tekin, og enn færri mánuðum, síðan byrjað var á þessu verki. Mér fannst gegna annaðhvort misskilnings eða ótuktarskapar í því, sem þarna var sagt, sérstaklega í garð vegamálastjóra, því að lýsingin á vinnubrögðunum var alls ekki þannig, að sæmandi væri fyrir vegagerð ríkisins að fara þannig að, ef rétt reyndist. Vegagerð ríkisins vantar vitanlega margs konar vegavinnuvélar, og steypugerðarvélar til vegagerðar á hún vitanlega ekki enn þá. En vegagerðin á vélar til þess að ýta upp grjóthrygg, eins og hv. ræðumaður orðaði það, sem ekki verður komizt hjá að gera, áður en slitlagið verður steypt, það efast ég ekki um, að hv. ræðumaður hefur gert sér ljóst, þar sem hann er verkfræðingur. En einmitt vegna þess að hann er verkfræðilega menntaður, ætti hann að vanda sitt mál nokkuð betur en hann gerði áðan, þegar hann talar um verklega framkvæmd eins og hér er um að ræða. Enn hafa ekki verið útvegaðar nema 10 millj. kr. til Keflavíkurvegar, og ég held, að vegamálastjóri hafi fullan áhuga á því að standa þannig að þessari framkvæmd, að sem bezt not og sem mest fáist fyrir það fé, sem til vegarins er varið. Það var ákveðið að vinna nokkuð að því í vetur að ýta upp undirstöðum undir veginn. Hvort það verður einnig gert í sumar eða eftir því sem fjárhagurinn leyfir notað það fé til þess að steypa ofan á það, sem ýtt hefur verið upp í vetur, það skal ég ekkert fullyrða um, en ég hygg þó, að það verði haldið áfram að ýta upp og leggja undirstöðuna að steypta veginum. Ég hygg, að vegamálastjóri hafi haldið þannig á þessum málum, frá því að byrjað var á því að ýta þarna upp, að það sé ekki ásökunarefni. Keflavíkurvegurinn, þegar hann er kominn, verður mjög dýr, kostar marga tugi milljóna króna, og verður vitanlega til þess að vanda.

Vegagerðina vantar enn ýmiss konar nauðsynlegar vélar, sem þarf að hafa, þegar farið verður að leggja vegi úr varanlegu efni. En ég get upplýst hér, að það er líka til athugunar í ríkisstjórninni og hjá vegamálastjóra um öflun þessara nauðsynlegu tækja, og hér er um merkileg þáttaskil að ræða, hvað þetta snertir, að nú hefur verið tekin ákvörðun um að byggja einn fjölfarnasta veg, Keflavíkurveginn, úr varanlegu efni, og vegamálastjóri hefur látið fara fram athugun á því, hvaða vegir það eru, sem nauðsyn ber til að gera úr varanlegu efni vegna umferðarinnar, þar sem upplýst er, að þegar umferðin er komin að vissu marki, þá er varla mögulegt að halda vegunum við, ef þeir eru eingöngu gerðir úr möl og sandi. Þetta er ljóst, og ég hygg, að allir hv. alþm. séu sammála um, að það sé nauðsynlegt að hefjast handa með meiri festu og meiri hraða en áður, enda þótt flest hafi verið vel gert áður, það þurfi að afla mikilla fjárupphæða í þessu skyni, og till. sú, sem hér um ræðir og verður samþ., megi leiða til þess, að það verði nú gerð heildarathugun á þessu máli og sú athugun leiði nú í ljós, að okkur verði fært að hefjast handa á nýjum grundvelli í vegagerð hér á landi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég fagna því, að það hefur orðið samkomulag í hv. fjvn. að mæla með þáltill., að hún verði samþ. nokkuð breytt, og þó að ágreiningur sé um það, hvernig eigi að skipa n., þá verður það ekki til þess að tefja þetta nauðsynjamál.

En það voru ummæli hv. 2. þm. Sunnl. (HB), sem gáfu mér tilefni til að segja hér nokkur orð. Það er sýnilegt, að hans sjóndeildarhringur nær skammt út fyrir það hérað, sem hann er fulltrúi fyrir, eftir því sem marka má af þeim ummælum, sem hann viðhafði hér, þar sem hann lagði alla áherzlu á það, að því fé, sem kynni að verða varið til vegamála í framtíðinni, yrði varið til þess að byggja upp vegi um hinar þéttbýlustu sveitir hér sunnanlands. Hann sagði m. a., að hér væri um 1000 km að ræða í landinu. Nú er vitað, að það eru yfir 6000 km akvegir í landinu, sem sýnir það, að hann sér ekki út fyrir sitt kjördæmi. En ég vil vænta þess, — og það er þess vegna, sem ég tók hér til máls, — að hvort heldur í n. verða valdir menn hér á Alþ. eða í hana verða

skipaðir menn af hæstv. ríkisstj., þá verði teknir menn í n. með öðrum hugsunarhætti en kom hér fram hjá hv. 2. þm. Sunnl., þ. e. a. s. menn með þeim hugsunarhætti að sjá eitthvað lengra en út fyrir einhvern ákveðinn hluta landsins.

Mér er það kunnugt sem margra ára formaður fjvn., að það voru sífelld átök um þessi mál í fjvn., hvort ætti að verja fénu til þess að byggja upp varanlega vegi hér í kringum Reykjavík eða sinna þeim verkefnum að koma sem flestum bæjum á landinu í vegasamband.

Nú er það vitað, að það getur enginn bóndi búið í landinu, nema því aðeins að geta komið heim á sinn bæ einhvers konar véltækni, einhverri vél, traktor eða jeppa, þótt ekki sé annað. Það er frumskilyrði til að halda sveitunum í byggð, að þangað sé hægt að koma vegum, og sú stefna varð ofan á og hefur verið ofan á hingað til að jafna þessum gæðum lífsins á milli þeirra, sem eru í fjölbýlinu, og hinna, sem eru í strjálbýlinu. Og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. hafi áhrif á þá menn, sem fara í þessa n., hvar sem þeir eru kosnir, að þeir haldi þessu sjónarmiði.

Hv. þm. talaði um, að það ætti að miða við umferðina á vegunum og leggja meira til þeirra vega, þar sem mest er umferðin. Hver væri umferðin um Suðurland, ef vegurinn væri skorinn í sundur, svo að ómögulegt væri að komast yfir torfærurnar? Hver væri hún þá? En þannig er ástatt um vegi víða annars staðar á landinu, þar sem ár eru óbrúaðar eða kaflar þannig, að ekki er hægt að komast yfir þá, og gerir það að verkum, að þar er engin umferð, af því að það er ekki sinnt þeim verkefnum að laga þá kafla. Ég vil t. d. benda á einn. Ár eftir ár hefur verið óskað eftir því hér, að veitt yrði nægilegt fé til þess að binda saman byggðina á milli Ólafsvíkur og Sands, sem er ekki nema ca. einn km. Umferð er þar engin á milli, af því að það er ekki hægt að komast yfir þennan kafla. Ef þar væri byggður vegur, mundi þar skapast mjög mikil umferð til mikilla hagsbóta fyrir Ólafsvík og fyrir Sand og fyrir allt Snæfellsnes. Og svona má víðar telja. Eða heldur hv. þm., að það sé ekki lítill baggi á þessum mönnum, sem verða að nota miklu meira í benzínkostnað og miklu meira í viðhaldskostnað bifreiða fyrir það að verða að draslast yfir vegleysur til þess að geta fengið eitthvað af þeim gæðum lífsins, sem látin eru í hendurnar á þeim mönnum, sem búa við fjölförnustu vegina í landinu? Ég held, að hann hefði ákaflega gott af því að sitja eins og eitt ár sjálfur á þessum stöðum til að kynnast ástandinu þar, og þá mundi hann tala allt öðruvísi um þessi mál.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég er ekki lítið undrandi yfir þeim undirtektum, sem mín hógværu orð hér áðan hafa fengið hjá hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ). Ég leyfði mér að benda á það, að ákvörðunin um að hefja framkvæmdir á Reykjanesveginum væri gott dæmi þess, hversu nauðsynlegt það væri að skipuleggja þessi mál til langs tíma, afla fullkominna tækja og gera einhverja áætlun, sem byggt væri á í þessum miklu framkvæmdum, sem hér eru fram undan. Þetta vildi hæstv. ráðh. túlka sem árás á vegamálastjóra frá minni hálfu, og auðvitað er ekkert fráleitara. Ég get nefnilega trúað hæstv. ráðh. fyrir því, að mér er fyllilega kunnugt um það, að vegamálastjóri hefur einmitt nákvæmlega sömu skoðanir í þessu efni. Skal ég svo ekki orðlengja það meira.

En í tilefni af ummælum hv. 1. þm. Vestf., sem lét svo ummælt, að mín sjónarmið í þessum málum virtust ekki ná lengra en í kringum minn eigin bústað, þá vil ég segja það, að ég hef alla tíð verið því hlynntur, og mínir flokksmenn hafa gengið fram fyrir skjöldu í því að reyna að koma á bættum samgöngum víða um land. En það þýðir ekki það, að ég vilji loka augunum fyrir þeirri staðreynd, hversu gífurlega það kostar þjóðfélagið mikið fé að hafa vegina svo slæma eins og þeir eru, þar sem þeir eru fjölfarnastir. Ég nefndi nokkrar tölur hér áðan, og ég skal ekki endurtaka þær, en það er alveg ljóst af því, sem ég þá sagði, og menn geta fengið staðfestingu á því með því að líta í ýmis opinber gögn um þau mál, að það kostar okkur tugi milljóna í auknu viðhaldi á farartækjum okkar, hvað vegirnir eru slæmir. Auðvitað er það alvarlegt út af fyrir sig, að þeir skuli vera slæmir, þar sem þeir eru ekki mjög fjölfarnir. En það hljóta þó allir að sjá, að alvarlegast er það, þar sem vegirnir eru fjölfarnastir, og það er ekki sama, hvort það eru þúsund bílar á dag, sem hristir eru í sundur af slæmum vegum, eða hvort það eru 5 eða 10 bílar á dag.

Um það, hvort akfærir vegir séu 6 þús. eða 10 þús. km, skal ég ekki deila við hv. 1. þm. Vestf. Vegamálastjórnin hefur nýlega gefið út skýrslu um það efni, sem er líklega rétt fyrir okkur báða að líta í.

Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar.

ATKVGR.

Brtt. 511 felld með 21:18 atkv.

— 510 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 611).

13. Rannsókn á magni smásíldar.

Á deildafundum 12. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á magni smásíldar hér við land [132. mál] (A. 193).

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. og 34. fundi í Sþ., 18. og 25. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Ég flyt tillögu þessa á þskj. 193 ásamt hv. 5. landsk. þm. Tillagan fjallar um það að fela ríkisstj. að láta rannsaka eftir föngum magn smásíldar hér við land og hversu mikið megi af henni veiða án þess að rýra heildarafrakstur íslenzku síldarstofnanna. Jafnframt verði athugað, á hvaða stöðum og hvaða árstímum sé unnt að hagnýta smásíldina til niðursuðu.

Eins og kunnugt er, hafa síldveiðar verið einn af meginþáttum íslenzks sjávarútvegs. Vegna aflabrests á síðari árum, eða allt frá 1945, hefur hlutur síldarafurðanna í þjóðartekjunum heldur farið minnkandi. En þrátt fyrir þá staðreynd gefa síldveiðarnar þó þjóðarbúinu drjúgar tekjur, og miklar vonir starfandi manna um land allt eru við það bundnar, að þær eigi eftir að aukast.

Að undanförnu hefur athygli útgerðarmanna og sjómanna beinzt að því í ríkara mæli en áður, að finna þurfi leiðir til betri hagnýtingar síldaraflans og þá sérstaklega með aukinni niðursuðu. Þá hefur verið að því unnið að afla markaða erlendis fyrir hraðfrysta síld.

Hér á hv. Alþ. hefur nokkrum sinnum verið vikið að þessum málum, og leyfi ég mér sérstaklega að minna á ályktun Alþ. um niðursuðu sjávarafurða, sem samþykkt var að tilhlutan fjvn. á árinu 1955. Í grg. fyrir till. fjvn. kemur fram, að sérstaklega er átt við niðursuðu síldar. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi hv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að kveðja til þess sérfróða menn að athuga gaumgæfilega, með hverjum hætti verði komið upp hér á landi fullkominni niðursuðu á sjávarafurðum til útflutnings. Ríkisstj. rannsaki jafnframt, hvernig ríkið geti greitt götu þeirra aðila, einstaklinga eða félaga, sem stofna vilja til slíks iðnaðar. Þess er vænzt, að ríkisstj. hraði, svo sem unnt er, athugunum og framkvæmd í máli þessu. Kostnaður af athugunum þeim, sem í þál. felast, greiðist úr ríkissjóði."

Meðal annars í samræmi við þessa ályktun Alþ. hafa nokkrar athuganir farið fram á því, hvernig unnt væri að efla niðursuðuiðnaðinn. Er skemmst að minnast komu norska verkfræðingsins hingað til lands á s. l. sumri, sem hér starfaði á vegum Iðnaðarmálastofnunarinnar. Gerði hann athuganir á ástandi og framtíðarhorfum niðursuðuiðnaðarins, jafnframt því sem hann leiðbeindi einstökum verksmiðjum varðandi tæknileg vandamál í niðursuðu. Verkfræðingurinn skilaði allýtarlegu áliti, sem hv. alþm. hafa meðal annars átt kost á að kynna sér.

Margt virðist benda til þess, að niðursuða síldar eigi eftir að aukast til stórra muna hér á landi. Að sjálfsögðu mun þróunin fara eftir því, hvernig tekst til um fjáröflun í því skyni, og markaðshorfum á hverjum tíma. Á þessu sviði atvinnulífsins höfum við Íslendingar bezta hráefnið, sem fáanlegt er, og smám saman mun íslenzkur niðursuðuiðnaður afla sér þeirrar þekkingar og tækni, sem nauðsynleg er til þess að framleiða úrvalsvöru.

Veiði smásíldar hefur til langs tíma verið stunduð hér við land og einkanlega á Eyjafirði. Hefur langmestur hluti aflans farið í bræðslu og þá oftast nær fyrir mjög lágt verð. Veiðar þessar hafa allmikið verið gagnrýndar, en þó sérstaklega nú upp á síðkastið. Tvennt hafa menn fundið þessum veiðum til foráttu. Í fyrsta lagi, að síldarstofninum stafaði af þeim hætta, þar sem um ungviði væri að ræða, oft ekki nema 2—3 ára gamla síld, sem veidd væri á uppeldisstöðvum sínum, en fiskifræðingar telja fullvaxna norðurlandssíld vera 8—12 ára gamla, væri því um fullkomna rányrkju að ræða, sem hlyti að hefna sín fyrr en síðar. Í öðru lagi, að veiði smásíldarinnar einvörðungu til bræðslu gefi svo lítið í aðra hönd, að sjálfsagt sé að hagnýta hana með öðrum hætti, svo sem sjóða hana niður. Hefur í þessu sambandi verið á það bent, að Norðmenn sjóði niður þúsundir lesta af smásíld árlega, sem seldar eru svo á erlendum mörkuðum.

Vorið 1959 skipaði atvmrh. nefnd þriggja manna til að gera áætlanir um stofnkostnað og rekstur hæfilegrar niðursuðuverksmiðju á Akureyri, er einkum væri ætlað að nýta þá smásíld, sem veiddist í Eyjafirði. Nefndarmenn voru þeir Sigurður Pétursson gerlafræðingur, Jakob Jakobsson fiskifræðingur og Albert Sölvason, Akureyri. Skiluðu þeir mjög ýtarlegu áliti. Um smásíldina í Eyjafirði segir í nefndarálitinu á bls. 2, sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta: „Alls voru tekin til rannsókna 18 sýnishorn smásíldar og í hverju þeirra frá 100—200 síldar. 14 sýnishornanna voru tekin á tímabilinu frá 26. maí 1959 til 10. janúar 1960. Hin höfðu verið tekin á árunum 1958, 1953 og 1949. Rannsóknir á þessum sýnishornum leiddu í ljós, að smásíld sú, sem veidd var í Eyjafirði vorið og sumarið 1959 og fór þá í niðursuðu, var að langmestu leyti sumargotsíld frá 1957, þ. e. a. s., að hún var tveggja ára á sumrinu 1959. Rannsóknir á sýnishornunum 1949, 1953 og 1957 sýna, að þá var sumargotsíld einnig í meiri hluta, einkum á meðal síldar innan við tveggja ára aldur. Í stærri síldinni ber hins vegar nokkuð meira á vorgotsíld. Þær niðurstöður, sem draga má af þeim gögnum, sem fyrir liggja, benda því eindregið til þess, að smásíldin, sem notuð er til niðursuðu, sé að mestu leyti tveggja ára sumargotsíld. Hrygningarstöðvar sumargotsíldarinnar eru mjög víða við strendur landsins, en meginmagnið mun þó oftast hrygna við Suður- eða Suðvesturland. Sum árin, eins og t. d. 1957, hrygndi síld norður á Húnaflóa í ágústmánuði. Þó verður að gera ráð fyrir, að smásíldarveiðar í Eyjafirði séu aðallega háðar hrygningu sumargotsíldarinnar við Suðurland, og þar með eru þær einnig háðar öllum þeim öðrum þáttum í umhverfi síldarseiðanna, sem hafa úrslitaáhrif á styrkleika árganganna og göngur þeirra fyrsta hluta æviskeiðsins. Er hér einkum átt við strauma og hitastig sjávarins, magn svifdýra og plantna, veðurfar o. fl. Það er því ljóst, að sveiflur í magni smásíldarinnar geta gefið mjög mikilsverða vitneskju um væntanlegar sveiflur í magni hafsíldarinnar nokkrum árum síðar, svo að frekari smásíldarrannsóknir eru ekki einungis nauðsynlegar vegna væntanlegs niðursuðuiðnaðar, heldur einnig vegna allra síldveiða okkar."

Enn fremur segir á bls. 7 í sama nál. undir fyrirsögninni „Smásíldarmagn og hámarksafli", en þann kafla leyfi ég mér að lesa, hann er stuttur, með leyfi hæstv. forseta:

„Því miður eru smásíldarrannsóknir Íslendinga svo skammt á veg komnar, að ekki er unnt að ákvarða með neinni nákvæmni stærð síldarstofnsins. Til þess að gera sér einhverja grein fyrir þeirri hámarksveiði smásíldar, sem ekki geti skaðað stofninn, verður að styðjast við þau gögn, sem til eru, þótt ófullnægjandi séu. Sennilegt er, að íslenzku síldarstofnarnir séu nú ca. 1—5 millj. smálesta, og er sú staðhæfing fyrst og fremst byggð á endurheimtu síldarmerkja miðað við aflamagn. Verður þá að gera ráð fyrir, að hver árgangur vegi á 5—10 ára aldri 200 þús. til 1 millj. smálesta. Tveggja ára gamall mundi slíkur árgangur vega ⅕ þyngdar fullvaxna árgangsins, eða 40 þús. til 200 þús. lestir. Þar eð tölur þessar eru sennilega fremur of lágar en of háar, virðist hættulaust að veiða allt að 300 lestir af smásíld á ári. Þessu til stuðnings skal þess getið, að endurheimtur síldarmerkja þeirra, sem merkt var með á Akureyrarpolli s. l. haust, benda til, að þá hafi verið 10 þús. til 30 þús. lestir af tveggja ára síld í Eyjafirði einum. Er ólíklegt, að þar hafi verið nema lítill hluti allrar ungsíldar við Ísland, þar eð vitað er um ýmsar aðrar mikilvægar uppeldisstöðvar við landið. Gerlegt væri að fá úr þessu skorið með allsherjarrannsókn á smásíldarmagninu með bergmálsdýptarmælum og veiðitilraunum.

Það, sem að framan hefur verið sagt, á aðeins við um veiðiþol stofnsins. Hins er enn ógetið, hvort smásíldarveiðar eru æskilegar frá hagrænu sjónarmiði. Er því til að svara, að sé miðað við útflutningsverðmæti, eru smásíldarveiðar í þágu niðursuðuiðnaðarins tvímælalaust æskilegar. Hins vegar er mjög vafasamt, hvort æskilegt er að veiða smásíld í bræðslu. Með aukinni veiðitækni er veiði stórsíldar að verða svo örugg, að sennilega verður beint tap af smásíldarveiðinni í bræðslu eftir nokkur ár, enda þótt ekki sé gert ráð fyrir ofveiði. Því er nauðsynlegt, að gefin verði út reglugerð um bann á veiði smásíldar til bræðslu.“

Eins og fram kemur í nefndu áliti kunnáttumanna, eru smásíldarrannsóknir okkar Íslendinga enn skammt á veg komnar. Með þeirri tækni, sem nú er unnt að beita, er hægt að fá nánari upplýsingar um hagi smásíldarinnar og þar með hvers þurfi að gæta í sambandi við veiði hennar. Um þetta hef ég rætt við Jakob Jakobsson fiskifræðing, og telur hann rannsókn nauðsynlega og auðvelt að framkvæma hana, ef fé er fyrir hendi. Við flutningsmenn tillögu þessarar teljum, að hér sé um svo mikið hagsmunamál íslenzks sjávarútvegs að ræða, að sjálfsagt sé að láta þær athuganir sem fyrst fara fram, sem tillaga þessi fjallar um.

Varðandi síðari mgr. till., að jafnframt verði athugað, á hvaða stöðum og á hvaða árstímum sé unnt að hagnýta smásíldina til niðursuðu, vil ég taka fram, að vitað er um smásíld víðar en í Eyjafirði, eins og t. d. í Ísafirði og Skagafirði. Um þetta þarf að fá upplýsingar, enda bendir norski sérfræðingurinn, sem ég gat um áðan, á það í skýrslu sinni.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska eftir því, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 193, n. 468).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Fjvn. leitaði umsagnar Fiskifélagsins um till. og fiskideildar atvinnudeildar háskólans. Mæla báðir þessir aðilar með samþykkt hennar. Þar sem báðar umsagnirnar eru mjög stuttar, vil ég lesa þær, með leyfi hæstv. forseta.

Það er álit Fiskifélags Íslands:

„Við höfum haft til athugunar bréf hv. fjvn., dags. 2. f. m., þar sem óskað er umsagnar um till. til þál. um rannsókn á magni smásíldar hér við land. Teljum við mikilvægt, að athuganir þær, sem till. gerir ráð fyrir, verði framkvæmdar, þar sem hér er um að ræða þýðingarmikið atriði, bæði að því er snertir síldveiðarnar og hagnýtingu smásíldarinnar.“

Undirritað af Davíð Ólafssyni.

Umsögn fiskideildarinnar:

„Fiskideildin hefur mótttekið bréf fjvn., dags. 2. febr. s. l., varðandi þáltill. um rannsókn á magni smásíldar hér við land. Ekki er vafamál, að hér er um þýðingarmiklar undirstöðurannsóknir að ræða. Má telja mjög hæpið að leggja út í stórfellda nýtingu smásíldar, án þess að könnuð sé til hlítar stærð smásíldarstofnsins, dánartala hans og hugsanleg áhrif þessara veiða á stórsíldarstofninn. Teljum því umrædda þáltill. hina æskilegustu. Er eðlilegt, að rannsóknir á smásíldinni komi sem hluti af hinni kerfisbundnu rannsókn fiskideildarinnar, og verður þessum rannsóknum bezt sinnt með aukningu á rannsóknarfé stofnunarinnar, svo og auknum mannafla. Nú sem stendur er aðeins einn sérfræðingur í síldarrannsóknum hérlendis. Er nauðsynlegt að bæta við a. m. k. einum sérfræðingi við rannsóknir þessar, og mun maður þá vera tiltækilegur innan tveggja ára.“

Undirritað af Jóni Jónssyni.

Fjvn. hefur orðið sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 612).

---

14. Skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um undirbúning löggjafar um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga [51. mál] (A. 53).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Með till. þeirri, sem hér liggur fyrir á þskj. 53, er lagt til, að Alþ. skori á ríkisstj. að láta undirbúa heildarlöggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

Í íslenzkum lögum eru til ýmis einstök lagaákvæði um skaðabótaábyrgð af hálfu hins opinbera, t. d. ákvæði um bætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, og ýmis önnur atriði slíks efnis er að finna í sérlögum. Hins vegar er það svo, að varðandi þessa bótaábyrgð hefur í meginefnum verið stuðzt bæði hér á landi og á öðrum Norðurlöndum við grundvallarreglur skaðabótaréttarins, og hefur myndazt í þessu efni ýmiss konar dómspraksis, sem stuðzt hefur verið við. Heildarlöggjöf um þetta mál hefur hins vegar skort, og með vaxandi afskiptum hins opinbera af margvíslegum málum í þjóðfélaginu verður meiri þörf á því, að til sé einhver slík löggjöf.

Það, sem hér er fyrst og fremst átt við með löggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga, er, að ákveðið verði, að hve miklu leyti ríkið skuli vera bótaskylt og sveitarfélög fyrir mistök opinberra starfsmanna í sambandi við þeirra störf. Í þessu efni eru ýmis atriði, sem koma til greina, lögfræðilegs eðlis, sem ágreiningur hefur verið um, t. d. á Norðurlöndum, þar sem þetta mál hefur verið allmikið athugað, og hirði ég ekki að fara út í þau efni í einstökum atriðum, þar sem það er algerlega fræðilegs eðlis. Hins vegar er það viðurkennt af þeim, sem um þessi mál hafa fjallað í hinum Norðurlöndunum, að reglur um þetta efni er nauðsynlegt að setja, og hefur einkum verið ágreiningur um það, að hve miklu leyti skuli gera kröfu til þess, að þar sé um að ræða vísvitandi mistök af hálfu hinna opinberu starfsmanna, eða hvort aðeins nægir að sanna, að þar hafi verið um gáleysisverk að ræða og að beint tjón hafi orðið af þessum sökum. Það eru einkum þessi atriði, sem enn er ekki orðið samkomulag um á hinum Norðurlöndunum í sambandi við slíka löggjöf.

En auk þess að setja reglur um það, hvenær bótaskylda sé fyrir hendi eða bótaréttur, þegar mistök verða hjá opinberum starfsmönnum í framkvæmd starfa þeirra, þá eru einnig ýmis önnur atriði, sem hér koma til greina og eru þess eðlis, að þau hafa mjög mikla fjárhagslega þýðingu að sjálfsögðu bæði fyrir einstaklingana og einnig hið opinbera, hvernig á er litið. Ég skal nefna aðeins sem dæmi atriði, sem hefur stundum borið á góma hérlendis, en það er, að hve miklu leyti t. d. vegamálastjórnin og þar af leiðandi ríkissjóður er ábyrgur fyrir því, að það séu skemmdir á þjóðvegum eða gallar í vegagerð, sem valdi þeim tjóni, sem um vegina fara.

Við þekkjum einnig dæmi, sem er nýlegt, um annað atriði, sem snertir skaðabótaskyldu ríkis og sveitarfélaga — í þessu tilfelli ríkisins. Menn muna gerla eftir gerðardómi, sem féll á s. l. ári út af því, að breytt hafði verið brúarstæði, sem ákveðið hafði verið í skipulagsuppdrætti. Um þetta féll dómur á þann veg, að það var talið, að ríkissjóði væri skylt að bæta það, sem þarna hefði gerzt, þessa breyt., sem gerð hafði verið. Hér er að sjálfsögðu um atriði að ræða, sem getur haft geysilega þýðingu og valdið ríkissjóði stórfelldri skaðabótaábyrgð, ef það er ekki gerð grein fyrir því, hverjar afleiðingarnar verða af slíkum breytingum. Vitanlega hefur þessi úrskurður verið felldur á grundvelli hins almenna skaðabótaréttar í þessu efni, og gerðardómurinn komst að þeirri niðurstöðu, að hér væri um atriði að ræða, sem eðlilegt væri að viðkomandi aðila yrði bætt, þar sem hann hefði orðið fyrir tjóni vegna breytinga á þessari stjórnarathöfn.

Það var enn fremur umdeilt atriði annað mál, og vafalaust geta komið fyrir fleiri slík tilfelli, þegar um er að ræða breyt. á skipulagsuppdráttum í kaupstöðum. Að vísu hafa ekki risið mörg mál af slíkum sökum. Þó eru þess dæmi, og það er vel hægt að ímynda sér, að slík bótakrafa kynni að koma fram og jafnvel af dómstólum vera talið eðlilegt, að einstaklingar kynnu að eiga skaðabótarétt, ef breytt væri áður staðfestum byggingarsamþykktum eða skipulagsuppdráttum, sem viðkomandi einstaklingur hefði byggt ákveðnar aðgerðir sínar á.

Það eru því margar hliðar á þessu máli. Ég skal ekki segja, að hve miklu leyti talið sé eðlilegt, að slík skaðabótalöggjöf nái til allra þessara atvika. Eins og ég áðan sagði, þá hefur verið fyrst og fremst á Norðurlöndunum talað um að setja reglur varðandi bætur í sambandi við mistök, sem verða af hálfu opinberra starfsmanna. En að sjálfsögðu koma einnig atriði sem þau, er ég áðan nefndi, til greina í þessu efni. Ég skal ekki heldur fella neinn dóm um það, að hve miklu leyti rétt er að veita slíkan skaðabótarétt eða ekki, það verður að sjálfsögðu að metast hverju sinni. En það er auðvitað nauðsynlegt, að bæði einstaklingarnir í þjóðfélaginu og einnig hið opinbera geri sér þess fulla grein við hverja einstaka athöfn, hvaða þýðingu hún getur haft og hvaða dilk hún getur dregið á eftir sér í þessu efni.

Frumvörp um þetta mál, skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga, hafa verið undirbúin á hinum Norðurlöndunum, og þetta mál hefur verið til meðferðar í Norðurlandaráði að undanförnu og verið athugað einnig í svokallaðri níu manna nefnd Norðurlandaráðs í löggjafarmálum. En niðurstaða er enn ekki fengin varðandi ýmis grundvallaratriði málsins, þó að frumvörp hafi verið um þetta samin í hinum Norðurlöndunum. Það sýnist vera fullkomlega tímabært, að Ísland undirbúi einnig að sínu leyti slíka löggjöf. Og þar sem margvíslegar rannsóknir og undirbúningsvinna hefur verið unnin í hinum Norðurlöndunum í þessu efni, þá er ekki að efa, að það muni vera auðvelt fyrir ríkisstj. að fá afnot af þeim athugunum, plöggum og skýrslum, sem um málið hafa verið gerðar þar. Það sýnist eðlilegt, miðað við það nána samstarf og aukin samskipti, sem eru á milli Norðurlandanna og hafa raunar lengi verið í löggjafarmál-

um, að slík löggjöf verði byggð á svipuðum grundvallaratriðum á öllum Norðurlöndunum, og því sé skynsamlegt, eins og gert er ráð fyrir í þessari till., að það verði höfð hliðsjón af þeirri löggjöf, sem þar hefur verið undirbúin og þar verður væntanlega sett um það efni. Það kann hins vegar vel að vera auðvitað, eins og í öllum slíkum greinum, að það geti verið einhverjar séraðstæður hér, sem þurfi að taka til greina, og þá verður það að sjálfsögðu að athugast, því að fyrst og fremst verður auðvitað að miða við íslenzkar aðstæður, þó að hliðsjón sé höfð af hinni norrænu löggjöf að öðru leyti.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. þm. geti verið mér sammála um, að það sé eðlilegt, að löggjöf sem þessi verði undirbúin, og geti því fallizt á að samþykkja þá till., sem hér um ræðir. En ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að umr. verði frestað og till. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 53, n. 509).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar og umr. till. á þskj. 53, um undirbúning löggjafar um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga. N. er sammála um að mæla með samþykkt hennar. Þar sem flm. flutti mjög ýtarlega og greinargóða ræðu um mál þetta við framsögu málsins, sé ég ekki ástæðu til þess að fara um það fleiri orðum.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 613).

15. Löggjöf um ferðamál.

Á deildafundum 24. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um auknar gjaldeyristekjur af ferðamannaþjónustu [66. mál] (A. 72).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í þáltill. þeirri á þskj. 77, sem hér er til umr., er skorað á ríkisstj. að láta rannsaka í samráði við ferðaskrifstofu ríkisins, hverjar ráðstafanir sé hægt að gera til þess að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar af ferðamannaþjónustu, svo og að gera viðeigandi ráðstafanir að rannsókn lokinni. Meðal annars sé rannsakað:

1) Hvernig hægt er að efla starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins.

2) Með hverjum hætti hægt er að auka landkynningu erlendis.

3) Hvort hægt er að bæta úr gistihússkortinum hér yfir sumarmánuðina með því að búa heimavistarskólana viðeigandi húsgögnum og nota þá sem gistihús yfir sumarið.

4) Hvernig stuðla má að því, að reist verði og starfrækt hressingar- og heilsuhæli við hverasvæðin.

Ég hygg, að flestir landsmenn séu sammála um það, að æskilegt væri að auka hingað straum erlendra ferðamanna og gera móttöku og fyrirgreiðslu ferðamanna að arðvænlegri atvinnugrein hér á landi, svo sem er í mörgum öðrum löndum. Ég býst við, að fordómar þeir, sem áður gætti stundum gegn því að gera Ísland ferðamannaland, séu að mestu horfnir úr sögunni. Menn eru almennt ekki lengur hræddir við það, að tungu okkar og þjóðerni stafi hætta af heimsóknum erlendra ferðamanna. Á hinn bóginn eru atvinnuvegir okkar of fábreyttir, þeir þurfa að verða fjölbreytilegri. Þá verður afkoma þjóðarinnar tryggari og minni sveiflum háð. Og alveg sérstaklega er okkur þörf á gjaldeyrisaflandi atvinnuvegi. Það er ferðamannaþjónustan. Af henni hafa margar þjóðir, t. d. frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, drjúgar og vaxandi gjaldeyristekjur, því að með bættum samgöngum og auknum samskiptum þjóða í milli hefur atvinnugrein þessi, ferðamannaþjónusta, mjög færzt í aukana.

Ísland á ekki langa sögu að baki sem ferðamannaland. Það var lengst af einbúinn í Atlantshafi, langt frá öðrum þjóðum. Fjarlægðin, hinar miklu vegalengdir, var öldum saman þrándur í götu fyrir heimsóknum erlendra ferðamanna, svo að nokkru næmi. Á þessu er orðin breyting. Ný samgöngutækni, bættar samgöngur hafa að verulegu leyti rutt þessari hindrun úr vegi, og yfir Ísland liggur nú loftleiðin heimsálfa í milli. Ferðalög útlendinga til landsins hafa einnig aukizt talsvert á síðari árum, og s. l. sumar t. d. komu hingað til lands fleiri ferðamenn erlendir en nokkurt annað sumar áður, enda voru þá haldin hér mjög mörg mót, einkum Norðurlandamanna, svo sem alkunnugt er. Þó að stefnt hafi þannig að vísu í rétta átt í þessum efnum, skortir mikið á, að við höfum t. d. haldið til jafns við frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, sem hafa stórum aukið tekjur sínar af ferðamannaþjónustu. Það hefur lítil framför átt sér stað hér á landi á þessu sviði.

Við höfum ekki sinnt ferðamálunum sem skyldi. Það er langt frá því, að við höfum fullnýtt þá möguleika til gjaldeyrisöflunar, sem eru fyrir hendi í þessu sambandi, ef rétt er á haldið. Deyfðin í ferðamálunum á sér sjálfsagt sínar orsakir. Í fyrsta lagi má geta þess, að við höfum verið svo önnum kafnir við önnur viðfangsefni margvíslegrar uppbyggingarstarfsemi hér í landinu. Í öðru lagi má nefna það, að að óbreyttum ástæðum í þessum efnum hefur naumast með góðri samvizku verið hægt að hvetja menn til Íslandsferðar í stærri stíl vegna hótelvandræðanna, sem hér hafa verið. Og

í þriðja lagi var gengisskráningin útlendingum óhagstæð lengi vel, þannig að ferðalög hér á landi urðu þeim tiltölulega dýrari en annars staðar. Með gengislækkuninni s. l. vetur varð breyting á þessu, og eftir því sem mér er tjáð, mun ekki vera öllu dýrara fyrir útlendinga að dveljast hér á landi og ferðast hér á landi en t. d. á hinum Norðurlöndunum. En í gistihúsmálunum er nokkur úrbót væntanleg á næstunni, svo sem kunnugt er. Aðstaðan til móttöku erlendra ferðamanna mun þannig fara batnandi.

Við flm. þessarar þáltill. erum sannfærðir um, að skilyrði séu til þess að gera Ísland að eftirsóttu ferðamannalandi, ef rétt er á haldið. Við teljum sjálfsagt að gera það og afla þjóðinni verulegra gjaldeyristekna með ferðamannaþjónustu og gera móttöku og fyrirgreiðslu erlendra ferðamanna að arðsamri atvinnugrein. Ferðamannaþjónustan skapar ótrúlega mörgum atvinnumöguleika og tekjur, svo sem gistihúsum, matsölustöðum, samgöngutækjum og verzlunum, auk þess markaðar, sem vinnst fyrir innlendar afurðir. En það er jafnframt ljóst, að ef á að stórauka ferðamannastrauminn hingað til lands á næstu árum og gera Ísland að eftirsóttu ferðamannalandi og auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar af erlendum ferðamönnum, verður að taka öll ferðamálin hér til gagngerrar endurskoðunar og athugunar. Það verður að gera í þeim efnum stórt og myndarlegt átak. Og eins og í grg. með þessari þáltill. segir, þá er þessi till. einmitt flutt í því skyni að koma af stað hreyfingu í þá átt. Það er í till. bent á nokkur atriði, sem taka þurfi sérstaklega til athugunar. Sú upptalning er vitaskuld á engan hátt tæmandi, þar hljóta ýmis fleiri atriði að koma til athugunar.

Þau atriði, sem sérstaklega er bent á, eru þessi:

Í fyrsta lagi, að athuga þurfi, hvernig hægt er að efla starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins. Ferðaskrifstofa ríkisins starfar samkv. lögum frá árinu 1936. Þar er henni fengið mjög viðtækt verkefni. Hún skal starfa að því að veita fræðslu um landið, utanlands og innan, með fræðsluritum og útvarpserindum, fyrirlestrum, kvikmyndum, auglýsingum og á annan hátt, með það fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, og hefur hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

Ferðaskrifstofan hefur óefað gert mikið gagn á þessum árum, sem hún hefur starfað. En geta hennar hefur lengst af verið mjög takmörkuð. Fjárveitingar til hennar hafa lengst af verið mjög naumar. Hún hefur að vísu sjálf nokkuð bætt úr þeim fjárskorti með því að afla sér tekna með t. d. sölu minjagripa og öðrum ráðum. En það er ljóst, að ef ferðaskrifstofan á að geta sinnt verkefnum sínum, þarf að efla hana. Það þarf að auka fjárráð hennar. Þar með er ekki sagt, að ekki komi til greina annað skipulag þessara mála en nú er. Í því sambandi má geta þess, að það mun hafa verið fyrir eitthvað 5 eða 6 árum, sem hér á Alþ. var flutt frv. um ferðamál og landkynningu, þar sem gert var ráð fyrir því, að sett yrði önnur yfirstjórn á þessi mál en nú er, — sett upp, ef ég man rétt, ferðamálaráð, sem skipað skyldi af aðilum, sem talið var að ættu sérstakra hagsmuna að gæta í sambandi við ferðir erlendra ferðamanna, og enn fremur var gert ráð fyrir því í því frv., að afnuminn yrði einkaréttur ferðaskrifstofunnar til þess að taka á móti erlendum ferðamönnum. En eins og kunnugt er, höfum við orðið þó nokkrar ferðaskrifstofur hér á landi. Þær eru býsna duglegar í því að standa fyrir ferðum Íslendinga til útlanda, og ég vil sízt lasta það, því að auðvitað er Íslendingum nauðsynlegt að ferðast. En niðurstaðan er sú, að það er ákaflega mikill og stór halli af þessum gjaldeyrisviðskiptum, ferðamannaviðskiptunum, að Íslendingar eyða miklu meira af erlendum gjaldeyri í ferðalög en þeir fá aftur til baka af ferðamönnum, sem koma hingað til landsins. Það er einmitt líklegt, að það þurfi að semja og setja nýja löggjöf um ferðamálin, hvernig sem skipulag á þeim annars verður.

Í öðru lagi er bent á það í þessari þáltill., að það, sem sérstaklega þurfi að taka til athugunar, er, með hverjum hætti sé hægt að auka landkynningu erlendis. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, það er flestum kunnugt, að þekkingu á Íslandi í útlöndum er sorglega áfátt. Þekkinguna þarf auðvitað að auka. Ferðaskrifstofan mun nú hafa gerzt aðili að sameiginlegri landkynningarstarfsemi Norðurlandanna í öðrum löndum, og með þeirri ráðstöfun ætti að vera opnuð greiðfærari leið en áður til þess að koma við landkynningu. Landkynningu má reka með ýmsum hætti, ég vil sérstaklega nefna það áhrifamikla tæki, kvikmyndirnar, og enn fremur auðvitað með bókum. Og ég vil geta þess, að ég hef orðið þess var, að útlendingar, sem hingað hafa komið, hafa einmitt kvartað sérstaklega um það, að þegar þeir hafa farið að spyrjast fyrir um það í sínu heimalandi, hvort ekki væri hægt að fá einhverjar bækur um Ísland, þá hefur þeim ekki tekizt það og það hefur ekki verið hægt að benda þeim á slíkar bækur, nema þá mjög gamlar og úreltar bækur um það efni. Úr þessu þarf auðvitað að bæta. Það er ekki nóg að hafa bæklinga um þetta efni á boðstólum hér heima, heldur þurfa þeir að vera á boðstólum í útlöndum. En það er alveg víst, að landkynninguna þarf að auka og ekki aðeins landkynningu í þröngri merkingu, heldur líka kynningu á menningu þjóðarinnar og atvinnuvegum, og það sjá allir, hvílíkt gagn getur af því hlotizt.

Þá er í þriðja lagi bent á það atriði í þessari þáltill., sem sérstaklega þarf athugunar við, það eru gistihúsvandræðin, sem verið hafa hér. En þó að nokkuð rætist úr í þeim efnum á næstunni, þá verður enn þar við vandræði að etja, ef ferðamannastraumurinn hingað ætti að aukast eitthvað verulega. Og vandræðin stafa sérstaklega af því, að ferðamannastraumurinn hingað kemur alltaf til með að vera á tiltölulega skömmum tíma yfir sumarmánuðina. Það er ekki hægt að ætlast til þess og ekki gerlegt, að það sé hægt að byggja sérstök gistihús til þess að starfa þannig 3—4 mánuði á ári. En það stendur einmitt þannig á, að á þessum tíma standa auð hús, skólahús, sem

vel sýnist að mætti nota í þessu skyni, og það er líka reyndar svo, að það hefur verið gert. Mörg skólahús, t. d. heimavistarskólar, eru rekin sem gistihús. En sannleikurinn er sá, að þeir eru flestir hverjir þannig úr garði gerðir að því er búnað húsgagna og annan frágang snertir, að þeir eru ekki vel fallnir til þess að vera gististaður fyrir útlendinga. Ef á að gera þá að gististöðum fyrir útlendinga, þarf að kosta meira til um búnað þeirra og húsgögn. Það er samt sem áður gleðileg staðreynd, að það er hægt að benda á ánægjulega undantekningu í þessu efni, að hægt er að benda á einmitt fordæmi, og það er Bifröst í Borgarfirði. Það hygg ég, að sé almannarómur, að það sé fyrsta flokks gistihús og hverjum og einum boðlegt. En þar er jafnframt skóli, eins og flestir vita. Ég hygg, að það mætti miklu víðar koma upp gistihúsum í skólahúsnæði með svipuðum hætti. En þá held ég, að það verði einhver aðili að vera, sem hefur það hlutverk sérstaklega að búa skólana að húsgögnum einmitt í þessu skyni, vegna þess að það er ekki líklegt, að það geti saman farið, að sömu húsgögnin séu notuð, meðan skólarnir eru reknir sem hótel og meðan þeir eru svo aftur reknir sem skólar. En þetta atriði held ég að þurfi alveg sérstaklega að athuga, og ég hef trú á því, að þarna sé einmitt leiðin til þess að leysa gistihúsvandræðin. Það hefur þegar verið nokkuð gert í þeim efnum, en það vantar samt visst átak þar.

Fjórða atriðið, sem bent er þarna á, er mjög merkilegt atriði. Það er spurningin um það, hvernig stuðla megi að því, að það verði reist heilsu- og hressingarhæli við hveri og laugar, en það munu flestir vera á því, að þar eiga Íslendingar miklar heilsulindir. Sumir áhugamenn hafa lagt vinnu í að láta athuga þetta, en af opinberri hálfu held ég að hafi verið gert of lítið í því efni. Þetta þarf að athuga. En eins og ég sagði áðan, verða það vitaskuld mörg önnur atriði, sem þarf að athuga í sambandi við þetta mál, þó að sérstaklega sé í þessari þáltill. bent á nokkur tiltekin atriði, sem ég hef gert nokkra grein fyrir.

Herra forseti. Ég leyfi mér svo að æskja þess, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þar sem málefni Ferðaskrifstofu ríkisins heyra í ríkisstj. undir mig, finnst mér ástæða til að segja örfá orð um þessa þáltill. Ég fagna því, að hún skuli komin fram, því að á því er enginn efi, eins og hv. fyrri flm. tók fram í ræðu sinni, að hér er hreyft miklu nauðsynjamáli. Það er rétt, sem segir í grg. till. og hann tók fram í ræðu sinni, að ekki hefur verið nógu vel búið að Ferðaskrifstofu ríkisins um langt skeið undanfarið og við Íslendingar verjum ekki nógu fé til landkynningar erlendis til þess að laða erlenda ferðamenn hingað til landsins, en það er góður atvinnuvegur.

Það, sem ég þó aðallega vildi taka fram og raunar taka undir, er það, sem vikið er að í 3. tölulið þáltill., þar sem um það er rætt að bæta gistihúsaskortinn hér yfir sumarmánuðina með því að búa heimavistarskólana viðeigandi húsgögnum og nota þá sem gistihús yfir sumarið. Hér er vikið að því, sem tvímælalaust er rétta leiðin í gistihúsa- og ferðamálunum. Þetta hefur ekki farið fram hjá mönnum til þessa, heldur hefur verið samvinna á milli fyrst og fremst menntmrn. og Ferðaskrifstofu ríkisins til þess að reyna einmitt að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd. Hér er að vísu við ramman reip að draga, því að það kostar mikið fé að gera hér svo myndarlegt átak, sem reynslan sýnir, að þörf er á.

Mér finnst rétt, að það komi hér fram, að það mun hafa verið fyrir ári, að ég fól nokkrum mönnum undir forustu forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins að gera á því athugun, hvaða skóla væri hægt að fá til rekstrar sem gistihús yfir sumarmánuðina og hvað það mundi kosta að búa þá eða nokkra þeirra viðunandi húsgögnum. Með forstjóra ferðaskrifstofunnar störfuðu að þessu fulltrúi frá samgmrn., fræðslumálastjóri, fræðslustjóri Reykjavíkurbæjar vegna skólahúsanna hér í Reykjavík og fulltrúi frá Ferðamálafélaginu. Þeir unnu allmikið athugunarstarf, sem skýrsla liggur fyrir um. Þeir óskuðu eftir því að fá nokkurt fé til umráða til þess að gera tilraun með slíkan rekstur á einhverjum heimavistarskólanna. Ég hafði forgöngu um að útvega þessum mönnum lán í Framkvæmdabankanum, að upphæð ½ millj. kr., til þess að gera tilraunaframkvæmdir í þessum efnum. Það fé höfðu þessir menn til umráða á s. l. vori. En það komu margs konar erfiðleikar í ljós. Skólanefndir og skólastjórar þeirra skóla, sem helzt komu til greina til slíkrar notkunar, reyndust því miður mjög ófúsir til þess að ljá skólana til slíkra nota. Og það kom í ljós á s. l. vori, þegar þessi mál voru athuguð gaumgæfilega, að nauðsyn mundi vera að setja alveg sérstakar reglur eða jafnvel lagafyrirmæli, sem allt að því skylduðu forráðamenn skólahúsanna til þess að ljá þau í þessu skyni, auðvitað gegn sanngjörnu gjaldi. Sums staðar strönduðu samningaumleitanir þessarar nefndar og forráðamanna skólanna á ágreiningi um greiðslu fyrir skólahúsnæðið. Það voru gerðar kröfur, sem þessum mönnum þóttu óeðlilega háar. En fé þessu, sem þeir höfðu til ráðstöfunar, var varið — að vísu ekki öllu — til ýmislegra nauðsynlegra umbóta á stöðum, sem höfðu verið í rekstri og voru enn í rekstri á s. l. sumri, en því miður var enginn nýr skóli tekinn í rekstur sem gistihús fyrir frumkvæði þessara manna og með tilstuðlan þessa fjár, sem þarna var þó til ráðstöfunar.

Nú fyrir um það bil mánuði áttum við forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins rækilegar umræður um þetta mál okkar í milli. Við nefndina hef ég rætt oftar en einu sinni, þessa nefnd, sem ég nefndi áðan. Það var niðurstaða okkar forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins, að það væri ekki að vænta úrbóta í þessum efnum, fyrr en í fyrsta lagi gerðar hefðu verið nauðsynlegar stjórnskipulegar ráðstafanir til þess, að þessi skólahús gætu verið til ráðstöfunar í þessu skyni, auk þess sem fjárþörfin er mjög mikil. Búnaður skólanna kostar afar mikið. Þessir menn hafa farið í alla þá skóla, sem helzt koma til greina í þessu tilliti, og gert nákvæma athugun á húsbúnaði í skólunum og aðstöðu á skólastöðunum með hliðsjón af því, hvort þeir væru hæfir til rekstrar sumargistihúsa. Það kom í ljós, ég segi því miður, að búnaður flestra skólanna er

langt frá því að vera þannig, að þeir yrðu umsvifalaust teknir í notkun sem gistihús. Það þarf að kosta mjög miklu til að endurbæta búnaðinn og lóðir og margs konar aðstöðu, til þess að skólarnir verði nothæfir sem sumargistihús. Ég segi þetta ekki til þess að draga úr hug manna til framkvæmda í þessa átt, heldur þvert á móti. Það er tvímælalaust rétt, að þetta er eina skynsamlega leiðin og langhagkvæmasta leiðin, langódýrasta leiðin til þess að koma hér upp nothæfu gistihúsrými á næstu árum. Ef Íslendingar ætluðu að byggja hótel í Reykjavík og utan Reykjavíkur til þess að svara þeirri eftirspurn, sem nú er að koma eftir ferðalögum til Íslands eftir gengisbreytinguna, mundi það kosta hundruð milljóna.

Reynslan var sú á s. l. sumri, að ferðalög hingað reyndust miklu meiri en verið hafði um mörg undanfarin ár, og var það náttúrlega ekki nema eðlilegt, þar sem erlendir ferðamenn njóta nú í fyrsta skipti rétts gengis á sínum erlenda gjaldeyri með löglegum og eðlilegum hætti. Það er enginn vafi á því, að á næstu árum, eftir því sem fleiri verður ljóst, hver breyting hefur orðið á hér í gengismálum, mun aðsókn ferðamanna til landsins aukast mjög verulega. En það hefur forstjóri ferðaskrifstofunnar sagt mér, að á s. l. sumri hafi mjög mikið á það skort, að hægt væri að veita viðtöku öllum þeim, sem hingað vildu komast, og raunar oft legið við vandræðum, jafnvel hneykslí, vegna skorts á sómasamlegu gistihúsrými í landinu.

Það er alveg vonlaust, að við getum á nógu skömmum tíma komið upp venjulegu hótelhúsnæði yfir það fólk, sem hingað leitar yfir sumartímann. Það er algerlega vonlaust og líka vonlaust að láta myndarleg hótel utan Reykjavíkur bera sig af tekjum af ferðamönnum í 2—3 mánuði einungis, sem er bezti ferðamannatíminn hér. Hitt er alveg einsætt, að eina skynsamlega og langódýrasta leiðin er einmitt að gera heimavistarskólana að sumargistihúsum þann tíma, sem þeir eru ekki notaðir til skólarekstrarins. Og það má ekki dragast miklu lengur, að í þessu efni sé gert myndarlegt átak. Undirbúningsvinnan hefur þegar verið unnin að verulegu leyti. Í samgmrn. eða menntmrn. — öðrum hvorum staðnum — liggja fyrir athuganir mjög kunnugra og ágætra manna á skilyrðunum, sem fyrir hendi eru, og kostnaðaráætlanir um, hvað mundi kosta að koma þessu í framkvæmd.

Ég vil beina því til þeirrar nefndar, sem þessa till. fær til athugunar, að hún kynni sér þetta mál rækilega, og ég skal með mestu ánægju láta n. í té þau plögg, sem liggja í fórum okkar í stjórnarráðinu um þetta efni. Mér þætti vænt um, ef flutningur þessarar till. gæti orðið til þess að kynna sem flestum þm. í fyrsta lagi ástand í þessum málum nú og þá miklu þörf, sem hér er á úrbótum, og það vekti athygli þeirra á því að hugleiða vandlega, hvaða leiðir færastar séu til framfara á þessu sviði. Þetta vildi ég láta koma fram við þennan hluta umr. og endurtaka, að við í stjórnarráðinu erum reiðubúnir til þess að láta þeirri þingnefnd, sem þetta mál fær til meðferðar, í té þær upplýsingar, sem við búum yfir, og erum reiðubúnir til samvinnu við n. um að vinna þessu máli gagn, því að hér er tvímælalaust um mikið nauðsynjamál að ræða.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja út af þessu máli.

Ég tel, að það sé mjög þakkarvert að hreyfa þessu máli og það sé mikil nauðsyn að sinna því miklu meira á næstunni en gert hefur verið. Það er engum efa bundið, að það eru mjög miklir möguleikar fyrir okkur Íslendinga í sambandi við ferðamannaþjónustu og tekjur af ferðamönnum. Það er nú svo, að ferðalög fara sívaxandi í veröldinni, og það er jafnframt annað atriði, sem er skiljanlegt, að fólk vill gjarnan breyta til, og þau lönd, sem hafa verið mestu ferðamannalöndin, það er líklegt, að margir vilji fremur kjósa að fara í nýjar áttir, leita á ný mið, ef svo má segja, heldur en fara alltaf á sömu staðina. Þótt ekki sé nema þetta eitt, sem til greina kemur, er ljóst, að það eru miklir möguleikar einmitt að laða ferðafólk til Íslands. Það er svo einnig annað veigamikið atriði í þessu, sem hv. fyrri flm. kom hér að, og það er sú breytta aðstaða, sem skapazt hefur fyrir erlenda ferðamenn vegna gengisbreytingarinnar, og má þá segja, að gott sé, að það sé þá á einhverju sviði, sem gengisbreytingin hafi orðið til góðs, og gleðilegt að heyra það frá flm. þessa máls, að hún hafi þó þarna stuðlað að atriði, sem geti orðið mjög þýðingarmikið fyrir þjóðina í framtíðinni. Sannleikurinn er sá, að eins og sakir standa er mjög ódýrt fyrir erlenda ferðamenn hér á Íslandi, sennilega ódýrara en í flestum öðrum löndum. Það, sem er dýrt, má segja, að séu í mörgum tilfellum ferðalögin hingað, en allt uppihald hér, bæði hótel, gisting og fæði, er ódýrt, miðað við það, sem er víðast annars staðar, þannig að það er rétt hjá flm., að þetta skapar að sjálfsögðu ný skilyrði til þess að taka á móti ferðamönnum.

Þau atriði, sem bent er á hér í till., eru vissulega góðra gjalda verð. En mér finnst þó nauðsynlegt, að menn geri sér grein fyrir því, að menn verða að þora að fara inn á nýjar brautir til þess að skapa straumhvörf í þessum efnum. Það má ekki endilega binda sig við það skipulag á ferðamálum, sem hér hefur verið. Ég skal á engan hátt lasta Ferðaskrifstofu ríkisins. Hún hefur átt við mikla erfiðleika að stríða fjárhagslega og oft talað fyrir daufum eyrum. En við skulum þó jafnframt gera okkur grein fyrir því, að slíkt, a. m. k. í vestrænum löndum, mun hvergi þekkjast, að það sé ríkið eða ríkisstofnun, sem hefur einokun á móttöku erlendra ferðamanna.

Það frv., sem hv. fyrri flm. minntist á í sinni ræðu og hér hefur verið flutt fyrir nokkrum árum um ferðamál, byggðist á því að taka upp nýja skipun í þessu efni og í meginefnum á þann hátt að sameina öll þau öfl hér í landi, sem hefðu hagsmuna að gæta af móttöku erlendra ferðamanna, — leggja þetta ekki endilega allt á herðar ríkisins, heldur reyna að fá alla þessa aðila til samstarfs um það að efla ferðamálin og greiða fyrir ferðamannastraum hingað til landsins og leggja einnig sitt lið þá að sjálfsögðu um leið til þess, að hægt væri að taka á móti þessum ferðamönnum.

Ég held, að við verðum að gera okkur fulla grein fyrir því, að ef á að fara að taka hér upp ferðamannaþjónustu í stórum stil og vinna að þessu máli á miklu breiðari grundvelli en gert hefur verið, þá verðum við að þora að fara inn á þá braut að umskipuleggja þessi mál, reyna að fá hér inn alla þá krafta, sem eðlilegt er að vinni að þessum málum í senn, til þess að létta þunga af ríkinu varðandi útgjöld og til þess jafnframt að fá miklu betri árangur af þessu starfi.

Það er alveg rétt, sem hv. fyrri flm. till. vék að, að hér eru starfandi ýmsar ferðaskrifstofur, sem hafa orðið að helga sig því verkefni einu að reyna að ná Íslendingum til útlanda, vegna þess að þær geta ekki að öðru unnið.

Ég held þess vegna, að það beri allt að sama brunni, að við verðum a. m. k. að taka þessa hlið málanna til mjög rækilegrar endurskoðunar og ekki hika við að fara inn á þær brautir, sem að dómi hyggnustu manna í því efni og reyndustu eru líklegastar til þess að skila beztum árangri. Ég hefði því talið, að það sé nokkuð þröngt í þessari till. að miða þessa athugun við, að það skuli í fyrsta lagi haft samráð við Ferðaskrifstofu ríkisins, og í öðru lagi, að fyrsti liðurinn sé í því fólginn að efla starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins, — það þurfi að færast út á breiðari grundvöll. Ég tek það skýrt fram og endurtek það, sem ég áðan sagði, að ég er með þessu ekki á neinn hátt að kasta rýrð á Ferðaskrifstofu ríkisins. En hér eru fjölmargir aðilar, sem að ferðamálum vinna, m. a. þeir aðilar, sem hafa aðalatvinnuna af því að flytja ferðamenn til og frá landinu, bæði skipafélögin og flugfélögin, sem að sjálfsögðu eru hér aðilar, sem hafa mjög mikilla hagsmuna að gæta, og aðilar, sem hafa aflað sér einnig mikillar reynslu. Mér finnst því sjálfsagt, að það verði einnig leitað samstarfs og ráða hjá þessum aðilum og reynt að færa þessa athugun yfir á það breiðan grundvöll að kanna, hvort ekki sé hægt að ná viðtæku samkomulagi og þá að sjálfsögðu einnig með aðild Ferðaskrifstofu ríkisins, í hvaða formi sem hún kynni að starfa, til þess að hefja verulega sókn í þessu efni, því að á því er vissulega mikil þörf.

Ég varpa því nú fram, — það getur vel verið, að menn séu ekki reiðubúnir til þess eða á því séu ýmsir annmarkar, — hvort það sé fjarri lagi, að það verði athugað, hvort hinir stóru hótelhringir mundu ekki vilja byggja hér ferðamannahótel á Íslandi. Það hefur eitthvað komið til athugunar. Ég skal ekki segja um það, af hvaða ástæðum það hefur strandað. En mér finnst, að það sé ekkert fjarri lagi að athuga þessa hlið málsins. Þessir hótelhringir eiga hótel mjög víða um lönd, í sambandi við þá eru einnig stórar ferðaskrifstofur, og þessir aðilar sameiginlega geta orkað ákaflega miklu í þá átt, hvert fólkið ferðast. Hinar stóru ferðaskrifstofur hafa að mjög miklu leyti í sínu valdi, hvort fólkið fer í þessa áttina eða hina, eftir því, fyrir hvaða ferðum þær reka áróður.

Það er svo enn annað, sem við Íslendingar verðum að gera okkur grein fyrir, ef við ætlum að gera Ísland ferðamannaland, að við verðum að vera við því búnir að leggja á okkur ýmsar fórnir einnig í því sambandi. Við verðum að vera reiðubúnir til að bjóða erlendum ferðamönnum það bezta, og við þurfum að laða hingað ferðamenn, ekki aðeins hina almennu borgara, ef svo má segja, heldur einnig ferðamenn, sem gjarnan ferðast til þess að eyða fé sínu á viðkomandi stöðum og vilja þá í staðinn fá góða þjónustu og fullkomna. Og þá kem ég að einu atriði, sem er kannske eitt af því bezta, sem við getum boðið upp á, en er orðið ákaflega takmarkað, vegna þess að Íslendingar sitja yfir því sjálfir, og það er möguleiki til laxveiða, sem hefur geysilega mikla þýðingu og er mikið aðdráttarafl fyrir fjölda ferðamanna víða um heim. Bæði á þessu sviði og ýmsum öðrum verðum við að gera okkur grein fyrir því, að jafnhliða því, sem við erum að óska eftir að gera landið að ferðamannalandi, verðum við að vera við því búnir að veita þá þjónustu við ferðamennina, sem þeir sækjast eftir. Þetta gera allar ferðamannaþjóðir. Þær leggja sig fram um það með öllum hugsanlegum ráðum að laða til sín ferðamennina, og það verðum við einnig að gera.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja um þetta frekar. Ég vildi aðeins skjóta fram þessu tvennu, að ég tel það mikilvægt, að lagður verði grundvöllur að heilsteyptri löggjöf um ferðamál, og hins vegar, að það sé höfuðnauðsyn að færa skipulagningu ferðamálanna og þá athugun, sem þessi till. byggist á, yfir á breiðara svið, breiðari vettvang en hún gerir ráð fyrir, og við verðum að vera við því búnir að gera víðtækar breytingar á öllu skipulagi okkar ferðamála, ef við ætlum að ná þeim árangri, sem hér er að stefnt.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 72, n. 536).

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjvn. hefur orðið ásátt um að mæla með samþykkt þessarar þáltill., með nokkuð breyttu orðalagi, en samhljóða að meginefni, eins og nál. á þskj. 536 ber með sér.

Ég tel, að ekki þurfi fyrir n. hönd að flytja um þetta efni langt mál. Það hefur áður verið rætt innan þings og utan og þá ekki sízt í vetur, eftir að þessi þáltill. kom fram, og allir virðast á einu máli um, að hér sé um algera þörf að ræða.

Fjvn. lítur svo á, að tímabært sé að undirbúa löggjöf um ferðamál og hún verði sett hið allra bráðasta, þar séu ferðamálin með löggjöf skipulögð á þann hátt, sem nú verður að telja að henti, og að hið opinbera sé þar með bundið í að veita þá beinu og óbeinu aðstoð, sem sanngjarnt og eðlilegt má telja að það láti í té í þessum efnum. Gert er ráð fyrir, að við undirbúning þessarar löggjafar séu höfð samráð við Ferðaskrifstofu ríkisins, sem og alla aðra, sem sérstaklega vinna að ferðamálum eða hafa beinna hagsmuna að gæta í því sambandi. Nefndinni er ljóst sem öðrum, að auknar gjaldeyristekjur af ferðamannaþjónustu eru eftirsóknarverðar og að vissu marki tiltölulega auðveldar, ef vel og réttilega er á haldið. En jafnframt verða menn

að gera sér grein fyrir og horfast í augu við þá staðreynd, að í þessu máli getur ekki orðið um varanlega og hagstæða þróun að ræða, nema hægt sé að láta í té sómasamlega þjónustu og fyrirgreiðslu til þeirra erlendu ferðamanna, sem hingað vilja leggja leið sína. Í þessu efni sem fleiru gildir það lögmál, að ekki er hægt að vænta áframhaldandi og stöðugra viðskipta, nema viðskiptamaðurinn telji sig fá fyrir sína peninga það, sem sanngjarnt telst og vænta má. Það er því alveg óhjákvæmilegt, eins og allar aðstæður eru hjá okkur í þessu máli, að hið opinbera stuðli að því, að hægt sé að fullnægja eðlilegri og sanngjarnri kröfu ferðamanna, og eins krefst heilbrigður þjóðarmetnaður þess, að það ástand batni, sem nú ríkir í þessum efnum.

Þetta mál hefur fleiri hliðar en þá, sem snýr að gjaldeyrisöflun. Ein þeirra er að kynna land og þjóð og þá náttúrlega að góðu. Slíkt er verðmæti öllum þjóðum og þá ekki síst lítilli. Landið sjálft er reiðubúið í sinni sérkennilegu fegurð og breytilega mikilleika að laða gesti í garð. En á okkur stendur að haga svo aðbúnaði og fyrirgreiðslu, m. a. við erlenda gesti, að sómasamlegt sé og tildurslaus íslenzk gestrisni krefur. Í þessu máli er nú ekki eftir neinu að bíða, heldur má segja, að hið gagnstæða sé staðreynd, að hið opinbera verður nú að veita virka aðstoð og hafa forgöngu um að samstilla krafta allra þeirra, sem hér geta komið við sögu, til bjarglegrar úrlausnar.

Öllum er kunnugt, að skortur á viðunandi gististöðum er hinn mesti þrándur í götu þessa máls, og verður því að gera ráð fyrir, að auk almennrar skipulagningar ferðamálanna í heild sé fyrsta verkefnið það að aðstoða við að gera núverandi gistihús þannig úr garði, að þau geti boðið ferðamönnum upp á sómasamlega fyrirgreiðslu og aðbúð, og jafnframt verður að athuga alla möguleika á að auka gistihúsnæðið. Gera verður ráð fyrir, að nokkrir möguleikar séu fyrir hendi að auka við gistihúsin hér í Reykjavík, bæði með tilliti til fjármagns og rekstrargrundvallar, en slíkt mun sennilega hvorugt vera almennt fyrir hendi úti á landi, þótt þörf sé fyrir með tilliti til erlendra ferðamanna. Það mun því verða að leita annarra úrræða með aukin sumargistihús, og virðast þá fyrst koma til greina, eins og hv. flm. þessarar till. benda á, að heimavistaskólarnir víðs vegar um landið séu notaðir á sumrin til slíkra hluta. En slíkt kemur sennilega ekki af sjálfu sér, og má því vænta, að hið opinbera verði að einhverju leyti að hafa afskipti af því, að skólahúsin fáist til afnota. Og einnig má búast við, að sums staðar þurfi að koma til einhverrar aðstoðar til að búa þau nauðsynlegum húsgögnum. Vera má einnig að unnt reynist að nota félagsheimilin eitthvað yfir sumartímann sem gististaði, en ýmsum vandkvæðum mun það bundið, þótt athugandi sé. Bent hefur verið á, að æskilegt sé að komið verði upp fjallaskálum til gistingar fyrir þá ferðamenn, sem vilja leggja leið sína um öræfin, og sjálfsagt er rétt, að til séu slík sæluhús, sem búa þarf þá öllum nauðsynlegustu tækjum.

Flm. minnast í till. sinni á nauðsyn landkynningar erlendis. Vitanlega þarf að halda uppi slíkri starfsemi, því að hana má ekki vanmeta. En eins og allar aðstæður eru nú hjá okkur í þessum efnum, verður að halda henni uppi með gát og ábyrgðartilfinningu. Verkefnin heima fyrir munu vera þau mest aðkallandi í þessu máli, ásamt hóflegri landkynningu erlendis, sem svo er hægt að auka í samræmi við aukna og bætta möguleika um móttöku erlendra ferðamanna. Og bezta auglýsingin og landkynningin er auðvitað, að ferðamannaþjónustan fari þannig úr hendi, að gestirnir fari héðan ánægðir yfir þeirri fyrirgreiðslu, sem þeim hefur verið veitt.

Þá vekja tillögumennirnir athygli á nauðsyn þess að stuðla að því, að komið verði sem fyrst upp hressingar- og heilsuhæli við hverasvæði. Hin merka tilraun Náttúrulækningafélagsins í þessu efni hefur að mínum dómi sannað ágæti þess máls, og ber því að taka undir það, að hið opinbera greiði eftir föngum fyrir framgangi þess, að upp rísi sem fyrst slíkt hæli, búið sem fullkomnastri aðstöðu og tækjum. Má búast við, að slíkt hvíldar-, hressingar- og heilsuhæli yrði vel metið og sótt, bæði af innlendum og erlendum ferðamönnum. Gæti það orðið góður þáttur í landkynningu okkar að hafa slíkt á boðstólum fyrir erlenda ferðamenn.

Ég hef hér vikið að nokkrum atriðum þessa máls án þess að hafa gert tilraun til tæmandi upptalningar á því, sem athuga þarf og til greina kemur við undirbúning og endanlega afgreiðslu málsins. Slíkt bíður að sjálfsögðu þeirra reyndu og sérfróðu manna, sem ríkisstj. hlýtur að kveðja sér til aðstoðar og ráðuneytis við undirbúning löggjafar um þetta efni.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Eins og nál. hv. fjvn. á þskj. 536 ber með sér, leggur fjvn. til, að gerðar séu nokkrar breytingar á hinni upphaflegu till. Að dómi okkar flm. eru þessar breytingar ekki til bóta. Okkur sýnist, að með þeim sé heldur dregið úr þeirri áskorun, sem fólst í okkar till. En í hinni upphaflegu till. okkar fólst áskorun til ríkisstj. að láta rannsaka, hverjar ráðstafanir væri hægt að gera til þess að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar af ferðamannaþjónustu, svo og að gera viðeigandi ráðstafanir að rannsókn lokinni. En jafnframt var í till. okkar bent á alveg ákveðin atriði, sem sérstaklega þyrfti að rannsaka í þessu sambandi, eins og t. d. það, hvort hægt væri að bæta úr gistihúsaskorti þeim, sem hér hefur verið sumarmánuðina, með því að búa heimavistarskólana viðeigandi húsgögnum og nota þá sem gistihús yfir sumarið, og enn fremur það, hvernig stuðla mætti að því, að reist verði hér og starfrækt hressingar- og heilsuhæli við hverasvæðin. Í hinni breyttu till., eins og hún liggur fyrir á þskj. 536, er ekki sérstaklega vikið að slíkum einstökum atriðum, heldur er gert ráð fyrir undirbúningi löggjafar um ferðamál almennt. En ég býst við því, að sum þessara atriða, sem bent er á í okkar till., verði út af fyrir sig ekki leyst með löggjöf eingöngu, eins og t. d. það, sem snýr að heimavistarskólunum. Ég ímynda mér, að þar þurfi ýmiss konar ráðstafanir aðrar til að koma og þá meðal annars samningar við forráðamenn þeirra skóla.

Samt sem áður getum við flm. þessarar till. eftir atvikum sætt okkur við hana í því formi, sem hún

kemur frá hv. fjvn., og þá fyrst og fremst af því, að það er gert ráð fyrir því í tillgr., að við undirbúning þeirrar löggjafar, sem þar er gert ráð fyrir, verði tekið til alhliða athugunar, á hvern hátt sé af opinberri hálfu hægt að stuðla að auknum gjaldeyristekjum þjóðarinnar af ferðamannaþjónustu. Ég skil það svo og m. a. af framsöguræðu, sem hér var áðan flutt, að þegar þarna er talað um alhliða athugun, þá séu fyrst og fremst höfð í huga þau atriði, sem við flm. þessarar till. nefndum upphaflega, enda þótt þau séu ekki þar sérstaklega nefnd, og með tilliti til þess getum við flm. till. sætt okkur við þessa afgreiðslu hennar, enda var markmið þessarar till. fyrst og fremst það, eins og tekið er fram í grg. hennar, að reyna með henni að koma verulegri hreyfingu á þetta þýðingarmikla mál.

ATKVGR.

Brtt. 536,1 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.

— 536,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 614), með fyrirsögninni:

Þál. um undirbúning löggjafar um ferðamál.

16. Hafnarstæði við Héraðsflóa.

Á deildafundum 31. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á hafnarstæðum við Héraðsflóa [79. mál] (A. 88).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, var flutt samhljóða á síðasta Alþingi, en í önnum þingsins náði hún ekki fullnaðarafgreiðslu. Þess vegna er hún hér flutt að nýju í von um það, að nú vinnist tími til þess að afgreiða hana frá þinginu. Ég mun ekki eyða mörgum orðum til að mæla fyrir henni nú. Ég gerði það í stuttu máli á síðasta þingi, og ég vænti þess, að flestir þeir hv. þm., sem þá voru viðstaddir, muni eftir því. Það urðu að vísu nokkrar frekari umr. um hana þá, en út í það skal ég ekki fara að þessu sinni.

Á það er bent í grg., að nokkrar athuganir muni hafa farið fram á hafnarskilyrðum við Héraðsflóann, og það er rétt að viðurkenna, að þau munu yfirleitt ekki vera sérlega hagstæð. En ég vil minna á það, að kannske má segja, að með hverju árinu sem líði breytist viðhorfið allmikið í þessum efnum vegna hinna öru tæknilegu framfara á öllum sviðum. Vegna þess tel ég fullkomlega réttmætt, að enn sé lagt til, að fram fari athugun á hafnarskilyrðum þarna eystra. Það er, eins og bent er á í grg., eitt af stærstu samfelldu byggðarlögum landsins, sem liggur inn af Héraðsflóanum, og mér þykir rétt, að það komi hér fram, sem menn að vísu skilja og vita að er eðlilegt, að þeir, sem byggja þetta hérað, og sérstaklega þeir, sem búa á Úthéraði, hafa mikinn áhuga fyrir því, að þetta sé kannað eftir föngum. Þess vegna vænti ég, að þessi till. megi nú ná samþykki Alþingis. Vil ég svo að lokum aðeins leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn. til athugunar.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 88, n. 508).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Fjvn. hefur leitað umsagnar vitamálastjóra um till., og mælir hann með samþykkt hennar. Umsögnin er stutt, og ég vil því leyfa mér að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér hafa borizt til umsagnar frá hv. fjárveitinganefnd tvær till. til þál., á þskj. 32 og 88, báðar þess efnis, að ríkisstj. sé falið að láta fara fram rannsókn á hafnarskilyrðum á tilteknum stöðum. Leyfi ég mér að mæla með því, að tillögur þessar verði samþykktar, þar sem mjög væri gott að fá nánari athuganir á hafnarstæðum á þessum svæðum, þótt þær lauslegu athuganir, sem þegar hafa verið gerðar, bendi ekki í þá átt, að hagkvæmt muni að leggja í hafnarbyggingar á stöðum þeim, sem um getur í tillögunum. Þar sem ekki kemur í ljós í nefndum tillögum eða grg., hvert gæti orðið hlutverk þessara hafna eða hversu mikil mannvirki eru nauðsynleg, teldi ég rétt, að rannsóknunum verði skipt í tvo þætti: frumrannsóknir, er leitt gætu í ljós þarfir fyrir hafnir á stöðum þeim, sem greindir eru, og líklegt flutningsmagn um þær, ásamt mjög lauslegri kostnaðaráætlun. Ætti af þeirri athugun að mega ráða nokkuð um fjárhagsgrundvöll mannvirkjanna og þá, hvort ástæða sé til að gera viðtækar tæknilegar athuganir, sem á öllum þessum stöðum mundu verða allumfangsmiklar og eru mjög tímafrekar og nokkuð kostnaðarsamar. Kostnaður við slíkar rannsóknir yrði nokkur, sérstaklega ef frumathuganir benda til þess, að ástæða sé til frekari rannsókna. Er því nauðsynlegt að heimila ríkisstj. að verja nokkru fé til þeirra. Frumrannsóknum er hægt að ljúka á tiltölulega stuttum tíma, en lokarannsókn og áætlanir munu taka nokkur ár, ef í verður ráðizt."

Meiri hl. fjvn. mælir með því einróma, að till. verði samþykkt.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, var samhljóða tillaga flutt á síðasta Alþingi, en varð þá ekki afgreidd. Við umr. um hana skýrði ég frá skoðun minni á málinu. Mitt álit er óbreytt, að umrædd hafnargerð við Héraðsflóa sé nú algerlega óraunhæf og nær sé þeim, sem vilja í raun og veru stuðla að samgöngubótum við hinar viðlendu byggðir Fljótsdalshéraðs

og þar með velgengni þeirra, að beita sér fyrir og styðja að auknum fjárveitingum til vega og brúargerða innan héraðsins. Á allra síðustu árum er orðin brennandi þörf fyrir slíkt, sérstaklega vegna aukinnar mjólkurframleiðslu víðs vegar um héraðið, og þar af leiðandi aðkallandi nauðsyn að bæta vegakerfið vegna mjólkurflutninga til mjólkurbúsins að Egilsstöðum. Það er hægt að hugsa sér, að einhvern tíma í fjarlægri framtíð verði byggð höfn við Héraðsflóa og þá helzt við Unaós, en ekki við svokallaða Múlahöfn, sem fyrri flm. hefur gert að umtalsefni í þessu sambandi. En spá mín er sú, að slík framkvæmd eigi sér ekki stað fyrr en þjóðin er orðin margfalt fjölmennari og getumeiri en hún er nú og hefur lokið við alhliða uppbyggingu í landinu við sjó og í sveit, sem henni er lífsnauðsyn að gerð verði á eins stuttum tíma og mögulegt er. Það er verkefni dagsins og næstu framtíðar. Að slíku verða menn að einbeita sér og horfast í augu við þau verkefni, en ekki horfa fram hjá þeim og glepja sjálfum sér og öðrum sýn með skýjaborgum, sem óraunhæfar verða að teljast eins og sakir standa og mega því ekki dreifa huganum frá því, sem mest um varðar nú á stundinni.

Hitt er svo annað mál, að eins og ég gat um við umr. málsins á síðasta Alþ., tel ég rétt, að till. sé samþ., fyrst hún er fram komin. Athugun getur verið fróðleg fyrir þá, sem litt eru kunnugir á þessum stað. Hún ætti ekki að verða mjög dýr, því að vitamálaskrifstofan mun þegar eiga í fórum sínum ýmiss konar fróðleik um aðstöðu við Héraðsflóa eins og raunar flesta aðra staði við strönd landsins. Viðbótarathugun ætti því hvorki að verða mjög tímafrek né mjög dýr.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls um till. núna, en mér finnst ástæða til þess að segja nokkur orð í tilefni af því, að hv. 2. þm. Austf. fann hjá sér hvöt að segja nokkur orð.

Ég mun hafa látið það koma fram, þegar ég flutti þessa till., bæði á þinginu í fyrra og þegar till. var hér til umr. á þessu þingi, að ein ástæðan og mikil ástæða til þess, að ég flutti þessa till., var sú, að það voru beinar óskir um það heiman úr héraði. Ég gat þess einnig þá, að ég legði engan dóm á, hvaða niðurstaða væri líkleg af þessari rannsókn, en ég vildi halda því fram, að hún væri eðlileg og réttmæt, þegar litið er til þess, hvað hafnargerðir eru mikilvægar hverju byggðarlagi, og þarna er um að ræða eitt af stærstu samfelldu byggðarlögum landsins. Það er svo rétt að benda á það, að fjvn., eftir að hún hefur fengið jákvætt álit frá vitamálastjóra um að samþykkja tillöguna, leggur einróma til, að till. sé samþykkt, og þar á meðal hv. 2. þm. Austf., Halldór Ásgrímsson. Þess vegna finnst mér það dálítið einkennilegt, að það skin þó í vissa óánægju af hans hálfu í þessu máli. Ég ætla að vona, að við getum lagzt á eitt með það að vinna að samgöngumálum á Austurlandi eftir beztu getu, og ég vil segja það hér, bæði honum og öllum öðrum, að hvað sem út úr þessari þáltill. kemur, hefur það ekki áhrif á það að draga úr að leggjast af alefli á það að bæta samgöngumálin á landi, bæta vegakerfið, auðvelda mjólkurframleiðendum á Héraði að flytja sína mjólk að nýstofnuðu mjólkurbúi o. s. frv. Þetta er í raun og veru það mál, sem mér finnst ekki koma þessu við, og ég sé ekki ástæðu til þess að vera að hefja hér deilur við hv. 2. þm. Austf. út af þessu. En ég vil bara undirstrika það, að þessi þáltill. er fram borin eftir beinni ósk frá íbúum Fljótsdalshéraðs. Ég tel sanngirnismál, að þessi rannsókn verði gerð. Vitamálastjóri leggur með því og fjvn. öll. Með því finnst mér, að hægt sé að ljúka þessari umr., og ég vona, að till. nái fram að ganga.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tek undir það með hv. 3. þm. Austf., að það er ekki ástæða til þess að hefja deilur um þetta mál hér. Ég hef ekki heldur gert það, heldur bent á viss atriði, sem komu fram í mínu viðhorfi til málsins á s. l. þingi. Hv. 3. þm. Austf. segist flytja þetta samkv. beiðni íbúa Fljótsdalshéraðs. Ég skal ekki fara út í þetta. Ég rengi það ekki, að það kunni að vera einn, tveir, þrír menn, sem hafa beðið hann um að bera þetta mál fram, en hitt vil ég fullyrða, að í raun og veru hefur meira borið á því á Fljótsdalshéraði, að menn hafa brosað að þessari till., heldur en hún hafi fengið stuðning innan héraðsins.

Það er misskilningur hjá hv. 3. þm. Austf., að það hafi komið fram óánægja um þetta mál af minni hálfu. Óánægjan liggur í málinu sjálfu. Hún er ekki upprunnin í huga mínum, heldur í því, hvernig málið er undirbyggt, og ég hef talið mér skylt, fyrst hv. 3. þm. Austf. hefur látið það undir höfuð leggjast, þegar hann hefur flutt þetta mál tvisvar sinnum á Alþingi, að skýra frá staðreyndum málsins og öllum aðstæðum og bæta við því, sem vansagt var af hans hálfu.

Ég vil vona, að hv. 3. þm. Austf. sýni áhuga sinn og dugnað í samgöngumálum Fljótsdalshéraðs yfirleitt. Ég ætla ekki að væna hann um það, að svo verði ekki, en get þó ekki, án þess að fara út í það mál nánar, látið hjá líða að segja, að ég óttast nokkra sérhyggju hjá honum, nokkuð sérstæða sérhyggju í þeim málum, og gæti farið út í það frekar, ef tilefni gæfist til.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Fyrri flm. þessarar till. sagði í ræðu sinni áðan, að hann vildi vinna með öðrum að því að koma fram samgöngubótum á landi, jafnframt því sem hann óskar eftir, að fram verði látin fara rannsókn á hafnarstæði á einum stað við Austurland. Flokksbróðir hans einn, hv. 1. þm. Vestf., hefur hér á þessum fundi fyrr í dag einnig talað um nauðsyn þess, að unnið verði að vegabótum um landið, ekki síður á hinum strjálbýlli stöðum en öðrum. Og ég er þeim vitanlega sammála um þetta. Á þessu sviði er mikið ógert, mikið verk að vinna, og þarf að leggja á það áherzlu, að vegagerð sé hraðað, eftir því sem föng eru á, þar sem enn vantar sæmilega vegi.

Nú er það svo, að síðan núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda, hefur verið lagt fram úr ríkissjóði hlutfallslega miklu minna en áður til samgöngubóta á landi, minni hluti af heildartekjum ríkissjóðs en áður til þessara nauðsynlegu framkvæmda. Og ég

er dálitið hissa á því, vegna þess að þessir tveir hv. þm. hafa látið uppi mikinn áhuga sinn fyrir því að endurbæta vegakerfið um land allt, að þeir skuli styðja að slíku með sínu atkvæði, styðja þá stjórn, sem þannig hagar sér, og leggja því lið með sínum atkvæðum hér á þingi, að svo mjög sé dregið úr framlögum til þessara nauðsynjamála. Ég verð að segja það, að mér kemur þetta einkennilega fyrir sjónir, og nærri liggur, að þetta sé dularfullt fyrirbæri í mínum augum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 680).

17. Verndun geitfjárstofnsins.

Á deildafundum 14. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um verndun geitfjárstofnsins [46. mál] (A. 46).

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Till., sem hér liggur fyrir á þskj. 46, er þess efnis, að hið opinbera hlutist til um, að komið verði í veg fyrir, að hinn forni íslenzki geitfjárstofn deyi með öllu út hér á landi. Tala þessa fjár var samkv. síðustu búnaðarskýrslum innan við 100 á öllu landinu. En um 1930 var geitfé samkv. búnaðarskýrslum þá nálægt þrem þúsundum talsins. Þessi mikla fækkun, sem nú nálgast útrýmingu, stendur að sjálfsögðu í nokkru sambandi við sauðfjársjúkdómana. Geitfé hefur verið fargað um leið og sauðfénu og ekki verið komið upp á ný. Það hafa verið gerðar ályktanir um verndun geitfjárstofnsins, t. d. á fjórðungsþingi Norðlendinga og a. m. k. í einni sýslunefnd, sem mér er kunnugt um, og á síðasta búnaðarþingi og málinu beint til Alþingis. Okkur flm. hefur þótt rétt að taka það upp hér á hv. Alþ., en gerum ráð fyrir því, eins og í till. stendur, að málið yrði leyst í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

Saga þessa litla geitfjárstofns, sem enn er eftir hér á landi, er orðin nokkuð löng. Í hinum fornu fjalla- og skógarbyggðum Noregs var geitfjáreignin bjargræði hins fátæka manns, sem hafði ekki ráð á meiru. „Þótt tvær geitur eigi ok taugreftan sal, þat er þó betra en bæn," segir í Hávamálum. Margir kannast við norska geitaostinn, sem enn þá er framleiddur þar í landi og þykir hin ágætasta vara og er úr geitamjólk. Landnámsmenn fluttu geitfé með sér út hingað, og það hefur verið víða, eins og örnefni bera vitni um víða um landið. Það var um tíma t. d. töluvert af þessum fjárstofni í sjávarþorpum hér á landi. En þetta fáa, sem nú er eftir af geitfénu, hygg ég að sé í sveitum eingöngu eða nær eingöngu á Austur- og Norðausturlandi.

Það væri sennilega heppilegast til þess að koma í veg fyrir, að þessi stofn deyi út, að hið opinbera gerði samning við nokkra bændur, sem enn þá eiga geitfé, að farga ekki stofninum, heldur auka hann eitthvað. Ég hygg, að það mundi vera bezta leiðin í þessu efni. En sjálfsagt er að athuga þær leiðir aðrar, sem til mála kynnu að koma. En við teljum, að það sé hreinlega til vansa fyrir þjóðina, ef þessi forni búfjárstofn er látinn deyja út í landi voru. Hið fátæka dýrariki Íslands má ekki við því, að þessi merka tegund deyi út, og það er ekki heldur fyrir það að synja, að til þess gæti komið, að menn vildu auka geitfjárstofninn af praktískum ástæðum, t. d. í sambandi við sérstaka ostaframleiðslu. En eins og sakir standa, stendur þetta svo tæpt, að þessi búfjárstofn eyðist með öllu, að okkur finnst alls ekki vera á það hættandi, að einstaklingar taki sig fram um að varðveita stofninn.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en leyfi mér að vísa að öðru leyti til grg. á þskj. 46 og legg til fyrir hönd okkar flm., að málinu verði vísað til hv. fjvn. Hér mun vera um einhvern kostnað að ræða, en vafalaust ekki mikinn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, utan dagskrár, mælti

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hinn 14. okt. árið 1960 var útbýtt á Alþingi till. til. þál. á þskj. 46 um verndun geitfjárstofnsins. Voru þrír flm. að þessari till., og var ég einn þeirra. Þetta er, eins og raðtala málsins ber með sér, eitt af fyrstu málunum, sem lögð voru fyrir þetta þing á s. l. hausti. Hinn 26. okt. var þessu máli vísað til hv. fjvn., en sú hv. n. hefur ekki skilað áliti um málið. Nú er 22. marz 1961, og er talið, að þingi muni nú senn ljúka. Þykir mér því ástæða til að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sjái um, að hv. n. skili áliti um þessa till. og taki málið á dagskrá, þannig að það megi hljóta afgreiðslu þingsins. Þetta mun ef til vill af ýmsum ekki vera talið stórmál, en það er ekki heldur vandasamt eða flókið mál, þannig að það ætti ekki að vera erfitt fyrir slíka nefnd að gera sér grein fyrir því eða taka afstöðu til þess. En málið er þannig vaxið, að ef Alþingi vill láta þar eitthvað til sín taka, þá þolir það ekki bið.

Forseti (FS): Út af tilmælum hv. þm. skal ég að sjálfsögðu ræða við formann fjvn. og beina þeim tilmælum til hans, að hann afgreiði úr nefndinni þetta mál, sem hv. þm. ræddi um, þannig að

hægt verði að taka það á dagskrá hið allra fyrsta.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 46, n. 605).

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Fjvn. hefur rætt þessa till. á nokkrum fundum sínum og er henni efnislega sammála, en leggur þó til, að gerð verði á henni orðalagsbreyting, sem er prentuð á þskj. 605. Breyt. er í því fólgin, að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga, á hvern hátt tiltækilegast sé að koma í veg fyrir eyðingu geitfjárstofns landsmanna."

Með þessari breytingu leggjum við til að tillagan verði samþykkt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. leyfa mér að þakka hv. fjvn., að hún skuli nú hafa afgreitt þetta mál. Ég vil mega vænta þess, að samþykkt till., þó að nokkuð sé breytt orðalagi, beri þann árangur, að ráðstafanir verði gerðar til þess að koma í veg fyrir eyðingu geitfjárstofnsins.

ATKVGR.

Brtt. 605 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 682).

18. Raforkumál Austurlands.

Á deildafundum 14. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um virkjunarskilyrði í Fjarðará [47. mál] (A. 47).

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Í þáltill. þeirri á þskj. 47, sem hér liggur fyrir til umr., er skorað á ríkisstj., ef hún verður samþykkt, að láta þegar á næsta sumri fara fram rannsókn á virkjunarskilyrðum í Fjarðará í Seyðisfirði, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn Kötluánna og Miðhúsaárinnar ásamt stækkun Heiðarvatnsins.

Fjarðará er eitthvert fyrsta vatnsfall, sem virkjað var hér á landi. Árið 1913 var byggð við hana 50 kw. rafstöð af heimskunnu þýzku fyrirtæki. Fyrsta rafstöðin mun hafa verið byggð nokkru fyrr í Hafnarfirði, en Seyðisfjarðarrafstöðin var að því straumur í fyrsta skipti hér á landi. Rafstöðin við leyti merkileg, að þar mun hafa verið notaður riðFjarðará var svo nokkrum sinnum stækkuð, síðast í 230 hestöfl. Þessi rafstöð fullnægði Seyðfirðingum með rafmagn um langt árabil og er enn þá notuð. En í sambandi við síðustu framkvæmdir í rafmagnsmálum Austurlands, virkjun Grímsár, var byggð dísilrafstöð á Seyðisfirði sem varastöð. Leikmönnum flestum kom slík framkvæmd nokkuð furðulega fyrir sjónir, að sniðganga svo vatnsafl, sem þó hafði um langa hríð verið hagnýtt til orkuframleiðslu. Ýmsum virðist í fljótu bragði a. m. k., að virkjunarskilyrði séu þarna hin ákjósanlegustu, þar sem Fjarðará hefur um 500 m fallhæð á aðeins ca. 8 km vegalengd. Vatnsmælingar liggja þarna fyrir um áratuga bil. En þótt svo sé, er það margra álit, þeirra sem þekkja Fjarðará mestan hluta ævi, að enn sé ástæða til frekari rannsókna, þar sem allir möguleikar séu athugaðir til hins ýtrasta, og þess vegna er þessi þáltill. flutt. Ég legg til, að umr. verði nú frestað, og till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 47, n. 570).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. fjvn. á þskj. 570 ber með sér, leggur n. til, að till. þessi verði afgreidd með allverulegri breytingu. Í upphaflegu till. var lagt til, að gerð yrði sérstök rannsókn á virkjunarskilyrðum í Fjarðará í Seyðisfirði. Við nánari athugun málsins hefur komið í ljós, að ekki eru ýkja miklar líkur til, að virkjun þessarar ár geti nema a. m. k. að mjög takmörkuðu leyti fullnægt þeim þörfum, sem fyrir raforku eru þar eystra. Hins vegar er talið sjálfsagt engu að síður að athuga þær áætlanir, sem þegar hafa verið gerðar um þá virkjun, til þess að sannreyna, hvort þar gæti verið hagkvæmt að virkja. Það er hins vegar skoðun fjvn., að eðlilegt sé, úr því að á annað borð yrði farið að hefjast handa um athugun á virkjunarskilyrðum í þessari á, að taka til heildarendurskoðunar rafvæðingarmál Austurlands, og svo sem nefnt er í brtt. n., eru þar einkanlega nefnd þrjú atriði auk virkjunar Fjarðarár, bæði tenging orkusvæða Austurlands og Norðurlands og einnig virkjun Lagarfoss. Það má að vísu segja, að allt þetta komi til athugunar að meira eða minna leyti í sambandi við framhaldsáætlun þá um rafvæðingu landsins, sem að er unnið nú og hæstv. landbrh. hefur hér gert grein fyrir í sambandi við annað mál, en engu að síður telur fjvn. ekki óeðlilegt, að sérstök athygli sé vakin á þessum atriðum, sem hér er um að ræða. Það er augljóst, að til þess að hægt verði að leysa þær þarfir, sem þarna er um að ræða, og þá ef til vill einnig veita raforku annaðhvort austan frá Lagarfossi eða þá frá virkjun nyrðra, þá sé nauðsynlegt og æskilegt, að málið í heild verði tekið til nýrrar athugunar.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að orðlengja frekar um þetta. Það má margt ræða um þær hugmyndir, sem fram hafa komið um rafvæð-

ingu á Austurlandi, og þá framtíðaráætlun, sem uppi er um það að tengja saman öll orkuver landsins, sem að vísu á nokkuð í land, en hlýtur þó að koma í framtíðinni. En á þessu stigi telur fjvn. rétt að leggja til, að þessi athugun verði tekin upp í því formi, sem brtt. hennar á þskj. 570 mælir fyrir um.

ATKVGR.

Brtt. 570,1 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

— 570,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 683), með fyrirsögninni:

Þál. um raforkumál Austurlands.

19. Slys við akstur dráttarvéla.

Á deildafundum 20. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á slysum við akstur dráttarvéla [57. mál] (A. 62).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 62 að flytja till. til þál. um rannsókn á slysum við akstur dráttarvéla. Það þarf að vísu ekki að fara mörgum orðum um þessa till., en hún felur í sér, að ríkisstj. láti rannsaka, hverjar eru orsakir hinna tíðu slysa, sem átt hafa sér stað við akstur dráttarvéla, og gera tillögur til úrbóta þar um.

Það er öllum ljóst, að nú á síðasta áratug hefur notkun dráttarvéla farið sívaxandi, sér í lagi við eina höfuðatvinnugrein okkar, þ. e. a. s. í landbúnaðinum. Um það ákvæði í umferðarlögunum, þ. e. a. s. í 28. gr. umferðarlaganna, sem fjallar um réttindi til aksturs dráttarvéla, munu á Alþingi við setningu þessara laga hafa verið töluvert skiptar skoðanir og niðurstaðan orðið sem raun ber vitni, að unglingum er heimilað að aka dráttarvélunum án nokkurs skírteinis, sé það gert utan alfaravegar, eins og orðað er í 28. gr. Við höfum hins vegar heyrt það og lesið um það núna undanfarin ár, að fjöldi unglinga hefur orðið fyrir slysum í sambandi við þessi tæki, svo að ég held, að menn geti verið sammála um það, að gerðar verði athuganir á því, hvort ekki er hægt að tryggja betur en gert er nú, að slík slys þurfi ekki að eiga sér stað.

Það er ekki neinn dómur á það lagður, hverjar orsakir eru fyrir þessum slysum. En mér þykir líklegt, að þar komi tvennt til: að annars vegar sé ekki farið að settum reglum og hins vegar sé útbúnaður þeirra tækja, sem verið er að nota, ekki eins og ákjósanlegt væri. Þess vegna er till. þannig orðuð, að þetta mál sé athugað og að sjálfsögðu verði gerðar nú þegar varúðarráðstafanir í þessum efnum og jafnvel þá lögð fyrir Alþ. breyt. á umferðarlögunum, ef það þætti rétt til þess að fyrirbyggja þetta.

Í sambandi við frágang á þessum ýmsu vélum má geta þess, að ýmsir aðilar hafa tekið upp framleiðslu á yfirbyggingum á þessar dráttarvélar, sem öryggiseftirlit ríkisins hefur viðurkennt, bæði vélsmiðjan Stál á Seyðisfirði og svo vélsmiðja Kaupfélags Árnesinga. Það er einnig til athugunar í þessu sambandi, hvort ekki sé rétt að gera kröfur til þess, að öryggisútbúnaði á vélunum verði breytt til þess að koma í veg fyrir slys.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en leyfi mér, herra forseti, að óska eftir því, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið einni umr. um till.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og sjá má á þskj. 617, hefur allshn. haft þetta mál til meðferðar, till. til þál. um rannsókn á slysum við akstur dráttarvéla. N. sneri sér til þriggja aðila og leitaði álits hjá þeim um þetta mál. Slysavarnafélag Íslands mælir eindregið með samþykkt till. og bendir jafnframt á ályktanir, sem gerðar voru á 10. landsþingi Slysavarnafélagsins. Öryggismálastjóri gaf ýtarlega umsögn, og í bréfi hans kemur í ljós, að hann hefur þegar lagt fyrir iðnmrn. drög að reglum um öryggisráðstafanir við notkun véla í búrekstri. N. sneri sér einnig til Búnaðarfélags Íslands og bað um álit Búnaðarfélagsins. Það baðst undan því að gefa það á þeim tíma, sem n. fór fram á, bað n. um að bíða með afgreiðslu till., unz búnaðarþingi væri lokið. Það kemur í ljós, að Búnaðarfélagið hefur á sínum vegum unnið að því að láta fara fram rannsókn á þessu mikla vandamáli, og það virðast sem sagt vera tveir aðilar, sem hafa farið að vinna raunhæft að úrbótum í þessu máli, bæði Búnaðarfélagið og öryggismálastjóri. Allshn. telur rétt, að einn aðili taki þetta að sér og leggi fram tillögur til úrbóta í þessu máli, eins og felst í sjálfri þáltill., og mæla þess vegna allir nefndarmenn með samþykkt tillögunnar.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir þá afgreiðslu, sem hún hefur veitt þessari till., því að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða. Frá því að þessi till. kom fram hér á Alþ., höfum við því miður orðið þess varir enn á ný, að akstur þessara dráttarvéla er mjög svo hættulegur og það er fyllsta ástæða til þess, að gerðar séu allar þær varúðarráðstafanir, sem til eru.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil aðeins, um leið og ég tek undir þessa þáltill., beina því til

hæstv. ríkisstj., sem fær þetta mál til athugunar, hvort ekki muni þörf á í sambandi við þessi tíðu slys, ekki síst sem orðið hafa á unglingum, að endurskoða umferðarlögin. Um árið, þegar þau voru samþykkt hér, var það mikið rætt hér á Alþingi, hvort ekki bæri að banna unglingum innan 12 ára að fást við akstur dráttarvéla, og var þá fellt. Ég er hræddur um, að það þurfi alvarlega að taka þessi mál til meðferðar í sambandi við þessi voðalegu slys, sem alltaf eru að verða.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 684).

20. Framfærslukostnaður námsfólks.

Á 26. fundi í Sþ., 19. des., var útbýtt:
Till. til þál. um tillit til framfærslukostnaðar námsfólks í sköttum og tryggingum [145. mál] (A. 239).

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Samkvæmt núv. skipan tryggingamála hér á landi hætta fjölskyldubætur vegna barna við 16 ára aldur. Í skattamálum og á ýmsum fleiri sviðum eru mörk dregin við þennan sama aldur skattgreiðendum í óhag. Þeir, sem hafa á framfæri sínu námsfólk yfir 16 ára að aldri, vita þó af reynslu, hversu ósanngjarnt þetta aldurstakmark getur verið. Ýmsum finnst, að einmitt um 16 ára aldurinn verði kostnaður vegna námsfólksins meiri en nokkru sinni fyrr.

Það er tilgangur þessarar till. að fá kannað, hvernig bæta megi úr því óréttlæti, að menn missi fjölskyldubætur og skattafrádrátt vegna barna, þegar þau í raun og veru verða fjölskyldunni dýrust. Þegar niðurstöður slíkrar athugunar liggja fyrir, má væntanlega velja um leiðir til úrbóta.

Í öðrum löndum er vandamál þetta mjög vel þekkt, og hafa verið farnar ýmsar leiðir til leiðréttingar. Í ársskýrslu framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, fyrir 1960, sem hv. þm. hafa fengið senda í norskri þýðingu og nefnist þar „Ungdom og Arbeid", segir m. a. svo:

„Venjulega hætta fjölskyldubætur vegna barna við aldur milli 15 og 18 ára. Þar sem skyldunám tíðkast, eru ávallt greiddar bætur fram til þess tíma, er viðkomandi börn ná lægsta aldri til að hætta námi. Í nokkrum löndum, svo sem Kanada og Frakklandi, má ekki greiða bætur, nema barn sæki reglulega skóla. Í flestum löndum skapa reglur grundvöll til áframhaldandi bóta fram yfir meðalaldur barna í framhaldsskólum. Þetta á þá við börn, sem stunda reglulega dagskóla til framhaldsnáms, bóknáms eða verknáms, sem iðnnemar eða á annan hátt. Slíkar framhaldsbætur gilda venjulega í 2—3 ár."

Till. þessi fer fram á það, að Alþingi feli ríkisstj. að rannsaka, hvernig hægt sé að taka réttlátt tillit til framfærslukostnaðar námsfólks yfir 16 ára að aldri í trygginga- og skattalöggjöf landsins.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. um málið verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það er síður en svo, að ég sé andvígur því, að sú till., sem hér hefur verið borin fram, verði samþykkt. Ég tel, að hér sé þörfu máli hreyft og full þörf sé úrbóta í þessum efnum. Ég er hv. frsm. fyllilega sammála um, að það er ranglæti í því, að foreldrar, sem kosta til náms börn yfir 16 ára aldur, skuli missa öll þau fríðindi, sem þeir nú njóta vegna barna, sem eru innan 16 ára aldurs. Það er alveg rétt, að kostnaðurinn verður oft meiri eftir þennan aldur. En ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, er sú, að ég taldi rétt að upplýsa það, að nefnd, sem að undanförnu hefur setið á rökstólum og haft til meðferðar endurskoðun skattalaganna, hefur rætt þetta mál, þó auðvitað aðeins hvað snertir skattahliðina, en ekki tryggingahliðina. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að í nefndinni hafi menn verið á einni skoðun um það, að ástæða væri hér til úrbóta, og í þeim till., sem frá nefndinni komu, — en ég tel það ekkert leyndarmál, þó að þessar till. hafi að vísu ekki enn þá verið lagðar fram, þar sem málið er enn þá til meðferðar í ríkisstj., — er gert ráð fyrir, að a. m. k. verði heimilað í framtíðinni að taka meira tillit en nú er til þess við skattaálagningu, að foreldrar hafa námskostnað vegna barna yfir 16 ára aldri. Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram þegar á þessu stigi málsins, en að öðru leyti tel ég alveg sjálfsagt, að þessari till. verði vísað til nefndar og hún verði athuguð þar.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 239, n. 593).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. þessi er um athugun á því, hvort hægt sé að taka tillit til þess í sköttum og tryggingum, ef fjölskylda eða einstaklingar hafa á framfæri sínu námsfólk, sem er yfir 16 ára að aldri og nýtur þar af leiðandi ekki frádráttar eða fjölskyldubóta. Allshn. hefur leitað álits Tryggingastofnunar ríkisins og

skattstjórans í Reykjavík, og eru báðir aðilar hlynntir umræddri athugun. Um höfuðefni till. hygg ég, að menn í allshn. hafi verið sammála. Þó vilja fjórir nm. samþykkja till. óbreytta, en tveir þeirra, Gísli Jónsson og Pétur Sigurðsson, gera fyrirvara, sem byggist á því, að upplýst er, að mál þetta hefur þegar verið athugað hvað skattahliðina snertir í nefnd, sem starfað hefur fyrir ríkisstj., enda þótt ekki hafi gefizt tilefni til þess að skýra opinberlega frá störfum þeirrar nefndar. Þessir tveir hv. þm. gera því fyrirvara, sem byggist á því, að sá hluti till., sem varðar skatta, sé óþarfur. Hins vegar stendur þá eftir tryggingahlutinn, en eins og fram kemur í nál. á þskj. 593, er það till. n. með þessum tveim fyrirvörum, að till. verði samþykkt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 685).

21. Rafvæðing Norðausturlands.

Á 28. fundi í Sþ., 20. des., var útbýtt:
Till. til þál. varðandi rafvæðingu Norðausturlands [147. mál] (A. 255).

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Við höfum, þingmenn Norðurl. e., ásamt hv. 10. landsk. leyft okkur að flytja á þskj. 255 till. til þál. varðandi rafvæðingu Norðausturlands, þess efnis, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að láta fara fram á árinu 1961 nauðsynlegan undirbúning til þess, að háspennulína verði lögð frá Laxárvirkjun til Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar á árunum 1962—1963, eins og ráð er fyrir gert, eða að rafvæðing hlutaðeigandi byggðarlaga verði á annan hátt a. m. k. jafnvel tryggð á sama tíma.

Í þeirri áætlun, sem á sínum tíma var gerð um rafvæðingu landsins á tíu árum, var gert ráð fyrir því, að háspennulína yrði lögð frá Laxárvirkjun í Þingeyjarsýslu eða nánar tiltekið frá Húsavík austur um Kelduhverfi, Öxarfjörð og Núpasveit til Kópaskers, þaðan austur um heiði til Þórshafnar og önnur álma frá Kópaskeri til Raufarhafnar. Var gert ráð fyrir, að þetta yrði framkvæmt á árunum 1962—63. Í sambandi við lagningu slíkrar háspennulínu, sem þarna var gert ráð fyrir, mundu allmargir sveitabæir hafa haft aðstöðu til þess að fá rafmagn samkv. þeim reglum, sem þar um hafa gilt, sennilega um eða yfir 40 bæir í Kelduhverfi og Öxarfirði og nokkrir í öðrum sveitum á þessu svæði.

Nú er komið fram á árið 1961, og ýmislegt hefur verið um þessi mál rætt og þessa tíu ára áætlun, en án þess að fara nánar út í þær umr., sem átt hafa sér stað um þau mál, þykir okkur flm. rétt, að ríkisstj. verði falið að láta fara fram nauðsynlegan undirbúning á þessu ári, til þess að framkvæmdir geti hafizt, eins og ráð var fyrir gert, á árinu 1962. Við viljum gera ráð fyrir því, að af þessum framkvæmdum verði á þessum árum, 1962—63, eða að rafvæðing hlutaðeigandi byggðarlaga verði á annan hátt a. m. k. jafnvel tryggð á sama tíma.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vil leggja til, að till. verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 255, n. 567).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjvn. leggur til, að till. þessi verði samþykkt með nokkurri orðalagsbreytingu, en sú orðalagsbreyting breytir þó ekki þeirri meginhugsun, sem liggur að baki till., en hún er þess efnis, að sem skjótast fáist úr því skorið, hvernig hagað verði rafvæðingu Norðausturlands eða fyrst og fremst Norður-Þingeyjarsýslu.

Svo sem hv. þm. er væntanlega kunnugt, var gert ráð fyrir því í 10 ára rafvæðingaráætluninni, að lögð yrði sérstök háspennulína frá Laxárvirkjun austur til Þórshafnar, Kópaskers og Raufarhafnar, og síðan átti út frá þessari veitu að dreifa raforku um nokkurn hluta af sveitum Norður-Þingeyjarsýslu. Nú hefur þessi áætlun verið endurskoðuð, m. a. á þann hátt, að gert er ráð fyrir, að frestað verði lagningu þessarar háspennulínu, sem er mjög dýrt fyrirtæki, og þess í stað hefur verið farið inn á það að efla dísilrafstöðvarnar í kauptúnunum Þórshöfn og Raufarhöfn, og væntanlega verður svo einnig gert á Kópaskeri, en rafstöðin þar er enn í einkaeign.

Ástæðan til þess, að till. er flutt, er fyrst og fremst sú, að brýn nauðsyn er fyrir íbúa þessa héraðs að fá úr því skorið, hvernig rafvæðingu þessarar byggðar verði hagað, og hugsunin með till. er sú, að nú þegar verði undinn bráður bugur að því að gera um það áætlun, þannig að menn viti, að hverju þeir eiga að ganga í þessu efni, og geti þá hagað sér í samræmi við það. Lagt er til, að að þessu verði unnið nú þegar á þessu ári,

og ég vil skjóta því hér fram til athugunar fyrir hæstv. ráðherra, enda þótt það sé ekki nefnt í þáltill., að Norður-Þingeyingar hafa sett á laggirnar hjá sér sérstaka raforkumálanefnd, sem hefur með að gera rafmagnsmál sýslunnar, og það væri mjög æskilegt, ef við þessa athugun yrði haft samráð við þessa nefnd.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta mál fleiri orðum. Það er augljós nauðsyn, sem hér liggur að baki, að leitað verði úrræða til þess að veita íbúum þessa héraðs þau þægindi, sem raforkan óneitanlega er, og sérstaklega þó það að fá tekinn af allan vafa um, hvernig þessum málum verði háttað, svo að menn geti þá lagað sig eftir því, og að sjálfsögðu með það í huga, að þó verði leitað allra úrræða til þess, að sem allra flestir og raunar allir íbúar þessa héraðs geti sem fyrst notið þæginda raforkunnar.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar flm. — og hv. frsm., sem hér talaði, er nú raunar einn af þeim — að þakka hv. fjvn. fyrir að hafa afgreitt þetta mál.

Eins og hv. frsm. tók fram, hefur orðalagi till. verið breytt, en um þá breytingu var á sínum tíma rætt við flm. till., og varð samkomulag um það, að þeir sættu sig við þetta orðalag, sem nú verður á till., ef brtt. hv. n. verður samþykkt.

Ég vil ekki leyna því, að ég hefði talið æskilegra og við sjálfsagt allir flm., að till. hefði verið samþykkt með því orðalagi, sem á henni var frá okkar hálfu. En eigi að síður teljum við það til mikilla bóta að fá þá till. samþ., sem gert er ráð fyrir á þskj. 567. Sú till. heldur enn öllum leiðum opnum og er um það, að athugun fari fram á því, á hvern hátt auðið sé að leysa raforkumál hlutaðeigandi landshluta á viðunandi hátt o. s. frv.

Ég vil taka undir það, sem hv. frsm. mælti hér áðan, að það væri mjög æskilegt og er sameiginleg ósk okkar, sem að þessum málum stöndum, að af hálfu stjórnarvalda verði við athugun málsins haft samráð við þá raforkumálanefnd, sem starfandi er innan héraðs og hefur verið starfandi í nokkur ár.

ATKVGR.

Brtt. 567 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 686).

22. Ákvæðisvinna.

Á deildafundum 20. og 23. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á hagkvæmni aukinnar ákvæðisvinnu [155. mál] (A. 272).

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35., 37. og 39. fundi í Sþ., 1., 8. og 15. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 272 flyt ég till. til þál. um rannsókn á hagkvæmni aukinnar ákvæðisvinnu. Till. þessi felur það í sér, að rannsókn verði látin fram fara á því, hvort ekki séu möguleikar á aukinni ákvæðisvinnu, þ. e. í fleiri starfsgreinum en nú er framkvæmt, með hliðsjón af reynslu nágrannaþjóða okkar í þeim efnum. Rannsókn þessi verði látin fara fram með aðild og í fullri samvinnu við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands. Verði niðurstaða þessarar rannsóknar sú, að aukin ákvæðisvinna verði talin æskileg, er ríkisstj. heimilað að kosta nauðsynlegan undirbúning að útfærslu ákvæðisvinnunnar á grundvelli rannsóknarinnar og í samráði við fyrrgreinda aðila.

Þegar rætt er um að breyta til frá því, sem um langan tíma hefur þótt sjálfsagt og eðlilegt, eru það mannleg viðbrögð að draga fram kosti og galla þess, sem lagt er til að við taki. Till. sú, sem hér um ræðir, er einungis um rannsókn og athugun á því, hvort hagkvæmt muni að taka upp ákvæðisvinnufyrirkomulag í fleiri starfsgreinum en nú á sér stað og þá að sjálfsögðu í hvaða starfsgreinum.

Allt frá því að fyrstu kjarasamningarnir tóku gildi hér á landi á síðustu árum 19. aldarinnar, hafa slíkir samningar að langmestu leyti gert ráð fyrir því, að verkafólk við störf í landi seldi vinnu sína miðað við verð hverrar klukkustundar. Þetta tímakaup hefur á síðari árum einnig verið lagt til grundvallar við samningagerð um vikukaup og þar áður einnig varðandi mánaðarlaun. Á sama hátt er tímakaupið grundvöllur að setningu fyrstu ákvæðisvinnuverðskrárinnar, sem samþykkt var á fundi Múr- og steinsmiðafélags Reykjavíkur 1. marz 1903 og endurnýjuð aftur 26. maí 1907. Síðan hefur á ýmsu gengið um ákvæðisvinnulaun eins og aðra þóknun hinna vinnandi handa. Þegar óáran hefur verið í atvinnu- og kjaramálum, hefur það bitnað á öllum launagreiðslum. Um nokkur árabil hafa ákvæðisvinnulaunin ekki verið í gildi vegna svipu atvinnuleysisins, rétt eins og á stundum hefur brunnið við, að umsamið tímakaup hefur ekki haldið gildi sínu af sömu ástæðum.

Hjá allmörgum verkalýðsfélögum eru nú í gildi samkv. samningum við atvinnurekendur ákvæðisvinnuverðskrár um hluta starfsgreina, en nokkuð mismunandi mikinn hluta. Ég fullyrði, að öll þau verkalýðsfélög, sem náð hafa samningum um ákvæðisvinnuverðskrár að einhverju eða öllu leyti, mundu telja það stórlega afturför, ef farið yrði að hrófla við þessum samningalega árangri þeirra. Ein slík tilraun hefur verið gerð með tilkynningu verðlagsstjóra 13. júlí 1943, þar sem auglýst var lækkun á ákvæðisvinnuverðskrá múrara. Þó að þá ríkti ekki sérstakur áhugi innan verkalýðshreyfingarinnar fyrir ákvæðisvinnu, stóð Alþýðusamband Íslands einhuga með múrurum í baráttu þeirra

fyrir að fá þessu gerræði hrundið, og það tókst á þann hátt, að ekki mun talið fýsilegt til eftirbreytni. Því minnist ég á þetta atriði hér, að í kjölfar þessara átaka fór eins konar ákvæðisvinnualda um byggingariðnaðinn. Upp frá þessu var stórum víkkaður sá hringur, þar sem eingöngu var unnið í ákvæðisvinnu.

Hver er þá reynslan, sem fengin er af ákvæðisvinnu þessara starfsgreina? 1) Er ekki byggingarkostnaður hærri vegna ákvæðisvinnunnar? 2) Er ekki vinnan verr af hendi leyst? 3) Verða ekki eiztu verkamennirnir út undan í þeim aukna vinnuhraða, sem hlýtur að fylgja ákvæðisvinnu? Þessum spurningum er eðlilega oft varpað fram í sambandi við hugleiðingar manna um þessi mál, og í umræðum um þau hafa menn ekki verið á eitt sáttir.

Samkv. útreikningi hins margnefnda visitöluhúss verður ekki séð, að hlutur þeirra starfsgreina, þar sem ákvæðisvinna er mest unnin, sé óhagstæðari húsbyggjendum en aðrar starfsgreinar. Raunveruleikinn er og oftast sá, að hin óvissu útgjöld byggjanna koma mest á óvart og eru lævísust og þess vegna ekki nægilega vel með þeim reiknað í upphafi.

Árekstrar vegna vinnuvöndunar hafa reynzt sízt meiri en jafnan er, þó að um timavinnu sé að ræða. Í byggingariðnaðinum hefur þessum vanda verið mætt með sérstökum matsnefndum, skipuðum fulltrúum beggja aðila og oddasæti frá byggingaryfirvöldunum, sem hlutaðeigandi húsbyggjendur geta kært mál sín fyrir. Þess ber að gæta, að slíkum umkvörtunum væri mun verra að koma við, ef viðkomandi vinna væri ekki unnin í ákvæðisvinnu.

Almennur starfsaldur verkafólks mun oftast áætlaður frá 16—65 ára. Nú hefur að vonum margur spurt, hvort aðstaða eiztu starfshópanna mundi ekki stórum versna, ef ákvæðisvinna yrði aukin, og tekjumismunur þeirra aukast miðað við yngri starfshópana og starfssvið þeirra jafnframt þrengjast. Ekki hafa orðið neinir teljandi árekstrar um verkaskiptingu t. d. í fimm greinum byggingariðnaðarins, sem mest er nú unnið að eftir ákvæðisvinnu. Þótt ákvæðisvinna verði stórum aukin innan hinna ýmsu starfsgreina, er öllum ljóst, að þar getur aldrei orðið um algera breytingu að ræða frá því, sem nú er. Þannig verður áfram um fjölda verkefna að ræða, sem er ekki mögulegt að koma ákvæðisvinnu við og munu áfram verða unnin í timavinnu. Hættan á stórum tekjumismun frá því, sem nú á sér stað, er einnig ekki stórvægileg, þegar haft er í huga, að tekjumismunur er ávallt nokkur milli þessara aldursflokka, þótt um timavinnu sé að ræða. Yngri menn, karlar og konur, með óskerta starfsorku hafa óneitanlega meiri tekjumöguleika í ákvæðisvinnu, en það hafa þeir einnig með núverandi timavinnufyrirkomulagi, sé á annað borð eftirspurn eftir vinnuafli, þ. e. a. s. næg atvinna sé fyrir hendi.

Kostir ákvæðisvinnu fyrir hinar vinnandi stéttir umfram aukna tekjumöguleika eru að minu áliti fyrst og fremst þeir, að verkafólkið er frjálsara við sín störf og ekki eins háð atvinnurekandanum, sem sannast m. a. á því, hve þau verkalýðsfélög, sem náð hafa samningum þar um, halda fast á þessum rétti sínum. Atvinnurekandinn á aftur á móti auðveldara með að gera sínar fyrirframáætlanir um kostnað af störfum verkafólks síns heldur en þegar um timavinnu er að ræða.

Ekki eru allar starfsgreinar jafnvel fallnar til ákvæðisvinnu, og veldur þar margt um, sem of langt yrði upp að telja hér. En reynsla nágrannaþjóða okkar, eins og Noregs, Danmerkur og Englands, á að geta verið okkur nokkur hjálp við væntanlega athugun þessara mála, þó að aðstæður séu ekki með öllu sambærilegar. Hjá þessum þjóðum hafa þegar verið gerðar ýtarlegar rannsóknir í þessum efnum, sem síðan hafa orðið grundvöllur að nýrri samningagerð. Þá hafa stórþjóðirnar, eins og Bandaríki Norður-Ameríku og Sovétríkin, langa reynslu í þessum málum í mörgum starfsgreinum, þó sérstaklega Sovétríkin, en öll viðmiðun við þessar þjóðir mun þó vart möguleg, svo mjög sem allt atvinnulíf er þar stórkostlegra í sniðum og ólíkt okkar aðstöðu.

Þegar um er að ræða svo viðfeðma og þýðingarmikla athugun, sem þáltill. þessi heimilar, ef samþykkt verður, er eðlilegt, að það opinbera beri kostnaðinn þar af í einu eða öðru formi, enda hljóta niðurstöður rannsóknarinnar, hverjar sem þær verða, að snerta fjölmennan hóp verkafólks og vinnuveitenda og þá um leið atvinnulíf þjóðarinnar í heild. Ég vænti þess, að hv. þm. geti orðið mér sammála um, að nauðsyn sé á að leiða í ljós, svo sem frekast er unnt með athugun, hvert þjóðhagslegt gildi það gæti haft, að ákvæðisvinna verði aukin í þeim starfsgreinum, sem bezt reynast til þess fallnar.

Herra forseti. Ég óska eftir, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 272, n. 592).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. um rannsókn á hagkvæmni aukinnar ákvæðisvinnu. Nefndin leitaði umsagnar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um till., og mæla bæði samtökin með samþykkt hennar. Allshn. leggur til, að till. verði samþ. með lítilvægri breytingu, sem er á þskj. 592. Hún er á þá leið, að síðari mgr. till. orðist svo: „Leiði rannsókn í ljós, að aukin ákvæðisvinna sé þjóðhagslega æskileg, heimilar Alþingi ríkisstj. að veita nauðsynlega aðstoð og fyrirgreiðslu í samráði og samstarfi við fyrrgreinda aðila.“ Hvað höfuðefni snertir er hér ekki um breytingu að ræða.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að lýsa því yfir, að ég er þeirri breytingu samþykkur, sem allshn. hefur gert á niðurlagi till., þar sem ekki er um efnisbreytingu að ræða. Jafnframt þakka ég nefndinni góða afgreiðslu málsins og vona, að sú rann-

sókn, sem skorað er á ríkisstj. að láta fram fara, fari fram hið allra fyrsta.

ATKVGR.
Brtt. 592 samþ. með 33 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 687).

23. Brottflutningur fólks frá Íslandi.

Á deildafundum 26. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. varðandi brottflutning fólks frá Íslandi [162. mál] (A. 285).

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. og 39. fundi í Sþ., 8. og 15. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fyrir skammri stundu fóru fram umræður hér á hv. Alþingi um læknaskort á Íslandi. Þá kom nokkuð til tals, að ein ástæða fyrir þeim skorti er talin sú, að allmikill fjöldi íslenzkra lækna er nú í öðrum löndum, hefur þar búsetu og atvinnu.

Sú till., sem hér kemur til umr., fjallar um það vandamál, sem hefur verið vaxandi í seinni tíð, að fólk flyzt búferlum burt frá landi okkar, og sérstaklega hefur verið áberandi, að hámenntað fólk, sem venjulega hefur hlotið á kostnað íslenzku þjóðarinnar eða íslenzkra aðila dýra sérmenntun, hefur að námi loknu farið til annarra landa og ráðið sig þar í atvinnu. Í sambandi við þær umr., sem hafa orðið um þessi mál hér á landi, höfum við tveir þm. talið rétt í fyrsta lagi, að gerð væri hlutlaus athugun á því, hversu mikið er raunverulega um slíkan brottflutning, því að aðgengilegar skýrslur munu ekki vera til um það. Í öðru lagi teljum við æskilegt og öllu mikilvægara, að reynt verði að kanna, af hverju þetta fólk hefur flutzt búferlum frá landinu. Eftir að fengizt hafa nákvæmar skýrslur um það, t. d. um síðustu fimm ár, eins og tilgreint er í till., hverjir það eru, sem flutzt hafa búferlum, og hér er ekki um það stóra hópa að ræða, að nokkur vandræði séu á að fá þar ýtarlegan nafnalista, þá ætti að vera hægt að fá einhverjar upplýsingar um hitt, af hverju þetta fólk hefur flutzt af landinu. En upplýsingar um þær ástæður hljóta að verða grundvöllur þess, hvort Alþingi eða aðrir aðilar í landinu telja ástæðu til að gera sérstakar ráðstafanir til að stöðva þennan brottflutning, hvort það er unnt að gera slíkar ráðstafanir eða ekki.

Það liggur í augum uppi, að við höfum ekki ráð á að missa stóra hópa af okkar bezt menntaða fólki, oft sérstaklega á þeim sviðum, sem nútíma þjóðfélagi eru mikilvægust. Því vænti ég, að menn geti verið sammála um að láta gera þá rannsókn, sem hér er farið fram á, og þingið fái niðurstöður hennar til að geta gert sér grein fyrir þessu máli í heild og ákvarðað, hvort ástæða er til frekari aðgerða.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 43. fundi í Sþ., 1. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 285, n. 594).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. þessi er þess efnis, að athugað verði nákvæmlega, hversu mikill brottflutningur fólks frá Íslandi hefur verið undanfarin ár, og rannsakað eftir föngum, hvers vegna fólk flyzt búferlum til annarra landa. Hugmyndin er sú að fá með þessu upplýsingar um þessi mál, sem hægt er að byggja á ákvarðanir um það, hvort ástæða er til að gera einhverjar ráðstafanir í sambandi við brottflutning, ef hann reynist of mikill, eins og ýmsir ætla, og að fyrir liggi sem nákvæmastar upplýsingar um málið.

Nefndin leitaði umsagnar Hagstofu Íslands og Bandalags háskólamanna um till., og mæltu báðir aðilar með samþykkt hennar. Í nefndinni vildu 4 nm. samþykkja till. með orðalagsbreytingu, eins og getið er á þskj. 594, nema hvað rannsóknin er látin ná til 10 ára í staðinn fyrir 5. Einn nefndarmanna greiddi atkv. á móti till., en hefur ekki skilað sérstöku áliti, og annar sat hjá. Með till. allshn. um breytingu mundi tillgr. hljóða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera nákvæma skýrslu um brottflutning fólks frá Íslandi síðustu 10 ár og rannsaka eftir föngum ástæður fyrir brottflutningi til annarra landa. Skýrslan og niðurstöður rannsóknarinnar verði lagðar fyrir Alþingi.

ATKVGR.
Brtt. 594 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 688).

24. Varnir gegn landspjöllum af völdum Dyrhólaóss.

Á deildafundum 22. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um varnir gegn landspjöllum af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal [114. mál] (A. 148).

Á 18. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Sú till., *sem hér er fram borin af hálfu okkar þriggja* þm. í Suðurlandskjördæmi, fjallar um eitt af vandamálum í Vestur-Skaftafellssýslu. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka, hvað tiltækilegast sé að gera til að hindra frekari landspjöll af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal."

Svo sem alkunna er, hefur þessi ós útfall mikið austan við Dyrhólaey, og þegar sandi kastar í útfallið, sem kemur æði oft fyrir, þá getur það teppzt alveg. Við það vex ósinn mjög, og m. a. renna í hann ár, sem gera enn verr fyrir, og í stórbrimi flæðir sjórinn inn yfir fjöruna, þó einkum, að kunnugir menn telja, austan Dyrhólaeyjar og inn í ósinn. Verður ósinn þá það mikill, að hann flæðir yfir geysistórt landssvæði, leirur og engjalönd nálægra jarða. Og að sjálfsögðu ber hann í þessum hamförum möl og sand á engjar og veldur auk þess landbroti og þannig mikilli eyðileggingu. Ég hef heyrt talið, að um 25—30 býli eigi engjalönd á þessu svæði, þ. e. a. s. flestallir bæir í svokölluðu Reynishverfi, Dalabæir og Dyrhólahverfi og nokkrir fleiri. Þannig er auðsætt, að í þessu efni verða öll þessi býli fyrir meiri og minni búsifjum af völdum óssins og hamfara hans. Þá má geta þess, að sandgræðsla nokkur er hafin á hluta af þessu svæði, og það mega teljast fyrir því líkur, að uppgræðsla þessa landflæmis, sem þegar er komið í sand, megi takast, ef unnt verður að hemja ósinn, sem hefur gengið líka yfir það land, og áfram megi svo græða þarna á þessum slóðum hundruð hektara lands, þar sem áður voru leirur og sandar. En til þess að þetta megi ske, að þessi landgræðsla megi eiga sér stað, verður að finna ráð til þess að lagfæra ósinn, þannig að hann fái sem jafnast og stöðugast rennsli í sjó fram.

Á Alþingi 24. febr. 1954 var samþ. þáltill., sem gengur í sömu átt og þessi tillaga okkar þremenninganna. En það er ekki kunnugt okkur flm., að nein veruleg gangskör hafi verið gerð að því að framkvæma þá þáltill. né að hún hafi leitt til nokkurrar raunhæfrar rannsóknar á þessu mikla vandamáli bændanna á þessum slóðum. Höfum við flm. leyft okkur að flytja þessa tillögu vegna þess, að það er aldrei brýnni þörf en einmitt nú að leysa úr þessu máli. Og er það von okkar, að nú megi þessi tillaga verða til þess að herða svo á, að til úrslita dragi um fullkomna rannsókn án frekari undandráttar. Og þá er ekki síður mikilsvert, að þetta mikla land, sem hér um ræðir, fái sem bezta ræktun, þegar litið er til þess, að ekki kunna að líða mörg ár, þar til hafizt verði handa um hafnargerð á þessum stað. Það er eitt af hinum mestu hagsmunamálum Sunnlendinga, alveg án vafa, að hafnargerð verði framkvæmd við Dyrhólaós. Og það er þess vegna brennandi spursmál að fá úr því leyst, hversu mikinn kostnað slík hafnargerð hafi í för með sér, þótt ekki sé gert ráð fyrir því, að hún verði alfullkomin, heldur komið þarna fyrir sæmilegri aðstöðu til þess, að bátar og smærri skip fái athafnað sig á þessum stað. Nú vill svo vel til, að það er einmitt tillaga hér uppi í þingi um það, að efnt verði til rannsóknar á hafnarstæði á þessum slóðum, og það fer mjög vel á því, að þessar báðar tillögur fylgist að. Ég vil vænta þess, að Alþingi *megi sjá það, sem rétt er í þessu efni*, eða það sama sem við flm. teljum vera rétt í þessu efni, að þessi rannsókn verði látin fara fram, bæði varðandi landspjöllin og hafnargerðina. Ég vil vænta þess, að þessi till. okkar fái eðlilega afgreiðslu nú á þessu þingi.

Það hefur verið ákveðin ein umræða um þetta mál, og vil ég leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað við frestun þessarar umr. til fjvn. til athugunar þar.

Jón Kjartansson sýslumaður: Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að andmæla þessari till. á þskj. 148, síður en svo. En ég vildi einungis gefa ofur litlar upplýsingar í þessu máli.

Eins og drepið er á í niðurlagi grg., var samhljóða till. samþ. hér á Alþingi 1954. Ég flutti þá till. á Alþingi, og hún var samþ. einróma. Páv. vitamálastjóri, hæstv. núv. félmrh., kom þá austur og leit á staðhætti þarna, og án þess að nokkur ýtarleg rannsókn færi fram, leizt honum svo á, að allar verulegar aðgerðir þarna við ósinn yrðu svo ofboðslega kostnaðarsamar, að ekki væri í það ráðandi. Hann treysti sér ekki til að mæla með því, að það yrði gert. En það varð svo samkomulag okkar í milli, að ég reyndi að fá litils háttar fjárveitingu til þess að ýta ósnum út, í hvert skipti þegar hann teppt-ist, og það mundi verða ódýrast og hagkvæmast til þess að leysa þetta mál. Ég fékk tvívegis ofur litla fjárveitingu í þessu skyni, í fyrra skiptið að mig minnir 25 þús. kr. og 20 þús. í hið síðara skipti. Þetta fé var svo lagt til hliðar og geymt hjá vitamálastjóra, og hann greiddi síðan reikninga, sem ég sendi honum, þegar þurfti að ýta ósnum út. Ég veit ekki, hvernig fjárhagur stendur núna, en þó var það svo í vetur, að nokkru fyrir áramót þurfti ég að fá greidda nokkra reikninga fyrir mokstur á ósnum og hringdi til vitamálastjóra og spurði hann, hvort eitthvert fé væri til, og kvað hann það vera. En ég innti ekki eftir, hversu mikið það væri, en sendi reikningana, og ég veit ekki betur en þeir hafi verið greiddir. Þetta vildi ég upplýsa, til þess að alþm. viti, að hér var þó eitthvað að gert, þótt ýtarleg rannsókn hafi ekki farið fram, — en þetta var álit þáverandi vitamálastjóra, sem ég veit að hann mundi viðurkenna, ef hann

væri hér. Enginn skyldi fagna því meir en ég, ef hægt væri að gera þarna einhverjar varanlegar aðgerðir, en eins og hæstv. félmrh. benti á, þá er ég ákaflega hræddur um, að þetta yrði gífurlega kostnaðarsamt, og eins og hann áleit líka, væri vafasamur árangur, hvað sem gert yrði.

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins örfá orð til þess að gefa upplýsingar. — Það stóð þannig á, að um það leyti eða dálitið seinna en þáltill. sú hafði verið samþ., sem síðasti hv. ræðumaður minntist á, hafði ég hafnarmál með höndum um tíma. Kynnti ég mér því nokkuð þetta mál, eins og skylt var, og ráðgaðist um það við vita- og hafnarmálastjóra. Það stóð þannig á, að um það leyti komu við sögu bæði fyrrv. og núv. vitamálastjóri. Niðurstaðan af þeim viðræðum varð sú, að þeir upplýstu, að til þess að hægt væri að dæma um, hvort unnt væri með kleifum kostnaði að gera höfn á þessum stað, þyrfti að athuga talsverðan tíma sandrekið með ströndinni o. fl., en það kostaði nokkurt fé að halda uppi slíkum rannsóknum. Út úr þessu kom svo, að það var settur inn á fjárlög, a. m. k. á tímabili, — ég þori ekki að segja, hvort það stendur þar enn, — nokkur póstur til þess að kosta athugun þessa. Var ætlazt til, að því yrði m. a. varið til þess að fylgjast með hreyfingum sandsins og öðrum atriðum, *sem gætu haft úrslitaþýðingu* við að ákveða endanlega, hvort þarna væri unnt að ráðast í hafnargerð eða ekki.

Þetta vildi ég upplýsa. Ég vildi benda áhugamönnum um þetta mál á að hafa alveg sérstaklega samvinnu við hafnar- og vitamálastjórnina um, að þær athuganir fari fram, sem óhjákvæmilegar eru, til þess að skera úr þessu. En þessi skref voru stigin ásamt því, sem síðasti hv. ræðumaður gat um.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og fram er komið í þeim umr., sem hafa orðið um þetta mál, er ljóst, að það hefur ekkert legið opinberlega fyrir um rannsókn í þessu efni. Hitt er annað mál, að 8. landsk. (JKs) hefur upplýst um nokkra samvinnu, sem hefur farið fram á undanförnum árum á milli hans og vitamálastjóra, en það var eðlilegt og er, að við flm. vissum ekki um slíkt. Þá er það upplýst, að nokkurt fé hefur verið veitt í þessu skyni, en hvergi nærri svo, að leitt hafi til neinnar raunverulegrar rannsóknar. Það er slík rannsókn, sem um fjallar í þessari till., sem verður að fara fram, og ég veit það, að hv. 8. landsk. er okkur flm. sammála um það, enda vissi ég það fyrir, að hann hafði mikinn áhuga á þessu máli og hafði flutt tillögur í svipaða átt og hér er gert áður á þingum. En við flm. höfum sem sagt fyrst og fremst áhuga á því að fá alveg úr því skorið, hvort rannsókn geti ekki leitt í ljós, að hægt sé með sæmilegu móti að hindra frekari landspjöll á þessum slóðum og koma í veg fyrir sandfok og aðra eyðileggingu, sem verður þarna á dýrmætum engjalöndum fjölmargra jarða. Það er nú svo, og það er vitað, bæði í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu og víðar, að vel hefur verið hægt að koma í veg fyrir uppblástur og sandfok á stórum landssvæðum. Að vísu hefur það ævinlega kostað nokkra fjárfúlgu, en það er fjármagn, sem fáir eða engir sjá eftir. Og þessi till. okkar er fyrst og fremst til þess fram borin að fá úr því skorið með heildarrannsókn, hvort ekki eru tiltækilegar leiðir, ein eða fleiri, sem hægt sé að fara til þess að koma í veg fyrir frekari landspjöll á þessu mikla landssvæði. Ég vona, að hv. alþm. *geti vel fallizt á það eins og áður*, að til þessarar umbeðnu rannsóknar verði stofnað hið allra fyrsta og til úrslita dragi um það, hvort kleift sé að koma í veg fyrir áframhaldandi landspjöll og græða upp þau landspjöll, sem þegar eru á orðin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 148, n. 596).

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um það mál, sem hér er á dagskrá, en það er till. til þál. um varnir gegn landspjöllum af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

Dyrhólaós hefur valdið allmiklum spjöllum á grónu landi í sveitum í Vestur-Skaftafellssýslu, svo sem allmörgum alþm. mun kunnugt um, því að hér hefur áður verið fjallað um það mál. Á sínum tíma var gerð á því nokkur rannsókn, hverjar umbætur væri hægt að gera til þess að draga úr þessum vandkvæðum, og hefur á vegum vitamálastjórnarinnar öðru hverju verið grafinn út ósinn, þannig að vatni hefur verið hleypt burt, sem annars hefur staðið uppi. Í umsögn vitamálastjóra um þetta mál kemur hins vegar fram, að ýmsar athuganir eru mjög hugsanlegar og líklegar til þess að geta borið árangur, til þess að frekar megi draga úr landspjöllum en orðið er, og hefur fjvn. með tilliti til þeirra athugana orðið sammála um að leggja til, að þessi þáltill. verði samþ. með þeirri breytingu, sem greind er á þskj. 596, að till. orðist á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga nánar en gert hefur verið, hvað tiltækilegast sé að gera til að hindra frekari landspjöll af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.“

Mælir nefndin með samþykkt till. þannig breyttrar.

ATKVGR.

Brtt. 596 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 690).

25. Radíóviti á Sauðanesi.

Á 25. fundi í Sþ., 16. des., var útbýtt:

Till. til þál. um byggingu radíóvita á Sauðanesi við Siglufjörð [143. mál] (A. 224).

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Við hv. 1. þm. og 4. þm. Norðurl. v. og hv. 9. landsk. höfum leyft okkur að flytja þáltill. þá, sem hér er til umr. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að reistur verði öflugur radíóviti á Sauðanesi við Siglufjörð."

Á síðasta þingi fluttum við sömu þáltill., en hún náði þá ekki fram að ganga, enda var hún flutt seint á þinginu.

Þáltill. er flutt að ósk skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis á Siglufirði. Félag þetta hefur sérstaklega beitt sér fyrir þessu máli, enda þekkja skipstjórar og aðrir sjómenn á Siglufirði allra manna bezt hina miklu nauðsyn þess, að allt sé gert, sem hægt er, til þess að tryggja örugga innsiglingu og landtöku til Siglufjarðar jafnt í dimmu sem í björtu. Innsiglingin til hafnar í Siglufirði liggur eftir tiltölulega mjóum ál, að vestan Sauðanesið, sem skagar fram úr fjallinu Strákum, en að austan Hellan, sem er framhald af Siglunesi. Á sumrum liggur oft og tíðum svartur þokubakki alveg upp að landinu, sem að sjálfsögðu torveldar skipum að ná höfn í Siglufirði, og oft og tíðum hefur það komið fyrir, að fjöldi veiðiskipa hefur lent í miklum erfiðleikum með að komast inn til hafnar í Siglufirði í dimmum veðrum. Fyrr á árum var það ekki óalgengt, að skip strönduðu á Hellunni eða í nánd við Sauðanesið vegna þeirra örðugleika, sem á því geta verið fyrir skip að ná til hafnar.

Það hefur verið og er mikið áhugamál siglfirzkra skipstjórnarmanna og annarra þeirra, sem þar til þekkja, að reistur verði á Sauðanesi radíóviti. Í grg. frá skipstjórafélaginu Ægi er bent á, að radíóviti sá, er á sínum tíma var reistur á Sauðanesi, hafi verið allt of lítill, aðeins 2 vött, og langdrægni hans því mjög lítil, þó að hins vegar sá viti hafi verið betri en enginn viti, en fyrir fjórum árum, eins og segir í grg., eða nú fyrir 5 árum, hafi vitinn verið lagður niður og þá talinn ónýtur, þrátt fyrir það að hann hafi verið talinn nothæfur í sjómannaalmanakinu það ár. Þá er og á það bent, að á hafsvæðinu milli Strandagrunns að vestan og Grímseyjarsunds og Kolbeinseyjar að austan séu svo að segja engar dýptarmælingar sýndar á sjókortum, þegar komið er út fyrir Skagagrunn. Á þessu hafsvæði sé það, sem síldveiðin fari fram fyrri hluta síldarvertíðar og það allt að 130 sjómílum til hafs. Þá er enn fremur bent á, að veiðiskipin lendi iðulega í þokum og súld dögum saman við að leita að veiði. Straumar og vindar hafi líka sín áhrif á, að staðsetning þeirra á leitarsvæðinu verði óákveðin og óviss. Mjög illt sé að átta sig með dýptarmælingum, eins og áður segir, aðallega vegna ónógra dýptarmælinga og mjög lítillar kortlagningar. Það má öllum ljóst vera, að skip, sem fá veiði, þurfa svo fljótt sem hægt er að koma til hafnar til þess að bjarga veiðinni frá skemmdum. En þar sem farastaður er óviss, tekur oft langan tíma að ná til hafnar. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að stórkostleg verðmæti hafa eyðilagzt vegna þess, hve skipunum hefur gengið erfiðlega að komast inn. Með byggingu sterks radíóvita á Sauðanesi væru þessi vandkvæði úr sögunni, þar sem skipin gætu þá miðað vitann og sigit örugglega til hafnarinnar.

Að sjálfsögðu er bygging radíóvita á Sauðanesi til stóraukins öryggis fyrir öll þau skip, sem sigla þar með ströndum fram og gætu þá staðsett sig með miðunum án tillits til veðurs. Þá má og benda á, að slíkur viti væri til mikils gagns og öryggis fyrir flóabátinn, sem gengur á milli Akureyrar, Siglufjarðar og Sauðárkróks. Leiðin á milli Siglufjarðar og Sauðárkróks er mjög hættuleg í vondum veðrum. Á þessari leið eru margir grunnhólar, sem brýtur á, og leiðin stórhættuleg í myrkri og stórhríðarbyljum vetrarins. Á þessari leið fórst t. d. fyrir nokkrum árum póstbáturinn, sem þá var í ferðum milli Siglufjarðar og Sauðárkróks. Báturinn var að koma frá Hofsósi með farþega og flutning, lenti í norðaustan stórhríð og fórst, að því er talið er, á grunnboða nokkrum nokkuð vestan við Sauðanesið. Á þessu svæði hafa farizt mörg önnur skip, þó að þau verði ekki talin hér.

Siglufjarðarhöfn er ein með stærstu höfnum landsins. Þegar inn er komið, er bezta skipalægi, enda hafa mörg skip leitað þangað hafnar undan ofsaveðrum og stórhríðum Norður-Íshafsins. Árið 1960 voru skipakomur til Siglufjarðar 3023. Á þessu sést, að það er hin mesta nauðsyn á því, að allt sé gert, sem hægt er, til þess að auðvelda skipum töku slíkrar hafnar, jafnt í dimmviðrum sem á björtum degi. Siglufjörður hefur verið í tugi ára aðalmiðstöð fyrir síldveiðiflotann, sérstaklega fyrri part síldarvertíðarinnar. Margir eru þeirrar skoðunar, að Siglufjörður verði hér eftir sem hingað til miðstöð fyrir sumarsíldveiðarnar og því beri að gera allt, sem hægt er, til þess að tryggja öryggi þeirra skipa, sem þangað þurfa og vilja leita hafnar.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 224, n. 566).

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um þáltill. um byggingu radióvita á Sauðanesi við Siglufjörð. Það er upplýst, að í áætlunum vitamálastjórnarinnar er gert ráð fyrir því, að á þessum stað verði byggður radióviti. Hins vegar hefur ekki orðið af þeim framkvæmdum, vegna þess að á því eru taldir vera nokkrir tæknilegir örðugleikar, og hefur vitamálastjórnin s. l. sumar og áformar aftur í sumar að reka radíóstefnuvita á öðrum stað nálægt Siglufirði til reynslu. En engu að síður telur vitamálastjórnin, að á Sauðanesi eigi að koma radióviti, og í samræmi við það svo og óskir tillögumanna hefur fjvn. mælt með því, að þessi till. verði samþ. efnislega, og gerir á henni lítils háttar breytingu, sem ég ætla að ekki verði talin raska efni hennar, en gerir ráð fyrir því, að þessi umræddi radióviti verði byggður einmitt á Sauðanesi, þegar ástæður frekast leyfa, að til þeirra framkvæmda verði horfið.

Gunnar Jóhannsson: *Herra forseti.* Ég vil fyrir hönd okkar fim. þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu hennar á þáltill. okkar á þskj. 224. Við getum fellt okkur við þá orðalagsbreytingu, sem n. hefur gert á till., í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. og vitamálastjóri hraði byggingu radióvitans á Sauðanesi við Siglufjörð, eftir því sem hægt verður. Ég tel mig geta fullyrt það, að fyrir byggingu þessa vita er mikill áhugi meðal skipstjórnarmanna og annarra sjómanna, og þeir, sem bezt þekkja staðhætti, telja, að bygging radióvita á Sauðanesi við Siglufjörð *muni stórlega auka á öryggi sjófarenda.* Fyrir því vonast ég til þess, að hv. alþm. samþ. tillöguna.

ATKVGR.
Brtt. 566 samþ. með 37 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 691).

26. Hagnýting skelfisks.

Á deildafundum 16. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um hagnýtingu skelfisks [195. mál] (A. 377).

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt tveimur öðrum hv. þm. till. til þál. á þskj. 377 um hagnýtingu skelfisks, að ríkisstj. láti fram fara í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans rannsókn á skelfisksmagni við strendur landsins. Verði jafnframt athugaðir möguleikar á hagnýtingu skelfisks til útflutnings og atvinnuaukningar.

Þessi till. þarf ekki langs rökstuðnings við af minni hálfu. Kjarni málsins er sá, að enda þótt skelfiskur sé meðal flestra þjóða talinn meðal beztu og dýrustu matvæla, erum við Íslendingar mjög skammt á veg komnir í því efni að hagnýta þessa verðmætu vöru. Það er tiltölulega skammt síðan hafizt var handa um rækju- og humarveiðar hér á landi. Þær eru stundaðar af nokkrum flota smábáta, en á s. l. ári var svo komið, að fluttar voru út afurðir frá þessum atvinnurekstri fyrir samtals nær 50 millj. kr. Mikill fjöldi fólks í þeim landshlutum, þar sem þessi atvinnuvegur er stundaður, hefur við það atvinnu og mjög góðar tekjur.

Við flm. þessarar till. *leggjum til*, að gengið verði lengra í þá átt að hagnýta þau náttúruauðæfi landsins, sem fólgin eru í skelfiskinum, sem liggur í hrúgum á fjörum landsins og við strendur þess. Elgum við þar þá fyrst og fremst við kúfisk og kræklingu, sem í nágrannalöndum okkar er hagnýttur og talinn ein hin lystilegustu matvæli og seldur fyrir miklar fjárupphæðir.

Við teljum sem sagt, að fram beri að fara athugun í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans á skelfiskmagninu við strendur landsins og síðan verði athugaðir möguleikar á hagnýtingu þess skelfisks til útflutnings og atvinnuaukningar í landinu. Ég hygg, að ég geti fullyrt, að það sé mikið af þessum skelfiski hér við landið og það þurfi ekki að fara neitt á milli mála, að það eigi að geta borgað sig fyrir okkur eins og nágrannaþjóðir okkar að hagnýta þessar skelfiskstegundir. En áður en ráðizt yrði í þennan atvinnurekstur, er, eins og lagt er til í till., eðlilegt og sjálfsagt, að fram fari rannsókn af hálfu sérfróðra manna í þessum efnum.

Ég hygg, að allir hv. alþm. séu sammála um það, að til þess beri brýna nauðsyn, að atvinnulíf okkar þjóðar verði fjölbreyttara, fleiri stoðir renni undir efnahagsgrundvöll okkar þjóðfélags. Því miður er okkar atvinnulíf mjög einhæft. Við erum háðir sjávarafla að langsamlega mestu leyti, sem oft bregzt, og þess eru nærtæk dæmi einmitt nú á þessum síðustu tímum, að aflabrestur á fiskveiðum okkar hefur valdið okkur miklum erfiðleikum og erfiðleikum, sem er ekki séð fram úr nú. Ég vænti því, að þessari till. verði vel tekið, og leyfi mér að leggja til, að henni verði vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Sþ., 11. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 42 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 377, n. 585).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 585 ber með sér, hefur fjvn. orðið sammála um að mæla með samþykkt till. Nefndin leitaði umsagnar bæði Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans. Báðar þessar stofn-

anir mæla eindregið með því, að till. verði samþ. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð, þar sem málinu eru gerð góð skil í grg. og það var einnig gert í framsögu fyrir till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 692).

27. Sjálfvirkt símakerfi.

Á deildafundum 25. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um sjálfvirkt símakerfi um land allt [219. mál] (A. 590).

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 58. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fyrir þessu þingi liggja fjórar till. varðandi sjálfvirkan síma fyrir einstaka hluta landsins: fyrir Austurland, Borgarnes, Siglufjörð og Suðurland. Allshn. hefur fengið till. þessar til meðferðar, sent þær til umsagnar póst- og símamálastjórnarinnar. Samkvæmt ósk n. hefur póst- og símamálastjóri veitt n. ýtarlegar upplýsingar um fyrirætlanir stofnunarinnar í þessum efnum, og auk þess hefur Gunnlaugur Briem mætt á fundi allshn., þar sem mál þessi voru ýtarlega rædd og hann veitti ýmsar upplýsingar til viðbótar.

Það hefur orðið niðurstaða allshn. að afgreiða þessar fjórar till. með nýrri þáltill., sem hér kemur nú fyrir, og byggist hún á þeim upplýsingum um þetta málefni í heild, sem n. hefur aflað sér. Upplýsingarnar felast í skýrslu frá póst- og símamálastjórninni, sem prentuð er í heild sem fskj. með till. Samkvæmt þeirri áætlun, sem þar kemur fram, er talið kleift að gera síma sjálfvirkan um allt landið á tiltölulega skömmum tíma, þannig að allir kaupstaðir, kauptún, þorp og margir sveitabæir í nágrenni við þéttbýlið fái sjálfvirkan síma fyrir árslok 1966 ásamt sjálfvirku sambandi sín á milli, en nálega allir aðrir sveitabæir verði tengdir við kerfið fyrir árslok 1968. Ég vil benda hv. þm. á upptalningu, sem er á bls. 2—3 á þskj. 590, þar sem röð framkvæmdanna er talin í stórum dráttum, eins og hún er fyrirhuguð af póst- og símamálastjórninni, og í tveggja ára áföngum.

Framkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru umfangsmiklar, og er áætlað á þessu stigi, að þær muni kosta 500 millj. kr. En póst- og símamálastjóri hefur gefið n. þá skýringu, að ef ekki yrði ráðizt í svo stórfelldar framkvæmdir til þess að gera síma sjálfvirkan um allt landið, heldur aðeins haldið áfram símaframkvæmdum og aukningu í svipuðum dúr og verið hefur undanfarin ár, án þess að stöðva þá þróun, sem verið hefur, mundu framkvæmdir símans engu að síður kosta um 300 millj., þannig að breyting frá eðlilegri eða áframhaldandi þróun símans, eins og verið hefur, til þess að framkvæma þessa áætlun um sjálfvirkan síma um allt land kostar um 200 millj. kr. fram yfir það, sem vera mundi ella.

Póst- og símamálastjórnin telur sér kleift að standa straum af þessum mikla fjárfestingarkostnaði án þess að fá til þess nokkur framlög úr ríkissjóði eða annars staðar að, og er þá reiknað með venjulegum greiðslufresti, sem síminn hefur notið og nýtur hjá framleiðendum véla og tækja erlendis. Þó þyrfti síminn sennilega að fá stutt lán eða aðra fyrirgreiðslu fyrir nokkrum upphæðum fyrstu 2—3 árin, en þar er aðallega um að ræða greiðslu á tollgjöldum.

Í skýrslu póst- og símamálastjórnarinnar má sjá nánari skýringar á því, hvernig þetta er talið vera fjárhagslega unnt. M. a. má benda á það, að notkun á sjálfvirkum síma er miklu meiri en á handvirkum síma, þannig að tekjur símans mundu með framkvæmd þessarar áætlunar ekki aðeins aukast verulega vegna þess, að símnotendum fjölgaði, heldur mundi og notkun símans aukast að marki.

Eftir því sem póst- og símamálastjóri upplýsir, er nú óðum verið að setja upp sjálfvirkan síma víða um lönd, og munu flestar þjóðir, sem við berum okkur saman við um lífskjör og framkvæmdir, nú ýmist vera að koma upp slíkum síma eða með slíkar framkvæmdir í undirbúningi. Þá er það talið veigamikið atriði í þessu sambandi, að ef ekki verður stefnt til þess að koma upp sjálfvirku símakerfi á næstu árum, muni, áður en langt líður, reynast mjög erfitt að fá varahluti í hið gamla handvirka kerfi, sem við höfum haft.

Hér er um að ræða mjög veigamiklar og dýrar framkvæmdir, og er því sjálfsagt að gera sér glögga grein fyrir því, hvað þjóðin fær í aðra hönd, ef hún festir svo mikið fé í símaframkvæmdum á næstu árum.

Þá er fyrst til að telja, að símaþjónusta mun batna stórlega, og hefur það sérstaklega þýðingu fyrir dreifbýlið og samband þess við Reykjavík og annað þéttbýli. Það er ómetanlegt, ef hver einasta byggð og hver einasti sveitabær getur gengið að síma t. d. til þess að kalla til lækni eða til annarra mjög brýnna nauðsynja allan sólarhringinn, en enginn maður er háður því, að sími hans nágrennis sé aðeins opinn fáar klukkustundir á sólarhring. Þessi þjónustuaukning mundi hafa stórkostlega þýðingu fyrir atvinnuvegina, sem eru þannig reknir hér á landi, að þeir þurfa oft mjög á símasambandi að halda. Með þessu kerfi er talið, að langlínusamtöl geti, áður en langt líður, orðið miklu ódýrari en þau hafa verið hingað til, og eftir að kerfið í heild er komið í framkvæmd, er talið, að verulegar gjaldskrárlækkanir geti komið til greina. Einnig er talað um breytingar á gjaldskrá símans þannig, að í stað þess að borga fastagjald og borga síðan aukagjald fyrir símtöl, sem teljast fram yfir ákveðna tölu, verði meira og meira og fyrr eða síðar öll notkun símans greidd á þeim grundvelli, að talin verði símtölin, en stofngjald verði ekkert.

Það, sem þó hefur þjóðhagslega mesta þýðingu í sambandi við þessar framkvæmdir, er, að hér er um

aukna hagkvæmni að ræða á stórfelldu og umfangsmiklu þjónustukerfi, sem þjóðin hefur í þjónustu sinni. Talið er, að ef þessi áætlun verður framkvæmd í heild, muni starfslið símans verða 5—6 hundruð manns fámennara en verða mundi, ef síminn, eins og hann er í dag og eins og hann mundi aukast að öðru jöfnu, þyrfti að hafa í þjónustu sinni með handvirkum síma víðast á landinu. Hér er um mikinn vinnukraft að ræða, sem vissulega væri æskilegt að geta notað við framleiðslustörf. Talið er, að launasparnaður verði árlega eftir 1968 um 24 millj. kr. eftir núverandi áætlun. Þá munu og tekjur símans, sem ganga til að greiða fyrir þessar framkvæmdir og standa undir rekstri hans, aukast verulega, eins og áður var getið.

Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri, en vil vísa til þeirrar grg. og meðfylgjandi línurita, sem prentuð eru með þskj. 590. Þar sem mál þetta er flutt af n., er óþarft, að það gangi til n., og ég vil vænta þess, að hægt verði að ljúka hér þeirri einu umr., sem ákveðin er um málið, og afgreiða það, því að það var samróma álit allshn., að rétt væri, að fram kæmi áhugi þingheims á því, að unnið verði að framkvæmd þessa máls, eins og framast er unnt, og að greitt verði fyrir því, svo sem mögulelkar leyfa á hverjum tíma. Í þeim tilgangi hefur n. samið og flutt þá till., sem hér er til umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Fyrir skömmu var svonefnd bændavika í útvarpinu. Einn af þeim, sem þar komu fram, var ungur maður, sem nýlega hafði flutt sig héðan úr þéttbýlinu við Faxaflóa og norður í Strandasýslu og var farinn að búa þar í afskekktri sveit. Hann talaði um lífið í sveitinni og störfin þar. Hann minntist á það m. a., að nú hefðu bændur eins og aðrir vélar til ýmiss konar starfa, en fólkið væri horfið, — margt af því fólki, sem áður vann þessi störf. Hann talaði í þessu sambandi um heyvinnuvélarnar, sem væru komnar í staðinn fyrir kaupakonurnar. Það væri þægilegt að vinna með þessum vélum og heyskapurinn gengi hraðar og betur, eftir að vélarnar komu til sögunnar, en það hefði líka sínar alvarlegu hliðar fyrir lífið í sveitinni, þegar fólkinu fækkaði, þegar kaupakonurnar væru flestar horfnar.

En það er fleira, sem hverfur, heldur en kaupakonurnar. Nú á að taka af okkur talsímakonurnar líka.

Enn er það svo með okkur, sem eigum heima í sveitunum, að þegar við þurfum að nota símann, fáum við að tala við ágætar konur á landssímastöðvunum, sem reyna að veita okkur samband við þá, sem við viljum tala við. Það eru allmörg ár síðan bæjarsímakerfið hér í Reykjavík breyttist þannig, að konurnar, sem unnu við bæjarsímann, hurfu, en það, sem kallað er sjálfvirkt símakerfi, kom í staðinn. Enn er það þó svo, að þegar við erum hér í Reykjavík um þingtímann og þurfum að nota landssímann, þá eigum við kost á því að tala við símakonur á landssímastöðinni. Þessa ánægju á að taka af okkur innan skamms. Við eigum aldrei framar, þó að við þurfum að nota síma, að fá að heyra fallega kvenrödd á landssímastöðinni, rödd konu, sem er fús til að greiða fyrir okkur og veita okkur samband við þá, sem við viljum tala við í gegnum símann.

Það er sagt í grg. með till., að starfslið símans muni verða 5—6 hundruð manns færra, þegar þetta er komið í kring. Hvað verður um allar blessaðar talsímakonurnar, og hvaða möguleikar eru fyrir okkur að halda sambandi við þær á svipaðan hátt og verið hefur? Ég veit það ekki.

Ég ætla ekki að mæla á móti þessari till. Þetta er nýi tíminn, hann er hér á ferð eins og annars staðar með sínum kostum og með sínum göllum. Það er talað um, að símaþjónustan verði ódýrari með þessu móti, það sparist mikið í launagreiðslum. Það eru hins vegar ekki neinar útskýringar á því hér, eða ekki hef ég séð það, hvað þetta véladót kostar í viðhaldi og rekstri, en gert er ráð fyrir, að þetta verði ódýrara í heildinni, og það er talað um, að símaþjónustan muni verða góð, jafnvel betri en nú er. Ég veit það ekki. En eins og ég hef sagt, um þetta þýðir ekki að fást. Þetta kemur yfir okkur, það er sjáanlegt. En ósköp verður þetta þurrt og leiðinlegt.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Við höfum langa og ánægjulega reynslu af því, að okkar ágæti félagi, hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG), hefur manna gleggst auga fyrir ýmsum mannlegum hliðum vandamálanna. En að þessu sinni get ég upplýst það, að allshn. er ekki hjartalaus með öllu og hefur tilfinningar til hins betra kyns ekki síður en aðrir, því að einmitt þetta félagslega vandamál í sambandi við hinn sjálfvirka síma var nefnt í n. En það er nú svo með þessar framfarir, eins og ýmsar aðrar, að það fylgir ýmislegt til sárabóta í staðinn. Þegar hinn sjálfvirki sími verður kominn um allt land, þá verður hægt að hringja á klukkuna úr öllum landshlutum, þannig að hvar sem menn eru staddir, þá geta þeir tekið upp símann og fá ekki aðeins að hlýða á vinsamlega konurödd í 15—20 sek., á meðan hún hrópar eftir þeim, sem viðkomandi vill tala við, heldur getur maður setið kyrr og hlustað á yndislega stúlkurödd þylja upp, hvað klukkan er, allan sólarhringinn. Nokkur huggun gæti það verið. Og síminn ætlar að gera betur. Hann ætlar að bæta okkur upp kvennatapið með því að taka upp þá þjónustu, að það verði hægt að hringja í ákveðið númer og þá fái menn lesið fréttayfirlit, svo að ef hv. 1. þm. Norðurl. v. verður leiður á því að hlusta á sömu röddina þylja upp klukkuna á 10 sek. fresti, þá getur hann hringt í annað númer og fengið aðra fallega konurödd til þess að lesa yfir honum, hvað helzt er tíðinda úr heiminum. Ef þau tíðindi eru ekki af betra taginu þann daginn og hryggja hann, þá getur hann hringt í þriðja númerið og þá fengið nákvæmar upplýsingar um það, hvernig veðurútlitið er, einnig væntanlega lesið af fagurri konurödd. Ef veðurútlitið er líka slæmt, þannig að það hressir ekki sálu hans, þá er það neyðarúrræðið eftir að nota þennan sjálfvirka síma til að hringja í einhverja af þeim 80—90 þús. konum, sem við eigum í þessu landi, og freista þess, hvort þær eru ekki fáanlegar til þess að hugga þennan sárþreytta símnotanda.

Að lokum vil ég segja það, að það er líka sjónarmið, hvort ekki er nú rétt bæði fyrir kvenholla Íslendinga og aðra að taka 500—600 konur, sem síminn að jafnaði hefur lokaðar inni í klefum víða um landið með heyrnartól fyrir eyrunum, svo að þær mega

sér enga björg veita, hárið ýfist á þeim og þær eru þrælkaðar við það að þjóna símnotendum, — taka þessar 500—600 konur og dreifa þeim út í atvinnulífið, þannig að menn geti ekki aðeins heyrt í þeim, heldur séð þær líka.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Erindi mitt upp í ræðustólinn var ekki að fara að tala sérstaklega um símastúlkurnar, þó að ég hafi ekki af þeim minni kynni en aðrir menn og hef m. a. fylgt þeirri reglu eða komið því í framkvæmd að taka eina út úr störfum og láta hana fá önnur störf. En ég ætla, að því leyti sem ég var flm. einnar þeirrar till., sem fær afgreiðslu með þessari till. allshn., að þakka n. fyrir afgreiðsluna og tel, að málið sé vel á veg komið og þetta muni flýta fyrir þeirri afgreiðslu á því máli, sem ég flutti og 1. þm. Vesturl., og er því ánægður með það.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 699).

28. Alþingishús.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um alþingishús [188. mál] (A. 362).

Á 41. og 43. fundi í Sþ., 22. febr. og 1. marz, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Um þessa till. mætti tala langt mál, en vegna þess, hve langt er komið þingtímans og störfum þingsins er nú háttað, mun ég láta nægja að segja aðeins fá orð að þessu sinni.

Hér er um mál að ræða, sem öllum hv. þm. er kunnugt, hvílík nauðsyn það er, að Alþingi hafi kost á betra húsnæði en það hefur nú, þannig að því sé sýndur hæfilegur sómi og þm. hafi sæmileg starfsskilyrði. Það mál er öllum þm. svo ljóst, að óþarft er að fara um það mörgum orðum. Þetta mál hefur líka nokkuð verið til athugunar á undanförnum árum, þótt ekki hafi orðið úr framkvæmdum, og hefur þá einkum verið rætt um þrjár leiðir til úrbóta: Fyrst þá að stækka alþingishúsið og reyna að leysa úr brýnustu þörfum á þann hátt. Einnig hefur komið til athugunar að byggja sérstaka viðbótarbyggingu við þinghúsið og bæta þannig úr húsnæðisþörfinni. Og loks hefur sú hugmynd komið fram, að þetta mál yrði ekki sæmilega leyst nema með því að byggja alveg nýtt alþingishús og þannig mundi hagkvæmust og bezt lausn vera á þessu fengin. Aðrir hafa mælt á móti þessu vegna þess, að þeir hafa talið, að núv. alþingishús væri búið að vinna sér svo mikla sögulega helgi, að ekki ætti að flytja þingið þaðan, nema alveg sérstök ástæða eða sérstök þörf væri fyrir hendi.

Efni þessarar till. er það, að sérstök nefnd verði kosin á Alþingi til þess að athuga þessar leiðir og skera úr um það, á hvern hátt yrði fundin heppilegust lausn á málinu. Það er gert ráð fyrir því, að þessi nefnd verði skipuð fimm mönnum, og er það gert með tilliti til þess, að allir flokkar þingsins geti átt kost á því að eiga þar fulltrúa.

Í till. er gert ráð fyrir því, að n. hafi lokið störfum ekki síðar en haustið 1962. Ýmsir kunna að álíta, að henni sé ætlaður nokkuð langur starfstími. En þess er að gæta, að hér getur verið um nokkuð umfangsmikið verkefni að ræða og ýmsir hlutir komið til athugunar, sem taka sinn tíma, og þó að þetta tímatakmark sé sett, er ekki þar með sagt, að n. geti ekki lokið fyrr störfum, heldur er það miklu frekar sett af þeirri ástæðu, að það sé þá eitthvert ákveðið um, að hún hafi lokið störfum sínum fyrir ákveðinn tíma. En oft vill það verða, þegar slíkar mþn. eru kosnar, að störf þeirra dragast óhæfilega lengi, og þess vegna er þetta tímatakmark fyrst og fremst sett til að koma í veg fyrir, að óhæfileg bið verði á því, að n. skili till. sínum. En að sjálfsögðu væri æskilegt, að þær geti legið sem fyrst fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess vegna þeirra röksemda, sem ég greindi hér áðan, að orðlengja frekar um þessa till. að sinni, en leyfi mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði henni vísað til allshn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það skal þegar viðurkennt, að mál þetta, sem hér um ræðir, er mjög aðkallandi mál. Starfsmöguleikar í alþingishúsinu eru orðnir slíkir, að það er raunverulega engan veginn viðunandi fyrir hv. alþm. að starfa í þeim húsakynnum, sem hér eru, og starfa þar eins og til er ætlazt, að starfað sé að málum. Menn verða að vera hér á hlaupum um öll herbergi og ganga jafnvel til þess að gera út um hin alvarlegustu mál. En að ég tók hér til máls, er ekki til þess að mótmæla því, að ráðin verði bót á þessu máli, heldur til þess að benda á, að hér er eingöngu mál, sem heyrir undir forseta Alþingis, alls ekki undir ríkisstj. Það eru forsetar þingsins, sem eiga að leysa þetta mál. Þegar ég var hér einn af forsetum þingsins í þrjú ár, var þetta mál mjög á dagskrá hjá forsetum þingsins og gerðar ýmsar athuganir í sambandi við lausn þess. Það voru m. a. gerðir frumdrættir að viðbyggingu við þetta gamla hús og ýmsar áætlanir í sambandi við það. Það var auk þess leitað samkomulags við báv. borgarstjóra, núv. hæstv. fjmrh., um nýja lóð á hagkvæmum stað undir nýtt hús, og voru gerðar ýmsar ráðstafanir í sambandi við þetta á þeim tíma. Ég átti svo ekki sæti á Alþingi næstu þrjú ár, árin 1956—59, og veit ég ekki, hvað hefur verið gert í málinu. En ég vissi, að á þeim tíma höfðu forsetar þingsins mjög mikinn áhuga fyrir þessu máli. Það var m. a. þá mjög rætt um það, að ef byggt yrði nýtt alþingishús, þá þyrfti að byggja í sambandi við það þingmannabústað, sem mjög var sótt fast á þeim árum að fá reistan hér í Reykjavík.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að þó að umr. verði

nú frestað um þessa till. og hún send til allshn., að mikil líkindi verði til þess, að hún verði afgreidd þannig á þessu ári, að það fleyti málinu mikið áfram, auk þess sem mér er engan veginn ljúft að taka þetta verk úr höndum forsetanna. Þeir eiga að sjá um lausn þessa máls og gera um það tillögur til þingsins. Ég vil því leggja til, að málið sé afgreitt þegar með rökstuddri dagskrá þannig:

Í trausti þess, að forsetar Alþingis taki mál þetta til athugunar og beiti sér fyrir hagkvæmri lausn á því, telur þingið ekki ástæðu til að samþykkja ályktun í málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Ég vil vænta þess, að hv. Alþ. beri svo mikið traust til þeirra *nýju manna*, sem það hefur kosið fyrir forseta hér, að það geti fallizt á þessa afgreiðslu málsins, og ég ber svo mikið traust til þeirra og ekki hvað sízt til hæstv. forseta sameinaðs þings, að hann taki þetta mál mjög alvarlega til athugunar og geri næsta Alþ. glögga grein fyrir þeim till., sem þeir hafa til lausnar þessu máli.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir það ekki *nema* eðlilegt, að till. sé flutt eins og sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 362 varðandi húsnæðismál Alþingis. Margir munu vera á einu máli um það, að eins og nú er komið, sé það húsnæði ófullnægjandi, sem komið var upp til afnota fyrir Alþingi fyrir 80 árum. Þm. voru þá miklu færri en nú og starfshættir allt öðruvísi svo og húsagerð. Mér finnst það líka eðlilegt, að unnið sé að þessu máli á þann hátt eða svipaðan sem lagt er til í þessari tillögu, og ekki get ég fallizt á það hjá hv. 1. þm. Vestf., sem hér talaði síðast, að engir megi um þetta mál fjalla nema hæstv. forsetar þingsins. Þó að ég hafi álit á þeim til margra góðra hluta, þá sýnist mér, að það skaði ekki, að þar fjalli fleiri um. Auk þess er það *svo með forsetana*, að þeir eru kosnir aðeins til eins þings í senn, og getur þar breyting á orðið, en ef á að vinna að þessu máli nokkuð langan tíma, eins og hér er gert ráð fyrir, þá er eðlilegt, að það séu sömu mennirnir, sem að því vinna.

Hv. frsm. þessa máls gat þess, að uppi væru ýmsar tillögur um að bæta úr húsnæðisþörf Alþingis, og gerði grein fyrir þeim sumum. En erindi mitt hingað upp í ræðustólinn var eiginlega að minna á það, að *enn ein tillaga hefur verið uppi í þessu máli* og það mjög lengi. Það er sú tillaga, að það verði upp tekið á ný að heyja Alþingi Íslendinga á Þingvöllum við Öxará. Þegar Alþingi var endurreist á öndverðri 19. öld, var slík tillaga uppi frá ýmsum þeim mönnum, sem voru brautryðjendur í sjálfstæðisbaráttunni, þ. á m. og einkum frá Fjölnismönnum. Aðrir, sem einnig komu mjög og ekki minna við þá baráttu, voru þessu andvígir, vildu endurreisa þingið í Reykjavík og færðu fyrir því ýmis gild rök, sem þá voru til staðar, m. a. þær erfiðu samgöngur, sem þá voru hér á landi, og getuleysi þjóðarinnar til þess að koma upp húsnæði fyrir þing sitt. Eins og kunnugt er, hóf Alþingi störf að nýju ekki í alþingishúsi, heldur í öðru húsi, sem þá hafði verið reist af öðru tilefni, og hafði þar aðsetur um marga áratugi, þangað til það hús var byggt, þar sem þingið nú starfar og hefur starfað síðan laust eftir 1880.

Nú er það svo, að ástæður eru mjög breyttar hér á landi frá því, sem var á þeim tíma, er þingið var endurreist 1845, og ýmis þau rök, sem þá voru færð fram gegn því að heyja þingið á hinum forna þingstað, eru nú ekki lengur til staðar. Það er ekki meiri vegalengd frá Reykjvaík, sem er stjórnaraðsetrið, til Þingvalla heldur en milli staða í sumum stórborgum erlendis, svo að það eitt sé nefnt.

Ég vil minna á það, að fyrir nokkrum áratugum, eða laust fyrir 1930, *voru tvisvar sinnum* fluttar á Alþingi till. til þál. varðandi það að flytja þingstaðinn til Þingvalla, og þessar tillögur höfðu í bæði skiptin mikið fylgi í þinginu, þó að þær næðu ekki samþykki, og frá ýmsum félagasamtökum víðs vegar um landið bárust þá áskoranir til Alþingis um að sinna þessu máli. Síðan hefur málið legið niðri, *enda hefur þingið haft mörgu að sinna*, og mátti segja, að það væri ekki aðkallandi. En nú, þegar farið er að ræða um það af eðlilegum ástæðum, að nauðsynlegt sé að auka húsnæði Alþingis eða jafnvel byggja nýtt alþingishús, sýnist mér óhjákvæmilegt að taka nú upp þetta mál á ný og gera út um það, hvort þjóðin treystir sér til þess og á þann metnað að vilja flytja Alþingi aftur á hinn forna — og hér á það við að segja: fornhelga stað. Ég geri ekki að svo stöddu neinar tillögur í þessu sambandi, en mér þótti sem ég gæti ekki látið það vera að minna á þetta, þegar byggingarmálið er nú tekið til umr., og ef tillagan verður samþykkt eða fer í nefnd, að mælast þá til þess, að hún hafi einnig þetta í huga.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. 1. þm. Vestf. um það, að hæstv. forsetar einir ættu að hafa um þetta mál að segja, vil ég segja það, að ef sá háttur væri hafður á skipun forseta hér á hv. Alþ., að minni hl. þingsins hefði þar eitthvað um að segja, þá væri sú hugsun, sem kom fram hjá hv. þm., miklu eðlilegri en þegar á það er litið, að það er aðeins naumur meiri hl., sem ræður öllum forsetunum. Ég er ekki að kasta neinni rýrð á hæstv. núv. forseta og vil þó segja það, að ég tek þar engan fram yfir annan. Og t. d. út af orðum hv. 1. þm. Vestf. vil ég segja það, að ég treysti alveg eins vel þeim forseta, sem stýrir Nd., þeirri d., sem ég á sæti í, eins og hinum til þess að hafa góð áhrif á málið. En ég vil samt ekki fela þeim einum að fjalla um það og láta 27 af 60 þm. *vera þar raunverulega* áhrifalausa. Það er mjög óeðlilegt, að sá háttur sé á hafður, að Alþingi megi sjálft ekkert um málið segja í heild, aðeins sá meiri hluti, sem ræður skipun forsetanna.

Hér er um mál að ræða, sem er mikil nauðsyn að nái fram að ganga, því að aðbúnaður við öll störf hér á hv. Alþ. er slíkur, að það þarf ekkert að ræða það. Hann er í alla staði óviðunandi og tími þingmanna fer oft og tíðum til lítils, vegna þess að þeir hafa enga möguleika til þess að *starfa hér* í húsinu. Þess vegna álít ég, að þessi tillaga sé hin mesta nauðsyn, og treysti því, að hv. Alþ. afgreiði hana einmitt nú fyrir þingslit og það mætti svo verða til þess að hrinda málinu fram. Till. er ekki á neinn hátt flutt sem vantraust á hæstv. forseta, heldur aðeins til þess að hrinda þessu máli áleiðis og með þann *skilning fyrir augum*, að það sé eðlilegt, að Alþingi allt hafi áhrif á málið.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þarf nú raunar ekki neinu við það að bæta, sem hv. 3. þm. Vesturl. tók hér fram á undan mér. Hann reifaði raunar flest þau atriði, sem ég hafði ætlað að minnast á, þegar ég kvaddi mér hljóðs. En ég vil árétta það, sem hann sagði, að þessi till. er ekki að neinu leyti flutt sem vantraust á hæstv. núv. forseta, heldur vegna þess sjónarmiðs, að við flm. töldum það betur farið, að það væru fulltrúar frá öllum þingflokkum, þinginu öllu, sem ynnu að þessu máli, heldur en fulltrúar frá tæpum meiri hluta þess, það væri líklegra til þess að tryggja einingu um framgang málsins. En því er ekki að leyna, að sjónarmiðin eru ýmis um það, hvernig á að leysa þetta mál. Það koma upp ýmsar tillögur um, hvernig það muni verða bezt gert, og það er illt, ef það yrði til að tefja fyrir málinu, að það risi einhver ágreiningur á milli flokkanna um það efni, á milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu. Þess vegna held ég, að það væri heppilegasta leiðin til að komast hjá því, að þetta dragist inn í pólitísk átök, að þannig sé unnið að málinu, að fulltrúar frá öllum flokkum og jafnt frá stjórnarandstöðunni og ríkisstj. fjölluðu strax um undirbúning málsins. Það væri líklegast til þess, að hægt væri að leysa þetta mál þannig, að það þyrfti ekki að koma þar til neinna pólitískra átaka, því að um nóg höfum við að deila hér á Alþingi, þó að við reynum að halda málum utan við deilur um það, hvernig húsnæðismál Alþingis séu leyst.

Af þeim ástæðum, sem ég hef nú rakið og komu fram í ræðu hv. 3. þm. Vesturl., held ég, að það sé heppilegri leið til lausnar á þessu máli að fela þetta þingnefnd, þar sem fulltrúar allra flokka eiga sæti, heldur en hafa það í höndum forseta Alþingis, sem eru kosnir aðeins af rúmum helmingi þm. Þó að ég vilji ekki þar með segja, að ég beri neitt vantraust til þeirra í þessum efnum, þá hygg ég, að þessi meðferð málsins, sem till. fjallar um, mundi samt verða heppilegri en sú, sem kemur fram í dagskrártillögu hv. 1. þm. Vestf.

Það má vel vera hins vegar, að það sé þegar ráðið af hálfu stjórnarflokkanna að hafa þá meðferð á þessu máli, að fulltrúar þeirra einna fjalli um það og stjórnarandstæðingar komi þar ekki neitt nálægt, og ef svo er, þá langar mig til að spyrja hv. flm. dagskrártillögunnar að því, hvernig hann hugsi sér, að forsetarnir hagi sínum störfum, ef hans dagskrártillaga verði samþykkt, hve mikill hraði eigi t. d. að vera í störfum þeirra, hvort hann mundi ekki t. d. ætlast til þess, ef hans dagskrártill. væri samþykkt, að þá hefðu forsetar Alþingis lokið sínum tillögum, áður en þeirra kjörtímabil er á enda runnið, en mér skilst, að það standi ekki lengur en fram til næsta þings. Samkv. því ættu þeir að hafa lokið sínum tillögum ekki síðar en fyrir samkomudag næsta Alþ., þannig að Alþingi fengi þá aðstöðu til þess að fjalla um málið strax næsta haust, því að lengri er starfstími forsetanna ekki, eins og kosningu þeirra er háttað. Það getur vel verið, að þá verði kjörnir aðrir forsetar. En að sjálfsögðu er hans till. fyrst og fremst bundin við, að núv. forsetar vinni að lausn málsins. Mundi það þess vegna ekki vera álit hv. flm. dagskrártill., að ef hún yrði samþ., ætti að liggja fyrir till. og álit frá forsetunum strax í upphafi næsta þings um það, hvernig þeir teldu heppilegast að leysa þetta mál, og mundi ekki vera eðlilegt, að þegar þeir væru búnir að undirbúa sínar tillögur, þá verði þær lagðar hér fram á Alþingi, en það sé ekki á valdi forsetanna einna að ráða því, hvernig framkvæmdum verði háttað og hvað verði gert, heldur verði það borið undir Alþingi? Það, sem ég tel þó mestu máli skipta í þessu sambandi, er, hvað mikill hann telur að hraðinn eigi að vera á undirbúningi málsins, hvort það megi ekki skilja hans till. þannig, að ef hún verður samþ. og forsetunum falið þetta verkefni, þá eigi þeir að hafa sínar tillögur tilbúnar ekki síðar en á næsta Alþ., — hvort hann mundi ekki telja nauðsynlegt að leggja áherzlu á það.

Annars vil ég segja það að lokum, að það er ástæðulaus mótbára, sem kom hér fram hjá hv. 1. þm. Vestf., að það sé ekki hægt að afgreiða þessa till. vegna þess, hve stutt sé eftir af þingtímanum. Ef till. yrði afgreidd á þessum fundi til hv. allshn. Sþ., þá vitum við það, að sú n. hefur svo röskan formann, að hún mundi fljótlega geta afgreitt till., ef það væri sæmilegt samkomulag um hana, — ég meina sjálfa þáltill., — og þá mundi ekki heldur þurfa að taka langan tíma hér í Alþ. að afgreiða hana, þannig að ef vilji er fyrir hendi um að reyna að leysa þetta mál með samkomulagi þingsins alls og samkomulagi milli þingflokkanna, þá er nægur tími til þess enn að afgreiða þessa till. frá þinginu. Ef það er hins vegar stefnan, að það séu aðeins stjórnarflokkarnir einir, sem eigi að koma nálægt undirbúningi þessa máls, þá er eðlilegt, að menn finni upp mótbáru eins og þessa, að það sé ekki tími til að afgreiða till., og noti það sem tylliástæðu fyrir því, að það séu stjórnarflokkarnir einir, sem um málið fjalli.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hygg, að meginágreiningurinn á milli mín og þeirra hv. tveggja þm., sem hafa talað hér í sambandi við þetta mál, stafi aðallega af því, að þeir hugsi allt öðruvísi í landsmálum en ég geri. Ég lít alls ekki á forseta Alþingis sem sérstakar pólitískar stærðir, sem eigi eingöngu að vinna pólitískt. Ég geri það ekki og hef aldrei gert. Og ég hef aldrei orðið var við það í minni þingtíð, að þeir forsetar, sem hafa verið kosnir hér, hafi beitt sínu forsetavaldi þannig, að það sé pólitískt, jafnvel ekki þeir forsetar, sem hafa verið kosnir af Framsfl. Þessir hv. þm. virðast líta svo á, að forsetar almennt, sem kosnir eru af meiri hl. þings, séu bara pólitísk verkfæri í höndum flokkanna. Þetta er alger misskilningur. Það eru nefnilega takmörk fyrir því frá mínu sjónarmiði, hvað langt má ganga í því að rýra virðingu Alþ., og það er eitt af því að rýra virðingu Alþ. að vantreysta forsetum til þess að gera hluti, sem liggja í þeirra valdi, eins og þetta mál. Það er beinlínis að rýra virðingu Alþingis, og því er ég á móti. Ég tel, að forsetar Alþingis séu embættismenn þingsins, og þeir hafa jafnan sýnt það, að þegar í harðbakkann slær, gegna þeir starfi sínu sem embættismenn, en ekki sem neinir sérstakir flokksmenn.

Það er ekki þar með sagt, þó að mín till. sé samþykkt, að hæstv. forsetar geti ekki m. a. skipað sjálfir sérstaka n. til þess að vinna að þessu máli

og ákveða, á hve löngum tíma það skuli vera leyst. Ég veit, að hvorki hv. þm. almennt né heldur forsetar hafa alla þá þekkingu, sem þarf til þess að gefa nauðsynlegar upplýsingar í sambandi við þessi mál, svo sem kostnaðaráætlanir eða gerð teikninga o. s. frv. Um það verða þeir að leita til sérfræðinga, m. a. til húsameistara ríkisins. En ég veit líka, að undir stjórn fyrrv. allmargra forseta hafa þessi mál verið athuguð og rædd, og það liggja fyrir gögn frá þeim tímum, sem gefa allmiklar upplýsingar í málinu. Mín till. fer því ekki inn á neitt annað en að þetta mál sé ekki tekið úr höndum forseta, heldur vinni þeir að málinu á þann hátt, sem þeir telji heppilegast og fljótlegast, og ég vil ítreka það, að ég tel alveg nauðsynlegt, að þessu máli sé hraðað, og tel, að það þurfi síður en svo að tefja málið, þó að það sé ekki tekð úr höndum forsetanna.

Ég hygg, að þetta sé nægileg skýring á því, sem hv. flm. till. gerði fsp. til mín um. En það kann vel að vera, vegna þess að ég er orðinn hér aldursforseti þessa þings, að mér sé það meira tilfinningarmál en mörgum öðrum að láta á engan veg minnka virðingu Alþ. eða virðingu forseta, og ég tel, að þessu máli sé bezt komið með því, að það sé ekki tekið úr þeirra höndum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka aftur til máls í þessu máli, en ég mótmæli því alveg, að ég standi að till., sem rýri virðingu Alþingis. Þessi skýring hjá hv. 1. þm. Vestf. er röng og hefur ekki við nein rök að styðjast. Hann veit það ósköp vel, hvernig forsetar eru kosnir hér á hv. Alþ., og þarf engar bollaleggingar um það að hafa. Það er ekki, eins og við tókum fram áðan, verið að ganga neitt á þeirra rétt eða lýsa neinu vantrausti á þá, þó að það sé talið eðlilegt, að Alþingi allt fjalli um þetta mál, og ég endurtek, að ég mótmæli því, að till. sé af minni hendi eða okkar flm. flutt sem vantraust á forsetana eða varpi neinni rýrð á Alþingi. Það er síður en svo.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Samkv. ósk hæstv. forseta sameinaðs þings er dagskrártillagan tekin aftur við þessa umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 362, n. 698).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (*Jón Kjartansson forstjóri*): Herra forseti. Fyrir nokkru var lögð fram á fundi sameinaðs Alþingis till. til þál. um alþingishús. Till. var á þskj. 362, og flm. voru hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) og hv. 3. þm. Vesturl. (HS). Gert var ráð fyrir því í till., að Alþingi kysi 5 manna n., er ynni að því í samráði við hæstv. ríkisstj. að gera till. um stækkun alþingishússins eða byggingu nýs þinghúss eftir því, hvort betur leysti þörf Alþingis fyrir viðunandi húsnæði.

Þegar mál þetta var á dagskrá, urðu litlar umr. um það, þótt segja verði, að þar hafi verið stórt mál á ferðinni. Hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) kvaddi sér þó hljóðs og ræddi þetta mál nokkuð. Taldi hann sig efnislega samþykkan því, að eitthvað yrði gert í þessu aðkallandi máli, en lýsti sig hins vegar andvígan till., eins og hún var flutt af hv. flm., og bar hann fram á þeim fundi till. til rökst. dagskrár, sem var efnislega á þá leið, að í trausti þess, að forsetar þingsins tækju þetta mál til athugunar, væri tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Þegar þessi dagskrártill. var komin fram, virtist mönnum svo, að þessu þingi lyki án þess, að samkomulag næðist um að kjósa n. til að athuga þetta mál í samráði við hæstv. ríkisstj.

Hæstv. forseti sameinaðs Alþingis var einn meðal þeirra þm., sem töldu það miður, að þetta þing lyki störfum án þess, að nokkuð yrði að gert í þessu máli, og beitti hann sér meðal annarra fyrir því, að allshn. Sþ. hélt fund í morgun, ræddi þáltill. og dagskrártill. Eftir nokkrar umræður í n. náðist samkomulag, sem birt er á þskj. 698, og hefur því verið útbýtt í þinginu í dag.

Enda þótt hér sé um viðamikið mál að ræða, sé ég ekki ástæðu til að orðlengja um það frekar, en mæli með því fyrir hönd allshn., að brtt. á nefndu þskj. verði samþykkt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég álít, að þetta mál sé að komast í rétt horf með þeirri brtt., sem hér er lögð fram af hv. allshn. En ég vildi um leið nota tækifærið til þess að láta í ljós, að það væri rétt, að þingmenn gæfu hæstv. forsetum og þeirri nefnd, sem um þetta mundi fjalla, hugmyndir viðvíkjandi þessu máli.

Ég býst við, að flestir þeir, sem verið hafa forsetar Alþingis á undanförnum árum eða áratugum, hafi meira eða minna um þetta mál hugsað, vegna þess að á þeim hefur það hvílt að eiga að hugsa fyrir því, sem öllum var orðið ljóst, að þetta hús var orðið allt of lítið fyrir starfsemi Alþingis. En það hefur frá upphafi verið allmikill ágreiningur um, hvað gera skuli í þessu máli, og ég held, að það sé ákaflega nauðsynlegt, að þm. geri sér ljóst, hvað það er, sem þar kemur raunverulega til með að bera á milli. Ég tók strax eftir því í þeirri tillögu, sem lögð var fram á þskj. 362, að þar var raunverulega báðum þeim sjónarmiðum, sem fram hafa komið, gert nokkuð jafnt undir höfði. Ég álít, að stóra spurningin, sem fyrir okkur alþm. liggi í sambandi við þetta mál, sé, hvort við eigum að fallast á þá hugmynd, að það verði byggt nýtt alþingishús og þetta verði lagt niður, hvort við eigum að taka það í mál.

Það hefur alltaf borið á því, þegar þetta mál hefur verið rætt, að Alþingi hefur verið boðið upp á að fá lóðir hér í nánd við Tjörnina eða annars staðar og aðrar stofnanir ættu síðan að sitja fyrir því svæði, sem alþingishúsið nú stendur á. Ég álít þetta þýðingarmikið mál. Raunar reyndi ég líka.

þegar ég fyrir nokkrum tímum naut þess heiðurs að vera hér forseti í einni deild þingsins, að hafa nokkur áhrif á, að eitthvað yrði í þessu gert. Ég álít þetta svo mikilvægt mál, að það sé nauðsynlegt, að við a. m. k. minnumst á það, þannig að hæstv. forsetar og sú nefnd, sem um þetta mundi fjalla, hefði heyrt einhverjar raddir þingmanna um þetta mál.

Ég held, að það sé mikil hætta, sem vofir yfir okkar þjóð nú, hvað það snertir, að við slítum allt samhengi á milli þess gamla og þess nýja, sem við erum að vinna við að skapa. Breyt., sem er að verða á öllu okkar þjóðlífi á þessum áratugum, sem við höfum lifað, a. m. k. þeir eldri, er svo gífurleg, að samhengið í sögu þjóðarinnar er svo að segja að slitna. Ég held, að við verðum á öllum sviðum okkar þjóðlífs að aðgæta, hvað við gerum í þessum efnum, um leið og við tökum ákvarðanir. Ég hef satt að segja alltaf harmað, að það skyldi ekki vera ráðizt í byggingu nýs menntaskóla fyrir áratug hér í Reykjavík, þannig að gamli menntaskólinn við Lækjargötu hyrfi úr því að vera notaður sem menntaskóli, og ég álít, að hann ætti þá að hverfa aftur til Alþingis, þannig að annars vegar væri t. d. gamli þjóðfundarsalurinn þar einhvers konar viðhafnarmóttökusalur fyrir t. d. forseta Íslands, þegar hingað kæmu þjóðhöfðingjar í heimsókn eða annað slíkt, og að forseti Íslands hefði þar upp frá þær skrifstofur, sem hann hefur nú hér í alþingishúsinu, en að öðru leyti væri þarna að einhverju leyti búið í hag fyrir vissar nefndir á vegum þingsins, sem þyrftu að starfa, en þannig gengið frá með skólann, eins og nú á að vera hægt með þeirri nútímatækni, sem er, að hann væri tryggður gegn því að geta brunnið. Ég álít, að Alþ. eigi að reyna að sjá til þess að tengja aftur við sig það hús, sem var tengt því frá upphafi, og það hús, sem var tengt einmitt starfi Jóns Sigurðssonar, þannig að við eigum hvað framtíðina snertir að hugsa til þess, að gamla menntaskólabyggingin, þegar nýir menntaskólar rísa í Reykjavík, hverfi aftur til þeirra nota fyrir æðstu stofnun landsins, sem hún upprunalega var fyrir og jafnvel hennar glæsilegustu minningar eru tengdar við.

Þá er í öðru lagi viðvíkjandi þessu húsi. Þó að okkur finnist þetta hús ekki sérstaklega mikið og veglegt, borið saman við þær hallir, sem þingin í okkar nágrannalöndum eru í, þá er þetta hús þó þegar búið að fá sína sögulegu helgi. Ég býst við, að flestir finni til þess, að ef þeim finnst eitthvað verulega rómantískt við Reykjavík af stærri byggingum þar, þá eru það þau tvö hús hér, dómkirkjan og alþingishúsið, sem hafa verið eins og eins konar miðstöð í þeirri gömlu Reykjavík og ættu að halda áfram að geta verið miðstöð í Reykjavík líka, þó að hún verði að stórri borg, svo framarlega sem ekki verður farið þannig með miðbæinn hér í kring, að þessi tvö hús verði gerð að tveimur litlum kofum, með því að við byggjum einhverja skýjakljúfa hér rétt hjá. Ég álít, að við eigum að sjá til þess, þegar ákvarðanir eru teknar um framtíðaraðsetur fyrir Alþingi, að það sé ekki horfið burt frá því, að þetta hús, sem Alþingi nú hefur starfað í 7—8 áratugi, verði áfram hluti af þeirri byggingu, sem Alþingi hefst við í, jafnvel þó að stærri, veigameiri og fegurri byggingar komi til með að rísa þar. Og ég álít, að það sé ákaflega þægileg aðstaða fyrir okkur til þess að koma slíku í kring. Alþingi á þær lóðir, sem hér eru vestan við okkur og sunnan við okkur. Alþingi á lóðirnar undir Góðtemplarahúsinu og Listamannaskálanum, og það er tæknilega ágætur möguleiki á því að byggja mjög fagurt hús, sem sneri framhlið að Tjörninni, á því svæði, þar sem nú er Góðtemplarahúsið og bílastæðið, og það hús mundi þá ná að þeim alþingisgarði, sem nú er ein mesta prýði Reykjavíkur og þessa húss. Það má í framtíðinni byggja þriðju álmu, þar sem Listamannaskálinn er nú, þannig að í kringum garðinn hérna yrðu þá komnar þrjár byggingar, sem tengdar væru saman á ýmsan listrænan hátt, þannig að Alþingi væri hér eins og hallarbygging í gömlum stíl. Það er vafalaust ekki ofvaxið nútíma arkitektum að finna út aðferðirnar til þess að hafa þetta í samræmi, þótt mismunandi stíltegundir séu, og til þess að gera þetta sem fegurst. Ég veit einmitt, að slík hugmynd kom fram í samkeppni um uppdrátt af Reykjavík, og sá uppdráttur, sem þá fékk 1. verðlaun, var einmitt slík hugmynd, eins og ég nú hef að litlu lýst, sem Gunnlaugur Halldórsson var höfundur að. Ég held, að við eigum að festa okkur við það að reyna að hafa alþingishús framtíðarinnar þannig tengt þessu gamla húsi og láta miðstöð og aðsetur Alþingis verða hér umhverfis þennan garð, sem hér er, sem þá vafalaust mundi líka verða opnaður frá hliðinni, sem nú snýr út að Templarasundi, og verða byggingu, sem að öllu leyti gæti tengt saman það gamla og nýja, endurminningarnar um það, sem gerzt hefur í þessu húsi, og möguleikana fyrir þá starfsemi, sem mundi koma til með að verða í þeim nýju húsum. Skammt hér frá mundi síðan verða sá menntaskóli, sem síðar meir ætti að minu áliti að tengjast við starfsemi Alþingis og starfsemi forseta ríkisins.

Ég held, að það sé mjög þýðingarmikið fyrir okkur, að við gerum okkur þetta ljóst. Vissulega gætir oft mikillar rómantíkur í sambandi við ýmislegt, sem við ræðum um okkar þjóðarsögu. Og vel má vera, að einhvern tíma í framtíðinni verði það, sem rómantískast og fegurst hefur verið í sambandi við okkar hugmyndir um Alþingi, sem sé það, að Alþingi yrði aftur á Þingvöllum, að veruleika, þegar allar fjarlægðir og samgöngur og allt saman slíkt kemur til með að hafa miklu minni þýðingu en það hefur fyrir okkur nú. En það verður vafalaust ekki okkar kynslóðar að leysa það vandamál. Hins vegar álít ég, að við ættum, þegar við nú vonandi fyrir alvöru leggjum í það að reyna að leysa þetta vandamál, að taka tillit til þessa sögulega samhengis.

Mér hefur oft fundizt í sambandi við ýmislegt af því, sem við erum að gera núna, að það gæti nokkuð mikils nýjabrums hjá okkur. Við erum oft svo þreyttir á mörgu því gamla og fátæklega, sem við áttum áður, að við erum næsta fljótir að kasta því burt og rífa það niður. Að vísu voru kotin okkar slæm og gott, að fólk gat losnað við að búa í þeim, en það verður hins vegar jafnleitt

fyrir okkur að eiga ekki einu sinni eitt einasta almennilegt kot til þess að sýna afkomendum okkar, — eða til þess að afkomendur okkar geti séð það í framtíðinni, við hvers konar skilyrði íslenzka þjóðin vann og hve mikil hún var, þó að hún ynni við slík efnahagsleg vandræðaskilyrði eins og hún þá bjó við. Og ég held, að við þurfum að gæta okkar núna með Reykjavík, þegar hún er að þenjast út og verða eins stór og voldug og hún er að verða í okkar þjóðlífi, að við kippum henni ekki líka út úr öllu samhengi við okkar þjóðlíf í heild.

Ég hef sagt það áður hér, fyrir alllöngu, þegar þetta alþingishússmál var rætt, einmitt í sambandi við tillögur, sem þá voru uppi um menntaskóla, að ég álít, að við ættum ekki að leyfa að byggja á hringnum hér í kringum alþingishúsið, á milli Tjarnargötu, Kirkjustrætis og Lækjargötu, ný hús. Ég álít, að við eigum ekki að láta byggja skýjakljúfa hér rétt hjá, sem gera alþingishúsið eins og að litlum kofa. Austurvöllur átti raunar alltaf að ná að Landsbankanum og aldrei að vera byggð þau hús, sem nú eru á milli alþingishússins og Landsbankans. En ég álít, að við eigum að sjá til þess, að hér hringinn í kringum alþingishúsið, eins og ég vildi vonast til þess að það yrði í framtíðinni, yrðu grænir blettir, þegar þau hús hverfa, sem nú standa þar, eða að einhverju leyti kannske bílastæði, því að eitthvert tillit verður vafalaust að taka til véltækni nútímans. Ég vildi þess vegna eindregið beina því til þeirrar nefndar og þeirra hæstv. forseta, sem fá þetta mál nú til athugunar, að taka með í reikninginn þetta tillit til sögulegs samhengis. Alþingi á forgangsrétt að þessu húsi og þessum lóðum, sem hér eru í kring, og Alþingi á rétt til þess, að þetta svæði sé fyrst og fremst tileinkað því. Og ég álít meira að segja, að miðbærinn hér í kring í Reykjavík eigi fyrst og fremst að markast af Alþingi og þess starfsemi, en þó að það séu góðar verzlunarlóðir og annað slíkt hér, þá eigi hann ekki að markast af tilliti til lóðaverðs, kaupprangs eða annars slíks.

Þegar við Íslendingar viljum sýna útlendingum okkar land og ekki sízt okkar borg, vitum við, að það, sem Ísland jafnvel er kunnast fyrir úti um víða veröld, er þess þing og þess saga. Og ég álít, að við eigum að geta sýnt, að við viljum viðhalda, að eins miklu leyti og okkur er fært, þeim tengslum, sem eru við okkar sögu í þessu efni, og að við erum reiðubúnir til þess að gera það mikið fyrir þau tengsl, að við sýnum þeim þá virðingu líka að hafa umhverfið í kringum Alþingi ekki aðeins tengt við þann gamla sögulega stað, heldur líka þannig, að það sé ekki yfirgnæft af einhverjum nýtízku kauphöllum eða slíku, Alþingi eigi að drottna hér í miðbænum, vera miðdepillinn hér í Reykjavík, og ég held, að við höfum enn þá að öllu leyti tæknilega möguleika til þess, að svo verði gert. Ég veit, að það munu vera allrík áhrif, sem þarna kemur til með að gæta á móti, vegna þess að tilhneigingar eru til þess að vilja byggja ráðhús í Reykjavík við Tjörnina hér, hinum megin við. Það þýðir að eyðileggja gersamlega alla möguleika fyrir þeirri hugmynd, sem ég nú hef útlistað. Og ég álít, að fyrir utan það, að Reykvíkingar margir hverjir munu hafa á móti því að gera það rask við Tjörnina, sem ráðhúsbygging þar mundi þýða, að frá Alþingis sjónarmiði komi það ekki til neinna mála, að Alþingi sé látið víkja fyrir neinu slíku.

Ég vil þess vegna leggja áherzlu á í sambandi við þetta mál, að hér er um mál að ræða, þar sem ekki þarf aðeins það praktiska í þessum efnum að komast að, hvernig Alþingi sé búinn starfsgrundvöllur. Það er vafalaust hægt að byggja hús einhvers staðar og einhvers staðar inni í móum og holtum eða hér og hvar. En ef menn vilja byggja hús, sem er tengt við þá sögulegu reisn, sem yfir Alþingi er, tengt við samhengið í okkar sögu, þá eigum við ekki að yfirgefa þennan stað, sem við nú stöndum á. Það vildi ég biðja þá nefnd og þá hæstv. forseta, sem fá þetta mál til athugunar nú, að hugsa mjög vel um.

Frsm. (Jón Kjartansson forstjóri): Herra forseti. Ég vil aðeins í framhaldi af því, sem ég sagði áðan, upplýsa það, að í allshn. var ekki sérstaklega rætt um stefnuna í þessum málum. Það bar að sjálfsögðu margt á góma af því, sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, bæði stækkun á alþingishúsinu og nýbygging, og undir umræðunum kom fram það sjónarmið og var jafnvel rætt um það að bæta við till. efnislega því, að athugun færi fram á því, hvort ekki væri rétt að byggja nýtt alþingishús á Þingvöllum. Nm. allir töldu þó, að eins og brtt. væri orðuð, þá mundi undir forsæti forseta Alþingis það sjónarmið verða tekið til athugunar.

ATKVGR.
Brtt. 698 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 700).

29. Úthlutun listamannalauna.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um úthlutun listamannalauna [221. mál] (A. 676).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 38 shlj. atkv.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 58. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Snemma á þessu þingi var lagt fram stjórnarfrv. um listamannalaun. Með því að búizt var við, að það frv. yrði afgreitt í einhverri mynd, var sleppt úr fjárl. ákvæði um það, hvernig úthluta skyldi þeirri upphæð, sem þar er veitt til skálda, rithöfunda og

listamanna, en undanfarin ár hefur slíkt ákvæði verið í fjárl.

Nú hefur farið svo, að mál þetta hefur ekki náð fram að ganga. Því var vísað til menntmn. Nd., en skömmu eftir að það kom þangað, bárust n. boð frá flytjendum frv. eða hæstv. menntmrh. um það að láta afgreiðslu þess bíða, þar eð væntanlegar væru endurskoðaðar till. um ýmis atriði málsins.

Af þessum ástæðum lá málið um kyrrt hjá menntmn. En þessar till. frá hæstv. menntmrh. urðu síðbúnar og komu ekki fram fyrr en svo seint á þinginu, að menntmn. taldi augljóst, að ekki væri hægt að afgreiða málið, þar sem till. voru þegar eftir flutning þeirra mjög umdeildar.

Þegar menntmn. fjallaði um þessar till. og sendi þær til umsagnar nokkurra aðila, var n. ljóst, að þinginu mætti ekki ljúka svo, að það setti ekki eitthvert ákvæði um það, hvernig þeim listamannalaunum, sem fé er veitt til á fjárl., yrði úthlutað að þessu sinni, og n. óskaði eftir því eða lét bóka ósk til formanns n. um að athuga það mál. Það stendur svo í grg. með þessari þáltill., að till. sé flutt samkvæmt ósk menntmn., og á það þá við, að n. óskaði eftir, að það yrði séð til, að einhver slík samþykkt yrði gerð, en það þýðir hins vegar ekki, að nm. hafi rætt, hvernig úthluta ætti, eða séu á nokkurn hátt efnislega bundnir till. Þetta vil ég taka fram til skýringar.

Þegar séð varð fyrir síðustu helgi, að hæstv. menntmrh. mundi ekki koma til landsins aftur fyrir þá helgi, en síðustu forvöð voru að koma fram till., sem gæti náð fram að ganga, þá flutti ég till. um það, að Alþingi kysi n. til þess að skipta þessu fé, og fylgdi í till. þeim hugmyndum, sem síðast höfðu komið fram hjá menntmrh. í brtt. við listamannalaunafrv., sem hann flutti á þskj. 530, en þar gerir hann ráð fyrir því, að Alþingi kjósi fimm menn til þess að annast þessa úthlutun.

Þannig er þetta mál til komið, og tel ég, að eins og sakir standa, þá sé rétt, að Alþingi kjósi n. til þess að skipta þessari fjárveitingu, og ég að mínu leyti tel rétt að fylgja þeim till., sem fram hafa komið frá ríkisstj. um að hafa það fimm manna n. Þar að auki vil ég benda á, að á þessu þingi öllu hefur verið mjög sterk tilhneiging til þess að hafa fimm manna nefndir, í stað t. d. fjögurra manna, þar sem menn hafa talið, að fimm manna n. gæfi nokkuð skýra og sanngjarna mynd af þingstyrk, og á það ekki eingöngu við ríkisstj., því að slíkar till. hafa líka borizt frá öðrum stjórnarandstöðuflokkum. Af þeim ástæðum tel ég eðlilegt, að kosin verði fimm manna n. til þess að skipta þessari fjárveitingu fyrir þetta eina ár, og þá í trausti þess, að næsta Alþingi leiði til lykta listamannalaunamálið.

Þessi till. mun þurfa að fara til n., og er þá eðlilegt, að hún fari til hæstv. fjvn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Á þskj. 681 hefur hv. 4. þm. Sunnl. flutt brtt. við till. þá til þál., sem hér liggur fyrir, en hv. 4. þm. Sunnl. hefur af sérstökum ástæðum fjarvistarleyfi á þessum fundi, svo sem lýst hefur verið af forsetastóli. Ég vil því leyfa mér í forföllum hans að segja örfá orð um brtt. þá, sem prentuð er á þskj. 681.

Um allmörg ár hefur þeirri skipan verið fylgt um úthlutun listamannalauna, að því fé, sem veitt hefur verið í fjárlögum í því skyni, hefur verið skipt af fjögurra manna þingkjörinni nefnd samkvæmt ákvæðum í fjárlögum hvers árs.

Fyrir þessu þingi liggja ýmsar till. um breytingu á þessari skipan. Það er í fyrsta lagi frv., sem hæstv. menntmrh. flutti í Nd., og í öðru lagi frv. um Listlaunasjóð Íslands, sem flutt er af hv. 1. þm. Norðurl. e., er var lagt fyrir hv. Ed. og hefur verið til athugunar hjá menntmn. þeirrar deildar. Og nú fyrir nokkru flutti hæstv. menntmrh. brtt. við það frv., sem hann lagði sjálfur fram snemma á þessu þingi, sem fela í sér mjög gagngerar breytingar á ákvæðum stjórnarfrv. Menntmn. beggja deilda hafa því haft þessi mál til athugunar, og í þeim till., sem fyrir liggja í báðum d., er mikill efniviður í heilsteypta löggjöf um þessi efni. Hins vegar er það nú sýnt, að það vinnst ekki tími til að setja nýja löggjöf um þetta mál á þessu þingi, og þess vegna er hnigið að því ráði að bera fram þáltill. þá, sem hér liggur fyrir. En þar sem augljóst er, að innan skamms mun verða sett löggjöf um nýja skipan þessara mála, virðist vera alls kostar eðlilegt, að nú í þetta sinn sé þeirri skipan haldið óbreyttri, sem gilt hefur að undanförnu, og fjögurra manna nefnd falið að þessu sinni að hafa skiptingu fjárins með höndum, og við þetta er brtt. á þskj. 681 miðuð.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka það fram, að eftir mínum skilningi er till. hv. formanns menntmn. ekki í samræmi við það, sem um var rætt í nefndinni. Í n. var gengið út frá því, að lagt yrði til, að fyrirkomulag á úthlutun listamannalauna yrði óbreytt á þessu ári eins og í fyrra, eða eins og það var orðað: „Óbreytt ástand skyldi ríkja í þessu máli, þar til frv. um úthlutun listamannalauna hefði verið samþykkt.“ Aðeins var talið álitamál, hver ætti að flytja þá till., ráðherra, nefndin eða form. hennar. Fyrsta útgáfa hv. formanns á þáltill. sinni bendir ekki til þess, að honum sé vel ljóst, um hvað var rætt. Það er því ekki nema að nokkru leyti rétt, sem segir í grg. með þáltill., að hún sé flutt samkv. ósk menntmn. Þess vegna er brtt. hv. 4. þm. Sunnl. komin fram, og hana hlýt ég að styðja í samræmi við það, sem um var rætt í nefndinni. Það er aftur á móti annað mál, hvort nokkur ágreiningur kemur til með að verða um þetta atriði í frv., þegar það kemur aftur fyrir nefndina í haust að líkindum. Um það er ekki hægt að segja að þessu sinni. En ég tel rétt að leiðrétta þá staðhæfingu, sem hv. form. n. ber fram, að till. hans sé í samræmi við það, sem n. ræddi um í sambandi við tilhögun á úthlutun listamannalauna á þessu ári. Til þess að forðast misskilning um almenna afstöðu Alþb. til þess, hvernig haga beri úthlutun listamannalauna, vil ég taka það fram, að Alþb. hefur verið og er, hvað sem úthlutun á þessu ári líður, andvígt þeirri tilhögun sem framtíðarleið, að fjögurra manna nefnd, kosin til eins árs, fari með úthlutun listamannalauna, þótt ekki séu gerðar aðrar till. að þessu sinni, á því stigi, sem þessi mál eru nú.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það er tillaga flm., að þessari till. til þál. verði vísað til hv. fjvn., og ég vil leyfa mér að beina til n. áskorun um það að laga tillöguna. Fyrst og fremst er það, að ég tel, að inn í till. eigi að taka brtt. hv. 4. þm. Sunnl. um, að úthlutun listamannalaunanna á þessu ári verði falin fjórum mönnum, eins og verið hefur upp á síðkastið, en ekki fimm. Úthlutun listamannalauna er mikið vandamál, viðkvæmt og eldfimt. Ýmsar aðferðir hafa verið hafðar við skiptingu launanna, en engin gefizt vel. Það er óhætt að segja, Nauðsynlegt er, að sett verði löggjöf um það, hvernig ráðstafa skuli fé því, sem Alþingi veitir árlega til að launa listamenn, svo að festa fáist um þá hluti.

Eins og tekið var fram hér áðan, liggja fyrir þessu Alþingi frumvörp til löggjafar. En um þau hefur ekki fengizt samstaða til afgreiðslu, og sýnt er, að þess vegna verður ekki löggjöf sett á þessu þingi. Þar af leiðandi er það rétt, sem hv. flm. till. sagði, að gera verður einhverja ráðstöfun til úthlutunar þeirri fjárhæð, sem nú er á fjárlögum til launa listamönnum. En sú ráðstöfun, sem nú yrði gerð, verður að skoðast sem bráðabirgðaráðstöfun, því að það verður að teljast ólíklegt, að Alþingi geti ekki komið sér saman um löggjöf, er skipi þessum málum til einhverrar frambúðar. En af því að málið er viðkvæmt og eldfimt, eins og ég sagði, tel ég friðvænlegast að hafa þá aðferð að þessu sinni, sem höfð hefur verið síðustu ár. Ég hygg, að það mundi líklegt til að valda minnstum deilum, bæði utan þings og innan. Það er að vísu rétt, sem hv. flm. till. sagði, að mjög sterk tilhneiging hefur verið á þessu þingi til að skipa fimm manna nefndir. En sú tilhneiging er ekki sprottin af þeirri rót, sem gefur vonir um, að friðsamlegra verði um þessa nefnd, þótt hún verði fimm manna nefnd.

Ég held samkvæmt framansögðu, að hv. fjvn. ætti að fella brtt. inn í aðaltillöguna, skipa þannig málum. En svo er fleira, sem gera þarf við þessa till., svo að hún sé frambærileg. Hún er orðuð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til þess að skipta fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 1961 til skálda, rithöfunda og listamanna."

Með þessari framsetningu er því eiginlega slegið föstu, að skáld séu ekki listamenn, því að listamenn eru þar að auki. Nú er til að vísu viss flokkur skálda, sem hefur ekki talizt til listamanna, en þá hefur hann haft sitt sérstaka nafn sem skáldflokkur, það eru nefnilega leirskáldin. Ekki býst ég við, að hv. flm. eigi við það, að hin væntanlega nefnd, þó að hún verði fimm manna nefnd, eigi að verðlauna leirskáld. Ég held, að nóg sé að segja: „til listamanna". Rithöfundar koma að vísu til greina, og það er ekki alveg sjálfsagt, að þeir séu listamenn, en þó mun, þegar um þessa fúlgu fjárveitingar er að ræða, aðallega átt við þá rithöfunda, sem hægt er að flokka undir listamenn.

Ég býst við, að hv. flm. hafi eina afsökun í þessu efni, og hún er máske nokkuð stór. Hún er sú, að á fjárlögum lengi hefur þessi klausa staðið í sambandi við fjárveitinguna. Það er einhver ambögumaður að málfari, sem hefur upphaflega komið þessu inn, og svo hefur þetta staðið þarna óhreyft, staðið, eins og oft er með vitleysur, án þess að menn beinlínis tækju eftir því, að hér væri vitleysa á ferðinni. Það er með ýmsar vitleysur þannig, að með tímanum taka menn ekki eftir þeim frekar en þeir heyra klukkuna ganga. Þeir venjast þessu. En þegar farið er að taka þetta upp á sérstöku þingskjali og án þess þá að hafa það innan gæsalappa, þá er það óþolandi, — raunverulega óþolandi líka innan gæsalappa.

Ég er alveg viss um það, að hver sæmilegur barnakennari mundi leiðrétta þetta í stíl hjá átta ára barni.

Þess vegna álít ég, að það sé tvennt, sem hv. fjvn. eigi að gera: taka brtt. upp í aðaltill. og laga málið á till. Ég vil benda á, að það er alveg nóg að segja þarna: „til listamanna". Skáld eru listamenn, það veit ég að hv. flm. samþykkir, og rithöfundar þeir, sem þarna eiga að koma til greina, eru þeir rithöfundar, sem má flokka undir það að vera rithöfundar af list.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Svo ólíklegt sem það kann nú að virðast, þarf ég að bera af mér nokkrar sakir í svona máli og skal reyna að gera það í stuttu máli.

Í fyrsta lagi þykir mér nú óþarfi að fara að flytja hér ýtarlegt mál um leirskáld og skáld og annað slíkt. Ég vil aðeins segja það, að ég taldi óhæft annað en taka nákvæmlega upp orðalag fjárlaga, þegar um það er að ræða, hvernig skipta eigi viðkomandi fjárveitingu. Ef það hefði verið orðað á einhvern annan hátt, gat skapazt vafi um það, hvaða fjárveitingu væri við átt eða hvort það stæðist. Þar að auki vísa ég öllum bollaleggingum um það, hvort þetta orðalag er rökleysa, vitleysa eða annað slíkt, heim til föðurhúsanna, til fjvn. og m. a. til hv. ræðumanns, sem mun árum saman hafa setið í þeirri nefnd og látið þetta orðalag fara fram hjá sér, án þess að það breyttist við hans veru þar, og er hann þó í hópi þeirra manna, sem eru smekkmenn á mál og þess meðferð.

Hv. 7. landsk. (GeirG) kom hér upp til þess að leiðrétta þá staðhæfingu mína, að till. væri í samræmi við óskir menntmn. Hann hefur sýnilega ekki hlustað á það, sem ég sagði, því að ég eyddi mestum hluta af minni ræðu í að útskýra, að ég teldi það ósk menntmn., að eitthvað yrði gert í þessu máli, til þess að þingi lyki ekki án þess, en ég tók það beinlínis fram, að efnislega væri n. óbundin þessu. Það urðu mjög lauslegar umr. um þetta, en niðurstaða engin efnislega, og því til sönnunar skal ég lesa hér nokkrar setningar, með leyfi hæstv. forseta, úr fundargerð menntmn. Nd. Á 9. fundi, sem haldinn var 23. marz 1961, er þetta bókað:

„Fyrir var tekið frv. til l. um listamannalaun, 43. mál Nd. Frv. var rætt nokkuð og samþ. að senda það til umsagnar menntamálaráði og Bandalagi ísl. listamanna. Þá var og samþ. að fela form. athugun á tilhögun úthlutunar listamannalauna á ári þessu." Þetta er það, sem bókað er, og ég lít þannig á, að mér hafi verið falið að koma þessu máli af stað, m. ö. o. tryggja það, að þingi lyki ekki án þess, að þingið fengi tækifæri til að setja

einhver ákvæði um úthlutun launanna, en ekkert hafi verið ákveðið efnislega. En þessar umr. virðast leiða í ljós, að það hefði verið tilgangslaust, vegna þess að nefndin hefði sýnilega klofnað, og er þá mitt hlutverk það fyrst og fremst að sjá um, að eitthvað komi fram, svo að meiri hl. geti úrskurðað um brtt. og hvernig hann vill hafa þetta mál. Ég vil því bera það af mér, að ég hafi nokkuð misnotað þá heimild, sem ég tel mig hafa haft, eða það umboð frá nefndinni. Ég tel ekki ástæðu til að vera að þrátta um fjóra eða fimm nm. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að þessum launum hefði verið úthlutað á ýmsan hátt áður fyrr og til þessa dags, og um þær skipanir, sem þá höfðu verið, sagði hann, að þær hefðu allar gefizt illa. M. ö. o.: hann viðurkennir í ræðu sinni, að sú skipan, sem hann vill hafa á þessum málum, hafi gefizt illa.

Ég held, að fyrir þetta eina ár sé bezt að hafa 5 manna nefnd, eins og gert hefur verið á þessu þingi í mörgum mismunandi atvikum, bæði samkv. till. stjórnarflokkanna tveggja og samkv. till. annars stjórnarandstöðuflokksins í einstökum málum. Ég vil því vænta þess, að hv. fjvn. afgreiði till. efnislega eins og hún er.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 59. fundi í Sþ., s. d., var fram haldið einni umr. um till. (A. 676, n. 701 og 702, 681).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haldið fund um þetta mál. Ágreiningur kom upp í n. Meiri hl. n. leggur til, að till. um fimm manna n. verði samþ. Minni hl. n., hv. fulltrúar Framsfl., leggur til, að n. verði skipuð fjórum mönnum, og skilar séráliti. Aðrir fulltrúar í fjvn. mæla með samþykkt till.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá meiri hl. fjvn. á þskj. 701, var fjvn. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Fulltrúi okkar í menntmn. Nd., hv. 4. þm. Sunnl. (BFB), lagði fram brtt. um, að n. yrði skipuð fjórum mönnum, en ekki fimm, eins og till. gerði ráð fyrir. Grein fyrir þeirri þrtt. var gerð hér af hv. 5. þm. Austf. (PÞ) við umr. í dag. Ég þarf þess vegna ekki að gera frekari grein fyrir afstöðu okkar, því að hún er í samræmi við það, sem sá þm. greindi réttilega frá. Við leggjum til á þskj. 702, að tillgr. orðist eins og þar segir, að Alþingi álykti að kjósa fjögurra manna n. til þess að skipta fjárveitingu til listamanna á 14. gr. B. XIII í fjárl. fyrir árið 1961, og gerum það að till. okkar, að sá háttur verði á hafður.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég stóð í þeirri meiningu í dag, þegar verið var að ræða það mál, sem hér liggur fyrir, að við værum senn komnir að þinglokum og þess vegna væri máske ekki rétt að fara að flytja mjög veigamiklar brtt. við þau mál, sem fyrir kæmu, og hef hagað mér samkvæmt því. Nú virðist mér hins vegar nokkuð annað vera upp á teningnum. Mér sýnist, að það eigi nú fyrst að fara að byrja fyrir alvöru á þinginu, frv., sem liggi fyrir og menn hafa verið ósköp rólegir með alveg fram á síðustu daga, eigi nú að fara að taka hér mjög langan tíma og eigi að fara að gera stórbreytingar á gömlu og heföbundnu fyrirkomulagi.

Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, er til komin, að því er mér skilst, vegna þess, að hér hafa legið fyrir frv., m. a. stjórnarfrv. um, hvernig úthluta skuli listamannalaunum, frv., sem að því er ég fæ bezt skilið hafa verið samþ. í ríkisráði og lögð hér fyrir og hafa átt að hafa hér meiri hl. þings á bak við sig, og samt sem áður hafa þessi frv. ekki verið afgreidd. Það hefur verið talað nokkuð við stjórnarandstöðuna um sumt af þessum frv., og ég er ekki alveg viss í, hvernig þessu hefur lyktað, að stjórnarfrv. um þessi mál skuli ekki einu sinni hafa gengið fram. Mér virðist, að menn hafi þó í sambandi við þessa hluti viljað taka visst tillit um þau mál, t. d. á hvern hátt listamannalaunum væri úthlutað, menn hafi verið á því, að þegar svona stofnun eins og sú, sem úthlutar listamannalaunum, sé sett á laggirnar, þá sé æskilegt, að það sé gert a. m. k. með sem mestu samkomulagi á Alþingi. Og mér sýnist, að það hafi verið af hálfu hæstv. ríkisstj. og sérstaklega kannske hæstv. menntmrh. sýnd sú tilhliðrun í þessu sambandi, að meira að segja frv., sem eru stjórnarfrv. og eiga þess vegna samkvæmt sínu eðli að vera örugg í gegnum Alþingi, séu ekki látin ganga áfram, séu stöðvuð. Ég verð að segja það, að þegar verið er nú að sýna svona tillitssemi af hálfu hæstv. ríkisstj. í sambandi við einmitt slík mál, sem eru viðkvæm, þá álít ég, að það væri til fyrirmyndar fyrir hæstv. ríkisstj. að sýna slíka tillitssemi á fleiri sviðum. Sökum þess að það lágu fyrir þmfrv. um þessi mál líka, sökum þess að þessi frv. nú hafa stöðvazt, þá er nú lagt til að afgreiða þetta mál til bráðabirgða á þann máta, sem hv. fjvn. nú er a. m. k. að miklu leyti sammála um, úr því sem komið er.

Nú sýnist mér, að á þessum að ég hélt síðustu dögum þingsins sé mjög aukin tilhneiging til þess að setja á stofn ný embætti, og jafnvel í máli, sem við vorum t. d. að ræða áðan í Nd., tilhneigingar til þess að fjölga ýmsum stjórnarnefndum og öðru slíku og yfirleitt ekki hirða sérstaklega mikið um það, hvað það kosti almenning að bæta við nýjum embættum. Nú veit ég, að öllum hv. þm. er ljóst, að hróður Íslands er ekki fyrst og fremst þessir embættismenn, hve góðir sem þeir ella kunna að vera, heldur hitt, að hróður Íslands sé þess skáld og listamenn — eða allir listamenn, ef ég ætti að fara mjög nákvæmlega í það, eins og var verið að ræða hér í dag. Fyrst svo mjög hefur nú breytzt andrúmsloftið í Alþingi á þessum síðustu vikum, að menn hafa orðið miklu ríflegri á ný embætti og fjárútlát, þá hefur mér dottið í hug, hvort ekki mætti nú reyna aftur við tilraun, sem ég gerði í vetur, þegar fjárl. voru til umr.

Á þeirri fjárlagagrein, sem hér er rætt um að úthluta úr, er til skálda, rithöfunda og listamanna 1 millj. 260 þús. kr. og af því fá tvö af okkar

helztu skáldum sérstök heiðurslaun. Það hefur oft verið sýnt fram á það í umr. hér um þessa gr., að það, sem nú séu heiðurslaun á Íslandi, séu miklu lægri skáldalaun en það, sem þóttu smánarlaun og sultarlaun fyrir hálfri öld. Það gamla, fátæka Alþingi virðist aldrei ætla að biða þess bætur að hafa ekki úthlutað Þorsteini Erlingssyni nema 600 kr. Það virðist loða við það eins og blettur. En það, sem við úthlutum nú til okkar skálda, nær aldrei slíku hámarki sem sultarlaunin voru þá, og það hefur verið reynt að fá þetta hækkað. Ég lagði til, að það yrði tvöfaldað, þegar þetta var rætt í vetur, að það yrði sett 2½ millj. þarna, en það var fellt, og minni upphæð, um 1 millj., var felld.

Nú vildi ég reyna, með tilliti til þess, að menn virðast vera orðnir ríflegri á fjárútlát úr ríkissjóði, hvort ekki væri nú nokkur leið til þess að fá, þótt með sérstökum hætti væri og af því að ég hélt, að það væri komið seint á þingi, nokkru ríflegri fjárupphæð til útbýtingar. Ég held, að flestir þeir, sem við þessa úthlutun hafa fengizt á undanförnum árum, hafi verið sammála um, að það, sem þeim hafi verið erfiðast, hafi verið, hve upphæðin var lág. Ég vildi þess vegna leyfa mér að flytja nú svo hljóðandi brtt. við þessa þáltill.:

„Aftan við tillgr. bætist: Auk þess fjár, sem veitt er á fjárlögum fyrir árið 1961 í þessu skyni, skal n. úthluta 500 þús. kr. til viðbótar úr ríkissjóði."

Ég skal taka það fram, að ég hefði ekki farið að koma fram með þessa till. svo seint, ef ég hefði ekki haldið, að það væri alveg að ljúka hér hjá okkur málum, og ég hefði annars komið með þessa till. við fyrri hluta umr. um þessa þáltill., sem kom fram í gær. Ég verð að biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir þessari brtt., vegna þess að hún er bæði skrifleg og of seint fram komin, og mér er líka ljóst, að það væri æskilegt, að hv. fjvn. gæti um þessa till. fjallað, þannig að henni gæfist til þess nokkurt tóm, því að ekki er eðlilegt, að svona fjárveitingar séu veittar úr ríkissjóði, nema fjvn. hafi um þær fjallað áður.

Það er að vísu engan veginn skemmtilegasta aðferðin að veita fé úr ríkissjóði að gera það með þáltill., en hefur þó oft verið gert, þó að það sé ekki að öllu leyti góð fyrirmynd. En ég þykist hafa mér það til varnar, að ég hef áður reynt, í sambandi við fjárlögin, að koma fram með slíka breytingu. Ég held þess vegna, ef nú á að fara að gefast enn þá alllangur tími til umræðna á Alþingi og jafnvel fresta því fram yfir páska, að við ættum líka að athuga, hvort við eigum ekki að skiljast betur við þetta mál en aðeins með þessari þáltill., sem hér hefur verið lögð fram, um nefndarskipunina. Mér er satt að segja ekki alveg ljóst og hefði gjarnan viljað fá um það upplýsingar, á hverju það raunverulega hefur strandað, að þau frv., sem fyrir lágu, komust ekki í gegn. Og ég á satt að segja dálítið bágt með að skilja það, ef stjórnarfrv., sem eru búin að liggja alllengi til athugunar í nefnd og hafa áður verið vandlega undirbúin af milliþinganefndum, geta ekki náð fram að ganga, hvernig menn ætlist þá til þess, að þingmannafrv., sem eru lögð fram á síðustu stundu þings og hafa ekki verið að neinu leyti vel undirbúin, eigi að ná fram að ganga.

Þetta þætti mér sem sé vænt um að fá upplýsingar um, fyrst okkur þm. á nú að fara að gefast lengri tími en ég hafði hugsað, þegar ég kom til þessa þings í dag, til að ráðgast um okkar mál.

Ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 703) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Sþ., 29. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 676, n. 701 og 702, 681, 703).

ATKVGR.

Brtt. 702 felld með 32:17 atkv.
— 681 kom ekki til atkv.
— 703 felld með 33:12 atkv.

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 706).

30. Jafnvægi í byggð landsins.

Á 28. fundi í Sþ., 20. des., var útbýtt:

Till. til þál. um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins [149. mál] (A. 257).

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Með þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að Alþ. skori á ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins, m. a. með ákvæðum um fjárframlög í því skyni og úthlutun þess fjár. Skal tilgangur þessarar löggjafar fyrst og fremst vera sá að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í öllum landshlutum.

Á árunum 1951—1961, þ. e. a. s. síðasti 10 ár, hafa eftirfarandi fjárhæðir verið veittar úr ríkissjóði til atvinnu- og framleiðsluaukningar í landinu:

Árið 1951	2	millj.	kr.
— 1952	4.5	—	—
— 1953	3.9	—	—
— 1954	3.8	—	—
— 1955	6.9	—	—
— 1956	7.9	—	—
— 1957	15.2	—	—
— 1958	13.5	—	—
— 1959	14.2	—	—
— 1960	14.5	—	—

Á fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 10 *milljónir króna í þessu skyni. Samtals nema þessar* fjárveitingar, sem veittar hafa verið til atvinnuaukningar og framleiðslubóta í landinu á s. l. áratug, rúmlega 101 millj. kr. Hér er því um allmikið fjármagn að ræða. Leyfi ég mér að fullyrða, að það hafi víða komið að góðum notum og orðið atvinnulífi einstakra byggðarlaga til mikils stuðnings og átt þátt í því að auka framleiðslu þjóðarinnar í heild.

En engar fastar reglur hafa verið um úthlutun þessa fjár. Því hefur ýmist verið skipt af ríkisstjórnum á hverjum tíma eða af þingkjörnum úthlutunarnefndum. Enda þótt þessir aðilar hafi vafalaust reynt að *framkvæma skiptingu fjárins af* réttsýni og þannig, að það kæmi atvinnulífi þjóðarinnar að sem mestu gagni, er þó auðsætt, að slíkt fyrirkomulag á úthlutun atvinnuaukningarfjár hlýtur að vera nokkuð handahófskennt. Það er skoðun okkar flm. þessarar þáltill., að nauðsyn beri til þess að koma þessum málum á traustari grundvöll, setja löggjöf, sem bæði kveði á um fjáröflun og fjárframlög í fyrrgreindu skyni og jafnframt setji reglur um úthlutun þess fjár, sem á hverjum tíma er fyrir hendi til atvinnu- og framleiðsluaukningar í landinu. Tilgangur slíkrar löggjafar skal, eins og bent er á í grg. till., fyrst og *fremst vera sá að stuðla að hagnýtingu góðra* framleiðsluskilyrða um land allt, auknu atvinnuöryggi og vaxandi framleiðslu. Enn fremur þarf að tryggja, að það fjármagn, sem lánað hefur verið á undanförnum árum til atvinnu- og framleiðslubóta, verði framvegis notað í sama skyni, eftir því sem einstök lán endurgreiðast. Verður að vænta þess, að allstór hluti þeirra rúmlega 100 millj. kr., sem veittar hafa verið í þessu skyni, muni endurgreiðast með batnandi afkomu bjargræðisvega þjóðarinnar. Allmikið fjármagn ætti því að vera fyrir hendi til þess að stuðla að atvinnulífsuppbyggingu á einstökum stöðum á næstu árum, þar sem um þörf fyrir slíkan stuðning er að ræða.

Það er skoðun okkar flm., að það sé mjög áríðandi einmitt nú, að lögð verði áherzla á að auka framleiðsluna og hagnýta starfskrafta landsmanna eins vel og frekast er kostur. Hagnýta verður góð framleiðsluskilyrði, hvar sem þau eru á landinu. Það væri að okkar áliti hin mesta ógæfa, ef stórfelldir fólksflutningar hæfust nú frá stöðum, þar sem framleiðsluskilyrði eru góð, hingað til höfuðborgarinnar, sem hefur ekki skilyrði til þess að taka við nema eðlilegri fjölgun sinna eigin íbúa. Það er hins vegar skoðun margra, að æskilegt sé, að athafnamiðstöðvar og þéttbýli skapist í sem flestum landshlutum. Er líklegt, að það mundi stuðla að bættri aðstöðu strjálbýlisins á ýmsa lund. Landbúnaðurinn fengi t. d. betri og öruggari markaði, og væri það ekki sízt mikilvægt fyrir mjólkurframleiðendur. Einnig veita bæir og þéttbýli ýmiss konar þjónustu, sem mikilvæg er fyrir þá, sem landbúnað stunda.

Á undanförnum áratugum hafa stórfelldir fólksflutningar átt sér stað úr strjálbýli í þéttbýli hér á landi. Þessi þróun hefur þó ekki aðeins gerzt á Íslandi. Í flestum löndum heims hefur hún gengið í sömu átt. Það, sem gerir ástandið sérstakt hér, er það, að segja má, að aðeins ein borg hafi myndazt í landinu. *En af því leiðir margvísleg* vandamál, sem munu fara vaxandi, ef sama þróun heldur áfram. Það er þess vegna nauðsynlegt að stuðla að því, að þéttbýli myndist sem víðast um landið. Með kerfisbundnum og markvissum ráðstöfunum til atvinnu- og framleiðsluaukningar er óhætt að fullyrða, að mögulegt sé að stuðla að slíkri þéttbýlismyndun og þar með að raunverulegu jafnvægi í byggð landsins.

Að öllu þessu athuguðu vænti ég þess, að þessi tillaga fái góðar undirtektir, hljóti samþykkt hv. Alþ. nú og að hæstv. ríkisstj. muni leggja fyrir næsta þing frv. til laga um það efni, sem till. gerir ráð fyrir.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Efnislega er þessi till., sem hér er til umr., um það að skora á hæstv. ríkisstj. að undirbúa löggjöf um framleiðsluaukningu og jafnvægi í byggð landsins. Það, sem hlýtur að vekja athygli manns við umr. þessa, er það, að mér sýnist till. ekki í nægilegu samræmi við þá stefnu, sem ríkjandi er í efnahags- og atvinnumálum nú og hv. flm. hennar fylgja. Það *þarf ekki að nefna mörg dæmi í þessu efni.* Ég held, að það sé nóg að minna á þær umr., sem nú fara fram um skuldaskil sjávarútvegsins, hvernig ástandið er þar. Það má minna á skýrslu búnaðarmálastjóra um samdrátt í framkvæmdum í landbúnaði. Það má minna á ástandið í byggingariðnaðinum og margt fleira. Og hæstv. ríkisstj. hefur ekkert farið dult með það, að þessi stefna, sem hún fylgir og hún sjálf kallar viðreisn, er sannarlega ekki til þess að auka atvinnu eða framleiðslu í landinu. Hvort hún á einhvern tíma að verða til þess, það er óljóst, en það eru engar horfur á því, að það verði á næstunni, ef svo heldur fram sem nú horfir. Þvert á móti er stefnan byggð á því að draga saman, minnka framkvæmdir, minnka fjárfestinguna o. s. frv., og allt þetta leiðir auðvitað til minnkandi framkvæmda, en ekki framleiðsluaukningar. Ég á því dálítið erfitt með að átta mig á því, hvernig hægt er að framkvæma þessa ályktun, sem hér er borin fram, en fylgja þó hinni svokölluðu viðreisnarstefnu. Mér sýnist þetta ósamrýmanlegt með öllu. Mér sýnist þvert á móti, að ef á að taka þessa tillögu í alvöru, þá verði að þýða hana á nútímamál, það mál, sem allir skilja, sem fylgzt hafa með áhrifum viðreisnarstefnunnar á atvinnulífið og framkvæmdirnar í landinu, það mál, að ef á að auka framleiðslu og atvinnu og jafnvægi í byggð landsins, þá verði að hætta við þessa stefnu. Ef á að skapa jarðveg fyrir framleiðsluaukningu, þá er ekki hægt að halda þessari stefnu áfram. Mér er því nokkur forvitni á að vita, hvernig hv. flutningsmenn hugsa sér þetta tvennt, að gera átak til framleiðsluaukningar og jafnvægis í byggð landsins annars vegar og halda áfram um ófyrirsjáanlega tíð þessari viðreisnarstefnu.

Á síðasta þingi fluttu framsóknarmenn í Ed. Alþingis frv. um framleiðslu- og atvinnuaukningar-

sjóð. Því frv. var vísað til n., en stjórnarflokkarnir í n. svæfðu frv. þar, og það kom aldrei framar til umr. Á þessu þingi hafa framsóknarmenn í Ed. aftur flutt sams konar frv. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð. Því var vísað til n., og fyrir atbeina stjórnarflokkanna í þeirri n. hefur það frv. líka verið svæft fram á þennan dag. Hvort tveggja þetta er í fullu samræmi við viðreisnarstefnuna, það skal ég játa, en það er í æpandi ósamræmi við þessa tillögu.

Ég skal nefna þriðja dæmið. Við afgreiðslu fjárl. var í frv. hæstv. ríkisstj. lagt til, að einar 10 millj. skyldu fara til atvinnuaukningar í landinu. Þessi upphæð var fyrir nokkrum árum, á tímum vinstri stjórnarinnar, hæst 15 millj. kr. Til þess að nú væri sambærileg upphæð veitt í þessu skyni, þyrfti hún a. m. k. að vera 20—22 millj., miðað við verðgildi peninganna, en stjórnarflokkunum fannst nóg að hafa það helmingi minna eða þessar 10 millj. Þar á meðal voru flm. þessarar till., sem greiddu allir með tölu atkvæði gegn því, að það yrði nema 10 millj., eins og það líka varð.

Allt þetta er í samræmi við viðreisnarstefnuna. Það er rétt. En það er í ósamræmi við þessa till. og þá hugsun, sem hún er byggð á.

Nú biðja hv. flm. þessarar till. hæstv. ríkisstj. að undirbúa frv. um þetta mál. En það vill svo til, að sjálfstæðismenn hafa fyrir rúmum þremur árum flutt sjálfir frv. um þetta efni og þar á meðal sumir af flm. þessarar till. Ef þeim er alvara að hraða þessu máli og undirbúa það svo, að það geti borið *einhvern árangur, af hverju flytja þeir ekki sitt* frv. aftur í staðinn fyrir að flytja svona till.?

Ég vil mælast til þess, að hv. frsm. þessarar till. skýri það nokkru nánar, hvernig á að samræma þetta, annars vegar viðreisnarstefnuna, sem auðsjáanlega verður ríkjandi, ef þeir ráða, núv. stjórnarflokkar, hins vegar þá hugmynd að gera átak til framleiðsluaukningar og jafnvægis í byggð landsins, sem sannarlega er þörf á.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að gera efnahagsmál okkar þjóðar almennt að umræðuefni í sambandi við flutning þessarar till. En hv. 4. þm. Vestf. hefur beint til okkar flm. till. fyrirspurn um það, hvernig við viljum samræma hana efnahagsmálastefnu núv. ríkisstj. Um það get ég verið mjög fáorður. Ég veit, að allir fylgismenn hæstv. núv. ríkisstj. og hún sjálf gera *sér það ljóst, að því aðeins er hægt að framkvæma* atvinnulífsuppbyggingu úti um land, eins og gert er ráð fyrir í þessari till., að yfirleitt sé mögulegt að reka framleiðslutæki þjóðarinnar á heilbrigðum grundvelli, og það er að því markmiði, sem sú viðreisnarstefna miðar, sem núv. ríkisstj. fylgir. Þessi till. okkar væri ekki framkvæmanleg án þeirrar viðreisnarstefnu, sem ríkisstj. hefur markað. Það er þýðingarlaust að ætla sér að byggja upp atvinnulíf úti á landi eða yfirleitt nokkurs staðar á Íslandi, bæta aðstöðu fólksins til þess að njóta öryggis um afkomu sína, án þess að höfuðbjargræðisvegir þjóðarinnar séu reknir á heilbrigðum grundvelli, hallalaust. Það er vegna þessarar einföldu staðreyndar, sem ég þarf ekki að hafa öllu fleiri orð til andsvara hv. 4. þm. Vestf.

Ég vil þó aðeins bæta því við í sambandi við þau ummæli hans, að Framsfl. hefði flutt till. um það, að varið yrði hærri upphæð til atvinnuaukningar og framleiðslubóta en samþykkt hafi verið á síðasta þingi, að á árinu 1960 var varið samtals 14.5 millj. kr. í þessu skyni, eða svo til sömu upphæð og hv. framsóknarmenn lögðu til að varið yrði í þessu skyni. Ég vil einnig benda á það, að til viðbótar þessum 14.5 millj. kr., sem varið var á s. l. ári til atvinnuaukningar og framleiðslubóta, var tekin upp í fjárlög 4 millj. kr. viðbótarfjárveiting til vegagerða í landinu, sem sömu nefnd var falið að úthluta og úthlutaði atvinnuaukningarfénu. Tilgangurinn með þessari viðbótarfjárveitingu til vegagerða var sá að nota það fé sérstaklega til þess að vinna fyrir í þeim vegum, sem mikla þýðingu hafa fyrir atvinnu og framleiðslustörf úti um landið. Hygg ég, að það hafi verið gert og haft um það samráð við flesta hv. þm., ekki aðeins úr hópi stjórnarsinna, heldur einnig úr hópi stjórnarandstæðinga.

Loks vil ég minna á það, að þegar Sjálfstfl. og Framsfl. voru í samstjórn fyrir nokkrum árum, hafði *náðst samkomulag um það, að frv. svipað því* og lá fyrir Alþ. 1958, flutt af okkur sjálfstæðismönnum, um stofnun jafnvægissjóðs yrði lögfest. Ég veit ekki betur en það hafi náðst nokkurn veginn samkomulag um það innan ríkisstj. sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. En niðurstaðan var sú, er til kom, að framsóknarmenn brugðust þessu samkomulagi, og málið strandaði og hefur ekki enn náð fram að ganga.

Nú skal ég ekki draga góðan hug hv. 4. þm. Vestf. í þessu máli í efa, því fer fjarri. Ég vil ekki ætla honum neinar illar hvatir í þessu sambandi. En ég segi bara: Spor framsóknarmanna í þessu máli hræða. Þegar þeir voru sjálfir í ríkisstj. með okkur, brugðust þeir samstarfsflokki sínum um þetta mál og stöðvuðu framgang þess. Þegar þeir áttu sæti í vinstri stjórninni, — hvað gerðu þeir þá? Settu þeir ekki þá löggjöf um þetta? Það hlýtur að vera, ef *það er Sjálfstfl., sem hefur stöðvað það á sínum* tíma. Framsóknarmenn hljóta að hafa notað tækifærið til þess að lögfesta þetta áhugamál sitt, þegar þeir voru í ríkisstj. með öðrum flokkum og við sjálfstæðismenn vorum utan ríkisstj.

Nei, sannleikurinn var sá, að hv. framsóknarmenn fengu ekki neitt slíkt frv. lögfest.

Ég vil að lokum aðeins láta þá von í ljós, að núv. hæstv. ríkisstj. beri gæfu til þess að koma nýju og *bættu skipulagi á þessi mál. Það er auðsætt, og* við þurfum ekki að deila um það, að allir flokkar á þingi hafa verið sammála um það að veita allmikið fé til atvinnu- og framleiðslubóta úti um land. Það er óþarfi að vera að vekja upp ágreining, þar sem hann er ekki fyrir hendi. Hafa allir flokkar staðið að því í ríkisstjórn og utan ríkisstjórna að veita fé í þessu skyni. Ég vænti þess vegna, að hv. framsóknarmenn muni nú geta átt samstarf við núv. stjórnarflokka um það að koma *þessu máli á traustan grundvöll.* Það er nauðsynlegt að fá löggjöf um þetta, hvernig fjár skuli aflað til þessara nauðsynlegu framkvæmda og hvernig því skuli úthlutað, hvernig það fé skuli hagnýtt, sem þegar hefur verið veitt í þessu skyni. Hingað til hefur ekkert verið endurgreitt af þessum 101 millj. kr., að því er ég veit bezt, og ég tel

ástæðulaust — og við erum vafalaust sammála um það hér hv. þm. — að gera ekki tilraun til þess einu sinni að endurkrefja eitthvað af þessu fé. Það hefur aðeins örlitill hluti af því verið veittur sem óafturkræfur styrkur. Meginhlutinn hefur verið veittur sem lán, og sem betur fer eru mörg þeirra atvinnufyrirtækja, sem hlotið hafa þann stuðning, sem í þessum lánum felst, fær um það að endurgreiða hann, og ég álít, að hv. 4. þm. Vestf. ynni miklu betra verk og mannlegra með því að taka í höndina á okkur, sem sýnum áhuga í þessu máli nú og höfum sýnt hann áður, heldur en vera enn að reyna að magna upp drauga og dellur, sem ástæðulausar eru. Við höfum fengið nóg af slíkum pólitískum draugagangi í *þjóðfélagi okkar.*

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. frsm. talaði um það, að nauðsyn bæri til að koma á reglum um úthlutun atvinnuaukningarfjár og um þær framkvæmdir, sem gerðar eru fyrir það fé. Ég er honum sammála um þetta. Það er nauðsynlegt, það er satt. En þær koma ekki með neinni þáltill. Og þar sem fram hefur komið frv. frá sumum þeirra, sem flutt hafa þessa till., fæ ég ekki skilið, hvers vegna það frv. er ekki jafnframbærilegt nú og það var þá, ef áhugi er á því að setja þessar reglur. Það er kannske til of mikils mælzt, að hv. stjórnarflokkar vilji fallast á það frv., sem liggur fyrir þinginu frá okkur framsóknarmönnum um þetta efni. Þeir geta sannarlega komið sínum brtt. við það, en þeir hafa ekki viljað það. Hitt þykir mér merkilegra, að þeir skuli ekki vilja flytja sitt eigið frv. um þetta efni, og það get ég ekki samræmt því að flytja nú þáltill.

Hv. frsm. taldi, að það væri útilokað að auka framleiðslu og jafnvægi í byggð landsins nema með viðreisnarstefnunni, þ. e. a. s. þegar hún er búin að njóta sín, eins og þeir kalla það, eða heppnast. Þeir tala oft um það, hafa þann fyrirvara: ef hún heppnast. Hefur hún ekki heppnazt? Hver hefur spillt fyrir viðreisnarstefnunni það ár, sem er að líða? Hafa ekki bæði guð og menn látið ríkisstjórnina a. m. k. í friði fram á þennan dag? Ég held það. Er þá ekki atvinnuaukning orðin mikil í landinu, *síðan hún kom til? Eða hvað þarf langur tími* að líða enn, til þess að þjóðin fái einhverja hugmynd um, hvort viðreisnin heppnast eða heppnast ekki, — eða getur hún nokkurn tíma heppnazt öðruvísi en hún er orðin nú? Er nokkurn tíma nokkurs árangurs af henni að vænta, annars en þess, sem nú er augljós allri þjóðinni? Er hún ekki komin að fullu til framkvæmda? Og ef svo er, hvar er þá atvinnuaukningin, hvar er framleiðsluaukningin, hvar er jafnvægið í byggð landsins, sem skapazt hefur þetta ár sem liðið er? Þetta er það, sem ég fæ ekki skilið. Og því get ég ekki tekið undir orð hv. frsm. um það, að viðreisnarstefnan sé nokkur grundvöllur fyrir framleiðsluaukningu í landinu. Þvert á móti, það er einmitt hún, sem hefur drepið hana alla niður og fært hlutina til baka.

Hv. frsm. talaði um, að það væru víst ekki nema 10 millj., atvinnuaukningarfé á fjárlögum núna. Jú, það er rétt. Það var drepin till. frá framsóknarmönnum um að hafa það 20 millj. En hann nefndi 4 millj. til vegagerða. Hingað til hafa stjórnarsinnar talið framlögin til vegagerða, bæði þær 4 millj. og hinar tæpar 16, sem eru á fjárlögunum. Ef hægt er að telja fé, sem lagt er til vega, kannske til brúa og hafna, sem atvinnuaukningarfé, þegar því er að skipta, þá er hægt að fá þó nokkuð háar upphæðir. En það eru bara ekki nema 10 millj. á fjárlögum eða helmingi minna en ætti að vera, ef það væri jafnt því, sem var á árum vinstri stjórnarinnar.

Hv. frsm. sagði, að það væri fyrsta skilyrðið, að atvinnuvegirnir væru á öruggum grundvelli, — það er alveg rétt hjá honum, — að framleiðslutæki séu rekin hallalaust og atvinnuvegirnir reknir á heilbrigðum grundvelli. Þetta er rétt. Eru þeir það núna, eftir eins árs viðreisn? Eru þeir nær því að vera það núna en þeir voru fyrir ári? Og hvað þarf að líða *langur tími, þangað til séð er fyrir endann á því?*

Hv. frsm. vitnar í, að framsóknarmenn hafi brugðizt einhverju 1954. Já, það var vissara að vitna í 1954, því að þá átti ég ekki sæti á þingi, svo að ég get ekki borið um það. En það er kannske einhver hér, sem hefur hugmynd um það, hvað hefur gerzt 1954 eða síðar, að það stöðvaðist frv., *sem var* að mörgu leyti merkt frv. og vel undirbúið hjá þeim hv. þm. Gísla Jónssyni og Gísla Guðmundssyni? Það er rétt, að það stöðvaðist. En ég hef ekki heyrt það fyrr, að það hafi verið framsóknarmenn, sem hafi stöðvað það. Mig minnir, að ég hafi heyrt, að hæstv. þáv. forsrh. hafi ekki verið ánægður með frv. og að það hafi af þeim ástæðum stöðvazt og það hafi á einhvern hátt verið í sambandi við togaraútgerð. Mig minnir það. (Gripið fram í.) Ætli það hafi ekki verið eitthvað minnzt á togaraútgerð í því frv.? En hitt held ég að sé rangminni hjá hv. frsm.

Nei, það eru engin spor framsóknarmanna, sem hræða í þessu máli, og ég er alveg viss um það, að hv. frsm. þessa máls veit það, að ég hef einmitt áhuga á þessu máli, og ég er ekki að tortryggja, að hann hafi það. En hann er bara háður viðreisninni, en ég ekki. Það eru engin spor, sem hræða. Atvinnuaukningarféð var helmingi meira hjá vinstri stjórninni en það er núna. Þar að auki veitti vinstri stjórnin stórkostleg lán til alls konar kaupa á framleiðslutækjum, bæði á landi og sjó, svo að milljónatugum *nam,* og greiddi fyrir framleiðslunni á margan annan hátt. Það er því allt aðra sögu að segja af þeim málum en nú. Svo þurfa þeir hv. flm. þessarar till. engin spor að láta hræða sig, því að þeir eiga þriggja ára gamalt frv. um framleiðsluaukningarsjóð, sem þeir gætu flutt, ef þeir vildu nú koma skrið á þetta mál, *og þarf enga þáltill.* til.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að ræða efnislega þessa till., sem liggur hér fyrir á þskj. 257, einkum og sér í lagi vegna þess, að það hefur verið lagt til, að henni verði vísað til allshn., hvar ég á sæti. En út af ummælum frá hv. 4. þm. Vestf. um, hverjir hafi brugðizt þessu máli á sínum tíma, þykir mér rétt að gefa réttar og sannar upplýsingar um það atriði. Ég átti þá ekki einasta sæti hér á Alþingi, heldur og í þeirri nefnd í hv. Ed., sem frv. var í, sem var fjhn. Ed.

Þetta frv. var til umr. á þinginu 1955 og afgr. um vorið 1956, rétt fyrir kosningarnar. Það fékk þá engar undirtektir hjá stjórnarandstöðuflokkunum. M. a. barðist hv. 4. landsk. þm. (HV) mjög gegn

frv. og hélt, að hann gæti drepið það með því að kalla það litlu gulu hænuna, þetta væri litlð annað en litla gula hænan fyrir þjóðfélagið. En sannleikurinn í málinu er sá, að eftir að málið hafði verið afgr. í hv. Ed. og sent hv. Nd., og þegar það var þar við síðustu umr., þá sveik Framsfl. þetta mál. Hann sveik það fyrst þannig, að hann hleypti í gegn hér í þessari hv. deild till. frá kommúnistafl., sem gereyðilagði frv., og það var ekki af því, að hann væri andvígur málinu út af fyrir sig, heldur var það af því, að þá gekk form. Framsfl. hér á biðilsbuxum um þingsalina til þess að mynda nýja ríkisstj. eftir þær kosningar, sem fram fóru vorið 1956, og voru honum sett þau skilyrði, m. a. af hv. 4. landsk. þm., að þetta mál yrði stöðvað, ef tala ætti yfirleitt um samstarf eftir kosningarnar til að mynda ríkisstj. Þetta er sannleikurinn í málinu. Eysteinn Jónsson, hv. 1. þm. Austf., tjáði hins vegar okkur stjórnarsinnum þá, að hann gæti ekki undir neinum kringumstæðum fellt sig við að samþykkja þá eðlilegu skipun á stjórn sjóðsins, að fimm manna nefnd yrði kosin á Alþingi, af því að þá fengi hv. samþingismaður hans, sem nú er orðinn hálfbróðir hans að skoðun, Lúðvík Jósefsson, sjálfsagt þar aðstöðu, og það gæti hann ekki fellt sig við, sízt af öllu fyrir kosningar þær, sem fram undan væru. Hann mundi hafa þar of mikið vald, sem hann mundi geta beitt í kosningunum, tryggt með því kosningu sína á Austurlandi. En það var andstætt því, er hv. 1. þm. Austf. vildi, sem þá vildi halda áfram samstarfi við sjálfstæðismenn um stjórnarmyndun í landinu. Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, lýsti því alveg ákveðið yfir á fundi í Bjarkalundi vorið 1956, að þetta frv. yrði aftur flutt af framsóknarmönnum og þeir mundu beita sér fyrir því, að það yrði gert að lögum, ef þeir yrðu í stjórn eftir kosningar. En allt þetta var svikið. Og þetta veit hv. 4. þm. Vestf. vel. Það hefur svo oft verið rætt um það á fundum í Barðastrandarsýslu með þessum hv. þm., þar sem hann hefur reynt að bera af sér og flokknum þennan blett. Hann skýrir því ekki rétt frá, er hann segir, að hann viti ekkert um þessi mál. Hann er bara ekki maður til þess að viðurkenna sannleikann í málinu. Það er allt og sumt. En þetta eru staðreyndirnar um afdrif þessa máls.

Þegar á svo að fara að semja um þetta við vinstri stjórnina, rís Alþb. upp gegn málinu, kannske einnig að einhverju leyti Alþfl., og þess vegna kemur það aldrei á dagskrá, meðan vinstri stjórnin er við völd. En undireins og hún er farin frá, þýtur Framsfl. til og ber fram frv., gerir það að sínu máli á öllum framboðsfundum, m. a. í útvarpsumræðunum á Ísafirði, sem hv. 4. þm. Vestf. tók þátt í, og þar var hann allur af vilja gerður og harmaði það mjög, að málið hefði ekki náð fram að ganga, og gleymdi, að flokkur hans átti alla sökina á því, að málið náði ekki fram að ganga, þegar það var hér til meðferðar vorið 1956.

Þetta þótti mér rétt að láta koma fram í málinu, úr því að farið var að tala um, hver ætti sök á því, að málið hefði ekki náð fram að ganga. Um efni málsins sjálfs mun ég geyma mér að ræða, þar til það kemur aftur úr allshn., sem ég vænti að verði mjög bráðlega.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. hefur kvatt sér hér hljóðs til þess að leitast við að sanna einhver svik á Framsfl., og þ. á m. komst hann að þeirri niðurstöðu, að ég hefði svikið á vorþinginu 1956, en ég var fyrst kosinn á þing sumarið 1956. Þetta kalla ég vel að verið í málflutningi af manni, sem kominn er á áttræðisaldur.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur, þegar umr. þessa máls hófst, af því að ég þurfti að vera á öðrum fundi hér í þinghúsinu. En ég heyri það af því, sem hér hefur verið sagt, síðan ég kom á fundinn, að umr. hafa snúizt eitthvað um meðferð frv. á Alþingi árið 1956, sem var frv. um, — ég man nú ekki gerla, hvernig heiti málsins var, en það var frv. um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem samið var af svokallaðri jafnvægisnefnd, sem við hv. 1. þm. Vestf. vorum í. Við sömdum þetta frv., og það var síðan lagt fyrir þingið af þáv. hæstv. ríkisstj. Ég held nú reyndar, að það snerti ekki mikið þetta mál, sem hér liggur fyrir, að vera að deila um meðferð þess máls á Alþingi árið 1956, en ef ég man rétt, þá bar það mál þannig að, að frv. var til meðferðar hér í hv. Nd. og þá voru bornar fram við frv. brtt., sem m. a. fólu í sér heimild til ríkisstj. til skipakaupa til atvinnuaukningar. Þessar tillögur voru samþ. og frv. þannig nokkuð breytt í meðferð d. Þá ætla ég, að það hafi gerzt í málinu, að hæstv. forsrh. þáv., sem stóð að frv. fyrir hönd ríkisstj. og hafði upphaflega mælt fyrir því, hætti að fylgja málinu fram, taldi, að frv. hefði breytzt svo mikið, að hann væri ekki reiðubúinn til þess á þeirri stundu. Þá var komið undir þinglok, og þannig dagaði málið uppi. Þetta held ég að sé það rétta um málið, eins og það liggur fyrir hér í skjölum þingsins og í Alþingistíðindum. Ekki meira um það. Ég skal ekki leggja neitt út af þessu. Þetta hygg ég að hafi verið meðferð málsins, og á þessu stigi málsins ætla ég ekki að deila á einn eða neinn fyrir það, að frv. dagaði uppi, þegar meðferð þess var orðin á þá leið, sem nú hefur verið sagt. Ég ætla, að þáv. hæstv. forsrh., sem einnig nú er forsrh., minnist þessa eða a. m. k. geti sannfært sig um, að hér er rétt frá skýrt.

En í sambandi við þessa till., sem hér liggur fyrir um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægis í byggð landsins, vil ég segja það, að ég veit ekki, hvað fyrir hv. flm. vakir, sem að þessari till. standa. Mér sýnist hún koma fram hér sem eins konar dagskrá við frv., sem nú liggur fyrir í Ed. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Hins vegar er það dálitið óvenjulegt, að dagskrá sé flutt í Sþ. við frv., sem hefur verið flutt í deild. En mér sýnist, að samþykkt þessarar till. í Sþ. gæti, ef hún yrði samþ., verið túlkuð sem dagskrá við þetta frv., og þá væri með því að samþykkja þessa till. verið að vikja því frv. frá frekari meðferð þingsins. Það teldi ég mjög illa farið. Hitt finnst mér að væri viðkunnanlegra, að hv. Ed. gengi að því að afgreiða það frv., sem nú liggur fyrir um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það frv. er nú flutt í annað sinn. Það var flutt í hv. Ed. í fyrra

og aftur nú, og frv., sem fór nokkuð í sömu átt, var áður flutt á þingi af nokkrum hv. þm. úr Sjálfstfl. Þetta mál sýnist því í raun og veru orðið það mikið undirbúið og það mikið hugsað meðal þm., að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu, að hv. Ed. gæti afgreitt frv. nú á þessu þingi á einhvern hátt. Á þetta vildi ég leyfa mér að benda, sérstaklega þeim hv. þm. úr Ed., sem nú sitja hér fund Sþ., að það er í raun og veru þeirra að afgreiða þetta jafnvægismál og stofnun framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs á jákvæðan hátt, ef menn vilja ekki fara að draga það von úr viti að gera það.

Þessari till. verður nú sjálfsagt vísað til n. Ég heyrði ekki, hvað flm. lagði til um það, til hvaða n. henni yrði vísað. (Gripið fram í.) Það er til allshn. Það vill nú svo til, að ég á sæti í þeirri nefnd, allshn. Sþ., og ég get þá líka geymt að ræða till. frekar, en vildi ekki láta hjá líða nú þegar að benda á þetta, sem ég nú hef sagt um það samband, sem mér sýnist vera, hvort sem það er fyrirhugað af flm. eða ekki, milli frv. í Ed. og þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir nú gott að eiga orðastað við hv. 3. þm. Norðurl. e. bæði um þessi mál og önnur, því að í okkar viðskiptum hér á Alþ. hef ég aldrei mætt neinni ósanngirni, og mér þótti enn fremur vænt um, að hann einmitt viðurkenndi, að ég hefði farið hér með rétt mál. Hann sagði, að frv. hefði verið breytt hér í Nd. og síðan hefði ekki hæstv. þáv. forsrh. viljað taka við málinu með þeim breyt., og með því að komið hefði verið að þinglokum, hefði frv. dagað uppi. Þetta er hárrétt. En hverjir stóðu að breyt., sem gerð var í Nd. til þess að láta málið daga uppi? Vill hv. þm. fletta upp í þskj. og sjá, hverjir það voru, sem studdu þær tillögur, sem þá voru settar fram, til þess að málið næði ekki fram að ganga í þinglokin? Það voru framsóknarmenn og engir aðrir en framsóknarmenn. Og það var þannig, sem þeir brugðust í málinu. Ef þeir hefðu haldið fast við samningana um, að málið ætti að ná fram að ganga óbreytt, eins og búið var að semja um, þá hefðu þeir aldrei stutt tillögu skemmdarvarganna, sem fluttu hana beinlínis í þágu formanns Framsfl., til þess að ná möguleikum á vinstri samvinnu eftir kosningarnar, eins og einnig varð. Þetta er sannleikurinn í málinu. Hins vegar hefur ekki Framsfl. haft neitt afl til þess síðan að rétta hlut sveitanna í þessu máli. Hann gat ekki rétt hlut sveitanna í þessu máli, á meðan hann var í vinstri stjórninni, því að það var sett að skilyrði frá þeim mönnum, sem kölluðu frv. „litlu gulu hænuna", að þessi réttur væri aldrei gefinn bændunum í landinu eða þeim öðrum, sem byggju í dreifbýlinu. Það var beinlínis sett að skilyrði, og þess vegna höfðu þeir aldrei vald til þess að geta komið málinu fram.

Hitt atriðið, að það sé eðlilegri háttur að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir í Ed., er að sumu leyti alveg rétt, ef hægt er að ná samkomulagi um málið, eins og það liggur fyrir nú. En það hefur ekki tekizt í Ed. enn. Ég skal ekkert segja um, hvernig það yrði hér. En í sambandi við það vildi ég gjarnan spyrja hv. 3. þm. Norðurl. e.: Hvers vegna báru ekki hv. flm., sem standa að frv. í Ed., það fram eins og Framsfl. gekk frá því í Nd. 1956? Er það ekki sönnun fyrir því, að það sé rétt, sem ég er að segja? Það var ekki gert að ástæðulausu hjá þeim framsóknarmönnum að skemma þetta mál. Þeir áttu um það að velja að sveifa málið eða að glata því tækifæri að mynda vinstri stjórn, og það varð þyngra á metaskálunum, að Framsfl. skyldi mynda þá stjórn, sem bakaði þjóðinni það böl og þá erfiðleika, sem núverandi stjórn er að glíma við til þess að geta rétt við fjárhag þjóðarinnar. Þeim framsóknarmönnum, sem stóðu að því máli, þótti það heppilegra en láta dreifbýlið ná sínum rétti í sambandi við jafnvægi í byggð landsins.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Mér er ljúft að taka undir það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði um samstarf okkar. Það var mjög gott í þeirri n., sem fjallaði um jafnvægismálin á sínum tíma, og ég minnist þess með ánægju. En ég held, að hv. þm. hafi nú kannske látið helzt til mikið um mælt í þessum umr., sem hér hafa farið fram, og kannske skilið meðferð þessa máls nokkuð á annan hátt en eðlilegast væri, a. m. k. frá mínu sjónarmiði. Ég vil taka það fram og benda á, að í sambandi við frv. okkar frá 1956 er varla ástæða til að tala um, að þar sé sérstaklega verið að rétta hlut sveitanna. Ég mundi fremur orða það á þann hátt, að þar væri verið að rétta hlut dreifbýlisins í sveit og við sjó og þeirrar framleiðslu, sem er sérstaklega mikil í dreifbýlinu, og engu síður framleiðslunnar við sjávarsíðuna en framleiðslunnar í sveitunum og væri jafnt á komið þar.

Um það frv., sem við stóðum að 1956, er það að segja, að það miðaði í þessa átt. En auðvitað verðum við að viðurkenna, að það frv., sem nú liggur fyrir í hv. Ed. og lá fyrir í fyrra, gengur töluvert miklu lengra í þessum stuðningi en okkar frv. gerði á sínum tíma. Við gerðum ráð fyrir, að varið yrði til atvinnuaukningarsjóðsins 5 millj. kr., en hér er gert ráð fyrir allmiklu hærri upphæð. Að vísu hefur verðlag hækkað síðan, en samt er hér raunverulega um allmiklu meira framlag að ræða. Síðan eru liðin nokkur ár, og á þeim tíma gerðist það, að atvinnuaukningarféð var aukið mjög verulega, og sú skoðun vann fylgi hér á Alþingi, að það væri réttmætt að auka þessi atvinnuaukningarframlög. Það veldur því að sjálfsögðu, að nú hafa menn verið við því búnir að fara fram á hærri upphæðir í þessu sambandi en við gerðum.

Ég held, að hv. 1. þm. Vestf., þó að hann að sjálfsögðu vilji líta rétt á þetta mál, — það þykist ég vita, — að þá hljóti hann að hafa misskilið það, sem gerðist á þinginu 1956, og það kom reyndar fram í síðari ræðu hans. Mér heyrðist hann segja það áðan, að framsóknarmenn hefðu lagzt á móti frv., — sem þeir nú ekki gerðu, því að þeir greiddu aldrei atkv. á móti þessu frv. 1956, — til þess að klekkja á Alþb.-mönnum. En það, sem gerðist í þinginu, var það, að þar var samþ. tillaga frá Alþb.-mönnum, að vísu með atkv. framsóknarmanna, og það fer ekki vel saman við það, að þar hafi verið unnið að því að klekkja á Alþb.-mönnum. Hér var sem sagt að mínu áliti ekki um nein svik að ræða, heldur var bara um það að ræða, að mál breyttist í meðferð. Stjórnarfrv. breyttist í meðferð Alþingis undir þinglok, og þegar að því kom, þá mat hæstv.

forsrh. þáv. breytingarnar á þá leið, að hann kærði sig ekki um að fylgja frv. fram, og þar af leiðandi dagaði það uppi. Ég fyrir mitt leyti tel, að þessar breyt., sem samþykktar voru á frv., hafi verið til bóta og það hafi ekki verið beint ástæða til þess að láta það stranda af þessum sökum. En eins og ég sagði, þá var þarna liðið að þinglokum, og hæstv. forsrh. hefur e. t. v. ekki unnizt tími til þess að átta sig á þeim breyt., sem þarna var um að ræða. En á þennan hátt dagaði málið uppi. Ég held, að það liggi ekkert fyrir í gerðum þingsins eða þingtíðindum um það, að þar hafi verið um nein svik að ræða af neins hálfu, og mér dettur ekki í hug að halda því fram um hæstv. forsrh., að hann hafi framið þar nein svik, þó að hann hafi hætt við að fylgja málinu fram þarna undir þinglokin og það þar af leiðandi dagað uppi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. dró nafn mitt inn í þessar umr. hér áðan, og ég vil vænta þess, að mér leyfist að segja örfá orð um þessa litlu og frekar lítilsverðu till. um hið stóra mál, sem oft ber á góma, jafnvægi í byggð landsins.

Ég get ekki annað en látið það í ljós, að ég er sammála hv. 4. þm. Vestf. (SE), sem ræddi um þetta mál hér áðan og sagði, að hann kæmi því illa heim og saman, þegar þeir menn, sem stæðu að núv. stjórnarstefnu, viðreisninni, sem m. a. miðar mjög að því að draga fjármagn úr byggðum landsins, safna því í frystihús Seðlabankans í Reykjavík og draga það utan af landsbyggðinni, koma svo með þáltill. um, að það skuli gera gagnráðstafanir til þess að flytja fjármagn út í landsbyggðina aftur. Að vísu má segja, að þetta geti verið afleiðing af því, að þeir sjái, að til ógæfu stefnir með þessa fjárdráttarstefnu utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur og að það þurfi að borga skaðabætur, — veiti ekkert af því, — og ég tek þetta þannig, það þurfi að bæta fólkinu það, að t. d. fé er dregið úr sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga úti um landið og fryst hér í Seðlabankanum. Ég kalla það þess vegna frystihús Seðlabankans. Og ef þetta er réttur skilningur minn, þá er ég sammála því, að það þurfi að gera gagnráðstafanir gegn þessari stefnu, og þykir gott að fá þar til liðs nokkra menn úr stjórnarliðinu.

Hins vegar er það svo, að það er líka erfitt að draga af því jákvæða ályktun, þegar maður sér, að alþm., sem áður hafa borið fram frv. til laga um jafnvægi í byggð landsins, standa nú tveim fótum í jötu stjórnarliðsins, hafa þannig hina ákjósanlegustu aðstöðu til að koma sínum fyrri áhugamálum fram, þeim sem þeir hefðu heilastan og mestan áhuga á að koma fram, en láta það vera. Þegar þeir hafa aðstöðu til þess og koma með ómerkilega þáltill. í staðinn, en láta frumvörpin um sín gömlu áhugamál og hugsjónir liggja, hvarflar að mönnum, að þeim hafi ekki verið mikil alvara, ellegar þá, að eitthvað hefur breytzt, og það gæti verið, að áhuginn hefði breytzt og væri nú þeim mun minni, sem þáltill. er minni háttar þingplagg en frv. til laga og tryggir minna.

Ég skal ekki drótta neinu að þeim um það, þessum ágætu þm., að áhugi þeirra hafi breytzt í málinu. Svo mikið er víst, að áður fluttu þeir um þetta frv., nú láta þeir sér nægja að flytja um það þáltill.

Þegar þetta hafði gerzt, að um þetta hafði verið rætt hér um stund, reis upp hv. 1. þm. Vestf. og greip nú til þess, hvað hann er stálminnugur, og mundi þá eftir því, að hann hafði flutt frv. um jafnvægi í byggð landsins og það frv. var, að sögn höfundarins sjálfs, mjög vel undirbúið, enda hafði það verið unnið í millíþinganefnd, og hann mundi það enn eftir mörg ár, að þingmenn höfðu ekki tekið það frv. meira en svo alvarlega. Það er alveg rétt hjá honum. Þá var atvinnuleysi í landinu, og það var stórt vandamál, atvinnuleysið. Þá kom fram frv. um að verja, — það hafa líklega verið um 5 millj. kr., til þess að bæta úr þessu. Það hefði þó þurft 50 millj., ef það hefði verið nokkur alvara í því, þá var atvinnuleysið svo geigvænlegt. Þegar þetta frv. kom fram, stjórnarfrv. held ég, undirbúið af milliþn., átti að verja 5 millj. til þess að skapa jafnvægi í byggð landsins, þá brostu þingmenn í kampinn, og þeir höfðu um það ýmis spaugileg ummæli, m. a. þessi, sem voru höfð eftir mér, að ég kallaði þetta frv. litlu gulu hænuna, bara til þess að draga dár að því. Það átti ekki annað skilið. Þarna var stóru vandamáli mætt með svo smárri fjárupphæð, að það var sýnilega ekki gert í alvöru. Ég geri ekki ráð fyrir því, að þetta köpuryrði hafi dugað til þess að drepa frv. Þá hefur a. m. k. verið veikur lífsneisti þessa frv. upphaflega, ef þetta, að það var kallað litla gula hænan, hefur drepið það. En mér liggur við að halda, að hv. höfundur og flm., 1. þm. Vestf., líti svo á, að þetta hafi orðið banabiti frv., úr því að hann minnist þessara orða núna eftir mörg, mörg ár.

En ef frv. hefði ekki fengið dánarvottorð, þegar það fór upp fyrir þarna, þá væri ekki til neins að leiða getum að því nú, hvort það dó af þessu eða einhverju öðru. En réttilega hefur það verið upplýst, að frv. varð ekki að lögum í þetta sinn, og það var af því, að Alþingi vildi stækka frv., það kom fram þingvilji fyrir því að stækka frv., svo að það væri í meira samræmi við það stóra mál, sem það átti að leysa. Það var samþ. á Alþ. till. um, að það skyldi dreift nokkrum atvinnutækjum út um landið, og það var það, sem þurfti. Það var það, sem þurfti, ef það vakti fyrir mönnum að tryggja jafnvægi í byggð landsins. Það var samþykkt, eins og hér var sagt áðan, tillaga um, að það skyldu fest kaup á nokkrum togskipum og þeim dreift út um landið til þess að styrkja atvinnugrundvöllinn þar. Þá var frv. orðið alvörumál. Þá var það ekki nein lítil gul hæna lengur. En hvað gerðist þá? Þetta, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan. Þá missti hæstv. forsrh. allan móð, allt fylgi brast í stjórnarherbúðunum við frv., og það var látið lognast út af, deyja. Það er rangt, að þessi brtt. hafi verið frá kommúnistum, úr Alþb. Alþb. var þá ekki til. Það var stofnað síðar á árinu 1956. Þessi till. var frá Alþfl.-mönnum, og ef einhverjir eru svikarar í þessu máli, þá eru það þeir. Ef þeir hafa með því að gefa því þetta innihald, að bera fram till. um atvinnutæki úti um landið og fá hana samþykkta, ef það er að svíkja mikið að gera það, þá eru það Alþýðuflokksmenn. Ég var þá Alþýðuflokksmaður og einn af þeim mönn-

um, sem höfðu í mörg ár borið fram till. um togara til atvinnujöfnunar í landinu, og það var í raun og veru meginefni þess ákvæðis, sem var samþ. inn í frv. um litlu gulu hænuna og varð hennar banabiti, eftir því sem menn nú segja. Þá var orðið of mikið innihald í frv., svo að stjórnarliðinu þáv. ofbauð og lét ekki frv. fara lengra.

En úr því að við erum með þessi gamanmál, langar mig til þess að segja, að það var fleira skemmtilegt sagt um litlu gulu hænuna. Það var t. d. sagt alveg réttilega, að frv. væri samið af tveimur mönnum, annar væri gáfaður, en hinn væri duglegur. Og þannig leizt mönnum á frv., að það gæti ekki verið, að það væri samið af þeim gáfaða, það væri áreiðanlegt, að þetta frv. hefði verið samið af þeim duglega, og það heyrði ég núna í þessum umr. í dag.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 28. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 257, n. 591 og 625).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. allshn. hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, og hefur meiri hl. lagt til á þskj. 591, að þáltill. verði samþ. með nokkurri breytingu, að tillgr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins, m. a. með stofnun jafnvægissjóðs, ásamt ákvæðum um framlög í því skyni og úthlutun þess fjár. Skal tilgangur þessarar löggjafar fyrst og fremst vera sá að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu.“

Minni hl., þeir Gísli Guðmundsson, Jón Kjartansson, Hannibal Valdimarsson, hefur gefið út sérstakt álit, og munu þeir að sjálfsögðu mæla fyrir sinni tillögu, en þegar hún er athuguð, verður ekki sýnilegt, að það sé raunverulega nein efnisbreyting eða mismunur á till. annar en sá, að þeir óska að gera sína till. nokkru pólitískari en gert er á þskj. 591, enda var hæstv. forseti í svo miklum vafa um, hvora till. ætti að bera upp fyrr, að hann tók málið út af dagskrá af þeim ástæðum alveg sérstaklega, því að hann gat ekki þá á þeirri stundu séð, að ein till. gengi lengra en önnur.

Það væri að sjálfsögðu hægt að segja margt um þetta mál, en vegna þess að tími þingsins er nú að verða á enda, skal ég ekki lengja umr. um málið. Það er mönnum mjög kunnugt, hversu mikil þörf það er að setja sérstaka löggjöf um jafnvægi í byggð landsins, og ég vænti þess, að allir hv. þm. geti fallizt á, að till. verði afgreidd eins og meiri hl. leggur til, og að hæstv. ríkisstj. þá láti framkvæma till. á þann hátt að undirbúa löggjöf um þetta efni og leggja fyrir næsta Alþingi.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég verð víst að byrja á því að leiðrétta það, sem stendur á þskj. 591, að hv. 1. þm. Vestf. sé frsm. meiri hl. n., því að eins og menn geta séð á þskj., þá skrifa þrír nm. undir hvort álit. Þetta stafar þó ekki af því, að þeir, sem gengu frá þessum þskj., hafi ekki viljað skýra rétt frá, heldur stendur það í sambandi við það, að ekki voru allir mættir á nefndarfundi þeim, sem tók ákvörðun um afgreiðslu þessa máls, og mun hafa verið á það gizkað, að meiri hl. stæði að öðru nál. og minni hl. að hinu. En eins og sakir standa, þá er það nú svo, að hér er ekki um meiri hl. eða minni hl. að ræða, heldur jafnstóra nefndarhluta, sem að þessum nál. standa.

Tillaga sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 257, er flutt af 7 hv. þm. úr báðum d. þingsins, og var fyrsti flm. till. hv. 1. þm. Vestf., sá er þá átti sæti á Alþingi, Sigurður Bjarnason.

Afgreiðslan hefur orðið sú í hv. allshn., að hvorugur nefndarhlutinn hefur fallizt á till. óbreytta, eins og hún lá fyrir. En við, sem stöndum að álitinu á þskj. 625, þ. e. a. s. hv. 5. þm. Norðurl. v., Jón Kjartansson, hv. 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, og ég, viljum gera orðalag till. töluvert ákveðnara en það var og heldur en það er í brtt. þess nefndarhluta, sem stendur að álitinu á þskj. 591.

Ég get að vísu sagt það, að ég tel, að brtt. sú, sem fram er lögð á þskj. 591, geri orðalag till. nokkru ákveðnara en það var í öndverðu og sé að því leyti til bóta. En samt sem áður virðist mér till., sem þar liggur fyrir, allt of óljós, til þess að ég telji verulegan ávinning að því að afgreiða hana.

Við, sem gefið höfum út nál. á þskj. 625, leggjum til, að tillgr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem í meginatriðum verði sniðið eftir frv. því, er nú liggur fyrir Ed. á þskj. 65.“

Við athugun á þessu máli og þessum till. geri ég ráð fyrir, — segi það að gefnu tilefni, — að enginn þurfi að vera í neinum vafa um það, að brtt. á þskj. 625 er miklu ákveðnari en till. á þskj. 591 og segir ýtarlegar fyrir um það, hvernig þeim undirbúningi skuli hagað og þeim tillögum, sem gert er ráð fyrir að fela hæstv. ríkisstj. að gera. Í till. okkar er vísað í ákveðið þskj., ákveðið frv., sem flutt hefur verið á Alþ. og fyrir liggur, og lagt til, að væntanlegt frv. ríkisstj., sem flutt er að hennar tilhlutun, verði í meginatriðum sniðið eftir því frv. Það er sem sagt nokkru ýtarlegar sagt fyrir um það, hver eigi að vera meginatriðin í því væntanlega frv. En úr því að vitnað er í ákveðið þskj. í brtt., þykir mér rétt að víkja nokkrum orðum að þessu þskj., sem vitnað er til í brtt. okkar, þskj. 65.

Þetta þskj. 65 á þessu þingi, sem er eitt af fyrstu málum þingsins, er frv. til l. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það var flutt á öndverðu þingi af 6 hv. þm. í Ed., og var fyrsti flm. þessa máls hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson. Það er ekki í fyrsta sinn, sem þetta frv. er flutt, því að það var einnig flutt í hv. Ed. á síð-

asta þingi. Má segja, að þar sé um sama frv. að ræða. Í þessu frv., sem ég nú nefndi, er m. a. kveðið á um, að stofnaður skuli framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóður og árlegt framlag til hans 20 millj. kr. Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir, að úr sjóðnum verði veitt lán til að kaupa eða koma upp atvinnutækjum eða aðstöðu til hvers konar framleiðslu- og atvinnuaukningar, sem til þess eru fallin að efla atvinnulífið í landinu og stuðla að jafnvægi í byggð landsins, að lánin verði veitt sveitarfélögum, samvinnu- og hlutafélögum og einstaklingum og þá fyrst og fremst í þeim landshlutum, sem verst eru á vegi staddir í atvinnumálum, enn fremur að leitað verði umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar, áður en lán er veitt félagi eða einstaklingi. Í frv. er gert ráð fyrir, að skipuð verði sérstök stjórn fyrir framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og að hún geti haft með höndum að gera árlega skýrslu um atvinnuástand og aðstöðu til atvinnurekstrar í einstökum byggðarlögum, eftir því sem ástæða þykir til, og tillögur og áætlanir um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og að lán úr sjóðnum verði veitt með hliðsjón af slíkum tillögum. Í frv. eru ýmis ákvæði, sem ég rek ekki hér, en miða að því að styrkja starfsemi sjóðsins. Þar er gert ráð fyrir því, að Framkvæmdabanki Íslands annist dagleg afgreiðslustörf og reikningshald fyrir sjóðinn eftir nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar.

Hér hef ég rakið meginatriði þessa frv. á þskj. 65, sem flutt er að tilhlutan Framsfl. og nú liggur fyrir hv. Ed. Í þessu frv. er gert ráð fyrir stofnun sérstaks sjóðs, framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs, sem ég nefndi áðan, og í því sambandi sérstakri sjóðsstjórn, og þar er jafnframt, eins og fram kemur í því, sem ég gat um hér áðan, gert ráð fyrir, að þessi sjóðsstjórn verði eins konar áætlunarnefnd, sem starfi stöðugt og hafi með höndum að fylgjast með atvinnulífinu í einstökum landshlutum eða í einstökum byggðarlögum, eftir því sem það er orðað, og að hún geri sínar áætlanir með tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það er sem sagt tvenns konar starfsemi jafnhliða, sem þarna er gert ráð fyrir: lánastofnunin, framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðurinn, og áætlunarstarfsemin, sem hvort tveggja á að vera í höndum sömu stjórnar eða nefndar. Þarna er gerð tilraun til þess að leggja grundvöll að áframhaldandi starfsemi, en ekki tímabundinni, sem miði að því að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Eins og ég sagði áðan, var þetta frv. flutt á síðasta Alþ. og þá einnig í hv. Ed., en það hlaut enga afgreiðslu á því þingi. Snemma á þessu þingi var það svo flutt í annað sinn, eins og ég hef áður sagt. Það er eitt af fyrstu þingmálunum, og því var snemma á þingi vísað til nefndar, en þar hefur það enn enga afgreiðslu hlotið. Hins vegar gerðist það, nokkru eftir að frv. var lagt fram í Ed., að sjö hv. þm., sem ég nefndi áðan og allir eru úr hv. Sjálfstfl., lögðu fram þessa till. til þál., sem hér liggur fyrir. Um það væri frá sjónarmiði þeirra, sem vilja stuðla að jafnvægi í byggð landsins, auðvitað ekki nema gott að segja, að slík tillaga skyldi vera lögð fram. Það gat heitið virðingarverð tilraun, þótt till. væri næsta óákveðin, ef það mál, sem ég nefndi áðan, hefði ekki áður legið fyrir þinginu. En þegar á það er litið, að það mál var á öndverðu þingi lagt fyrir og hafði verið lagt fyrir á næsta þingi á undan, á því þingi enga afgreiðslu hlotið og ekki heldur nú, þá er auðvitað auðsætt, hvað hér er á ferðinni. Venjuleg aðferð er sú, þegar þingmenn eða ríkisstj. vilja ekki samþykkja mál, en telja þó ekki beint ástæðu til þess að leggja til, að það verði felt, að þá er lögð fram svohljóðuð dagskrártillaga um málið, hvort sem þar er um að ræða frv. eða þáltill., á þeim vettvangi, sem málið hefur verið flutt á, í annarri hvorri d. eða Sþ., — dagskrártill. um málið sjálft, sem felur það í sér, að það verði ekki afgreitt á því þingi, og stundum eru gefnar einhverjar bendingar, sem sýna vilja þingsins í sambandi við einhver atriði, og lagt til, að tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá. Slík dagskrá hefur ekki verið borin fram við frv. í Ed. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Málið hefur enga afgreiðslu hlotið og ekki komið fram tillögur um afgreiðslu, en hins vegar er þessi aðferð valin, að leggja fram till. til þál. í Sþ., sem í raun og veru þýðir alveg það sama og borin hefði verið fram dagskrártillaga í Ed., sem hljóðaði eitthvað á þá leið, að í trausti þess, að ríkisstj. léti fara fram þessa og þessa athugun, tæki d. fyrir næsta mál á dagskrá. Í byrjun umr. um þessa till. í Sþ. vakti ég athygli á þessu og þeirri aðferð, sem hér væri viðhöfð. Ég veit ekki, hvort það hefur verið vegna þess eða af öðrum ástæðum, að eftir það var till. ekki tekin til afgreiðslu lengi vel og hefur legið alllengi í hv. allshn. Ef komið hefði til afgreiðslu á málinu fyrr í hv. allshn., mundi ég hafa lagt til fyrir mitt leyti, að þessi till. yrði afgr. með rökst. dagskrá í trausti þess, að frv., sem lægi fyrir Ed., um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, yrði samþykkt á þinginu. En þar sem nú er liðið að þinglokum og nærri má fara um það, að þetta mál, sem enn er í n. í fyrri deild og sætir þeirri aðbúð af hálfu meiri hl. hér í þingi, sem þetta mál hefur sætt, muni ekki verða afgreitt sem lög, þá hef ég heldur kosið og við, sem stöndum að nál. á þskj. 625, að leggja til, að þessi till. frá hv. sjálfstæðismönnum verði samþykkt, enda verði þá orðalag hennar á þá leið, að nokkurn veginn skiljist, hvað við er átt. Sýndist okkur þá einsætt að vísa til frv. í Ed., sem ég hef áður nefnt, og með tilvísun til þess getum við á það fallizt, að till. verði samþykkt, enda verði henni breytt á þá leið, sem segir í brtt. okkar á þskj. 625.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Sþ., 29. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 625 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IG, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, HB, ÁB, BjörnJ, JKf, EðS, EOl, VH, FRV.

nei: GíslJ, GuðlG, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, DÓ, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, JKs, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, FS.

2 þm. (JPálm, BFB) fjarstaddir.

Brtt. 591 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 707).

31. Læknaskortur.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um ráðstafanir vegna læknaskorts [160. mál] (A. 279).

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. og 39. fundi í Sþ., 8. og 15. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 4 öðrum hv. þm. að flytja till. um ráðstafanir vegna læknaskorts, á þá lund, að Alþ. skori á ríkisstj. að gera í samráði við landlækni hverjar þær ráðstafanir, sem mögulegar séu, til þess að útvega lækna í þau læknishéruð landsins, sem nú eru læknislaus, og stuðla að því með öðrum hætti að bæta úr því öryggisleysi, sem fólk þessara héraða á við að búa í heilbrigðismálum. M. a. verði athugaðir möguleikar á að koma upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, sem gegni jafnframt störfum héraðslæknis.

Læknisþjónusta er meðal menningarþjóða talin með frumstæðustu lífsþægindum. Það er talið, að allir borgarar slíkra þjóðfélaga eigi kröfu til þess að njóta slíkrar þjónustu. Þótt við Íslendingar álítum okkur standa framarlega á sviði félagsmála og viljum tryggja fullkomið félagslegt öryggi í landi okkar, brestur þó mjög á það, að allir landsmenn njóti þess öryggis, sem góð læknisþjónusta veitir. Í heilum héruðum er nú svo komið, að þar fást ekki læknar og fólk verður að sækja um torsótta óravegu til þess að komast á læknisfund. Því miður fara þessir erfiðleikar vaxandi.

Þessi héruð eru nú samkv. upplýsingum landlæknisskrifstofunnar læknislaus: Árneslæknishérað í Strandasýslu, Flateyjarlæknishérað í Barðastrandarsýslu, Reykhólalæknishérað í Barðastrandarsýslu, Súðavíkurlæknishérað í Norður-Ísafjarðarsýslu, Kópaskerslæknishérað í Norður-Þingeyjarsýslu, Bakkagerðislæknishérað í Norður-Múlasýslu. — Þegar þessi till. var flutt, leit einnig út fyrir, að sjöunda læknishéraðið, þ. e. a. s. Vopnafjarðarlæknishérað í Norður-Múlasýslu, væri að missa lækni sinn, en maður mun nú hafa fengizt þangað til bráðabirgða. Enn fremur er nokkur von um það, að læknir kunni að fást í Súðavíkurlæknishérað í Norður-Ísafjarðarsýslu, þó með því skilyrði, að hann sitji ekki á hinu lögboðna læknissetri, heldur á Ísafirði. Auk þessara héraða, sem ýmist eru með öllu læknislaus eða eiga einhverja von í því að fá lækni, voru a. m. k. 3 önnur læknishéruð óveitt, vegna þess að enginn læknir hafði fengizt til þess að sækja um þau. Þau héruð eru Hofsóslæknishérað í Skagafjarðarsýslu, Siglufjarðarlæknishérað og Hólmavíkurlæknishérað í Strandasýslu, en þessum héruðum mun hafa verið ráðstafað til bráðabirgða. En það ætla ég, að menn sjái, hversu ástandið er alvarlegt orðið í þessum efnum, þegar læknar fást ekki einu sinni til þess að sækja um héraðslæknisembætti í kaupstað eins og Siglufirði.

Hér er um mikið og vandmeðfarið vandamál að ræða. Mér er kunnugt um það og okkur flm. öðrum, að bæði hæstv. heilbrmrh. og landlæknir hafa mikinn áhuga á því að ráða fram úr þessu vandamáli og hafa reynt ýmislegt í því skyni. En árangur hefur sáralítill orðið. Læknisleysið hefur í för með sér slíkt öryggisleysi í þeim héruðum, sem við það búa, að það er varla hægt að gera ráð *fyrir því*, að *fólk uni búsetu til lengdar á* þeim stöðum á landinu, þar sem ekki næst til læknis. Það má aðeins nefna eitt eða tvö dæmi um það, hvernig ástandið er í þessum efnum nú. Fyrir nokkrum vikum eða tiltölulega fáum dögum beinbrotnar drengur norður á nyrzta bænum í Strandasýslu. Það var haft samband við lækni á Siglufirði um þetta slys, þvert yfir Húnaflóa. Það var ekki hægt að ná á læknisfund með þennan litla sjúkling fyrr en eftir tæpa tvo sólarhringa og þá eftir að vera búið að flytja sjúklinginn á sjó um tveggja til þriggja klukkutíma ferð um opið úthaf og síðan með flugvél til Akureyrar. Þá má einnig benda á það, hversu mikið gagn muni vera að læknisþjónustu, sem fólgin er í því, að fólk við norðanverðan Breiðafjörð út um eyjar og yfir í Barðastrandarsýslu skuli ýmist eiga að sækja lækni til Stykkishólms eða þá til Búðardals.

Frekari dæmi er ekki þörf á að nefna um það, hversu ömurlegt og stórhættulegt ástandið er í þessum efnum í þeim héruðum, sem við læknisleysið búa. En þetta er ekki einungis félagsmál fólksins, sem við læknisleysið býr. Þetta er mikið þjóðfélagslegt vandamál, sem getur, ef ekki verður leyst, haft í för með sér stórkostlega nýja fólksflutninga í landinu, samdrátt framleiðslunnar í heilum landshlutum og mikið tap fyrir þjóðarbúið. Hér er þess vegna ekki um lítið mál að ræða, heldur stórt mál og menningarmál, heilbrigðismál og félagsmál.

Ég veit, að hv. þm. munu spyrja, hver sé þá till. okkar flm., sem höfum flutt þetta mál hér inn á Alþ., hvaða leiðir við eygjum til úrbóta í þessum efnum. Við játum hreinskilnislega, að hér er ekki um auðugan garð að gresja, þegar benda á á leiðir til skjótra úrbóta í þessum efnum. En engu að síður eru þó leiðir til, sem kunna að geta bætt úr þessum erfiðleikum.

Í fyrsta lagi leyfum við okkur að benda á það,

að hagstæðari kjör lækna í hinum fámennustu og afskekktustu héruðum gætu stuðlað að því, að læknismenntaðir menn fengjust út í þessi héruð. Það er alveg rétt, sem bent er á af hálfu læknanna, að það er ef til vill varla við því að búast, að læknar, ungir eða gamlir, vilji fara út í þessi fámennustu héruð til þess að hafa þar svo að segja ekkert að gera, ryðga meira og minna í sínum vísindum og fræðum og hafa auk þess miklu minni tekjur en starfsbræður þeirra í þéttbýlinu og í hinum fjölmennari læknishéruðum. Nú er það að vísu svo, að samkv. launalögum eru þessir læknar í hinum fámennustu héruðum nokkru betur launaðir en hinir. En það hrekkur engan veginn til. Það er skoðun okkar flm. þessarar till., að í þessum efnum þýði ekki annað en gera sér ljóst eðli málsins og allar staðreyndir. Menn fást ekki til þess að fara sem læknar út í þessi fámennu héruð til þess að ryðga í sinni þekkingu, nema þeim sé borgað verulega og miklu betur fyrir störf sín þar. Ég nefni þetta atriði fyrst, vegna þess að ég álít það vera eitt meginatriðið, sem stuðlað gæti að úrbótum í þessum efnum.

Í öðru lagi hygg ég, að fullkomnari og betri læknisbústaðir í þessum héruðum gætu átt sinn þátt í því að fá menn til þess að setjast þar að og starfa þar um lengri eða kannske aðallega skemmri tíma. Það hefur mikið að segja, hvílíkur aðbúnaður mönnum er búinn á slíkum stöðum, og þess vegna held ég, að umbætur á læknisbústöðum í a. m. k. nokkrum þessara héraða gætu reynzt jákvætt úrræði.

Í þriðja lagi brestur nokkuð á það, að nægilega góð samgöngutæki séu fyrir hendi í sumum héruðunum, til þess að læknirinn geti sæmilega auðveidlega ferðazt um og rækt skyldu sína. Með því að afla betri samgöngutækja hygg ég, að enn fremur mætti stuðla að því frekar, að læknar kynnu að fást í héruðin.

Í fjórða lagi má svo hugsa sér, að setja mætti læknastúdenta í ríkara mæli út í héruðin, borga þeim vel fyrir það, þannig að þetta yrði eftirsóknarvert og gæti jafnvel hjálpað ungum og efnalitlum læknum til þess að ljúka sínu námi og verða þjóðfélaginu um leið að miklu gagni á námsárum sínum. Á þessu kann að vera sá hængur, að læknanámið er stöðugt að verða lengra og þyngra, en það verður jafnframt dýrara, og hinir ungu verðandi læknar þurfa þar með frekar á því að halda að vinna fyrir sér nokkuð á námsárum sínum.

Við höfum einnig leyft okkur að benda á það í grg. þessarar till., í fimmta lagi, að ráðning erlendra lækna eða hjúkrunarmanna til þess að annast læknisþjónustu eða hjúkrunarstörf til bráðabirgða í þessum héruðum gæti komið til greina. Þessi leið mun þó með öllu ókönnuð, og því fer fjarri, að ég vilji gegn staðhæfingum lækna hér heima fullyrða nokkuð um það, að þetta væri mögulegt. En þetta mætti að minnsta kosti reyna. Því miður er því þannig varið, að það er læknaskortur víðar en hér í okkar landi, og því má vera, að þetta bæri ekki mikinn árangur, en ástæðulaust er þó að láta þess ófreistað.

Í sjötta lagi höfum við flm. svo bent á það í þessari till., að athuga megi möguleika á því að koma upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, er gegni jafnframt störfum héraðslækna. Það er alls ekki óliklegt, að ef einhver slík heilbrigðisstofnun væri til í þessum héruðum og þar nokkuð vistmanna, mætti fá lækna til þess að vera þar búsetta. Það væri þar meira að gera bókstaflega og aðbúnaður að öllum líkindum betri og starfsskilyrði betri fyrir lækninn. Þess vegna er brotið upp á þessari leið. Enn fremur er það vitað, að víða úti í sveitum vantar elliheimili eða vistheimili fyrir aldrað fólk.

Ég hirði nú ekki um að telja upp fleiri leiðir, sem við flm. getum ímyndað okkur, að til greina komi í þessu máli, vil aðeins bæta því við, að nú eru 43 læknar með lækningaleyfi við bráðabirgðastörf hér á landi, þ. e. a. s. þeir eru hvorki ráðnir í héraðslæknisembætti né heldur hafa þeir sett sig niður á ákveðnum stöðum til að praktisera. Enn fremur eru 70 kandidatar, sem hafa ekki fengið lækningaleyfi, útskrifaðir. Samtals eru þessir læknar 113. Margir af þessum læknum eru að vísu erlendis, og eru sumir þeirra þar við framhaldsnám og nokkrir í allgóðum stöðum. En yfirleitt gera heilbrigðisyfirvöldin ráð fyrir, að þessir menn muni nú hverfa hingað heim til síns ættlands, og þá veltur á miklu, að reynt sé að fá þá til þjónustu í þessum héruðum, sem þannig er ástatt um, sem ég hef lýst hér á undan. Héraðslæknisembættin í landinu eru nú 57 talsins, en það vantar lækna, eins og ég sagði, í ein sjö þeirra og ein þrjú þeirra hafa ekki fengizt veitt. Ég hygg, að það ætti ekki að valda heilbrigðisstjórninni óviðráðanlegum útgjaldaauka að leggja sig fram um það með bættum kjörum til lækna í þessum héruðum að fá einhverja af þessum ungu og óráðstöfuðu læknum a. m. k. um eitthvert skeið til starfa í þessum læknislausu héruðum.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þessa till. Ég veit, að hv. þm. hafa fullan skilning á þessu vandamáli og vilja leggja sinn skerf til þess, að það verði leyst. Ég sé, að hér er fram komin brtt. um aðra hlið á þessu máli. Fljótt á litið sýnist mér hún vera eðlileg, en hv. flm. hennar á eftir að gera grein fyrir henni, svo að ég fjölyrði ekki um hana, vil aðeins óska þess, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Þessi till. um ráðstafanir vegna læknaskorts er áreiðanlega tímabær hér á Alþ., og ég tel, að hv. flm., sem allir eru úr Sjálfstfl., eigi þakkir skildar fyrir að hafa flutt þetta mál hingað inn. Ég vil taka það fram, að mér hefði fundizt, að orðalag till. hefði mátt vera dálítið á annan veg en það er, og einkum, að það hefði mátt vera nokkru ákveðnara. Ég hefði t. d. óskað þess, að það hefði ekki verið orðað þannig, að Alþingi skoraði á ríkisstj., heldur að Alþingi legði fyrir ríkisstj. að gera það, sem gera þarf, og þetta hef ég látið koma fram í brtt. þeirri, sem ég flyt á þskj. 340. Enn fremur tel ég rétt, að ríkisstj. fjalli um þetta mál ekki aðeins með samráði landlæknis, heldur einnig í samvinnu við læknadeild háskólans.

Í till. sjálfri er minnzt á þann möguleika, að komið sé upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, er gegni jafnframt störfum héraðslækna. Þetta hugsa þeir hv. flm. till. sem eina ráðstöfun til úrbóta vegna læknaskortsins. Ég skal ekki fjölyrða um þessa hug-

mynd, en ég tel hana með öllu fráleita og að hún yfirleitt muni ekki koma til greina í framkvæmd. Þess vegna valdi ég það í minni brtt. að sleppa þessu atriði, sem að sjálfsögðu má athuga eftir sem áður, en mér þykir heldur óprýða till. Það kemur að mínum dómi aldrei til mála að reisa stofnanir í strjálbýlustu héruðunum, þar sem nú er læknislaust, einvörðungu til þess að draga lækna þangað að. Hugleiðum það, að með því móti værum við að safna saman fólki úr ýmsum héruðum landsins til þessara strjálbýlustu héraða, sem helzt enginn vill vera í nú orðið, aðeins til þess að lokka lækna þangað. Þetta er ótækt og kemur að mínum dómi ekki til mála.

Eins og fram kom í ræðu hv. 1. flm. hér áðan og eins og fram kemur í grg., er nú um verulegan læknaskort að ræða, þar sem a. m. k. 6 læknishéruð hafa verið læknislaus að undanförnu. Það jafngildir því, að 10% allra læknishéraða í landinu séu læknislaus. Það er ekki lítið. Þar við bætist svo, eins og segir réttilega í grg., að þrjú eða fjögur læknishéruð hefur enginn læknir fengizt til að sækja um, þó að þau séu ekki í bili læknislaus með öllu. Ef það er talið með, færist talan upp í 18% læknislausra héraða. Þetta er í sjálfu sér mjög athyglisvert og íhugunarvert atriði. Það er ekki vitað til þess, að neins staðar á landinu ríki atvinnuleysi meðal lækna. Allir þeir læknar, sem starfa í þessu landi, hafa nóg að gera. Þessi skortur, sem um ræðir í grg. till., er þess vegna vottur um almennan læknaskort á Íslandi. Það er of lítið af læknum í landinu. Mér finnst þetta vera höfuðmálið og það atriði, sem fyrst og fremst þarf að rannsaka ofan í kjölinn, hvers vegna er læknaskortur á Íslandi. Ég hef m. a. orðað þá þörf á rannsókn nokkru ákveðnar í minni brtt. en gert er í till. þeirra fimmmenninganna, af því að ég tel, að hér sé um meginmál að ræða.

Ég las það í grg., og hv. frummælandi tók það fram, að hæstv. heilbrmrh. hefði áhuga á þessu máli. Ég verð að segja, að þetta þykja mér tíðindi, og ég fagna, ef sönn reynast. Mér hefur nefnilega nú og undanfarið fundizt bera furðulítið á áhuga fyrir heilbrigðismálum í heilbrmrn. Við skulum athuga, að læknisleysið í útkjálkahéruðunum er ekki nýtt fyrirbæri. Það er margra ára gamalt. Og ég hef ekki orðið var við neinn áhuga í þessu rn. fyrir að bæta úr því. Nei, þetta mein, eins og mörg önnur í okkar heilbrigðismálum, stafar einmitt af því, að húsbændur í þessu rn. hafa ekki áhuga á lausn vandamála á þessu sviði. Við vitum, af hverju það er. Það er fyrst og fremst af því, að þessi mál yfirleitt teljast ekki nógu mikilvæg pólitískt séð, flokkspólitískt séð. Þess vegna er þeim minni gaumur gefinn af ráðamönnum en vert væri. Ég skal líka nefna örfá ný dæmi þess, að áhuganum er ekki fyrir að fara á þessum stöðum.

Að óþörfu og til óburftar heilbrigðismálum þjóðarinnar var t. d. í tvö ár, tvö heil ár umfram þörf, dregið að skipa í yfirlæknisstöðu eins stærsta spítala landsins. Það var ekki dregið vegna áhuga á viðkomandi heilbrigðismáli, heldur af áhugaleysi. Það var dregið að skipa í þessa stöðu af pólitískum ástæðum eða af persónulegum ástæðum. Þetta er eitt dæmi um áhugann á þessum stað og það nýlegt dæmi. Það er komið á annað ár, síðan stjórnskipuð nefnd, sem núv. landlæknir var formaður í, skilaði í þetta rn. tillögum um breyt. á l. um meðferð drykkjumanna. Bæði núv. landlæknir, fyrrv. landlæknir og allir þeir, sem þekkja til þessara mála, telja brýna nauðsyn á, að l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra þurfi nauðsynlega að breyta til þess að gera þær ráðstafanir virkari, sem þar um ræðir, og til þess að fé hins opinbera nýtist betur til þeirra þarfa, til hjálpar drykkjumönnum. Hvað er um áhuga heilbrmrh. að segja í þessu efni? Hann er búinn að láta þessar tillögur liggja í salti hjá sér síðan í janúar í fyrra, og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir landlæknis á s. l. hausti og síðan annarra aðila til að fá tillögurnar upp úr saltinu, tókst það ekki. Þetta er áhuginn á þessu máli. Mér kemur þess vegna spánskt fyrir, að heilbrmrh. hafi áhuga á læknaskortinum í landinu, en ég fagna því, ef þetta reynist rétt.

Hv. frummælandi, 1. flm. till., ræddi hér áðan nokkur atriði, sem til mála kæmu til úrbóta, og það er einnig á þau drepið í grg. Sumt af því tel ég alveg réttmætt og rétt. Þeir flm. benda á nauðsyn kjarabóta handa læknum í fámennustu héruðunum. Það er sannarlega þörf á því. Ég held, að kjör lækna í þessum fámennustu héruðum séu hörmuleg. Og það mætti segja mér, að launin væru ámóta í þessum lökustu héruðum og námsstúdent er nú greitt fyrir vinnu á Kleppi, svo léleg eru þau.

Hv. 1. flm. minntist einnig á nauðsyn þess að auðvelda læknum í þessum héruðum aðgang að betri samgöngutækjum. Þetta er líka rétt. Það er nauðsyn á þessu. Þeir þurfa að fá með góðum kjörum vandaða bíla til sinna ferðalaga. En í þessu sambandi er vert að minnast þess, hvað hæstv. ríkisstj. með sínu liði hér á þingi hefur gert í þessu efni fyrir læknastéttina. Árið 1959 nutu læknar, hvað samgöngutæki snertir til atvinnu sinnar, sömu réttinda og leigubílstjórar í Reykjavík. Þetta fannst hæstv. ríkisstj. allt of góð kjör handa læknastéttinni, og það var fyrsta verk hæstv. ríkisstj. í ársbyrjun 1960 að afnema þetta. Læknar skyldu ekki fá bifreiðar með sömu kjörum og leigubílstjórar. Þeirra starf var ekki metið að þessu leyti til jafns við þá bílstjóra, sem fara að þörfu og óþörfu daga og nætur með fólk í sínum leigubílum. Afleiðingin hefur m. a. orðið sú, að samgöngutækin eru orðin mikið fjárhagslegt vandamál allri læknastéttinni. Ungur læknir, sem er nýkominn frá Svíþjóð og setzt- ur að hér í Reykjavík eftir tíu ára vist þar, sagði mér nýlega, að eitt af áhyggjuefnum ungra lækna nú, sem dveljast erlendis, sé bílakostnaðurinn, þegar heim kemur, nú þegar vandaður bíll, — og læknum á ekki að bjóða annað en vandaða bíla til sinna ferðalaga, — kostar hátt á þriðja hundrað þús. kr. Hér gætu hv. flm. till. unnið þarft verk, ef þeir vildu róa í sinni hæstv. ríkisstj. og fá hana til þess að bæta ráð sitt í þessu efni.

Hv. frummælandi minntist á þann möguleika til úrbóta að ráða hingað erlenda lækna. Það tel ég, að komi vel til greina. Hér er læknaskortur, og því skyldum við ekki reyna allar leiðir, m. a. þá að fá hingað erlenda lækna? Sviar elga við læknaskort að búa. Þeir hafa tekið allmikið af læknum frá okkur, nokkra tugi, til starfa hjá sér. En ég er bara hræddur um, að þetta reynist erfitt. Það mætti sannarlega bjóða þeim vel, ef þeir ættu að vilja koma hingað í útkjálkahéruð. Í engu landi, menn-

ingarlandi a. m. k., er læknastéttin jafnhraksmánarlega launuð og á Íslandi. Það getur ekki verið fýsilegt að frétta af því fyrir erlenda lækna, sem annars kannske vildu hingað leita. Nei, en það má bjóða þeim hátt kaup, fimmfalda venjuleg laun eða tífalda, og má þá vel vera, að einn og einn fengist, kannske einn og einn flóttamaður úr læknastétt, og það kæmi sér vel fyrir læknislausu héruðin. Annars væri það líkt ýmsu öðru í okkar ráðslagi hér á Íslandi að bjóða erlendum læknum tíföld laun á við íslenzka til þess að fá þá til að koma hingað, en um leið að hrekja tugi, ef ekki hundruð íslenzkra lækna burt úr landinu, eins og nú er gert. Það er vitað mál, að þeir skipta tugum í Svíþjóð einni, íslenzkir læknar, sem eru þar að störfum og ekki koma heim, vegna þess að þeir hafa miklu betri kjör þar en hér.

Í grg. er minnzt á enn eina leið, einn möguleika til úrbóta, og það er að fá hjúkrunarmenn í héruðin. Ég varð mjög hissa á að lesa þetta og spyr: Hvað meina hv. flm. með þessari uppástungu? Er það meiningin að fá hjúkrunarmenn til þess að fara í þessi héruð í stað lækna? Er það meiningin að koma upp smátt og smátt á þennan hátt álitlegri skottulæknastétt í landinu með takmörkuðum réttindum til starfa í útkjálkahéruðunum?

Bezta bráðabirgðaúrræðið, sem hv. flm. minnast á í sinni grg., — ég tek fram bráðabirgðaúrræði, — er ráðning læknakandídata í ríkara mæli en verið hefur nú að undanförnu. Ef tækist að fá læknastúdenta á síðasta stigi náms í ríkara mæli til þess að sinna störfum um stundarsakir í strjálbýlustu héruðum, væri vandinn leystur í bili, en aðeins í bili. Þetta væri mjög sómasamleg lausn. En það er aðeins einn galli á, og hann er sá, að nú nýlega, með nýrri reglugerð í háskólanum, hefur læknastúdentum í síðasta hluta verið gert með öllu ókleift að hlaupa undir bagga í þessu efni. Þeim hefur verið gert það með öllu ókleift að ráða sig um stundarsakir til starfa sem læknar úti á landi. Þeim er gert að skyldu í seinasta hluta nú orðið, samkvæmt nýrri reglugerð, að ljúka námi innan viss tíma, og sá tími er mjög naumt markaður, aðeins 2½ ár. Á þessum 2½ árum eiga þeir fyrir utan námið sjálft og tímasókn að inna af hendi vinnuskyldu á spítölum í átta mánuði. Af því má sjá, að með þessari ákvörðun er læknastúdentum gert ókleift að vinna úti í héruðum, meðan á síðasta hluta náms stendur. Þetta er illa farið að mörgu leyti. Þetta er slæmt fyrir þessi læknishéruð, sem að jafnaði eru alveg læknislaus. Það er líka slæmt fyrir læknastúdentana, sem margir hverjir eru að brjótast í gegnum nám af litlum efnum. Mörgum kæmi það vel að geta hálft ár eða svo unnið fyrir sér úti í héraði og létt þannig undir með sér á námsbrautinni. En með þessu ákvæði í reglugerð háskólans er þeim gert þetta ómögulegt. Nú vil ég benda hv. flm. á þennan þröskuld í þeirri von, að þeir beiti sér fyrir því við sína hæstv. ríkisstj., að þessu óþurftarreglugerðarákvæði verði breytt.

Það er læknaskortur í þessu landi. Og af hverju stafar þessi læknaskortur? Sjálfsagt eru orsakirnar margar, en ein af þeim er sú, að sá skilningur hefur um áratugi verið uppi í háskólanum, að aðsókn að læknadeild væri alltaf of mikil. Þegar ég var í læknadeild fyrir 30 árum, var þetta stöðugt prédikunarefni prófessoranna á hverju hausti: Aðsóknin að þessari deild er allt of mikil. Hér verður fljótlega um offjölgun lækna að ræða. — Ég geri ráð fyrir því, að þessi skilningur, sem hefur verið svona lengi ráðandi í háskólanum, hafi haft sín áhrif, bæði á háskólakennarana og á nemendurna, í þá átt að fæla frá deildinni. Læknanámið er langt og strangt, og það er dýrt. Af þessum ástæðum er það, að aðeins lítill hluti af þeim stúdentum, sem setjast í læknadeild, lýkur nokkru sinni þaðan námi. Það er talið, að aðeins 30—40% af stúdentum, sem innritast í læknadeild, ljúki fullnaðarprófi. Nú hefur það verið svo undanfarin tíu ár, að aðsókn að læknadeild fer rénandi. Hún fer ekki vaxandi, hún stendur ekki í stað, hún minnkar. Námið er erfitt, og það hefur verið gert óaðgengilegt af ráðnum hug um mörg ár. Það eru komnir miklu fleiri möguleikar en áður voru fyrir stúdenta að snúa sér að öðrum verkefnum en áður var völ á. Kjör lækna voru einu sinni álitin góð. Nú er það hjátrú. Kjör lækna eru ekki góð í þessu landi. Allt þetta hefur orðið til þess að draga úr aðsókn að læknadeild háskólans, og fróðir menn spá því, að eftir 15 ár hér frá með sama gangi verði tilfinnanlegur læknaskortur á Íslandi.

Þegar þetta mál er rætt og athugað, læknaskorturinn í útkjálkahéruðunum, læknaskorturinn á Íslandi, er nauðsynlegt að athuga læknadeild háskólans fyrst og fremst. Hvað er gert til þess að draga unga og efnilega menn að þessu námi? Eða er ekkert gert, er þvert á móti reynt að fæla menn frá þessu námi? Ég tel, að það sé gert og hafi verið gert bæði beint og óbeint á undanförnum árum og oft af ráðnum hug. Þess vegna tel ég rétt, að þegar þetta mál verður athugað af hæstv. ríkisstj., þá hafi hún ekki aðeins landlækni með sér í ráðum, heldur líka læknadeild háskólans. Það er, eins og hv. frummælandi tók fram, nóg til af íslenzkum læknum að vísu, en þeir fást ekki til starfa í þessum héruðum, lökustu héruðunum, sumpart af því, að þeir hafa nóg að gera annars staðar hér á landi, og þeir, sem hafa það ekki, dveljast erlendis við störf, sem eru miklu betri, bæði hvað almenn starfsskilyrði snertir og hvað laun snertir.

Ég fer svo ekki fleiri orðum um þetta að sinni, en vil enn endurtaka þakkir mínar til hv. flm. að hafa flutt þetta brýna mál hingað inn, og að sjálfsögðu er ég þeim í öllum aðalatriðum sammála, þó að ég hafi af ástæðum, sem ég hef nú að nokkru leyti gert grein fyrir, talið rétt að umorða tillgr. og með því breyta henni í ákveðnara form.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þetta verða aðeins örfá orð til þess að minna á viðaukatill., sem ég flyt við þetta mál, en till. hljóðar svo:

„Jafnframt verði athugaðir möguleikar á að fá sérfræðinga í hinum ýmsu greinum læknisfræðinnar til þess að setjast að á stöðum utan Reykjavíkur og nágrennis eða starfa í sambandi við fjórðungssjúkrahúsin, eftir því sem framast eru tök á og bezt þykir henta.“

Það má ekki skilja þessa till. mína svo, að ég ætlist til þess, að það verði farið að fylla alla landsbyggðina af sérfræðingum í læknisfræði, því að sérfræðigreinar læknisfræðinnar munu nú vera, að því er mér hefur verið tjáð, um 20 talsins. En

hins vegar held ég, að það séu skilyrði til þess víða um land, og þá hef ég sérstaklega í huga Akureyri, að þar væru fleiri sérfræðingar starfandi en nú er. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið hjá landlækni, eru nú utan Reykjavíkur og nágrennis starfandi alls 10 sérfræðingar, þar af eru 6 í handlæknisfræði, sem eru yfirlæknar við fjórðungssjúkrahús og bæjarsjúkrahús, en auk þess eru á Akureyri einn sérfræðingur í lyflæknisfræði, einn í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp og einn augnlæknir. Að öðru leyti eru engir sérfræðingar búsettir utan Reykjavíkur og nágrennis. Ég hef orðið þess var hjá mörgum Akureyringum, að þeim þykir á skorta um sérfræðinga í læknisfræði og eru þess fullvissir, að t. d. á Akureyri mundu vera starfsskilyrði fyrir fleiri en þar eru nú, sérstaklega koma mér í hug barnalæknar og háls-, nef- og eyrnalæknar. Ég vildi því beina því til hv. n., sem fær þetta til athugunar, að athuga þessa viðaukatill. mína, og vænti þess, að af athuguninni megi leiða einhverjar framkvæmdir í þessu máli. Að öðru leyti mæli ég með því, að þessi till. þeirra fimmmenninganna verði samþykkt, því að áreiðanlega er þar hreyft góðu máli.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa ánægju minni yfir framkomu þessarar þáltill., og þar sem hún er fram borin af stjórnarliðum, mætti ætla, að hún fengi e. t. v. greiðari afgreiðslu hér í gegnum hv. Alþingi og e. t. v. skjótari og ákveðnari leit en ella að úrræðum af stjórnarvaldanna hálfu, þótt ég hins vegar efi ekki, að slíkur vilji sé fyrir hendi hjá heilbrigðisyfirvöldunum.

Það er vafalaust, að læknaskorturinn víðs vegar úti um land er mjög alvarlegt þjóðfélagsvandamál, sem sífellt fer vaxandi, nær því með hverju árinu, sem líður, og komið á það stig, að það veldur fólkinu ugg og ótta og stefnir að einu marki, það er flótta fólksins úr þeim byggðarlögum, þar sem svo er komið, að lengstan tíma ársins er nær ógerningur að ná til lækna, ef slys eða lífshættulega sjúkdóma ber skyndilega að höndum eða þarf að vitja læknis vegna konu í barnsnauð.

Ég er nákunnugur í einu af þeim sex læknishéruðum, sem fyrst eru nefnd í grg. þessarar þáltill., þ. e. í Bakkagerðislæknishéraði. Það samanstendur af tveimur hreppum, Borgarfirði og Hjaltastaðaþinghá. Segja má, að íbúar Hjaltastaðaþinghár eigi ekki lengri né erfiðari læknissókn til Egilsstaða en ýmsar aðrar sveitir á Fljótsdalshéraði, en þess ber þó að geta, að nú síðustu daga er á kreiki orðrómur, sem ég veit ekki, hvort réttur er, að læknir, sem hafði fengið veitingu fyrir eystra læknishéraðinu á Fljótsdalshéraði, muni vera hættur við að taka það starf, og þá verður þar senn læknislaust eða ekki nema einn læknir fyrir allt Fljótsdalshérað. En nú um stund og þar til væntanlegur læknir átti að taka við eystra læknishéraði Fljótsdalshéraðs, hefur verið þar settur læknir. En hvað viðkemur Bakkagerðislæknishéraði, þá, eins og ég sagði, má gera ráð fyrir, að það skapist ekki hreint öngþveiti fyrir hluta íbúanna, þ. e. íbúa Hjaltastaðaþinghár, ef tveir læknar sitja að Egilsstöðum. En 300 íbúar Borgarfjarðar eru þá í raun og veru, a. m. k. yfir vetrartímann, algerlega einangraðir frá því að leita læknis, a. m. k. oft og tíðum, jafnvel þótt líf liggi við.

Þá er í grg. með þessari þáltill. minnzt á Vopnafjörð. Ég vil aðeins leiðrétta það, að það er talað um, að Vopnafjörður sé að missa lækni sinn, en það rétta er, að Vopnafjörður hefur ekki haft fastan lækni síðan í árslok 1959. Síðan hafa aðeins verið þar hlaupalæknar, ef maður má orða það þannig. En það hefur tekizt svo vel til með aðstoð landlæknis, að honum hefur tekizt að fá þangað einn lækni, þegar annar hefur farið. Hvað lengi slíkt tekst, að útvega lækni í Vopnafjörð, þegar annar fer, er vitanlega alveg á huldu. En að 700 manna byggð þurfi áfram að búa við slíka óvissu í læknamálum, er vitanlega algerlega óviðunandi, og það veit enginn, þrátt fyrir góðan vilja landlæknis, sem ég efa ekki, hvenær það ber að, að Vopnfirðingar verði læknislausir, t. d. yfir vetrarmánuði, þegar þeir eiga í raun og veru engra kosta völ að ná sér í lækni, hvað sem við liggur. Það má segja, að yfir sumarmánuðina séu nokkrir möguleikar í því efni að ná í lækni til Vopnafjarðar, en þó þannig, að það tekur minnst tvo klukkutíma að ná í lækni frá Þórshöfn og 5—6 klukkutíma að ná í lækni frá Egilsstöðum, og auðvitað því lengur, ef þessir læknar eru ekki tilbúnir að bregða undireins við, þegar kallið kemur. Yfir sumarmánuðina má líka segja, að það þurfi fleiri að njóta læknisaðstoðar eða þess öryggis að hafa lækni á Vopnafirði heldur en heimamenn, því að yfir þann tíma er allmikið atvinnulíf í Vopnafirði og allmargir aðkomumenn, bæði vegna síldarsöltunar, síldarbræðslu og síldveiðiskipa, sem koma þar mikið á þeim tíma.

Ég hef nú aðeins vikið að ástandinu í þeim tveimur læknishéruðum, þar sem ég þekki bezt til, og ég geri ráð fyrir, að svipað ástand sé yfirleitt í þeim læknislausu héruðum, sem m. a. eru nefnd í grg. þessarar þáltill. Ég býst við því, að það sé ekki auðvelt að ráða fljóta bót á þessu óviðunandi ástandi, en ég er sammála flm. um það, að hér verður að taka til skjótra og öruggra ráða, ef vel á að fara. Ég er einnig sammála nokkrum af þeim till., sem hv. flm. nefna sem úrræði í þessu máli. Ég vil taka undir það, að það er nauðsynlegt að horfa ekki fram hjá því, að það er svo aðeins von um, að hægt sé að fá lækna í sum þessi dreifbýlislæknishéruð, að kjör þeirra verði bætt. Ég tel líka, að það þurfi að athuga búsetuskilyrði þeirra og koma upp læknisbústöðum, þar sem þess er þörf. Og ég tel, að í fámennustu læknishéruðunum dugi ekki að skirrast við því, að það getur borið nauðsyn til að leggja fram af opinberri hálfu meira fé til byggingar læknisbústaða á þessum stöðum en gert er ráð fyrir lögum samkvæmt. En hvaða leið yrði farin í því, hvort það fé yrði veitt læknishéraðinu eða íbúum aðstoð með hagkvæmu láni eða á einhvern slíkan hátt, gæti verið til athugunar. Ég tel einnig, að það beri að veita annaðhvort styrk eða mjög hagstæð lán til þess að auðvelda læknum í þessum læknishéruðum að komast yfir hagkvæma og hentuga bíla, sem við eiga á þeim vegum, sem fyrir hendi eru. Og ég tel einnig vera rétt að athuga, hvort ekki er hægt að stuðla að því, m. a. með aukinni skylduvinnu læknastúdenta, að til þeirra sé auðveldara að grípa til slíkrar þjónustu, sem hér um ræðir, meir og um lengri tíma en nú

er um að ræða. Slík úrræði verða þó auðvitað aldrei nema tímabundin úrræði eða úrræði í bili.

Hv. flm. drepa á einn möguleika, þann að fá hingað erlenda lækna. Ég skal ekki mikið segja um þá till., en ég held, að í flestum tilfellum yrði slíkt neyðarúrræði, þótt *fært reyndist. Mér finnst* vera ástæða til að óttast, að erlendir læknar, sem til slíks fengjust, væru allmisjafnir og sennilega oft óvanir erfiðum vetrarferðum, og að jafnaði yrðu þeir, a. m. k. til að byrja með, hálfmállausir við íslenzka alþýðu. Það er því ástæða til að ætla, að slík úrræði leystu fárra vanda í afskekktu læknishéruðunum, en væri samt gott til að vita, ef slíkt væri fært í einstaka tilfelli. En þá geri ég ráð fyrir, að líka þyrfti að horfast í augu við það að bjóða slíkum læknum miklu betri kjör en dreifbýlislæknar *hafa nú, og væri þá réttara að fara* fyrst á flot með það að bæta kjör íslenzkra lækna og gera þeim mögulegra að sækja um þessi læknishéruð. Um erlenda hjúkrunarmenn skal ég ekkert segja. Ég hef ekki trú á þeirri tilraun, en hún má vera ólöstuð af mér, ef fært þykir í einstaka tilfelli.

Að byggja vonir til umbóta í þessu máli á elliheimilum í dreifbýlinu til þess að fá þar lækna, vekja þar með áhuga lækna til að setjast að í hlutaðeigandi héruðum, tel ég meir en vafasamt frá *mörgu sjónarmiði. Almennt* talað munu menn helzt koma sér saman um að byggja elliheimili í hinum fjölmennari héruðum, þar sem m. a. samgöngur eru auðveldar eða auðveldari en í hinum afskekktari byggðarlögum. En þar er einmitt, eins og við vitum og hér er til umr., læknaskorturinn fyrst og fremst mikill. Í sambandi við byggingu elliheimilanna koma einnig til greina misjafnar skoðanir manna á nauðsyn og gildi þeirra. Það viðurkenna allir meiri og minni nauðsyn þeirra í þéttbýlinu, en telja, að víða úti um land í dreifbýlinu séu ýmsar umbætur í heilbrigðismálunum nauðsynlegri og meira aðkallandi, auk þess að margir þar telja sig ekki hafa fjárhagslega getu til að kosta fólk *á elliheimili og senda það því ekki frá sér; fyrr en* því er nauðsynleg vist á sjúkrahúsi. Og ýmsir eru þeir, sem m. a. vilja ekki senda gamla fólkið á elliheimili, meðan nokkur kostur er að hafa það heima, vegna þess að margir vita, hve afi og amma og önnur góð gamalmenni eru uppvaxandi börnum oft og tíðum mikils virði. Ég held því, að af mörgum ástæðum verði ýmis vandkvæði á því að ætla sér að leysa læknisskortinn í dreifbýlinu með því að koma upp allmörgum elliheimilum, sem gerl læknum fýsilegra að þjóna hinum fámennari og afskekktari læknishéruðum. Ég held, að slík till. sé ekki raunhæf. En ef slíkt gæti í einstaka tilfelli leyst þennan vanda, þá er ekki nema gott um það að segja.

Það hafa nú komið fram brtt. við þessa merku þáltill. Ég gæti ímyndað mér, að brtt. hv. 9. þm. Reykv. á þskj. 340 sé til bóta. Verkefnið er þar hið sama, en ákveðnar og skipulegar fram sett. En auðvitað verður það hlutverk þeirrar nefndar, sem við málinu tekur, að meta þessa og aðrar þær brtt., sem koma fram í málinu.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. og 58. fundi í Sþ., 27. og 28. marz, var till. *tekin til frh. einnar umr.*

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Sþ., 29. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 279, n. 577, 340, 387).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. allshn. hefur haft þetta mál til athugunar. Hún hefur gefið út nál. á þskj. 577 og leggur til, að þáltill. verði samþ. með nokkrum breyt., en þær eru sem hér segir:

„Í stað síðari mgr. í tillgr. komi: „Í því sambandi sé athugað, hvort tiltækilegt sé eða líklegt til *árangurs:*

1) að koma upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, er gegni jafnframt störfum héraðslæknis;

2) að greiða staðaruppbót á laun í fámennum héruðum;

3) að hraða byggingu eða endurnýjun læknisbústaða;

4) að hið opinbera eigi nauðsynlegustu lækningatæki og lyfjaforða í fámennum héruðum;

5) að breyta skipun læknishéraða.“

N. hefur haft einnig til athugunar og rætt till. á þskj. 340 frá hv. 9. þm. Reykv., og er raunverulega meginefni hennar tekið upp í till. n., og er *þess vænzt, að hv. flm. taki sína till. til baka, 1.,* 2. og 3. lið, og hef ég raunverulega rætt um þetta við hann og býst við, að á því verði engin tregða.

Þá hefur einnig n. athugað brtt. á þskj. 387 frá Ingvari Gíslasyni, sem orðast svo:

„Við tillgr. bætist:

Jafnframt verði athugaðir möguleikar á að fá sérfræðinga í hinum ýmsu greinum læknisfræðinnar til þess að setjast að á stöðum utan Reykjavíkur og nágrennis eða starfa í sambandi við fjórðungssjúkrahúsin, eftir því sem framast eru tök á og bezt þykir henta.“

Er n. einróma sammála um að leggja til, að þessi till. verði samþykkt til viðbótar við till. þá, sem *hún leggur til að samþ. verði á þskj. 577.*

Um þetta mikla mál mætti segja langt mál, en það er hvort tveggja, að tími þm. er takmarkaður, með því að þinglausnir eru ákveðnar í dag, og auk þess hafa verið birt á þskj. 577 sem fylgiskjöl ýtarlegar umsagnir frá þeim aðilum, sem hafa haft málið til meðferðar, svo að þar er hægt að finna margvíslegar upplýsingar í sambandi við þetta mál.

Ég legg svo til, að till. verði samþ. með þeim breyt., sem fram koma á þskj. 577 og 387.

ATKVGR.

Brtt. 340 tekin aftur.

— 577 samþ. með 50 shlj. atkv.

— 387 samþ. með 46 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 708).

Þingsályktunartillögur felldar.

1. Landhelgismál.

Á deildafundum 10. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um landhelgismál [97. mál] (A. 108).

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Forseti (FS): Í sambandi við þennan dagskrárlið skal þess getið, að óskað hefur verið eftir útvarpsumr. um málið, og fer hún væntanlega fram síðar. Það er ríkisstj., sem hefur óskað eftir útvarpsumr. um málið.

Á 19. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Gengið er til dagskrár og tekið fyrir eina málið, sem er á dagskrá, landhelgismál, þáltill., 37. mál í Sþ., þskj. 108, ein umræða, útvarpsumræða.

Þessi útvarpsumræða fer þannig fram, að hver þingflokkur hefur 45 mínútna ræðutíma, sem skiptist í tvær umferðir. Sú fyrri er 25—30 mín., en hin síðari 15—20 mín., þannig að ræðutími í báðum umferðum samanlagt verði 45 mín. Röð flokkanna er þessi: Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag, Sjálfstæðisflokkur, Alþýðuflokkur. Ræðumenn eru: fyrir Framsfl. Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson, fyrir Alþb. Finnbogi R. Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson, fyrir Sjálfstfl. Bjarni Benediktsson, fyrir Alþfl. Guðmundur Í. Guðmundsson.

Hefst þá útvarpsumræðan með því, að ræðumaður Framsfl., 1. flm., hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, tekur til máls.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Um landhelgismálið hefur oftast verið ritað og rætt með öðrum hætti en flest önnur deilumál, vegna þess að reynt hefur verið af nauðsyn að laða til samstöðu mismunandi skoðanir stjórnmálaflokkanna á leiðum og markmiðum í málinu. Þeir, sem vildu koma landhelgismálinu í höfn, vissu, að áhrifaríkara en opinberar ádeilur og skammir var að benda hinum tregu og andvígu á, hver væri vilji þjóðarinnar, og ógna með honum. Á örlagastundinni í landhelgismálinu dugði þetta því til sigurs. Það má fullyrða, að ef þessi vinnubrögð hefðu ekki verið viðhöfð, væri landhelgismálið enn óleyst.

Eftir að sigur er unninn, horfir allt öðruvísi við. Það er skylt, að þjóðin fái að vita sannleikann í þessu máli. Andstæðingar þess, að landhelgismálið væri leyst með þeim hætti, sem gert var, hafa dulizt nógu lengi. Það skaðar ekki lengur málið sjálft, þó að flett sé ofan af þessu. Það mun þvert á móti ekkert tryggja betur unninn sigur í málinu en það, að þjóðin þekki þá, sem af ýmsum ástæðum beittu sér gegn lausn málsins á örlagastund eða drógust nauðugir með í lausn þess af hræðslu við yfirvofandi kosningar.

Engir munu þekkja betur en ráðherrar Framsfl. í vinstri stjórninni þættina í þeirri miklu og oft tvísýnu baráttu að koma landhelgismálinu í höfn með því að tengja saman til sameiginlegs átaks stjórnmálaflokka, sem voru ósammála og blátt áfram andstæðrar skoðunar um lausn málsins.

Bretland hefur lengi verið nýlenduveldi. Nýlendurnar lagði það undir sig með ofbeldi, hótunum um ofbeldi og klóklegum samningum. Hér á Íslandi voru engar frjósamar lendur til að ræna, en miðin kringum landið voru að auðlegð samsvarandi frjósömum löndum. Þess vegna sóttu Bretar eftir að ræna okkur fiskimiðunum, og um þetta er margslungin sorgarsaga: Ofbeldi við yfirvöld, veiðiþjófnaður uppi í landsteinum jafnt á nóttu sem um hábjartan dag. En samtímis kúguðu Bretar Dani til að minnka fiskveiðilandhelgi Íslands. Viðureignin við Dani var Bretum svo auðveld sem köttur væri að fást við mús. Bretar báru þá ægishjálm yfir allar þjóðir á hafinu, og Danir voru þeim háðir viðskiptalega. Þessi viðureign endaði auðvitað með því, að Danir seldu með fiskveiðisamningnum við Bretland 1901 íslenzka landhelgi fyrir markað í Bretlandi á dönskum landbúnaðarvörum o. fl. Með samningnum 1901 fengu Bretar rétt til að fiska upp að þremur sjómílum frá ströndum Íslands og inni á fjörðum. Eftir þennan samning urðu Bretar jafnvel enn þá ósvífnari í veiðiþjófnaðinum. Aðrar þjóðir sigldu í kjölfar þeirra. Svo gjörkúgaðir voru Danir af Bretum, að eftirlit Dana með landhelginni var í framkvæmd lítið meira en nafnið tómt.

En þótt samningurinn frá 1901 væri uppsegjanlegur með 2 ára uppsagnarfresti, entist Bretum hann til þess að ræna íslenzk fiskimið allt upp í landsteina í hálfa öld, og eftir að búið var að segja þessum samningi upp, halda sumir Íslendingar áfram að hoppa eins og hestar, sem búnir eru að vera svo lengi í hafti, að þeir trúa því ekki, að þeir séu lausir við hnappelduna. Það er þess vert að benda á það, að svo rík var kúgun Bretans, að raddir, sem komu fram á Alþingi um stækkun fiskveiðilandhelginnar, voru um það að ná samningum við Breta um að fá stækkun, en ekki um hitt, að segja upp samningnum frá 1901.

Gerbreyting á hugsunarhætti í landhelgismálinu verður, þegar Framsfl. á flokksþingi sínu 4. des. 1946 gerði ýtarlega ályktun og áskorun til Alþingis í landhelgismálinu. Ályktunin var þess efnis: að segja upp samningnum frá 1901, að Alþingi setji lög um stækkun landhelginnar, að Alþingi og ríkisstj. vinni að því að afla hinni nýju landhelgislöggjöf viðurkenningar annarra þjóða.

Hinn 20. jan. 1947 barst Alþingi áskorun frá stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem gengur í svipaða átt, en þar er einnig ályktað um rétt Íslendinga til landgrunnsins í kringum landið.

Í lok janúar 1947 flutti Skúli Guðmundsson og ég svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að segja upp samningi þeim, er gerður var 24. júní 1901 milli Danmerkur og Stóra-Bretlands um landhelgi Íslands, sbr. auglýsingu frá 28. marz 1903."

Síðan menn þorðu að hugsa þá hugsun að segja upp einhliða samningnum við Breta frá 1901, hefur verið látlaus sóknarhugur með þjóðinni í landhelgismálinu. En það var engu líkara en menn óttuðust þetta lengi vel, það kynni að móðga Breta. Fyrst voru stigin smá skref og hikandi, útfærsla fyrir Norðurlandi í 4 sjómílur 1951, síðan 4 sjómílur umhverfis landið allt 1952, jafnframt því sem grunnlínan var færð út. Lengra þorðu menn ekki að fara þá, og eru þó ekki nema 8 ár síðan. En þá sagði dagblaðið Tíminn 20. marz 1952 m. a. um útfærsluna í 4 mílur:

„Það er ánægjulegt spor í rétta átt, en rangt væri að líta á það sem lokaspor varðandi stækkun landhelginnar. Hún þarf að verða miklu stærri, þótt ekki hafi þótt rétt að ganga lengra að sinni."

Þessi útfærsla kostaði löndunarbannið mikla í Bretlandi. En það er merkilegt til umhugsunar, að 1901, þegar Danir gerðu samninginn við Breta um fiskveiðilandhelgi Íslands, var fiskveiðilandhelgi Íslands a. m. k. 4 sjómílur, ella þurftu Bretar ekki að gera samninginn um 3 sjómílur, en þegar þessum samningi frá 1901 er sagt upp, telja Bretar sig eiga rétt til að fiska áfram upp að 3 sjómílum frá landi, og sýnir þetta ágengni, sem þeir ættu að hafa í huga, sem vilja gera nýja nauðungarsamninga við Breta.

Í stjórnarsáttmála vinstri stjórnarinnar, sem kom til valda 1956, segir um landhelgismálið:

„Ríkisstj. leggur áherzlu á útfærslu íslenzku landhelginnar og telur, að stækkun friðunarsvæðisins kringum landið sé brýn nauðsyn vegna atvinnuöryggis landsmanna, og mun því beita sér fyrir framgangi þessa máls."

Eins og sjá má, er hér ekkert fram tekið um það, hvernig fiskveiðilandhelgin verði færð út eða hve mikið. Sjútvmrh. Lúðvík Jósefsson vildi færa út þegar 1957 á tilteknum svæðum. En með því að Genfarráðstefnu hina fyrri átti að halda seinni hluta vetrar 1958, var ákveðið í ríkisstj. að bíða með aðgerðir í málinu, þangað til séð væri um niðurstöður ráðstefnunnar. Kom það þegar í ljós, að sjálfstæðismenn neituðu að taka afstöðu. Í þess stað héldu þeir uppi aðfinnslum á öllum sviðum um allt, sem gert var. Síðar er þessi skemmdarstarfsemi enn þá ljósari. Þegar ráðstefnunni í Genf var lokið, hófust átök milli mismunandi sjónarmiða Alþb. og Alþfl. Til þess að koma í veg fyrir, að þessi ágreiningur stöðvaði með öllu lausn landhelgismálsins og leiddi til stjórnarslita og sennilega kosninga, tók Framsfl. upp hlutverk málamiðlarans, með þeim árangri, að hin striðandi öfl fengust að lokum til að sameinast um átakið, sem það valt á, að við fengjum 12 mílna landhelgina.

Samkvæmt sáttmála NATO-þjóðanna er okkur Íslendingum skylt, sem öðrum þátttökuþjóðum, að leita sátta um fyrirsjáanleg ágreiningsmál milli NATO-þjóða, en í þeirri tölu mála var auðvitað landhelgismálið. Lúðvík Jósefsson sjútvmrh. vildi sem minnst við NATO ræða. Ráðherrar Alþfl. vildu skýra málið fyrir NATO, sem lögboðið var, og í raun og sannleika, eins og alltaf hefur gægzt fram, endalaust samningaþóf við NATO-ríkin og færa ekki út nema með samkomulagi við þau.

Við ráðherrar Framsfl. neituðum vinnuaðferðum beggja samstarfsflokkanna að nokkru leyti. Við kröfðumst þess, að sjútvmrh. biði eftir eðlilegum viðræðum við NATO. Þar skyldi ræða málið, skýra málstað okkar, reyna að afla fyrir fram samþykkis fyrir einhliða rétti okkar til útfærslu í 12 mílur. Með þessu gátum við notað NATO til þess að afla málstað okkar fylgis hjá þeim ríkjum, sem voru ekki mjög andvíg, og sverfa hvassasta broddinn af vopnum þeirra, sem voru málstað okkar andstæðastir. En hins vegar varð að koma í veg fyrir þá hættu, að viðræðurnar í NATO yrðu að endalausu viðræðu- og samningaþófi og ákvörðun í landhelgismálinu slegið á frest og þannig að engu gerð.

Þeir, sem vildu samningaþófið, héldu því stöðugt fram, að ekki skorti nema herzlumuninn, að viðurkenning fengist fyrir fram fyrir einhliða útfærslu okkar. Til þess að sannreyna þetta og til þess að höggva á hnút samningaþófsins var 18. maí 1958 fyrirspurn send til NATO-fulltrúa Íslands í París um það, hvort NATO-ríkin vildu samþykkja fyrir fram 12 mílna útfærsluna, ef tekið væri visst tillit til þeirra, eins og kemur fram í skeytinu, sem hefur verið birt. Svars var krafizt fyrir 20. maí. Svarið var neitandi, en stungið í þess stað upp á sérstakri NATO-ráðstefnu, reynt að draga okkur inn í samningaþóf, eins og alltaf.

Nú var búið að nota aðstöðuna í NATO til þess gagns sem hún gat orðið, en nú þurfti að koma í veg fyrir, að hún yrði að þófi okkur til tjóns. Ákvörðun varð að taka þegar í stað. Fundur var haldinn í Framsfl. að kvöldi 20. maí. Í fundargerðabók þingflokksins þennan dag stendur: „Allir þingmenn flokksins andvígir sérstakri ráðstefnu í NATO til þess að semja um landhelgismálið." Afstöðu Framsfl. tilkynnti ég á ráðherrafundi 21. maí.

Eftir hádegi átti ég tal við Ólaf Thors, formann Sjálfstfl., og með honum Gunnar Thoroddsen. Þar las Ólafur Thors yfirlýsingu frá Sjálfstfl., er hófst á þessa leið: „Yfirlýsing Sjálfstfl. 21. maí. Forsrh. hefur tilkynnt Sjálfstfl., að Framsfl. hafi ákveðið að hafna algerlega frekari viðræðum við NATO-ríkin, áður en fiskveiðitakmörkin verða færð út." Síðan er sagt, að Sjálfstfl. sé andvígur þessari vinnuaðferð og vilji ekki eiga þátt í henni. Miklu skipti fyrir Íslendinga, að hafa vináttu við NATO-

ríkin o. s. frv., en þá vináttu átti að kaupa fyrir að færa ekki út nema það sem NATO-ríkin leyfa.

Eins og kemur fram í þessari yfirlýsingu, var Sjálfstfl. andvígur ákvörðun um útfærslu, móti því, að slitið væri viðræðunum við NATO-ríkin, meðmæltur áframhaldandi samningaþófi, sem var sama og að stöðva málið. Hann skarst úr leik á örlagastund.

Á ráðherrafundinum 21. maí kom í ljós, að Alþfl. vildi ekki eins og Framsfl. og Alþb. fallast á að taka hreina, jákvæða afstöðu með því, að reglugerðin um útfærsluna yrði gefin út 30. júní með gildistöku 1. sept. Þessi afstaða Alþfl. byggðist auðvitað á engu öðru en því, að hann vildi, eins og Sjálfstfl., áframhaldandi samningaþóf við NATO-ríkin. Ríkisstj. var raunverulega klofin og Alþfl. kominn í stjórnarandstöðu í þessu máli, enda var hann það eftir það, þangað til yfir lauk síðar á árinu.

Í þessu stappi stóð við Alþfl. á endalausum fundum allt til 23. maí. Á þessu tímabili boðaði forseti Íslands tvívegis á. m. k. ríkisráðsfundi, þar sem ég kvaðst mundu biðjast lausnar fyrir stjórnina, og eru eftirminnilegar fréttatilkynningar um þetta í Morgunblaðinu um þetta leyti. Landhelgismálið hefði þá strandað á andstöðu Alþfl. og kosningar snúizt um það. Þá var Alþfl. ekki búinn að tengja sig Sjálfstfl. að fullu og átti því nokkurn veginn víst að verða algerlega þurrkaður út af Alþingi, ef kosningar snerust um það, að hann hefði stöðvað útfærslu landhelginnar. En Alþfl. kærði sig ekki um alþingiskosningar um þessa afstöðu, og þess vegna samþykkti hann útgáfu reglugerðarinnar. Þannig bjargaði hræðsla Alþfl. við dóm kjósenda landhelgismálinu, þótt bæði hann og Sjálfstfl. væru því andvígir. Reglugerðin var gefin út 30. júní, með gildistöku 1. sept. 1958.

Næstu vikurnar er kyrrara um málið á yfirborðinu. Þekktur Íslendingur, nátengdur stjórn Sjálfstfl., kom að vísu fram í sjónvarpi í Englandi og fullvissaði brezku þjóðina um, að auðvelt væri að ná samningum við Íslendinga í landhelgismálinu. Bjarni Benediktsson hélt fund á Flateyri seint í júní 1958 og sagði, að við kæmumst aldrei lengra í landhelgismálinu en samkomulag næðist um við stærstu siglingaþjóðir heims. Pétur Benediktsson sagði á fundi í Ölver 24. ágúst, að kommúnistar og framsóknarmenn hefðu svínbeygt Guðmund í. Guðmundsson í landhelgismálinu.

Allt sumarið var undirróður fyrir því að taka upp samninga við NATO. Enginn fylgdist betur með þessu en ambassador Breta á Íslandi. Það er vitað, að hann, í samræmi við þær upplýsingar, sem hann fékk frá sjálfstæðismönnum, sagði ríkisstj. sinni, að óeining væri með íslenzku þjóðinni í landhelgismálinu, Sjálfstfl. og Alþfl. vildu semja. Þessar röngu upplýsingar eru ástæðan til þess, að brezka ríkisstj. sendi herskip inn í landhelgina. Það er fyrst og fremst verk Sjálfstfl. En þegar Bretar ráku sig á það síðar og um seinan, að þessar upplýsingar voru rangar að því er þjóðina áhrærði, fluttu þeir ambassador sinn burt og stórlækkuðu hann í tign.

Árás var gerð á mig í Morgunblaðinu, t. d. 13. ágúst, þar segir, að „sérstaða sjálfstæðismanna var fyrst og fremst fólgin í því, að þeir voru andvígir þeirri ákvörðun forsrh. að hafna algerlega frekari viðræðum við NATO-ríkin á s. l. vori, áður en útfærsla fiskveiðitakmarkanna var ákveðin.“

Glöggt er það enn, hvað þeir vilja. Eins og menn muna, hafði krafa NATO-ríkjanna verið sérstök NATO-ráðstefna til þess að semja um landhelgismál Íslands. Þegar neitandi svar barst við fyrirspurninni til NATO 18. maí, neitaði íslenzka ríkisstj. 20. maí og síðan sérstakri ráðstefnu í NATO um málið. Þessa kröfu, sem hvað eftir annað hafði verið neitað, vegna þess að hún leiddi til stöðvunar á málinu, gerir Sjálfstfl. enn á ný að sinni í bréfi til utanrrh., dags. 22. ágúst, að sagt er í bréfinu til að afstýra voða á miðunum.

Á forsíðu Morgunblaðsins 22. ágúst birtist með stærsta letri þessi fyrirsögn: „Sjálfstæðisflokkurinn leggur til, að ráðherrafundur í Atlantshafsbandalaginu verði kallaður saman nú þegar.“ Í undirfyrirsögn segir, að Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson hafi 22. ágúst átt ýtarlegt samtal um þessa tillögu Sjálfstfl. við utanrrh.

Þessi stutta klausa segir mikla sögu. Með þessu var stefnt að því í leynisamtölum Ólafs, Bjarna og Guðmundar að ógilda reglugerðina um útfærsluna og hefja í staðinn samningamakk á sérstakri ráðstefnu.

Hinn 30. ágúst heldur herferðin enn áfram í Morgunblaðinu. Þar segir með stórri fyrirsögn: „Ráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins bezti vettvangur til að afla skilnings og viðurkenningar á málstað Íslands.“

Öllum, sem þessar tillögur lesa, er auðvitað ljóst, að ef samningar hefðu verið reyndir, hefði orðið að ómerkja gildistöku og framkvæmd landhelgisreglugerðarinnar frá 30. júní, er átti að taka gildi 1. sept. Ríkisstj. átti fyrst að lýsa ómerk og ógild öll sín verk í landhelgismálinu daginn fyrir gildistökuna, fljúga síðan til útlanda og setjast á samningafund með NATO-ríkjunum. Hafa menn yfirleitt heyrt furðulegra? Framsfl. hafnaði þessu með fyrirlitningu, og þar með var hinni nýju herferð um að stöðva útfærsluna lokið.

Eftir fund Péturs Benediktssonar að Ölver og fleiri tákn frá sjálfstæðismönnum munu útvegsmenn, skipstjórar og stýrimenn á Akranesi hafa þótzt sjá, hvert Sjálfstfl. stefndi. Þeir gerðu samþykkt 27. ágúst. Hún er birt í Morgunblaðinu á 3. síðu með fyrirsögninni: „Hvergi að hopa frá settu marki í landhelgismálinu.“ Er talið, að Pétur Ottesen hafi staðið fyrir þessari samþykkt og afhent Morgunblaðinu til birtingar með vel völdum orðum. En allt gerist nú jafnsnemma. Bjarni Benediktsson, aðalritstjóri Morgunblaðsins, fer norður í land 30. ágúst, og 31. ágúst 1958 snýr Morgunblaðið við. Þann dag birtist grein með nýjum tón á forsíðu: „Íslendingar einhuga um sæmd sína og rétt.“

Ég er ekki í neinum vafa um, að samþykktin frá Akranesi ásamt aðvörunarorðum frá Pétri Ottesen hefur skotið forustumönnum í Sjálfstfl. skelk í bringu í bráð. Þeir vissu frá Alþfl., af nánu samstarfi við hann um landhelgismálið o. fl., að ríkisstj. riðaði til falls. Það varð að gæta sín fyrir kjósendum, ef stutt var til kosninga, og ekki hægt að treysta gleymskunni.

Það er eftirtektarvert, hvernig Sjálfstfl. og Alþfl. hagræddu nú afstöðu sinni og gerast nú hinir skeleggustu í landhelgismálinu. Þeir standa að samþykkt Alþingis 5. maí 1959, þar sem lofað er hátíðlega að vikja hvergi í landhelgismálinu. Þeir hafa

hátt um þessa samþykkt í kosningunum 1959. Ambassador Íslands í London er kallaður heim rétt fyrir kosningarnar og sagt, að eiginlega sé stjórnmálasambandi við Bretland slitið. Við þá ofbeldisþjóð hafi ríkisstj. Íslands ekkert að tala. En svo er ambassadorinn sendur til London aftur, nokkru eftir að kosningarnar eru búnar. Miklu verri mótmæli en engin, því að Bretum varð ljóst, að ríkisstj. meinti ekkert með þessu, enda hlæja þeir að öllu saman. Enginn Íslendingur mátti mæta á NATO-fundi, sem haldinn var í Englandi sumarið 1959. Átti þetta að sýna Íslendingum fyrirlitningu ríkisstj. á framferði Bretanna. Íslendingar máttu ekki *einu sinni sækja kennaraþing* í Bretlandi. Þetta er allt leikaraskapur fyrir kosningar til þess að breiða yfir fyrri feril sinn og raunverulega *stefnu*. En skoðanir þessara manna hafa alltaf verið og eru þær sömu í landhelgismálinu, að landhelgin geti aldrei orðið stærri en Bretar og Bandaríkin vilja leyfa okkur að hafa hana.

Þessar skoðanir birtust okkur, sem áttum í höggi við þær, í maí 1958 og í ágúst 1958, eins og þær eru raunverulega. Þær tóku á sig svip yfirdrepsskaparins fyrir síðustu kosningar. Svo er dokað við um tíma, meðan kosningaloforðin eru að gleymast. Síðan er byrjað á að tæpa á viðræðum við Breta. Skaðar ekki að tala við mennina, er sagt. Hins vegar kemur ekki til mála að ræða við þá um landhelgina, því síður um tilslökun á henni, er sagt næst. En smátt og smátt er farið að tæpa á því, að meta verði, hvaða verði borgi sig að kaupa landanir í Bretlandi og friðinn á miðunum.

Nú álíta forustumenn Sjálfstfl. og Alþfl., að sé nægilega langt til kosninga. Nú þora þeir að sýna andlitið, eins og það var 1958 og hefur alltaf verið bak við grímuna. Þeir reyna ekki að réttlæta verk sín með rökum. Þess í stað reyna þeir að hylja sig í þeirri reykbombu, að það, sem þeir séu nú að gera með samningunum við Breta, *sé hliðstætt því*, sem Framsfl. var samþykkur að gert var 1958. Þá, þegar Íslendingar vissu ekki, hvort nokkur þjóð mundi virða útfærsluna í verki, var reynt með fyrirspurn 18. maí og 22. ágúst að fá viðurkenningu allra þjóða NATO fyrir því, að við hefðum rétt til að færa út einhliða í 12 mílur, en buðumst þá til að *athuga* að *haga útfærslunni með nokkurri* tillitssemi við þær. Þetta mál var þá rætt opinberlega og flestir á einu máli um, að þessi málsmeðferð væri sjálfsögð, eins og stóð á þá. Nú hafa allar þjóðir viðurkennt landhelgi okkar í verki á þriðja ár. Aðeins ein hefur beitt okkur ofbeldi. Við hana eina á að semja sérstaklega um að minnka landhelgina aftur.

Árið 1958 hafði reglugerðin verið gefin út, og í ágúst hafði hún ekki tekið gildi, enda tekið *fram*, að tímann til 1. sept. ætti að nota til að afla henni viðurkenningar meðal þjóðanna. Nú hefur friðun staðið á þriðja ár með 90% árangri. Allir viðurkenna, að Íslendingar hafa sigrað. Bretar geta ekki fiskað hér undir herskipavernd. Þá stóðum við í því einangraðir að sækja fram úr 4 sjómílum í 12. Nú eigum við að gera sérsamning við einu ofbeldisþjóðina um það að ganga aftur á bak fyrir hana um 6 mílur. Árið 1958 hafði *engin* þjóð *sýnt* okkur ofbeldi. Framboðin tillitssemi var engin lítillækkun, en sjálfsögð tilraun. Nú eru samningar helzt réttlættir með því, að við verðum að kaupa af okkur ofbeldið *fyrir landhelgi*, sem við höfum helgað okkur, og fyrir virðingu okkar. Væntanlega á svo að gera þetta að reglu í viðskiptum okkar við aðrar þjóðir framvegis, að gera bezt við þá, sem sýna okkur ofbeldi og berja á okkur.

Bretar vilja fá þann kaupbæti með hluta af landhelginni, að við játum frammi fyrir öllum þjóðum, að það, *sem* við höfum gert og alls staðar haldið fram að væri rétt, hafi verið rangt. Þessum bita á þjóðin að kyngja með afsali landhelgisréttinda. Bretar telja sig vita, að þjóð, sem þeir hafa einu sinni kúgað og niðurlægt rækilega, geti þeir kúgað aftur, því að hún hafi tapað virðingu annarra þjóða og nægilega miklu af sjálfsvirðingu sinni. Bretar eru að sellast eftir fleiru í þessum samningum, fjöreggi Íslendinga. Landhelgi, sem þjóðirnar viðurkenna, *stækkar svo að segja með hverju árinu*. Þjóðir, sem nú fá frelsi og koma í Sameinuðu þjóðirnar, heimta stækkaða landhelgi. Það getur svo farið, að eftir nokkurn tíma verði landgrunnið viðurkennt sem landhelgi Íslands. Ef Bretar geta tælt okkur nú til samninga, segja þeir næst, þegar við ætlum að færa út, þótt þá væri í samræmi við *alþjóðalög og okkur lífsnauðsyn*: Þegar þið fenguð 12 mílur, urðuð þið að viðurkenna það, að þið gátuð ekki tekið ykkur þær nema með samþykki okkar. Þar með játuðuð þið ykkur undir það, að þið gætuð ekki gert frekari útfærslu nema með samningum við okkur. Þið játuðuð, að við værum sú þjóð, sem ætti vegna sögulegra réttinda hagsmuna að gæta, *sem* taka *yrði* tillit til, þegar þið viljið færa út landhelgina.

Þetta er það fjöregg Íslendinga, sem Bretinn vill fá, en við verðum að koma í veg fyrir, að honum takist að ná. Þess vegna samþykkjum við þá tillögu, sem hér liggur fyrir.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Undanfarið hafa farið fram allmiklar umr. um landhelgismál hér á hv. Alþingi í sambandi við frv. til laga um 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands, sem allir þm. Alþb. og Framsfl., sem sæti eiga í Ed., fluttu þegar í þingbyrjun. Í þeim umr. gerðist það furðulega fyrirbæri, að hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, reyndi að neita því með öllu, að nokkuð nýtt hefði komið *fram* eða *nokkuð gerzt*, *sem minnsta ástæða* væri til að skýra Alþingi frá, í öllum þeim samningaviðræðum, sem farið hafa fram milli Íslendinga og Breta um landhelgismálið og hafa staðið nú nokkuð á fjórða mánuð eða a. m. k. síðan 10. ágúst s. l., þegar þær voru ákveðnar.

Hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, var að því leyti raunsærri og heiðarlegri en hæstv. utanrrh., að hann játaði, að verið væri að ræða ákveðinn samningsgrundvöll við Breta, að veita þeim rétt til fiskveiða innan 12 mílna fiskveiðilandhelginnar gegn einhverjum friðindum, enda hefur þessi hæstv. ráðh. farið víða um landið undanfarið og haldið fundi með flokksmönnum sínum til þess að búa þá undir væntanlega samninga við Breta.

En báðir þessir hæstv. ráðh. reyndu að hylja það, *sem nú er* að gerast í landhelgismálinu, í miklu reykskýi, sem þeir reyndu að þyrla upp um það, sem hefði gerzt árið 1958, bæði í maímánuði, áður

en reglugerðin frá 30. júní um 12 mílna landhelgina var gefin út, og þó einkum í ágústmánuði, rétt áður en hún gekk í gildi, og alveg sérstaklega varð þeim tíðrætt um viss símskeyti, sem hæstv. utanrrh. hefði á þessum tímum sent til vina sinna í Atlantshafsbandalaginu, þ. á m. Breta, í samráði við Framsfl. og Sjálfstfl., með tilboðum um tilslakanir frá 12 mílna landhelginni.

Ég vil nú spyrja: Halda þessir hæstv. ráðh., að það sé þetta karp um það, sem gerðist 1958, sem þjóðin vill heyra nú? Nei, það, sem þjóðin á heimtingu á að heyra nú frá hæstv. ráðh., eru svör við þessum spurningum: Um hvað er verið að semja við Breta? Um hvað hefur verið rætt við þá í 3½ mánuð, frá 10. ágúst til þessa dags, 25. nóv.? Um hvað á að semja við þá, þegar samninganefndir koma saman að nýju í næstu viku? Stefnir hæstv. ríkisstj. markvisst að því að gera sérsamning við Breta um að minnka íslenzka fiskveiðilandhelgi og gefa brezkum togurum rétt til fiskveiða innan 12 mílna fiskveiðilandhelginnar eftir allt það, sem brezka ríkisstj. og brezkir togarar hafa aðhafzt gegn Íslendingum, og eftir allt það, sem hefur gerzt í landhelgismálum á alþjóðavettvangi síðustu árin? Það eru svör við þessum spurningum, sem ég hygg að þjóðin bíði eftir í þessum umr.

Tilviljun hefur ráðið því, að hæstv. ráðh., Guðmundur Í. Guðmundsson og Bjarni Benediktsson, tala hér á eftir mér. En ef þeir tala enn um skeytin, sem hæstv. utanrrh. sendi í maí og í ágúst 1958, þá eiga þeir að vera svo heiðarlegir menn að leggja þau öll á borðið. Ég skoraði í umr. í Ed. á hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktsson, að birta alþjóð þegar í stað öll gögn um landhelgismálið frá 1958 og síðan, sem hann hefur undir höndum. Ef hann vill nú á eftir tala um það, sem Framsókn hafi viljað gera 1958, þá á hann að byrja með því að lesa hér í þingsalnum frumgögnin, öll skeytin, sem félagi hans, hæstv. utanrrh., sendi til útlanda í ágúst 1958 í nánu samráði við Sjálfstfl. Og ef hann vill — þ. e. a. s. ef hann þorir að tala um afstöðu og tillögur Sjálfstfl. í landhelgismálinu 1958, þá á hann að byrja með því að lesa upp þessar till. Sjálfstfl., ef nokkrar eru, í sambandi við setningu reglugerðarinnar 1958. Ég skora á hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktsson, að gera þetta.

Er það heiðarlegt að byggja málflutning sinn á gögnum, sem enginn, sem á hlýðir, hefur heyrt eða séð? Ég sá aldrei nein þeirra skeyta, sem hæstv. ráðh. hafa talað mest um, en ég varð vitni að því, *að hæstv. utanrrh. neitaði meðráðherrum sínum* í vinstri stjórninni, hv. þm. Hermanni Jónassyni og Eysteini Jónssyni, um að fá að sjá þau skeyti, hvað þá að fá afrit af þeim skeytum, sem hann sendi sem utanrrh. í stjórn Hermanns Jónassonar í ágústmánuði 1958 og notaði síðan sjálfur til árása á Hermann Jónasson.

Ég endurtek áskorun mína til hæstv. ráðh.: Skjölin á borðið um allt, sem gerðist 1958, og þá sérstaklega skeytin frá því í ágúst 1958. Ég endurtek áskorun mína til hlustenda: Takið eftir því, hvort hæstv. ráðh. verða svo heiðarlegir menn að leggja þessi skjöl á borðið nú í þessum umr., ef þeir leyfa sér að tala enn um baktjaldamakk sitt 1958.

En ég tel, að meiri þörf sé að tala um það, sem nú er að gerast og nú er stefnt að því að gera. Ég ætla ekki að tala miklu meira um það, sem gerðist 1958. En ég ætla þó að varpa fram einni spurningu. Ég vil spyrja: Finnst í þessum þingsal og finnst á þessu landi yfirleitt nokkur maður, sem óskar þess nú, að það hefði verið látið ógert, sem gert var 1958, að stækka íslenzka fiskveiðilandhelgi í 12 mílur? Þeir menn voru til 1958. Meðal þeirra var hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson. Hann sagði á landsfundi Sjálfstfl., sem haldinn var næst á eftir útgáfu reglugerðarinnar um stækkun landhelginnar: „Sök Guðmundar Í. Guðmundssonar var sú, að hann skyldi ekki hindra Lúðvík í þessu.“

Og það eru til menn, sem gengu nauðugir til þess verks að stækka landhelgina í 12 mílur. Meðal þeirra var hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson. Um það hafa hæstv. forsrh., Ólafur Thors, og bróðir hæstv. dómsmrh., Pétur Benediktsson bankastjóri, sagt, að hæstv. utanrrh. hafi verið kúgaður og svínbeygður til að eiga þátt í útgáfu reglugerðarinnar 1958. Er þetta satt? Já, það er satt. En var þá ekki ljótt að kúga manninn? Nei, það er siðferðilega rétt, fallegt og gott að kúga menn eins og forsprakka Alþfl. til þess að hætta við að svíkja, þá sjaldan það er hægt.

Hæstv. ráðh., sem hér tala á eftir mér, hafa sagt, að það sé þjóðarnauðsyn í dag að eyða deilunni við Breta og þess vegna beri að semja við þá um minnkun íslenzkrar landhelgi. Við, sem hér eigum sæti á Alþ. nú, vorum kosnir fyrir réttum 13 mánuðum. Ég spyr: Finnst hér í þessum þingsal nokkur hv. þm., sem flutti þá skoðun fyrir kjósendum fyrir kosningarnar í okt. 1959, að okkur bæri að taka upp samninga við Breta og gera við þá samninga um að minnka íslenzka fiskveiðilandhelgi? Finnst á þessu landi nokkur kjósandi, sem minnist þess, að nokkur frambjóðandi hafi flutt það mál? Er hér nokkur hv. þm., sem er kosinn til þess að semja við Breta?

Hæstv. ráðh. segja okkur í dag: Við höfum tekið upp samninga við Breta í tvennum tilgangi: Til þess að fá þá til þess að viðurkenna rétt okkar til landgrunnsins alls og til þess að koma í veg fyrir árekstra á hafinu við Ísland og þar með lífshættu íslenzkra sjómanna. Og umfram allt þurfum við að eyða deilunni við Breta. Það er þjóðarnauðsyn Íslendinga. — En ef þetta er þjóðarnauðsyn í dag, þá hefur það væntanlega verið þjóðarnauðsyn fyrir einu ári. Hvers vegna komu þá ekki þessir menn heiðarlega og hreinskilnislega fram fyrir kjósendur í október í fyrra og sögðu: Deilan við Breta hefur staðið í meira en eitt ár. Við verðum að eyða henni. Við verðum nú að semja við Breta? — Voru ekki sjómenn okkar í sömu lífshættu á hafinu þá og nú? Var ekki sama hætta þá og nú af árekstrum á hafinu? Var ekki eins æskilegt þá og nú að fá viðurkenningu Breta á rétti okkar til landgrunnsins alls? Ef hæstv. ráðh. eru nú í samningum við Breta að fá þá viðurkenningu, hvers vegna byrjuðu þá ekki samningar strax sumarið 1959? En ég skora nú á hæstv. ráðh., sem tala hér á eftir mér, að segja okkur, hvaða líkur eru til þess eftir 3½ mánaðar samningaþóf við Breta að fá viðurkenningu þeirra fyrir rétti okkar til landgrunnsins alls, viðurkenningu þeirra á því, að við höfum fullan rétt til þess með einhliða ákvörðun okkar að gera landgrunnið

allt að fiskveiðilandhelgi Íslands. Ég ætla að hætta á að fullyrða, — ég tel það enga áhættu, — að þær líkur eru alls engar. Hæstv. ráðh. koma ekki með þá viðurkenningu Breta, hve mikið sem þeir slá af 12 mílna landhelginni. En ég skora sérstaklega á hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktsson, að skýra hlustendum frá því í næstu ræðu sinni, hve miklar hann telur líkurnar fyrir því í dag, að Bretar viðurkenni fullan rétt okkar til landgrunnsins alls.

Það, sem hæstv. dómsmrh. hefur verið að reyna að láta hilla undir sem mikinn sigurvinning okkar í samningum við Breta, er það, að Bretar kunni að verða fáanlegir til þess að gefa okkur eftir einhver svæði utan 12 mílna, á svæðinu, sem þeir kalla opið haf og frjálst öllum og vilja ekki fiska á sjálfir, gegn því, að þeir fái að fiska á svæðinu milli 6 og 12 mílna fyrir hverjum landsfjórðungi eða allt umhverfis landið, á svæðinu, sem hefur verið friðað athafnasvæði bátaflotans s. l. tvö ár, að undanskildum „hólfum" Breta, þar sem herskip þeirra hafa hnappsetið brezka togara, en þessi hólf hafa verið milli 5 og 10% af allri friðaðri landhelgi Íslands.

Það er orðin svo almennt viðurkennd staðreynd af öllum, sem vit hafa á, að hernaðaraðferð Breta hér við land síðan 1. sept. 1958 hefur mistekizt, að þeir hafa tapað stríðinu, vegna þess að það borgar sig ekki fyrir brezku togarana að fiska í „hólfunum" né heldur fyrir brezku stjórnina að halda úti herskipum til að gæta þeirra, að sjálfur hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, hefur neyðzt til þess að gera þá játningu í umr. um landhelgismálið í Ed., sem ég les nú orðrétta eins og hún var birt í Morgunblaðinu eftir hæstv. ráðh. Hann sagði: „Landhelgismálið er leyst. Tólf mílurnar er búið að vinna. Það er rétt." En ef þetta er rétt, hver eru þá rökin fyrir því, að það sé þjóðarnauðsyn að „eyða deilunni" við Breta með því að gefa þeim rétt til að fiska á milli 6 og 12 mílna á miklu stærri svæðum en þeir hafa hingað til tekið með ofbeldi? Ef einhver efast um, að brezkir togaraeigendur vænti sér stóraukinna hagsbóta af væntanlegum samningum við Íslendinga, þá má benda á það, að þeir hafa með félagssamþykktum neitað sjálfum sér um það að fiska í „hólfunum" í sumar og í haust, meðan samningsviðræðurnar stæðu yfir, og ekki farið dult með það í blöðum sínum, að það kunni að margborga sig fyrir þá vegna þeirra stórfelldu hagsbóta, sem þeir gætu vænzt af niðurstöðum samninganna við Íslendinga.

Hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, hefur sagt, að Bretar hafi rika hagsmuni af því að fá þessa deilu út úr heiminum, ekki fyrst og fremst vegna sinna fiskveiðihagsmuna, heldur af öðrum ástæðum. Það hlýtur þó að vera öllum ljóst, að brezkir togaraeigendur líta fyrst og fremst á sína fiskveiðihagsmuni, og þeir meta þá svo, að þeir gera sér miklar vonir um hagsbætur af samningum við Íslendinga. Hæstv. dómsmrh. stagast á því, að við eigum að hleypa Bretum inn í 12 mílna landhelgina í nokkur ár, á meðan þeir séu að „umþótta" sig. Hvað þýðir þetta skrýtna orð? Það þýðir það, að við eigum að bera kostnaðinn af því, að brezkir togaraeigendur verða nú að breyta togaraútgerð sinni, vegna þess að 12 mílurnar hafa sigrað í heiminum.

En hvaða „rikar ástæður" hefur brezka stjórnin til þess að losna úr deilunni, aðrar en fiskveiðihagsmuni togaraeigenda sinna? Hæstv. dómsmrh. hefur forðazt að skýra það nánar, hvað hann á við með þessum orðum. Ég skora á hann að gera það hér á eftir. En við förum reyndar nærri um það. Brezka stjórnin hefur nefnilega ekki haft nema skaða og skömm af hernaði sínum við Ísland. Það er orðin alkunn staðreynd um allan heim, að Bretar hafa aldrei beitt herskipaflota sínum gegn neinni af þeim 30—40 þjóðum, sem nú hafa stækkað fiskveiðilandhelgi sína í 12 mílur eða meira, nema gegn þeirri minnstu og varnarlausustu, Íslendingum, og þeirri einu þessara þjóða, sem er í hernaðarbandalagi við Breta. Þeir sendu ekki flota sinn gegn Rússum, þegar þeir lýstu yfir 12 mílna landhelgi, og ekki gegn kommúnistum í Kína, þegar þeir gerðu slíkt hið sama, á eftir Íslendingum.

Hinar „ríku ástæður", sem brezka stjórnin hefur til að losna úr klípunni, sem Bretar eru komnir í með hernaði sínum gegn bandalagsþjóð sinni, Íslendingum, eru þrenns konar:

1) Þeir vita, að 12 mílna fiskveiðilandhelgin hefur sigrað, hún er orðin lágmarksregla að þjóðarétti. Hún flæðir yfir heiminn á næstu árum, eins og Mr. Dean, formaður sendinefndar Bandaríkjanna á Genfarráðstefnunni komst að orði. Fleiri og fleiri þjóðir taka sér hana með einhliða ákvörðun, eins og 30—40 þjóðir hafa þegar gert.

2) Bretar þurfa þess vegna að binda Íslendinga með samningum til þess að tryggja, að þeir fari ekki lengra út með grunnlínurnar og landhelgina sjálfa á næstu árum.

3) Bretar hafa haft svo mikla smán af hernaði sínum á Íslandsmiðum, að þeir munu ekki þora að taka hann upp að nýju, þó að nú slitnaði upp úr samningum við Íslendinga.

Ástæðan er einföld. Það er verið að hefja nýja áróðursherferð fyrir Atlantshafsbandalaginu. Það á að verða miklu nánar samtvinnað ríkjasamband, ekki í hernaðarmálum einum, heldur á öllum sviðum, efnahagslegum sem pólitiskum. Það á að verða nánast sambandsríki Bandaríkjanna og ríkjanna í Vestur-Evrópu, sem eru innan þessa bandalags. Áframhaldandi hernaður Breta á Íslandsmiðum verður algerlega ósamrýmanlegur þessum áróðri, sem þegar er hafinn. Þess vegna eru það nú Bandaríkin, sem eftir að hafa haft forustuna í baráttunni gegn 12 mílna fiskveiðilandhelginni, mesta lífshagsmunamáli Íslendinga, eftir að hafa rekið rýting í bakið á Íslendingum, eins og Morgunblaðið sagði 1958, með till. um hinn eilífa sögulega rétt handa Bretum og öðrum ránsveiðiþjóðum og eftir að hafa endanlega tapað þeirri baráttu, skipa nú Bretum og okkur litlu körlunum að semja strax, svo að ekki verði lengur hægt að benda á hernaðarástandið við Íslandsstrendur.

Samningur við Breta nú um rétt handa brezkum togurum innan 12 mílna landhelginnar til stóraukinna hagsbóta fyrir þá er því enn ein fórnin, — ekki sú fyrsta og ekki sú síðasta, — sem Íslendingar eiga að færa á altari Atlantshafsbandalagsins.

Rök hæstvirtra ráðh. fyrir því að semja við Breta nú eru og verða ekki þau, að þeir færi okkur fulla viðurkenningu Breta á rétti okkar til að setja með einhliða ákvörðun þá fiskveiðilandhelgi við Ísland,

sem lífshagsmunir íslenzku þjóðarinnar krefjast á hverjum tíma og leyfileg er að þjóðarétti. Þeir vita vel, að þeir koma ekki með slíka viðurkenningu á rétti okkar, þessir hæstv. ráðh. Þeir hafa orðað þetta svo, báðir hæstv. ráðh., að Bretar kunni að verða fáanlegir til að láta af mótmælum sínum gegn 12 mílunum, þ. e. að láta af hernaðarofbeldinu, gegn friðindum þeim til handa.

En meginrökin eru þau, að það verði að koma í veg fyrir hættu af „árekstrum á hafinu", og þessir hæstv. ráðh. hafa báðir vælt grátklökkir í ræðustól Ed. um lífshættu íslenzkra sjómanna í sambandi við þessa „árekstra" á hafinu. Hvaða „árekstrar" eru þetta? Það eru þess konar árekstrar, að brezk herskip og brezkir togarar hafa gert ítrekaða tilraun til að sigla í kaf íslenzk varðskip og fiskiskip, og það er „árekstur" eins og sá, sem varð 12. nóv. 1958, þegar brezkt herskip kallaði þessi skilaboð til varðskipsins Þórs: „Ef þú skýtur á togarann, þá skal ég sökkva þér." En hvar var varðskipið Þór statt, þegar það ætlaði að stöðva og taka þennan togara? Var það á ytra 6 mílna beltinu, sem Bretar eiga nú að fá til þess að koma í veg fyrir árekstra á hafinu? Nei, það var innan 3 mílna landhelgi Íslands, sem Bretar þykjast viðurkenna.

Halda menn, að hættan, sem íslenzkum sjómönnum stafar af brezkum föntum, verði úr sögunni, ef brezka togaraflotanum og í kjölfar hans togaraflota allra annarra þjóða verður hleypt inn á svæðið milli 6 og 12 mílna, þar sem bátafloti okkar hefur verið síðustu tvö árin nokkurn veginn í friði, að undanskildum þeim hólfum, sem brezk herskip hafa gætt?

Voru ekki íslenzkir sjómenn í hættu fyrir brezkum togurum, meðan landhelgin var aðeins 3 sjómílur óumdeilt? Var ekki Hannes Hafstein í lífshættu þá? Og voru ekki drepnir nokkrir íslenzkir sjómenn þá?

Er verið að tryggja líf íslenzkra sjómanna með því að hleypa öllum útlenda togaraskaranum inn á veiðisvæði bátaflotans milli 6 og 12 mílna í óveðrum vetrarins á vertíðinni?

Ætla hæstv. ráðherrar, hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh., að taka ábyrgð á lífi íslenzkra sjómanna, að það verði þá ekki í hættu vegna „árekstra" á hafinu?

Ég veit, að þeir, sem þekkja aðstæður sjómanna á bátaflotanum á vertíð og vita, hvað það þýðir, að öllum útlenda togaraskaranum verði hleypt inn á 6—12 mílna beltið, þeir taka ekki mark á þessum rökum. En ég efast um, að nokkurn tíma hafi verið viðhöfð önnur eins hræsni í umr. hér á hv. Alþingi og þegar hæstv. dómsmrh. er að belgja sig út um það, að hann skuli koma í veg fyrir lífshættu íslenzkra sjómanna með samningum við Breta. Og ég skal nú sanna þetta.

Haustið 1958, þegar öll íslenzka þjóðin sýndi, að hún stóð einhuga að baki vinstri stjórninni með stækkun landhelginnar í 12 mílur og á móti ofbeldisaðgerðum Breta, þá fóru forkólfar Sjálfstfl., hæstv. forsrh., Ólafur Thors, og hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, á kreik með till. um að taka upp viðræður innan Atlantshafsbandalagsins um landhelgismál Íslendinga og ofbeldisárásir Breta. Rökin voru eins og nú, að það yrði að koma í veg fyrir hættu af „árekstrum á hafinu". Þeir félagar fylgdu þessari till. sinni fram af miklum krafti í nóv. og des. 1958. Þeir töldu hana þá eins og nú þjóðarnauðsyn. En rétt fyrir jólin 1958 létu þeir Alþfl. mynda ríkisstj. Þeir höfðu þá ríkisstj. algerlega í hendi sinni. Halda menn, að þeir hefðu t. d. ekki getað sett stjórn Alþfl. það skilyrði að framkvæma þá till., sem þeir töldu mesta þjóðarnauðsyn? Hvað gerðu þeir, Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson? Á útmánuðum 1959, á hávertíðinni, hættu þeir að tala um hættuna á árekstrum á hafinu og lífshættu sjómanna. Og hinn 5. maí 1959 létu þeir þessa till. sína niður falla með öllu með því að samþykkja með öllum öðrum flokkum þál., þar sem sagt var, að þar sem ofbeldisaðgerðir Breta væru sýnilega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsti Alþingi yfir, að minni landhelgi en 12 mílur frá grunnlínum allt umhverfis landið kæmi ekki til mála.

Hæstv. utanrrh. kastaði rekunum á þessa till. þeirra félaga, Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar, um nýjar viðræður við Breta með því að láta bóka þetta eftir sér á fundi utanrmn. 27. apríl 1959, þar sem endanlega var gengið frá ályktun Alþingis 5. maí 1959, orðrétt: „Að áliti utanrrh. kemur ekkert nýtt fram, ef við tökum málið aftur upp innan NATO, en í þess stað kunna að geta skapazt nýir erfiðleikar." Síðan hafa þeir félagarnir, Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson, ekki minnzt á þessa till. sína og hættuna á árekstrum á hafinu fyrr en 10. ágúst 1960, að þeir tóku hana upp að nýju og ákváðu að taka upp samninga við Breta til þess að koma í veg fyrir hættuna af árekstrum á hafinu.

En eftir er þáttur hæstv. utanrrh. í þessum málum. Ég hef hér drepið á afstöðu hans til till. Sjálfstfl. um nýjar viðræður innan Atlantshafsbandalagsins og þar með við Breta hinn 27. apríl 1959. Hann taldi þá slíkar viðræður ekki koma til mála. Ekkert nýtt mundi koma fram við slíkar viðræður, en af þeim gætu skapazt nýir erfiðleikar. Hann minnti þá á, að Bretar hefðu fyrr viljað ræða útfærslu íslenzkrar landhelgi með vissum skilyrðum, „en við höfum svarað," sagði hæstv. utanrrh. þá orðrétt, „að við séum ekki til viðræðna um fiskveiðilögsögu Íslands."

Hinn 7. maí í vor lét hann lesa upp eftir sér í ríkisútvarpinu þessa yfirlýsingu, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Við miðum allt okkar starf að því að tryggja 12 mílna fiskveiðilögsögu og stöndum gegn öllu, sem skemmra gengur. Við munum berjast gegn öllum frádrætti, hverju nafni sem nefnist, tímatakmörkunum eða öðru, gegn öllu, sem veitir öðrum þjóðum fiskveiðiréttindi innan 12 mílna við Ísland."

Og á fundi utanrmn. hinn 13. júlí í sumar, tæpum mánuði áður en samningar voru ákveðnir við Breta, var þessi yfirlýsing bókuð eftir hæstv. utanrrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá tók ráðherra fram, að engar samningaviðræður hefðu farið fram milli ríkisstjórna Bretlands og Íslands um þessi mál. Hins vegar hefur það oft komið fram hjá Bretum, að þeir legðu áherzlu á að taka upp viðræður við Íslendinga um málið. Afstaða ríkisstj. nú hefði verið sú sama og fyrri ríkisstj., að hafna tilmælum um samningaviðræður,

þar eð ekkert væri við Breta að semja um viðáttu fiskveiðilögsögu við Ísland. — Undirstrikaði utanrh. síðan orð dómsmrh. um þá ríku nauðsyn, að eining væri af Íslendinga hálfu um landhelgismálið.“

Þjóðareiningin, sem hæstv. ráðh. töluðu hér svo fagurlega um, var þannig í framkvæmd hjá hæstv. ríkisstj., að 10. ágúst var stjórnarandstöðunni tilkynnt, að ríkisstj. hefði ákveðið að taka upp einhliða samninga við Breta. Allar aðrar ríkisstj., a. m. k. allt frá 1950, hafa reynt að ná sem mestri einingu allra þingflokka um höfuðatriði landhelgismálsins.

Þrjú skref hafa verið stigin til stækkunar íslenzkrar fiskveiðilandhelgi: 1950, 1952 og 1958. Fyrir þeim hefur verið gerð grein í fjórum hvítum bókum, sem íslenzkar ríkisstj. hafa gefið út og útbýtt meðal allra þjóða heims. Hin fyrsta var gefin út í sept. 1954, önnur í okt. 1955, hin þriðja í nóv. 1958 og hin fjórða í júní 1959. Í þessum hvítu bókum hefur stefna íslenzku þjóðarinnar í landhelgismálinu verið mörkuð á þessa leið:

1) Lífsnauðsyn íslenzku þjóðarinnar krefst stækkunar íslenzkrar fiskveiðilandhelgi.

2) Öll skref, sem stigin hafa verið til stækkunar, hafa verið stigin af lífsnauðsyn, til þess að forða íslenzku efnahagslífi frá hruni.

3) Þau hafa verið gerð með einhliða ákvörðun íslenzkra ríkisstj. eins og ákvarðanir allra annarra þjóða í sömu átt og í fyllsta samræmi við þjóðarétt. Samningar við einstakar þjóðir koma því ekki til greina, enda hefur reynslan sýnt, að þeir hefðu verið óframkvæmanlegir.

4) Í fjórðu og síðustu hvítu bókinni er sýnt fram á, að ofbeldisaðgerðir brezkra herskipa við Ísland eru hernaðarárás, brot á stofnsamningi Sameinuðu þjóðanna, brot á stofnsamningi Atlantshafsbandalagsins, og að löndunarbann Breta sé brot á stofnsamningi Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu.

Þannig hafa Íslendingar ákært Breta fyrir öllum þjóðum heims, fyrir samvizku þjóðanna, fyrir efnahagslegt og hernaðarlegt ofbeldi gegn einni minnstu þjóð veraldar. Við þessa einu þjóð, Breta, ætlar nú hæstv. ríkisstj. að semja um sérstök fríðindi henni til handa innan íslenzkrar landhelgi. Það er ekki verst, að hæstv. ráðh. gera sig með því að viðundri frammi fyrir þjóð sinni, ef nokkurt mark væri takandi á fyrri yfirlýsingum þeirra. Hitt er verra, að með því verður íslenzka þjóðin gerð að viðundri í augum allra þjóða heims. Málflutningur hennar fyrir þjóðum heims verður brotinn niður og gerður ómerkur. Gegn því verður íslenzka þjóðin að rísa, og því ber Alþ. að samþ. þessa till., sem hér liggur fyrir um að slíta nú þegar samningum við Breta.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að öllum Íslendingum hefur bæði sárnað og gramizt framferði Breta í landhelgisdeilunni við okkur undanfarin ár. Við teljum, að svo mikil þjóð hefði átt að sýna meiri skilning og viðsýni heldur en hún hefur gert, því að hvað sem öðru líður, þá hefur verið hér um að tefla hagsmuni, sem okkur eru ólíkt meira virði en Bretum. Lífshagsmunir okkar hafa verið í veði, þar sem ágreiningsefnið verður aldrei talið nema aukaatriði fyrir brezku þjóðarheildina.

En þó að gremja okkar hafi við rík rök að styðjast, þá leysir hún ekki þann vanda, sem við er að etja. Sárindi og gremja eru ekki góðir ráðgjafar, og sjaldan verður reiði réttsýn. Hér er um að ræða ágreining um efni alþjóðalaga og takmörk þeirra og landslaga auk hagsmunaáreksturs. Að sjálfsögðu hljótum við að standa vörð um rétt okkar og hagsmuni. En sem sjálfstæð, fullvalda og fullþroskuð þjóð verðum við hverju sinni að meta, hvað í húfi er og hver ráð eru líklegust til þess að koma máli okkar fram, áður en yfir lýkur. Okkur ber að gæta þeirra reglna, sem gilda um samskipti þjóða, á sama veg og við ætlumst til, að okkur sé sýnd sanngirni.

Ágreiningur okkar við Breta um landhelgismálið er orðinn ærið gamall og af honum lengri saga en hér er tími til að rekja. Aðalatriðið er að gera sér ljóst, að ágreiningsefnið er nú allt annað en það áður var. Ekki er enn liðinn einn áratugur frá því, að Bretar fiskuðu hér upp að 3 mílum og inni á hinum stærri fjörðum og flóum, og allt fram að Genfarráðstefnunni á s. l. vori neituðu Bretar með öllu að fallast á, að einhliða ákvörðun um 12 mílna fiskveiðilögsögu væri gild. Ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir viðurkenningu þeirra á slíkri útfærslu var þangað til það, að þeir héldu um alla eilífð fiskveiðirétti á þeim miðum, sem þeir þóttust hafa unnið sögulega hefð á. Meðan Bretar héldu fast við þessar kenningar, var óbrúanlegur skoðanamunur á milli okkar og þeirra, og þrátt fyrir langvarandi samningaumleitanir allt sumarið 1958 tókst ekki að komast að samkomulagi. Hvað sem líður ágreiningi um, hvort þá hafi verið á öllu rétt haldið af okkur, er hitt ágreiningslaust, að aldrei gat til mála komið, að við féllumst á kenninguna um eilífa sögulega fiskveiðikvöð innan lögsögu okkar, er gert hefði 12 mílna regluna lítils eða einskis virði.

Nú er þetta gerbreytt. Afstaða Breta á Genfarráðstefnunni s. l. vor og síðan sýnir, að nú eru þeir fáanlegir til að falla frá andmælum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu og kröfu um eilífa fiskveiðikvöð. Í stað þess leggja þeir nú áherzlu á að fá nokkurn tíma, 10 ár sem hámark, en mundu gagnvart okkur vera fúsir til að samþ. miklu skemmri frest til þess að umþótta sig, koma fiskveiðum sínum í það horf, sem þær að þeirra mati þurfa að komast, eftir að veiðum þeirra á grunnmiðum hér og annars staðar erlendis lýkur.

Baráttunni fyrir 12 mílna fiskveiðilögsögu er því nú þegar hægt að ljúka með fullum sigri um alla framtíð, ef okkur tekst að leiða til lykta eða eyða deilunni við Breta um einhvern umþóttunartíma þeim til handa. Á meðan sú deila stendur, njótum við hins vegar ekki nema að nokkru gagnsins af sigri okkar í aðaldeilumálinu um sjálfa 12 mílna fiskveiðilögsöguna.

Því er raunar haldið fram, að annmarkar á áframhaldandi deilu séu svo litlir, að ekki sé í þá horfandi. Betra sé að eiga þá yfir höfði sér en gera sig sekan um þá lítilmennsku, eins og hv. þm. Hermann Jónasson hefur komizt að orði, að semja við þá, sem hafa beitt okkur ofbeldi.

Verra veganesti getur ekkert ungt ríki valið sér

en ef það neitar að reyna að semja, hvað þá tala við önnur ríki, um þau ágreiningsefni, sem fyrir hendi eru og leysa má án óbærilegra fórna. Þarf ekki að eyða orðum að því, hvert ástand mundi ríkja í heiminum á milli einstakra manna og þjóða, ef sá hugsunarháttur væri allsráðandi. Heimskulegri fullyrðing hefur ekki heyrzt en sú, að samningar séu svik. Að sjálfsögðu er það komið undir efni samninga, hvort þeir eru til góðs eða ekki.

Fjarstæða er og að halda því fram, að deilan við Breta skaði okkur ekki. Enginn veit, hvaða þróun hún tekur, ef ekki verður að gert. Ég skal ekkert um það segja, hvort Bretar taka hér upp fiskveiðar að nýju innan fiskveiðilögsögunnar undir herskipavernd, ef ekki tekst að eyða deilunni, en þeir menn, sem nú segja, að slíkar veiðar baki okkur lítið sem ekkert tjón, ættu að gæta betur samræmis í málflutningi sínum. Ef þessar veiðar eru barnaleikur einn, af hverju sprettur þá öll gremjan við Breta fyrir þessar aðfarir? Og ef þessar veiðar halda áfram, þá velja Bretar veiðisvæðin og áreiðanlega ekki hin lökustu að eigin geðþótta. Einu áhrifin, sem hinir virðulegu stjórnarandstæðingar geta haft með skrafi sínu, eru að benda Bretum á, að þeir gætu valið önnur fiskiríkari mið en þeir hingað til hafa haldið skipum sínum á. Hitt hefur heyrzt, að Bretar muni hverfa frá beinni herskipavernd á miðunum, en togarar þeirra þyrpast inn fyrir fiskveiðimörkin í meira eða minna fastbundnum samtökum og virða reglur okkar að vettugi. Við höfum þegar séð, hvílíkar hættur slíkar veiðar, þótt í smáum stíl væri, hafa í för með sér, ekki einungis fyrir fiskstofninn, heldur einnig um margháttaða árekstra á miðunum. Á s. l. sumri munaði t. d. ekki nema skipsbreidd, að stórslys yrði af.

Sízt var orðum aukið það, sem hv. þm. Hermann Jónasson sagði í sumar, að þá virtist sem deilan væri að færast í alvarlegra horf en nokkru sinni fyrr. Brezkir togaramenn lýstu því þá, að þeir væru viti sínu fjær af gremju yfir því að vera hraktir úr íslenzkri fiskveiðilögsögu, að því er þeir telja, gegn alþjóðalögum. Við sameinumst allir um að fordæma þá gremjufullu vitfirringu. En hún er ein þeirra staðreynda, sem við verðum að hafa í huga og meta, þegar við gerum upp hug okkar í þessu máli. Nægar hættur vofa yfir sjómönnum okkar af völdum höfuðskepnanna hér við land, þó að þar á ofan bætist ekki beinn lífsháski af manna völdum. Ef slík ógæfa gerðist, yrði vandinn enn óviðráðanlegri en ella. Þá væri hér magnað enn eitt alþjóðavandamál til viðbótar þeim, er við sjáum að býsna erfiðlega gengur að leysa, þótt stórveldin láti þau til sín taka, en allt of oft sem einn þátt í sinni stöðugu valdastreitu. Með þeim atburðum og jafnvel hættunni einni á þeim yrði eitruð sambúð Íslendinga við þær þjóðir, sem við vegna legu lands okkar komumst ekki hjá að hafa náin skipti við, hvort sem við viljum eða ekki. Afleiðingarnar af þeirri framvindu eru ófyrirsjáanlegar, en þess eðlis, að enginn góðviljaður maður má láta sitt eftir liggja til að koma í veg fyrir þær.

Miðað við þetta skiptir minna máli það fjárhagstjón, sem við óneitanlega höfum af nýju varanlegu löndunarbanni í Bretlandi. Sumir segja, að við getum vel verið án markaða í Bretlandi. En víst er, að hagur þjóðarinnar er því öruggari sem hún hefur fleiri markaði fyrir vörur sínar. Hagur íslenzkra togara og raunar mikils hluta bátaflotans af því að geta selt fisk í Englandi er og svo augljós, að engum tjáir í móti að mæla. Hafa ber í huga, að við höfum fært fiskveiðilögsögu okkar út til þess að hagnast á því. Þess vegna er óhjákvæmilegt, að metið sé, hvernig sá hagur verði mestur á hverjum tíma, þegar ekki er um það að ræða, að fórnað sé neinum framtíðarhagsmunum, heldur þvert á móti verið að tryggja þá. En svo er hér, þegar leitazt er við að ryðja úr vegi síðustu hindrunum á frambúðarviðurkenningu 12 mílna fiskveiðilögsögu, með því að víss fiskveiðihlunnindi séu veitt, en einungis um mjög takmarkað árabil og gegn öðrum fiskveiðihlunnindum.

Hér verður að gæta þess, að fiskveiðideilan við Breta firri okkur ekki hagnum af frambúðarviðurkenningu 12 mílna fiskveiðilögsögu með meiri búsifjum og í mun lengri tíma en takmörkuð, tímabundin fiskveiðihlunnindi þeim til handa kynnu að hafa í för með sér. Þetta er atriði, sem ekki er hægt að meta réttilega, nema málið sé kannað og vitað, hvaða kjör eru í boði.

Um það verður ekki sagt á þessu stigi málsins, hvort fáanleg séu þau kjör, sem geri okkur ráðlegt að eyða deilunni við Breta. Um hitt verður ekki deilt, að við höfum margvíslegan hag af því að leiða þessa deilu til lykta. Hvaða ráð eru þá til þess?

Um þetta hef ég spurt hv. stjórnarandstæðinga hvað eftir annað í hinum löngu umr., sem orðið hafa á Alþ. um þetta mál að undanförnu. Hér er um meginatriði málsins að ræða. Nauðsynlegt er, að allir Íslendingar athugi gaumgæfilega þá möguleika, sem fyrir hendi eru. Það var ekki sízt af þessum ástæðum, sem ríkisstj. óskaði eftir því, að þessum umr. yrði útvarpað, svo að allur landslýður gæti fylgzt með svörunum. Hnotabít á milli manna, eins og hafa átt sér stað af hálfu þeirra hv. þm., sem hafa talað á undan mér, hafa litla þýðingu. Úrræðin, sem á er bent, skipta öllu máli. Svör hv. stjórnarandstæðinga um, hvað þeir vilji til mála leggja, hvaða úrræði þeir bendi á, hafa verið í senn óljós og haldlítil. Hvorugur þeirra þm., sem töluðu hér á undan mér, vék að þessu einu orði í umr. nú, en Hermann Jónasson svaraði fsp. minni í Ed. um þetta á þá leið, að tíminn mundi leiða málið til lykta. Hér er svipað svarað og Stanley Baldwin forsrh. í Bretlandi gerði forðum, þegar hann sagði: „We will muddle through" — við slömpumst einhvern veginn í gegn. Eftir á þótti Bretum þetta lítil hollráð, og hætt er við, að þau verði okkur einnig að litlu gagni. Enginn getur nú um það sagt, hversu miklu tjóni deilan mundi verða búin að valda, áður en tíminn eyddi henni, jafnvel þó að svo yrði einhvern tíma, er enginn veit, hversu skjótlega yrði. Sannast að segja er þetta svar alger uppgjöf og ber vitni um fullkomið úrræðaleysi, skort á þeirri fyrirhyggju, sem enginn, er tekur að sér stjórn á málefnum þjóðar sinnar, má án vera.

Önnur ábending, sem hv. þm. Hermann Jónasson gaf, þó með tvíræðum orðum, eftir að hann sá, að hin fyrri var harla lítils virði, var sú, að við ættum í skjóli varnarsamningsins frá 1951 að

leita til Bandaríkjastjórnar og krefjast vopnaðs liðstyrks hennar til að hrekja Breta út fyrir fiskveiðitakmörk okkar.

Áður en rætt er um, hvort líklegt sé, að Bandaríkjastjórn veiti okkur slíkt liðsinni, er rétt að víkja aðeins að hinu, hvort valdbeiting af okkar hálfu mundi ef til vill nægja til að reka Breta á brott.

Í Þjóðviljanum í sumar birtist grein, þar sem því var haldið fram, að vandinn væri ekki annar en sá að vopna íslenzku gæzluflugvélina með vélbyssu og hefja síðan skothríð á brezka togara. Þeir mundu þá skjótlega hypja sig burt. Ekki hefur Þjóðviljinn síðan haldið þessari till. áberandi á lofti, og málsvari kommúnista á Alþ., hv. þm. Finnbogi R. Valdimarsson, sagði þvert á móti í Ed., að okkur mundi bezt gefast vopnlaus mótstaða. Bretar hefðu áður orðið að lúta í lægra haldi gegn þeirri aðferð. Þar var að vísu óliku saman að jafna og nánast var þetta sama ábendingin og er hv. þm. Hermann Jónasson vitnaði í úrræðaleysi sínu til þess, að tíminn mundi leysa málin fyrir okkur. En ég er sammála hv. þm. um það, að mun væri sú aðferð skynsamlegri en hin, ef við ætluðum að láta úrslit deilunnar vera komin undir vopnavaldi. Hætt er við, að skjótlega kæmu vopn á móti vopnum, og þyrfti þá ekki að sökum að spyrja, hvernig slíkri viðureign milli máttarminnsta ríkis veraldar og þriðja mesta stórveldis heims mundi lykta. Styrkur okkar er fólginn í því að hafa rétt fyrir okkur, en ekki beitingu valds, er við ráðum ekki yfir.

En ráðum við þá ekki yfir vopnavaldi Bandaríkjastjórnar í skjóli varnarsamningsins frá 1951 og Atlantshafsríkjanna í skjóli Atlantshafssáttmálans frá 1949? kynni einhver að spyrja. Þessir aðilar hafa skuldbundið sig til að verja okkur, ef við verðum fyrir árás. Gallinn er sá, að hér er um réttarágreining að ræða. Áður en afskipti þessara eða annarra aðila koma til, verðum við þess vegna að vera við því búnir, að þess sé krafizt, að úr réttarágreiningnum verði skorið. Þeir, sem óska afskipta þessara aðila, verða því, ef þeir vilja, að mark sé tekið á till. sínum, að segja til um, hvort þeir vilji láta skera úr deilunni með þeim hætti, sem um réttarágreining tíðkast á alþjóðavettvangi, þ. e. a. s. af alþjóðadómstóli, hvort sem það yrði alþjóðadómstóllinn í Haag eða gerðardómur.

Svipuðu máli gegnir um þá till., sem stundum hefur heyrzt, að við ættum að kæra Breta fyrir öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Mjög var athyglisvert, að hvorki Hermann Jónasson né Finnbogi R. Valdimarsson vitnuðu til þessa ráðs í umr. í Ed. Þögn þeirra um það hlýtur að koma af því, að þeir telji, að svo sem málum er háttað sé engrar ásjár þar að leita fyrir okkur. Enda fer það eftir því, hvernig málið yrði upp tekið hjá Sameinuðu þjóðunum eða öryggisráði þess, hvort Bretar gætu þegar í stað eytt kærumálinu með því einu að beita synjunarvaldi sínu, sem er almenna reglan um málsmeðferð í öryggisráðinu.

Sennilega þyrftu Bretar þó ekki á synjunarvaldinu að halda, þegar af því, að um það deilumál, sem nú er eftir á milli okkar og þeirra, þ. e. a. s. um vissan frest til að umþótta sig, áður en horfið er af miðum, liggur fyrir frá Genfarráðstefnunni í vor, að einungis vantaði eitt atkv. upp á, að ⅔ hlutar þeirra aðila, sem þar voru, væru Bretum sammála og okkur andvígir. Þar munaði sem sé atkv. okkar sjálfra, hvort Bretar fengju hinn lögáskilda meiri hl. fyrir sínum skilningi í andstöðu við okkur. Nú eru atkvæðahlutföll nokkuð önnur á fundum Sameinuðu þjóðanna en á Genfarráðstefnunni, m. a. af því, að aðilar Sameinuðu þjóðanna eru aðrir en aðilar Genfarráðstefnunnar. Hv. stjórnarandstæðingar telja bersýnilega harla litlar líkur til þess, að munurinn geti orðið svo mikill, að við höfum nokkra von á stuðningi tilskilins meiri hl., þ. e. ⅔, hjá Sameinuðu þjóðunum við okkar málstað í þessu ágreiningsefni gegn Bretum.

En jafnvel þótt við ættum þar skilningi að mæta, er þess að gæta, hvað sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða segir um friðsamlega lausn deilumála. Í 33. gr. sáttmálans er kveðið svo á, með leyfi hæstv. forseta:

„1) Aðilar að sérhverju deilumáli, sem með áframhaldi gæti stofnað í hættu heimsfriði og öryggi, skulu fyrst leita lausnar á deilumálinu með samningaumleitunum, rannsókn, miðlun, sættargerð, gerðardómi, dómsúrskurði, afnotum svæðisstofnana eða samninga eða með öðrum friðsamlegum aðferðum samkvæmt eigin vali.

2) Ef öryggisráðinu þykir nauðsyn krefja, skal það kveðja deiluaðila til að leita lausnar á deilumáli sínu á slíkan hátt."

Þetta stendur í 33. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þessum reglum verða þeir að hlíta, er vilja hljóta vernd Sameinuðu þjóðanna. En það er einmitt vegna þess, að ríkisstj. Íslands hefur reynt að leiða þessa deilu til lykta með viðræðum við Breta, að flutt er sú till., er hér er til umr. Flm. hennar vilja sem sagt brjóta þvert í bága við þær meginreglur, sem stofnskrá Sameinuðu þjóðanna setur sem skilyrði þess, að ríki fái þar áheyrn og stuðning. Svo ólíklegt sem það að þeirra dómi virðist vera, að við getum vænzt mikillar hjálpar hjá Sameinuðu þjóðunum í þessu máli vegna þeirrar skoðunar, sem vitað er að meiri hl. þeirra hefur á deiluefninu, þá mundum við firra okkur öllum möguleikum í þá átt, ef fylgt væri ráðum flm. þessarar tillögu. Ég efast ekki um, að það eru þessar ástæður, sem valda því, að hv. stjórnarandstæðingar hreyfa því nú ekki að kæra deiluna fyrir öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, eins og sumir þeirra höfðu þó áður lagt til.

Þá kem ég að því úrræði, sem ég vék að, þegar ég ræddi um þá hugmynd að leita til Bandaríkjastjórnar eða Atlantshafsbandalagsins, og nefnt er í þessu ákvæði stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, þ. e. a. s. því, að leitað verði til alþjóðadómstóls um úrskurð deiluefnisins. Er enn hert á því í 3. tölulið 36. gr. stofnskrárinnar, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Er öryggisráðið gerir tillögur sínar samkv. grein þessari, skal það einnig taka til greina, að fylgja skal þeirri venju, að deiluaðilar leggi lagadeilur fyrir alþjóðadómstólinn í samræmi við ákvæði samþykktar dómstólsins."

Þetta stendur í 36. gr. sáttmálans.

Lítil þjóð, sem á allt sitt undir því, að lög og

reglur gildi í heiminum, en ekki valdbeiting, má aldrei gera neitt það, sem hún sjálf trúir ekki á að standist fyrir alþjóðadómstóli. Íslenzka stjórnin lýsti sig og fúsa til þess að bera ágreininginn út af *stækkun fiskveiðilögsögunnar 1952 undir alþjóða*dómstólinn. Og þegar Bretar báru 1958 fram till. um, að ágreiningnum yrði þá skotið til alþjóðadómsins, gerðu menn sér ljóst, að bein synjun hennar hlyti að verða okkur stórhættuleg í áliti annarra. Þess vegna hlíðraði vinstri stjórnin sér hjá að svara. Ef ný ráðstefna hefði ekki verið á næstu grösum, hefði ekki verið unnt að skjóta sér undan úrskurði alþjóðadómstóls.

Nú er það ágreiningsefni úr sögunni og einungis deilt um það, sem er okkur miklu hættuminna, einhvern umþóttunartíma Bretum til handa. Möguleikinn á því, að við töpum þeirri deilu fyrir dómi, kann þó að vera meiri. Úr sker, að dómur um þetta deilumál fæst ekki upp kveðinn fyrr en eftir 2—3 ár, og fer þá að verða mikill vafi á, hvort það borgi sig, jafnvel þótt við værum vissir um sigur, að bera málið undir dóm fremur en að semja um það nú þegar.

Ég hef þá rakið öll þau úrræði, sem til mála hafa komið um lausn þessarar deilu við Breta. Hnígur þar allt að einu. Það að leita lausnar hennar með viðræðum við Breta, með samningaumleitunum, eins og segir í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, er ekki aðeins eina úrræðið, sem raunverulega hefur verið bent á, heldur beinlínis skyit samkv. alþjóðasamningum. Annað mál er, hvort þær viðræður eða umleitanir leiða til þess, að samningar komist á. Enn er það ekki sýnt. Einungis er verið að kanna, hvort og með hverjum hætti það sé gerlegt. Þá *reynir mjög á sanngirni Breta*. Við teljum, að hingað til hafi mjög á hana skort.

En Bretar hafa ekki síður en við ríka ástæðu til að leiða deiluna til lykta. Þar við bætist, að hinir æðstu valdamenn þeirra láta nú málið miklu meira til sín taka en áður. Þeir vita árelðanlega, að Bretar hafa ekki haft sæmd af herhlaupi sínu hingað. Verður að ætla, að þeir líti á málin með meiri skilningi, viðsýni og þar með sanngirni en áður hefur gætt af Breta hálfu.

En er óeðlilegt, að þeir minnist þess tilboðs, sem íslenzka ríkisstj., vinstri stjórnin, gerði tvívegis á árinu 1958? Af hálfu þáv. hæstv. ríkisstj., vinstri stjórnarinnar, var öllum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins *með skeyti, dags. 18. maí*, boðið að veiða upp að 6 mílna mörkum um þriggja ára tímabil gegn viðurkenningu á 12 mílna fiskveiðilögsögu og öðrum nánar tilteknum skilyrðum. Þessu tilboði íslenzku ríkisstj. var þá hafnað. En eftir að sýnt var, að Bretar mundu koma með herskipaflota hingað til lands, ef ekki yrði að gert, var tilboðið endurtekið í skeyti hinn 22. ágúst sama ár. Því var þá enn hafnað. Þetta endurtekna tilboð vinstri stjórnarinnar sýnir, að þáv. hæstv. ríkisstj. taldi sanngjarnt að veita öðrum nokkurn umþóttunartíma, áður en þeir fyrir fullt og allt hyrfu út fyrir 12 mílna takmörkin.

Úr því að tímabundin fiskveiðiheimild var metin sanngjörn af íslenzkum stjórnvöldum 1958 og beinlínis boðin fram af okkur tvívegis, er viðbúið, að okkur reynist erfitt að sannfæra aðra um, að brezka stjórnin sýni ósanngirni, ef hún býðst til þess að semja á þessum grundvelli.

Sumir segja: Munurinn er sá, að síðan hafa Bretar beitt okkur ofbeldi, og það er ætíð hættulegt að láta undan *ofbeldismanni*. — Víst er það fáum okkar að skapi. En hver er það, sem vægir eða verður undan að láta, ef aðgengileg lausn kynni að finnast á þessum grundvelli? Óneitanlega verða það þá Bretar, sem hverfa frá sínum meginkröfum. Þeir láta niður falla mótmæli gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu, og úr sögunni er krafa þeirra um eilífan fiskveiðirétt innan hennar. Sættir nást þá á sama grundvelli og vinstri stjórnin bauð tvívegis fram strax í upphafi.

Hér er þó einungis um grundvöll að ræða. Breyttar aðstæður m. a. í fiskveiðum okkar og nánari íhugun allra atvika hljóta að leiða til þess, að með sanngirni verði ekki mælt á móti ýmsum fyrirvörum og viðaukum af okkar hálfu nú umfram það, *sem vinstri stjórnin bauð 1958*. Í þessu sem öðru verðum við sjálfir umfram allt að sýna sanngirni. Við höfum öðlazt samúð margra, vegna þess að við vorum beittir ósanngirni. Leikurinn milli okkar og Breta var of ójafn til þess, að þeir gætu haft af honum sæmd eða samúð. En jafnskjótt og þeir breyta um og bjóða eða láta þess kost, sem okkur er ótvírætt betra en það, er íslenzka stjórnin sjálf bauð fyrir rúmum tveimur árum, þá er hætta á, að leikurinn snúist við. Þá er yfirvofandi missir þeirrar samúðar, sem er okkar mesti styrkur og við megum sízt án vera.

En þó að tilboð vinstri stjórnarinnar frá 1958 sé óhagganleg staðreynd og þó að erfitt muni reynast að sannfæra aðra um sanngirni okkar, ef við *neitum því nú sem umræðugrundvelli*, þá kynni einhver að spyrja: Hvernig kemur þetta heim við ályktun Alþingis frá 5. maí 1959? Mundum við ekki vera að minnka fiskveiðilandhelgi okkar eða lögsögu með því að leyfa Bretum fiskveiðar innan hennar, þótt mjög væri bundið tíma og öðrum takmörkunum? Ekki lítur annað mesta stórveldi heims, Rússland, svo á um sjálft sig. Rússland hefur tekið sér ekki aðeins 12 mílna fiskveiðilögsögu, heldur 12 mílna algera landhelgi. Engu að síður hefur rússneska ríkisstjórnin samið við þá brezku um tímabundinn, takmarkaðan fiskveiðirétt Bretum til handa innan landhelgi Rússlands. Þetta hefur rússneska stjórnin gert, vegna þess að Rússar hafa metið eyðingu deilu við Breta út af þessu réttarveizlunnar virði eða fengið einhver önnur hlunnindi hjá Bretum í staðinn. Þarna beita Rússar fullveldi sínu yfir landhelginni til að láta Bretum í té hlunnindi, sem þeir ella nytu ekki. Á sama veg getum við, ef okkur þykir henta, beitt lögsögu okkar svo, að Bretar eða aðrir fái hér takmörkuð fiskveiðihlunnindi með þeim skilyrðum, sem við setjum.

Sú ákvörðun væri hliðstæð þeirri, þegar eftir setningu fiskveiðilöggjafarinnar 1922 voru veittar undanþágur frá henni. Sú ákvörðun var umdeild, en skerti að sjálfsögðu á engan hátt fullveldi okkar eða úrslitaráð í þessum efnum. Maður heldur áfram að vera eigandi húss, þótt hann leyfi öðrum takmörkuð afnot þess, t. d. leigu herbergis um sinn. Menn kann að greina á um, hvort slíkt sé æskilegt eða hyggilegt. En sú ákvörðun haggar

eignarréttinum ekki að neinu, og vafalaust mundi sá maður telja sig hafa orðið ofan á í deilu um eignarrétt eða afnotarétt yfir húsi, sem fengi gagnaðila, er héldi því fram, að hann ætti húsið með honum eða hefði yfir því eilifa afnotakvöð, til að sætta sig við örfárra ára not gegn fullu gjaldi.

Í öllum skiptum manna á milli reynist farsælast að láta rólega ihugun og góðvild ráða gerðum sinum. Gremja og heiftarhugur horfa aftur á móti sjaldnast til góðs. Þetta á ekki síður við um samskipti þjóða en einstaklinga. Þess vegna ber okkur að kanna til hlitar, með hverjum kjörum hægt er að leiða deiluna við Breta til lykta. Enn verður ekki með vissu séð, hvort það er hægt með aðgengilegum kjörum. Sumum, þ. á m. hv. siðasta ræðumanni, Finnboga R. Valdimarssyni, finnst tortryggilegt, hversu lengi þær umleitanir hafa dregizt. En þegar ihugað er, að það tók Breta og Norðmenn marga mánuði og endurtekin fundarhöld að komast að niðurstöðu í samningum sínum nú í sumar, þá þarf engan að undra, þótt nokkuð langan tima taki að kanna deilumál okkar og Breta til hlitar, svo miklu meira sem borið hefur á milli Breta og okkar í þessu máli en Norðmanna og Breta.

Fyrst þegar málið liggur ljóst fyrir, er timabært að taka um það ákvörðun. Þegar af þeirri ástæðu er tillaga sú, sem hér er til umræðu, vanhugsuð og brýtur á móti hagsmunum íslenzku þjóðarinnar.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Í s. l. ágústmánuði bárust ríkisstj. Íslands tilmæli frá ríkisstj. Bretlands um að taka upp viðræður um deilu þá, sem er um aðstöðu brezkra fiskiskipa á Íslandsmiðum, í því skyni að kanna til hlitar öll úrræði til að eyða deilu þessari og freista að koma í veg fyrir áframhaldandi árekstra á Íslandsmiðum. Ríkisstj. tók tilmæli þessi til athugunar og komst að þeirri niðurstöðu, að ósamrýmanlegt væri íslenzkum hagsmunum að hafna viðræðunum. Ákvörðunarástæður ríkisstj. voru m. a. þessar:

Í fyrsta lagi: Fiskveiðideilan við Breta hefur nú staðið í full tvö ár. Verður ekki um það deilt, að Bretar hafa haft mikla vansæmd af þessari deilu og ýmis óþægindi. Hafa þeir því án efa rika hagsmuni af því að fá deiluna leysta sem fyrst. En óþægindin eru hins vegar ekki einungis þeirra megin. Við Íslendingar höfum einnig haft ýmis óþægindi af deilunni. Sé ég enga ástæðu til að rekja þessi óþægindi okkar hér, læt aðeins nægja að minna á, að á undanförnum tveimur árum hafa íslenzkir sjómenn við landhelgisgæzluna hvað eftir annað komizt í bersýnilega lífshættu. Er það að sjálfsögðu skylda hverrar ríkisstj. að leitast við að eyða slíkri hættu og halda opnum erlendum mörkuðum okkar, sé þess kostur, án þess að fórna fyrir það öðrum þýðingarmeiri hagsmunum. Er mál þetta svo alvarlegt, að óheimilt er að hafna tilraunum til að leysa vandann, bjóðist tækifæri til að reyna slikt.

Í öðru lagi eru allar aðstæður til að leysa fiskveiðideiluna við Breta nú að ýmsu leyti svo breyttar frá því, sem var 1958, er við síðast ræddum við þá, að óhjákvæmilegt er að kanna til hlitar, hvort ekki sé nú grundvöllur til samkomulags.

Fiskveiðilögsagan við Ísland var færð út í 12 mílur strax að aflokinni Genfarráðstefnunni 1958. Þeirri ráðstefnu lauk án þess, að lögmæt ályktun væri gerð um viðáttu landhelgi eða fiskveiðilögsögu. Mikið skorti á, að skilyrðislaus 12 milna fiskveiðilögsaga fengi nægilegt fylgi á ráðstefnunni. Flest atkv. fengust þar fyrir tillögu, sem viðurkenndi 12 milna fiskveiðilögsögu, en þó með því ófrávíkjanlega skilyrði, að þær þjóðir, sem stundað hefðu fiskveiðar síðustu 10 árin á seinni 6 mílunum, skyldu fá að halda þar áfram veiðum um alla framtíð. Skorti þessa tillögu aðeins 7 atkv. til að ná tilskildum meiri hluta. Samþykkt slíkrar tillögu hefði þýtt 6 milna fiskveiðilögsögu við Ísland í raun.

Ljóst var í lok ráðstefnunnar, að mjög bráðlega mundi kölluð saman önnur ráðstefna til að reyna að komast að samkomulagi um lausn á þessu vandamáli. Þarf engan að undra, þegar litið er á, hvernig tillaga þessi var, sem flest atkv. fékk á Genfarráðstefnunni 1958, þótt erfitt reyndist að fá viðurkenningu Breta og annarra, sem andstæðir voru 12 milna fiskveiðilögsögu, fyrir útfærslu okkar í 12 mílur, á meðan beðið var nýrrar ráðstefnu. Var því marglýst yfir af Breta hálfu og fleiri, að á meðan svo stæði, gætu þeir ekki bundið hendur sínar með því að viðurkenna 12 mílurnar.

Á Genfarráðstefnunni í vor gerðust hins vegar þau tíðindi, að aðeins vantaði eitt atkv. til þess, að löglegur meiri hluti fengist fyrir ályktun um 12 mílna fiskveiðilögsögu, en með því skilyrði, að þær þjóðir, sem að undanförnu hefðu veitt á seinni 6 mílunum, mættu halda því áfram, ekki ótakmarkaðan tima, eins og mest fylgi var fyrir á ráðstefnunni 1958, heldur næstu 10 árin. Flestir þeir, sem greiddu atkv. gegn þessari till., gerðu það vegna þess, að þeir vildu alls ekki fallast á heimild annarra þjóða til að veiða á seinni 6 mílunum.

Með þessari niðurstöðu má segja, að ágreiningurinn um 12 mílurnar út af fyrir sig væri að mestu leyti horfinn. En nú greinir menn á um hitt, hvort og þá hversu lengi skuli heimil veiði erlendra þjóða á seinni 6 mílunum. Þetta breytir að sjálfsögðu fiskveiðiágreiningi Íslendinga og Breta mjög verulega. Viðurkenning Breta á 12 milna fiskveiðilögsögu við Ísland ætti því nú ekki að valda slíkum erfiðleikum sem áður var. Vandinn er hins vegar sá, að kanna þarf til hlítar, hvort möguleikar séu á því, að þeir hverfi úr íslenzkri fiskveiðilögsögu með þeim hætti og með þeim hraða, sem Íslendingar telja sig geta fellt sig við.

Með þessi breyttu viðhorf í huga og þá möguleika, sem hér hafa skapazt, hefði að sjálfsögðu verið með öllu óverjandi fyrir ríkisstj. að neita að ræða og kanna, hvort tök væru á að eyða fiskveiðideilunni á aðgengilegan hátt fyrir Íslendinga.

Í þriðja lagi höfum við Íslendingar lagt mikla áherzlu á það á alþjóðaráðstefnum að sannfæra menn um, að við ættum alla okkar tilveru undir fiskveiðum og fiskimiðunum við Ísland. Mætir þessi málflutningur og sérstaða okkar skilningi og samúð. Þessari samúð megum við ekki glata. Til þess er ekki ætlazt af okkur, að við gerum neitt samkomulag við aðrar þjóðir, sem stofnað gæti fiskveiðum okkar og lífsafkomu í hættu. En hitt eiga flestir erfitt með að skilja, að við getum ekki

einu sinni rætt ágreiningsmál okkar og annarra þjóða við þær í því skyni að reyna að eyða deilum.

Íslendingar verða að gera sér grein fyrir því, að sú velvild og samúð, sem þeir hingað til hafa notið hjá flestum þjóðum heims vegna þess, hve gersamlega þeir eru háðir fiskveiðum, er í hættu, ef þeir taka upp vinnubrögð í fiskveiðideilunni, sem þykja einstrengingsleg og ósanngjörn. Synjun af okkar hálfu um að ræða fiskveiðideiluna, hefði án efa verið til þess fallin að veikja velvild og samúð í okkar garð víða um heim.

Í fjórða lagi erum við Íslendingar ein fámennasta þjóð heims. Sem vopnlaus smáþjóð eigum við alla okkar tilveru undir því, að þjóðirnar í samskiptum sínum fari að lögum og leysi vandamál sín á friðsamlegan hátt, en grípi ekki til ofbeldisaðgerða. Og hvernig getum við krafizt friðsamlegs samstarfs annarra þjóða þeirra í milli og gagnvart okkur sjálfum, ef við viljum ekki einu sinni ræða ágreiningsmál okkar og annarra þjóða við þær, en krefjumst þess af þeim, að þær hlýði ákvörðunum okkar viðræðulaust? Slík framkoma er ekki hættulaus vopnlausri þjóð og getur komið henni í koll fyrr en varir. Og ekki má gleyma því, að það hefði verið í algeru ósamræmi við anda og reglur Sameinuðu þjóðanna að hafna viðræðunum.

Í fimmta lagi má á það minna, að með ályktuninni frá 5. maí 1959 var ríkisstj. falið að leita eftir viðurkenningu annarra þjóða fyrir yfirráðarétti Íslendinga yfir landgrunninu öllu. Slíkrar viðurkenningar verður að sjálfsögðu ekki leitað án þess að ræða málið við aðrar þjóðir.

Þegar ríkisstj. því ákvað að taka upp viðræður við Breta í s. l. ágústmánuði í því skyni að reyna að eyða fiskveiðideilunni, hafði hún í huga, að báðar þjóðirnar hafa ríka hagsmuni af því að komast út úr deilunni, að viðhorfin til 12 mílnanna eru gerbreytt frá því 1958, að Alþingi hafði falið ríkisstj. að leita viðurkenningar fyrir landgrunninu öllu og það hefði skaðað samúð og álit Íslands erlendis að hafna viðræðunum.

Stjórnarandstaðan, Framsfl. og Alþb., hefur deilt mjög á ríkisstj. fyrir að fallast á viðræður við Breta um fiskveiðideiluna, og hefur stjórnarandstaðan nú borið fram till. til þál. um að banna þessar viðræður. Er því haldið fram, að ríkisstj. hafi spillt áliti Íslands á erlendum vettvangi með því að fallast á þessar viðræður, stofnað landhelgismálinu í hættu og brotið gegn ályktun Alþingis frá 5. maí 1959. Sérstök áherzla er þó á það lögð af hálfu stjórnarandstöðunnar, að með viðræðunum við Breta hafi ríkisstj. þverbrotið reglu allra ríkisstjórna á Íslandi og stjórnmálaflokka síðustu 10 árin um að ræða viðáttu fiskveiðilögsögu við Ísland við aðrar þjóðir. Hefur hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, komizt þannig að orði í hv. Ed. fyrir nokkrum dögum, að tvennt hafi verið óhagganlegt í landhelgismáli Íslendinga undanfarin 10 ár: í fyrsta lagi að semja ekki við aðrar þjóðir um, hvenær við færðum út fiskveiðilandhelgina eða hve mikið, og í öðru lagi að víkja ekki frá teknum ákvörðunum um útfærslu. Hv. 5. þm. Reykn., Finnbogi R. Valdimarsson, tók mjög í sama streng. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að meginstefna allra ríkisstjórna og stjórnmálaflokka seinustu 10 árin hafi verið að framkvæma allar nauðsynlegar aðgerðir í landhelgismálinu án samninga við aðrar þjóðir.

Ég sé ekki ástæðu til að svara þeim fjarstæðum, að við spillum áliti Íslands á erlendum vettvangi með viðræðum við Breta um fiskveiðideiluna, frekar en ég þegar hef gert, eða brjótum með því ályktun Alþingis frá 5. maí 1959. Það er krafa alls hins frjálsa heims í dag, að þjóðirnar leysi deilumál sín með friðsamlegum viðræðum, og hann fordæmir þá, sem vilja ekki ræða deilumálin. Því hefur og verið marglýst yfir, að um landhelgismálið verði haft samráð við Alþingi, áður en endanleg ákvörðun verður tekin. Rétt þykir mér hins vegar að ræða nokkuð þá staðhæfingu, að með viðræðunum við Breta sé verið að brjóta ófrávíkjanlega reglu allra ríkisstjórna og stjórnmálaflokka síðustu 10 árin. Er því fremur ástæða til að ræða þessa fullyrðingu stjórnarandstöðunnar, þar sem hún byggist á ósannri frásögn staðreynda.

Sé málið skoðað niður í kjölinn, kemur í ljós, að með því að fallast á viðræðurnar nú fylgir ríkisstj. þeirri stefnu, sem fyrrv. ríkisstjórnir hafa fylgt og þó sennilega engin þeirra af meiri kostgæfni en ríkisstjórnir þær, sem Framsfl. hefur staðið fyrir og haft stjórnarforustu í.

Ég vil fyrst víkja með nokkrum orðum að setningu laganna um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948. Í 1. gr. þeirra laga er sjútvmrh. heimilað að ákveða takmörk verndarsvæðis við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins með útgáfu reglugerðar. Samkv. þessari lagagrein hafa fiskveiðitakmörkin við Ísland verið ákveðin síðan 1948. Þegar utanrmn. hafði frumvarpið um landgrunnslögin til athugunar árið 1948, kom fram hjá nefndarmönnum, að þó að landgrunnslögin veittu ríkisstj. heimild til útfærslu fiskveiðilögsögunnar, væri samt ekki rétt að nota þessa heimild án þess að athuga hverju sinni undirtektir annarra þjóða. Fulltrúi kommúnista í utanrmn., Einar Olgeirsson, sagði þannig t. d. á nefndarfundi 9. marz 1948 og lét bóka eftir sér, að það hefði alltaf verið litið svo á í utanrmn., að í frv. væri fólgin yfirlýsing um yfirráðarétt Íslendinga yfir landgrunninu, en þá hefði jafnframt verið gert ráð fyrir, að athuga þyrfti undirtektir annarra ríkja, áður en frekari ráðstafanir væru gerðar. Það liggur sem sagt fyrir yfirlýsing frá fulltrúa kommúnista í utanrmn. um það, að hann og hans flokkur séu samþykkir landgrunnslögunum með því fororði, að ekki verði ráðizt í útfærslu fiskveiðitakmarkanna, án þess að athugað sé áður, hverjar undirtektir annarra ríkja væru undir útfærsluna hverju sinni. Á þessum forsendum samþykkti fulltrúi kommúnista fyrir hönd síns flokks landgrunnslögin á sínum tíma. Nú 12 árum síðar kemur þm. þessa sama flokks, Finnbogi R. Valdimarsson, og segir, að það hafi alla tíð verið regla allra stjórnmálaflokka á Íslandi að ræða ekki við aðrar þjóðir um ákvarðanir eða aðgerðir í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar.

Nú er vert að athuga, hvernig viðræðum við aðrar þjóðir um útfærslu fiskveiðilögsögunnar hefur verið hagað, síðan landgrunnslögin komu til framkvæmda.

Fyrsta umtalsverða útfærslan var gerð, er fisk-

veiðilögsagan var færð úr 3 mílum í 4 með reglugerð árið 1952. Að þeirri útfærslu stóð ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. Af hvítri bók, sem út var gefin árið 1954, má sjá, að í janúarmánuði 1952 fór þáv. sjútvmrh. til London til að ræða við brezku stjórnina um fyrirhugaða útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Í bréfi, sem utanrrh. Íslands ritaði sendiherra Breta í Reykjavík og birt er í þessari hvítu bók, er lögð sérstök áherzla á það, að ekki sé um að villast, að viðræður hafi átt sér stað milli ríkisstjórna Bretlands og Íslands, áður en reglugerðin um útfærsluna var gefin út. Það liggur því fyrir skýrt og ótvírætt, að útfærsla fiskveiðilögsögunnar 1952 var rædd við og borin undir Breta, áður en í hana var ráðizt.

Bretar vildu ekki fallast á útfærslu fiskveiðilögsögunnar úr 3 mílum í 4 1952. Þeir gripu til hefndarráðstafana. Þegar á árinu 1952 settu þeir löndunarbann á fisk úr íslenzkum skipum, er til Bretlands sigldu. Brezki ísfisksmarkaðurinn hafði verið stór liður í fiskútflutningi þjóðarinnar. Auk þess horfði um þessar mundir illa um sölu á fiski til annarra landa. Löndunarbannið var því gert í því skyni af hálfu Breta að kúga Íslendinga til undanhalds í landhelgismálinu. Ríkisstj. tók upp viðræður við Breta um málið, og með orðsendingu, dags. 20. apríl 1953, þegar löndunarbannið hafði staðið í marga mánuði og reglugerðin frá 1952 verið í gildi um það bil eitt ár, bauð ríkisstj. Steingríms Steinþórssonar, sem hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, átti sæti í, ríkisstj. Bretlands upp á samninga um landhelgismálið, ef Bretar vildu létta löndunarbanninu af. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar tilboð ríkisstj. til Bretlandsstjórnar frá 20. apríl 1953 svo orðrétt:

„Ríkisstjórn Íslands endurtekur, að hún er reiðubúin að skjóta ágreiningsatriðum milli íslenzku og brezku stjórnanna út af reglugerð frá 19. marz 1952 til Haagdómsins og er reiðubúin að taka upp viðræður við brezku stjórnina um, á hvern hátt það skuli gert, að því tilskildu, að löndunarbanninu verði strax af létt, að fengnu samkomulagi um málsmeðferð."

Hér verður ekki um það deilt, að ríkisstj. Framsfl. 1952 hefur boðið Bretastjórn upp á samninga um fiskveiðireglugerð, sem í gildi hafði verið í tæpt ár. Samningarnir, sem boðið var upp á, voru með þeim hætti, að ef Bretar vildu létta löndunarbanninu af, þá skyldi alþjóðadómstóll úrskurða um ágreiningsatriði í reglugerðinni, þannig að bindandi væri fyrir báða aðila, og reglugerðinni breytt, ef dómstóllinn ákvæði svo. Ég vil biðja menn að athuga vel, að þetta boð er gert eftir að Bretar hafa í marga mánuði reynt að kúga okkur til undanhalds með löndunarbanni. Nú kemur hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, sem sjálfur átti sæti í þeirri ríkisstj., sem þetta boð gerði, og segir, að það hafi verið ófrávíkjanleg regla allra ríkisstjórna s. l. 10 ár að semja ekki við aðrar þjóðir um aðgerðir í landhelgismálinu og víkja ekki frá teknum ákvörðunum um útfærsluna.

Þá kem ég að útfærslunni 1958. Innan vinstri stjórnarinnar var um það mikill ágreiningur, hvort og hversu mikið útfærslan skyldi undirbúin með viðræðum við aðrar þjóðir í því skyni að eyða ágreiningi og afla viðurkenningar. Sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, hafði komizt á þá skoðun á Genfarfundinum, að forðast bæri viðræður um málið við aðrar þjóðir. En Alþfl. og Framsfl. töldu það skynsamleg vinnubrögð og málinu gagnlegt að undirbúa það með viðræðum. Kom og fleira til.

Samkv. reglum Atlantshafsbandalagsins, sem settar voru haustið 1956, ber ríkjum þess að hafa samráð sín í milli, áður en þau ráðast í aðgerðir, sem leitt geta til árekstra þeirra í milli. Hermann Jónasson hafði á fundi Atlantshafsbandalagsins 17. des. 1957 lagt áherzlu á, að þessari reglu væri fylgt, og lýsti yfir, að hann mundi fylgja henni sem forsrh. vinstri stjórnarinnar. Vitað var, að útfærsla fiskveiðilögsögu við Ísland mundi valda ágreiningi á milli Íslands og nokkurra bandalagsríkja, og var því skylt samkv. reglunum og yfirlýsingu forsrh. á NATO-fundinum að ræða málið innan bandalagsins, áður en í útfærsluna var farið. Viðræðurnar voru því teknar upp innan Atlantshafsbandalagsins á grundvelli regina þess og yfirlýsingar Hermanns Jónassonar frá 17. des. 1957, en ekki sem neitt einkafyrirtæki mitt, eins og Hermann Jónasson virtist gefa í skyn hér áðan.

Það kom brátt í ljós í viðræðunum, að mikil tregða var á að viðurkenna 12 mílna fiskveiðilögsögu, þar sem ríki vildu ekki binda hendur sínar í þeim efnum vegna væntanlegrar ráðstefnu, sem allir gerðu ráð fyrir að haldin yrði fljótlega. Var eftir því leitað við okkur af hálfu bandalagsins, að þó að við færðum út fiskveiðilögsögu í 12 mílur, þá mættu erlendar þjóðir engu að síður veiða í seinni 6 mílunum um skeið. Leiddi þetta til þess, að forsrh., Hermann Jónasson, samdi orðsendingu til Atlantshafsbandalagsins, sem send var 18. maí, þar sem boðið var upp á samkomulag. Orðsendingin var svo hljóðandi:

„Ríkisstjórn Íslands hefur tekið gildandi reglur um landhelgi og fiskveiðitakmörk til endurskoðunar og ákveðið að gera engar breytingar á sjálfri landhelginni, en færa fiskveiðitakmörkin út í 12 mílur og leiðrétta grunnlínur. Reglugerð um þetta verður gefin út 23. maí.

Ríkisstj. er kunnugt um, að framkvæmdastjóri NATO hefur orðað þann möguleika, að NATO-ríkin viðurkenni útfærsluna í 12 mílur með grunnlínuleiðréttingu, ef erlend skip fá rétt til að veiða 3 næstu ár á tilteknum svæðum milli 6 og 12 mílna. Vegna þessa tekur ríkisstj. fram, að ef það liggur fyrir frá framkvæmdastjóra eigi síðar en 20. þ. m., að þetta sé aðgengileg lausn á málinu, mun hún taka það til athugunar."

Simskeyti þetta verður ekki misskilið. Framkvæmdastjóra NATO er með því tilkynnt, að ríkisstj. hafi þegar ákveðið að gefa út reglugerð eftir 5 daga, þar sem fiskveiðilandhelgin verði færð út í 12 mílur og grunnlínum breytt. En jafnframt er framkvæmdastjóra boðið samkomulag um, að þessari ákvörðun skuli breytt og erlendum skipum leyft að veiða áfram inn að 6 mílum næstu 3 árin gegn viðurkenningu á 12 mílna reglunni.

Nú fullum tveimur árum síðar rís höfundur þessa tilboðs og simskeytis, hv. 2. þm. Vestf., upp á Alþingi og fullyrðir, að það hafi verið ófrávíkjanleg regla 10 seinustu ár að víkja aldrei frá teknum ákvörðunum í landhelgismálinu og gera ekki samkomulag við aðrar þjóðir um, hve mikið við færð-

um fiskveiðilögsöguna út né hvenær útfærslan kæmi til framkvæmda.

Samkomulagstilboði vinstri stjórnarinnar til NATO-ríkjanna var hafnað. Reglugerðin um útfærslu fiskveiðilögsögunnar var gefin út 30. júní, og útfærslan skyldi koma til framkvæmda 1. sept. 1958. Ríkisstj. hélt engu að síður áfram umr. við NATO, þrátt fyrir útgáfu reglugerðarinnar. Hinn 13. ágúst barst ríkisstjórninni tilboð frá NATO um, að málið yrði leyst á þann hátt, að ekki yrði fært út í 12 mílur, en fallizt á, að Íslendingar lokuðu landgrunninu út af Vestfjörðum og suður af Reykjanesi fyrir togveiðum. Var þessi tillaga hugsuð sem viðræðugrundvöllur. Að ákvörðun þáv. forsrh., Hermanns Jónassonar, var þessu tilboði svarað með svo hljóðandi símskeyti þann 22. ágúst:

„Höfum athugað fram komna tillögu um lausn landhelgismálsins og getum ekki fallizt á hana og ekki borið fram neinar tillögur til lausnar málsins á þessum grundvelli, en minnum á okkar fyrri tillögu um viðurkenningu á 12 mílum gegn því, að erlendir veiði á seinni 6 mílunum um takmarkaðan tíma, enda verði grunnlínum breytt."

Þetta símskeyti er sent, er nær tveir mánuðir eru liðnir frá því, að reglugerðin um útfærsluna í 12 mílur er gefin út og birt. Engu að síður býður hv. 2. þm. Vestf. að breyta reglugerðinni þannig til samkomulags, að seinni 6 mílurnar skuli ekki taka gildi næstu 3 árin, gegn viðurkenningu á 12 mílunum. Í dag fullyrðir þessi sami hv. þm., að það hafi verið ófrávíkjanleg regla seinustu 10 ár að hverfa aldrei frá teknum ákvörðunum í landhelgismálinu og láta það aldrei verða háð samkomulagi við aðrar þjóðir, hvenær útfærsla komi til framkvæmda.

Ekki var gengið að þessu samkomulagstilboði. En brátt kom í ljós, að umræðurnar innan NATO höfðu borið þýðingarmikinn árangur. Um sumarið 1958 höfðu togaraeigendur í Vestur-Evrópulöndum bundizt samtökum um að láta togara sína veiða áfram inn að 4 mílum við Ísland eftir gildistöku reglugerðarinnar og beita til þess ofbeldi. Er það tvímælalaust árangur NATO-viðræðnanna sumarið 1958, að allir hverfa frá þessu nema Bretar einir.

Ég hef rætt nokkuð ýtarlega, hvernig haldið hefur verið á landhelgismálinu gagnvart öðrum þjóðum á undanförnum 10 árum. Með orðum mínum er ekki um að ræða deilu á þá, sem að viðræðunum við aðrar þjóðir hafa staðið, heldur er ég einungis að vekja athygli á, að viðræður ríkisstj. nú við Breta eru beint og rökrétt framhald af viðleitni allra ríkisstjórna á Íslandi seinustu árin til að leysa ágreining um fiskveiðilögsöguna með viðræðum. Ríkisstj. hefur nú tekið upp þráðinn, þar sem frá var horfið í lok ágústmánaðar 1958, og tekið upp viðræður í því skyni að reyna að eyða landhelgisdeilunni. Árið 1958 var rætt við bandalagsþjóðir okkar allar í Atlantshafsbandalaginu. Þær viðræður leiddu til þess, að allir þoldu þá útfærslu, þótt sumir mótmæltu, nema Bretar einir, þeir beittu ofbeldi. Meginástæðan fyrir erfiðleikunum, að því er Breta snertir, var sú, að þeir vildu ekki binda hendur sínar um 12 mílur, áður en væntanleg alþjóðaráðstefna um réttarreglur á hafinu hæfist. Nú að lokinni árangurslausri slíkri ráðstefnu kannar ríkisstj. með viðræðum við Breta, hvort ný viðhorf hafi skapazt, þannig að leysa megi deiluna á aðgengilegan hátt fyrir Íslendinga, en þetta vill stjórnarandstaðan banna.

Deilan við Breta hefur nú staðið í full tvö ár. Lengst af þessum tíma hafa Bretar stundað veiðar innan 12 mílnanna undir vernd herskipa. Þeir hurfu á burt úr landhelginni, á meðan Genfarráðstefnan stóð og nú á meðan þessar viðræður standa yfir. Leiði viðræðurnar ekki til lausnar á ágreiningsatriðum, heldur deilan áfram. Nærvera brezkra herskipa og veiðar togara þeirra í íslenzkri landhelgi hafa hvað eftir annað stofnað lífi íslenzkra sjómanna í hættu. Hvert sinn, sem árekstrar verða á hafinu, heimtar stjórnarandstaðan einhverjar meiri aðgerðir gegn Bretum en mótmælin ein. Nú vill stjórnarandstaðan láta banna viðræðurnar. Ég leyfi mér að spyrja: Til hvaða frekari aðgerða en mótmæla er ætlazt af ríkisstjórninni gagnvart Bretum?

Ég skal engu spá um það, hvort viðræðurnar við Breta leiða til lausnar á málinu eða ekki. Það er skylda okkar að kanna alla möguleika til hlítar. Sérhver ríkisstj., í hvaða landi sem er, hefur þá skyldu að reyna að leysa þær deilur, sem þjóðin á í við aðrar þjóðir, ekki hvað sízt þegar deilt er um lífshagsmuni þjóðarinnar og það af jafnmikilli hörku og hér er gert. Lífsskoðanir okkar og menning krefst þess, að reynt sé til hins ýtrasta að leysa deilur með friðsamlegum viðræðum. Vopnlaus smáþjóð á ekki annarra kosta völ. Við höfum hvorki vopn né vald, og þótt við hefðum það, fordæmum við beitingu þess. Rétturinn og þörfin fyrir að geta lifað í landi okkar er okkar vopn. Við fordæmum ofbeldi Breta á Íslandsmiðum. En við verðum að forðast að gerast berir að því að neita að ræða vandamálið og skáka í því valdi, að við séum svo smáir, að þess vegna getum við leyft okkur það, sem við fordæmum, ef aðrir hafast það að. Hitt er svo annað mál, að tilraunir til lausnar á deilunni geta því aðeins borið árangur, að hagsmunir okkar og þarfir séu virtar og viðurkenndar.

Á þessari deilu er engin lausn til, nema Bretar viðurkenni óafturkallanlega 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland. Tóm til að víkja burt úr 12 mílunum, að því er takmörkuð svæði varðar á takmörkuðum tíma, er að sjálfsögðu bundið því, að á móti komi tillit á öðrum svæðum og öðrum sviðum, sem varanlegt gildi hefur fyrir okkur, að okkar dómi. Það er of snemmt að deila um niðurstöður, á meðan menn vita ekki, hvað deilt er um. Þegar niðurstöður liggja fyrir, verður haft samráð við Alþ., og þá fyrst er hægt að deila um þær.

Forseti (FS): Hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, lauk máli sínu. Er þar með lokið fyrri umferð, og hefst nú hin síðari með því, að ræðumaður Framsfl., hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, tekur til máls.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er sýnishorn af málflutningi hæstv. dómsmrh.: Alþ. hefur samþ., að ekki megi víkja frá 12 mílna fiskveiðilandhelgi og vinna beri að því að afla henni viðurkenningar. Dómsmrh. heldur því fram hér, að hann sé að framkvæma þessa ályktun með því að hleypa Bretunum inn í land-

helgina og færa hana inn með undanþágu frá 12 mílunum.

Þá er það hæstv. utanrrh., sýnishorn af hans málflutningi áðan: Hann segir, að það hafi verið samið um landhelgismálið áður. Dæmi: Það var samið um landhelgismálið 1952. Með hverju? Með því að gera boð um að skjóta því til Haagdómstólsins. Það voru samningar um landhelgismálið að dómi hæstv. utanrrh. Það hlýtur að vera meira en lítið bogið við málstað, sem þarf svona málflutning, ef nefna á þvílíkan útúrsnúning svo virðulegu nafni.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð, var ákveðið að færa út landhelgina, en ekki hve mikið né hvenær. Ríkisstj. vildi, að um þetta mesta mál þjóðarinnar, síðan frelsismál hennar leystist, yrði haft samráð á milli allra flokka, líka stjórnarandstæðinga. Því var sett upp samstarfsnefnd með fulltrúum frá öllum flokkum. Smátt og smátt varð ljóst, að Sjálfstfl. ætlaði að verða hinni fyrri skemmdarstefnu sinni í stjórnarandstöðunni trúr, líka í þessu vandamesta máli, sem til úrlausnar hefur komið lengi. Forðazt var sem heitan eld að taka afstöðu og ábyrgð og tillögum svarað með undanbrögðum og vífilengjum. Augljóst var, að þjóðareiningin um landhelgismálið megnaði ekki að ná til leiðtoga Sjálfstfl. Sjálfstfl. var reiðubúinn að nota þetta mál út í yztu æsar, eins og öll önnur, til þess eins að tefla refskák sína gegn ríkisstj. Þetta var þó ekki hægt að setja fyrir sig, þótt alvarlegt væri, og það því fremur sem við sannfærðumst um því meir sem fleira gerðist og nær dró úrslitum, að ef vinstri stjórnin sundraðist án þess að hafa fært út landhelgina, væri útfærslan úr sögunni um ófyrirsjáanlegan tíma.

Við urðum því að finna leið til að færa út, sem vinstri stjórnin gat staðið saman um. Þessa leið varð Framsfl. að leggja sig fram um að finna, og við þetta varð að miða meðferð málsins.

Íslendingum bar að greina frá því, sem þeir ætluðu að gera, í Atlantshafsbandalaginu. Við ráðh. Framsfl. vorum ráðnir í að nota aðstöðuna í NATO til að reyna að fá viðurkenningu á einhliða útfærslu og vinna að skilningi á okkar málstað. En við vorum líka ráðnir í að fyrirbyggja, að málið drukknaði þar í endalausu þófi, og við vorum ráðnir í að knýja fram útfærsluna, þótt viðurkenning fengist ekki.

Öðrum megin við okkur voru þeir, sem ekki vildu mikið til vinna að tryggja viðurkenninguna gegnum NATO. Hinum megin þeir, sem vildu endalaust þóf og ekki virtust mega til þess hugsa að stíga lokaskrefið andspænis fullkominni óvissu um, hvort útfærslan yrði viðurkennd af nokkurri þeirri þjóð, sem við höfðum nánast samstarf við. En til þess vorum við ráðherrar Framsfl. reiðubúnir, ef þyrfti, en heldur ekki nema að fullreyndum leiðum til viðurkenningar. Við töldum skylt að reyna til hlítar, þótt okkur væri ljóst, að hverfandi líkur væru fyrir viðurkenningu fyrir fram, þar sem andstaða þessara þjóða beindist fyrst og fremst gegn því að ganga inn á rétt nokkurrar þjóðar til einhliða útfærslu landhelgi.

Mikil vinna hafði verið lögð í að kynna okkar málstað, en nú var komið að úrslitastund. Genfarráðstefnunni fyrri var lokið. Þar hafði 12 mílna fiskveiðilandhelgi fengið mikinn byr, þótt ekki næði fullu samþykki. Nú varð ljóst, að til skarar varð að skríða. Fyrst varð að fá hreint úr því skorið, hvort nokkur möguleiki væri að fá út úr viðræðunum í NATO hreina viðurkenningu á einhliða rétti til útfærslu. En slík viðurkenning hefði þýtt algeran sigur okkar í landhelgismálinu í víðustu merkingu, því að með slíku var ekki aðeins opnuð friðsamleg og fyrirhafnarlaus leið til útfærslu í 12 mílur, heldur brotinn ísinn til enn frekari útfærslu í framhaldi af því. Hér var því ekki lítið að vinna.

Til að fá úr þessu skorið, var skeytið sent 18. *maí 1958 af ráðherrum Framsfl. og Alþfl. En ráð*herrar Alþb. vildu ekki slíka lokakönnun á þessu atriði. Í skeytinu var sagt, að fengist viðurkenning á einhliða rétti Íslendinga til útfærslu, yrði til athugunar tekið, að full útfærsla í 12 mílur yrði gerð á þremur árum, en grunnlínur yrðu þá færðar út. Þetta var borið undir formann Sjálfstfl., eins og hann hefur sjálfur játað. En þeirri stefnu í málinu trúr að taka enga ábyrgð á einu né neinu, sem gæti orðið til þess að leysa málið, tók hann enga afstöðu til þess. Hitt er svo ljóst af því, sem síðar hefur komið fram, að forráðamenn Sjálfstfl. vildu láta halda viðtalsþófinu í NATO áfram, þótt fyrir lægi algerlega neikvætt svar frá framkvæmdastjóra NATO um viðurkenningu á einhliða útfærslu og það frá öllum þjóðum þar.

Það er svo einn þáttur í ógeðslegum skripaleik þeim, sem nú er leikinn af hendi þeirra, sem ætla að fara aftan að þjóðinni í landhelgismálinu, að láta eins og þessum tilraunum hafi verið ljóstrað upp, þótt þær hafi verið þeim vel kunnar frá byrjun, og voru m. a. ræddar á kosningafundum og í blöðum í tvennum alþingiskosningum, þar sem framsóknarmönnum var af Alþb. legið á hálsi fyrir þetta. en framsóknarmenn síður en svo borið kinnroða fyrir, fremur en nokkuð annað af því, sem þeir hafa gert í sambandi við landhelgismálið.

Það nýja í málinu er einvörðungu það, að í vandræðum sínum reyna þeir nú, sem ætla að svíkja, *að rugla dómgreind manna* með því að bera þessar tilraunir til að fá viðurkenningu fyrir einhliða útfærslu saman við fyrirætlanir sínar nú um að verðlauna Breta fyrir ofbeldið með því að afhenda þeim það, sem við erum búnir að vinna, með því að hleypa veiðiþjófunum inn á íslenzka bátaflotann *í okkar eigin landhelgi.*

Þegar það lá fyrir 1958, að viðurkenning á einhliða rétti var alveg ófáanleg, var komið að lokaþættinum. Framkvæmdastjóri NATO hafði stungið upp á sérstakri ráðstefnu á vegum NATO.

Afstaða Framsfl. var nú tekin þessi: Ráðstefna kemur ekki til mála, þar sem fyrir liggur, að viðurkenning er ófáanleg og hik nú er sama og að tapa málinu. Ákvörðun um útfærsluna ber að taka strax, í 12 mílur, að óbreyttum grunnlínum, þar sem fyrir fram viðurkenning fæst ekki. Útfærslan taki gildi 1. sept., og ber að nota tímann þangað til til að kynna okkar málstað. Alþb. vildi útfærsluna strax, en gat fallizt á afstöðu Framsfl. Afstaða Alþfl. var alveg óljós, en viðhöfð voru hvers konar undanbrögð.

Var nú afstaða Framsfl. borin undir forustumenn Sjálfstfl., og hefur frá því öllu verið skýrt áður opinberlega. Forustumenn Sjálfstfl. neituðu að sam-

þykkja útfærsluna og vildu ekki vera með í því að hafna ráðstefnu á vegum NATO, kröfðust áframhaldandi viðræðna á vegum NATO, þótt þeim væri vel kunnugt um þau svör, sem þaðan höfðu borizt: að engir möguleikar væru á viðurkenningu. Þessi afstaða foringja Sjálfstfl. var í nákvæmu samræmi við þann fasta ásetning þeirra, sem alltaf kom betur og betur í ljós, að reyna að notfæra sér landhelgismálið pólitískt og taka ekki á sig nokkru sinni nokkra ábyrgð á því að vera með í nokkurri lausn, hversu mikil nauðsyn sem á því kynni að vera fyrir þjóðina, að samstaða gæti myndazt.

Þeir vissu, að í málinu varð að taka áhættu. Hana vildu þeir ekki taka. Eftir á átti að segja, að það hefði verið hægt að fara öðruvísi að, ef vandi kom fram. Í málinu var einnig hægt að gera yfirboð, og það átti að nota og segja: Við vildum bara meira. — Þokkalegur leikur, eða finnst mönnum ekki, með mesta málefni þjóðarinnar?

Við ráðherrar Framsfl. vorum á hinn bóginn sannfærðir um enn sem fyrr, að tækist okkur ekki að halda stjórninni saman og færa út, þá væri málið tapað. Þá mundu undansláttarflokkarnir ná tökum á málinu, og þá var ekki mikið vafamál, hvernig færi. Enda geta menn nokkuð nærri farið um það, hvenær þeir flokkar, sem nú ætla að færa landhelgina inn aftur, hefðu fært landhelgina út í 12 mílur með einhliða ákvörðun og án þess að vita nokkuð um, hvort sú ákvörðun yrði viðurkennd í verki af nágranna- og samstarfsþjóðum okkar. En það var þetta, sem þurfti að gera sumarið 1958, ef brjóta átti niður mótstöðuna gegn einhliða rétti til útfærslu.

Hér mun ekki reynt að segja frá lokaþættinum í ríkisstj., en það er nokkuð einkennandi fyrir þau átök, sem urðu til að fá Alþfl. inn á það, sem ofan á varð, að tvisvar sinnum var forsrh. búinn að biðja um ríkisráðsfund til að leggja fyrir lausnarbeiðni ríkisstj., og einu sinni höfðum við gefið upp alla von um, að okkur auðnaðist að leysa málið. En þrátt fyrir allt tókst það, og með því var landhelgismálinu raunverulega borgið. Valt þetta að lokum á því, að forustumenn Alþfl. voru þá enn hræddari við reikningsskil í landhelgismálinu frammi fyrir þjóðinni en Breta, enda voru þeir þá ekki búnir að kaupa sér líftryggingu hjá íhaldinu.

Útfærslan í 12 mílur mun jafnan verða talin merkur atburður í sögu þjóðarinnar, og útfærsla okkar í 12 mílur hefur haft stórkostleg áhrif á afstöðu í landhelgismálum á alþjóðavettvangi, í þá átt að brjóta niður yfirgang þeirra, sem vilja stunda ránsveiðar á landgrunnum annarra.

En allt hékk þetta á bláþræði þessa maidaga vorið 1958, en bjargaðist samt.

Útfærslan átti að gilda frá 1. september, og átti að nota tímann til að skýra okkar málstað fyrir öðrum þjóðum, m. a. innan NATO, sem fyrr segir. Þennan tíma eða þangað til útfærslan kom í gildi og Bretar réðust á okkur var afstaða okkar framsóknarmanna hin sama og mótaðist í skeytinu frá 18. maí, þótt utanrrh. hafi þóknast að orða hana nokkuð öðruvísi í sínum skeytum síðar. En við höfnuðum samningum um málið sem fyrr. En Alþfl. lá flatur fyrir hverju gylliboði um samninga sem fyrr, að maður nú ekki tali um forustu Sjálfstfl.

Sumarið 1958 var örlagatími hér norður við heimskautsbauginn. Ríkisstj. hafði tekið sína ákvörðun, tekið áhættu, sem varð að taka, og nú reið á, hvernig aðrar þjóðir brygðust við. Almenningur í landinu stóð að baki stjórninni. Um það þarf enginn að efast. Nú reið mest á því, að sú þjóðareining, sem raunverulega var til um útfærsluna, kæmi skýrt fram, svo að enginn, sem hafa kynni illt í hyggju, væri í vafa um, að hann ætti einhuga þjóð að mæta, sem yrði ekki kúguð frá ákvörðun sinni.

En þá skeði það, sem vafalaust hefur nokkuð örlagarikt orðið og lengi mun minnzt verða. Aðalmálgagni Sjálfstfl., sem Bjarni Benediktsson stýrði, var ekki beitt til þess að styðja ákvörðunina um útfærslu, sem nú hafði verið tekin af löglegri stjórn með þingmeirihluta að baki og lífsnauðsyn var fyrir þjóðina að fengi að fullu staðizt. Og þó vissu þeir, sem réðu húsum hjá aðalmálgagni Sjálfstfl., að erindrekar Breta fylgdust nákvæmlega með öllu hér til að kanna, hve sterkir Íslendingar væru í málinu, hve vel þeir stæðu saman, og allt með það fyrir augum að beita Íslendinga ofbeldi, ef þeir teldu sig sjá veilu í samstöðu þjóðarinnar, sem leitt gæti til undanhalds í þeirra þágu.

Við þessa aðstöðu var Morgunblaðið notað, undir forustu Bjarna Benediktssonar, núv. hæstv. dómsmrh., til þess að deila á og rífa niður á allar lundir og tortryggja með öllu hugsanlegu móti ákvörðun ríksstj. um útfærslu landhelginnar, sem fram undan var 1. september.

Það var hamrað á því, að Sjálfstfl. hefði viljað meiri og lengri viðræður, eins og það var kallað, í stað útfærslunnar. Eins og á stóð var þetta ekkert annað en hreinlega tilboð um samninga, enda ekki skilið nema á einn veg af Bretum. Þeir vissu vel, að sjálfstæðismönnum var vel kunnugt það, sem á milli hafði farið í NATO, og að öll þessi hróp um meiri og meiri viðræður gátu ekki þýtt annað en að sjálfstæðismenn teldu, að ganga ætti til móts við þeirra sjónarmið.

Allt sumarið var sleitulaust alið á því í Morgunblaðinu, hve stórkostlegur ágreiningur ríkti um útfærslu landhelginnar og allt, sem að því lyti. Það hafði verið ágreiningur meðal þeirra, sem ákvarðanirnar áttu að taka. En hann var leystur, nema ágreiningur þeirra forustumanna í Sjálfstfl., sem óleysanlegur var. Það var augljóst orðið, að þjóðin stóð að baki því, sem ríkisstj. hafði gert í málinu. En um það stóð ekkert í Morgunblaðinu og þaðan af síður hvatningar til allra að standa fast saman um það, sem gert hafði verið af löglegri stjórn, vegna hættu utan frá.

En Bretar lásu Morgunblaðið, og þeim var ekki ljóst, að það talaði ekki þetta sumar einu sinni fyrir munn almennings í Sjálfstfl., hvað þá fyrir þjóðina.

En svo langt var gengið hjá blaðinu, að hörðu þurfti að beita til að koma þar á framfæri ályktunum um samstöðu í landhelgismálinu, þegar þær fóru að berast, vegna þess ekki sízt, hve mönnum blöskraði sundrungarstarf blaðsins á þessari örlagastund.

Hámarki náði þessi áróður til að grafa undan ákvörðuninni um útfærsluna og gera hana tortryggilega og veika í augum samstarfsþjóða okkar, en

andstæðinga í landhelgismálinu, með því, að forustumenn Sjálfstfl. héldu blákalt fram, að kommúnistar hefðu ráðið ferðinni í landhelgismálinu, þetta væri þeirra mál orðið. Á þessu var staglazt í Morgunblaðinu allt sumarið. En það var ekki nóg, að Bjarni Benediktsson stæði fyrir þessu. Ólafur Thors varð líka að fara á stúfana og lýsa því yfir í ræðu, sem síðan var prentuð í Morgunblaðinu, að ráðherrar Framsfl. væru eins og bundnir fangar aftan í stríðsvagni kommúnista í landhelgismálinu.

Þá var heldur ekkert til sparað í Morgunblaðinu að upplýsa, að Alþýðuflokksmenn hefðu verið kúgaðir í landhelgismálinu. Á því áttu Bretar að sjá, að Alþýðuflokksmenn væru ekki eins ótilkippilegir og ætla mætti af þátttöku þeirra í útfærslunni.

Var furða, þótt Bretar teldu sig geta boðið Íslendingum sitt af hverju, eftir að hafa fengið slíkar upplýsingar frá háttsettum mönnum að baki viglínu Íslendinga um sjálfa útfærsluna og hvað að baki henni stæði?

Hafa menn íhugað til hlítar þá botnlausu spillingu, sem í þessari framkomu felst, að ekki séu viðhöfð önnur orð, sem ættu betur við? Þessi taumlausi áróður Morgunblaðsins allt sumarið 1958 hlaut að gefa Bretum þá hugmynd, að við sundraða þjóð væri að eiga í landhelgismálinu, sem hlyti að láta undan og semja, ef henni væri sýndur hnefinn.

Með þessu varð forustulið Sjálfstfl. þess valdandi, að Bretar lögðu út í ofbeldisverk sín á fiskimiðum Íslendinga, og er þung ábyrgð þeirra, sem slíkt kalla yfir sína þjóð.

Aðfaranótt 1. sept. 1958 var mikil örlaganótt við Ísland. Þá gerðust þeir atburðir, sem tímamótum ollu í landhelgismáli þjóðarinnar og áreiðanlega sögu hennar. Togarar allra þjóða færðu sig út fyrir 12 mílna mörkin, — nema togarar Breta. Þegar togarar annarra þjóða færðu sig út úr hinni nýju landhelgi til þess að viðurkenna hana þar með í verki, sigldu brezku herskipin inn í nýju landhelgina til þess að reyna að halda þar uppi fiskveiðum með ofbeldi og kúga Íslendinga með því til undanhalds, — hina sundruðu þjóð á vegum kommúnista, sem Morgunblaðið hafði verið að lýsa fyrir Bretum allt sumarið.

Ég hef oft sagt áður og ég segi það enn, að þegar togarar allra annarra en Breta færðu sig út fyrir aðfaranótt 1. sept., unnu Íslendingar sigur í landhelgismálinu, og miklð eigum við þeim þjóðum að þakka, sem viðurkenndu þá okkar rétt í verki.

Ekki þarf að fara í neinar grafgötur um, að þar nutum við þess, sem fram hafði farið innan NATO til að skýra okkar mál, enn fremur eðlilegrar tilhliðrunarsemi, sem við höfðum látið koma fram að við værum til með að sýna gegn fullri viðurkenningu á okkar einhliða rétti til útfærslu.

Þar nutum við einnig þess, að við vorum í NATO. Og í allri landhelgisbaráttu okkar hefur okkur verið mikill styrkur að veru okkar í NATO, þótt ekki hafi það náð að firra okkur ofbeldi Breta. Og vera okkar í NATO er ásamt fleiru trygging fyrir því, að landhelgismálið er raunverulega leyst og tilslökun í því nú er bein svik við málstað Íslendinga.

Þann 1. sept. 1958 sigruðu Íslendingar í landhelgismálinu. Röddinni í Morgunblaðinu var drekkt í þeirri öldu, sem með þjóðinni reis til samstöðu um 12 mílna fiskveiðilandhelgina nýju og gegn ofbeldi Breta.

En nú urðu þáttaskil í stjórnmálum landsins. Undansláttarflokkarnir í landhelgismálinu náðu tökum á málefnum þjóðarinnar. En það þurfti að halda tvennar kosningar og það tók meira en ár. Jarðvegurinn var ekki heldur upp á það bezta til að tala um undanslátt og samninga, meðan viðureign við herskip Breta og veiðiþjófa í landhelgi var svo að segja daglegt brauð Íslendinga. Enda var röddin, sem áður var svo óþreytandi að lýsa sundrungu Íslendinga í landhelgismálinu og útfærslu landhelginnar eftir fyrirskipun kommúnista og nauðsyn þess að semja og semja, — enda var röddin nú jafnköf að lýsa yfir því, að enginn undansláttur frá 12 mílunum í nokkurri mynd kæmi til mála. Það var líka sem óðast verið að kjósa. Á Alþingi tóku forustumenn Sjálfstfl. þátt í að samþykkja þetta sama og voru óþreytandi að sverja fyrir alla möguleika til undansláttar frá 12 mílna fiskveiðilandhelginni. Allt virtist í góðu horfi og engin veila í neinu, og margir voru farnir að trúa því, að þjóðareiningin í landhelgismálinu næði orðið til leiðtoga stjórnarflokkanna og allir stæðu saman gegn ofbeldi Breta.

En svo fór því miður, að í ljós kom, að svo var ekki og að þeir til dæmis, sem héldu, að forusta Sjálfstfl. hefði skipt um skoðun frá því um sumarið 1958, höfðu alveg rangt fyrir sér.

Eftir kosningarnar, sem þurfti að klára fyrst, var beðið eftir landhelgisráðstefnunni í Genf. Sú ráðstefna styrkti enn stórkostlega málstað Íslendinga. Sögulega réttinum var hafnað og stóraukið fylgi við 12 mílna fiskveiðilögsögu. En ekki var ráðstefnunni samt fyrr lokið en undanhaldið byrjaði.

Fyrst kom sakaruppgjöfin, sem gat átt rétt á sér, ef jafnframt var gert alveg endanlega ljóst, að ekkert undanhald kæmi til mála né nokkrir samningar eða viðtöl út af ofbeldi Breta. Þá gat hún létt Bretum að láta af ofbeldinu.

En það er svo furðulegt, að tæpast fást orð yfir, að menn, sem ætluðu sér að semja við ofbeldismennina, skyldu byrja á því að gefa þeim upp allar sakir, áður en þeir settust niður með þeim til að semja við þá. Ætli slíkt sé ekki fágætt í allri heimssögunni?

Með sakaruppgjöfinni, eins og hún var framkvæmd, og með því að taka upp samninga í framhaldi af henni munu Bretar telja sig hafa fengið staðfestingu á því, að það væri engin tilviljun, hvernig Morgunblaðið var skrifað sumarið 1958 undir forustu núv. hæstv. dómsmrh., og að þeir hafi, þegar allt kom til alls, ekki reiknað skakkt, þegar þeir drógu þær ályktanir um sumarið, að *þeim mundi óhætt að sýna herskipin, bak við viglínu Íslendinga í landhelgismálinu væru menn, sem vildu slaka til, ef þau væru sýnd.* Brezkir forráðamenn hafa langa æfingu í að sjá vellurnar í fari þeirra, sem þeir vilja sýna yfirgang, hafa glöggt auga fyrir veiku hlekkjunum. Þeir hafa alltaf treyst á óheilindi forustuliðs stjórnarflokkanna og byggt á þeim og að undir byggi sú skoðun núv. hæstv. dómsmrh., að ekki yrði lengra komizt en Bretar raunverulega vildu, en hann orðar þannig: en hinar stærstu vinsamlegu þjóðir vildu, — og stað-

festist þetta af öllum þeim málflutningi, sem nú er við hafður, og því, sem verið er að gera.

Með þessum aðförum hæstv. ríkisstj. hefur málstað Íslendinga verið spillt, — og nú er hrópað: Hvernig á þá að leysa fiskveiðideiluna? Íslendingar verða að gera eitthvað til að leysa deiluna.

Annað veifið er svo talað eins og vígdrekar Breta liggi tilbúnir og hótað sé að senda þá inn, ef ekki er samið. Hitt veifið er sagt eitthvað á þá lund, að vígdrekar komi ekki, en eitthvað, sem sé jafnvel verra, enginn veit hvað.

Við okkur, sem berjumst af öllu afli á móti því, að brezka togaraflotanum sé nú hleypt inn í landhelgina, er sagt: Hvernig viljið þið leysa deiluna?

Við svörum með því að biðja menn að líta á, hvernig málið stendur, þegar moldinni er blásið frá. Við svörum með því að biðja menn að athuga: Allar þjóðir nema Bretar hafa viðurkennt 12 mílna útfærsluna í verki. Allir vita, að Bretar geta alls ekki látið togara sína fiska hér við land undir herskipavernd. Reynsla þeirra er svo ömurleg af þess háttar veiðum, að slíkt fær engum dulizt. Friðun landhelginnar má heita alger í reynd og fiskgengd við strendurnar miklu meiri en áður. Jafnvel þeir, sem vilja nú beita sér fyrir samningum og launa Bretum ofbeldið með friðindum á kostnað íslenzku fiskimannanna og þjóðarinnar, hafa sjálfir viðurkennt, að 12 mílurnar hafi sigrað. Það er bókstaflega ekkert til í þessu máli, sem nálgast það nokkuð að gefa ástæðu til að fórna því, sem við höfum þegar unnið. Hví skyldum við gera slíkt? Annað mál væri að taka tillit til annarra þjóða í sambandi við öflun viðurkenningar á einhliða ákvörðunum okkar, ef um enn frekari útfærslu, í 16 mílur eða 20 mílur, væri að ræða, en það væri hliðstætt því, sem fyrir lá 1958.

Fátt sýnir betur sekt og vandræði þeirra, sem fyrir samningunum við Breta standa, en tilraunir til að bera saman að afhenda Bretum það í verðlaunaskyni fyrir ofbeldið, sem við erum búnir að vinna, nýju landhelgina, — að bera þetta saman við tilraunina 1958 til þess að fá fyrir fram viðurkenningu á einhliða útfærslu í stað algerrar óvissu um, hvort nokkur nágrannaþjóðanna mundi viðurkenna hana í verki.

Nú erum við búnir að fá viðurkenningu allra í reynd nema Breta, sem geta ekki fiskað í landhelginni áfram eins og þeir hafa gert. Við erum búnir að sigra í 12 mílna málinu, einnig á alþjóðavettvangi, og þurfum ekki að semja um vansæmandi undanslátt við einn né neinn.

Þeir, sem fyrir þessu standa nú, eru líka svo þrotnir að rökum fyrir því, að Íslendinga reki nauður til slíkrar uppgjafar, að þeir eru farnir að afsaka samningana, eins og hæstv. dómsmrh. gerði hér í kvöld, með því, að það þurfi að kaupa með friðindum í landhelginni leyfi til að landa **fiski í Bretlandi.**

Þá höfum við það, að slíkur er skilningur þessara manna á þýðingarmesta réttindamáli þjóðarinnar — landhelgismálinu, að þeir eru reiðubúnir að láta landsréttindi Íslands fyrir fisksöluleyfi í Bretlandi, og það eftir allt, sem á undan er gengið. Hvað ætli mikið yrði eftir af fiskveiðilandhelginni nýju að nokkrum árum liðnum, ef farið verður að nota hana sem gjaldmiðil í verzlunarsamningum við önnur lönd?

Það er svo enn táknrænt um þetta lið, sem nú ætlar að semja við Breta, að það stendur þessa dagana að tillögu á Alþingi um að senda íslenzka vélbátaflotann til fiskveiða suður að Afríkuströndum, um leið og Bretum er ætlað að koma inn í landhelgina með nokkur hundruð togara.

Fiskgengdin við landið hefur nú aukizt verulega vegna stækkunar fiskveiðilandhelginnar. Menn horfa nú vonglaðir fram á enn batnandi afla við strendurnar og byggja á því framtíðarvonir sínar. Það er furðuleg ófyrirleitni að láta sér til hugar koma að hleypa nú brezka togaraflotanum inn í landhelgina gersamlega að ástæðulausu, leyfa veiðiþjófunum að láta nú greipar sópa um svæði, sem búið er að friða. Það má þá líka nærri geta, hvernig aðfarir Breta yrðu í landhelginni núna, ef þeim verður hleypt inn fyrir, eftir allt, sem á undan er gengið. Og þeir munu þykjast vita, hvaða aðferðir það eru, sem mest gefi í aðra hönd í viðskiptum við Íslendinga.

Gegn þessu verður þjóðin að rísa, og láta þá, sem fyrir þessu standa, vita nú þegar, að þeir muni glata fylgi sínu og trausti, ef þetta verður gert. Mun þá málinu verða bjargað á síðustu stundu.

Stjórnarflokkarnir vildu ekki samþykkja útvarpsumræður um þetta í tvö kvöld, töldu vígstöðuna betri með því að fá að flytja áróður sinn og moldviðri í síðari ræðuumferðinni í friði fyrir svörum framsóknarmanna, en það gátu þeir tryggt sér með því að neita tveggja kvölda umræðum.

En þetta mun ekki koma að neinni sök, því að þeirra hlutur mun verða því verri, sem þeir þeyta upp meira moldviðri um þetta mál, enda aðalatriði þess fullljós orðin hverju mannsbarni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hver hefði trúað því fyrir einu ári, að við stæðum nú frammi fyrir því, að ríkisstj. landsins væri að semja við Breta um fiskveiðilandhelgi Íslands? Þá voru nýlega um garð gengnar tvennar alþingiskosningar, og þjóðin vissi ekki annað en að allir stjórnmálaflokkar og allir alþingismenn væru heilir í landhelgismálinu. Þeir höfðu hátíðlega lýst yfir því, að samningar við ofbeldið kæmu ekki til greina og að aldrei skyldi hvikað frá fullum 12 mílum umhverfis landið allt. Svo engilhreinir voru þeir, sem nú standa í samningum við Breta um landhelgismálið, að sumarið 1959 neituðu þeir að mæta á NATO-fundi í Bretlandi og sögðust ekki geta setzt til borðs með ofbeldismönnum, sem sendu herskip sín upp að ströndum Íslands til þess að brjóta niður lög og reglur vopnlausrar þjóðar. Jafnvel kennarar, sem ætluðu að sitja þing með stéttarbræðrum sínum í Bretlandi, voru stöðvaðir frá slíku af stjórnarvöldum landsins. Svona voru Íslendingar vandir að virðingu sinni þá og ákveðnir í því að láta ekki ofbeldinu.

En svo kom tilkynning ríkisstj. þann 10. ágúst í sumar um það, að hún hefði ákveðið að verða við tilmælum Breta um að taka upp viðræður við þá um landhelgismálið. Mönnum hnykkti við og ætluðu varla að trúa sínum eigin eyrum. Stjórnarblöðin reyndu að draga úr ótta almennings og

sögðu, að hér væri ekki um samninga að ræða um landhelgismálið, heldur aðeins viðræður um að koma í veg fyrir árekstra á Íslandsmiðum, og auk þess væri aðeins kurteisi að ræða við Breta. Þannig var reynt að dylja fyrir þjóðinni, hvað raunverulega var að gerast í landhelgismálinu. En nú stendur þjóðin frammi fyrir bláköldum veruleikanum. Nú geta ráðamenn þjóðarinnar ekki lengur dulið fyrirætlanir sínar. Á Alþingi hefur landhelgismálaráðherrann, Bjarni Benediktsson, orðið að viðurkenna, að rætt sé við Breta — orðrétt eftir honum haft — um að veita þeim mjög tímabundna heimild til fiskveiða innan 12 mílna, gegn því, að við fáum ákveðin, ótvíræð hlunnindi þar á móti. Hann segir enn fremur, að rætt sé um þriggja til fimm ára heimild til handa Bretum. Stjórnarblöðin reyna ekki lengur að neita því, að ætlunin sé að semja við Breta um landhelgismálið.

En hvað gerir svo ríkisstjórn Íslands, þegar svona er komið málum, þegar ljóst liggur fyrir, hvað er að gerast? Jú, þá gripur hún til þess að reyna að afsaka og blekkja og reyna að þyrla upp rykmekki ósanninda um tveggja og þriggja ára gömul ágreiningsefni í landhelgismálinu. Þannig á að leiða athyglina frá því, sem nú er að gerast, frá þeim háska, sem nú vofir yfir þjóðinni í landhelgismálinu, og fá hana til þess að taka þátt í þrætum um löngu liðna atburði. En slíkt skal ekki takast. Það er sá voði, sem nú stendur fyrir dyrum, það eru þau svik, sem nú eru undirbúin, sem eru kjarni málsins, og það er hann, sem nú á að ræða fyrst og fremst.

Þjóðin veit líka fullvel, hvað var að gerast í landhelgismálinu 1958. Þann 21. maí 1958 gaf Sjálfstfl. út yfirlýsingu um, að hann vildi taka upp samninga við NATO-ríkin um landhelgismálið, og hún var birt í Morgunblaðinu. Sama dag lýsti Alþfl. yfir, að hann væri á sömu skoðun og vildi fresta málinu. Það var birt í Alþýðublaðinu. Framsfl. lýsti hins vegar yfir, eftir að hann hafði kannað ásamt Sjálfstfl. og Alþfl. kröfur og vilja NATO-ríkjanna, að hann vildi ekki semja um málið. Alþb. krafðist skilyrðislaust efnda á samningi stjórnarflokkanna um útfærslu í 12 mílur og neitaði öllum samningatilraunum við erlenda aðila um málið. Þetta liggur allt opinberlega og skjalfest fyrir. Símskeytið 18. maí var sent algerlega án samráðs við Alþb., eins og margsinnis hefur verið viðurkennt af þáv. forsrh., Hermanni Jónassyni, og símskeytið frá 20. ágúst var sent án þess, að Alþb. fengi nokkurn tíma um það að vita. Þó að foringjar Sjálfstfl. og Alþfl. hafi friðlausir viljað svíkja í málinu sumarið 1958 og mjög reynt til þess að fleka Framsfl. inn á sitt mál, þá breytir það engu um þann dóm, sem þjóðin hlýtur að kveða upp yfir þeim, sem nú eru að svíkja í málinu og glata unnum sigri í einu stærsta máli þjóðarinnar.

Svo langt gengur óskammfeilni núverandi ráðherra í þessu máli, að utanrrh. Guðmundur Í. Guðmundsson mun hér, ef að venju lætur, þegar hann ræðir þetta mál, reyna að afsaka svik sín nú í málinu með því að halda því fram, að ég hafi 1957 — eða ári áður en landhelgin var stækkuð — ekki lagt til að breyta 4 mílna landhelginni, heldur aðeins hugsað um grunnlínubreytingar og tímabundna útfærslu. Hér er öllu snúið við. Í bréfum mínum frá apríl 1957 og júní 1957 legg ég höfuðáherzlu á, að ekki sé beðið lengur með aðgerðir í landhelgismálinu, og tel alltaf upp sem leið númer eitt 12 mílna landhelgi með breyttum grunnlínum. Þegar Guðmundur Í. Guðmundsson og Hans Andersen höfðu neitað að fallast á slíkt fyrr en eftir Genfarráðstefnu, sem halda átti ári síðar, þá lagði ég til, eins og segir í bréfinu:

„Með sérstöku tilliti til þess, að umrædd alþjóðaráðstefna er fram undan um víðáttu landhelgi, þá tel ég rétt að fara að þessu sinni þá leið, sem meðfylgjandi uppdráttur sýnir, en hún byggir á breyttum grunnlínum og tímabundinni útfærslu á þremur stöðum við landið. Með þessari leið breytum við ekki 4 mílna reglunni að þessu sinni, en náum hins vegar þeim stækkunum á friðunarsvæðinu, sem mestu máli skiptir.“

Einnig sú staðreynd, að Guðmundur Í. Guðmundsson gat stöðvað allar framkvæmdir í landhelgismálinu 1957, stöðvað, að þá væru gerðar breytingar á grunnlínum og friðun stóraukin við landið, einnig það skal gert að umræðuefni nú til þess að draga athyglina frá því, sem nú er að gerast í landhelgismálinu.

Spurning dagsins í dag, sú spurning, sem allir Íslendingar eru með á vörunum, er þessi: Á að hleypa Bretum inn í landhelgina? Ætlar ríkisstjórnin að svíkja yfirlýsingar sínar og loforð? Það er um þetta, sem þjóðin ræðir í dag, en ekki um leyniskeyti og svikafyrirætlanir núverandi stjórnarflokka, sem mistókust hjá þeim 1958.

Jafnhliða því, að ríkisstjórnin reynir að leiða umræður um málið inn í gamlar hliðargötur, reynir hún að bera fyrir sig ýmiss konar afsakanir. Afsökun nr. 1 er sú, að gegn því, að Bretar fái tiltekin svæði innan 12 mílna, ætli þeir að samþykkja friðun á jafnstórum svæðum fyrir utan 12 mílur. Og orð eru látin liggja að því, að hér sé raunverulega um kaup kaups að ræða og að Íslendingar græði jafnvel á öllu saman. Hvert mannsbarn á Íslandi veit, að hver fermíla innan 12 mílna, á grunnmiðum, þar sem uppeldisstöðvar ungfisksins eru, er margfalt dýrmætara friðunarsvæði en fermíla utan 12 mílna, þar sem eru göngusióðir hins fullvaxna fisks. Dettur nokkrum manni í hug, að Bretar séu að brjótast í því að ná samningi um veiðisvæði innan 12 mílna til þess að tapa um leið jafngóðum eða betri veiðisvæðum fyrir utan? Nei, auðvitað dettur engum í hug slík fjarstæða.

Afsökun nr. 2 er sú, að leyfi Breta til fiskveiða innan 12 mílna eigi aðeins að gilda í fá ár, 3—5 ár. Þá er strax komið svo í röksemdafærslunni, að samningurinn, sem átti að vera okkur til hagsbóta, hefur sér það til gildis að eiga að standa í aðeins fá ár. En hver trúir því, að samningur, sem þannig er neyddur upp á okkur með ofbeldi af erlendu valdi, standi aðeins í 3—5 ár, þó að því sé lofað nú í upphafi? Má í þessu sambandi benda á, að sá sami maður, sem nú flytur loforð hins erlenda valds um þetta, hefur áður flutt þjóðinni hliðstætt loforð. Það var veturinn 1949, þegar verið var að lokka Íslendinga inn í hernaðarbandalag. Þá gaf Bjarni Benediktsson hátíðlega yfirlýsingu, sem var orðrétt þannig:

„Við munum aldrei samþykkja, að erlendur her né herstöðvar séu í landi okkar á friðartímum. Er því allur ótti um það, að fram á slíkt verði farið við okkur, ef við göngum í bandalagið, gersamlega ástæðulaus.“

Nú segir Bjarni Benediktsson landhelgismálaráðherra nákvæmlega það sama og þá: Það er gersamlega ástæðulaust að óttast, Bretarnir fara út eftir 3—5 ár. — En hver trúir? Láta menn blekkja sig með sama bragðinu af sama manninum tvisvar?

Og þá kemur afsökun nr. 3 um, að eyða verði deilunni við Breta. Í málflutningi ríkisstj. er staðreyndum beinlínis snúið við, þegar kemur að þessu atriði. Það eru Bretar, sem efnt hafa til deilu við okkur Íslendinga. Það eru þeir, sem halda uppi lögbrotum á fiskimiðum okkar og halda hér uppi deilunni. Staða Íslendinga í þessari deilu Breta er hliðstæð stöðu saklauss manns, sem verður fyrir því á förnum vegi, að ofbeldismaður ræðst að honum og heimtar af honum peningaveski hans. Hinn saklausi maður getur auðvitað sett niður deilu ofbeldismannsins með því að afhenda honum peningaveskið. Á sama hátt getum við Íslendingar auðvitað látið undan ofbeldi Breta og afhent þeim landhelgina og eytt þannig deilunni. En auðvitað er það að hafa hausavixl á hlutunum að ætlast til þess, að sá saklausi eyði þeirri deilu, sem sá seki heldur uppi.

En stjórnarandstæðingar hafa engin ráð til þess að eyða deilunni, segja talsmenn ríkisstj. og hæstv. dómsmrh. Slíkt segir hann auðvitað gegn betri vitund. Öll þjóðin veit, að með einni setningu gætum við Íslendingar rekið Breta úr landhelginni á svipstundu, með því að segja herliði Bandaríkjamanna að hypja sig þegar í stað með allt sitt hafurtask frá Keflavíkurflugvelli og láta þá vita, að við mundum fylgja slíku eftir með kæru til Sameinuðu þjóðanna.

Hæstv. dómsmrh. reyndi að láta líta svo út sem við ættum engan rétt hjá Sameinuðu þjóðunum til þess, að þær stöðvuðu hernaðarlegt ofbeldi Breta hér við land. Hér fer hæstv. ráðh. algerlega rangt með staðreyndir, þar sem hann vitnar í lagagreinar Sameinuðu þjóðanna, sem fjalla um allt annað en um beitingu hervalds einnar þjóðar gagnvart annarri. Slíkt herhlaup eins og það, sem Bretar hafa gert hér við landið, eiga Sameinuðu þjóðirnar að stöðva, og enginn vafi er á, að þær mundu stöðva herskipavaldbeitingu Breta hér við land, eins og þær stöðvuðu á sínum tíma herhlaup Breta á Súez. En hverjir eru það, sem hafa ekki fengizt til þess að eyða deilunni á þennan hátt, sem við sannarlega getum? Jú, ætli Bjarni Benediktsson og Guðmundur Í. Guðmundsson þekki ekki þá menn? Ætli þeir viti ekki, hverjir það eru, sem neitað hafa að afgreiða tillögu um þetta efni í utanrmn.? Þjóðin hefur lengi vitað, að þeir tveir hæstv. ráðh., sem hér eru málsvarar ríkisstj., einu málsvarar hennar að þessu sinni, hafa verið veikustu hlekkir þjóðarinnar í landhelgismálinu.

En hvernig hefur svo deilu Breta við okkur verið háttað að undanförnu? Stóð sú deila þannig, að það væri lífsnauðsynlegt fyrir okkur að gefast upp? Eða voru kannske Bretar að gefast upp?

Reynslan hafði sannað, að rúmlega helmingur þess togaraflota Breta, sem veiðar stundaði við Ísland áður, hafði algerlega gefizt upp við veiðar hér við land og leitað á önnur mið. Hinn helmingurinn var geymdur í herskipabásum og gat ekkert fiskað. Brezk blöð höfðu lýst yfir, að áframhaldandi fiskveiðar undir herskipavernd væru óframkvæmanlegar með öllu. Friðun fiskimiðanna við Ísland var meiri fyrir þá heimsku Breta að halda skipum sínum í básunum heldur en verið hefði, ef þeir hefðu viðurkennt 12 mílurnar strax í upphafi. Geymsla brezku togaranna í básunum þýddi í reynd, að fiskimiðin nutu óvenjulegrar friðunar einnig fyrir utan 12 mílurnar allt í kringum landið. Hver maður gat séð, að sigurinn var okkar í málinu og að Bretar áttu engan annan kost en þann að gefast upp opinberlega. Ekkert gat raunverulega bjargað Bretum úr þessari klípu, frá þessari smán, annað en liðhlaup í okkar eigin liði.

Þegar svona var komið, komu landhelgismálaráðherra Bjarni Benediktsson og utanríkisráðherra Íslands Guðmundur Í. Guðmundsson með þá furðulegu kenningu, að við Íslendingar yrðum að eyða deilunni, hvað sem það kostaði.

En hefur ríkisstj. gert sér grein fyrir raunverulegum afleiðingum þess að hleypa Bretum inn í fiskveiðilandhelgina upp að 6 mílum? Getur það verið, að ríkisstj. hafi áttað sig á, hvílíkan háska hún er að leiða yfir þjóðina með slíkum samningum? Afleiðingarnar yrðu þessar í stuttu máli: 2—3 hundruð brezkir togarar mundu strax streyma inn í landhelgina. Í kjölfar þeirra mundu efalaust koma önnur 2—3 hundruð erlend veiðiskip og svo auðvitað íslenzki togaraflotinn. Þessi erlendi floti er stærri og öflugri en nokkru sinni áður hefur veitt hér við land. Hann er betur búinn að tækjum en áður, m. a. nú búinn fullkomnustu fiskleitartækjum. Eyðingarkraftur þessa flota á grunnmiðunum er margfaldur á við það, sem áður var. Ný tækni gerir skipunum fært að dveljast helmingi lengur á miðunum en áður. Og veiðarfæri eru komin til sögunnar, sem lítt voru notuð fyrir nokkrum árum. Innan 12 mílnanna getur þessi floti ekki verið nema á miðum bátanna, jafnvel á miðum hinna smærri báta. Skark þessa erlenda flota á fiskimiðunum upp að 6 mílum mundi á næstu 3 árum eyðileggja meira en allur erlendi veiðiflotinn gerði síðustu 10 árin fyrir útfærsluna. Með því að leyfa slíka rányrkju á miðunum er verið að brjóta niður grunninn undir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

90—95% af öllum gjaldeyri þjóðarinnar fær hún fyrir sjávarafla. En hvernig fer, ef þannig á að fara með dýrmætustu fiskimið hennar? Við Íslendingar höfum fengið hverja aðvörunina af annarri frá þekktum fiskifræðingum, innlendum og útlendum, um það, hvað sé að gerast á fiskimiðunum í Norður-Atlantshafi um þessar mundir. Norskir fiskifræðingar benda á, að vaxandi togveiðar við Noreg eyði svo ungviðinu þar, að fiskstofninum sé ógnað. Yfirmaður fiskirannsóknarstöðvarinnar í Lowestoft í Bretlandi sagði nýlega, að hann teldi brýna þörf á því, að nýjar alþjóðareglur yrðu settar til þess að varna ofveiði í Norður-Atlantshafi. Og við Íslendingar höfum sára og tilfinnanlega reynslu af því, hvernig afli togaranna hefur farið stórum þverrandi við Ísland hin síðari ár. Við vitum, að aukin friðun er ráðið, og við höfum séð,

hvernig friðun síðustu ára er þegar farin að skila arði á grunnmiðum bátanna. En þrátt fyrir allt þetta, þrátt fyrir þau himinhrópandi rök, sem við Íslendingar höfum með málstað okkar, þá ætlar ríkisstj. að lúta valdinu, beygja sig fyrir ofbeldinu og svíkja af þjóðinni þann sigur, sem hún hafði unnið í landhelgismálinu.

Hvað er að gerast? Hafa þeir menn, sem nú sitja í ríkisstj. á Íslandi, tapað glórunni? Vita þeir ekki, hvað þeir gera, eða ráða þeir ekki gerðum sínum?

Þegar Íslendingar stækkuðu landhelgi sína úr 3 mílum í 4 árið 1952 og breyttu grunnlínum, sagði Ólafur Thors, núv. forsrh.: „Landauðn eða landhelgi er í dag letrað í hvert einasta íslenzkt hjarta.“ Þá sagði hann: „Siðferðilegur réttur Íslands í þessu máli er rétturinn til að lifa.“ En hvað segir Ólafur Thors nú? Hvað stendur nú letrað í hans hjarta og í hjörtu annarra Íslendinga? Árið 1952 sagði Bjarni Benediktsson, að við semdum aldrei um landhelgi Íslands, því að við ættum lagalegan og siðferðilegan rétt til þess að taka einhliða ákvörðun um verndun fiskimiðanna við Ísland. En hvað segir hann nú? Hvað er hann nú að gera? Í maímánuði 1959 lýstu báðir þeir hæstv. ráðh., sem hér tala fyrir hönd ríkisstj. í kvöld, Bjarni Benediktsson og Guðmundur Í. Guðmundsson, því yfir, að frá 12 mílum umhverfis landið yrði ekki hvikað. En hvað ætla þeir nú að gera? Í vor sagði Ólafur Thors: „Ég hef enga heimild til þess að afsala þjóðinni 12 mílum.“ En hvað er hann að gera? Í vor sagði Guðmundur Í. Guðmundsson utanrrh. í útvarpi til þjóðarinnar: „Við munum berjast gegn öllum frádrætti, hverju nafni sem nefnist, tímatakmörkunum og öðrum, gegn öllu, sem veitir öðrum þjóðum fiskveiðiréttindi innan 12 mílna við Ísland.“ Hvað á nú að gera við þessi fögru orð, þessar afdráttarlausu yfirlýsingar? Í sumar lýsti einn af forustumönnum Alþfl. á Austurlandi yfir því á almennum fundi á Eskifirði um landhelgismálið, að hann hefði rétt í þeim svifum átt símtal við Emil Jónsson, formann Alþfl., og hefði hann leyft sér að skýra fundinum frá því, að ekki kæmi til mála, á meðan hann, Emil Jónsson, sæti í ráðherrastól, að semja um nein frávik frá 12 mílum allt í kringum landið né semja við Breta um landhelgismálið. Hvað ætlar Emil Jónsson nú að gera? Ætlar hann kannske að víkja úr ráðherrastól, á meðan samið er við Breta? Er það virkilega svo, að orð æðstu manna þjóðarinnar séu einskis virði, að frá þeim sé hægt að hlaupa eins og ómerkilegum hlut? Halda þessir háu herrar, að þeir geti leyft sér allt, að í krafti flokksholllustu eða flokksbanda sé hægt að draga dár að mönnum, eins og þeir séu fífl?

Nei, því skal ekki trúað, að þær þúsundir Íslendinga, karla og kvenna úr öllum flokkum, sem saman hafa staðið í landhelgismálinu og saman hafa gert samþykktir og áskoranir til stjórnar og Alþingis, láti gabba sig þannig með uppgerðarafsökunum eða tylliástæðum til þess að fallast á slík svik í málinu og nú eru ráðgerð. Ég veit, að ríkisstj. getur að forminu til gert samning við Breta, sem heimilar þeim fiskveiðar innan 12 mílna, a. m. k. ef henni tekst að handjárna allt sitt þinglið. En slíkur samningur yrði byggður á ótraustum grunni. Þm. hafa ekkert umboð til þess að semja um undanslátt í landhelgismálinu. Þvert á móti höfðu þeir allir lofað fyrir kosningar að víkja í engu frá 12 mílum allt umhverfis landið. Og svo er hitt, að enginn vafi er á því, að mikill meiri hluti þjóðarinnar er algerlega á móti slíkri samningsgerð. Samningarnir væru því gegn vilja þjóðarinnar og gætu orðið pappírsgagn í framkvæmd. Reynslan hefur sýnt, að Bretar geta ekki stundað fiskveiðar við Ísland að neinu gagni, geti þeir ekki leitað lands og haft viðskipti við landsmenn með eðlilegum hætti. Þjóðin gæti gert samning ríkisstjórnarinnar að engu í framkvæmd.

Landhelgismálið er eitt mesta stórmál þjóðarinnar. Samningar um að veita öðrum þjóðum friðindi innan landhelginnar eru ekki aðeins málefni líðandi stundar, það er mál, sem varðar komandi ár og afkomumöguleika þjóðarinnar í framtíðinni. Það er því skýlaus réttlætiskrafa, að ríkisstj. láti fram fara þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn við Breta og að enginn samningur taki gildi um skerðingu á núv. fiskveiðilandhelgi Íslands, nema þjóðin, meiri hluti landsmanna, hafi fallizt á slíkt. Neiti ríkisstj. þjóðaratkvgr. um málið, er augljóst, að hún er hér að vinna ofbeldisverk, verk, sem hún veit að meiri hluti landsmanna er á móti, og þá verður þjóðin sjálf að taka til sinna ráða. Þau ráð munu sanna núv. ráðherrum það, að engin ríkisstj. fær setið við völd á Íslandi gegn vilja meiri hluta þjóðarinnar, jafnvel þó að hún styðjist við erlent vald.

Góðir Íslendingar. Landhelgismálið stendur tæpt í dag. En enn þá er hægt að bjarga málinu. Einasta leiðin er sú, að þið, fólkið í landinu, í öllum flokkum, knýið ríkisstj. til þess að falla frá fyrirætlun sinni, knýið þingmenn ykkar til þess að stöðva svikin. Gerið þeim ljóst, að svik í landhelgismálinu verða aldrei fyrirgefin.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Menn hafa nú hlýtt á málflutning allra flokka um þetta mikla mál. Öllum þm. var þegar ljóst, að stjórnarandstæðingar vildu flytja umr. úr Ed. í Sþ. vegna þess, hversu mjög hafði á þá hallað þar. Nauðsynlegt þótti að veita liðstyrk þeim fimm stjórnarandstæðingum, sem um málið höfðu talað í margar vikur. Alþjóð hefur nú vegna kröfu okkar um, að umr. skyldi útvarpað, heyrt, í hverju liðstyrkurinn er fólginn. Máttleysi hans dylst ekki, þótt Eysteinn Jónsson reyni að fela hann með því, að umr. er hagað eins og þingsköp segja fyrir um. En Eysteinn Jónsson tryllist yfir því að fá ekki sérreglur settar, þegar hann telur sér henta.

Í stað raka og skynsamlegra tillagna um það, hvernig ráða skuli fram úr einu mesta vandamáli þjóðarinnar, hafa þeir félagar allir keppzt við um skammir, aðdróttanir og raunar einnig afsakanir fyrir eigin fyrri tillögum, sem þeir kalla „lítils háttar tilslakanir“, þegar þeir sjálfir buðu þær fram, en landráð hjá öðrum. Eftirtektarverðast af öllu er, hvernig þessir hv. ræðumenn hafa svarað þeirri spurningu, hvernig eigi að leysa þann alvarlega vanda, sem steðji að okkur, meðan deilan við Breta leysist ekki, — vanda, sem getur gert að engu það, sem þegar hefur áunnizt í landhelgismálinu.

Eysteinn Jónsson játaði, að um þetta hefði verið spurt, en æsti sig einungis enn meira en ella til að reyna að fela, að hann getur ekki frekar en félagar hans svarað því, sem er aðalatriði málsins: Hvernig á að leysa deiluna við Breta og þar með tryggja okkur fullnaðarsigur í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar?

Helzt var svo að skilja á Eysteini Jónssyni, að eina trygging okkar væri áframhaldandi vera í Atlantshafsbandalaginu. Lúðvík Jósefsson kom hins vegar að því, sem fyrir honum er aðalatriðið, að við verðum að fara úr Atlantshafsbandalaginu og kæra fyrir Sameinuðu þjóðunum. Félagi hans, Finnbogi R. Valdimarsson, sagði aftur á móti í Ed., að við gætum fyrir engum kært, og sjálfur gat Lúðvík Jósefsson ekki bent á eina einustu grein stofnskrár Sameinuðu þjóðanna til að hnekkja því, sem Finnbogi hafði áður haldið fram um þetta, enda hljóta Lúðvík Jósefsson og þeir félagar að verða spurðir að því, af hverju þeir kærðu ekki framferði Breta fyrir Sameinuðu þjóðunum, ef þeir töldu rétt og möguleika til þess jafnótvíræðan og þeir nú láta. Af hverju kærðu þeir ekki, meðan þeir sjálfir voru við völd?

Síðan talaði hv. þm. Lúðvík Jósefsson um skoðun fiskifræðinga. Að sjálfsögðu hefur verið og verður haft fullt samráð við fiskifræðinga og aðra vísindamenn, enda vitum við, sem sáum til Lúðvíks Jósefssonar á Genfarráðstefnunni, að það eru hvorki hagsmunir Íslands né vísindi, sem hann hefur í huga. Þar voru sannarlega aðrir og óhugnanlegri hagsmunir að verki. Hitt er svo engin nýjung, að við heyrum hótanir frá þessum hv. þm., sem raunar voru furðulíkar því, sem Eysteinn Jónsson lét út úr sér, sem er endurtekning á því, sem Tíminn sagði í sumar, að við mættum búast við „japönsku ástandi" á Íslandi, ef ekki væri látið að vilja þessara herra og ekkert gert til að eyða þessari alvarlegu deilu við Breta. Við höfum nú séð, hvernig japanska þjóðin hefur fordæmt þá upphlaupsmenn, sem þar reyndu að eyða lögum og rétti, og sú aðferð mun ekki heldur njóta hollustu Íslendinga.

Hermann Jónasson verður að spyrja að því, af hverju hann sagði ekki upp samningunum við Breta allan þann tíma, sem hann var forsrh. frá 1934? Áhugi hans vaknaði ekki fyrr en hann var í stjórnarandstöðu. Ólafur Thors hafði sem forsrh. efnt til undirbúnings sóknar í málinu með ráðningu lærðasta þjóðréttarfræðings Íslendinga, Hans G. Andersens, til þess að starfa að því. Hann undirbjó síðan landgrunnslögin, sem hafa verið innanlandslagagrundvöllur allra okkar aðgerða síðan, og hefur ótrauður og óþreytandi unnið að framgangi málstaðar okkar á alþjóðavettvangi, en uppsker svo hnútur frá Lúðvík Jósefssyni að launum hér í kvöld.

Hermann Jónasson segir, að Sjálfstfl. hafi neitað að taka afstöðu í málinu 1957. Sannleikurinn er sá, að flokkurinn óskaði þess að fá vitneskju um afstöðu ríkisstj. En hún kom sér ekki saman um neitt og svaraði spurningum okkar út í hött, enda vildi Lúðvík Jósefsson þá enn byggja á 4 mílna landhelgi sem grundvelli og ákveða, að svo skyldi gert, hvað sem niðurstöðum Genfarráðstefnunnar 1958 liði.

Ósannindi Hermanns Jónassonar um afstöðu Sjálfstfl. í maí 1958 þarf ekki að rekja. Þar rekst eitt á annars horn. Hann sagði, að umr. í Atlantshafsbandalaginu hefðu náð tilgangi sínum hinn 20. maí og væru þýðingarlausar eftir það, en stóð hins vegar sjálfur að viðræðum í ráði Atlantshafsbandalagsins allt sumarið, og Eysteinn Jónsson hældist hér áðan yfir árangri þeirra. Hitt er rétt, að þeir neituðu að verða við óskum Sjálfstfl. í ágúst 1958 um að birta öll skjöl málsins og ekki sízt það, sem fór á milli flokka þá um vorið, og trúi því hver sem vill, að Hermann Jónasson hafi þá neitað þessum tilmælum okkar af hlíf við okkur.

Ég hef þegar lýst því yfir í Ed., að ég tel sjálfsagt að gefa út skjöl málsins í heild, þegar tímabært er, og þurfti Finnbogi R. Valdimarsson þess vegna ekki að spyrja mig um skoðun mína á því.

Þá sneru þeir félagar alveg við kröfu sjálfstæðismanna frá því í ágústmánuði 1958 um það að kæra herhlaup Breta fyrir Atlantshafsbandalaginu. Hermann Jónasson lætur nú svo, að með því hefðum við hlotið að hopa frá rétti okkar. Hann var þá sjálfur forsrh. og veit, hvernig hann hefði haldið á málum. Hann minnist þá vafalaust farar sinnar á fundi Atlantshafsráðs, eftir að hann hafði svikið loforðið um að reka Bandaríkjaher úr landi. Á ráðsfundinum lofaði hann hins vegar að standa við svikin og hafa að engu heitorð sitt fyrir kosningar 1956.

Við sjálfstæðismenn trúðum á rétt okkar og óttuðumst ekki, þótt það skilyrði hefði verið sett fyrir því að stöðva herhlaup Breta, að með málið skyldi farið svo sem fara ber með alþjóðlegan réttarágreining. Svo er að sjá, sem Hermann Jónasson hafi skort þá sannfæringu.

Af ræðu Finnboga R. Valdimarssonar varð ekki annað séð en hann hafi ekki hugmynd um þýðingu seinni Genfarráðstefnunnar, hvorki meðferð málsins næstu mánuði áður en hún var haldin né þá gerbreytingu, sem varð á afstöðu Breta þá og síðan.

Um einninguna, sem ríkti í meðferð landhelgismálsins á vinstristjórnartímabilinu, hafa menn nú nokkuð heyrt í ræðum þeirra hv. þm., sem á sínum tíma áttu sæti í vinstri stjórninni. Upplýst er, að í nafni þeirrar ríkisstjórnar var hvað eftir annað sent tilboð, sem tveir þáv. hæstv. ráðherrar, Hannibal Valdimarsson og Lúðvík Jósefsson, segjast ýmist hafa mótmælt eða alls ekki vitað um að gert var. Hv. þm. Finnbogi R. Valdimarsson, einn helzti stuðningsmaður þeirra og átrúnaðargoð þeirra beggja og þáv. hæstv. forsrh., Hermanns Jónassonar, sagði aftur á móti í umr. í Ed., að hann hafi vitað um tilboðið og sendingu þess í fyrra skiptið, þegar það var gert, og ekki verið hræddur við það, af því að hann vissi, að því mundi verða hafnað. Svo segir hv. þm. Lúðvík Jósefsson eftir þessa yfirlýsingu Finnboga R. Valdimarssonar, að skeytið hafi ekki verið sent í samráði við Alþb., og hefur þó einn þess helzti forustumaður játað, að hann hafi vitað um það og ekki verið hræddur við það. Er því svo að sjá sem Hermann Jónasson hafi sýnt Finnboga meiri trúnað en meðráðherrum sínum, en Finnbogi farið á bak við flokksbræður sína og sjálfur ekki haft á móti, að erlendum þjóðum væri boðið það, sem hann telur sinni eigin þjóð stórhættulegt.

Þáv. hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, hefur svo farið hörðum orðum um, að nokkurt skeyti skyldi sent í nafni ríkisstj., án þess að hún vissi öll af því, en jafnskjótt sjálfur verið staðinn að skeytasendingu og endurtekinni tilboðsgerð, sem tveir meðráðh. hans neita að hafa haft hugmynd um. Einnig er sannað, að Hermann Jónasson átti í samningum við formann Sjálfstfl., sem þá var í stjórnarandstöðu, og heimsótti Ólaf Thors til að koma sér saman við hann um orðalag þess skeytis, er hans eigin ráðh. kveða sig hafa andmælt og ekki vitað um fyrr en eftir á, og er þó mjög á reiki frásögn þessara heiðursmanna sjálfra um, hvenær þeir hafi fengið þá vitneskju. Einlægnin í samvinnu við Sjálfstfl. um málið var hins vegar ekki meiri en svo, að nokkru eftir heimsókn Hermanns Jónassonar til Ólafs Thors var málinu ráðið til lykta án samráðs og vitundar Sjálfstfl.

Þá fullyrðir hv. þm. Hermann Jónasson, að ekki megi láta undan mótmælum og enn síður hótunum eða beinu ofbeldi. Þetta segir maðurinn, sem sendi skeytið 18. maí 1958 um, að ríkisstj. hans væri staðráðin í að setja reglugerð með nýjum grunnlínum, en gafst upp á þeirri ákvörðun við fyrstu mótmæli, sem hann fékk erlendis frá. Hann lét þannig breyta hinni fyrirhuguðu reglugerð vegna andmæla útlendinga, strax áður en hún var sett.

Örfáum dögum áður en reglugerðin skyldi ganga í gildi, nær tveimur mánuðum eftir setningu hennar og undir beinni hótun um komu brezkra herskipa á Íslandsmið lýsti sami þáv. hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, sig fúsan til þess að breyta reglugerðinni öllum Atlantshafsríkjunum, þ. á m. Bretum, mun meira til hags en nokkrum hefur síðan komið til hugar að gera. Þetta endurtekna tilboð var a. m. k. í seinna sinnið borið fram í nafni vinstri stjórnarinnar án vitundar þáv. hæstv. sjútvmrh., Lúðvíks Jósefssonar, að því er hann nú segir. Skyldu menn þó varlega trúa hans umsögn. Innan ríkisstj. hafði hann hins vegar úrslitavald um, hvað í þessum efnum var gert. Reglugerðinni var ekki hægt að breyta nema með hans ákvörðun og undirskrift. Engu að síður sætti hann sig við það í fyrra skiptið, að tilboðið væri gert, og tók þar með á sig stjórnskipulega ábyrgð á því. Ráðh. firrir sig ábyrgð á stjórnarathöfn með því einu að segja af sér. Þess vegna hefur Hermann Jónasson e. t. v. þrátt fyrir allt talið sig hafa fyrir fram samþykki þeirra Lúðvíks Jósefssonar og Hannibals Valdimarssonar fyrir seinna tilboðinu.

Meiri skortur á heilindum og einingu hefur aldrei þekkzt í íslenzkum stjórnmálum. Öll þessi saga sýnir, að mennirnir, sem höfðu tekið að sér að stjórna málefnum þjóðarinnar í samvinnu, sátu stöðugt á svikráðum hver við annan.

Ekki væri furða, þó að þeir, sem upp á þennan ljóta leik hafa horft, færu varlega í trúnaði við þá hv. herra, sem fyrir honum stóðu. En hér sker úr, að stjórnarandstæðingar hafa nú fyrir fram tekið af um alla samvinnu við ríkisstj. um viðræður við Breta. Till. sú, sem hér er flutt, fjallar einmitt um bann við þeim, og allur málflutningur þingmannanna fer í sömu átt. Gengu þeir svo langt í Ed., að hv. þm. Ólafur Jóhannesson sá sig knúinn til að halda ræðu gersamlega andstæða aðalatriðunum í málflutningi þeirra, þótt hann jafnframt deildi á ríkisstj., en hann taldi óhjákvæmilegt, að teknar skyldu upp þessar viðræður við Breta.

Af hálfu ríkisstj. var lýst yfir því þegar á fyrsta degi þessa þings, að samráð mundi haft við Alþingi, áður en úrslitaákvarðanir yrðu teknar. Sú hefur ætíð verið ætlunin og það mun að sjálfsögðu gert. En hitt er ljóst, að einungis mundi verða til spillis að ráðgast um einstök atriði í könnun málsins við þá, sem einskis svífast til þess að spilla viðræðunum. Hamagangur stjórnarandstæðinga nú stafar af því, að þeir vita, að hér er um viðkvæmt mál að ræða, og vona, að örðugleikarnir af því verði núv. stjórn til óvinsælda. Auðvitað er ríkisstj. ljóst, að í bili hefði verið hægara í þessu sem öðru að hafast ekki að og láta reka á reiðanum. Sumir sjá aldrei hætturnar, sem fram hjá þarf að stýra, vegna þess að þeir festa hugann einungis við öldufaldinn, sem er að rísa, og óttast hann svo mjög. Þá ber upp á sker, eins og þegar hv. þm. Hermann Jónasson stýrði vinstri stjórninni í strand fyrir tveimur árum.

Hv. þm. Hermanni Jónassyni tókst þá illa til um flest. En það má hann eiga, að hann reyndi meira að segja tvisvar að eyða deilunni við Breta með samningum við þá sumarið 1958. Nú neitar hv. þm. þessum samningaumleitunum. M. a. til þess að friða Alþýðubandalagsmenn, mennina, sem hann fór, að þeirra eigin sögn, mest á bak við í samningamakki sínu sumarið 1958, þrástagast hann nú á því, að ef maður lýsi einhliða yfir, að hann ætli að gera svo og svo, gegn því, að annar lýsi einhliða yfir, að hann geri sitt, þá séu það ekki samningar.

Sú málsvörn hv. þm. Hermanns Jónassonar minnir mig á atvik, sem kom fyrir, þegar hann var lögreglustjóri og dómari hér í Reykjavík fyrir um það bil 30 árum. Þá var maður úr nágrenninu kallaður fyrir rétt og sakaður um óleyfilega sölu áfengis. Sakborningur sagði því fara fjarri, að hann hefði nokkru sinni selt ólöglegt áfengi, hitt hefði komið fyrir, að hann hefði gefið mönnum áfengi og þeir gefið sér peninga í staðinn. Úr þessari afsökun varð skemmtileg saga, er dómarar höfðu gaman af að segja frá, en vitanlega var hún ekki tekin gild sem sýknunarástæða. Maðurinn fékk sinn dóm, eins og vera bar. Svo frægur sem sprúttsalinn varð af sinni frumlegu málsvörn, verður hann enn frægari sem fyrirmynd hins fyrrv. hæstv. forsrh., Hermanns Jónassonar, í málsvörn hans nú, því að vissulega verður ekki um það deilt, að þegar vinstri stjórnin bauð fram viss kjör af Íslands hálfu að því tilskildu, að önnur ríki gerðu svo eða svo í staðinn, þá var þar um samningaumleitanir að ræða.

Samningaumleitanir um að reyna að leysa deilu geta aldrei verið hættulegar. Efni samninganna kann aftur á móti að verða það. Það fer alveg eftir því, hvernig til tekst. Hér sem ella verður að bíða með úrslitaákvarðanir, þangað til endanleg kjör liggja fyrir.

Fullkomið mishermi er og, að allar þjóðir, sem hafa lýst yfir 12 mílna landhelgi eða fiskveiðilögsögu, hafi gert það án samninga við aðra. Er þar síðast að minnast fordæmis Norðmanna og þessa daga frétta af fyrirætlun Kanadamanna. Þær þjóð-

ir, sem næstar eru okkur að menningu og réttarhugmyndum, hafa einmitt leitt málið til lykta með samningum. Jafnvel Rússar sömdu við Breta um fiskveiðiréttindi til að friða þá, eins og ég gat áðan um.

Að sjálfsögðu hefur núv. ríkisstj. aldrei komið til hugar að hverfa frá áframhaldandi sókn í landhelgismálinu. Samningsgerð af hálfu Íslands án þess, að þeirri leið sé haldið opinni í samræmi við alþjóðalög á hverjum tíma, kemur ekki til greina. Við munum hvorki þola, að rétti sé haldið fyrir okkur, né sækja með ólögum eftir því að svipta aðra sínum rétti.

En endir verður að vera allrar þrætu. Mér hefði fallið bezt í geð að leysa þessa deilu við Breta með dómi alþjóðadómstóls. Að því ber að keppa, að deilur milli ríkja eins og þegna í þjóðfélagi leysist fyrir hlutlausum dómi, ef sættir verða ekki. En hér er um það að ræða, hvort unnt sé að ná samkomulagi með betri kjörum en fram voru boðin tvívegis 1958 til sátta af þáv. stjórn Íslands, vinstri stjórninni, áður en deilan hófst. Og nú mundi taka svo langan tíma að fá dóm, að vissulega verður að íhuga, hvort ekki sé hægt að fá hagkvæmari málalok með samningum en málaferlum. Deilan hefur þegar dregizt nógu lengi.

Friðsamleg lausn deilumála er öllum þjóðum nauðsynleg, en engum þó fremur en litlli og vopnlausri þjóð. Stundum hefur verið sagt í sambandi við þetta mál, að sjálfstæði okkar sé í veði. Því er ekki stefnt í hættu af hálfu núv. ríkisstj. Hitt er rétt, að smáþjóð, sem heldur áfram að deila deilunnar vegna, er í bráðri hættu um — ekki aðeins að slá sigurinn úr hendi sér, heldur og að glata sjálfstæði sínu.

Þess vegna er hér meira í húfi en sjálf fiskveiðideilan við Breta. Um það er að ræða, hvort við Íslendingar erum nógu stórir til þess að skilja, hvenær við höfum sigrað. Við lifum ekki til lengdar á því, að við séum svo litlir, að ljótt þyki, að við séum beittir valdi. Sá, sem ætlar að treysta á það að geta att stórveldum saman, lendir áður en varir í þeirri hættu, að aðrir sameinist á móti honum og semji á hans kostnað. Sú hætta hefur komið öflugri þjóðum á kné en okkur Íslendingum. Við skulum því hér sem ella fara með gát og kunna okkur hóf, sýna, að eins og við stöndum óhagganlegir á rétti okkar, þá látum við einnig sanngirni njóta sín í viðskiptum við aðra, svo að við verðum virtir í samfélagi þjóðanna.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, vék nokkuð að meðferð sinni á landhelgismálinu í vinstri stjórninni á árinu 1957. Hann skýrði þar frá málavöxtum, en því miður gat þessi hv. þm. ekki farið rétt með. Hermann Jónasson vék nokkuð að þessu í sinni ræðu, og samkvæmt ræðu hans og þeim skjölum, sem fyrir liggja í málinu, var gangur málsins í fáum orðum þessi:

Þegar vinstri stjórnin var mynduð, var því lýst yfir í hennar stefnuskrá, að hún ætlaði að beita sér fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Ekkert sagði í stefnuskránni um það, hversu mikið fiskveiðilögsagan skyldi færð út eða hvenær á kjörtímabilinu það skyldi gert. Sjútvmrh. Lúðvík Jósefsson sendi ríkisstj. í aprílmánuði 1957 greinargerð um landhelgismálið. Í þeirri greinargerð skýrði hann frá því, að um þrjár leiðir væri að velja í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Hann gerði ekki upp á milli þessara leiða og lagði ekki til, að *nein þeirra yrði farin annarri frekar.* En með bréfi 21. júní 1957 kemur loks tillaga ráðh., og með leyfi hæstv. forseta, hljóðar hún svo:

„Með sérstöku tilliti til þess, að umrædd alþjóðaráðstefna er fram undan um víðáttu landhelgi, þá tel ég rétt að fara að þessu sinni þá leið, sem meðfylgjandi uppdráttur sýnir, en hún byggir á breyttum grunnlínum og tímabundinni útfærslu á þremur stöðum við landið. Með þessari leið breytum við ekki 4 mílna reglunni að þessu sinni, en náum hins vegar þeirri stækkun á friðunarsvæðinu, sem mestu máli skiptir."

M. ö. o.: ráðh. leggur til, að haldið sé fast við 12 mílurnar, grunnlínum sé breytt og tímabundin friðun sé tekin upp á þrem stöðum, fyrir Austfjörðum, Vestfjörðum og út af Faxaflóa.

Alþfl. og Framsfl. vildu ekki á þessar tillögur fallast, vegna þess að fram undan var væntanleg ráðstefna í Genf og það hefði spillt mjög aðstöðu okkar þar, ef við hefðum farið í útfærslu fiskveiðilögsögunnar rétt fyrir þá ráðstefnu. Sjútvmrh. vildi ekki sætta sig við þessa afgreiðslu okkar á málinu, og hann skrifaði bréf til Sjálfstfl. í okt. 1957 og lagði þessar till. fyrir Sjálfstfl. með tilmælum um stuðning hans við till. Virtist í bréfinu, að sjútvmrh. teldi eina vandaatriðið í sambandi við málið vera að ákveða, hvenær í þessa útfærslu skyldi ráðizt, og bauð hann upp á, að það skyldi gert hvort heldur væri fyrir eða eftir Genfarráðstefnuna. En á þetta vildi Sjálfstfl. ekki fallast. Af hálfu sjútvmrh. lá því ekki fyrir í vinstri stjórninni nein till. um útfærslu fiskveiðilögsögunnar, þegar Genfarráðstefnan var haldin, önnur en sú, sem ég nú hef lýst.

Á Genfarráðstefnunni lét ég lýsa því yfir, að við Íslendingar mundum færa fiskveiðilögsöguna út í 12 mílur strax að ráðstefnunni lokinni. Og þann 8. maí, rétt eftir að ráðstefnunni lauk, lýsti ég yfir því á fundi Atlantshafsbandalagsins í Kaupmannahöfn, að við Íslendingar mundum, þegar ég kæmi heim, færa fiskveiðilögsöguna út í 12 mílur, og við óskuðum eftir, að bandalagsþjóðir viðurkenndu þessa útfærslu.

Það er því algerlega rangt, að á milli okkar Alþfl.-manna í ríkisstj. og Alþb. eða annarra ráðh. hafi verið ágreiningur um það, hvort í 12 mílna útfærsluna skyldi farið eða ekki eða hvort hún skyldi gerð þarna eftir ráðstefnuna. Það eina, sem ágreiningur varð um, var það, að við Alþfl.-ráðherrarnir lögðum áherzlu á, að við fengjum tækifæri til þess að kynna málið fyrir þeim þjóðum, sem hagsmuna höfðu að gæta í sambandi við útfærsluna, með það fyrir augum að afstýra erfiðleikum og árekstrum. Alþb.-ráðherrarnir máttu ekki heyra það nefnt, að nokkur frestur væri gefinn til þess að reyna að afstýra árekstrum og illindum.

Það er dálítið broslegt að hlusta hér á ræðumenn Framsfl. reyna að gera grein fyrir því, að einhver meginmunur sé á þeim tilraunum, sem

gerðar voru í vinstri stjórninni til þess að leysa ágreininginn um fiskveiðilögsöguna innan Atlantshafsbandalagsins, og þeim tilraunum, sem við nú erum að gera til þess að eyða deilunni við Breta. Hvað var það, sem Hermann Jónasson var að gera í vinstri stjórninni til þess að reyna að eyða deilunni út af útfærslunni? Hann bauð, að erlendar þjóðir mættu fiska í 3 ár upp að 6 milum, ef þær vildu viðurkenna 12 milurnar. Hann bauð að breyta landhelgisreglugerðinni samkvæmt þessu, ef hún fengi viðurkenningu. Hvað erum við að gera núna? Við erum að kanna, með hvaða kjörum möguleikar eru á því að fá viðurkenningu. Þegar við höfum komizt til botns í því, hvað er hægt að fá, þá verður gert upp, hvort það er aðgengilegt eða ekki.

Hv. þm. Eysteinn Jónsson sagði hér áðan, að það hefði verið stórsigur fyrir okkur í landhelgismálinu, ef Atlantshafsbandalagsþjóðirnar hefðu viljað viðurkenna útfærsluna í 12 mílur gegn því að fá að veiða upp að 6 milum í 3 ár. Þessu lýsti þessi hv. þm. sem stórsigri fyrir okkur, ef það hefði fengizt fram. Við eigum þess sennilega kost að geta leyst málið á mjög svipuðum grundvelli nú og þarna er rætt um. En við teljum þetta ekki sigur. Við teljum þetta ekki fullnægjandi sigur.

Nei, sannleikurinn er sá um afstöðu Framsfl. til þeirra umræðna, sem staðið hafa yfir nú og stóðu yfir 1958 og fóru fram einnig við útfærsluna 1952, að 1952 og 1958 er hann í ábyrgri stjórnaraðstöðu, þá er sjálfsagt að reyna að ræða við aðrar þjóðir til þess að losna við deilur og koma landhelgismálinu heilu í höfn. Nú er Framsfl. kominn í stjórnarandstöðu, og þá er þetta reginglæpur, sem má ekki fremja undir neinum kringumstæðum.

Í þessum umr. hefur mikil áherzla verið á það lögð af hálfu stjórnarandstöðunnar, að fiskveiðideilan við Breta væri í rauninni leyst, Bretar hefðu gefizt upp og við hefðum sigrað. Þess vegna væri ástæðulaust og öldungis óþarft að taka upp viðræður við þá nú. Betur, að þetta væri satt. En því miður er þessu á allt annan veg farið, og allir vita, að svo er. Fullyrðingar stjórnarandstöðunnar í þessu sambandi má ekki heldur taka alvarlega. Þær eru fram settar í leit að rökum gegn ákvörðunum ríkisstj. um viðræðurnar við Breta og eru gott dæmi um, hvaða vinnubrögð stjórnarandstaðan hefur tekið upp í málinu.

Í utanrmn., skömmu áður en viðræðurnar voru ákveðnar, kvað t. d. nokkuð við annan tón hjá stjórnarandstöðunni. Hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, lýsti ástandinu þannig, að því er segir í fundargerð utanrmn. 13. júlí s. l.: „Hermann Jónasson tók fram, að atburðir undanfarið sýndu, að Bretar væru að færa sig upp á skaftið í landhelgismálinu, enda væri senn 3 mánaða frestur sá, sem brezkir togaraeigendur hefðu boðað að þeir mundu banna togurum sínum að veiða innan 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, útrunninn. Óskaði hann því, að ríkisstj. gæfi n. skýrslu um viðhorf hennar til málsins og hvaða mótaðgerðum gegn Bretum hún hygðist nú beita umfram venjuleg mótmæli."

Hér er þessi hv. þm. sannarlega ekki á því, að deilan sé leyst. Hann segir þvert á móti, að Bretar séu að færa sig upp á skaftið og deilan hafi aldrei verið jafnhörð og nú.

Síðar í þessari sömu fundargerð segir eftir þm.: „Væri það greinilegt nú, eftir að lokið væri alþjóðafundum um þessi mál, að Bretar væru að færa sig upp á skaftið hér við Ísland, og gæti slíkt endað með stórslysum."

Stórslysahættan er ekkert efamál í huga hv. þm. 13. júlí, og hann bar í utanrmn. fram till. um aðgerðir til að afstýra þessari stórhættu, till. þess efnis, að við skyldum óska eftir því við stjórn Bandaríkjanna, að bandarískt flotinn yrði sendur á Íslandsmið til að halda þar uppi löggæzlu og flæma Breta burt. Hvernig má það nú vera, að fiskveiðideilan við Breta sé skyndilega algerlega leyst með fullum sigri okkar og þess vegna engin þörf viðræðna, fyrst það var skoðun þm. 13. júlí s. l., að deilan hefði aldrei verið harðari en þá og að Bretar væru að færa sig upp á skaftið?

Má ég minna Framsfl. aðeins á fortíðina einu sinni enn? Þegar fiskveiðilögsagan var færð út 1952, sendu Bretar engin herskip til Íslands til að vernda togara sína við veiðar innan hinnar nýju fiskveiðilögsögu. Togararnir færðu sig út fyrir 4 milurnar, og ef þeir gerðust brotlegir við hina nýju fiskveiðilögsögu, gátu íslenzk varðskip handtekið þá með sama hætti og áður. Bretar settu hins vegar löndunarbann á ísvarinn fisk í Bretlandi. Þetta ástand taldi Framsfl. þá svo alvarlegt, að hann átti þátt í því að taka upp viðræður við Breta um fiskveiðilögsöguna sjálfa og bauð Bretum, eftir að 4 milurnar og breyttar grunnlínur höfðu verið í gildi marga mánuði, að alþjóðadómstóll skyldi dæma um fiskveiðitakmörkin og þeim breytt samkvæmt niðurstöðu dómsins, ef Bretar í staðinn aðeins vildu létta löndunarbanninu af. En nú, þegar Framsfl. er í stjórnarandstöðu og Bretar hafa sent hingað bryndreka sína, sem með ofbeldi vernda brezka togara við veiðar innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu og stofna þannig lífi íslenzkra sjómanna í hættu, auk þess sem brezki fiskmarkaðurinn er lokaður, þá er það slík reginyfirsjón í augum Framsfl. að ræða við Breta um lausn á deilunni, að viðræðurnar einar vill Framsfl. banna með þál. Menn, sem svona tala og svona hugsa, hafast sannarlega annað að í stjórnarandstöðu heldur en þegar þeir eru í ábyrgri stjórnaraðstöðu.

Framsfl. hefur lagt til í utanrmn., að við færum fram á það við stjórn Bandaríkjanna, að bandarískt flotinn kæmi okkur til aðstoðar í deilunni við Breta og tæki upp löggæzlu í íslenzkri landhelgi. Þetta sýnir ef til vill betur en flest annað, hversu alvarlegum augum Framsfl. lítur á málið í raun og veru. Slíka till. mundi flokkurinn ekki bera fram, ef hann væri þeirrar skoðunar, að Bretar væru sigraðir og deilan leyst. Hitt er svo annað mál, til hvers það leiddi að fara leið Framsfl. til úrlausnar á deilunni og biðja Bandaríkjamenn um herskipavernd í stað þess að fara leið ríkisstj. og freista að finna úrlausn með friðsamlegum viðræðum. Flestir Íslendingar eru án efa þeirrar skoðunar, að reyna beri til þrautar að leysa deiluna með friðsamlegum hætti, en gera sig ekki seka um það að fara leið Framsfl. og verða að viðundri fyrir að óska eftir því, að eitt stærsta herveldi heimsins sendi flota sinn til atlögu á Íslandsmiðum.

Í fullan áratug hafa Íslendingar nú barizt fyrir því á alþjóðavettvangi, að settar væru almennar reglur um víðáttu fiskveiðilögsögu, er fullnægði þörfum Íslendinga. Þessi barátta hefur byggzt á því, að þjóðin á alla tilveru sína undir fiskveiðum. Verndun fiskimiðanna er því grundvöllur tilveru hennar. Á tiltölulega skömmum tíma hefur þjóðinni orðið mikið ágengt í þessari baráttu. Er hún hófst, voru 3 mílur talin algild regla. Í dag talar enginn um 3 mílna fiskveiðilögsögu. Fullgild alþjóðasamþykkt, er viðurkenni 12 mílna fiskveiðilögsögu, er að vísu ekki til. Íslendingar reyndu á tveimur ráðstefnum að fá skilyrðislausa viðurkenningu fyrir 12 mílna fiskveiðilögsögu. Það tókst ekki. Báðar ráðstefnurnar enduðu án lögformlegrar ályktunar um málið. Eftir síðari ráðstefnuna stóðu málin þannig, að 12 mílurnar út af fyrir sig valda ekki erfiðleikum. Deilan stendur hins vegar um hitt, hvort og að hve miklu leyti og hversu langur frestur skuli veittur öðrum þjóðum til að samlaga sig breyttum aðstæðum og hverfa brott úr 12 mílunum. Engar líkur eru til, að þetta mál verði leyst eða tekið upp til lausnar á alþjóðaráðstefnu í nánustu framtíð. 10 ára umsýslan Sameinuðu þjóðanna, alþjóðalaganefndarinnar, um sérstaka ráðstefnu hefur þokað langt í áttina, en ekki skilað því fullleystu. Tíma þessa vettvangs virðist vera lokið í bili. Í þessu ljósi verðum við að skoða málið í dag.

Landhelgismáli okkar er ekki lokið. Deilan stendur enn. Spurningin fyrir okkur er því sú, hvernig við eigum nú að halda á málinu, þannig að við sjáum hag okkar sem bezt borgið. Þeirri spurningu verður ekki svarað nema með athugun og mati á þeim leiðum, sem til greina koma, og vali á þeirri leið, sem skynsamlegust og farsælust telst til verndar okkar hagsmunum. Í þessu máli á þjóðin ekki að þola leiðtogum sínum ábyrgðarlausa sýndarmennsku eða bein skemmdarstörf.

Að mínum dómi koma fjórar leiðir til athugunar: Fyrsta leiðin að leita til þriðja aðila um aðstoð. Er þá naumast um aðra að ræða en Sameinuðu þjóðirnar eða Atlantshafsbandalagið. Í öðru lagi að leggja málið fyrir alþjóðadómstólinn í Haag. Í þriðja lagi að reyna að leysa málið með viðræðum við eina deiluaðilann, þ. e. a. s. Breta. Og í fjórða lagi að halda áfram striki okkar eins og hingað til og gera ekki frekari ráðstafanir.

Ef við leitum til Sameinuðu þjóðanna eða NATO og óskum aðstoðar þeirra, fáum við sennilega sama svarið í báðum stöðunum. Okkur yrði bent á, að ágreiningur sé á milli okkar og Breta um lögmæti aðgerða okkar í landhelgismálinu. Í stofnskrá bæði Sameinuðu þjóðanna og NATO er kveðið svo á, að ágreining þjóða í milli beri að reyna að leysa með viðræðum milli deiluaðila. Beri þær viðræður ekki árangur, hafa Sameinuðu þjóðirnar komið upp alþjóðadómstól til að fjalla um réttarágreining. Ábending um viðræður eða alþjóðadómstól er því líklegasti árangurinn af málaleitan um aðstoð, hvort heldur við leitum til Sameinuðu þjóðanna eða NATO. Í huga okkar er að sjálfsögðu enginn efi til á því, að aðgerðir okkar í landhelgismálinu stæðust fyrir hvaða dómi sem er. Málskot til alþjóðadómstóls gæti aldrei leitt til annars en staðfestingar á aðgerðum okkar. Um þetta efast enginn Íslendingur. Gallinn á þessari leið er hins vegar m. a. sá, að málsmeðferð fyrir alþjóðadómi tekur mörg ár, og á meðan heldur deilan og árekstrarnir á hafinu áfram, nema því aðeins að aðilar komi sér saman um millibilsástand, á meðan málið er fyrir dóminum. Sé hægt að komast að slíku samkomulagi um millibilsástand, ætti að vera jafnauðvelt að komast að samkomulagi um málið í heild, þar eð 12 mílurnar valda ekki þeim ágreiningi, sem áður var. Væri þá auðvitað miklu réttara að leysa málið í heild heldur en að gera bráðabirgðasamkomulag og bíða dóms.

Spurningin, sem við okkur blasir, er því í raun inni aðeins, hvort við með viðræðum við hinn deiluaðilann eigum að kanna leiðir til að leysa deiluna eða halda okkar strik án allra tilrauna til þess að komast að samkomulagi og láta reka á reiðanum.

Mér virðist ekkert áhorfsmál, hvað gera skuli. Við fordæmum réttilega ofbeldisaðgerðir Breta við Ísland. En við megum ekki láta þær valda því, að við viljum ekki leysa deiluna, ef þess eru tök á fullnægjandi hátt. Slík afstaða mundi fyrst og fremst hæfa okkur sjálfa. Mat á þeim kjörum, sem í boði eru, hlýtur að skera úr um það, hvort deilan er leysanleg með samkomulagi eða ekki. Séu þau kjör ekki fullnægjandi, geta þau ekki leyst deiluna. Séu þau hins vegar fullnægjandi, eigum við hiklaust að ganga að þeim.

Hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, sagði hér í hv. Ed. fyrir nokkrum dögum, að það hefði verið ábyrgðarleysi af sér árið 1958, ef hann hefði ekki gengið úr skugga um, hvort viðurkenning væri fáanleg fyrir 12 mílunum, gegn því að leyfa erlendum skipum að veiða upp að 6 mílum næstu 3 ár. Þessi sami þm. sagði enn fremur, að ef viðurkenningin hefði verið fáanleg með þessu móti, þá hefði það verið ábyrgðarleysi af honum að hafna þeirri lausn. Hv. þm. Eysteinn Jónsson sagði hér í kvöld, að ef við hefðum getað fengið slíka lausn sem hér var rætt um á deilunni 1958, þá hefði það verið stórsigur fyrir okkur í málinu. Í dag vitum við, að viðurkenningin fyrir 12 mílunum veldur ekki þeim erfiðleikum sem árið 1958. Það er nú ekki beðið eftir neinni alþjóðaráðstefnu um landhelgismálið. Þess vegna ber okkur skylda til að kanna nú eins og 1958, hvaða möguleikar eru á lausn deilunnar. Munurinn er sá einn, að í dag bjóðum við ekki veiðiréttindi upp að 6 mílum í 3 ár án takmarkana og án þess að annað komi í móti, eins og gert var 1958.

Viðurkenning á 12 mílunum er grundvallarskilyrði fyrir lausn deilunnar. Með hvaða hætti viðurkenningin er fáanleg, sker úr um það eins og 1958, hvort deilan er leysanleg með samkomulagi eða ekki. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 30. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það var einungis vegna þess, að nokkrir þm. þurftu að fara og vera við jarðarför kl. 2, sem ég vildi biðja um, að atkvgr. um landhelgistill. yrði hagað svo, að þeir gætu verið viðstaddir og hún yrði þá

tekin á undan fyrirspurnum. Það mun þurfa afbrigði frá þingsköpum, og ég vonast til, að enginn hafi neitt á móti því, að það verði gert.

Forseti (FS): Það hefur komið fram ósk um þau afbrigði frá þingsköpum, að fyrirspurnirnar verði ekki teknar fyrir sem fyrsta mál, heldur annað dagskrármálið, og er sjálfsagt að bera undir þingheim, hvort þau afbrigði verði leyfð. Það eru afbrigði um það, að annað dagskrármálið, landhelgistillagan, verði tekið fyrir á undan fyrirspurnum.

ATKVGR.

Afbrigði um breyt. á röð dagskrármála leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Tillgr. felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, VG, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB.

nei: BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BK, FS.

3 þm. (GeirG, JÞ, HH) fjarstaddir.

Till. þar með fallin.

2. Vantraust á ríkisstjórnina.

Á deildafundum 28. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vantraust á ríkisstjórnina [206. mál] (A. 432).

Á 43. fundi í Sþ., 1. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 51. fundi í Sþ., 13. marz, var till. tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Við þessa útvarpsumr. hefur hver flokkur 50 mín. ræðutíma, sem skiptist í tvær umferðir, 25—30 mín. hin fyrri og 20—25 mín. hin síðari, þannig að samtals verði það 50 mín. Röð flokkanna í umr. verður þessi: Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur. Ræðumenn verða þessir: Fyrir Framsfl.: Í fyrri umferð Hermann Jónasson og Karl Kristjánsson, í síðari umferð Páll Þorsteinsson og Daniel Ágústínusson. Fyrir Sjálfstfl.: Í fyrri umferð Ólafur Thors og Guðlaugur Gíslason, í síðari umferð Gunnar Gíslason og Jónas Rafnar. Fyrir Alþb.: Í fyrri umferð Finnbogi R. Valdimarsson, í síðari umferð Björn Jónsson og Eðvarð Sigurðsson. Fyrir Alþfl.: Í fyrri umferð Gylfi Þ. Gíslason, í síðari umferð Jón Þorsteinsson.

Umræðan hefst nú með því, að ræðumaður Framsfl., 1. flm. þáltill., hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, tekur til máls.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ástæðan til þess, að útvarpsumr. um vantraust á ríkisstjórnina hafa dregizt svo mjög, er sú, að ríkisstjórnin krafðist þess, sem forseti sameinaðs Alþingis tók til greina, að afgreiða þáltill. um landhelgismálið, áður en umr. um vantraustið færi fram. Þessi háttur á málum er nokkuð umhendis, því þótt næg tilefni séu til að lýsa vantrausti á ríkisstjórnina, er þetta vantraust þó fyrst og fremst borið fram vegna aðgerða ríkisstj. í landhelgismálinu og til þess að sannprófa, hvort ekki finnist í stjórnarliðinu hér á Alþ. þingmenn, sem telji, að bikar ríkisstj. sé fullur.

Mér vinnst ekki tími til að ræða uppgjöf ríkisstj. í efnahagsmálum, enda gert af öðrum svo sem tími vinnst til.

Síðan landhelgismálið var rætt í útvarpi frá Alþ., hefur ýmislegt skýrzt nokkuð, og skal það rakið. Það hafa ekki fengizt á því neinar frambærilegar skýringar frá ríkisstj., hvað hefur knúið hana til að gera þennan samning með fordæmalausum réttindaafsölum og það eftir að allar þjóðir höfðu viðurkennt landhelgi okkar í verki og Bretar höfðu orðið sér til minnkunar og orðið að gefast upp, vegna þess að ofbeldið svaraði ekki kostnaði. Helzt má skilja á ummælum ráðherra, að uppgjöfinni valdi nýjar hótanir Breta um ofbeldi, en auðvitað er það þá tvöfeldni ríkisstj. og linka, sem hefur framkallað þær hótanir.

Ríkisstj. hefur hvað eftir annað borið fyrir sig þrjár afsakanir, allar falskar: að samningurinn nú sé svipaður og till., sem Íslendingar báru fram *í Genf 1958 og 1960, að það sé eins og það, sem* vinstri stjórnin léði máls á 1958, og að okkur sæmi ekki annað, enda bezt borgið með því að láta alþjóðadómstólinn dæma í málum okkar.

Till., sem íslenzka sendinefndin bar fram í Genf, var um það, að ríki, sem væru sérstaklega háð fiskveiðum, gætu sér til hagsbóta krafizt friðunar á veiðisvæðum utan landhelginnar, eins og hún er á hverjum tíma, og skyldu vísindamenn og gerðardómur ákveða, hvort friðunar væri þörf. Þetta er auðvitað gerólíkt því að leggja stærð landhelginnar undir alþjóðadóm, eins og Davíð Ólafsson og Hans Andersen sýndu fram á með skýrum rökum í bók, sem gefin var út um ráðstefnuna í Genf 1958.

Margsinnis hefur verið sýnt og sannað, að 1958 var vinstri stjórnin að fullnægja lögboðinni sáttatilraun við NATO-ríkin, þar sem reynt var á undirbúningsstigi að fá viðurkenningu þeirra fyrir einhliða rétti okkar til útfærslu í 12 mílur, áður en reglugerðin tók gildi og áður en nokkur sýndi okkur ofbeldi. Nú höfum við samið við einu ofbeldisþjóðina án þess að fá viðurkenningu hennar beinum orðum, en viðurkennum sjálfir, þótt rangt sé, með því að opna aftur landhelgina fyrir erlendum skipum, að við höfum verið óheimildarmenn að útfærslunni 1958.

En auk alls þessa er svo í þokkabót gert það, sem engum Íslendingi hefur fram til þessa komið til hugar að ljá máls á, að afsala réttindum um aldur og ævi.

Nú hefur það skeð, að þessi ríkisstj. hefur selt þjóðina undir það ok að mega ekki breyta svo mikið sem einni grunnlínu, ekki færa út landhelgina um einn metra án þess að sækja um leyfi til ofbeldisþjóðarinnar og leggja málið undir alþjóðadómstólinn, þar sem Bretar ásamt öðrum andstæðingum okkar hafa meiri hluta og miklu sterkari aðstöðu til málafylgju. Þetta nálgast það að selja Bretum, versta andstæðingi okkar í landhelgismálinu, sjálfdæmi í málinu.

Íhaldssemi alþjóðadómstólsins kom vel í ljós í máli Noregs og Bretlands um, hvort leyfilegt væri að draga beinar grunnlínur fyrir firði og flóa. Beinar grunnlínur höfðu verið í gildi í Noregi og hjá fjölda þjóða um óratíma. Samt fengust aðeins 8 dómarar af 15 til þess að samþ. þessa reglu. Bretar vita eins og endranær, hvað þeir eru að gera með því að draga okkur fyrir þennan dóm um aldur og ævi. Hitt gegnir furðu, að nokkur íslenzk ríkisstjórn skuli selja undir þennan dóm, sem smærri þjóðirnar treysta mjög takmarkað, stærsta lífshagsmuna- og sjálfstæðismál þjóðarinnar, því að helgun okkar á landgrunninu er lífsbjargarnauðsyn þjóðar, sem tvöfaldast að mannfjölda á næstu 30—40 árum.

Ég vík nú að einu því furðulegasta, sem komið hefur fram í þessum umr. Utanrrh. sagði, aðspurður á Alþ. 7. febr., að ríkisstj. hefði engar till. gert í viðræðunum við Breta í landhelgismálinu. En Alþýðublaðið upplýsir 5. þ. m., að samningar hefðu tekizt á tveim fundum, sem Guðmundur Í. Guðmundsson og brezki utanrrh. hefðu átt með sér fyrir jólin í skrifstofu brezka utanrrh. í Downing Street. Eftir þessu að dæma er málsmeðferðin sú, að orðsending íslenzka utanrrh. er samin í utanrrn. brezka. Guðmundur Í. Guðmundsson tekur hana með sér til Íslands. Hún er skoðuð hér af ríkisstj., og síðan sendir hún hana aftur sem tilboð til Downing Street, þaðan sem hún er upprunnin. Það fer ýmsum að skiljast, hvers vegna ekki má breyta einum stafkrók í þessari tvíræðu og loðnu orðsendingu.

Í orðsendingunni er tekið svo til orða, að Bretar falli frá mótmælum á 12 mílna landhelgi Íslands. Ríkisstj. segir, að þetta þýði hið sama og að viðurkenna landhelgina óafturkallanlega, og safnar um það vottorðum. Hernámssamningurinn við Bandaríkin 1941 var óljós að orðalagi á einum stað. Bandaríkin sögðu, að vegna þessa orðalags væri þeim ekki skylt að hverfa héðan með herinn, þegar vopnaviðskiptum lauk, og við það sat. Ef „falla frá mótmælum" þýðir sama og viðurkenna, hvers vegna má þá ekki nota hin réttu og skiljanlegu orð? Dettur nokkrum í hug, að sérfræðingar Breta, sem ákváðu þetta orðalag, hafi ekki gert það í ákveðnum tilgangi, sem eigi að nota á sínum tíma?

Í orðsendingunni er hvergi tekið fram einu orði, að Bretar lofi að hverfa úr íslenzkri landhelgi eftir þrjú ár. Stjórnarandstaðan bar fram þá brtt., að Bretar skuldbyndu sig til að hverfa héðan með skip sín að þrem árum liðnum. Till. var felld. En í stað þess dró utanrrh. upp leynibréf til sín frá brezku ríkisstj., þar sem hún segir, að hún hafi ekki í huga að krefjast framlengingar á fiskveiðum í landhelgi eftir þrjú ár. Þetta er tryggingin, sem okkur er boðin. Hvað halda menn að yrði úr svona tryggingu í höndum núv. stjórnar? Hvenær hefur verið guggnað fyrir brezku ofbeldi, án þess það hafi fært sig enn meira upp á skaftið?

En þótt allt þetta séu stór atriði, er þó enn ótalið það atriði orðsendingarinnar, sem er stærst og hættulegast. Það er afsal okkar Íslendinga á því að mega um aldur og ævi færa út landhelgina nema með samþykki Breta eða alþjóðadómstóls. Þetta er auk alls annars aðalinntak samningsins, segja brezk blöð, sem bezt vita. Við höfum í 13 ár reynt að ná í þetta réttindaafsal úr hendi Íslands, en árangurslaust. Nú höfum við náð því, og það er aðalatriðið. Nú getum við haldið Íslendingum innan við 12 mílur. Við héldum, að þeir mundu heimta miklu meira, segir blað brezkra togaraeigenda. Það er rétt. Bretar hafa í mörg ár setið um að ná í þetta fjöregg okkar, eins og kölski um synduga sál, og nú hafa þeir náð því úr hendi íslenzku ríkisstj. Þeir hafa afvopnað okkur. Þeir hafa kúgað ríkisstj. eða lokkað til þess að afhenda þeim það vopn, sem okkur hefur eitt dugað til þess að stækka landhelgi okkar, fyrst í 4 mílur, síðan í 12. Án þessa vopns væri landhelgin sennilega 3 mílur enn í dag. Um 30 þjóðir í heiminum hafa nú 12 mílna landhelgi og sumar þeirra meira, allt unnið með þessu vopni, einhliða útfærslu. Engin þessara þjóða nema við hefur, svo að ég viti, látið þröngva sér til að afhenda þetta vopn og selja stærð landhelgi sinnar undir alþjóðadómstólinn. Þess vegna er enginn dómur frá alþjóðadómstólnum til um stærð landhelgi. Við höfum alltaf fram á þennan dag sagt, hvaða ríkisstjórn sem hefur setið að völdum: Ef þær þjóðir aðrar, sem hafa 12 mílna landhelgi og meira, gangast undir það að láta alþjóðadómstólinn dæma um stærð landhelginnar, skulum við einnig gera það. En að við, sú þjóð, sem þarf stærstu landhelgi, gerum þetta einir þjóða, kemur aldrei til mála. — Nú hefur þetta gerzt.

Undanfarin ár hefur landhelgi smærri og sumpart undirokaðra þjóða sífellt verið að stækka. Þær hafa brotið sér leið og byggt á siðferðilegum og landfræðilegum rétti, þótt ekki hafi verið viðurkennt sem alþjóðalög. Þetta hefur ekki verið í andstöðu við réttinn, en ekki heldur samkvæmt neinum viðurkenndum alþjóðalögum. Við höfum verið í þessari fylkingu þjóða, sem með siðferðilegum og landfræðilegum rétti hafa verið að skapa þessa þróun. Nú gerumst við einir liðhlaupar úr þessari fylkingu og verðum í þess stað forustuþjóð í því að láta binda hendur okkar í þá tvöföldu fjötra að þurfa að sækja um leyfi til frekari stækkunar — og það til þjóðar, sem hefur misboðið okkur með ofbeldi. Og ef Bretar óska, verðum við að fara fyrir alþjóðadóm. Hvað yrði um framtíðarstækkun landhelgi, ef forustuþjóðirnar í þeirri baráttu gerðu sama og við, afhentu vopn sín og létu binda hendur sínar?

Bretar hafa fyrr og síðar haldið því fram, að þeir ættu sögulegan rétt til landgrunnsins í kringum Ísland, því að þeir hefðu byrjað að fiska þar löngu á undan Íslendingum. Með því að láta Íslendinga gangast undir tilkynningarskylduna eru Bretar að reyna að láta líta svo út, að í þessu felist viðurkenning þess, að þeir eigi rétt til land-

grunnsins móts við Íslendinga sjálfa. Í þessu felst stórkostleg hætta síðar meir.

Það var ófrávíkjanleg regla, sem Jón Sigurðsson setti í sjálfstæðisbaráttunni, að afsala aldrei réttindum, hvaða friðindi sem voru í boði. Á þjóðfundinum 1851 var lagt fram af Dana hálfu frv. um stjórnarfyrirkomulag Íslands. Ýmsum friðindum var heitið gegn réttindaafsölun. Hótað var þá, að ef við Íslendingar ekki samþ. þetta frv., fengjum við *aldrei neitt. Íslendingar höfnuðu þessu boði* — og er sú saga kunn. Um þetta segir Eiríkur Briem í ævisögu Jóns Sigurðssonar:

„Hefðu Íslendingar sætt sig við frv. þetta, þá hefði verið úti um öll þjóðleg réttindi þeirra", og enn fremur: „Þjóðlífi Íslendinga hafði verið háski búinn, en honum var nú afstýrt."

Sagan sannaði, eins og endranær, þótt bið yrði á því, að ofbeldið guggnaði fyrir einhug og manndómi. Vegna þess að Íslendinga skorti hvorugt þá og síðar, endurheimtum við landið okkar.

Landgrunnið okkar varð og verður að endurheimta með sömu vinnubrögðum.

Stjórnarandstaðan nú bauð fram einhug til að *standa gegn ofbeldi Breta. Þeir voru að hopa*, það veit allur heimur. En í stað þess að standa nú einhuga á réttinum með manndómi og fullkomna sigurinn, eins og áður var gert, guggnar ríkisstjórnin og afsalar sérrétti okkar til þess, sem okkur er dýrmætast næst landinu sjálfu, landgrunnsins, niðurlægir okkur undir leyfisbeiðni til Breta og lögsögn alþjóðadómstóls, sem andstæðingar okkar ráða. Og þessu réttindaafsali verður ekki náð til baka nema með langri og þrotlausri baráttu.

Hér er brotið blað í Íslandssögunni. Ríkisstj. hefur unnið sér til óhelgi um margt. En þótt ekki væri nema þetta eitt, á hún að vikja, áður en hún vinnur meira tjón. — Verið þið sæl.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Háttvirtu hlustendur, fjær og nær. Ekki er tími til þess í fárra minútna ræðu að taka til meðferðar nema fátt eitt af misheppnuðum verkum hæstv. núv. ríkisstj. Í stað þess mun ég því meira tala um stefnu stjórnarinnar. Stjórnarstefnan er vitanlega uppspretta hinna misheppnuðu stjórnarathafna.

Greinilegt er, að stefna núv. ríkisstjórnar er allt önnur stefna en ríkti hjá þjóðinni síðustu þrjá áratugi og var mjög sigursæl til framfara.

Snorra-Edda geymir margs konar sígilda lífspeki — oft í dæmisögustíl. Á einum stað segir frá því, að Ása-Þór óð ána Vimur, sem er áa mest. Áður en Ása-Þór lagði út í ána, gyrti hann sig orkugjafanum Megingjörðum, og er Þór kom í miðja ána, þá óx svo mjög áin, að uppi braut á öxl honum. En því meira sem áin óx, því sterklegar óð Þór og kvað um leið til árinnar:

„Veiztu, ef þú vex,
þá vex mér ásmegin
jafnhátt upp sem himinn."

Af þessari sögn er sprottinn gamli íslenzki talsháttur inn „að vaxa með Vimur".

Stefnan, sem þjóðin fylgdi síðustu þrjá áratugina, var hin hetjulega stefna „að vaxa með Vimur". Í upphafi tímabilsins gyrti þjóðin sig megingjörðum bjartsýninnar, efldi sig framfaraáhuga og sjálfstrausti, trausti á kosti Íslands og trú á samtakamátt almennings. Þessi stefna, sem Framsfl. hefur verið frumkvöðull að í íslenzkum stjórnmálum og mun halda áfram að þjóna, varð aflvaki framfara á öllum sviðum þjóðfélagsins í sveit og við sjó. Henni á þjóðin mikið að þakka.

Eldra fólk þekkir umskiptin, sem orðið hafa. *Þjóðin leysti sig á þessum árum úr ánauð hinnar* sáru fátæktar og óttans við sult og klæðleysi og hóf sig á stig velmegunar og fjölþættra lífsþæginda með svo skjótum hætti, að til tíðinda er talið meðal grannþjóða okkar.

Íhaldsflokkurinn gamli tapaði svo rækilega fyrir þessari stefnu, að hann varð hræddur við sitt eigið nafn og tók upp heitið Sjálfstæðisflokkur og fór að reka tækifærispólitík.

Alþýðuflokkurinn átti fyrrum góðan þátt í því með Framsfl. að vinna að alhliða umbótum og kveða íhaldið niður. Þá skildi hann nafn sitt og vann margt fyrir alþýðuna. En valt er völubeinið. Nú hafa foringjar Alþfl. gefið sjálfum sér í blaði sínu heitið toppkratar, auðvitað til aðgreiningar frá hinum alþýðlegu kjósendum sínum, sem þeir líta á sem lágkrata.

Með myndun núv. ríkisstjórnar urðu tímaskipti. Toppkratarnir vöktu upp gamla íhaldið með því að bæna sig á leiði þess, og nú hefur afturgangan þá á valdi sínu. Í stað alhliða framfarastefnu undanfarinna áratuga tók þessi ríkisstjórn upp samdráttar- og kreppustefnu, felldi gengi krónunnar *með grófum hætti, fyrirskipaði hærri útlánsvexti* en þekkjast hjá öðrum þjóðum, stytti lánstíma og lét minnka útlánastarfsemi, fyrirskipaði sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga að leggja fé sitt til bindingar í Seðlabankann, hversu mikil þörf sem fyrir það fé er heima fyrir, breytti skatta- og útsvarslöggjöf í ójafnaðarátt, þrengdi kosti almenningssamtaka, svo sem samvinnufélaga og verkl.félaga, minnkaði stuðning við framkvæmdir almennings.

Sýnt hafði verið fram á, í þann mund sem núv. stjórnarflokkar tóku völd, að halda mætti kaupmætti launa eins háum og hann var í október 1958, ef meiri hluti fengist til þeirra aðgerða. Nú hafa kjör almennings verið stórkostlega skert frá þeirri viðmiðun með efnahagsráðstöfunum ríkisstj. Allt af herðir meira og meira að. Ég hef ekki tíma til að rökstyðja þetta með dæmum, enda veit ég, að menn þreifa á þessu daglega hver hjá sér — og eigin reynsla er ólygnust.

Vinnustöðvanir á þessu ári hafa verið til stórtjóns fyrir hlutaðeigendur og þjóðarheildina. Ríkisstj. reyndi ekki að leysa þær. Þvert á móti ýtti hún fast á þá, er krafizt var kjarabóta af, að láta ekki undan, þó að hún vissi, að undan yrði að láta að lokum og þjóðartapið af vinnustöðvununum yrði hundruð millj. króna, eins og orðið hefur.

Samdráttarstefna stjórnarinnar dregur úr framförum og framleiðslu og þar með atvinnulífi og þjóðartekjum, skapar hugarfar bölsýninnar, kyrrstöðu, afturför, upplausn og skort. Hún sviptir þjóðina megingjörðum bjartsýninnar og um leið þróttinum til að sækja fram og vaxa með straumn-

um, sem vaða þarf. Hún veldur lömun þjóðarlíkamans, eins og sjálfstæðismaðurinn, formaður Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sagði réttilega í vetur. Hún er lömunarstefna. Sú ríkisstj., sem hefur með aðgerðum sínum valdið lömun þjóðarlíkamans og heldur áfram á þeirri braut, verðskuldar vantraust. Hún er þjóðinni hættuleg.

Og svo hefur ríkisstj. bætt samningum við Breta í landhelgismálinu ofan á allt annað. Það er eins og álög hvíli á þessum mönnum í stjórnarstólunum.

Vinstri stjórnin færði með reglugerð í krafti einhliða ákvörðunar fiskveiðilandhelgina út í 12 mílur 1. sept. 1958. Þurft hafði að bíða Alþfl. hörðu í stjórninni, til þess að hann féllist á þetta. Sjálfstfl., sem var þá í stjórnarandstöðu, en hafði haft fulltrúa í nefnd, sem stjórnin hafði sér til ráðuneytis um málið, vildi ekki bera ábyrgð með hinum á útfærslunni.

Eftir að útfærslan hafði verið ákveðin vorið 1958 og þar til hún kom til framkvæmda um haustið, siendurtók Morgunblaðið áðeilur út af henni, og foringjar Sjálfstfl. létu óánægju í ljós á mannfundum. Bretar fylgdust vel með þessu og birtu það í blöðum sínum sem innlegg fyrir sig til andstöðu gegn útfærslunni.

Þegar landhelgisútfærslan kom til framkvæmda, viku allar þjóðir úr landhelginni nema Bretar, sem héldu áfram veiðum undir vernd herskipa. Töldu Bretar líklegt eftir skrifum og tali foringja í stærsta stjórnmálaflokknum, að Íslendingar mundu láta undan, ef slík harka væri sýnd, og höfðu rökstudda ástæðu til að ætla þetta eftir framkomu sjálfstæðismanna, og sjálfsagt hafa þeir líka haft fréttir af tregðu foringja Alþfl. í málinu. En almenningur á Íslandi reis einhuga gegn aðförum Breta og krafðist þess, að ekki yrði undan þeim látið í neinu, þó að þeir beittu ofbeldi.

Nú fóru stjórnarskipti í hönd. Sjálfstfl. myndaði stjórn Alþfl. í svartasta skammdeginu 1958. Sú stjórn stofnaði til tveggja kosninga 1959. Vorið 1959, áður en gengið var til kosninga, tóku stjórnarflokkarnir þátt í að samþ. ályktun um að víkja aldrei — víkja aldrei — í landhelgismálinu.

Bretar fögnuðu stjórnarskiptunum, en gátu þess í blöðum sínum, að þeir skildu, að stjórnarfl. gætu ekki slakað til í landhelgismálinu fyrir kosningarnar. Í kosningunum sóru frambjóðendur stjórnarflokkanna eins og við hinir að hvika hvergi í þessu máli. Það var eina málið, sem þjóðin var líka einhuga í, enginn hefði náð kosningu, ef hann hefði lýst sig hikandi.

Ekki leið langur tími, frá því að núv. ríkisstjórn var mynduð upp úr kosningunum, þangað til það fréttist, að Bretar leituðu eftir því að semja við hana um eftirgjöf í landhelgismálinu. Vafalaust hefur stjórninni ekki verið þetta geðfellt. En nú kom henni í koll það, sem Morgunblaðið og foringjarnir höfðu sagt sumarið 1958. Með því höfðu þeir gefið Bretanum undir fótinn.

Svo kom að því, að stjórnin léði máls á að semja við Breta. Ekki gaf hún stjórnarandstöðunni neinn kost á að vera með í ráðum, eins og vinstri stjórnin gerði 1958 og ófrávíkjanlega er skylt í þingræðislandi, þegar um svo þýðingarmikið mál er að ræða.

Í upphafi þessa þings sagði stjórnin aðspurð, að hún mundi hafa samráð við Alþ., ef eitthvað markvert gerðist í málinu. Síðast 6. febr. var á utanrrh. enn þá að skilja, að frá alls engu væri að segja.

En 27. febr. er samningnum við Breta kastað inn í þingið á síðdegisfundi fyrirvaralaust. Vitnaðist um þetta leyti af grein í blaði utanrrh., að þessi samningslausn hafði orðið til í London í utanför ráðh. í desember, hann komið með hana heim fyrir jólin og hún verið lögð fyrir þm. stjórnarflokkanna, þegar þeir komu úr jólafríi 15. jan. Sex vikna tími hafði svo gengið fyrir luktum dyrum í að umþótta þingmennina í stjórnarflokkunum. En öllu var haldið á meðan leyndu fyrir nærri helmingi alþingismanna. Þannig var þetta mál gert að myrkraverkum, enda niðurstaðan ekki ljósi samboðin á Íslandi.

Orðalag samningsins er yfirleitt tvírætt af Breta hálfu, en skuldbindandi fyrir Íslendinga. Bretar fá að veiða innan landhelginnar milli 6 og 12 mílna í næstu 3 ár á tilteknum stórum svæðum. Í staðinn, segir ríkisstj., fá Íslendingar útfærslu fjögurra tilgreindra grunnlína, rétt eins og Bretar hafi átt grunnlínusvæðaviðbótina. En samkv. lögum og viðurkenndum alþjóðareglum hafði Ísland rétt til grunnlínubreytinganna, hvað sem Bretar hefðu sagt.

Þessi borgun Breta minnir á það, þegar maður einn fyrir mörgum árum kom á bæ og bað húsmóðurina þar að selja sér smjörpund. Hún bauð manninum til baðstofu, og þar beið hann um stund eftir veitingum. Þegar hann fór, afhenti konan honum smjörið, en hann greiddi henni með peningi, sem henni sýndist vera tveggja króna silfurpeningur. Konan var nærsýn, og eftir á, þegar hún fór að athuga peninginn, sá hún, að þetta var svonefndur „lukkupeningur", sem hún hafði sjálf átt, frá því að hún var barn. Maðurinn hafði stolið honum í baðstofunni og borgað henni svo með honum.

Þannig hefur ríkisstj. á Íslandi einnig látið Bretann leika á sig.

Auk þessa hafði stjórnin ekki manndóm til að færa út grunnlínur til jafnréttis fyrir alla landshluta og sýnir með því hug sinn til dreifbýlisins yfirleitt.

Ísland gat komið fiskveiðilandhelgi sinni út í 12 mílur eingöngu vegna þess, að það notaði einhliða rétt sinn til þess, en engin viðurkennd alþjóðalög eru til, sem banna slíka útfærslu. Um 30 þjóðir hafa nú 12 mílna fiskveiðilandhelgi eða meira, allar í skjóli einhliða réttarins.

Það atriðið, sem er allra alvarlegast og hreint og beint sorglegt við samning ríkisstj. við Breta, er, að hún afsalar fyrir hönd Íslands um aldur og ævi réttinum til einhliða útfærslu og skuldbindur Íslendinga óuppsegjanlega til að tilkynna Bretum ævinlega með 6 mánaða fyrirvara, ef Íslendingar áforma að færa út landhelgina, líka að því er grunnlínur snertir, og lofa, ef Bretar krefjast þess, að leggja málið undir úrskurð alþjóðadómstólsins. Þetta hefur engin önnur þjóð í heiminum gert. Ríkisstj. hefur þannig, eins og Hermann Jónasson sagði áðan, afhent Bretum um alla framtíð eina vopnið, sem okkar litlu þjóð hefur dugað í þessum málum.

Hugsið ykkur þá forherðingu og glannaskap þess-

arar ríkisstj. að gera slíkan samning fyrir land sitt um afsal réttinda, er gilda skal um aldur og ævi. Eftir eru svo auðvitað samningar við þær þjóðir, sem virtu útfærsluna og víku af miðunum. Hver vill láta þær gjalda þess, að þær komu vel fram, um leið og Bretar eru látnir njóta þess, að hafa sýnt ofbeldi?

Samningur þessi við Breta var ræddur hér á Alþingi við 2. umr. samfleytt í 4 daga og mikinn hluta úr þrem nóttum. Aðeins sumir ráðherranna og frsm. n. tóku til máls af hálfu stjórnarliðsins, aðrir menn stjórnarflokkanna þögðu, eins og þeir væru tunguskornir. Við atkvgr. að lokum komu þeir þó upp einsatkvæðisorðunum já og nei. Þeir sögðu fyrirvaralaust nei við öllum úrbótatillögum stjórnarandstöðunnar, en skilyrðislaust já við öllum atriðum samningsins. Enginn skarst úr leik. Þeir greiddu allir atkvæði gegn því að leggja samninginn undir þjóðaratkvæði. Hver maður hlýtur þó að skilja, að sjálfsögð skylda þessara manna, sem höfðu nú tekið afstöðu með því, sem þeir lofuðu fyrir kosningar að vera á móti, var að láta kjósendurna sjálfa ráða endanlega úrslitum. En þeir þorðu það ekki, svo rækilega höfðu þeir verið umþóttaðir — á sex vikna umþóttunartímanum.

Í þessu máli öllu kemur fram mikið hugleysi og ósjálfstæði hjá þeim, sem á málstað Íslands hafa haldið. Hér eftir ætti Sjálfstfl. að nefna sig ósjálfstæðisflokk og foringjar Alþfl. að kalla sig hopkrata. Ég efast þó ekki um, að mönnunum hefur liðið illa sem Íslendingum. En Bretar, sem uppgefnir voru orðnir á því að ræna á Íslandsmiðum undir herskipavernd, hafa lagzt á þá með sívaxandi þunga og tekið þá á orðum þeirra sjálfra frá 1958.

Þessir menn voru ekki gyrtir megingjörðum bjartsýni. Þeim óx ekki ásmegin eins og Þór, því meira sem á reyndi. Þetta eru höfundar lömunarstefnunnar og lamaðir af henni sjálfir. Þeir höfðu aukið skuldir landsins erlendis um hundruð milljóna þrátt fyrir loforð um að minnka þær. Öll járn ósigra í efnahagsmálum stóðu á þeim, og þeim fannst sér lífsnauðsyn á vinsemd og aðstoð að utan.

En ef Bretar hefðu ekki hótað áframhaldandi vopnuðu ofbeldi, hefði þó vafalaust ekkert af samningum orðið. Samningurinn er þess vegna réttnefndur nauðungarsamningur.

Áróðurslið stjórnarflokkanna segir, að við framsóknarmenn séum í sama bát og kommúnistar í þessu máli, og vilja með því vekja tortryggni gagnvart okkur. Það geta þeir ekki. Allir skynbornir menn vita, að rétt mál verður ekki rangt, þótt kommúnistar fylgi því. Við framsóknarmenn börðumst gegn samningi þessum sem nauðungarsamningi. Hann hefur nú tekið gildi, og að formi til er hann óuppsegjanlegur. En af því að hann er nauðungarsamningur, hefur hann ekki siðferðilegan bakhjall, eins og samningur, sem gerður er af frjálsum vilja. Vonlaust er því ekki, að sá tími komi, að hnútar hans leysist vegna vaxandi sanngirni í málefnum heimsins. Að því vill Framsfl. vinna að rekja upp hnúta hans og leysa þjóðina af oki hans. Hér hefur þó stórkostlegt slys hent, sem enginn veit, hvort úr tekst að bæta eða hvenær.

Eins og nú er komið, liggur næst fyrir að reyna að koma í veg fyrir, að samningurinn verði framkvæmdur af sama undirlægjuhætti og hugleysi af Íslands hálfu og hann hefur gerður verið. Núverandi ríkisstj. er óhæf til að framkvæma hann. Henni væri meira en trúandi til að rýmka og framlengja veiðileyfi Breta innan landhelginnar. Hún á nú þegar að víkja, rjúfa þing og láta þjóðina fá að kjósa. — Verið þið sæl.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Já, margt er skrýtið í kýrhausnum. Það er ekki ofsögum af því sagt, þegar maður þarf nú að heyra hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, halda þá ræðu, sem hann hélt hér áðan. Og eitthvað er nú púðrið lélegt, þegar skot jafnlandskunnrar skyttu geiga svona illilega. Á ræðu hv. þm. Karls Kristjánssonar þarf enginn að láta í ljós neina undrun. En báðir voru þessir hv. þm. hálfgrátandi í nafni Jóns Sigurðssonar.

Það skilst kannske betur, hvað fyrir þeim vakir og undir býr, þegar gærunni er svipt af. Hvert einasta málsatriði, sem hv. þm. Hermann Jónasson sagði um landhelgismálið, er margrætt hérna á Alþingi og í blöðunum, og það þarf karlmenni, sem hann nú er, til að jórtra þetta enn þá einu sinni í áheyrn alþjóðar, hlustenda, sem flestir eru búnir að heyra þetta og líka að heyra það hrakið með jafnföstum rökum og gert hefur verið.

Ég skal nú varpa ljósi yfir þetta mál.

Það var mánudaginn 27. febr., sem ég skýrði nokkrum forustumönnum stjórnarandstöðunnar frá því samkomulagi, sem ríkisstj. átti kost á til lausnar landhelgisdeilunni við Breta og Alþingi nú hefur samþykkt. Ég hafði gaman af því, að viðbrögðin urðu nákvæmlega þau, sem við í ríkisstj. höfðum gert ráð fyrir. Kommúnistar sáu strax, að forn vinátta við Breta yrði með þessu endurreist og hættulegum ásteytingarsteini með því rutt úr götu vestrænnar samvinnu. Það var þetta, sem þeim sárnaði mest. Framsóknarmenn hins vegar skildu, að samningarnir voru ekki eingöngu stórsigur þjóðarinnar, heldur líka stjórnarinnar. Það sveið þeim sárast. Báðir áttu sammerkt í því að setja önnur sjónarmið ofar heill ættjarðarinnar.

Reiði sumra leiðtoga Framsóknar heltók þá svo gersamlega, að meðfædd hyggindi fengu ekki notið sín. Þess vegna lét Hermann Jónasson í fljótræði ginnast til að verða við óskum kommúnista um flutning á vantrauststill. þeirri, sem hér er til umræðu. Fögnuðu kommúnistar þessu ákaft. Þeir hafa lengi gengið með þann alveg ástæðulausa ótta, að við tækjum Framsókn í stjórnina. Nú töldu þeir sig hafa sett undir lekann, þegar sjálfur Hermann Jónasson lánaði nafn sitt sem fyrsti flm. á vantraustinu.

En það er í fleira en þessu, sem reiðin hefur yfirbugað skynsemi þeirra Hermanns Jónassonar og Eysteins Jónssonar í þessu máli. Það er auðvitað ömurleg tilhugsun, að það skuli geta hent aðalleiðtoga næstfjölmennasta flokks þjóðarinnar að fyllast reiði og heift, þegar þjóðin vinnur einn sinn eftirminnilegasta sigur, í stað þess að gleðjast, fagna og þakka. Hitt er svo frá flokkslegu sjónarmiði nær enn auðnulausara, að þeim, sem allt of oft hættir til að miða allt við einhliða hagsmuni flokks síns, skuli bregðast svo herfilega boga-

listin, þegar mest á ríður. Hvað mundu þeir Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson og aðrir slíkir ekki vilja til vinna nú, þegar nær öll þjóðin fagnar sigrinum í hjarta sínu og ekkert síður framsóknarmenn en aðrir, að þeir hefðu borið gæfu til að vera meðal sigurvegaranna, en ekki í félagi við hinn fokreiða Breta, Dennis Welsch, og aðra slíka?

Hvað var auðveldara en tefla taflið þannig. Ef öfundin í okkar garð yfir sigrinum hefði ekki lamað dómgreind þeirra, mundu þeir án efa hafa viðhaft þann vopnaburðnn, sem þeim er tamastur, þ. e. a. s. eigna sjálfum sér heiðurinn af annarra gerðum. Þá hefðu þeir sagt: Jú, stórsigur, satt er það. En hverjum er hann að þakka nema okkur, sem þjörmuðum svo að stjórninni, að hún þorði beinlínis ekki annað en að herða kröfurnar gegn Bretum? — Að sönnu var auðsannað, að framsóknarmenn höfðu engin áhrif í þessu, hvorki til né frá. En hvað um það, ólíkt hefði þetta þó verið skárra hlutskipti en hitt, sem þeir í blindni völdu sér og lauk með því að greiða atkvæði:

1) gegn því að semja frið á hafinu og bægja með því mikilli hættu frá dyrum varðskipsmanna og annarra íslenzkra sjómanna,

2) gegn því, að Bretar viðurkenni 12 mílurnar,

3) gegn því, að Bretar viðurkenni nýja fiskveiðilögsögu okkar utan 12 mílnanna að stærð 565 þús. km2,

4) gegn því, að Bretar skuldbindi sig til að láta hlutlausan dómstól, en ekki vopnavald útkljá hugsanlegan ágreining um fiskveiðilögsögu okkar um alla framtíð,

5) gegn því, að Íslendingar haldi áfram að afla heimildar til og viðurkenningar á áframhaldandi stækkun landhelginnar, — svo að sumt af því helzta sé nú nefnt.

Það er sannarlega ekki ofmælt, að þetta séu auðnulausir og heillum horfnir menn, sem vissulega þurfa að læra betur af lífinu. Bezta ráðið til þess hefði kannske verið að fallast á tillögu þeirra um þjóðaratkv. Þá hefðu þeir fengið það, sem þeir verðskulduðu. Það er mikil fórn af okkar hálfu að standa gegn þessari sjálfsmorðstilraun þeirra. En hvorki í þessu máli né öðru má Alþingi víkja undan skyldu sinni né skapa varhugavert fordæmi.

Ég ræði þetta stórmál ekki frekar. Það er margrætt, útrætt og afgert. Sagan geymir það á spjöldum sínum, og við, sem sigurinn unnum, teljum okkur gæfumenn, en andstæðingana brjóstumkennanlega.

Ég vík þá aðeins stuttlega að öðru, sem hér hefur komið fram.

Hv. hlustendur heyrðu ræðu aðalákærandans, Hermanns Jónassonar. „Mér vinnst ekki tími til að ræða brigðmæli ríkisstj. í efnahagsmálunum," sagði hann. Til þess þurfti tunguliprari og skáldmæltari mann, þ. e. a. s. hv. þm. Karl Kristjánsson. En af hverju skyldi ekki Hermanni Jónassyni hafa verið trúað fyrir þessu?

Ástæðan er sú, að vinir hans sögðu hver við annan: „Öðrum ferst, en honum ekki." Þetta er nefnilega sami maðurinn sem 1956 myndaði stjórn og tilkynnti þjóðinni í nafni sjálfs sín og Karls Kristjánssonar: „Stjórnin hefur verið stofnuð til samstarfs á grundvelli nýrrar stefnu." Nú átti að aflétta sköttum, hætta niðurgreiðslum og uppbótum, greiða skuldir, lægja verðbólguna, og umfram allt skyldi varnarliðið rekið úr landi. Tæpum fimm missirum síðar gaf þessi sami maður út aðra tilkynningu, svo hljóðandi: „Í ríkisstj. er ekki samstaða um nein úrræði í þessum málum, sem að mínu áliti geti stöðvað hina háskalegu verðbólguþróun, sem verður óviðráðanleg." Síðan gafst hann upp og baðst lausnar frá ábyrgð og önnum stjórnarformennskunnar.

Það var ekki ýkjalangt milli þessara tilkynninga Hermanns Jónassonar. En furðumörgum heitum hafði vinstri stjórninni þó tekizt að bregðast. Sköttum var ekki aflétt, heldur hækkaðir sem nam 1090 millj. kr. árlega, auk stóreignaskattsins. Niðurgreiðslum og uppbótum var ekki hætt, heldur stórauknar. Skuldir ekki lækkaðar, heldur hækkaðar um 436 millj. kr. Verðbólguskessan var ekki svelt í hel, heldur þyngdist hún um fjórðung. Varnarliðið var ekki hrakið á brott, heldur varð það áhorfandi að þessu fátíða fyrirbrigði, og hafði Bandaríkjaforseti greitt inngangseyri fyrir það allt með tölu með bandarísku gulli úr þeim sjóðum, sem ætlaðir voru til að tryggja öryggi Bandaríkjanna.

Allt er þetta flestum í fersku minni, sorgarsaga, sem m. a. veldur því, að aðstaða Hermanns Jónassonar til árása og brigzlyrða út af brigðmæli annarra er örðug, svo að hóflega sé að kveðið. Það er nefnilega svo, að sá, sem leggur svona mikinn vanda óleystan á annarra herðar, heldur bezt heiðri sínum og sjálfsvirðingu með því að vera sanngjarn og dómmildur, en ekki reiður og ofsafullur.

En engin ríkisstj. má telja sínum heiðri borgið með því einu, að einhver annar hafi verið henni verri. Núv. stjórn vill því skoða sjálfa sig í spegli reynslunnar, frá því að hún tók við völdum hinn 20. nóv. 1959. Við viljum standa og falla með eigin gerðum, en hvorki gerðum né misgerðum annarra.

Fyrst er þá að athuga, hverju stjórnin hét þjóðinni við valdatökuna 20. nóv. 1959.

Ég gaf þá út svo hljóðandi yfirlýsingu á Alþ. fyrir hönd stjórnarinnar:

„Að undanförnu hafa sérfræðingar unnið að ýtarlegri rannsókn á efnahagsmálum þjóðarinnar. Skjótlega eftir að þeirri rannsókn er lokið, mun ríkisstj. leggja fyrir Alþ. tillögur um lögfestingu þeirra úrræða, er hún telur þörf á. Athuganir hafa þó þegar leitt í ljós, að þjóðin hefur um langt skeið lifað um efni fram, að hættulega mikill halli hefur verið á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd, tekin hafa verið lán erlendis til að greiða þennan halla og að erlend lán til stutts tíma eru orðin hærri en heilbrigt verður talið. Munu tillögur stjórnarinnar miðast við að ráðast að þessum kjarna vandamálanna, þar eð það er meginstefna ríkisstj. að vinna að því, að efnahagslíf þjóðarinnar komist á traustan og heilbrigðan grundvöll, þannig að skilyrði skapist fyrir sem örastri framleiðsluaukningu, allir hafi áfram stöðuga atvinnu og lífskjör þjóðarinnar geti í framtíðinni enn farið batnandi. Í því sambandi leggur ríkisstj. áherzlu á, að kapphlaup hefjist ekki á nýjan leik milli verðlags og kaupgjalds og að þannig sé haldið á efnahagsmálum þjóðarinnar, að ekki leiði til verðbólgu.

Til þess að tryggja, að þær heildarráðstafanir, sem gera þarf, verði sem réttlátastar gagnvart öllum almenningi, hefur ríkisstj. ákveðið:

1) að hækka verulega bætur almannatrygginganna, einkum fjölskyldubætur, ellilífeyri og örorkulífeyri,

2) að afla aukins lánsfjár til íbúðabygginga almennings,

3) að koma lánasjóðum atvinnuveganna á traustan grundvöll,

4) að endurskoða skattakerfið með það fyrir augum fyrst og fremst að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur.

Varðandi verðlag landbúnaðarafurða mun reynt að fá aðila til að semja sín á milli um málið. Ella verður skipuð nefnd sérfræðinga og óhlutdrægra manna, er ráði fram úr því.

Ríkisstj. mun taka upp samningu þjóðhagsáætlana, er verði leiðarvísir stjórnarvalda og banka um markvissa stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, beita sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu atvinnuveganna um land allt og undirbúa nýjar framkvæmdir til hagnýtingar á náttúruauðlindum landsins.

Þá þykir ríkisstj. rétt að taka fram, að stefna hennar í landhelgismálinu er óbreytt, eins og hún kemur fram í samþykkt Alþingis hinn 5. maí 1959."

Þetta eru loforð okkar og fyrirheit öll með tölu og við teljum okkur nú þegar hafa efnt flest þeirra og komið hinum áleiðis, svo sem nú skal sannað.

Við hröðuðum rannsókn sérfræðinganna, tókum ákvarðanir, en lögðum síðan heildartillögur okkar fyrir Alþingi. Þær réðust að „kjarna vandamálsins", eins og heitið var. Ætlunin var að stöðva verðbólguna, þessa óðaverðbólgu, sem Hermann Jónasson taldi óumflýjanlega, er hann bað lausnar, og skapa nýjan grundvöll fyrir heilbrigt atvinnulíf í landinu. Það hefur tekizt betur en við þorðum að vona, þegar stjórnin var mynduð. Vísitalan er í dag aðeins 104 stig í stað óðaverðbólgunnar.

Atvinnuleysinu, sem stjórnarandstaðan boðaði og hlakkaði yfir að verða mundi banabiti stjórnarinnar, hefur okkur tekizt að bægja frá dyrum almennings þrátt fyrir aflabrest á togurum og síldveiðum og verðfall á mjöli og lýsi, en þetta hvort tveggja veldur því samkvæmt nýrri skýrslu frá Framkvæmdabanka Íslands, að þjóðartekjurnar minnka um 500 millj. kr. árið 1960.

Fram til síðustu daga hefur tekizt að hindra kapphlaup kaupgjalds og afurðaverðs, enda þótt Framsókn og Alþb. hafi með ráði og dáð reynt að endurvekja verðbólguna til lífs með því óbrigðula ráði og ef til vill nokkuð komizt áleiðis síðustu vikurnar. Er það grár leikur með fjöregg þjóðarinnar.

En hvað þá um hin loforðin? spyrja menn.

Því er fljótsvarað:

1) Fjölskyldubætur, ellilífeyrir og örorkulífeyrir hefur verið aukið úr 126 millj. kr. árið 1959 í 282 millj. kr. á árinu 1960 og verður á þessu ári 348 millj. kr.

2) Ríkisstj. tókst á árinu 1960 að afla svo mikils fjár til íbúðabygginga almennings, að útlán húsnæðismálastjórnar námu 72 millj. kr. Til samanburðar er, að vinstri stjórnin útvegaði í þessu skyni ekki meira fjármagn en svo, að útlán húsnæðismálastjórnar árið 1957 námu aðeins 45.7 millj. kr. og árið 1958 48.8 millj. kr.

3) Varðandi lánasjóðina hefur stjórninni tekizt að útvega allmikið lánsfé. Er sjóðum landbúnaðarins að vísu enn fjár vant. En aðkoman var þar svo herfileg, að fyrsta átakið var að bjarga þeim frá gjaldþroti, en síðan voru þeim útvegaðar 36 millj. kr.

4) Loforðið um lækkun tekjuskatts og útsvars einstaklinga var af mikilli röggsemi efnt strax í fyrra, og í byrjun haustþingsins verða lögð fram ýtarleg frv. til svipaðrar leiðréttingar félögum til handa. Þetta eru stórvirki, sem aðrar þjóðir ætla sér áratug eða tugi til.

5) Stjórninni tókst í þinghléinu um áramótin 1959 og 1960 að leiða deiluna um landbúnaðarverðið til farsælla lykta.

6) Samning þjóðhagsáætlunarinnar er í undirbúningi.

7) Fyrirheitið um landhelgismálið hefur stjórninni nú tekizt að efna svo farsællega, að mörgum þykir með ólíkindum og flestir fagna í hjarta sínu af heilum hug.

Eru þá upp talin öll loforðin.

En margt fleira hefur stjórnin unnið sér til ágætis. Nefni ég þar til sem dæmi niðurlagningu innflutningsskrifstofunnar, stóraukið verzlunarfrelsi, nýju bankalöggjöfina, einkum að því er Seðlabankann varðar, sameiningu tóbaks- og áfengisverzlananna, skjóta afgreiðslu fjárlaga, merkan undirbúning stórhuga framkvæmdaáætlunar íslenzku þjóðarinnar á næstu árum, aðra margþætta og merka löggjöf á sviði dómsmála, menntamála, iðnaðarmála, landbúnaðarmála og sjávarútvegsmála, þ. á m. 400 millj. kr. lánalenginguna, sem ætlað er að létta af skuldaklafanum, sem vinstri stjórnin lagði á útveginn, o. s. frv.

Ég þarf ekkert um þetta meira að segja. Hygg ég, að engin íslenzk stjórn hafi komizt nær að efna að fullu öll sín fyrirheit á jafnskömmum tíma, en koma jafnframt mörgu öðru þörfu til leiðar og glíma þó við ýmsan ófyrirsjáanlegan vanda, svo sem aflabrest og verðfall.

Það er á þessa stjórn, sem Hermann Jónasson ber nú fram vantraustið. Ákærandinn, Sökin. Sakborningurinn. Er að furða, þótt brosað sé um breiðar byggðir og hlegið í sölum Alþingis?

Við Hermann Jónasson höfum oft átt samleið í stjórnmálum og af því leitt ýmislegt gott. Við deilum hins vegar oft hvor á annan, og er þá hvorugur mjúkhentur. Launa ég honum nú vantraustið með því að aðvara hann. Hermann Jónasson er sízt meiri kommúnisti en hvað annað. En samt sem áður er hann kominn vel áleiðis með að gera Framsfl. að hreinu handbendi kommúnista. Og hér innan veggja þinghússins vita allir, að kommúnistar eru búnir að umvefja hann og Eystein Jónsson svo greypilega, að talið er vonlaust að ná þeim þaðan lifandi nema með keisaraskurði.

Að lokum þetta:

Í engri af þeim samsteypustjórnum, sem ég hef átt sæti í, hafa samstarfsmenn mínir verið jafnstarfhæfir og dugmiklir menn sem nú og ekki heldur skilið jafnvel á báða bóga, að ágreiningsmálin verða að bíða betri tíma. Hvort tveggja

þetta veldur miklu um skjót og örugg handbrögð stjórnarinnar. Hef ég fyrir því allgóðar heimildir, að stjórnin hefur stækkað, en ekki minnkað af störfum sínum og á nú miklu og vaxandi fylgi að fagna. Vona ég, að æ fleiri mætir menn í öllum flokkum leggist á sveif með okkur, svo að okkur megi öllum auðnast að koma miklu og góðu til leiðar fyrir land og lýð.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar rædd er till. sú til þál., sem hér liggur fyrir um vantraust á ríkisstj., verður ekki hjá því komizt að líta nokkuð til baka og gera sér grein fyrir þróun mála hér á landi nú hin síðustu ár.

Þegar stjórn Ólafs Thors lét af völdum og stjórn Hermanns Jónassonar, hin svokallaða vinstri stjórn, tók við að afloknum kosningum á miðju ári 1956, tók sú stjórn vissulega við blómlegu búi. Tveir þeirra flokka, sem að vinstri stjórninni stóðu, höfðu gefið mörg loforð og stór fyrirheit í kosningabaráttunni þá um sumarið, og eftir stjórnarmyndunina gerðu margir vinstri sinnaðir menn sér vonir um, að nú væri setzt að völdum sterk stjórn, sem lengi mundi sitja. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum að því, hvernig um þessa stjórn fór. Þjóðinni er það enn í fersku minni og því óþarfi að vera um það margorður. Hún endaði daga sína, eins og kunnugt er, með yfirlýsingu forsrh. hennar á Alþingi hinn 4. des. 1958, þegar hann tilkynnti stjórnarslitin, sem hann rökstuddi með því, að skollin væri yfir verðbólgualda og engin samstaða eða úrræði væru innan stjórnarinnar til þess að stöðva þessa háskalegu þróun.

Ég held, að formaður Framsfl., þáv. forsrh., hafi á þeirri stundu verið raunsær. Og hvort sem hann hefur gert sér það ljóst eða ekki, mun hann aldrei hafa unnið þjóð sinni meira gagn en þegar hann með stjórnarslitunum viðurkenndi mistök sín, eftir að honum var orðið ljóst, að stjórnarstefna hans hafði leitt efnahagsmál þjóðarinnar fram á hengiflug óðaverðbólgunnar og fram af því hengiflugi yrði stigið, ef haldið yrði áfram um eitt skref á þeirri braut, sem stjórnarstefna hans hafði markað.

Þegar þess nú er gætt, að tveir af þeim flokkum, Framsfl. og Alþb., sem að vinstri stjórninni stóðu, bera fram það vantraust, sem hér liggur fyrir, og hjá flm. hlýtur að vera tilraun til þess að ná aftur stjórnartaumunum í sínar hendur, hlýtur að vakna sú spurning, hvort sá möguleiki sé til í lýðfrjálsu landi, að slíkt geti tekizt. Ég hef þá trú á dómgreind íslenzkra kjósenda, að svo sé ekki. Þessir flokkar, Framsfl. og Alþb., sem fyrir aðeins rúmum tveimur árum viðurkenndu hér á hinu háa Alþingi, að þeir væru þess vanmegnugir að hafa stjórnarforustuna í sínum höndum, geta ekki vænzt þess, að þeir á þeim stutta tíma, sem síðan er liðinn, hafi aftur öðlazt trúnað þjóðarinnar.

Þegar stjórn sú, sem nú situr, var mynduð fyrir rúmu ári, lá það ljóst fyrir, að forsrh. vinstri stjórnarinnar hafði vissulega haft rétt fyrir sér, þegar hann við stjórnarslitin í des. 1958 tilkynnti þingheimi, að öll efnahagsmál þjóðarinnar væru komin á yztu nöf og róttækra aðgerða væri þörf, ef bjarga ætti málunum við. Núv. ríkisstj. gerði sér ljóst, að hér þýddi ekkert hálfkák. Segja varð þjóðinni sannleikann um, hvernig málum væri komið, og gera þær ráðstafanir, sem gerðar voru, þó að þær í fyrstu gætu orðið óvinsælar. Annað var ekki til bjargar. Útflutningsframleiðslan hafði of lengi verið rekin á fölskum forsendum. Uppbótakerfið, sem hafði magnazt og margfaldazt í tíð vinstri stjórnarinnar, var gengið sér til húðar. Ekki kom til greina annað en að skrá gengi krónunnar opinberlega eins og það raunverulega var orðið og láta útflutningsframleiðsluna standa á eigin fótum án beins fjárhagsstuðnings frá ríkinu.

Árangur þessara ráðstafana er þegar farinn að koma í ljós. Allur almenningur hefur öðlazt skilning á nauðsyn þeirra, og mun stjórnarandstaðan óttast það mest, að sú ríkisstj., sem hafði dug og þor til þess að leiða þjóðina út úr þeim ógöngum, sem hún var komin í í efnahagsmálunum, muni öðlast traust hennar og stuðning. Stjórnarandstaðan veit það eins vel og aðrir, að allur almenningur var orðinn þreyttur á og hræddur við stanzlausar víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, sem viðstöðulaust rýrðu gildi sparifjár landsmanna og hefðu gert það verðlaust með öllu, ef haldið hefði verið áfram á þeirri braut, sem vinstri stjórnin undir forustu Framsfl. hafði markað í efnahagsmálum.

Launþegum er þetta ekki síður ljóst en öðrum. Víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags eru þeim ekki hagstæð þróun. Fyrir þá hlýtur atvinnuöryggi og vaxandi kaupmáttur launa að vera aðalatriðið. Og það er einmitt það, sem stefnt er að með því efnahagskerfi, sem við nú búum við.

Vantrauststill. þá, sem umr. þessar snúast um, bar stjórnarandstaðan fram í tilefni af þáltill. ríkisstj. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Mál þetta var rætt hér á hv. Alþingi mestalla síðustu viku. Í þeim umr. kom það berlega í ljós, að fyrir hv. fulltrúum Alþb. hér á Alþingi vakir það fyrst og fremst að halda áfram deilunni við Breta. Þetta þarf engum að koma á óvart. Þeir hafa frá byrjun viljað nota þetta mál til þess að skapa ágreining milli vestrænna þjóða innan Atlantshafsbandalagsins og Sameinuðu þjóðanna. Þess vegna var áframhaldandi deila milli Íslendinga og Breta þeim mjög að skapi. Afstaða hv. fulltrúa Framsfl. er aftur á móti torskilin. Þeir hafa fram að þessu talið sinn flokk fylgjandi vestrænni samvinnu, en því miður nú ánetjazt svo kommúnistum í stjórnarandstöðunni, bæði í sambandi við þetta mál og önnur, að þar virðist enginn skilsmunur vera á orðinn.

Ég tel, að eftir umr. hér á hv. Alþingi liggi málið alveg ljóst fyrir. Annars vegar var um það að ræða að halda áfram deilunni við Breta með þeim geigvænlegu afleiðingum, sem það gat haft í för með sér, eða að leysa deiluna á grundvelli þess samkomulags, sem ríkisstj. lagði fyrir Alþingi og óneitanlega er þjóðinni miklu hagstæðara en nokkurn hafði órað fyrir að til greina kæmi. Með samkomulaginu, sem nú hefur hlotið staðfestingu Alþingis, er úr sögunni erfitt og viðkvæmt deilumál Íslendinga og Breta og hefur á ný skapazt eðlilegt samband á milli þessara tveggja gömlu viðskiptaþjóða, og er viðurkenning Breta á útfærslu grunnlinanna og á 12 mílna fiskveiðimörkunum stór ávinningur og sókn í landhelgismálinu af hálfu Íslendinga.

Ég veit ekki, hvort landsmenn hafa gert sér ljóst, hversu geysilega þýðingu útfærsla grunnlínanna hefur fyrir landsmenn alla.

Á helztu veiðisvæðunum eru nú 6 mílna mörkin frá hinum nýju grunnlínum langt fyrir utan það, sem 12 mílna mörkin voru áður. Bretar eru nú eftir útfærslu grunnlínanna algerlega útilokaðir frá sumum helztu veiðisvæðunum, en athafnasvæði Íslendinga einna hefur stækkað að sama skapi. Þennan ávinning, þessa sókn í landhelgismálinu, leyfa hv. stjórnarandstæðingar sér að kalla undanhald.

Á þeim stöðum, þar sem samkomulagið gerir ráð fyrir að Bretar fái að fara inn að 6 mílna mörkunum næstu þrjú árin, verður engin breyting á frá því, sem áður var. Íslendingar hafa hingað til orðið að nýta þessi mið í samkeppni við Breta, sem allt fram að þessu hafa ruðzt inn á veiðisvæði bátanna, allt inn að 4 mílna mörkunum, þegar þeim hefur boðið svo við að horfa, og þá ávallt fyrst og fremst þar og á þeim tíma, sem einhver aflavon hefur verið. Ég tel það sjálfsblekkingu að ætla, að á þessu hefði orðið nokkur breyting, ef samkomulag hefði ekki náðst.

Samkomulagið tryggir einnig, að eftir aðeins 3 ár er allt svæðið innan 12 mílna markanna, þar með talin þau þýðingarmiklu svæði, sem viðurkenning Breta náðist fyrir með útfærslu grunnlínanna, orðið athafnasvæði Íslendinga einna — og Íslendinga einna að gera ráðstafanir til að firra þau ofveiði, ef þörf þykir. Erlend skip eða erlendir aðilar koma þar ekki til greina lengur.

Samkomulagið í heild er alveg ótvírætt svo mikilvægt fyrir Íslendinga, að íslenzka ríkisstj. hefur að mínum dómi alveg óvefengjanlega unnið mikið og þarft verk fyrir þjóðarheildina með því samkomulagi um lausn fiskveiðideilunnar við Breta, sem hún lagði fyrir Alþingi til staðfestingar. Og ég er sannfærður um, að hún með því hefur aflað sér trausts og virðingar allra hugsandi þegna þjóðfélagsins. Og þó að stjórnarandstaðan sé nú svartsýn og það svo mjög, að reyndir og mætir menn innan hennar líki ástandinu hér á landi í dag við það, þegar móðuharðindin gengu yfir landið, þá er það ekkert að óttast.

Ég tel, að íslenzka þjóðin hafi aldrei getað litið framtíðina bjartari augum en einmitt nú. Landsmenn hafa á undanförnum árum aflað sér nýrra og stórvirkra atvinnutækja, bæði til lands og sjávar. Skapa þessi atvinnutæki aðstöðu til stóraukinnar framleiðslu útflutningsverðmæta og aukinnar atvinnu fyrir þjóðarheildina. Sérhver einstaklingur, sem vinnufær er, á að geta haft örugga atvinnu, hvort heldur er í sveit eða við sjó. Þjóðfélag, sem þannig er ástatt um, þarf vissulega engu að kvíða.

Ríkisstj. Ólafs Thors, sem nú fer með völd í landinu, hefur tekið þjóðmálin föstum tökum og sýnt sig færa um að ráða fram úr þeim vanda, sem að höndum hefur borið. Það er því gersamlega vonlaust verk hjá hv. stjórnarandstæðingum að bera fram þá vantrauststill., sem hér liggur fyrir. Þeir, sem að henni standa, fengu sitt tækifæri, er vinstri stjórnin var mynduð, árið 1956. Þeir tóku þá við blómlegu þjóðarbúi úr höndum þeirrar stjórnar, sem þeir tóku við af, en tókst þó á aðeins 2½ ári að koma efnahagsmálum þjóðarinnar í slíkt óefnd arástand, að þeir stóðu ráðalausir uppi og sáu þann kost einan að hlaupast burt frá vandanum.

„Til þess eru vítin að varast þau," segir gamalt máltæki. Og vonandi er þess langt að bíða, að þeim hv. stjórnarandstæðingum, sem vantrauststill. bera fram, verði aftur falin yfirstjórn á málefnum þjóðarinnar, svo dýrkeypta reynslu sem þjóðin af þeim hefur. — Góða nótt.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ákvörðun stjórnarandstöðunnar á Alþingi um að flytja vantraust á ríkisstj. var tekin, þegar það var alveg ljóst orðið, að hæstv. ríkisstj. hafði þegar gert millirikjasamning við Breta um minnkun íslenzkrar landhelgi og um afsal á lögsögu Alþingis yfir landgrunninu við Ísland samkvæmt landgrunnslögunum frá 1948 í hendur alþjóðadómstóls. Þessi samningur hefur nú verið samþykktur á Alþingi, án þess að nokkrum stafkrók í honum, sem nokkru máli skiptir, hafi fengizt breytt í meðförum þingsins. Þinglið stjórnarinnar hefur fellt tillögu stjórnarandstöðunnar um, að samningurinn yrði borinn undir kjósendur í þjóðaratkvgr. og taki ekki gildi, nema því aðeins að meiri hl. þjóðarinnar samþykki hann. Með þessum aðgerðum hefur ríkisstj. í fyrsta lagi svikið loforð til stjórnarandstöðunnar um að hafa samráð við hana, áður en úrslitaákvörðun um samninga við Breta yrði tekin, í öðru lagi rofið endanlega þá samstöðu allra flokka, sem allar ríkisstj. nema þessi hafa reynt að halda við og þrátt fyrir allt hefur verið haldið við um meginstefnu Íslendinga í landhelgismálum í meira en 13 ár.

Ríkisstj. hefur klofið þingið og þjóðina í tvær andstæðar fylkingar í því máli, sem við höfum allir talið mesta lífshagsmunamál þjóðarinnar og sameiginlegt baráttumál hennar gagnvart öðrum þjóðum nokkuð á annan áratug, — máli, sem allir, sem kynna sér það til nokkurrar hlítar, komast að sömu niðurstöðu um, þeirri, að afkoma og líf þjóðarinnar á komandi áratugum hljóti að velta á úrslitum þess og þess vegna sé henni lífsnauðsyn að standa saman um það einhuga og einbeitt þrátt fyrir ágreining í þjóðfélagsmálum.

Með samningunum við Breta hefur íslenzk landhelgi ekki einungis verið minnkuð í fyrsta sinn, síðan Íslendingar tóku að ráða málum sínum sjálfir, heldur hefur ríkisstj. með þeim algerlega horfið frá meginstefnu allra ríkisstj. og allra flokka í landhelgismálum, a. m. k. síðan 1948, — stefnu, sem áréttuð hefur verið af öllum flokkum og samþykkt af þjóðinni í öllum kosningum síðan og síðast í kosningunum, sem fóru fram fyrir aðeins 16 mánuðum, í október 1959. Formlega kann ríkisstj. með tæpan meiri hluta á Alþingi að hafa leyfi til að gera hvað sem er, sé það ekki beint stjórnarskrárbrot. En siðferðilega hefur engin ríkisstj. né þingmeirihluti leyfi til að skipta algerlega um stefnu í mikilvægasta hagsmunamáli þjóðarinnar og baráttumáli hennar gagnvart öðrum þjóðum án þess að bera hina nýju stefnu sína undir þjóðina fyrir kosningar. En hvaða kjósandi á Íslandi minnist þess nú í dag, að stjórnarflokkarnir hafi fyrir kosningarnar í október 1959 boðað þá stefnu, að Íslendingar ættu að semja við Breta og allar aðrar þjóðir, sem það kysu, um minnkun landhelginnar, hleypa ef til vill 500 togurum inn í landhelgina

upp að 6 mílum og á eftir þeim dragnóta- og síldveiðiflota allra þeirra þjóða, sem kynnu að vilja nota sér ótvíræðan rétt til þess að halda inn í landhelgina í kjölfar Breta til veiða? Þetta mun nú gerast næstu daga, næstu vikur, næstu mánuði. Reynslan ein mun skera úr því, hvaða afleiðingar það hefur fyrir Íslendinga, hvaða eyðileggingu á fiskimiðunum, hve mikla aukna lífshættu, erfiði og veiðarfæratjón fyrir íslenzka sjómenn. Trúi því svo hver sem vill, að Bretar og með þeim allar aðrar þjóðir, sem fá nú ótvíræðan rétt samkvæmt samningnum til þess að veiða innan 12 mílna landhelgi, muni fara þegjandi og hljóðalaust út úr landhelginni aftur eftir þrjú ár, án þess að reyna t. d. að bindast samtökum um að knýja Íslendinga til að framlengja samninginn.

Hvar er í samningnum trygging fyrir því, að við verðum ekki aftur beittir efnahagslegum og fjárhagslegum ofbeldisaðgerðum, eins og með löndunarbanni eða hótunum um aðrar kúgunarráðstafanir hálfu verri, sem menn eins og núv. hæstv. ráðh. teldu sér nauðugan einn kost að beygja sig fyrir?

Ég get ekki rætt öll atriði samningsins að þessu sinni. Ég mun snúa mér að því höfuðatriði hans, að með honum skuldbinda Íslendingar sig til þess að tilkynna Bretum hverja frekari útfærslu fiskveiðilandhelgi sinnar með 6 mánaða fyrirvara, og neiti Bretar að fallast á útfærsluna, þá skuldbinda Íslendingar sig til þess að samþykkja, að útfærslan skuli lögð fyrir alþjóðadómstólinn í Haag til endanlegs úrskurðar.

Hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir á Alþingi, að þessi skuldbinding af hálfu Íslendinga skuli gilda um aldur og ævi, þessi samningur sé óuppsegjanlegur og bindandi fyrir komandi ríkisstj., fyrir Alþingi um alla framtíð, fyrir komandi kynslóðir á Íslandi. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lýst því yfir, að þeir telji sig ekki bundna af þessum samningi og muni neyta fyrsta tækifæris til þess að losa þjóðina undan oki hans. Það er þetta atriði samningsins, sem forvígismenn brezkra útgerðarmanna telja tryggingu fyrir því, að íslenzk fiskveiðilandhelgi verði ekki færð frekar út en orðið er um næstu áratugi, en harma aðeins, að það hafi tekið 13 ár að sannfæra Íslendinga um, að þetta sé hið eina rétta, og það afrek að fá þetta atriði inn í samninginn, sem hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, telur stærsta stjórnmálasigur, sem nokkur maður, þ. e. a. s. auðvitað hann sjálfur, hafi unnið í allri stjórnmálasögu Íslands.

Hæstv. ráðherra hefur með þessum ummælum sýnt, að hann er grobbnastur allra stjórnmálamanna, sem nú eru uppi á Íslandi. En ástæðan til þess, að ráðherrann fer með svo heimskulegt grobb, er augljós öllum, sem þekkja hann. Hún er sú, að hann kvelst hið innra með sér af vanmáttarkennd og nagandi ótta um, að hann verði af framtíðinni og jafnvel samtíð sinni borinn saman við sinn ágæta föður, sem barðist af alefli alla sína ævi gegn öllum samningum um afsal á réttindum Íslendinga. Hæstv. ráðherra er hræddur um, að hann verði álitinn föðurverrungur vegna síns hlutar í gerð þessa samnings og annarra þvílíkra, og telur því vænlegast til þess að afstýra slíkum dómi að grípa til stórkostlegustu ósanninda og blekkinga, sem stjórnmálasagan getur um.

Lítum á sigur hans. Hann á samkvæmt skýringum hæstv. dómsmrh. að vera fólginn í því, að framvegis geti Bretar ekki gripið til hernaðarofbeldis gegn Íslendingum til að kúga þá til að afturkalla stækkun íslenzkrar landhelgi. M. ö. o.: það er skilningur hæstv. ráðherra á sambúð einnar smæstu þjóðar veraldar og eins mesta flotaveldis heimsins, sem smáþjóðin er í hernaðarbandalagi við, að smáþjóðin verði um alla framtíð að gera ráð fyrir því, að herveldið, sem á að vernda hana fyrir árásum, geri hernaðarárás á hana til að kúga hana til að afturkalla ráðstafanir, sem hún gerir til að tryggja líf sitt, — ráðstafanir, sem hæstv. ráðherra gerir sjálfur ráð fyrir að stæðust fyrir alþjóðadómi.

Lítum nánar á sigur hæstv. dómsmrh. Fyrir rúmu ári gáfust Bretar upp á hernaðarofbeldi sínu gegn Íslendingum og kölluðu herskipin heim. Það var áður en Genfarráðstefnan síðari hófst og var réttilega sett í samband við hana. Hver var árangurinn af þessum síðasta sjóhernaði, sem brezki flotinn hefur háð? Pétur Sigurðsson forstjóri landhelgisgæzlunnar lýsti þessum árangri þannig, þegar hernaður Breta hafði staðið hér nákvæmlega eitt ár, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, — Pétur Sigurðsson sagði:

„Í heilt ár hafa nú að jafnaði daglega verið 13 brezkir togarar á veiðum innan takmarkanna og þeirra gætt þar dag og nótt af fjórum brezkum herskipum auk birgðaskipa, en samtals hafa um 250 togarar og 37 herskip komið þar við sögu. Af öllum togarahópnum hafa þó aðeins 4—5% stundað veiðar hér reglulega allt árið, hinir eftir aðstæðum, þar af yfir helmingur farið hingað aðeins 1—2 veiðiferðir. Svæðin þrjú, sem þessar ólöglegu veiðar hafa verið stundaðar á," heldur Pétur Sigurðsson forstjóri landhelgisgæzlunnar áfram, „eru yfirleitt 90 sjómílur að lengd, eða um það bil 1/10 af landhelgislínunni, en flatarmál þeirra er þó ekki meira en 3½% af allri fiskveiðilandhelginni, eins og hún er nú."

Þetta sagði Pétur Sigurðsson forstjóri landhelgisgæzlunnar, þegar sjóhernaður Breta hér við land hafði staðið nákvæmlega eitt ár. Og hann hélt áfram: „Á þessum 13 brezku togurum, sem að meðaltali hafa verið hér að ólöglegum veiðum hvern dag, munu vera um það bil 250 manns, en samtals munu áhafnir herskipanna, sem gæta þeirra hverju sinni, vera um 1000 manns. Þó mun réttara að reikna með því, að til gæzlunnar þurfi a. m. k. helmingi fleiri herskip en hér eru hverju sinni. M. ö. o.: að undanförnu hafa 8—10 herskip með um 2000 manns séð um, að 13 brezkir togarar með 250 manns um borð geti óáreittir stundað ólöglegar veiðar hér við land. Fjárhagslega getur þessi útgerð því varla borgað sig. Hún hlýtur að hafa allt aðra og viðtækari meiningu eins og allar hersýningar."

Hér enda ég orðrétta tilvitnun í orð og lýsingu Péturs Sigurðssonar forstjóra landhelgisgæzlunnar á árangrinum, sem Bretar höfðu náð eftir eins árs sjóhernað við Ísland. En hvernig borgaði þá þessi hersýning Breta sig? Það var orðin viðurkennd staðreynd um allan síðaðan heim, að hún hefði mistekizt, orðið Bretum til skaða og skammar og gert þá hlægilega, væri auk þess stórhneykslí

innan Atlantshafsbandalagsins og því til skammar. Bretar höfðu ekki sent flota sinn gegn neinni af þeim 30 þjóðum, sem höfðu fært út landhelgi sína í 12 mílur eða meira, t. d. ekki kommúnistum í Kína, aðeins gegn smæstu þjóð heimsins, sem þetta hafði gert og af mestri nauðsyn, — þeirri einu þjóð, sem var og er í hernaðarbandalagi við Breta.

Hvað sagði hæstv. ráðh. Bjarni Benediktsson sjálfur um stöðu okkar í stríðinu um 12 mílurnar í sumar og í haust? Hann sagði orðrétt: „Landhelgismálið er leyst. 12 mílurnar er búið að vinna.“ En sjálfur hóf hann undanhaldið, þegar Bretar höfðu gefizt upp, með því að hann, hæstv. ráðherra, gerðist sá vinur og velgerðarmaður brezku veiðiþjófanna, sem höfðu samkvæmt opinberum skýrslum gert ítrekaðar tilraunir til að myrða íslenzka sjómenn, að gefa þeim upp allar sakir, alls nær 300 manna.

Íslendingar hafa í meira en 13 ár staðið í baráttunni við aðrar þjóðir um stækkun á landhelgi Íslands. Í upphafi þeirrar baráttu gerðu þeir sér ljósar þessar staðreyndir:

1) Íslenzka þjóðin hefur tvöfaldazt að tölu á s. l. hálfri öld. Íbúatalan mun aftur tvöfaldast á næstu 30—40 árum. Íslendingar verða þá, ef sú fólksfjölgun, sem verið hefur undanfarinn áratug, heldur áfram, um 360 þúsundir manna.

2) Eins og nú er komið og verður fyrirsjáanlega um næstu áratugi, byggir þjóðin tilveru sína og sókn til menningar á nýtingu fiskimiðanna kringum Ísland. Fyrir 1940 öfluðu Íslendingar aðeins 30% af öllum þeim afla, sem veiddist á Íslandsmiðum. Fiskimiðin eru því stærstu auðlindir landsins. Þau eru á öllu landgrunninu, sem er skýrt afmarkað kringum landið. Það er vísindalega sannað, að þessi fiskimið eru í hættu vegna ofveiði fjölda erlendra þjóða. Ekkert getur tryggt afkomu komandi kynslóða á Íslandi nema það, að Íslendingar einir nýti fiskimiðin á landgrunninu öllu.

3) Voldugar þjóðir eins og Bandaríkin höfðu lýst því yfir strax eftir stríðslokin með einhliða ákvörðun, að allt landgrunnið við lönd þeirra væri þeirra eign, sem þeim bæri lögsaga yfir, þ. e. réttur til að setja lög og reglur í löndunum sjálfum. Fjöldi annarra þjóða, — þær eru nú komnar yfir 30, — lýsti fiskimiðin á landgrunni sínu frá 12 mílum og allt upp í 200 mílur sína eign og lögsögu yfir þeim. Allar þessar þjóðir gerðu þetta með einhliða ákvörðunum, þar sem þær töldu það innanríkismál sitt og fullkomlega löglegt að þjóðarétti, þar sem engin regla væri til í þjóðarétti, sem bannaði slíkt, þegar lífsnauðsyn þjóðar lægi við. Engin þessara þjóða hefur tekið í mál að semja um fiskveiðilandhelgi sína við aðrar þjóðir né heldur bera hana undir úrskurð alþjóðadómstólsins.

Íslendingar ákváðu þegar 1948 að fara þessa sömu leið einhliða ákvörðunar, lýsa lögsögu Alþingis yfir landgrunninu öllu með það mark fyrir augum, að Íslendingar einir nytji fiskimiðin á landgrunninu öllu. Við vissum, að leiðina að þessu marki yrði að fara í áföngum. Við vissum einnig, að við áttum sterkust rök allra þjóða, sem stefndu að sama marki.

Þessi leið einhliða ákvörðunar, sem allar þjóðir hafa farið, sem nokkuð hefur orðið ágengt, hefur í tveimur áföngum fært okkur þann árangur, að landhelgi okkar hefur nærri þrefaldazt á 8 árum. Þegar ákveðið var að fara þessa fullkomlega löglegu leið einhliða ákvörðunar, þá vissu allir, hvað hún þýddi: í fyrsta lagi, að ekki kæmi til mála að semja við neina þjóð um viðáttu landhelginnar, í öðru lagi, að ekki væri heldur hægt að bera ákvörðun hverju sinni undir þann alþjóðadómstól, sem allir vissu að hafði engar viðurkenndar reglur um viðáttu landhelgi til að dæma eftir, en verður að mestu að dæma eftir venjum.

Á undanförnum hálfum öðrum áratug hafa tugir þjóða verið að koma á venju um fiskveiðilandhelgi og að hún yrði minnst 12 mílur með viðurkenndum forgangsrétti til fiskveiða á landgrunninu öllu, en hafa allar forðazt að leggja slíkt mál fyrir alþjóðadóm. Þetta hefur verið stefna allra ríkisstj. hér á Íslandi frá 1948, þangað til núv. ríkisstj. sneri við og hóf undanhaldið. Það ætti ekki að þurfa að sanna þetta með tilvitnunum í orð þeirra manna, sem hér hafa farið með völd.

Hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, sagði eftirfarandi í orðsendingu til Breta 15. maí 1952: „Ólafur Thors lagði áherzlu á það, að íslenzka ríkisstj. áliti, að hinar fyrirhuguðu ráðstafanir væru í samræmi við alþjóðalög og ekki væri hægt með millirikjasamningi að afsala réttinum til að taka einhliða ákvarðanir um mestu velferðarmál þjóðarinnar.“

Hinn 13. júlí í sumar lýsti hæstv. utanrrh. því yfir á fundi utanrmn., að afstaða núv. ríkisstj. hefði verið sú sama og fyrri ríkisstj., að hafna tilmælum um samningaviðræður, þar eð ekkert væri við Breta að semja um viðáttu fiskveiðilögsögu við Ísland.

Um hugsanlegt málskot til alþjóðadómstólsins *sagði hæstv. forsrh., Ólafur Thors,* í Morgunblaðinu 9. júní 1953: „Hvers vegna skyldu Íslendingar líka vera að leita uppi einhverja þá aðila, Haagdómstólinn eða aðra, sem kynnu að einhverju leyti að vefengja gerðir Íslendinga? Ég þvertók þá fyrir að verða við þeirri ósk. Ég benti á, að samkvæmt Haagdómnum væri það einhliða réttur strandríkis að ákveða sjálft og eitt fiskveiðilandhelgi sína.“

Og aðalráðunautur flestra ríkisstj. í landhelgismálinu, Hans G. Andersen ambassador, lýsti stefnu Íslands og því, hversu útilokað væri að ætla gerðardómi, — og gildir þá vitanlega sama um alþjóðadómstól, — að úrskurða landhelgi nokkurrar þjóðar, ef ekki væru fyrir hendi ákveðnar reglur til að byggja úrskurðinn á. Hann sagði orðrétt í ræðu á Genfarráðstefnunni 1958:

„Af hálfu Íslands er, eins og áður segir, haldið fram, að hvert ríki eigi sjálft að ákveða sín fiskveiðitakmörk með hliðsjón af öllum aðstæðum hverju sinni. Þeirri mótbáru er venjulega hreyft, að slík regla mundi auðveldlega leiða til misnotkunar, þannig að mjög miklar kröfur yrðu gerðar, jafnvel þar sem engin þörf væri fyrir hendi. Hefur og stundum verið gerð tillaga um, að einhvers konar gerðardómur skyldi hafa úrskurðarvald. Ýmsar tillögur af þessu tagi náðu ekki fram að ganga á fundum þjóðréttarnefndarinnar sjálfrar, enda mundi það vissulega verða erfiðleikum bundið og jafnvel útilokað að fela slíkri stofnun þetta hlutverk, ef ekki væru fyrir hendi ákveðnar reglur, sem byggja bæri úrskurðinn á.“

Að lokum sagði þessi talsmaður íslenzku ríkisstj., að það, sem Ísland hefði gert, væri hið eina rétta, nefnilega að áskilja sjálfu sér, áskilja íslenzkri ríkisstj. nauðsynlega lögsögu yfir fiskveiðunum innan endimarka landgrunnsins og banna útlendingum fiskveiðar á því svæði, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að sjá þörfum Íslendinga borgið á forgangsgrundvelli.

Þetta hefur verið stefna allra ríkisstj. á Íslandi, eins og ég áðan sagði, síðan 1948. En nú koma talsmenn hæstv. ríkisstj. og snúa alveg við blaðinu. Ríkisstj., sem hefur hér aðeins örnauman meiri hluta, hefur nú samið við höfuðóvininn, ríki, sem við höfum kært fyrir hernaðarárás, brot á stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins, og ákvörðunarrétti um íslenzka landhelgi, lögsögunni yfir landgrunninu, er afsalað um aldur og ævi úr höndum Íslendinga í hendur alþjóðadómstólsins. Samtímis er hafinn hér hinn hræsnisfyllsti áróður, sem heyrzt hefur í þessu landi, um það, að við eigum einskis annars úrkosta, ef við viljum ekki heita ofbeldisþjóð, sem vilji ekki hlíta lögum og rétti, en að semja við Breta og leggja þetta stærsta lífshagsmunamál okkar undir úrskurð alþjóðadómstólsins.

Ég hef ekki í annan tíma orðið meira forviða en þegar ég heyrði hæstv. fjmrh. segja í útvarpsumræðunum um þetta mál:

„Nú ætla ég, að það sé nokkuð sammála álit ábyrgra manna í lýðræðislöndum, að réttarríki geti ekki skorazt undan því að bera ágreining við annað ríki undir alþjóðadómstólinn, ef það vill njóta trausts og virðingar meðal þjóðanna.“

Þetta sagði hæstv. fjmrh. Skyldi hæstv. fjmrh. telja Bandaríkin meðal síðaðra þjóða? Skyldi hann telja það réttarríki? Hæstv. menntmrh. hafði sams konar ummæli hér, en ég fyrirgef honum af öllu hjarta, því að ég veit, að hann er ekki nema berstripaður fáfræðingur í öllum þessum málum. En skyldi hæstv. fjmrh., fyrrverandi prófessor í þjóðarétti við Háskóla Íslands, telja Bretland til réttarríkja? Veit hann, hvað þessi aðalstórveldi meðal lýðræðisríkjanna, sem kalla sig forusturíki frjálsra þjóða, — veit hann, í hve mörgum tugum tilfella þau hafa neitað að leggja mál sín undir alþjóðadómstólinn í Haag? Skyldi hann telja, hæstv. fjmrh., t. d. Indland til réttarríkja og lýðræðisríkja? Það er ekki ár síðan Indland gaf nýja yfirlýsingu um það til Sameinuðu þjóðanna og alþjóðadómstólsins, að það neyddist til þess að undanskilja undan þeim málum, sem það hafði áður skuldbundið sig til að leggja undir lögsögu alþjóðadómstólsins, öll þau mál, sem Indland teldi sig hafa lögsögu yfir sjálft. Þetta var gert að dæmi Bandaríkjanna og Bretlands. Bandaríkin gerðu þegar í upphafi þann fyrirvara um alþjóðadómstólinn, að þau samþykktu ekki að leggja neitt mál fyrir hann, sem þau teldu Bandaríkin eiga lögsögu um sjálf, og þau mætu það sjálf. Skyldi hæstv. fjmrh. telja Ástralíu, eitt af samveldislöndum Bretaveldis, til réttar- og lýðræðisríkja? Ástralía lagði nýlega fram til alþjóðadómstólsins nýja fyrirvara og undanþágur um málaflokka, sem hún vildi ekki láta heyra undir lögsögu alþjóðadómstólsins. Það voru fjölmargir málaflokkar, en einn af þeim var sérstaklega eftirtektarverður. Ástralía sagði: Við munum aldrei leggja lögsögu okkar yfir landgrunninu við Ástralíu undir lögsögu alþjóðadómstólsins.

Hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, hefur í síðustu ræðum sínum um þetta mál á Alþingi hafið þann söng, að alþjóðadómstóllinn sé sjálfsögð stofnun fyrir okkur Íslendinga til að eiga undir lífshagsmuni þessarar þjóðar. Hann hefur lýst alþjóðadómstólnum svo, að hann sé skapandi í þjóðarétti, skapandi afl í þjóðarétti, og nefndi þar sem dæmi mál Breta gegn Norðmönnum, sem var dæmt 1951 í dómstólnum. Hæstv. dómsmrh. hefur málsskjölin í þessu máli undir höndum, ég veit það. En hann veit líka hitt, að almennir hlustendur í þessu landi hafa ekki þau málsskjöl undir höndum. Hann veit það, að málsskjölin sýna það svart á hvítu, að bæði málflutningsmenn Norðmanna og dómurinn sjálfur sló því algerlega föstu, að það væri ekkert nýtt réttarlega né að þjóðarétti, sem Norðmenn hefðu gert. Það, sem væri nýtt, væri aðeins vaxandi ágengni og frekja brezkra togara. Línurnar, sem voru dregnar fyrir flóa og firði í Noregi, 30 mílna langar, árið 1881, 70 árum áður, voru auðvitað staðfestar. Dómstóllinn sjálfur sagði í dómsniðurstöðunni, að reglugerð frá 1812, norsk, 140 ára gömul, tæki af tvímæli um það og fjölmörg önnur gögn, að grunnlínurnar fyrir flóa og firði í Noregi hefðu verið í gildi um langan aldur, án þess að önnur ríki hefðu mótmælt. Það hafði engin ný réttarsköpun farið fram hjá alþjóðadómstólnum, og þetta veit hæstv. dómsmrh. vel. En hann skákar í því skjóli, að þm. og hlustendur almennt hafi ekki málsskjölin til þess að gæta í og ganga úr skugga um hið sanna í þessu máli.

Ég get ekki farið út í einstök atriði þessa samnings. En eitt atriði verð ég að minnast á, þ. e. hvað gerist, ef að því kemur, að Íslendingar vildu færa út fiskveiðilandhelgi sína frekar en orðið er, en Bretar neituðu því og skytu málinu til alþjóðadómstólsins. Hvað gerist á meðan? Allir vita, að málsmeðferð hjá alþjóðadómstólnum tekur alltaf langan tíma. Hún hefur tekið í sumum tilfellum upp í 5 ár. Hvað gerist á meðan? Elga Íslendingar að bíða með þessa útfærslu, eða fá þeir að koma henni á, þangað til dómurinn fellur?

Fyrir þessu er fordæmi, sögulegt fordæmi, í sögu alþjóðadómstólsins. Árið 1951 urðu stórátök milli ríkisstj. í Persíu og stórs olíufélags þar, sem Bretastjórn á meiri hluta í. Bretar vísuðu málinu til alþjóðadómstólsins og gerðu kröfu um það samstundis, að dómurinn úrskurðaði samkv. heimild í samþykktum hans að skylda Persíustjórn til þess að fresta og hætta við allar aðgerðir gegn olíufélaginu. Og dómurinn lét ekki standa á sér. Hann varð við þessari kröfu Breta og skyldaði Persastjórn til þess að láta niður falla allar aðgerðir gegn olíufélaginu, meðan dómurinn sæti. Hann skipaði meira að segja, dómstóllinn, sérstaka eftirlitsmenn til þess að sjá um það, að fyrirskipun dómsins yrði hlýtt. Síðan sat dómurinn í heilt ár og hugleiddi málið. Þegar liðið var rúmlega ár, frá því að öllum aðgerðum Persastjórnar gegn olíufélaginu hafði verið frestað samkvæmt bráðabirgðaúrskurði dómsins, kvað dómurinn upp úrskurð sinn. Og hvernig var hann? Hann kvað upp þann úrskurð, að hann væri ekki bær til þess að dæma

um málið efnislega, og því var vísað frá. Það var Bretum nóg.

Ég veit, að öllum er það ljóst, að nú er þessi alþjóðadómstóll tekinn við lögsögu yfir landgrunninu við Ísland í stað Alþingis. En ég er ekki viss um, að öllum sé það vel ljóst í þessu landi, hvaða stofnun þessi alþjóðadómstóll er. Er hann sambærilegur við okkar eigin hæstarétt? Er hann sambærilegur við æðstu rétti menningarríkja? Nei, hann er það ekki á nokkurn hátt. Hann er það ekki að skipan sinni, því að hann er kosinn pólitiskri kosningu. Dómarar hans, 15 að tölu, eru kosnir *pólitiskri kosningu innan Sameinuðu þjóðanna, innan* öryggisráðsins og allsherjarþingsins, þar sem valdaklíka vestrænna stórvelda ræður öllu, og eru engar líkur til þess, að það breytist, enda ber skipun dómsins í dag þessu fullkomið vitni. Af 15 dómurum í dómnum eru 9 frá ríkisstjórnum, sem hafa verið okkur Íslendingum andstæðastar, *fjandsamlegastar í okkar landhelgismálum. Hæstv.* ráðh., Bjarni Benediktsson, sagði hér nýlega í ræðu: Nú er að verða á þessu breyting. Smáþjóðunum og meðalstóru þjóðunum er að vaxa fiskur um hrygg innan Sameinuðu þjóðanna.

Til er gott dæmi um það frá því í nóvember í haust um kosningu til dómsins. Þá átti að ganga úr *dómnum Norðmaður, fulltrúi smáríkis, sem hef*ur setið í honum frá upphafi, valinkunnur, þaulreyndur dómari. Hvað gerðu réttar- og lýðræðisríkin? Þau spörkuðu honum. Þau sáu um, að hann fékk ekki nema rúmlega 20 atkv., þó að Norðurlöndin öll og mörg smáríki með þeim beittu sér af alefli fyrir kosningu hans. Stórveldunum, *Bretum og Bandaríkjamönnum, lá á að fá Ítala* með sér í dóminn.

En skipan dómsins er jafnvel ekki það versta við hann. Mér dettur ekki í hug að bera brigður á, að dómararnir sjálfir eru valinkunnir og hálærðir menn. En þeir líta á sig sjálfrátt og ósjálfrátt sem fulltrúa þeirra ríkisstjórna, sem hafa kosið þá, *og þetta er hægt að sanna.* Það var ekki fyrr en á sjöunda starfsári dómsins, að það kom fyrir í fyrsta skipti, að nokkur einasti dómari greiddi atkv. gegn málstað þeirrar ríkisstj., sem hafði kosið hann, og þetta þótti stórsögulegur viðburður í sögu dómsins og hefur ekki komið fyrir aftur í neinu máli, sem nokkru máli hefur skipt.

En það er annað, enn annað, sem gerir þennan æðsta rétt þjóðanna allt öðruvísi en hæstarétt. Allir verðum við að eiga undir hæstarétti mál okkar. En það er ekki svo með þjóðirnar. Það getur hver þjóð, sem vill, neitað því að leggja mál sitt undir alþjóðadómstólinn, og þær hafa gert það í svo stórum stíl, að á miðju árinu 1959 voru aðeins 14 þjóðir af 85 þjóðum, sem þá voru í Sameinuðu þjóðunum, sem höfðu skilorðslaust játað að leggja öll deilumál sín við önnur ríki undir lögsögu dómsins. Öll hin ríkin treystu sér ekki til þess að eiga öll sín mál, hver sem væru, öll sín stærstu hagsmunamál, undir lögsögu þessa dóms. Dómurinn hefur af þessum ástæðum fengið færri og færri mál til úrskurðar. Þegar hann hafði starfað í 13 ár, höfðu aðeins komið til hans 32 mál, sem hann flokkaði sjálfur sem deilumál milli ríkja. Og af þeim hafði hann vísað frá 3/5 hlutum, vegna þess að ríkin, sem aðild áttu að málunum, höfðu beðizt undan eða mótmælt lögsögu hans. Á 12. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna lýsti Dag Hammarskjöld framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna yfir stórum áhyggjum sínum á þessari þróun og sagði orðrétt:

„Ég get ekki látið hjá líða að láta í ljós áhyggjur mínar um, að svo kunni að fara, ef þessi þróun verður ekki stöðvuð hið fyrsta, að allt kerfið, sem stefndi að skuldbundinni lögsögu dómstólsins, verði dauður bókstafur.“

En þessi þróun hefur haldið áfram síðan. Færri og færri þjóðir vilja eiga jafnvel venjuleg deilumál undir þessum ágæta dómstóli. Nú eigum við samkv. ákvörðun hæstv. ríkisstj. að eiga framvegis og það um allan aldur okkar mesta lífshagsmunamál undir þessum dómstóli, sem nú er skipaður að fullkomnum meiri hluta fulltrúum þeirra ríkisstjórna, sem hafa verið okkur andstæðastar og fjandsamlegastar í landhelgismálum. Og eins og ég áður sagði, verður að hafa það hugfast, að dómararnir, þó að þeir séu mætir menn, þeir eru bundnir sínum ríkisstjórnum og auk þess við kenningar, sem þeir hafa haldið fram í þjóðarétti.

Ég hef ekki tíma til að rekja önnur mál, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur brotið af sér við íslenzka þjóð. En mér fyrir mitt leyti finnst það nóg, sem *hún hefur gert í landhelgismáli Íslendinga,* því að það er ekki aðeins afbrot gegn þeim, sem nú lifa og starfa í dag. Það er afbrot gegn komandi kynslóðum á Íslandi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Flokkar stjórnarandstöðunnar *hafa borið fram till. um vantraust á ríkisstjórnina.* Þessi útvarpsumr. er ríkisstj. kærkomið tilefni til þess að gera þjóðinni grein fyrir stefnu sinni og þeim árangri, sem ráðstafanir hennar hafa borið.

Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar óttast ekki opinberar umr. um þjóðmál. Við óttumst ekki dóm reynslunnar um gerðir okkar og enn síður stóryrði *andstæðinga okkar.* Við höfum bjargfasta sannfæringu um það, að við höfum verið að gera rétt, að við höfum verið að gera það, sem var nauðsynlegt og þjóðinni fyrir beztu. Á sínum tíma mun stefna ríkisstj. verða lögð undir dóm kjósenda. Þá mun þjóðin sjálf votta ríkisstj. traust eða vantraust. Ég hef þá trú á dómgreind Íslendinga, að engin ástæða sé til að kvíða þeim dómi.

Ég mun í þessari ræðu fjalla um efnahagsmál. Að einu leyti eru umr. um þau mál hér á Íslandi mjög frábrugðnar því, sem gerist í nágrannalöndum okkar. Hér er haldið á lofti opinberlega gerólíkum og algerlega ósamrýmanlegum staðhæfingum um staðreyndir í efnahagsmálum. Menn deila um, hvort sannleikurinn sé þessi eða hinn, og þegar greinir á um staðreyndirnar, þá er ekki við því að búast, að ályktanirnar verði hinar sömu. Almenningi er t. d. sagt alveg sitt hvað um jafnmikilvæga staðreynd og það, hvort greiðslujöfnuður þjóðarinnar gagnvart útlöndum sé að batna eða versna, hvort sparnaður sé nú hlutfallslega meiri en áður eða minni, hverja þýðingu vaxtahækkun hafi fyrir útveginn, svo að nokkuð sé nefnt.

Það ætti að mega teljast augljóst mál, að skoðun manna á því, hvort t. d. greiðslujöfnuður hafi batnað eða versnað, á ekki að þurfa að fara eftir

því, hvort menn eru stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar. Hér er um staðreynd að ræða, sem hægt er að fá óyggjandi vissu um, ef menn vilja og hafa til að bera þá þekkingu og þann skilning, sem nauðsynlegur er til sannrar vitneskju um þetta atriði eins og önnur.

En hvernig stendur á þessum sífelldu deilum hér um slík atriði sem þessi, samtímis því sem deilur um þessi *efni eru orðnar nær óþekktar í nágrannalöndunum*, t. d. á hinum Norðurlöndunum? Ég held, að ástæðan sé ekki sú, að Íslendingar, hvorki stjórnmálamenn né þjóðin yfirleitt, séu verr gefnir eða fáfróðari en grannþjóðir okkar né heldur hafi menn hér tilhneigingu til þess að vera óheiðarlegri í málflutningi en annars staðar. Ég held, að skýringin sé annars vegar sú, að töluskýrslur okkar um efnahagsmál hafa til skamms tíma verið mjög ófullkomnar og eru enn ekki orðnar eins ýtarlegar og æskilegt væri, og hins vegar, að menn hafa enn ekki áttað sig á því hér, þótt menn hafi gert það í öllum nágrannalöndunum, að efnahagsmál eru flókin vandamál, sem talsverða þekkingu þarf til að átta sig á, hvað þá tala um og skrifa.

Menn gera sér almennt grein fyrir því, að ekki er unnt að tala eða skrifa um læknisfræði eða eðlisfræði, málfræði eða lögfræði, nema menn hafi aflað sér sérstakrar þekkingar á því, sem um er að ræða. Hins vegar skortir enn skilning á því, að nákvæmlega hið sama á við um efnahagsmál. Blaðamenn telja það auðvitað ekki í sínum verkahring að skrifa t. d. um orsakir sjúkdóma, þar eð þeir vita, að til slíks þarf talsverða sérþekkingu í læknisfræði. En þegar þeir skrifa um greiðslujöfnuð, sparnað, verðbólgu, gengismál o. s. frv., virðist þeim ekki jafnljóst, að einnig hér er þörf sérþekkingar, bæði til þess að skilja sjálfur og geta *skýrt fyrir öðrum. Með þessu er ég* auðvitað engan veginn að segja, að engir eigi að skrifa eða tala um efnahagsmál aðrir en sérfræðingar. Hitt vildi ég sagt hafa, að nokkur þekking er í þessum efnum eins og öllum öðrum nauðsynleg, og hún þarf að vera meiri en menn virðast almennt hafa gert sér ljóst. Þetta er orðið viðurkennt í löndunum umhverfis okkur. Þess vegna hafa þau losnað við mestan hluta deilnanna um staðreyndirnar, sem enn setja leiðindasvip á opinberar þjóðmálaumræður hér á landi og rugla dómgreind almennings meira en flest annað.

Að vísu er ekki svo að skilja, að okkur hafi ekki undanfarna áratugi farið talsvert fram í þessum efnum, eins og reyndar flestum öðrum. Það eru ekki nema þrír áratugir, síðan aðaldeilur á vettvangi íslenzkra þjóðmála snerust um það, hverju ríkisskuldirnar næmu og hvernig afkoma ríkissjóðs væri í raun og veru. Þetta átti annars vegar rót sína að rekja til ófullkomins ríkisbókhalds og hins vegar til skilningsskorts á atriðum í opinberri reikningsfærslu, sem mönnum mundi nú finnast næsta ótrúlegur. En það er skoðun mín, að á mestan hluta þeirra deilna, sem nú eru háðar um það, hvort afkoma þjóðarbúsins sé að batna eða versna, hvort greiðslujöfnuðurinn sé að verða hagstæðari eða óhagstæðari, hvort sparnaðurinn sé að vaxa eða minnka, muni síðar meir verða litið eins og allir kunnugir líta nú á deilurnar um ríkisskuldirnar og afkomu ríkissjóðs á sínum tíma.

Íslendingar eiga nú orðið á að skipa álitlegum hópi sérfróðra manna um efnahagsmál, sem vinna störf á stjórnarskrifstofum, í bönkum og atvinnufyrirtækjum. Meðal þessara manna er ekki sá ágreiningur um staðreyndir, sem stjórnmáladeilurnar mótast svo mjög af. Íslendingar eru og aðilar að alþjóðlegum stofnunum, þar sem fjallað er um *efnahagsmál þeirra eins og annarra. Sérfræðingar* þeirra komast og alltaf að einni og sömu niðurstöðu, þegar um athuganir á slíkum staðreyndum er að ræða, og birta um þær skýrslur. En stjórnmálamenn og blaðamenn halda samt áfram að deila um þessar sömu staðreyndir og halda að almenningi ólíkum ályktunum út frá hinum ólíku staðhæfingum.

Mér hefur þótt rétt að benda á þessi atriði vegna þess, að þjóðinni er sagt tvennt gerólíkt um það, hvernig ástand íslenzks þjóðarbúskapar hafi verið, þegar ríkisstjórn Hermanns Jónassonar fór frá völdum. Stjórnarandstaðan hefur haldið því fram, að hér hafi í rauninni allt staðið í blóma og engin ástæða verið til þeirra róttæku ráðstafana, sem fyrsta stjórn Emils Jónssonar og síðan núv. ríkisstj. greip til. Stjórnarflokkarnir hafa hins vegar haldið því fram, að ástandið hafi á ýmsum sviðum verið orðið svo alvarlegt, að stefnubreyting hafi verið algerlega óhjákvæmileg. Við því er ekkert að segja, þótt menn greini á um, hvaða ráðstafanir séu líklegastar til þess að ráða bót á vanda, sem að steðjar. Það er eðlilegt. Grundvallarskoðanamunur í þjóðfélagsmálum getur valdið slíkum ágreiningi. En menn á alls ekki að þurfa að greina á um, hvort um einhvern eða engan vanda sé að ræða. Þetta hefur menn samt greint á um hér, og almenningi er sagt sitt hvað um þetta efni. Þetta á ekki aðeins að vera óþarfi, heldur er það íslenzku *stjórnmálalífi til lítils sóma.*

Ég skal nú fara nokkrum orðum um vandann, sem við var að etja í árslok 1958, og aðdraganda hans. Ég skal gæta þess að segja ekki annað og meira en allir sérfróðir menn, sem ég þekki til, innlendir og útlendir, hafa verið sammála um.

Allar götur síðan á stríðsárunum hafði verið verðbólga á Íslandi. Verðlag og kaupgjald hafði hækkað á víxl og verðgildi peninga minnkað. Þetta dró úr því, að menn vildu leggja sparifé sitt í banka eða kaupa fyrir það verðbréf, en ýtti mjög undir hvers konar fjárfestingu. Þjóðin notaði árlega meiri gjaldeyri til neyzlu og framkvæmda en hún aflaði sér. Fyrst eftir stríðið notaði hún gjaldeyriseignir þær, sem henni áskotnuðust á stríðsárunum, síðan kom Marshallaðstoðin til skjalanna, og eftir að henni lauk, hafði þjóðin um skeið óvenjulega miklar gjaldeyristekjur af framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli. Þegar þær minnkuðu á árunum 1955—58, var neyzlunni og framkvæmdunum enn haldið óbreyttum í aðalatriðum, en tekið að ganga á þá litlu gjaldeyrisvarasjóði, sem til voru, og afla erlends lánsfjár, bæði til langs og stutts tíma, til þess að koma í staðinn fyrir þann gjaldeyri, sem áður hafði verið til ráðstöfunar í eigin sjóði, frá Marshallstofnuninni eða vegna varnarliðsframkvæmda.

Í árslok 1958 var svo komið, að greiðslubyrðin af erlendum skuldum vegna skuldbindinga, sem bú-

ið var að samþykkja, var orðin hér þyngri en hæfilegt þykir og meiri en átti sér stað víðast hvar í heiminum. Það skiptir ekki höfuðmáli í þessu sambandi, þótt á þessum árum hafi verið unnið í landinu að nytsömum framkvæmdum, sem ykju gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Það var líka unnið mikið að framkvæmdum, sem auka gjaldeyrisöflunina lítið eða ekkert. Aðalatriðið var, að þjóðin var búin að stofna til svo mikilla erlendra skuldbindinga, að greiðslubyrðin vegna þeirra var orðin meiri en samrýmist heilbrigðum búskaparháttum og öryggi í viðskiptum og að gjaldeyrisvarasjóðurinn var þrotinn. Þess vegna var nauðsynlegt að gera sem fyrst ráðstafanir til þess að draga stórlega úr notkun erlends gjaldeyris, þar eð ógerningur væri að auka gjaldeyristekjurnar með aukningu þjóðarframleiðslunnar skyndilega svo mikið, að unnt yrði með því móti að standa undir hinni vaxandi greiðslubyrði.

Ég endurtek, að ég þekki engan sérfróðan mann, hvorki innlendan né útlendan, sem er ekki í einu og öllu sammála því, sem ég hef nú sagt um ástandið í efnahagsmálum okkar í árslok 1958 og aðdraganda þess. Engu að síður eru til stjórnmálamenn og blöð, sem endurtaka í sífellu, að ástand þjóðarbúskaparins hafi verið ágætt í árslok 1958 og engin ástæða hafi verði til neinna sérstakra ráðstafana. Því til sönnunar er t. d. bent á, að gjaldeyrisstaða bankanna hafi batnað á árinu 1958. Það er rétt. Skýringin á því er sú, að árið 1958 er eitt hið gjöfulasta til sjós og lands, sem á þessu landi hefur komið. Á fyrri hluta þess árs voru og gerðar víðtækar ráðstafanir til þess að draga úr jafnvægisleysinu innanlands og færa innlent verðlag til samræmis við erlent með stórhækkuðu yfirfærslugjaldi eða óbeinni gengisbreytingu. En síðast á árinu raskaðist jafnvægið aftur vegna mikilla kauphækkana, þótt þær næðu ekki að hafa veruleg áhrif á afkomu ársins. Hagstæð gjaldeyrisafkoma ársins 1958 er því engin sönnun þess, að reka hafi mátt á reiðanum áfram, heldur afleiðing óvenjulegs árferðis og skynsamlegra efnahagsráðstafana á fyrri hluta ársins. En árangur þeirra var einmitt eyðilagður undir lok þess, og hann var eyðilagður svo rækilega, að ríkisstj. sundraðist. Samt er því haldið fram, að vandinn hafi í raun og veru enginn verið. Í raun og veru mætti eins halda því fram, að stjórn Hermanns Jónassonar hafi alls ekki klofnað.

Ég vona, að þetta sé nægilegt til þess, að allir, sem á annað borð vilja vita hið sanna og rétta um þessi mál, geri sér þess grein, að við fráför ríkisstj. Hermanns Jónassonar var gífurlegur vandi á höndum í efnahagsmálum þjóðarinnar, og það, sem fyrst og fremst var nauðsynlegt, var að koma á auknu samræmi milli gjaldeyristekna og gjaldeyrisnotkunar þjóðarinnar. Jafnvægisleysið í þjóðarbúskapnum og greiðsluhallinn gagnvart útlöndum var orðinn svo langvinnur og svo mikill, að Ísland hafði ekki lengur eðlilegt lánstraust erlendis. Þegar að þessu hefur verið vikið í umr. hér á hinu háa Alþingi, hefur hvað eftir annað verið á móti þessu borið, og hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar ekki viljað við það kannast, að þetta sé rétt.

Ríkisstj. Hermanns Jónassonar tók nokkur stór lán erlendis, hið fyrsta þegar um fimm mánuðum eftir að hún tók við völdum, hjá Bandaríkjastjórn. Þá gerði hún og samning í apríl 1957 við Bandaríkjastjórn um mjög hagkvæm lán í sambandi við útflutning bandarískra landbúnaðarafurða, svonefnd PL-480 lán, sem Íslendingar hagnýta sér enn þá. En þegar enn var leitað eftir stórláni hjá Bandaríkjastjórn árið 1957, var því hins vegar synjað, fyrst og fremst með þeirri röksemd, að það væri ekki verjandi að lána Íslandi meira fé vegna hins alvarlega halla, sem væri á viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd. Það var sama, hvert ríkisstj. sneri sér. Hún fékk alls staðar sama svarið. Það var ekki hægt að lána Íslandi meira fé. Auknar lántökur leysa ekki þann vanda, sem við er að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar. Áframhaldandi lántökur, án þess að sá vandi sé leystur, stefna fjárhag landsins í voða.

Innan ríkisstj. gat ekki náðst samkomulag um þá stefnubreytingu, sem nauðsynleg hefði verið til þess að komast hjá nýjum erlendum lántökum. Það var ógerningur að auka gjaldeyristekjurnar skyndilega um jafngífurlegar fjárhæðir og nauðsynlegt hefði verið til þess að geta haldið áfram neyzlunni og fjárfestingunni óbreyttri án erlends lánsfjár. Ef komast átti hjá lántökunum, varð að gera annað tveggja eða helzt hvort tveggja: minnka neyzluna og draga úr fjárfestingunni. Alþfl. hefði verið reiðubúinn til slíkra ráðstafana. Alþb. vildi ekki sætta sig við nokkra minnkun neyzlunnar, en lýsti sig fylgjandi samdrætti fjárfestingar. Framsfl. vildi hins vegar ekki draga úr þeirri fjárfestingu, sem nauðsynlegt var að takmarka, en lýsti sig fylgjandi ráðstöfunum til að minnka neyzluna. Hið eina, sem samkomulag gat orðið um, var að reyna að halda bæði neyzlunni og framkvæmdunum áfram, en það var óframkvæmanlegt án þess að fá mikil erlend lán. En þar eð þau fengust ekki með eðlilegum hætti hjá þeim aðilum, sem fram að þessu höfðu lánað Íslendingum, urðu Framsfl. og Alþfl. sammála um að leita aðstoðar Atlantshafsbandalagsins til þess að afla hins erlenda láns.

Þetta var mjög óvenjuleg ráðstöfun. Það þarf engra skýringa við, að til hennar hefði ekki verið gripið, ef ríkisstj. hefði talið nokkurn minnsta möguleika á að fá lán lengur með venjulegum hætti. Atlantshafsbandalagið sendi hingað sérfræðinga í efnahagsmálum sumarið 1957 frá höfuðstöðvum sínum í París. Að lokinni athugun sinni á fjárhagsmálum þjóðarinnar sögðu þeir hið sama og allir innlendir og erlendir sérfræðingar í efnahagsmálum hafa sagt undanfarin ár, að greiðsluhallinn gagnvart útlöndum hafi verið óhæfilega mikill, gengisskráningin óraunhæf og jafnvægisleysi í fjárhagsmálunum innanlands. En þar eð þeir töldu sig verða vara við skilning á þessu hjá þeim valdamönnum, sem þeir ræddu við, og vilja til þess að breyta til, einkum þó ef þjóðinni yrði forðað frá þeim erfiðleikum, sem skyndileg minnkun erlends lánsfjár hefði í för með sér, þá mæltu þeir með því, að Atlantshafsbandalagið greiddi fyrir því, að Íslendingar gætu fengið lán hjá einhverju bandalagsríkjanna. Niðurstaðan varð sú, svo sem kunnugt er, að ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Vestur-Þýzkalands veittu sitt hvort lánið fyrir tilmæli Atlantshafsbandalagsins.

Ráð var fyrir því gert, bæði af hálfu lánveitenda og ráðherra þeirra tveggja flokka ríkisstj., sem að öflun lánanna höfðu unnið, að þessi nýju lán gætu veitt svigrúm til þess að framkvæma þær ráðstafanir í efnahagsmálum, sem óhjákvæmilegar voru. Reyndin varð hins vegar sú, að enn skorti samkomulag í ríkisstj. um nægilega víðtækar ráðstafanir, sem gætu gert þjóðarbúið óháð því að þarfnast æ meiri erlendra lána.

Á það reyndi ekki, hvernig farið hefði í þessum efnum, ef stjórninni hefði enzt líf einu ári lengur. Alþfl. hefði ekki tekið þátt í því að leita öðru sinni til Atlantshafsbandalagsins. Hann hefði heldur aldrei samþykkt að leita fyrir sér um stóra lántöku í Sovétríkjunum, eins og stungið var upp á af hálfu Alþb. Til átaka um þessi efni í ríkisstj. kom þó ekki, því að hún sundraðist um haustið, þegar ný verðbólgualda skall yfir og engin samstaða var til innan ríkisstj. um úrræði. Það féll í hlut ríkisstj. Emils Jónssonar að bægja frá bráðasta voðanum og stöðva verðbólguhjólið og síðan þessarar ríkisstj. að leggja nýjan grundvöll að traustu efnahagskerfi, er í kjölfar fórna og átaka tryggir framfarir og vaxandi velmegun.

Með því, sem ég hef nú sagt, hef ég viljað leggja áherzlu á og undirstrika, að þessi ríkisstj. tók við gífurlegum vanda í efnahagsmálum þjóðarinnar, — vanda, sem ríkisstj. Hermanns Jónassonar hafði glímt við og því miður ekki tekizt að leysa, fyrst og fremst vegna djúptæks ágreinings milli Alþb. og Framsfl. En nú láta þessir flokkar ekki aðeins eins og þessi ágreiningur hafi aldrei verið til, heldur virðast þeir einnig vera sammála um, að vandinn hafi heldur aldrei verið til. Þeir virðast alveg vera búnir að gleyma vandamálunum, sem þá greindi svo alvarlega á um, hvernig bregðast ætti við, að ríkisstj., sem þeir áttu aðild að, sundraðist.

Þegar því er haldið fram, að ástand íslenzkra efnahagsmála hafi um áramótin 1958—59 verið þannig, að engin ástæða hafi verið til gagngerðra ráðstafana og stefnubreytingar, er beinlínis verið að fara rangt með staðreyndir. Á því getur enginn flokkur og enginn stjórnmálamaður hagnazt til frambúðar. Hitt er hins vegar ekki óeðlilegt, að mönnum sýnist nokkuð sitt hvað um jafnvíðtækar ráðstafanir og hér var orðið nauðsynlegt að gera, ekki hvað sízt þegar þær snerta bókstaflega hvern einasta mann í landinu. Í ríkisstj. Hermanns Jónassonar vildi Alþb. leysa vandann með minnkaðri fjárfestingu, að svo miklu leyti sem ekki væri hægt að halda öllu óbreyttu með áframhaldandi lántökum erlendis. Ég er að vísu þeirrar skoðunar, að slíkar ráðstafanir einar hefðu aldrei nægt, auk þess sem lántökustefnan var bæði varhugaverð og raunar óframkvæmanleg áfram. En tillögur Alþb. í þeirri ríkisstj. báru þó vott um, að því var þá ljóst, að um vanda var að ræða, þótt það virðist nú gleymt. Í þeirri ríkisstj. vildi Framsfl. hins vegar leysa vandann með minnkaðri neyzlu, að svo miklu leyti sem samdráttur yrði á erlendum lántökum. Í því að jafna hallann eingöngu með neyzluminnkun hefði að vísu verið lítil sanngirni, einkum í garð launþega.

Það, sem núv. ríkisstj. hefur gert, er að mæta vandanum með því að gera hvort tveggja: draga úr neyzlu og fjárfestingu samhliða ráðstöfunum til þess að búa þannig að atvinnuvegunum, að framleiðsluaukning verði sem mest, svo að bæði neyzla og fjárfesting geti aftur aukizt sem fyrst og lífskjör batnað sem mest. Ég skal ekki ræða það, í hverju ráðstafanir ríkisstj. voru fólgnar. Það hefur verið gert oft og rækilega. En mig langar til þess að fara um það nokkrum orðum, hvort þær hafi borið góðan eða vondan árangur. Ég ætla að nefna nokkur atriði, sem ég tel taka af öll tvímæli um það, að ástand efnahagsmálanna var á s. l. ári heilbrigðara en verið hefur áður um langt skeið:

1) Allir hafa haft verk að vinna og öll framleiðslutæki hafa verið hagnýtt, án þess að atvinnurekstrinn hafi notið bóta eða styrkja af almannafé, af því að gengisskráningin hefur verið rétt, og framleiðslan hefur getað beinzt inn á hagkvæmari brautir en átti sér stað, meðan bóta- og styrkjakerfið var við lýði.

2) Gjaldeyrisstaða bankanna hefur farið batnandi, bæði í frjálsum gjaldeyri og vöruskiptagjaldeyri, og er batinn meiri en svarar minnkun birgða af útflutningsvörum. Þegar ég tala um gjaldeyrisstöðu bankanna, á ég við muninn á allri gjaldeyriseign þeirra og öllum skuldbindingum þeirra, að meðtöldum yfirdráttarskuldunum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington og Evrópusjóðnum í Paris. Auk bankanna skulda innflytjendur eitthvað í sambandi við gjaldfrest á vörukaupum, og hafa slíkar skuldir eflaust vaxið eitthvað, þar eð þær eru nú leyfðar, en voru það ekki áður. En slíkar skuldir eru áreiðanlega ekki orðnar hærri en þær mega vera og geta verið áfram. Af föstum erlendum lánum var tekið lítið á síðasta ári og miklu minna en nokkurn tíma áður um langt skeið. Afborganir fastra lána námu miklu hærri upphæð en ný föst lán.

3) Miklu meira frjálsræði var á innflutnings- og gjaldeyrisverzluninni en áður hefur átt sér stað um áratuga skeið, og hefur það bæði haft í för með sér aukið vöruval og minnkaða skriffinnsku og þar með þjóðhagslegan sparnað. Viðskipti með gjaldeyri á svörtum markaði eru að mestu leyti úr sögunni.

4) Sparnaður þjóðarinnar hefur vaxið, þar eð þjóðin hefur fengið aukna trú á verðgildi gjaldeyrisins. Útlánaaukning bankanna hefur haldizt í samræmi við aukningu sparifjárins, þannig að ekki hefur verið um verðbólgu að ræða, eins og átt hefur sér stað áður.

5) Ríkisbúskapurinn hefur verið hallalaus.

6) Verðlag hefur að vísu farið hækkandi vegna gengisbreytingarinnar, en hækkunin hefur orðið svo að segja alveg jafnmikil og gert var ráð fyrir. Með víðtækum ráðstöfunum í tryggingamálum og skattamálum hefur hins vegar verið leitazt við að dreifa byrðum óhjákvæmilegra verðhækkana sem réttlátast á borgarana. Verðhækkanatímabilinu er nú lokið, og á þessu ári á engin frekari kjaraskerðing vegna gengisbreytingarinnar að vera nauðsynleg. Hins vegar eru kjarabætur enn torveldar vegna hinnar þungu greiðslubyrði, sem þjóðin verður enn á þessu ári að standa undir, og sömuleiðis vegna þeirrar brýnu nauðsynjar, sem á því er, að þjóðin eignist gildan gjaldeyrisvarasjóð, eins og allar viðskiptaþjóðir okkar eiga.

Þótt allt þetta séu dæmi um jákvæðan árangur af ráðstöfunum ríkisstj., gerðist á s. l. ári ýmislegt annað, sem valdið hefur erfiðleikum, og á ég þar fyrst og fremst við hið gífurlega verðfall á mjöli og lýsi sem og lélega síldarvertíð og aflabrest togaranna í kjölfar mikils tilkostnaðar, en hvort tveggja þetta rýrði þjóðartekjurnar mjög frá því, sem ella hefði orðið. Þótt verðlag fari nú aftur hækkandi, vantar enn mikið á, að hið fyrra tjón hafi jafnazt. Með sérstakri hliðsjón af þessu, eru þær miklu kauphækkunarkröfur, sem nú eru hafðar uppi, mjög alvarlegar. Eins og málum er nú háttað í íslenzkum kaupgjaldsmálum, yrði ógerningur, enda ekki réttmætt, að einskorða kauphækkun við neinn ákveðinn hóp launþega. Kauphækkunin yrði almenn fyrr en varir, en almenna kauphækkun þolir útflutningsframleiðslan ekki. Hún yrði þá rekin með halla og hlyti smám saman að stöðvast og valda atvinnuleysi, sem ekki yrði bætt úr nema með nýrri gengisbreytingu. Hver er þá bættari með kauphækkun?

Mér virðist því hiklaust, að halda eigi áfram á þeirri braut, sem farin hefur verið. Við erum komnir yfir erfiðasta hjallann. Það væri mikill ábyrgðarhluti að steypa því nú í rúst, sem búið er að byggja upp, einmitt þegar tími hins jákvæða árangurs er að koma. Hallarekstur, atvinnuleysi, uppbætur og gengislækkun á nú allt saman að vera að baki, og ekki á að þurfa að koma til neins slíks framar, ef við kunnum fótum okkar forráð, sýnum gætni og ábyrgðartilfinningu. Það er stefna ríkisstj. að forða þjóðinni frá þeim voða, sem í slíku felst.

Þessi stefna ríkisstj. er skýr og ljós. Það er hins vegar mjög óskýrt og óljóst, hver stefna stjórnarandstöðuflokkanna raunverulega er. Þeir gagnrýna, þeir fjölyrða um, hvað fari aflaga, hvað ekki hafi átt að gera, hvað beri að forðast, en þeir segja sáralítið um, hvað hefði átt að gera eða hvað eigi að gera. Öll stjórnmálastarfsemi þeirra grundvallast á neikvæðri gagnrýni, og gagnrýnin er svo lík hjá andstöðuflokkunum, að undrum sætir. Mönnum þarf ekki að koma þetta á óvart að því er kommúnista snertir. En afstaða Framsfl. í stjórnarandstöðu hefur hins vegar komið mönnum á óvart og valdið miklum vonbrigðum, þegar haft er í huga, að hann hefur verið í stjórn nær óslitið í þrjá áratugi undanfarið. Menn áttu sannarlega von á öðru en því, að í nær engu mætti greina málflutning og afstöðu flokks íslenzkra samvinnumanna frá málflutningi og afstöðu flokks íslenzkra kommúnista. Í landhelgismálinu, sem nú er mönnum í fersku minni, gekk ekki hnífurinn á milli framsóknarmanna og kommúnista. Í kaupgjaldsmálunum virðist afstaða þeirra hin sama. Þjóðviljinn gerir varla svo ábyrgðarlausa kröfu, að Tíminn taki ekki undir hana. Framsfl. gagnrýnir af engu minni hörku en Alþb. ráðstafanir, sem hann hefur sjálfur haft forgöngu um oftar en einu sinni og gert tillögur um í önnur skipti, svo sem gengisbreytinguna. Hann hefur jafnvel gengið enn lengra en Alþb. í ábyrgðarlausri tillögugerð við afgreiðslu fjárlaga, þótt hann hafi farið lengur með fjármál ríkisins en nokkur annar flokkur. Í afstöðu sinni til ýmissa stórmála, svo sem endurskoðunar seðlabankalöggjafarinnar, hefur hann verið enn neikvæðari en Alþb. Það má furðulegt teljast, ef Framsfl. hefur ekki öðlazt meiri þroska en svo við að vera í 30 ár í ríkisstj., að hann skuli ekki í einu einasta smáatriði geta verið sammála ríkisstj., sem hann á ekki sjálfur fulltrúa í.

Ég þykist vita, að það muni vera alveg tilgangslaust að beina um það fsp. til Framsfl. eða Alþb., hvað þeir hefðu viljað láta gera í fyrra eða hvað þeir vildu nú láta gera í efnahagsmálunum. En fjórum einföldum spurningum langar mig til að beina til þeirra og fara mjög eindregið fram á það við málsvara þeirra, að þeir svari þeim annað kvöld.

Hin fyrsta er þessi: Ef Framsfl. og Alþb. fengju meiri hluta í næstu kosningum, mundu þeir þá gera tilraun til stjórnarmyndunar einir?

Hin önnur er þessi: Ef þeir mynduðu ríkisstj., mundu þeir keppa að því að halda einu og sama gengi fyrir alla útflutningsframleiðsluna, eða mundu þeir taka aftur upp bótakerfi?

Hin þriðja er: Ef þeir mynduðu ríkisstj., mundu þeir þá keppa að því að viðhalda því viðskiptafrelsi, sem nú hefur verið komið á, eða mundu þeir taka upp aftur þau viðtæku innflutningshöft, sem áður höfðu verið við lýði í nærfellt 30 ár?

Hin fjórða er þessi: Ef þeir mynduðu ríkisstj., mundu þeir segja tafarlaust upp varnarsamningnum við Bandaríkin?

Þetta eru einfaldar spurningar, sem vandalaust er að muna. Flokkar, sem borið hafa fram saman vantraust á ríkisstj., ættu ekki að vera í vandræðum með að svara þessum spurningum. Þeir ættu að vera fegnir því að fá tækifæri til að skýra afstöðu sína.

Ég endurtek, að ég legg mikla áherzlu á að fá ljós og skýr svör við þessum spurningum. Þjóðin á heimtingu á að fá að vita, hvort flokkarnir, sem gátu ekki unnið saman í stjórn Hermanns Jónassonar, eru nú orðnir reiðubúnir til þess að gera aðra tilraun. Hitt er svo annað mál, hvort þjóðin óskar þess, að slík tilraun sé gerð, og vill veita þeim umboð til þess. Þjóðin á líka heimtingu á að fá að vita, hvort þessir flokkar mundu taka aftur upp bóta- og haftakerfi, og ekki sízt á hún kröfu á vitneskju um, hvort þeir ætla að segja upp varnarsamningnum eða ekki. Þjóðin vill áreiðanlega fá skýrar og ótvíræðar upplýsingar um þessi einföldu meginatriði.

Framsfl. var Alþfl. sammála um það í árslok 1958, að reynslan hefði sýnt, að ekki væri unnt að stjórna landinu með kommúnistum. Er flokkurinn nú, tveim árum síðar, reiðubúinn til þess að taka höndum saman við kommúnista á ný og meira að segja þá eina? Alþb. taldi sig í stjórn Hermanns Jónassonar hafa komizt að raun um, að reykvískir launþegar gætu aldrei unað stefnu þeirrar ríkisstj., sem Framsfl. mótaði að verulegu leyti, vegna einstrengingslegrar hagsmunastreitu hans og óbilgirni í samningum. Er Alþb. nú, tveim árum síðar, reiðubúið til þess að reyna að stjórna landinu með Framsfl. einum? Þetta þarf íslenzka þjóðin að fá að vita, og svarið verður að vera hreint og beint, án útúrsnúninga eða hálfyrða. Þessi spil á að vera hægt að leggja á borðið. Ef flutningur þessarar vantrauststillögu yrði til þess, að gleggri vitneskja en áður fengist um raunverulega stefnu

og fyrirætlanir stjórnarandstöðunnar, hefur flutningur hennar sannarlega ekki orðið til einskis. — Góða nótt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Öldum saman varð íslenzka þjóðin að heyja harða baráttu fyrir frelsi sínu og sjálfstæði. Þeirra manna, sem bezt stóðu vörð um málstað Íslands, er jafnan minnzt með aðdáun og virðingu. Það var mikið fagnaðarefni, þegar náð var lokamarki í þeirri baráttu með stofnun lýðveldis. Lýðræðisskipulagið grundvallast á almennum kosningarrétti og að kjósendurnir velji fulltrúa til að fara með löggjafarvaldið. Það er grundvallaratriði, að kjósendurnir geti treyst orðum og yfirlýsingum þeirra fulltrúa, sem kjörnir eru, og að verk stjórnmálaflokkanna séu í samræmi við stefnuyfirlýsingar þeirra. Bregðist þetta, bilar grundvöllur þingræðisins.

Nú eru liðnir 16 mánuðir, síðan kosningar til Alþingis fóru fram. Reynslan af stjórnarathöfnum á þeim skamma tíma hefur leitt í ljós, að fullkomið ósamræmi er milli orða og gerða núv. stjórnarflokka. Yfirlýsingar annars vegar og verk hæstv. ríkisstj. hins vegar bera þessu vitni. Hér gefst ekki tími til að benda á þau fjölmörgu sönnunargögn, sem fyrir hendi eru um þetta, en fáein sýnishorn skulu þó tekin.

Fyrir kosningar lofuðu stjórnmálaflokkarnir almenningi batnandi lífskjörum. Sjálfstæðismenn sögðu: „Leiðin til bættra lífskjara er að kjósa Sjálfstæðisflokkinn.“ „Leggja þarf inn á nýja braut, sem sneiðir hjá verðbólgu og samdrætti.“ Alþýðuflokksmenn sögðust heimta óbreytt ástand í verðlagsmálum frá því, sem var fyrir kosningar. Þeir sögðust vilja halda atvinnuvegunum gangandi og afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án nýrra byrða á almenning, en leysa vandamál atvinnuveganna með sama hugarfari og á sama hátt og gert hafði verið á árinu 1959. Sá, sem kysi Alþfl., væri að kjósa vinnufrið í landi, afkomuöryggi allra, jafnvægi í sveit og við sjó.

Hvernig er reynslan af verkum ríkisstj.? Í stað þeirrar framfarastefnu, sem sett hefur svip á þjóðlífið um langt skeið vegna forustu Framsfl., hefur verið tekin upp harkaleg samdráttarstefna, þungar fjárhagsbyrðar lagðar á almenning með stórkostlegum verðhækkunum, sem eiga rót sína að rekja til löggjafar, er stjórnarflokkarnir hafa knúið fram, og atvinnuvegum landsmanna bundnir svo þungir baggar, að þeir fá ekki undir risið. Ríkisstj. sjálf hefur ekki komizt hjá því að viðurkenna þetta í verki og beita sér fyrir setningu nýrrar löggjafar um aukin stofnlán til sjávarútvegsins og leita þannig fulltingis Alþingis til að slá stoðum og skáskífum undir þá viðreisnarhöll, sem ríkisstj. taldi sig vera að reisa, svo að sú bygging hrynji ekki til grunna. Stjórnarflokkarnir gáfu fyrirheit um afkomuöryggi allra. Reynslan er sú, að heimatilbúin kreppa með ótrygga atvinnu og vinnustöðvanir í kjölfarinu ógnar nú afkomuöryggi almennings.

Frumskilyrði þess, að jafnvægi í byggð landsins raskist ekki frá því, sem þegar er orðið, er það, að af hálfu ríkisvaldsins sé þess gætt að dreifa fjármagni til framkvæmda, stuðla að því að bæta atvinnuskilyrði í hverri byggð og gera lífskjör fólksins, hvar sem er í landinu, sem jöfnust. Morgunblaðið hefur með stórum fyrirsögnum túlkað stefnu Sjálfstfl. þannig: Fjölþætt atvinnulíf til tryggingar afkomuöryggi og jafnvægi í byggð landsins. — Og fyrir síðustu kosningar töluðu Alþýðuflokksmenn meira að segja um jafnvægi í sveit og við sjó. Nú eru af hálfu stjórnarflokkanna gerðar ráðstafanir til að hleypa ótakmörkuðum fjölda erlendra fiskiskipa inn í landhelgina og láta þau með samþykki íslenzkra stjórnvalda yrja upp fiskimiðin inn að 6 mílum til stórtjóns fyrir sjávarútveginn. En ekkert er jafnáhrifarikt til að raska jafnvægi í byggð landsins og kippa þannig fótum undan arðgæfum atvinnurekstri við sjávarsíðuna í heilum landshlutum, og með allri stjórnarstefnunni er unnið kröftuglega gegn jafnvægi í byggð landsins.

Landhelgismálið er þáttur af sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og lífshagsmunamál hennar. Fyrir síðustu kosningar hétu allir stjórnmálaflokkarnir þjóðinni því að standa vörð um ótvíræðan rétt hennar í þessu máli.

Fyrir 10 mánuðum flutti hæstv. utanrrh. gervallri þjóðinni þennan boðskap: „Við munum berjast gegn öllum frádrætti, hverju nafni sem nefnist, tímatakmörkunum og öðru, gegn öllu, sem veitir öðrum þjóðum fiskveiðiréttindi innan 12 mílna við Ísland.“

Sjálfstfl. hefur þrem sinnum, síðan landhelgissamningurinn frá 1901 féll úr gildi, samþykkt á landsfundum stefnuyfirlýsingar í landhelgismálinu, þar sem áherzla er lögð á, að það sé stefna Sjálfstfl. að halda óhagganlega á rétti Íslendinga í landhelgismálinu og hvika hvergi frá gerðum samþykktum. Í marzmánuði 1959, þ. e. eftir að samstarf núv. stjórnarflokka hófst, gerði landsfundur sjálfstæðismanna samþykkt um landhelgismálið. Hún er birt í Morgunblaðinu 19. marz 1959. Þar segir svo orðrétt:

„Landsfundurinn lýsir óhagganlegu fylgi sjálfstæðismanna við þá stefnu, sem mörkuð var í landhelgismálinu árið 1948 með setningu laganna um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og áréttar samþykkt landsfundar 1956 um, að leita beri lags um frekari friðun fiskimiðanna, þangað til viðurkenndur er réttur Íslands til landgrunnsins. Landsfundurinn skorar á alla Íslendinga að sýna þrátt fyrir mistök fyrrv. ríkisstj. algeran einhug í málinu, láta ekki undan síga fyrir erlendu ofbeldi né sætta sig við minni fiskveiðilandhelgi en nú hefur verið ákveðin, heldur sækja fram, þar til lífshagsmunir þjóðarinnar eru tryggðir.“

Mörgum mun finnast ótrúlega breitt bilið milli þeirra orða utanrrh., að hann berjist gegn öllu, sem veitir öðrum þjóðum fiskveiðiréttindi innan 12 mílna við Ísland, og þeirra verka, sem hann hefur beitt sér fyrir að unnin eru í landhelgismálinu, sem farin eru að bera þann árangur t. d., að í dag bárust þær fréttir frá Austfjörðum, að 20—30 brezkir togarar séu þegar komnir á bátamið Austfirðinga og í gær hafi þrír austfirzkir bátar, sem voru að veiðum 9 mílur suður af Papey, verið hraktir þaðan af brezkum togurum.

Og flestum mun finnast, að sjálfstæðismönnum liggi andvirki nær garði en að túlka sérstaklega

þau rök, sem Bretar reyna að færa fram þeim til málsbóta í landhelgismálinu, það sé nærtækara verkefni að gera þjóðinni grein fyrir því, hvort og þá hvernig samningarnir við Breta samrýmast stefnuyfirlýsingu Sjálfstfl. En hið fullkomna ósamræmi, sem er annars vegar milli stefnuyfirlýsingar Sjálfstfl. og hins vegar framkvæmda hans nú í landhelgismálinu, má m. a. greina af þessu:

Lýst er yfir óhagganlegu fylgi sjálfstæðismanna við þá stefnu, sem mörkuð var í landhelgismálinu með setningu l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Í framkvæmd er stefnunni nú haggað ekki minna en svo, að þessi lög eru raunverulega gerð óvirk. Í orði er tekið fram, að leita beri, hvenær sem fært er, lags um frekari friðun fiskimiðanna, á borði afsalað rétti Íslendinga til einhliða ákvörðunar um stækkun landhelginnar og komið í veg fyrir frekari útfærslu hennar nema með samþykki Breta eða úrskurði alþjóðadómstóls. Í orði er skorað á alla Íslendinga að sýna algeran einhug í landhelgismálinu, í verki brotið gegn venju fyrrv. ríkisstjórna um að leita samstarfs milli allra flokka um framkvæmdir í landhelgismálinu. Í þess stað er nú unnið að því með leynd í marga mánuði að semja við Breta um tímabundna skerðingu á fiskveiðilandhelginni og réttindaafsal um aldur og ævi, síðan reynt að smeygja þessum fjötri á þjóðina á sem skemmstum tíma á Alþingi, eftir að raunverulega er búið að ganga frá málinu gagnvart Bretum, og þannig er farið að, þótt ríkisstj. viti fyrir fram, að um slíkar ráðstafanir geti aldrei orðið einhugur meðal Íslendinga, og þótt ólíklegt sé, að ríkisstj. hafi meiri hluta þjóðarinnar á bak við sig í þessu máli. Fyrirheit er gefið að láta ekki undan síga fyrir erlendu ofbeldi og skorað á þjóðina að veita fulltingi til þess að fylgja fram þeirri stefnu. Efndir eru þannig: Samið um undanslátt og afsal réttinda við þá einu þjóð, sem hafði beitt Íslendinga ofbeldi og ekki viðurkennt í verki 12 mílna fiskveiðilandhelgina. Í orði er skorað á alla Íslendinga að sætta sig ekki við minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur. Í framkvæmd er brezkum togurum hleypt inn að 6 mílum samkvæmt samþykkt Alþingis og fyrirmælum ríkisstj. og játað, að skip fleiri þjóða muni á eftir koma. Fellt er að láta fara fram þjóðaratkvgr. um málið. Að síðustu er í stefnuyfirlýsingu Sjálfstfl. áskorun til þjóðarinnar að sækja fram í landhelgismálinu, þar til lífshagsmunir þjóðarinnar eru tryggðir. Í verki er nú meiri hluta á Alþingi beitt til að loka þeirri leið, að afsala einhliða rétti Íslendinga til að stækka landhelgi sína, en þjóðinni ætlað um aldur og ævi að hlíta í því efni úrskurði erlendra aðila.

Þannig er samræmið milli stefnuyfirlýsingar Sjálfstfl. og framkvæmda hans í lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Þekkir nokkur meira öfugmæli? Ríkisstjórn, sem þannig starfar, getur ekki notið trausts þjóðarinnar. Þess vegna er tímabært að samþ. till. þá, sem hér liggur fyrir.

Daníel Ágústínusson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Aldrei fyrr mun nokkur ríkisstjórn hafa svo gersamlega glatað tiltrú sinni og áliti með þjóðinni eins og sú, sem nú situr. Aldrei fyrr mun nokkur ríkisstjórn hafa stjórnað svo þveröfugt við kosningaloforð sín sem núv. ríkisstjórn. Aldrei fyrr mun nokkur ríkisstjórn hafa jafnblygðunarlaust rofið einingu þjóðarinnar í mikilsverðu sjálfstæðis- og hagsmunamáli og afsalað dýrmætum réttindum án samráðs við þjóðina. Allt þetta hefur núv. ríkisstjórn gert á hinum stutta valdaferli sínum. Það er því ekki að ófyrirsynju, að vantrauststill. hefur verið flutt hér á Alþingi á ríkisstjórnina.

Stuðningsflokkar stjórnarinnar lofuðu fyrir kosningar bættum lífskjörum. Efndirnar eru 15—20% lífskjaraskerðing. Stuðningsflokkar stjórnarinnar lofuðu mikilli skattalækkun. Efndirnar eru skattalækkun á hátekjumönnum og nýir söluskattar á allar lífsnauðsynjar, sem notaðar eru frá vöggu til grafar — og jafnvel þar er ekki staðar numið. Stuðningsflokkar stjórnarinnar lofuðu sparnaði í ríkisrekstri. Efndirnar eru 50—60% hækkun fjárlaga, nýtt ráðuneyti, ný bankastjóraembætti og mörg önnur embætti, og s. l. föstudag var útbýtt hér á Alþingi frv. til laga um nýtt ríkisbákn. Stuðningsflokkar stjórnarinnar lofuðu stöðvun dýrtíðarinnar, efndirnar eru meiri dýrtíð en nokkru sinni fyrr. Stuðningsflokkar stjórnarinnar ætluðu að hætta erlendum lántökum. Efndirnar eru stórfelldari lántökur en nokkru sinni fyrr, — ekki til framkvæmda, heldur til eyðslu. Stuðningsflokkar stjórnarinnar lofuðu aukinni aðstoð við byggingu íbúðarhúsa. Efndirnar eru lánsfjártakmörkun, vaxtaokur og 50—70% hækkun á öllu byggingarefni. Stuðningsflokkar stjórnarinnar ætluðu að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Efndirnar eru lækkun á atvinnuaukningarfé, synjun ríkisábyrgðar nema fyrir þá, sem eiga fyllstu tryggingar. Stuðningsflokkar stjórnarinnar lofuðu heilbrigðum rekstrargrundvelli fyrir atvinnuvegina. Efndirnar eru lánsfjárkreppa og vaxtaokur með þeim árangri, að mörg atvinnufyrirtæki eru nú í dauðateygjunum.

Kunnur útgerðarmaður í Vestmannaeyjum lét svo um mælt á landsfundi L.Í.Ú. í vetur: „Enn þá hefur ekkert eitur verið framleitt í heiminum, sem orkar fljótar á meindýr en efnahagsmálapólitík ríkisstjórnarinnar verkar á sjávarútveginn.“ Þetta er einföld og skilmerkileg lýsing.

Árangurinn er samdráttur í öllum framkvæmdum. Iðnaðurinn hefur þegar fækkað fólki í ýmsum greinum, en sumum þeirra verið lokað. Þegar svo er komið, er atvinnuleysið á næsta leiti. Vinnutími hefur víða verið styttur, og við það minnka tekjur verkamanna og iðnaðarmanna. Mánaðarkaup þeirra með venjulegri dagvinnu er 4100 kr. Ýmsar aðrar stéttir, eins og kennarar og venjulegt skrifstofufólk, eru litlu betur settar.

Ríkisstj. hefur vanrækt að gefa út leiðbeiningar fyrir almenning, hvernig þau kraftaverk eiga að ske, að fjölskyldur geti lifað af 4—5 þús. kr. á mánuði, með þeirri dýrtíð, sem ríkisstj. magnar jafnt og þétt. Hefði verið ástæða til, að slík bók fylgdi viðreisnarbæklingi þeim, sem sendur var af hálfu ríkisstj. á hvert heimili í fyrravetur.

Alþfl. gengur í þessum málum enn lengra en Sjálfstfl., sbr. ræðu hæstv. menntmrh. hér áðan. Má segja, að Alþfl. skipi sér hægra megin við Sjálfstfl. í kjaramálunum.

En allt það, sem að framan er sagt, hverfur þó nú í skuggann fyrir meðferð ríkisstj. á landhelgismálinu. Meiri brigðmæli við kjósendur og virðingarleysi við þá hefur engin ríkisstjórn sýnt, hvorki

fyrr né síðar. Er sama, hvort litið er á málið sjálft, meðferð þess undanfarna mánuði eða afgreiðslu þess hér á Alþingi. Allt er jafneinstætt. Eftir að stuðningslið stjórnarinnar hefur í tvennum kosningum 1959 svarið hollustu sína við 12 mílna landhelgi, gert ályktun á Alþingi 5. maí 1959 um, „að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið," er það undanhald tekið upp, sem alþjóð er nú kunnugt um.

Baráttan fyrir stækkun landhelginnar er einn þátturinn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og hyrningarsteinninn að fjárhagslegu sjálfstæði hennar. Stjórnarfarslegt sjálfstæði Íslendinga var unnið í áföngum, þar til lokasporið var stigið 1944. Stækkun landhelginnar hefur sætt sömu vinnubrögðum.

Nú er brotið blað í sögu landhelgismálsins, fiskveiðilögsagan færð inn um 6 mílur a. m. k. næstu 3 árin umhverfis mestallt landið á þeim tíma árs, sem fiskigöngur eru mestar á hverjum stað. Afsalað er þeim rétti, sem þjóðinni hefur verið dýrmætastur frá upphafi, að færa fiskveiðilögsöguna út einhliða. Það hefur gefið þjóðinni hvern sigurinn af öðrum. Hér hafa hinir slyngu samningamenn, Bretarnir, gripið tækifærið til að afvopna þjóðina til frekari útfærslu á næstu árum, enda geta brezk blöð ekki dulið þá ánægju sína og telja einmitt þetta ákvæði kjarna samkomulagsins. Með þessu hafa Bretar náð því kverkataki á Íslendingum, sem þeir hafa lengi sótzt eftir. Íslendingum er nú farið sem stríðsmanni, sem sofnar á verðinum og er rændur vopnum sínum. Hvers er hann megnugur á eftir?

Bretar höfðu tapað stríðinu við Íslendinga. Þeir notuðu tækifærið, þegar Genfarráðstefnan hófst í marz 1960, að hætta veiðum með herskipavernd. Sú veiði gaf litlar tekjur, var áhættusöm að vetrinum, er ekki var hægt að fá hér læknishjálp né viðgerðir á skipum, og allur heimurinn hló að þessu uppátæki Breta. Um 30 ríki höfðu fært fiskveiðilögsögu sína út í 12 mílur, og var Ísland eina ríkið, sem Bretar niddust þannig á. Það voru hverfandi líkur fyrir því, að Bretar byrjuðu aftur veiðar undir herskipavernd. Hér hafa því sigruðum andstæðingi verið afhent vopnin, svo að hann geti byrjað á nýjan leik.

Næstu tveir mánuðir eru hábjargræðistíminn fyrir sjómenn og útgerðarmenn á Suður- og Vesturlandi, þegar „sá guli" gengur upp á landgrunnið. Nú eru þessum mönnum gefin fyrirheit um það, að hundruð útlendra togara verði sendir á miðin til að skafa upp hvern ugga, er þar leynist, og gereyðileggja þann mikla árangur, sem friðunin hefur borið undanfarin ár. Er þetta líkast því, að stóði væri beitt á vel ræktað tún mánuðina júní, júlí og ágúst, en það fengi að vera í friði annan tíma ársins. Skýrir það betur en allt annað, hver blekking mánaðaútreikningurinn er, þegar þess er gætt, að Bretar fá hvert veiðisvæði nákvæmlega á þeim tíma, þegar fiskurinn er þar mestur. Þegar síldveiðin hefst fyrir Norðurlandi, í júní og fram í september, og allur vélbátafloti landsmanna er þar kominn, þá er opnað inn að 6 mílunum fyrir erlendum veiðiskipum. Er líklegt, að Rússar, Norðmenn og aðrar þjóðir, sem mikla áherzlu leggja á síldveiðar, notfæri sér þetta ríkulega. Veiðisvæðið fyrir Austurlandi er svo opið sitt á hvað allt árið. Þar verður engu hlíft.

Sjómenn hugsa til þess með hryllingi, er togaravargurinn kemur á beztu mið þeirra næstu daga og hirðir björgina frá þeim. Mega þeir þakka fyrir, meðan veiðarfærin verða ekki líka hirt. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera til að bæta úr slíku fjárhagstjóni? Hv. 3. þm. Sunnl., fulltrúi úr útvegsbæ, Guðlaugur Gíslason, lét í ljós ánægju sína hér áðan yfir þessu og sagði, „að allir hugsandi menn í landinu væru ánægðir með þetta". Það eru væntanlega ekki margir hugsandi menn á Íslandi að hans dómi hér eftir. Það er furðulegt, þegar þm. úr útvegsbæjum gerast slíkar vindmyllur á burst Ólafs Thors.

Þegar Íslendingar friðuðu flóa og firði 1952 og færðu landhelgina úr 3 mílum í 4, mótmæltu Bretar og settu löndunarbann á íslenzkan fisk. Það stóð í 4 ár, en þá gáfust Bretar skilyrðislaust upp. Aðrar þjóðir ýmist viðurkenndu eða virtu 4 mílur strax. Þá var núv. hæstv. forsrh., Ólafur Thors, sjútvmrh. Eftir að löndunarbanninu hafði staðið í eitt ár og viðskiptastríð hafið milli þjóðanna, ávarpaði hann sjómenn og aðra Íslendinga á sjómannadaginn, 7. júní 1953, og sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Í janúar 1952 fór ég til London til að tilkynna brezku stjórninni, að Íslendingar hefðu í hyggju að hagnýta sér fyllsta rétt Haagdómsins." Er þar átt við dóminn í máli Norðmanna, sem þá var nýlega fallinn þeim í vil. „Ég benti á," segir ráðh. áfram, „að samkvæmt Haagdómnum væri einhliða réttur strandríkis að ákveða sjálft og eitt fiskveiðilandhelgi sína. Að sjálfsögðu yrði sú ákvörðun að byggjast á lögum og rétti, en það væri líka einmitt það, sem Íslendingar hefðu í hyggju að gera. Um slíkan einhliða rétt, sem Íslendingar ættu lífsafkomu sína og jafnvel þjóðfrelsi undir að gernýta, kæmi ekki til mála að semja, hvorki við Breta né neina aðra."

Þessar röksemdir Ólafs Thors eiga enn við. Honum hefði verið óhætt að endurtaka þær í viðræðum við forsrh. Breta á Keflavíkurflugvellinum á s. l. hausti. Þessi ummæli og fleiri þau, sem hér fara á eftir, eru bezta svarið við því einstæða gorti, sem þessi hæstv. ráðh. flutti hér áðan um stórsigur stjórnarinnar í landhelgismálinu, — mesta ósigur, sem nokkur stjórn hefur beðið í nokkru máli.

Um Haagdóminn sagði Ólafur Thors í sömu ræðu: „Hvað yrði mikið vatn runnið til sjávar, áður en allir þeir dómar yrðu gengnir, og hversu margar millj. hefði sá málarekstur kostað Íslendinga?" Hann bendir réttilega á það, að sá málarekstur tekur langan tíma og kostar mikið fé. Er fróðlegt að bera þetta saman við þá oftrú á alþjóðadómstólinn, sem nú hefur gripið stjórnarliðið. Hvenær skyldu Íslendingar hafa endurheimt sjálfstæði sitt, ef þeir hefðu einatt átt að sækja það undir úrskurð alþjóðlegra stofnana?

Um afstöðu ríkisstj. segir Ólafur Thors í sömu ræðu: „Stjórnin mun hvergi hopa, heldur sækja fram til sigurs. Íslendingar munu aldrei þola ríkisstjórn sinni undanhald í málinu. Rík þjóðarþörf og einhuga þjóðarvilji eru slagbrandur fyrir öllum útgöngudyrum til undanhalds í þessu mikla velferðarmáli Íslendinga. Tillögur ríkisstj. liggja

ljóst fyrir. Þeim verður ekki breytt. Það fyrirheit tel ég mig geta gefið íslenzkum sjómönnum á þessum hátíðisdegi þeirra, enda treysti ég því, að sérhverri stjórn, sem reynir að bregðast hagsmunum Íslendinga í þessu máli, muni tafarlaust vikið frá völdum.“

Fyrir þessi skörulegu orð og ákveðnu fyrirheit ríkisstj. var Ólafur Thors gerður að heiðurssjómanni Íslands, og er forsíðumynd af þeirri athöfn í Morgunblaðinu 9. júní 1953. Nú er þessi heiðurssjómaður Íslands orðinn eftirlæti Breta. Ætli hann gæti ekki orðið Sir?

Þessi hæstv. ráðh. virtist hér áðan hafa miklar pólitiskar áhyggjur af forustumönnum Framsfl. Hann ætti að líta sér nær. Alþjóð er nú fullkunnugt, að Bretar hafa gleypt Ólaf Thors. Áreiðanlega munu þeir ekki selja honum upp, og lítil von er til, að hann bjargist, ekki einu sinni með keisaraskurði. Þessi sami ráðh., sem svo djarflega mælti 1953, veltir nú forstöðu þeirri ríkisstj., sem tekið hefur ,,slagbrandinn“ frá útgöngudyrunum og hafið undanhald í þessu mesta velferðarmáli Íslendinga. Skyldu sjómennirnir, sem þetta bitnar harðast á, geta treyst slíkum mönnum, sem svo illa bregðast, eftir að raunverulegur sigur hafði unnizt og nær alger friðun ríkt innan 12 mílna markanna á þriðja ár? Þeir munu öllu fremur fá að kenna á því, hvernig lífsafkoma þeirra er gerð að verzlunarvöru.

Hvað býr hér á bak við, spyr maður eftir mann, hvað hefur komið ríkisstj. til svo ótrúlegra vinnubragða? Þjóðin var jafneinhuga að standa fast á rétti sínum, í landhelgismálinu og að endurreisa lýðveldið á Þingvöllum 1944. Samþykktir voru gerðar um allt land veturinn 1958 og 1959, alveg einróma, þar sem ofbeldi Breta var mótmælt, landhelgisgæzlunni þökkuð vel unnin störf og skorað á stjórnarvöld landsins að halda fast við 12 mílna landhelgi, gefa hvergi eftir, enda réttur Íslendinga ótvíræður. Að samþykktum þessum stóðu öll hugsanleg félög, félagasambönd, bæjar- og sveitarstjórnir. Aldrei kom nein hjáróma rödd. Eftir að það spurðist í fyrrasumar, að viðræður hefðu verið teknar upp við brezku stjórnina, hófst mótmælaaldan á ný með samþykktum, almennum undirskriftum, og voru slík mótmæli enn að birtast, er samningurinn fullmótaður var lagður fyrir Alþ. 27. febr. s. l., svo að ekki mátti breyta nema prentvillum. Hér hefur því freklega verið gengið gegn þjóðarviljanum.

Nú er það íslenzku þjóðarinnar að endurheimta þann rétt, sem undanhaldsmennrnir hafa afhent. Þjóðin verður að rísa einhuga upp gegn því óhæfuverki, sem ríkisstj. og stuðningslið hennar hefur framið í einu mesta velferðarmáli hennar. Vantraustst:ll. sú, sem hér er rædd í kvöld, er upphafið. Þjóðin verður að láta ríkisstj. finna, svo að ekki verði um villzt, að hún hefur glatað áliti og tiltrú og ætti því að sjá sóma sinn í því að hverfa sem fyrst frá völdum.

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Að lokum vil ég enn minna á ummæli hæstv. forsrh. í sjómannadagsræðu þeirri, sem áður er vitnað til. Hann sagði: ,,Og loks sagði ég í viðræðum, er ég átti um síðustu áramót við stjórn Bretlands, að hvorki núv. ríkisstj. Íslands né nein önnur vildi vikja í þessu máli. Það gæti heldur engin íslenzk stjórn gert, þótt hún vildi. Sú stjórn, sem það reyndi, yrði ekki lengur stjórn Íslands. Hún yrði að láta sér nægja að vera fyrrverandi ríkisstjórn.“

Þessi ummæli Ólafs Thors eru enn í fullu gildi. Undir þessi réttmætu orð vil ég nú taka. — Góða nótt, góðir hlustendur, fjær og nær.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það féll margt miður fagurt orð í þeim löngu og leiðigjörnu ræðum, sem hv. stjórnarandstaða flutti hér í hinu háa Alþingi í vikunni sem leið, þegar þáltill. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta var til umr. Þetta sama hefur gerzt hér í kvöld. Orð eins og nauðung, ok og svik og afsal landsréttinda og mörg önnur slík leika á tungum hv. stjórnarandstöðu. Og þessi orð hafa verið prentuð með stærsta letri nú undanfarna daga í blaðakosti stjórnarandstöðunnar. Dagblaðið Tíminn, sem segist vera ,,blað handa bændum“, gaf tóninn og átti lengst leiðsöguna í þessu ósæmilega orðbragði. Því gat þó hitt aðalblað stjórnarandstöðunnar, Þjóðviljinn, ekki unað til loka og sló metið, daginn eftir að þáltill. var samþ. hér í þinginu. Á skrif blaðsins þá um hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh. mun ávallt verða litið og til þeirra vitnað sem eins hins mesta velsæmisskorts í íslenzkri blaðamennsku.

Öll hafa þessi svikabrigzl stjórnarandstöðunnar og allt tal hennar um afsal landsréttinda verið með einstæðum móðursýkisblæ og hefur aðeins sýnt enn ljósar það, sem þó var ljóst orðið, að sú stjórnarandstaða, sem við eigum nú við að búa, er ráðvillt og máttvana í andróðri sínum gegn hæstv. ríkisstj. Sá vanmáttur verður ekki hulinn með stórum og ljótum orðum, og það mega þeir vita, þeir góðu menn, sem slíkum gífuryrðum beita, að þau eru þeim sjálfum til minnkunar, en sverta ekki þá, sem þeim er að beint.

Það er vissulega svo, að fyrir því er engin ástæða að vera með brigzlyrði í garð hæstv. ríkisstj. um svik við íslenzkan málstað og bera fram vantraust á hana fyrir þá lausn, sem hún hefur náð í þessari vandamiklu og hættulegu fiskveiðideilu, enda sýna viðbrögð þjóðarinnar og undirtektir hennar undir þann andróður, sem stjórnarandstaðan hugðist hefja gegn lausn málsins, svo skýrt, að ekki verður um villzt, að mikill meiri hluti þjóðarinnar metur réttilega þá lausn, sem náðst hefur. Þjóðin fagnar þessari lausn, telur hana vera — sem hún er — sigur fyrir íslenzkan málstað, og þakkar, hversu giftusamlega hefur til tekizt. Þessi viðbrögð þjóðarinnar hafa orðið stjórnarandstöðunni mikil og sár vonbrigði, enda viðurkenndi hv. 7. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, það í umr. hér um daginn, að svo hefði verið. Hann sá það réttilega, að meiri hluti þjóðarinnar styður ríkisstj. í þessu máli. Það er því hreint óðagot, hreint ráðleysi ringlaðra manna, þegar stjórnarandstaðan flytur nú vantraust á ríkisstj., fyrst og fremst vegna þessa máls og þess framgangs og endalykta, sem það hefur nú hlotið.

Nei, hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa ekkert í þessu máli svikið. Það er síður en svo. Svo hagkvæm okkur virðist mér lausn deilunnar vera, að segja má, að við höfum ekkert af hendi látið, sem við áður höfðum, heldur þvert

á móti fengið það, sem við höfðum ekki. Bretar hafa viðurkennt 12 mílna fiskveiðilögsögu okkar. Með hinum nýju grunnlínubreytingum hafa náðst inn fyrir 12 mílna mörkin mikilsverð hafsvæði. Bretar fallast á, að þegar til frekari útfærslu kemur af okkar hálfu og ef til ágreinings kemur við þá um þá framkvæmd, þá skuli ágreiningnum skotið til alþjóðadómstólsins og hliti báðir aðilar úrskurði hans. Allt þetta höfum við fengið, og við höfum fengið meira. Við höfum fengið frið. Það hefur náðst lausn í hættulegri deilu, hættulegum ófriði, sem við, ein minnsta þjóð veraldar, höfum átt í við stórveldi, sem beitt hefur okkur ofbeldi og yfirgangi. Nú er af þessu ofbeldi látið og ófriðnum lokið. Það er þakkarefni öllum góðum mönnum.

Hv. stjórnarandstaða virðist ekki leggja mikið upp úr því, að deilan er leyst, að friður er fenginn. Þeim hv. stjórnarandstæðingum nægir sýnilega ekki sú hætta, sem íslenzkir sjómenn ávallt og ævinlega eiga við að búa í störfum sínum. Nei, þeir skulu líka að áliti stjórnarandstöðunnar eiga að mæta gapandi fallbyssukjöftum brezkra bryndreka og eiga yfir höfði sér stöðuga hættu á árekstrum aðila, sem standa í harkalegri deilu.

Það hefur komið glögglega fram, að kommúnistar vilja halda stríðinu áfram. Þetta þurfti engum að koma á óvart. Sjónarmið þeirra er rússneska sjónarmiðið. Það efast heldur enginn um, þegar þeir hamast gegn farsælli lausn þessarar deilu, að þeir fara að óskum lærifeðra sinna og yfirboðara austan við járntjaldið. Þeir herrar, er í Kreml ráða húsum, eiga að sjálfsögðu fáar óskir heitari en að ríki, sem bæði eru aðilar að Atlantshafsbandalaginu, eldi með sér grátt silfur og eigi í sem alvarlegustum árekstrum og illvígustum deilum. En að þetta skyldi einnig verða sjónarmið og viðhorf forustuliðs Framsfl., það kemur að sjálfsögðu ýmsum undarlega fyrir sjónir. Að einnig þeir skuli vilja viðhalda deilu, sem eitrar andrúmsloftið í samstarfi þessara vestrænu lýðræðisríkja, það er mörgum furðuefni. En hver er skýringin á þessari afstöðu, afstöðu þess flokks, sem telur sig öðrum flokkum fremur vera flokk íslenzkra bænda, þeirrar stéttar, sem hefur fengið orð á sig fyrir gætni og ábyrgðartilfinningu? Ég sé ekki aðra skýringu á þessu fyrirbæri en það sé hið innilega samband, sem er á milli forustumanna Framsfl. og kommúnista, a. m. k. þeirra manna úr forustuliði Framsfl., sem ráða þar mestu nú. Það er engu líkara en þessir menn séu gengnir kommúnistum á hönd. Þeim virðist ekki ósvipað farið og mönnunum í þjóðsögunum, sem létu heillast af álfum og gengu í björg. Og eins og heillaðir menn eru oftast sem viljalaus verkfæri, þannig fer ýmsum forustumönnum Framsóknar nú, þeir hlýða kommúnistum í öllu og styðja þá í öllu.

Við, sem sjáum vinahót framsóknarmanna og kommúnista hér í þinginu og nær óbrigðula samstöðu þeirra í flestum málum, vitum, að þetta er skýringin á afstöðu Framsfl. til lausnar fiskveiðideilunnar. Svo blindaðir eru þeir af óvild til hæstv. ríkisstj. og gramir yfir sigri hennar í vandamiklu máli og svo uppteknir af þeirri sinni heitustu þrá að komast í valdaaðstöðu við hlið kommúnista, að þeir fórna ábyrgri afstöðu til mikilvægra mála, hvort heldur er að ræða um innanríkis- eða utanríkismál. Og ég spyr: Hvað segið þið, bændur og búalið, sem hafið fylgt Framsfl. að málum? Er ykkur það fagnaðarefni, að forustuliið ykkar gengur til liðs með kommúnistum til þess að viðhalda illindum milli okkar og einnar mestu lýðræðisþjóðar heims, — þjóðar, sem við um langan aldur höfum átt góð samskipti og viðskipti við, þar til þessi deila bar skugga á? Er ykkur það fagnaðarefni, að forustuliið ykkar er með framferði sínu vitandi eða óvitandi að leiða ykkur inn fyrir járntjald kommúnismans? Nei, ég veit, að ykkur er þetta áhyggjuefni, en ekki gleðiefni. Allt kommúnistadekur er fjarlægt vilja og hugsunarhætti íslenzkra bænda, enda vita þeir, hvað þeirra bíður, ef riki kommúnismans kæmist hér á.

Einn meginþáttur lýðræðis og þingræðis er sannsýn og ábyrg stjórnarandstaða. Margir telja það eitt mesta veikleikamerki stjórnarfars okkar Íslendinga, hversu mjög stjórnarandstöðuna skortir þessar eigindir. Það þykir ýmsum broslegt, þegar stjórnmálaflokkur skiptir alveg um skoðun í sama málinu eftir því, hvort hann er í stjórnaraðstöðu eða stjórnarandstöðu. En þetta er síður en svo broslegt. Þetta er stórhættulegt fyrir þjóðlíf okkar og heilbrigða og stjórnarfarslega þróun í landinu. Ég skal ekki segja, að í þessum efnum eigi einn flokkur alla sök og annar enga. En aldrei hafa þó þessi hamskipti orðið algerri en þau hafa orðið hjá Framsfl., frá því að hann var í stjórnaraðstöðu, svo að áratugum skipti, og þar til hann hefur nú komizt í stjórnarandstöðu í rúm tvö ár. Sönnun þessarar fullyrðingar minnar blasir hvarvetna við. Hún hefur komið greinilega fram í umr. um landhelgismálið. Nú heitir það afsal landsréttinda að skjóta ágreiningsefnum til alþjóðadóms. Þetta sama var boðið af ríkisstj., sem Framsókn átti sæti í, eftir að fyrsta útfærslan var gerð 1952. Nú er býsnazt yfir því, að Bretum er leyft að veiða á takmörkuðum svæðum og um takmarkaðan tíma á milli 12 mílna og 6 mílna markanna gegn því, að þeir viðurkenni 12 mílna fiskveiðilögsögu okkar og hætti hernaði sínum gegn okkur og valdbeitingu. Þetta sama bauð vinstri stjórnin Bretum og þó með enn óhagstæðari kostum en nú hafa fengizt. Framsfl. snerist af allri sinni orku gegn aðgerðum núv. stjórnarflokka í efnahagsmálunum á s. l. vetri. Þó höfðu framsóknarmenn lagt fyrir samstarfsflokka sína í vinstri stjórninni tillögur um lausn vandans í efnahagslífinu, sem mjög gengu í sömu átt og það, sem gert var í fyrra. Þannig má dæmin rekja.

Ábyrgðarleysi Framsóknar í stjórnarandstöðunni fær engum dulizt. Við afgreiðslu fjárlaga ber hún fram kröfur um milljóna króna hækkun á útgjöldum ríkissjóðs án þess að leggja fram nokkrar raunhæfar tillögur um öflun tekna til þess að mæta þessum útgjöldum. Framsóknarmenn flytja nú hér á Alþingi fjölmörg lagafrumvörp, sem kosta mundu ríkissjóð háar fjárfúlgur, ef fram næðu að ganga. En við þessum málum, sem raunar má segja að mörg séu nytsamleg, hróflaði Framsfl. hins vegar ekki, meðan hann var og hét í vinstri stjórninni.

Í áróðri gegn ríkisstj. og viðreisnarstefnunni skilur ekkert á milli stjórnarandstöðuflokkanna. Báðir hamra þeir á sömu fjarstæðunum og rökleysunum. Því er haldið fram, að viðreisnarstefna ríkisstj.

hafi sligað atvinnuvegina. Á sama tíma krefst stjórnarandstaðan þess, að þessir að þeirra dómi sliguðu og bjargþrota atvinnuvegir greiði stórhækkað kaupgjald, og skirrist ekki við að efna til víðtækra verkfalla um mesta bjargræðistímann til þess að knýja fram slíkar kauphækkanir, sem þó með engu móti geta komið launþegum að gagni, geti atvinnuvegirnir ekki raunverulega undir þeim staðið. Á þennan veg vinna kommúnistar sitt niðurrifsstarf í þjóðfélaginu, og forustulið Framsfl. lætur ekki á sér standa að styðja þá í hvers konar óþurftarverkum þeirra. Þeirra sjónarmið er þetta eitt: Geti ég með einhverju móti spillt fyrir núv. hæstv. ríkisstj., þá geri ég það.

Og nú ber þessi óábyrga stjórnarandstaða fram vantraust á ríkisstj. Segja má, að í rauninni hafi ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar í engu komið skýrar fram en í þessum vantraustsflutningi, því að það veit alþjóð, einnig þeir, sem að þessu vantrausti standa, að þó að nú svo færi, að þeir kæmu fram vilja sínum og stjórnin segði af sér, þá gætu ekki þessir tveir flokkar stjórnað landinu saman.

En vitaskuld verður stjórnarandstöðunni ekki að ósk sinni. Við stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstj. styðjum hana óhvikulir. Við gerum það af því, að við vitum, að það er þjóð okkar fyrir bestu, að þessi stjórn fari með völdin.

Við stjórnarandstöðuna vil ég svo segja þetta: Flutningur þessarar vantrauststillögu á hæstv. ríkisstj. er eitt af axarsköftum ykkar. Þið áttuð að gera annað. Þið áttuð að bera fram vantraust á sjálfa ykkur, þ. e. a. s., þið áttuð að taka ykkur á og íhuga ykkar ráð. Þið áttuð að reyna að skilja, að í stjórnarandstöðu ykkar gangið þið villir vegarins. Ef þið skilduð þetta og reynduð að taka ykkur á, mætti svo fara, að stjórnarandstaða ykkar yrði með skaplegri hætti en hún nú er og einkenndist ekki af því ráðleysisfálmi, sem flutningur þessarar vantrauststillögu ber greinilega vitni um. — Góða nótt.

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrsta verkefni núv. hæstv. ríkisstj. var að leita úrræða til þess að koma þjóðinni út úr ógöngunum, sem vinstri stjórnin hafði leitt hana í. Vegna þess, hvernig komið var, gat engum dulizt, að ekki yrði komizt hjá róttækum aðgerðum, sem í bili krefðust fórna af öllum almenningi í landinu. Þjóðin væri í sömu aðstöðu og einstaklingur, sem lifað hefur um efni fram. Síðustu fimm árin hafði greiðsluhallinn við útlönd numið samtals um 1100 millj. kr. Erlendis hauguðust upp skuldir, sem greiða átti á skömmum tíma. Á árunum 1951—55 greiddi þjóðin um 3% af gjaldeyristekjum sínum í afborganir og vexti af lánum. Nú var sá útgjaldaliður kominn yfir 10% af gjaldeyristekjunum. Leið skuldasöfnunar varð ekki lengur farin, ef þjóðin átti að halda efnahagslegu sjálfstæði sínu. En þá var ekki um annað að gera en hverfa frá uppbótakerfinu og skrá gengið miðað við þarfir og nauðsyn útflutningsframleiðslunnar. Jafnframt varð ekki komizt hjá ráðstöfunum til þess að tryggja jafnvægið í efnahagsmálunum innanlands og í viðskiptunum við útlönd og þá ekki sízt til þess að koma í veg fyrir verðbólguþróun, sem eyðilagt hafði allar fyrri aðgerðir.

Nú eftir rúmt ár er fengin reynsla af breytingunni í efnahagsmálunum. Í öllum meginatriðum hefur hún borið tilætlaðan árangur. Atvinna hefur yfirleitt verið góð um land allt og einnig í þeim byggðarlögum, sem oft hafa átt við þröngan kost að búa í þeim efnum. Í sumum atvinnugreinum hafa ráðstafanirnar leitt af sér samdrátt, sem búast mátti við, en hleypt aftur á móti nýju lífi í aðrar. Eftir verðhækkanirnar, sem óhjákvæmilega leiddi af gengisbreytingunni, hefur verðlag haldizt stöðugt og framboð verið á vörum, sem áður skorti. Í viðskiptunum við útlönd hefur orðið mikil breyting til batnaðar og sparifjáraukning veruleg. Þegar aðstæður eru metnar, verður að taka tillit til þess, að árið sem leið varð þjóðarbúskapurinn fyrir miklu áfalli vegna aflaleysis togaraflotans og verðfalls á mjöli og lýsi.

Fram undan eru margvísleg verkefni, sem ríkisstj. er ýmist að vinna að eða hefur til athugunar og frekari undirbúnings. Vil ég geta nokkurra þeirra.

Þannig hafði verið skilið við aðalstofnlánasjóð landbúnaðarins, ræktunarsjóð, að hann var raunverulega gjaldþrota eftir lögfestingu yfirfærslugjalds vinstri stjórnarinnar og svo gengisbreytinguna. Þrátt fyrir þennan hörmulega viðskilnað var á s. l. ári lánuð hærri upphæð úr ræktunarsjóði en nokkru sinni áður, eða 49.6 millj. kr. Úr byggingarsjóði voru lánaðar 13.3 millj. kr., sem einnig er hæsta lánveiting á einu ári. Nú er verkefnið að finna leiðir til þess að tryggja fjárhag sjóðanna, svo að þeir geti gegnt hinu merka hlutverki sínu fyrir landbúnaðinn. Bændur landsins vita, hvaða þýðingu það hefur.

Sjávarútvegurinn hefur átt í erfiðleikum, sem m. a. stafa af áföllum eins og verðfalli á mjöli og lýsi og aflaleysi togaranna. Það er svo annað mál, að útgerðina hefur skort lánsfé með hagstæðum kjörum til þess að standa undir fjárfestingunni. Af því hefur leitt allverulega bindingu rekstrarfjár og söfnun lausaskulda, einkum í bönkunum. Til þess að létta undir með útgerðinni í þessum efnum hefur ríkisstj. gert ráðstafanir til þess, að komið verði upp nýjum lánaflokki við stofnlánadeild sjávarútvegsins í þeim tilgangi að breyta allmiklu af skuldum, sem eru til skamms tíma, í löng lán. Með þessu er raunverulega verið að lána út á framkvæmdir liðinna ára, sem þá fengust ekki löng lán til, en voru í þess stað greiddar með bráðabirgðalánum. Að hve miklum notum þessar ráðstafanir í peningamálum koma fyrir útgerðina í heild, verður ekki sagt að svo komnu máli, en tvímælalaust er stefnt í rétta átt með þessari nýbreytni.

Með hverju ári sem líður hefur þýðing iðju og iðnaðar í atvinnulífinu farið vaxandi. Af hinni öru uppbyggingu iðnaðarins hefur leitt brýna þörf fyrir aukið stofnfé. Hæstv. iðnmrh., Bjarni Benediktsson, hefur látið athuga, eftir hvaða leiðum mætti efla iðnlánasjóð, og mun álitsgerð þegar liggja fyrir eða vera á næstu grösum. Á þessu ári hefur sjóðnum verið tryggt 15 millj. kr. lánsfé til þess að endurlána iðnaðarfyrirtækjum. Verið er að framkvæma víðtæka athugun á því, hvaða stóriðja komi einna helzt til greina hérlendis og hvaða skilyrðum hún muni háð. Tvímælalaust er hér um að ræða eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar, ef hag-

stæðar niðurstöður fást og vel tekst til um framkvæmdir.

Rannsóknir á virkjunarskilyrðum í stórám landsins eru nátengdar þessum athugunum, og eru þær nokkuð á veg komnar.

Í tilefni af ádeilum stjórnarandstöðunnar varðandi húsnæðismálin er fróðlegt að kynna sér lánveitingar úr veðlánakerfinu síðustu árin. Árið 1955, er lögin um húsnæðismálastjórn o. fl. tóku gildi, voru lánaðar 27.4 millj. kr., ári síðar 63.6 millj. Í valdatíð vinstri stjórnarinnar var mjög verulegur afturkippur í lánveitingum, þannig að árið 1957 voru ekki lánaðar nema 45.6 millj. og árið 1958 48.7 millj. kr. Þessi mikli samdráttur stakk illa í stúf við loforð vinstri flokkanna um útvegun fjár í veðlánakerfið. Á s. l. ári lánaði veðdeildin 71,8 millj. kr., sem byggðist á því, að ríkisstj. hafði forgöngu um að útvega deildinni fjármagn. Þegar veðdeildinni vex fiskur um hrygg, sem vonandi verður innan tíðar, þarf að endurskoða ákvæði laga um hámark lánsupphæðar, en það er nú þegar orðið ófullnægjandi vegna hækkunar byggingarkostnaðar, enda staðið óbreytt síðan 1955.

Ríkisstj. hefur beitt sér fyrir allverulegum sparnaði í fjármálum ríkisins og spornað gegn hækkunum á rekstrarliðum fjárlaganna. Hins vegar hafa útgjöld til almannatrygginga og til niðurgreiðslna á vöruverði hækkað vegna efnahagsráðstafananna. Einnig hafa framlög til verklegra framkvæmda, eins og til vegamála og raforkumála, verið allmikið aukin.

Að undanförnu hefur fiskveiðideilan við Breta verið efst á baugi. Víst er, að þeir, sem á annað borð óskuðu eftir lausn deilunnar, una vel við þá samninga, sem nú hafa tekizt. Afstaða kommúnista til þessa máls hefur alltaf verið skýr. Þeir hafa viljað halda deilunni, hernaðarástandinu áfram, til þess að geta með því móti spillt fyrir samskiptum okkar við vestrænu ríkin. Afstöðu Framsóknarleiðtoganna verður og að skilja og raunar að afsaka í ljósi þeirrar staðreyndar, að þeir hafa í einu og öllu verið á móti stjórnarflokkunum. Í umr. hér fyrir skömmu kom það m. a. fram og var ekki andmælt, að vinstri stjórnin undir forustu formanns Framsfl. bauð á sínum tíma upp á samkomulag um að hleypa brezkum fiskiskipum upp að 6 mílunum allt umhverfis landið og án nokkurrar útfærslu á grunnlínum. Nú segja þessir sömu menn, að samningur sé svik við þjóðina, þótt hann sé á allan hátt miklu hagstæðari en sá, sem þeir höfðu sjálfir einu sinni forgöngu um að bjóða upp á. Þá upplýsist það einnig, að vinstri stjórnin lagði til á Genfarráðstefnunni 1958, að aðgerðir strandríkis utan hinnar eiginlegu fiskveiðilögsögu skyldu háðar úrskurði gerðardóms. Þessi till. var að efni til tekin upp af núv. ríkisstj. á Genfarráðstefnunni síðari og með fullu samþykki hv. 2. þm. Vestf., Hermanns Jónassonar, og hv. 4. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar. Það situr því sízt á framsóknarmönnum og kommúnistum að ærast yfir því, að komizt sé að niðurstöðu um, að Íslendingar leggi ágreining um fiskveiðiréttindi utan 12 mílna landhelginnar undir alþjóðadómstólinn, stofnunina, sem smáríkin fyrst og fremst telja sína aðalstoð og styttu í baráttunni fyrir rétti sínum.

Ég læt mér nægja að benda á þetta sem dæmi um ósamræmið, sem fram hefur komið í athöfnum stjórnarandstæðinga og orðum þeirra hér í þingsölunum.

Með orðsendingum íslenzku og brezku ríkisstjórnanna varðandi landhelgina, sem Alþingi hefur nú staðfest, hefur okkur Íslendingum verið tryggður rétturinn til 12 mílna landhelgi frá tilteknum grunnlínum um aldur og ævi. Jafnframt fáum við þegar í stað viðurkenndar grunnlínubreytingar, sem tryggja okkur þýðingarmikli fiskimið innan landhelgi okkar. Til þess að fá þessa mikilsverðu viðurkenningu höfum við orðið að fórna nokkru, en aðeins í bili. Eftir því sem þróunin verður í þessum málum og eftir því sem fært þykir, munum við Íslendingar halda áfram að vinna að útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Ef til ágreinings kemur, munum við flytja mál okkar fyrir þeirri stofnun, sem á að skera úr um það, hvort rétt sé að farið í samskiptum þjóða. Getur varnarlaus þjóð vænzt betra hlutskiptis? Sigurinn í landhelgismálinu er m. a. í því fólginn, að sá aðilinn, sem við höfum staðið í illdeilum við, hefur nú fallizt á að hlíta samkvæmt dómsúrskurði réttum lögum, ef til ágreinings kemur, í stað þess að beita okkur valdi.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum. Með tilvísun til þess, sem ég hef nú gert nokkra grein fyrir, og aðgerða ríkisstj. yfirleitt tel ég, að henni hafi vel tekizt að leysa verkefnin, og legg því til, að till. á þskj. 432 um vantraust á ríkisstjórnina verði felld.

Björn Jónsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Í síðustu tvennum alþingiskosningum gengu þeir fóstbræðraflokkar, sem nú fara með stjórn í landinu, fram fyrir þjóðina með mörg og fögur loforð letruð á skildi. Hin helztu voru þessi: Aukin þjóðarframleiðsla og bætt lífskjör. Verðstöðvun án nýrra skatta. Samstarf stéttanna og trygging vinnufriðar. Stöðvun skuldasöfnunar við útlönd. Hallalaus ríkisbúskapur. Og síðast, en ekki sízt, að í engu yrði hvikað frá yfirlýstri 12 mílna fiskveiðilögsögu og sótt fram til friðunar alls landgrunnsins fyrir erlendri ágengni. Knappur meiri hluti kjósenda trúði á heilindin að baki þessara loforða og veitti flokkunum, sem þau gáfu, valdaaðstöðu í þeirri trú, að þau yrðu efnd. Loforðin annars vegar og traust kjósenda á þeim hins vegar voru því hin óumdeilanlega forsenda fyrir völdum núv. ríkisstj.

Hér og nú er um það fjallað, hvort þessi forsenda sé lengur fyrir hendi eða ekki. Sé hún brostin, ber ríkisstj. að víkja, annaðhvort sjálfviljugri eða fyrir ákvörðun Alþingis, og leggja verk sín öll undir þjóðardóm í nýjum kosningum, eins og stefnt er að með vantrauststillögu okkar stjórnarandstæðinga.

Við hverfum að loforðalistanum frá 1959 og spyrjum: Hefur þjóðarframleiðslan vaxið? Hafa lífskjörin batnað? Hvað er það, sem við blasir í þessum efnum? Í fyrsta lagi það, að stefna aukinnar framleiðslu hefur verið brotin á bak aftur og tekin hefur verið upp harðvítug samdráttarstefna á öllum sviðum atvinnulífsins. Í öðru lagi, að vinnustéttunum er ætlaður og skammtaður stór-

fellt minni hlutur í þjóðartekjunum en áður, lífskjör þeirra skert meira en nokkur dæmi eru til á síðari tímum. Það hefur komið í ljós eftir kosningar, að flokkarnir, sem hétu þjóðinni að leiða hana inn á braut batnandi lífskjara og aukinnar framleiðslu, byggja stefnu sína á þeirri hugmyndafræði, að aukin framleiðsla, aukin öflun lífsgæða sé síður en svo nokkurt aðalatriði til lausnar á vandamálum þjóðfélagsins, heldur jafnvel hið gagnstæða. Það er ekki von, að vel fari, þegar sigit er eftir slíkum leiðarmerkjum, enda afleiðingarnar eftir því, sem til er stofnað.

Í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, er ástandið í dag þannig, að nýting framleiðslutækjanna hefur aldrei verið minni. Í hraðfrystihúsum landsins hafa verið framleidd um og yfir 40% af öllu útflutningsverðmæti þjóðarinnar. Síðustu mánuði fyrra árs stóðu nær öll þessi frystihús ónotuð, meðan togararnir sigldu með afla sinn óunninn á erlendan markað og seldu hann á minna en hálfvirði þess, sem fæst fyrir unna vöru, og enn nú á hávertíðinni er slagbröndum slegið fyrir sum þeirra, en önnur vinna stopult og slitrótt. Í dag liggur meira en fimmti hluti togaraflotans aðgerðalaus, en gjaldþrot og stöðvun vofir yfir verulegum hluta þess, sem enn er gerður út. Bátaflotinn hefur legið í höfnum inni stóran hluta vetrarvertíðarinnar. Á s. l. ári minnkaði sá hluti fiskaflans, sem unninn var í frystihúsum, um 17%, en á sama tíma þrefaldaðist útflutningur óunnins fisks. Enginn vafi leikur þó á, að hér er aðeins um upphaf geigvænlegrar þróunar að ræða, — þróunar, sem hlýtur að valda alvarlegu atvinnuleysi fyrr en varir og um leið stórminnkandi þjóðartekjum. Það liggur ljóst fyrir, að í kjölfar svikanna í landhelgismálinu á að ýta öllum togaraflotanum og stærri fiskibátum til siglinga með afla sinn til Bretlands og Vestur-Þýzkalands mestan hluta ársins, en um leið hrynur ein sterkasta stoð fiskiðnaðarins, sem verið hefur undirstaðan í vaxandi þjóðarframleiðslu á undanförnum árum. Þannig á að hrinda okkur á ný niður á stig nýlenduþjóða, á sama tíma og aðrar þjóðir Vestur-Evrópu banna með lögum að flytja út óunnin hráefni, sem vel eru fallin til iðnaðar í þeim löndum sjálfum.

Í landbúnaði og iðnaði er á hliðstæðan hátt stefnt að samdrætti. Á s. l. ári varð þessi samdráttur þó ekki eins geigvænlegur og auðsætt er að hann verður framvegis, ef sömu stefnu er fylgt, vegna þess að þá naut enn að nokkru áhrifa af framleiðslustefnu vinstri stjórnarinnar. En hitt liggur augljóst fyrir, að gengisfelling, vaxtaokur, lánahömlur og þverrandi kaup- og framkvæmdamáttur mun á því ári, sem nú er að líða, stöðva með öllu aukna framleiðslu þessara atvinnugreina og *víða minnka hana stórkostlega*. Við þörfnumst stöðugrar aukningar í framleiðslu landbúnaðarins, en bændum er hún nú raunverulega bönnuð. Við þurfum að auka húsakost þjóðarinnar um 1300—1500 íbúðir á ári. Aðeins til þess að geta mætt eðlilegri fólksfjölgun þurfum við að byggja upp húsakost og atvinnutæki, sem svarar til þess, að Akraneskaupstaður væri byggður frá grunni á tæpu ári eða Akureyri á rúmlega tveimur árum. Við þörfnumst vaxandi iðnaðar til innanlandsþarfa til þess að geta búið sómasamlega að vaxandi þjóð.

Á öllum þessum sviðum er nú verið að stöðva eðlilega þróun. Í stað þess að við höfum á undanförnum árum þrátt fyrir allt aukið raunverulega þjóðarframleiðslu um 6.3% árlega að meðaltali og þannig skapað skilyrði fyrir bættum launakjörum, þótt okkur hins vegar hafi ekki notazt þau skilyrði vegna áhrifavalds afturhaldsafla á Alþingi og í ríkisstjórnum og vegna skorts á heildarstjórn þjóðarbúsins, er nú að renna upp tímabil minnkandi þjóðarframleiðslu. Þannig er ekki einasta verið að gera þjóðina alla fátækari, heldur er jafnframt verið að stofna til þeirrar skuldasöfnunar, sem bindur þjóðinni í framtíðinni þunga fjötra um fætur. *Ef við byggjum í ár eða á næsta ári 1000 færri íbúðir en eðlileg þörf er fyrir, látum byggingariðnaðarmenn okkar ganga atvinnulausa, þá erum við að safna skuldum*, sem greiða verður á sínum tíma, þegar hin aðþrengda þörf brýzt fram. Sama gildir auðvitað um allar aðrar nauðsynjaframkvæmdir, sem nú eru í helgreipum samdráttarstefnunnar. Þetta er skuldasöfnun þeirrar tegundar, að hún svarar nákvæmlega til þess, að lán sé tekið, en andvirðinu sé hent í skólpræsið.

Þannig höfum við fengið miskunnarlausustu samdráttarstefnu í stað stefnu aukinnar framleiðslu, — samdráttarstefnu, sem varpað hefur verið fyrir borð jafnvel í harðsvíruðustu auðvaldslöndum og vart á sinn líka annars staðar í heiminum, nema ef vera skyldi hjá Salazar hinum portúgalska. Þessi stefna gat því aðeins hafizt til vegs, að um leið væri gengið hröðum skrefum aftur á bak eftir þeim vegi til bættra lífskjara, sem stjórnarflokkarnir lofuðu 1959 að genginn yrði fram á við. Því var það fyrsta verk ríkisstj. að framkvæma slíka kaupskerðingu vinnustéttanna, að kaupmáttur þeirra hefur, frá því er viðreisnin hófst, minnkað svo, að laun þyrftu nú að hækka um 17%, til þess að þau jafngiltu launum eins og þau voru við valdatöku hennar, en um 24%, ef reiknað er með kaupráninu öllu í tíð núv. stjórnarsamstarfs, allt miðað við opinbera útreikninga stjórnarvaldanna sjálfra, sem segja þó ekki nema hálfa sögu. Þannig hefur leiðin til bættra lífskjara reynzt vinnustéttunum.

Einn áfanginn á þeirri leið átti að verða verðstöðvun án nýrra skatta. En í stað þess loforðs Alþfl. var hellt yfir þjóðina gengisfellingu, sem hækkaði gjaldeyrisverð erlends neyzluvarnings eins um 570 millj. kr.

En skattahækkanir höfum við þó ekki fengið — eða hvað?

Árið 1958 námu allir skattar og tollar til ríkissjóðs 637 millj. kr. Það var síðasta fjárlagaár vinstri stjórnarinnar. En á öllu viðreisnarárinu 1961 er fyrirhugað að innheimta 1268 millj. kr. í sköttum *og tollum eða því sem næst nákvæmlega 100% hærri* upphæð en 1958, á sama tíma og launin eru stórlækkuð.

En er þá ekki fulltryggt, að búskapur ríkissjóðs sé rekinn hallalaust, sem talið var algert sáluhjálparatriði? Ekki verður með vissu sagt um útkomu ársins 1960, því að henni hefur verið haldið leyndri til þessa, en hitt vita allir hv. alþm., að stórfelldur hallarekstur er fyrirsjáanlegur á þessu ári. Skattheimta til ríkissjóðs hvílir nefnilega á kaupgetu almennings að langmestu leyti, og þegar

hún þverr, eins og til hefur verið stofnað nú, er aðeins tvennt fyrir hendi: hallarekstur eða ný skattpíning, sem aftur rýrir kaupmáttinn og svo koll af kolli, meðan helstefnan er ekki brotin á bak aftur.

Aðaltilgangur og um leið höfuðafsökun fyrir viðreisninni var sú, að þjóðin hefði á síðari árum lifað um efni fram, hún hefði safnað slíkum skuldabyrðum erlendis, að þjóðarvoði væri fyrir dyrum, ef ekki væri spyrnt við fótum, sultarólin hert að almenningi og lántökur stöðvaðar. Skyldi byrði erlendra skulda og skuldbindinga þá ekki hafa létzt geysilega, síðan ráðdeildarflokkarnir tóku við? Jú, hún hefur létzt þannig, að raunveruleg gjaldeyrisstaða okkar hefur versnað um meira en 1000 millj. kr., síðan þeir tóku við völdum, og aðeins á s. l. ári einu — fyrsta viðreisnarárinu — um á sjöunda hundrað millj. króna, þótt stutt vörukaupalán séu þar ekki meðtalin, en líklegt er, að þau nemi 100—200 millj. kr. Hið óhugnanlegasta við þessa þróun er þó ekki upphæð skuldanna sjálfra, heldur þær staðreyndir, að sáralítill hluti þessarar gífurlegu aukningar hefur farið til gjaldeyrisaflandi framkvæmda og að þjóðin þess vegna og vegna samdráttarstefnunnar er nú miklu verr fær um að standa undir þessum byrðum en þeim, sem hún áður þurfti að axla.

Núv. ríkisstj. hafði skamma hríð setið að völdum, þegar hún hafði svikið öll sín heit, hvert einasta eitt, nema eitt: það að halda fast á rétti þjóðarinnar í landhelgismálinu. Í lengstu lög vonuðu menn, að það færi ekki sömu leiðina og öll hin. En einnig sú von hefur orðið sér til skammar. Hún og allt þinglið hennar hefur nú rifið í tætlur yfirlýsingu Alþingis frá 5. maí 1959 um það að hvika ekki frá 12 mílna fiskveiðilögsögunni frá grunnlínum umhverfis landið. Hinir sömu hafa rofið orð sín og eiða frá kosningunum 1959 um, að þeir skyldu standa fast á þeirri yfirlýsingu og þeim rétti, sem þjóðin hafði aflað sér til fiskimiða sinna, gengið þvert gegn margyfirlýstum vilja þjóðarinnar, eins og hann hefur mótazt í algerri þjóðareiningu í 3 ár, þverbrotið íslenzk lög og rétt með raunverulegu afnámi landgrunnslaganna frá 1948, allt í þeim tilgangi að hleypa 200—300 brezkum togurum til veiða árið um kring innan íslenzkrar landhelgi og í kjölfar þeirra hverjum erlendum veiðiskipum sem hafa vilja næstu þrjú árin a. m. k., en jafnframt tekið sér vald, sem engin ríkisstj. hefur, til þess að afsala öldum og óbornum Íslendingum réttinum til þess að taka sjálfir ákvarðanir um verndun fiskimiðanna, sem þjóðin byggir efnalegt sjálfstæði sitt á, — afsala honum í hendur erlends dómsvalds, erlends valds. Og loks var valdníðslan fullkomnuð með því að synja þjóðinni að fá að útkljá málið með þjóðaratkvæði. Einnig þá lágmarkskröfu til pólitísks siðgæðis reyndist ríkisstj. um megn að uppfylla.

Góðir tilheyrendur. Lýðræðislegar forsendur fyrir völdum þeirrar ríkisstj., sem hér er borin vantrausti, eru brostnar. Ríkisstjórnarflokkarnir höfðu að baki sér aðeins 54% atkv. við síðustu kosningar. Það var meðan einhver gat trúað loforðunum, sem þeir þá gáfu þjóðinni. Um það er ekki lengur að ræða. Þau hafa verið svikin öll sem eitt. Stjórnarstefnan — viðreisnin — hefur beðið algert skipbrot. Í stað öruggs rekstrar atvinnuveganna, sem hún var sögð mundu skapa, er svo komið höfuðatvinnuveginum, að ekki gengur þar á öðru en rekstrarstöðvunum og hvers konar reiðileysi. Í öðrum atvinnugreinum þjóðarinnar er stórfelldur samdráttur ýmist yfirvofandi eða þegar skollinn yfir. Atvinnuleysis er þegar farið að gæta. Síminnkandi kaupmáttur almennings eykur á samdrátt framleiðslu og framkvæmda og gagnkvæmt. Eðlileg fjármagnsmyndun í formi sparifjár fer síminnkandi. Hallarekstur er fyrirsjáanlegur á ríkisbúskapnum, þrátt fyrir tvöföldun skattheimtu á þrem árum. Stefna minnkandi framleiðslu er að leiða þjóðina í hreinan og vísan voða með stórfelldari skuldasöfnun erlendis en nokkru sinni áður hefur átt sér stað. Og loks er undirstaða efnahags okkar — fiskimiðin — ofurseld erlendum ránskap og rányrkju.

Að þessum afbrotum öllum frömdum gegn íslenzku þjóðinni hefur ríkisstj. svo í hótunum um miskunnarlaust stríð við láglaunafólk landsins, sem allar þessar aðgerðir samanlagðar hafa leikið svo, að það á nú um enga leið að velja aðra en þá að fá hlut sinn bættan með hækkuðum launum, og skirrist ekki við að lýsa því yfir, að hún muni rifta öllum þeim samningum, sem um slíkt eru gerðir, með nýrri gengisfellingu, nýju dýrtíðarflóði. Slíkar hótanir ofan á allt annað munu vissulega ekki hræða íslenzkar vinnustéttir frá því að brjóta af sér þá fjötra hrakandi lífskjara, sem nú er verið að reyna að læsa þær í. En þær munu verða þeim og öllum frjálslyndum Íslendingum, hvar sem þeir hafa áður í flokki staðið, hvöt til þess að sameinast um þá kröfu, að ríkisstjórnin víki, víki frá þeim völdum, sem hún nú fer með í andstöðu við mikinn meiri hluta þjóðarinnar. Og það er líka sú eina krafa, sem héðan af verður til hennar gerð.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Mikill meiri hl. þjóðarinnar hefur í dag ríka ástæðu til að lýsa vantrausti sínu á hæstv. ríkisstj. og stefnu hennar. En enginn hópur manna hefur þó ríkari ástæðu til þess en launþegarnir og þá sérstaklega hinir lægst launuðu. Fyrir þá og þeirra framtíð er það beinlínis fyrir öllu, að stjórnin verði knúin til að breyta um stefnu eða fari frá völdum ella. Svo grátt hefur viðreisnarstefna hennar leikið þetta fólk. Ofan á kaupránið 1959 var skellt nýju dýrtíðarflóði með gengislækkunarlögunum í fyrravetur. Allt verðlag snarhækkaði og hækkaði meira í einum áfanga en nokkur dæmi eru til um áður. En þó voru settar rammar skorður fyrir hækkun á einu sviði. Kaupgjald mátti ekki hækka, hvað sem verðlaginu leið. Samningafrelsi verkalýðshreyfingarinnar var skert. Með lagaboði voru afnumin úr frjálsum samningum verkalýðsfélaganna þau ákvæði, að kaup skyldi greitt eftir vísitölu. Á þennan hátt hefur verið framkvæmd stórfelld kauplækkun, — kauplækkun, sem nemur kr. 3.50 á klst. fyrir verkamann á lágmarkskaupi Dagsbrúnar eða 730 kr. á mánuði, og er þá aðeins miðað við, hvað vísitalan segir um hækkanir á vöruverði, og ekki reiknað með kaupráninu 1959. Svo getur hver og einn lagt niður fyrir sér, hvað hann muni fá til baka á mánuði

í auknum fjölskyldubótum eða skattalækkunum, sem fyrst og fremst voru gerðar fyrir hátekjumenn og atvinnurekendur. Þessu til viðbótar hefur svo viðreisnarstefna ríkisstj. leitt til samdráttar í atvinnu- og viðskiptalífinu, og af þeim sökum hafa atvinnutekjur margra manna stórlækkað, t. d. vegna þess, að eftirvinna hefur verið lögð niður, og hér í Reykjavík hafa verkamenn í vetur kynnzt atvinnuleysinu á ný í fyrsta sinn um mörg ár.

Allt þetta hefur leitt til þess, að kaupgeta almennings hefur minnkað til mikilla muna. En minnkandi kaupmáttur leiðir svo aftur af sér aukinn samdrátt, og ætti þá að vera fullljóst, hvert stefnir, verði ekki að gert.

Það er deginum ljósara, að slík stjórnarstefna þjónar ekki hagsmunum hins almenna manns í landi okkar, enda forskriftin gefin af erlendu fjármálavaldi. Til að framkvæma þessa stefnu sína verður ríkisstj. að halda fullan frið við þetta útlenda vald, og hún verður að eiga greiðan aðgang að miklu erlendu fjármagni. Þegar við höfum þetta í huga, eru svikin í landhelgismálinu ekki neinum ráðgáta. Uppgjöfin fyrir ofbeldisaðgerðum Breta og afsal á sjálfsákvörðunarrétti okkar um frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar í hendur erlends valds, þetta síðasta afrek hæstv. ríkisstj. hlaut að koma. Það er rökrétt og óhjákvæmileg afleiðing sjálfrar stjórnarstefnunnar. Og þannig mun halda áfram að siga á ógæfuhliðina, verði ekki snúið við í tíma.

Kaupgjald má ekki hækka, þá er viðreisnin búin að vera, segir ríkisstj., og þetta virðist orðin eins konar trúarjátning hennar. En það er hægt að fullvissa ríkisstj. um, að þessi stefna hennar fær ekki staðizt, og ætti henni raunar þegar að vera það fullljóst. Verði þessari stefnu haldið til streitu, leiðir hún til nýrra stórátaka milli stéttanna. Á þessum vetri hafa þegar orðið framleiðslutafir og stöðvanir af þessum sökum, og það eru ekki aðeins sjómenn og verkafólk, sem hefur viljað fá hlut sinn bættan, heldur hafa bátaútvegsmenn einnig fundið sig til knúna að beita stöðvun til að rétta sinn hag.

Að sjálfsögðu hefur verkalýðshreyfingin mótmælt þessari kauplækkunarstefnu og sett fram kröfur sínar um bætt kjör. Og það eru ekki aðeins verkalýðsfélög undir stjórn vinstri manna, sem þetta hafa gert, heldur einnig félög, sem lúta stjórn manna úr ríkisstjórnarflokkunum. Má þar til nefna Iðju í Reykjavík, Verkakvennafélagið Framsókn o. fl. Öll hafa þessi félög gert kröfur um hækkað kaup, styttan vinnutíma og annað fólki sínu til handa. Ég fæ ekki séð, að ríkisstj. hafi neina ástæðu til að ætla, að stjórnum þessara félaga sé ekki full alvara, þegar þær bera fram þessar kröfur. Eða heldur hún kannske, að hér sé um *sýndarleik* að ræða? Nei, auðvitað ekki. Fólkið í verkalýðsfélögunum er til knúið að bera fram kröfur sínar og fylgja þeim eftir. Kröfur þessara félaga sem annarra eru auðvitað fullkomið vantraust á gerðir og stefnu ríkisstj. Það er vantraust fólksins í landinu, sem nú er flutt hér inn í þingsalina.

Þegar ríkisstj. hefur beinlínis stofnað til þess, að hér verði stórfelld stéttaátök, sjáum við daglega í blöðum hennar, að verkalýðshreyfingin er sökuð um að vilja stofna til verkfalla, og nú er eftirlætisslagorð þessara sömu blaða: Kjarabætur án verkfalla. Látið er liggja að því, að verkalýðshreyfingin vilji umfram allt fá verkföll og sé á móti kjarabótum án þeirra. Auðvitað er þetta hinn herfilegasti rógur. Verkalýðsfélögin beita aldrei verkfallsvopninu, fyrr en allar aðrar leiðir eru lokaðar, og þessari ríkisstj. hefur verkalýðshreyfingin sýnt alveg eindæma þolinmæði og gefið henni öll tækifæri til að sýna stefnu sína í framkvæmd. Jafnhliða kröfum sínum um hækkað kaup hefur verkalýðshreyfingin gert þá kröfu til ríkisstj., að hún geri ráðstafanir til lækkunar á vöruverði og annað, er mætti verða til þess að auka kaupmátt launanna. Því hefur margsinnis verið lýst yfir, að verkalýðshreyfingin muni meta hverja slíka ráðstöfun til jafns við kauphækkun. Í októbermánuði á s. l. hausti óskaði stjórn Alþýðusambandsins eftir að ræða þetta efni við ríkisstj. Viðræður fóru fram 3. nóv. Við fengum þá engin svör, en var lofað framhaldi viðræðnanna og að næsti fundur skyldi boðaður. Röskir fjórir mánuðir eru síðan liðnir, og enn hefur ríkisstj. ekki boðað til næsta fundar. Þetta á sjálfsagt að sanna áhuga hennar fyrir kjarabótum án verkfalla.

Nú hefur samninganefnd Dagsbrúnar og nokkurra annarra verkalýðsfélaga annars vegar og samninganefnd Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar óskað *sameiginlega eftir viðræðum* við ríkisstj. um sama efni, og á sá fundur að verða í fyramálið, og vonandi stendur nú ekki á svörum.

Stefna ríkisstj. í kaupgjaldsmálunum hefur egnt atvinnurekendur til hatrammrar andstöðu gegn hógværum og sjálfsögðum kröfum verkalýðsfélaganna. Kröfum Dagsbrúnar og annarra félaga um, að kaup verkamanna hækki úr 992 kr. á viku í 1180 kr., svöruðu þeir með því að fullyrða, að kaup gæti ekkert hækkað, og lýstu ábyrgð á hendur þeim, sem til þess hvettu. Kannast menn við síðferðið? Fyrst er hinn saklausi rændur, og þegar hann ber hönd fyrir höfuð sér og leitar réttar síns, lýsir ræninginn ábyrgð á hendur honum. Síðan hafa þeir enn sótt í sig veðrið og boðið samninga, sem fela í sér stórskert kjör frá því, sem nú er. Þeir ættu sjálfir, þessir herrar, og raunar hæstv. ráðh. einnig að reyna að lifa af 990 kr. á viku. Það væri býsna fróðlegt að sjá, hvernig þeim tækist það.

Fyrir nokkrum dögum gat að lesa í leiðara Morgunblaðsins, að 2—3% árleg aukning þjóðarteknanna væri eðlileg og þá ætti verkalýðurinn fullan rétt á kjarabótum. Látið er í það skína, að þessi aukning sé ekki aldeilis til staðar hér. Sannleikurinn er þó sá, að á árunum frá 1948 til 1958 hefur verðmæti þjóðarframleiðslunnar á verðlagi ársins 1954 aukizt á hvern íbúa að meðaltali um 3.5% á ári og sennilega mun meira síðustu fimm árin. Á sama árabili hefur kaup verkamanna lækkað, miðað við verðlag. Hlutdeild þeirra í aukningu þjóðarteknanna er því minni en engin. Þar hafa aðrir fleytt rjómann. Það er því hverju orði sannara, sem Morgunblaðið segir í þessu efni: Verkalýðurinn á fullan rétt á kauphækkun og kjarabótum.

Kjörum verkafólks er nú svo komið, að ekki verður við unað. Þetta vita allir og viðurkenna, og ræður þar litlu um, hvaða stjórnmálaskoðanir

menn hafa. Þetta ætti ríkisstj. einnig að gera sér ljóst hið allra fyrsta og beita sér fyrir samningum við verkalýðsfélögin, samningum um kjarabætur án verkfalla. Geri hún þetta ekki, fær hún ekki lengi umflúið endanlegan áfellisdóm þjóðarinnar, því þótt peningavaldið, sem hún styðst við, sé sterkt, eru þó hinir mörgu og smáu sterkasta aflið í þjóðfélagi okkar, þegar þeir fylkja sér saman, og það munu þeir nú gera.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Stjórnarandstöðubandalag Framsóknar og kommúnista hefur borið fram vantraust á núv. ríkisstj. Má segja, að þetta vantraust komi úr hörðustu átt, þar sem ríkisstj. hefur orðið að leysa ýmis þau vandamál, sem kommúnistar og framsóknarmenn vantreystu sjálfum sér til að leysa í tíð vinstri stjórnarinnar.

Árið 1959 sat minnihlutaríkisstj. Alþfl. að völdum. Þeirri stjórn tókst það, sem öðrum hafði mistekizt áður, en það var að stöðva víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds innanlands. Henni tókst m. ö. o. að leiða þjóðina á braut af barmi hengiflugsins, þar sem uppgjafarforinginn Hermann Jónasson hafði skilið hana eftir. Þótt stöðvunarstefna Alþfl. bæri þannig mikinn og góðan árangur, var þó ekki nema hálfur vandinn leystur. Eftir var að stöðva hina hraðvaxandi skuldasöfnun við útlönd, sem átt hafði sér stað, eftir að Marshallaðstoðin hætti og tekjur af varnarliðinu drógust saman.

Það varð hins vegar hlutverk núv. ríkisstj. að leysa þetta vandamál. Lausn þessa verkefnis hafði verið vanrækt árum saman, og var því málið orðið brýnt og mjög erfitt viðfangs. Það, sem gerði málið þó leysanlegt, var, að ríkisstj. Alþfl. hafði áður tekizt að stöðva alveg víxlhækkanir launa og vöruverðs innanlands.

Öllum er kunnugt, hvernig núv. ríkisstj. hefur ráðið fram úr þeim efnahagsvandamálum, sem hennar biðu. Það var gert með hinum umfangsmiklu efnahagsráðstöfunum, sem framkvæmdar voru á s. l. ári, en þær voru fólgnar í gengisbreytingu, skattabreytingu, vaxtabreytingu, breytingu á útlánareglum bankanna, auknum almannatryggingum og ýmsu fleira.

Að því er breytingar á skattakerfinu varðar, hafa kommúnistar og framsóknarmenn sífellt verið að klifa á því, að þar hafi fyrst og fremst verið um ívilnanir til hátekjumanna að ræða. Ég vil í þessu sambandi taka fram, að þegar tekjuskattsfrv. var til meðferðar á Alþingi í fyrra, kom ekki fram í þinginu ein einasta till. frá kommúnistum eða framsóknarmönnum um að hækka skatt á hátekjumönnum frá því, sem frv. gerði ráð fyrir að hann væri.

Nú kynni margur að spyrja: Getur það samrýmzt stöðvunarstefnu Alþfl. að taka þátt í gengisbreytingunni og þeim verðlagshækkunum, sem af henni hefur leitt? Hefur Alþfl. ekki brugðizt stöðvunarstefnu sinni með þessu athæfi, eins og andstæðingar hans gjarnan vilja halda fram? Við skulum athuga þetta mál nokkru nánar.

Norski verkalýðshagfræðingurinn Per Dragland, sem rannsakaði ástand íslenzkra efnahagsmála á s. l. sumri á vegum samstarfsnefndar launþega, segir m. a. svo í skýrslu sinni: „Allt fram að þessu hafa erfiðleikarnir verið faldir með erlendum lántökum. Á þennan hátt hefur landið nálgazt það mark fet fyrir fet, að allir lánamöguleikar væru tæmdir, og þá hlaut breyt. að koma, hvort sem þjóðin vildi eða vildi ekki. Einnig án þessara aðgerða mundu lífskjör almennings brátt hafa versnað.“

Af þessum orðum Draglands er ljóst, að verðhækkanir og kjaraskerðing eru ekki afleiðing efnahagsráðstafananna í fyrra, heldur afleiðing vanstjórnar á íslenzkum efnahagsmálum allt frá stríðslokum. Aðgerðirnar í efnahagsmálum árið 1960 voru annars vegar viðurkenning á ómótmælanlegum staðreyndum, og hins vegar margbætt og bauhugsuð tilraun til að forða þjóðinni frá sams konar vandamálum í náinni framtíð. Þær vöruverðshækkanir, sem átt hafa sér stað, eru í meginatriðum sama eðlis og verðhækkanir á framleiðsluvörum hjá atvinnufyrirtæki, sem um langan tíma hefur selt framleiðslu sína undir kostnaðarverði, en haldið sér uppi með því að safna sífellt vaxandi skuldum hjá viðskiptabanka sínum.

Þegar húsfreyjur fara í verzlanir og verða þess varar eftir gengisbreytinguna, að pakkinn af kaffi hefur t. d. hækkað um 2 kr., parið af skóm hefur hækkað um 150 kr. og metrinn af lérefti um 20 kr., þá er eðlilegt, að þær spyrji, hvert þetta fé hafi runnið, sem þær þurfa nú að borga fyrir vörurnar umfram það, sem áður var, og hvort það séu ekki einhverjir aðilar í þjóðfélaginu, er hagnist sem þessu nemur. Svarið er, að meginhlutanum af þessu fé er varið til þess að draga úr söfnun gjaldeyrisskulda erlendis, en nokkrum hluta þess er einnig varið til þess að bæta hag síldarútvegsins og togaraútgerðarinnar, en þessar tvær greinar útflutningsframleiðslunnar voru afskiptar á tímum uppbótakerfisins. Þrátt fyrir þessa leiðréttingu stendur togaraútgerðin í dag samt mjög höllum fæti vegna einstaks aflabrests. Þann aflabrest hefur stjórnarandstaðan þó ekki viljað viðurkenna, sem ekki er heldur von, þar sem það er grundvallarregla hjá stjórnarandstöðunni að viðurkenna aldrei staðreyndir.

Efnahagsráðstafanirnar á s. l. ári voru umfangsmeiri og róttækari en áður hafði tíðkazt, og með þeim var á ýmsan hátt leitað nýrra ráða. Um þær var ekki hægt að viðhafa hin fleygu orð eins af ráðh. vinstri stjórnarinnar, sem sagði: „Eru þá engin úrræði til nema gömlu íhaldsúrræðin.“ Flestar efnahagsráðstafanir undanfarins áratugs höfðu haft allmiklar verðhækkanir í för með sér. Gallinn við þær var hins vegar sá, að þegar beinar hækkanir voru komnar fram, var ekki spyrnt við fótum, heldur hélt verðbólguþróunin áfram. Það hlaut því að vera höfuðmark efnahagsráðstafana núv. ríkisstj. að sjá til þess, að svona færi ekki á nýjan leik. Af þeim sökum var gripið til þeirra ráða að hækka vexti, afnema vísitöluuppbætur á kaup, setja ströng verðlagsákvæði og takmarka útlán bankanna, og það mun sýna sig, að þessi ráð skulu duga, ef kommúnistum og framsóknarmönnum tekst ekki að sprengja upp verðlagið með óhóflegum kaup- og kjarakröfum í verkalýðsfélögunum.

Því er oft haldið fram, sem eðlilegt er, að bezta ráðið til þess að bæta kjör launþega sé að auka framleiðsluna. Þetta er vissulega alveg rétt. Á

hinn bóginn megum við ekki gleyma því, að framleiðslan hefur sífellt verið að aukast s. l. 15 ár, án þess að launþegar almennt hafi af þeim sökum hlotið neinar raunhæfar kjarabætur. Ástæðan er sú, að framleiðsluaukningin hefur verið fengin fram með óhagsýnni og óhóflegri fjárfestingu, sem hefur ekki bætt rekstrarafkomu atvinnuveganna, enda hefur markmiðið með fjárfestingunni í aðra röndina verið að skapa aðstöðu til að afla sér verðbólgugróða. Það var því nauðsynlegt að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi framleiðsluaukningu á heilbrigðari grundvelli en áður. Sú framleiðsluaukning mun færa þjóðinni bætt kjör.

Að hinu verður svo að hyggja, að þær reglur hafa lengi gilt með þjóðinni, að þegar láglaunafólkið fær kjarabætur, hafa landbúnaðarafurðir sjálfkrafa hækkað í verði og aðrar launastéttir þjóðfélagsins, sem við betri kjör búa, hafa strax á eftir fengið samsvarandi bót á sínum kjörum. Með þessu eru kauphækkanir hjá verkamönnum og verkakonum látnar hafa óeðlileg hækkunaráhrif í þjóðfélaginu. Það hlýtur því að verða eitt af þýðingarmestu hlutverkum verkalýðssamtakanna á næstu árum að fá þetta kerfi afnumið, svo að láglaunastéttunum verði sköpuð tækifæri til að bæta afkomu sína hlutfallslega meira en öðrum stéttum og að kjarabætur láglaunamanna geti átt sér stað, án þess að allt verðlagskerfi þjóðarinnar fari úr skorðum.

Framsfl. hefur ekki markað sér neina skýra stefnu í efnahagsmálum aðra en þá að vera alltaf á móti því, sem ríkisstj. gerir. Þó skilst manni helzt, að Framsfl. vilji vinna að eftirfarandi:

1) Að kaup verkafólks og annarra launþega verði hækkað til þess að bæta kjör þess.

2) Að verðlag á landbúnaðarvörum hækki til að bæta kjör bænda.

3) Að leyfð verði hærri verzlunarálagning, en fyrir þessu berjast Sambandið og kaupfélögin mjög eindregið við hlið kaupmanna. Þetta á að verða til að bæta hag þeirra, sem hafa atvinnu af verzlun.

4) Að útlán bankanna verði aukin, útlánsvextir lækkaðir, án þess að samsvarandi lækkun innlánsvaxta eigi sér stað. Þetta mun eiga að vera til að bæta hag atvinnuveganna.

Þessa stefnu sína kallar Framsfl. alhliða uppbyggingarstefnu eða alhliða framfarastefnu, og með slíkum ráðstöfunum hyggst hann geta bætt hag allra. Að vísu gerir Framsfl. ekki grein fyrir því, á hverju þessar ráðstafanir hlytu að grundvallast, en það er þó augljóst mál. Það yrði gert með því einu móti að prenta fleiri seðla. Stefna Framsfl., ef svo skyldi kalla, er því sannkölluð seðlaprentunarstefna.

Þessar hugleiðingar um Framsfl. leiða hugann ósjálfrátt vestur um haf, til Ameríku. Í Bandaríkjunum er nýlega tekinn við völdum ungur, vinsæll og mjög dugandi forseti, Kennedy að nafni. Tíminn hefur undanfarið skrifað mjög mikið um Kennedy forseta eins og fleiri blöð og komizt að þeirri niðurstöðu, að hann og flokksmenn hans væru nánast framsóknarmenn. Að vísu getur þetta ekki verið alveg rétt, því að í Bandaríkjunum er ekki til neinn flokkur, sem er hlynntur kommúnistum, boðar til opinberra funda með þeim og telur þá hina eftirsóknarverðustu samstarfsmenn. En það er hægt að benda á annan forseta í Ameríku, sem er miklu fremur skoðanabróðir framsóknarmanna. Í Brasilíu sat að völdum forseti, sem hafði við ýmiss konar efnahagsörðugleika að glíma, en leysti þau vandamál alltaf með því móti að láta prenta fleiri og fleiri seðla. Í forsetatíð hans óx verðbólgan um 50% á ári hverju í Brasilíu. Fyrir nokkrum vikum hröklaðist hann svo frá völdum við litinn orðstír.

Alþfl. hefur markað sér þá stefnu í verkalýðsmálum, að verkalýðsfélögin eigi að vera baráttutæki verkamanna og annarra launþega, þar sem menn með mismunandi stjórnmálaskoðanir eigi að geta unnið saman að stéttarlegum hagsmunamálum. Á hinn bóginn hefur Alþfl. fordæmt pólitíska misnotkun verkalýðsfélaganna, sem kommúnistar öðrum fremur hafa gerzt sekir um. Alþfl. telur það ekki hlutverk verkalýðshreyfingarinnar að styðja eða fella ríkisstj., heldur eigi verkalýðssamtökin að hafa samvinnu við sérhverja ríkisstj. um að sjá hag launþega sem bezt borgið undir ríkjandi stjórnarstefnu á hverjum tíma. Fyrr á árum aðhylltist Framsfl. svipaða stefnu, en var þó yfirleitt fremur afskiptalítill um verkalýðsmál. Á árum nýsköpunarstjórnarinnar var t. d. gott samstarf í verkalýðsfélögunum milli Alþýðuflokksmanna og framsóknarmanna, en þá var Alþfl. í ríkisstj., en Framsfl. utan stjórnar. Sama er að segja um árin 1950—55, en þá sat Framsfl. í ríkisstj., en Alþfl. var utan hennar. Á síðustu árum hefur verkalýðsmálastefna Framsfl. hins vegar alveg gerbreytzt. Hefur flokkurinn þar tekið venzlamenn sína, kommúnista, mjög til fyrirmyndar. Vil ég árétta þetta með einu dæmi. Árið 1957 tóku Alþýðuflokksmenn þátt í því að mynda samfylkingu lýðræðissinna í Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, til að hnekkja valdi kommúnista í félaginu og fella Björn Bjarnason frá formennsku. Alþýðuflokksmenn fóru þess á leit við framsóknarmenn, að þeir tækju þátt í þessu bandalagi, og bentu þeim á, að öll eðlileg félagsstarfsemi innan Iðju væri í molum, stjórn Björns Bjarnasonar hefði misfarið með sjóði félagsins og héldi mörg hundruð félagsmönnum á löglausan hátt utan kjörskrár. Þetta allt viðurkenndu framsóknarmenn, en sögðu, að þetta skipti þó ekki neinu máli. Aðalatriðið væri, að Björn Bjarnason styddi ríkisstj. Hermanns Jónassonar, og þar af leiðandi hlytu þeir framsóknarmenn að styðja Björn, hvort sem hann stjórnaði Iðju vel eða illa. Síðan hafa framsóknarmenn í Iðju ávallt stutt tilraunir Björns til að ná völdum á ný, hvort heldur Björn hefur komið fram í eigin persónu eða falið sig á bak við konu.

Annað dæmi úr verkalýðsmálasögu Framsfl. mætti nefna. Í fyrra bannaði ríkisstj. verkfall flugmanna um fjögurra mánaða skeið, eins og kunnugt er. Tilgangur bannsins var tvíþættur: annars vegar að forða stórfelldu tjóni, sem verkfall þessarar fámennu stéttar mundi hafa bakað þjóðinni allri, og á hinn bóginn að koma í veg fyrir, að fáeinir menn gætu raskað þeim allsherjar vinnufriði, sem nauðsynlegur var um nokkurn tíma, til þess að efnahagsráðstafanirnar gætu borið tilætlaðan árangur. Framsóknarmenn áttu tæpast nógu sterk orð yfir fordæmingu sína á þessu verkfallsbanni. Þeir sögðu, að ríkisstj. stefndi að því að afnema verkfallsréttinn, að koma verkalýðshreyfingunni á kné.

Vík ég nú sögunni aftur til ársins 1957. Þá skipaði Hermann Jónasson, þáv. forsrh., þrjá framsóknar-

menn í nefnd til að endurskoða vinnulöggjöfina. Í nefndinni sátu Karl Kristjánsson alþm., Sveinbjörn Dagfinnsson deildarstjóri í landbrn. og Vilhjálmur Jónsson forstjóri Olíufélagsins. Nefndin sat að störfum sumarið 1957 og skilaði frá sér frv. um breytingar á vinnulöggjöfinni hinn 11. sept. um haustið. Í frv. þessu var lagt til, að allir samningar milli stéttarfélaga og vinnuveitenda skuli gilda til tveggja ára í senn og renna út samtímis 1. nóv. annað hvort ár og framlengjast í tvö ár í senn til viðbótar, ef uppsögn ætti sér ekki stað. Jafnframt var tekið fram, að allir þágildandi kjarasamningar skyldu framlengjast til 1. nóv. 1959.

Frv. þetta var aldrei lagt fyrir Alþingi, þar sem kommúnistar og Alþýðuflokksmenn neituðu að styðja það. Samþykkt frv. hefði þýtt það, að allir kjarasamningar allra verkalýðsfélaga í landinu hefðu verið bundnir frá haustinu 1957 til 1. nóv. 1959 og öll verkföll allra verkalýðsfélaga verið bönnuð á því tímabili. Þetta taldi Framsfl. eðlilegt að gera, þegar hann var í ríkisstj. Þegar þetta er athugað, getur enginn maður tekið það alvarlega, þótt Framsfl. færi hörðum orðum um það í fyrra, er ríkisstj. frestaði með lagasetningu verkfalli fámenns hóps hátekjumanna um fjögurra mánaða skeið. En þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um það, hversu gerólík stefna Framsfl. er eftir því, hvort flokkurinn er í stjórn eða utan hennar.

Það eru nokkuð margir menn hér á landi, sem standa í þeirri meiningu, að kommúnistar séu harðsnúnir forsvarsmenn verkafólks og launþega og gæti hagsmuna þeirra bezt, þeir séu mestu kröfugerðarmennirnir og dugmestir í vinnudeilum og verkföllum, því sé mests árangurs að vænta fyrir launþegana með því að fela þeim forsjá sína. Það er að vísu rétt, að kommúnistar setja jafnan fram hæstar kröfur og hvetja manna mest til verkfalla. En um árangurinn gegnir allt öðru máli. Skal ég þar benda á glöggt dæmi.

Um s. l. áramót var unnið að því að gera nýja samninga fyrir bátasjómenn og samræma kjörin í hinum einstöku verstöðvum frá því, sem verið hafði. Voru í þessu efni framkvæmdir nákvæmir útreikningar og samanburður gerður á kjörum sjómanna á hinum ýmsu stöðum. Þá kom í ljós, að kjör bátasjómanna í Vestmannaeyjum, þar sem kommúnistar hafa lengi haft forustu, voru mun lakari en kjör bátasjómanna á Suðurnesjum og á Vestfjörðum, þar sem Alþýðuflokksmenn hafa aðallega verið í fyrirsvari.

Þetta sýnir, að þar sem unnið er að kjaramálum í kyrrþey, af festu og þrautseigju, þar næst beztur árangur. Í Vestmannaeyjum hafa vinnudeilur og verkföll hjá sjómönnum verið miklu tíðari en í öðrum verstöðvum. Þrátt fyrir það voru kjörin þar lökust. Þetta stafar af því, að mörg af verkföllum kommúnista eru af pólitískum toga spunnin, en kjarabaráttan sjálf er þeim aukaatriði.

Ríkisstj. hefur nú, svo sem alkunnugt er, tekizt að leysa fiskveiðideiluna við Breta með samningi. Með þessum samningi hefur íslenzka þjóðin unnið frækilegan sigur. Sá sigur er ekki eingöngu hagsmunalegs eðlis, heldur er honum líka þann veg farið, að hróður Íslands hefur stóraukizt á alþjóðavettvangi. Alls staðar með erlendum þjóðum eru úrslitin talin mikill sigur fyrir Íslendinga og að sama skapi ósigur fyrir Breta. Það eru mikil tíðindi, þegar vopnlaus smáþjóð ber sigurorð í milliríkjadeilu af einu af stórveldum heimsins, er beitt hefur hernaðarlegu ofbeldi sér til framdráttar í deilunni. Réttur inn hefur farið með sigur af hólmi, en ofbeldið hefur látið undan. Væri það vel, ef margar milliríkjadeilur ættu eftir að leysast á þessum grundvelli í framtíðinni.

Lausn fiskveiðideilunnar felur í sér tvö meginatriði, sem eru mikill ávinningur fyrir Íslendinga. Í fyrsta lagi eru hin nýju hafsvæði, sem bætast við fiskveiðilandhelgina vegna grunnlinubreytinganna, afar þýðingarmikil fyrir fiskveiðar okkar. Við höfðum heldur enga tryggingu fyrir því að geta tileinkað okkur öll þessi svæði á næstu árum eða áratugum, ef við hefðum ekki notað okkur það einstaka tækifæri, sem bauðst til þess við lausn þessarar deilu. Þess ber líka sérstaklega að gæta, að hin nýju hafsvæði ná á ýmsum stöðum út fyrir sjálft landgrunnið, en yfirráðin yfir landgrunninu hafa verið lokatakmarkið í baráttu okkar fyrir aukinni fiskveiðilandhelgi.

Í öðru lagi er það mikill ávinningur fyrir íslenzku þjóðina að tryggja það, að allur ágreiningur um framtíðarútfærslu fiskveiðilögsögunnar verði borinn undir alþjóðadómstólinn í Haag. Með þessu skuldbinda Bretar sig til að mæta aldrei framar stækkun landhelginnar með ofbeldisaðgerðum.

Þegar við færðum út fiskveiðilögsögu okkar 1952, buðum við Bretum að láta alþjóðadómstólinn skera úr ágreiningnum, enda var sú útfærsla beinlínis grundvölluð á forsendum og niðurstöðum dómsins í landhelgisdeilu Norðmanna og Breta. Það eru vísvitandi ósannindi, sem Finnbogi R. Valdimarsson hélt fram hér í kvöld, að ekkert nýtt hefði komið fram hjá Haagdómstólnum í deilu Norðmanna og Breta. Þvert á móti kom það skýrt fram hjá dóminum, að sigur Norðmanna byggðist m. a. á efnahagslegum rökum, m. ö. o. þeirri staðreynd, að fólkið á norsku ströndinni lifði á fiskveiðum og átti því allt sitt undir því, að fiskveiðilandhelgin fengist stækkuð. Þessi ósannindi Finnboga sýna bezt málstað þeirra manna, sem nú reyna að níða alþjóðadómstólinn niður og segja í öðru orðinu, að stórveldin ráði yfir dómnum, en í hinu, að stórveldin vilji ekki leggja mál sín undir dóminn.

Bretar höfnuðu boði okkar um að leggja deiluna 1952 fyrir alþjóðadómstólinn. Þegar við svo færðum út í 12 mílurnar 1958, buðust Bretar hins vegar til að leggja málið undir úrskurð þessa dómstóls. Þessu boði höfnuðum við ekki, en töldum rétt að bíða með að taka afstöðu til þess, þar til sjóréttarráðstefnan í Genf 1960 væri afstaðin. Eftir að henni lauk, voru hins vegar fljótlega teknar upp viðræður við Breta, sem nú hefur lokið með samningi. Ef þær viðræður hefðu farið út um þúfur og Bretar byrjað að veiða hér á ný innan 12 mílna, sem líklegt má telja, tel ég mjög sennilegt, að við hefðum samþykkt að bera málið undir Haagdómstólinn. Í því efni var ekkert að óttast. Við hefðum unnið það mál örugglega. Það eina, sem hefði getað skapað okkur óþægindi, var, að úrlausn dómsins hefði getað tekið 2—4 ár, og við gátum ekki vitað fyrir fram, hvernig dómurinn hefði úrskurðað, að fiskveiðilandhelgin hefði átt að vera til bráðabirgða, þar til endanleg úrlausn lægi fyrir.

Þegar litið er til þessarar forsögu, er ekkert eðlilegra en að báðir aðilar hafa nú skuldbundið sig til að hlíta ætíð úrskurði alþjóðadómstólsins í framtíðinni.

Stjórnarandstæðingar hafa haldið fram þeirri undarlegu kenningu, að með samningnum afsöluðum við okkur rétti til einhliða útfærslu landhelginnar um aldur og ævi. Réttur hlýtur að byggjast á lögum, en lögin geta ýmist verið skráð eða óskráð. Ef ágreiningur rís um það, hvað séu lög, er það dómstólanna að svara því, það getur því enginn maður afsalað sér neinum rétti með því að bera mál sitt undir dómstól. Dómstólarnir skera úr um réttinn og staðfesta hann. En sá, sem tapar máli, glatar engum rétti, því að rétturinn hefur aldrei hans megin verið. Rétturinn til einhliða útfærslu í framtíðinni er því ótvíræður, og við þurfum ekki samþykki neinnar erlendrar þjóðar eða leyfi hjá neinni erlendri þjóð til þess að ráðast í slíka hluti.

Hatrömmustu andstæðingar okkar í Bretlandi hafa barizt með oddi og egg gegn þeirri lausn fiskveiðideilunnar, sem nú er fengin. Sú barátta er út af fyrir sig skiljanleg. Hitt er nánast viðundur, þegar stjórnarandstöðuflokkarnir hér ganga í lið með þessum höfuðfjendum okkar, og sýnir, svo að ekki verður um villzt, að þessum mönnum er ekki sjálfrátt.

Stjórnarandstaðan hefur reynt að tefja fyrir afgreiðslu landhelgismálsins á Alþingi með því að krefjast þjóðaratkvgr. um málið. Það kemur mönnum undarlega fyrir sjónir, að slík krafa skuli koma frá kommúnistum, þar sem þeir dýrka það þjóðskipulag, þar sem aldrei eru haldnar kosningar og aldrei þjóðaratkvæðagreiðslur. Þjóðin fær auðvitað tækifæri til að greiða atkvæði um landhelgismálið, það verður í næstu alþingiskosningum, en þá verður auðvitað kosið um stærstu mál núv. ríkisstj. og þ. á m. hina sigursælu lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Í þeirri kosningabaráttu munu gefast mörg tækifæri til að bera fram margar vantrauststillögur á hendur núv. stjórnarandstöðu, tillögur, sem munu eiga sér miklu hljómgrunn meðal íslenzku þjóðarinnar. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Sþ., 14. marz, var fram haldið einni umr. um till. (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Þessari framhaldsumræðu í kvöld er þannig hagað, að hver þingflokkur hefur 45 mín. ræðutíma, sem skiptist í þrjár umferðir: 20 mín., 15 mín. og 10 mín. Röð flokkanna er þessi: Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur. Ræðumenn verða þessir: Fyrir Framsfl. Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson, Þórarinn Þórarinsson. Fyrir Sjálfstfl. Jónas Pétursson, Pétur Sigurðsson, Jóhann Hafstein, Gunnar Thoroddsen. Fyrir Alþb. Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson. Og fyrir Alþfl. Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Emil Jónsson.

Umr. hefst nú með því, að til máls tekur ræðumaður Framsfl., hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég mun nú víkja að því í stuttri ræðu, sem mér er efst í huga, þegar til umr. er að lýsa yfir vantrausti á núverandi hæstv. ríkisstj. eða stefnu hennar.

Skal þá fyrst minnzt þess máls, er nú verður öllum umræðuefni, landhelgismálsins og nýorðinna tíðinda í því máli.

Samskipti við aðrar þjóðir eru vandasöm. En mér hefur oft þessa daga orðið hugsað til atburða í íslenzkum stjórnmálum næstu áratugina fyrir og eftir síðustu aldamót. Þá var sú barátta háð fyrir íslenzkum málstað, sem ýmsum virtist í þann tíð vonlítil. Enn erum við lítil þjóð og vopnlaus, en þá vorum við ekki einu sinni sjálfstætt ríki. Mætir menn af okkar þjóð vildu þiggja það, sem þá var boðið, að Ísland yrði, eins og það var orðað í uppkastinu 1908, „frjálst og sjálfstætt land, sem ekki verður af hendi látið". Þá voru miklar deilur í landi. Þá féllu oft hörð orð. Þau orð skipta ekki máli nú. Það, sem máli skiptir, er, að deilan stóð um það þá eins og nú, hvað fært væri veikri þjóð og smárri í átökunum við það, sem kalla mátti ofurefli. Það var stigmunur baráttuhugar, sóknarvilja og trúar á styrk íslenzks málstaðar, sem þá skipti Íslendingum í stríðandi sveitir. Ég held, að þeir, sem neituðu uppkastinu 1908, hefðu líka verið á móti því að gera þann samning við Breta, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert og nú er orðinn skuldbindandi fyrir Ísland.

Hinn 5. maí 1959 bar það til tíðinda, að allir í þessum sal stóðu saman um að birta fyrir þjóðum heims yfirlýsingu Alþ. í landhelgismálinu. Það var mikilsverð athöfn, því að þetta var í fyrsta og eina sinn, sem Alþ. tjáði einróma vilja sinn og stefnu í sambandi við 12 mílna fiskveiðilandhelgina, og sú yfirlýsing var til þess fallin að eyða misskilningi erlendis. Nú er það boðað af hæstv. ríkisstj., að Ísland hafi með samningsgerðinni unnið stórsigur í málinu og sé það þjóðinni gleðiefni. Nú ber að gleðjast, fagna og þakka, sagði hæstv. forsrh. í gærkvöld, orðrétt held ég. Én er það ekki fremur harmsefni, að það þing og sú þjóð, sem var einhuga fyrir tveimur árum, skuli nú vera sundruð og innbyrðis ósamþykk í þessu máli, af því að knúið hefur verið fram það samningsuppkast, sem a. m. k. mikill hluti þjóðarinnar vill ekki sætta sig við? Er þetta út af fyrir sig tilvinnandi til að losna við þá takmörkuðu veiðiaðstöðu í landhelgi, sem Bretar hafa getað náð til sín með valdi? Er hægt að gleðjast af því að eiga nú að skila aftur fyrst um sinn úti fyrir miklum hluta standlengjunnar 6 af þeim 8 mílum, sem friðaðar voru fyrir útlendingum 1958? Og er það ekki helzt til fljótráðið að afsala okkur nú fyrir fram möguleikum til að framkvæma nýja útfærslu skv. landgrunnslögunum á sama hátt og við gerðum 1958? Var það ekki líka fullmikil bjartsýni hjá hæstv. ríkisstj., ef hún hefur gert sér í hugarlund, að þm. þeir, sem enga aðstöðu fengju, beint eða óbeint, til að fylgjast með samningsgerðinni og meta aðstöðuna jafnóðum, gætu á hana fallizt eftir á í öllum atriðum í máli sem þessu, þegar líkur benda til, að hægt hefði verið að ná betri samningum eða komast af án samninga?

Ég er hræddur um, að hæstv. ríkisstj. eigi eftir að komast í kynni við aðrar tilfinningar en gleði, a. m. k. hjá bátaútgerðinni og bátasjómönnunum norðanlands og austan, þegar líða tekur á árið, þegar brezkir og líklega fleiri þjóða togarar, sem skipt hafa hundruðum hér við land, fara að færa sig inn á smábátamiðin innan 12 mílna markanna, ekki á smáblettum í skjóli herskipa, heldur hvarvetna þar sem afla er von, og skafa þar botninn í þrjú ár á veiðitíma bátanna.

Mér er það persónlega vel kunnugt, að í sambandi við smábátaútveginn á austanverðu Norðurlandi hefur gætt vaxandi bjartsýni tvö undanfarin ár, af því að afli hefur glæðzt á grunnmiðum. Margir hafa keypt og látið smíða báta eða eiga þá nú í smíðum. Þeir, sem hér eiga hlut að máli, hafa ekki búizt við, að til þess kæmi, að útlendir togarar fengju á ný aðstöðu til að spilla grunnmiðunum. Og ég sé ekki betur en smábátaútgerðin og hlutaðeigandi byggðarlög eigi fullan rétt á bótum í einhverri mynd fyrir tjón, sem verða kann af þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið gerðar.

Hæstv. ríkisstj. hefur uppgötvað athyglisverða vörn í þessu máli. Í grg. fyrir samningnum, sem var lagður fyrir Alþ., segir svo: „Við ákvörðun veiðiheimilda til Breta hefur verið við það miðað, að sem minnst tjón verði af því fyrir fiskveiðar Íslendinga.“ Í beinu framhaldi af þessari yfirlýsingu er á það bent í grg., að á Norðurlandi, frá Djúpavík til Grenivíkur, hafa ekki borizt á land nema 8.9% af afla bátaflotans í heild árið 1959, á Austfjörðum aðeins 6,1% og á Norðurlandi frá Grenivík til Þórshafnar aðeins 2.5%. Málfærslan, sem í þessu felst, er sú, að í raun og veru skipti ekki mjög miklu máli, þó að útlendum togurum sé hleypt inn í landhelgina á þessu svæði, að heildina muni ekki miklu, þó að fargað sé lambi hins fátæka manns. Hér er á ferðinni ofur lítill angi af þeim hugsunarhætti, að ekki sé hundrað í hættunni, þó að skertir séu afkomumöguleikar hinna fámennari landshluta, fólksins, sem starfar að því að halda landinu í byggð.

Um þetta leyti fyrir tveimur árum var verið að afráða það hér á hinu háa Alþ. að breyta stjórnarskrá lýðveldisins og svipta gömlu kjördæmin, sem voru undirstaða þingræðisins, sögulegum rétti sínum til að eiga sérstaka fulltrúa á löggjafarsamkomunni og þannig því takmarkaða sjálfstæði innan ríkisheildarinnar, sem í þessu fólst. Að dómi þeirra, sem að þessu stóðu, var byggðavaldið of sterkt. Þeir sögðu, að byggðavaldið stæði fyrir pólitískri fjárfestingu úti um landið, of miklili dreifingu fjármagnsins og ýmsu öðru, sem væri ópraktískt fyrir þjóðarheildina. Hjó þá margur, er hlífa skyldi. En stjórnarskrárbreytingin hefur nú þegar borið hinn blómlega ávöxt, sem þjóðin hefur haft fyrir augum nú um sinn, núverandi hæstv. ríkisstj. og viðreisnina, sem hún hefur staðið fyrir.

Eitt hefur þessari hæstv. ríkisstj. tekizt svo, að ekki verður um deilt. Henni hefur tekizt að sanna það fyrir þeim, sem að stjórnarskrárbreytingunni stóðu, að skipt hafi verið um stefnu gagnvart uppbyggingu landsbyggðarinnar. Og þeir, sem að þessari uppbyggingu stóðu eða standa við vegar um landið, í sveitum og við sjávarsíðuna, finna það dável nú orðið, hvað að þeim snýr.

Teikn eða fyrirboðar hinnar nýju stefnubreytingar gagnvart landsbyggðinni komu glögglega fram á himni stjórnmálanna árið sem Alþfl.-stjórnin fór með völd í skjóli sjálfstæðismanna. Strax um vorið 1959 var sá boðskapur látinn út ganga hér á Alþ., að 10 ára rafvæðingaráætluninni skyldi breytt og felldar niður áætlaðar framkvæmdir á Norðausturlandi, Suðausturlandi og víðar. Enn vofir yfir, að svo verði gert. Sama vorið lét kunnur sjálfstæðismaður í Reykjavík þá skoðun uppi opinberlega, að fækka þyrfti bændum landsins um helming, ef vel ætti að vera. Um haustið komu svo bráðabirgðalögin frægu, sem hlutaðeigandi ráðh. gaf út, eftir að fyrir lá yfirlýsing Sjálfstfl. um, að slíkt yrði ekki látið verða stjórninni að falli. Með þessu stjórnarboði var bændum gert að afhenda hluta af afurðum búa sinna endurgjaldslaust til 15. des. það ár. Í þessu tilraunastríði við bændur báru samtök þeirra raunar að lokum hærra hlut að mestu, sem betur fór. Hér er ekki tími til að rekja það lið fyrir lið eða í sögulegri röð, sem síðan hefur borið til tíðinda í tíð núverandi hæstv. ríkisstj. og í sömu átt miðar. En stikla skal á stóru.

Hin almenna samdráttarstefna ríkisstj. kemur að sjálfsögðu tilfinnanlegast niður í þeim landshlutum og þeim byggðarlögum, þar sem uppbyggingarinnar er mest þörf og brýnust, þar, sem stöðvun hennar getur skapað hættu á vonleysi um framtíðina, þar sem engan tíma má missa. Hin almenna vaxtahækkun kemur harðast niður þar, sem menn verða að bíða lengst með framleiðslu sína óselda, þar sem umsetning vara tekur lengstan tíma og þar sem menn verða að kaupa í skuld mikinn hluta úr árinu. Verðhækkunin mikla af völdum gengisbreytingarinnar og söluskattsins kemur að vísu víðar niður, en þó sennilega harðast á bændum, fiskimönnum og öðrum slíkum víðs vegar um land, sem eiga framtíðina í hættu, ef þeir geta ekki haldið atvinnurekstri sínum í horfi, og á samtökum þeirra, en á þessum atvinnurekstri byggist afkoma allra vinnandi manna og afkoma byggðarlaganna. Hér er þó fleira á ferðinni en hinar almennu aðgerðir, sem ég nefndi. Á rúmlega einu ári er búið að hækka um þriðjung eða meira vexti hjá öllum þeim stofnunum, sem veita lán til langs tíma, og sums staðar er lánstíminn styttur. Árgreiðsla á algengustu lánum í ræktunarsjóði og fiskveiðasjóði hefur hækkað um milli 40—50%, ef um jafnhátt lán er að ræða og áður. Þetta er ekki bráðabirgðaráðstöfun, heldur stefnubreyting, þar sem um löng lán er að ræða. Ódýrt fjármagn til að byggja upp landið og efla atvinnulíf byggðarlaganna er ekki á stefnuskrá þeirra, sem nú fara með völdin. Fjármagnið á ekki að byggja upp landið, heldur virðist landið eiga að byggja upp fjármagnið, að þeirra dómi. Nú alveg nýlega er búið að samþ. á Alþ., að lántakendur skuli framvegis bera alla áhættu af gengisbreytingum og skuldum fiskveiðasjóðs. Það hefur ekki þekkzt áður. Munu hér ekki fleiri á eftir fara?

Útgjöld fjárlaganna hafa hækkað um 80% síðan 1958. En framlög ríkisins til hinna opinberu framkvæmda víðs vegar um land hafa ekki hækkað um

80% á þessum tíma. Hæstv. fjmrh. sagði, að þau ættu að standa í stað. Og það er víst meginreglan enn þá. Svo virðist eiga að draga úr stuðningi, sem byggðarlögum hefur verið veittur með ríkisábyrgðum, og láta þau greiða stórar fúlgur í aukagjald fyrir ábyrgðina.

En það er fleira, sem sýnir, að núverandi stjórnarstefna hefur auga á lambi hins fátæka manns. Á árinu sem leið var það eitt helzta sparnaðarsnjallræðið að draga úr strandferðum og lækka ríkisframlag til að eyða refum og minkum. Ekki varð mikið úr þessu, er á reyndi, fremur en öðrum sparnaði, — athyglisvert eigi að síður.

En nú er eins og það sé ekki nóg að gera ráðstafanir til að draga úr dreifingu fjármagns um landið. Hér eftir skal hið dreifða fjármagn dregið saman. Í fyrra var sparisjóðum og innlánsdeildum úti um allt land gert að afhenda Seðlabankanum í Reykjavík hluta af innstæðureikningum sínum á árinu. Nú hafa stjórnarvöldin fært sig upp á skaftið og heimta á þessu ári sinn hluta af öllu innstæðufé þessara sjóða, hvort sem um aukningu er að ræða eða ekki.

Lengi hafði bændum landsins, eftir því sem ég veit bezt, verið nokkurn veginn óhætt að reiða sig á það, að þeir gætu á síðustu mánuðum hvers árs fengið lán skv. gildandi lögum og reglum út á ný íbúðarhús á jörðum og aðrar framkvæmdir á jörðunum, ef þeir höfðu afhent Búnaðarbankanum nauðsynleg skilríki til þess fyrstu daga desembermánaðar. Í fyrra bar svo við, að þetta stóðst ekki. Byggingarsjóðslán voru ekki veitt, fyrr en komið var fram á vor árið eftir, og þá með stórhækkuðum vöxtum. Mikið af ræktunarsjóðslánunum, sem tilheyrðu árinu 1959, lenti líka í háu vöxtunum 1960 og hinum stytta lánstíma. Nú fyrir síðustu áramót var sjóðunum svo naumlega skammtað, að ekki var hægt að afgreiða fyrir áramót lán út á þau skilríki, sem bárust eftir 20. nóv. Þannig beið fjöldi lána fram á árið 1961. Allir, sem til þekkja, vita, hverju það skiptir að geta staðið við greiðsluáætlanir um áramót. Nú hefur af greindum ástæðum skapazt óvissa, sem gerir sitt til þess í viðbót við annað að draga úr nauðsynlegum framkvæmdum í sveitunum. Spyrji þm. um þessi mál á Alþ., er venjulega svarað skætingi. Núv. hæstv. landbrh. virðist hafa ofnæmi fyrir landbúnaðarmálum. Hann virðist haldinn þeirri firru, að það sé erfiðara fyrir þjóðfélagið nú en áður að halda uppi þeim lánsstofnunum á þessu sviði, sem lög hafa mælt fyrir um í 30 ár. Hann stendur líka á því fastara en fótunum, að bændum hafi, eins og hann sagði nýlega, gengið betur að kvitta reikninga sína, síðan hann tók við í stjórnarráðinu, og það sé Sjálfstfl. að þakka. Svona er þetta dásamlegt í hans augum: að kaupa allt með hækkuðu verði og fá ekki áætluð lán, það geri bændum auðveldara að kvitta reikningana. Um þetta þarf víst ekki að fjölyrða. En minna má á í þessu sambandi, að vaxtahækkunin, bæði hin almenna og hin sérstaka, eru enn alvarlegri fyrir bændur vegna þess, að þeir eiga alltaf undir högg að sækja að fá vaxtaútgjöld búanna tekin í verðlagsgrundvöllinn. Og svo hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að draga úr lánum Seðlabankans út á landbúnaðarafurðir.

En hæstv. ríkisstj. fann líka á sínum tíma eitt ráð enn til að hjálpa bátaútvegsmönnum úti á landi og vinnslustöðvum þeirra til að kvitta sína reikninga. Það var afnám sérbótanna á smáfisk, sérstakar fisktegundir og sumarveiddan fisk. Því var haldið fram, að gengisbreytingin leysti allan vanda á þessu sviði. Sumir segja raunar, að hún hafi engan vanda leyst fyrir sjávarútveginn. Um það ætla ég ekki að dæma. En niðurfall sérbótanna var alvarlegt áfall fyrir mörg sjávarpláss. Jafnvel þótt verðmismunur hafi verið innleiddur, eiga mörg frystihús í vök að verjast vegna niðurfalls sérbótanna, og hefur sums staðar legið við rekstrarstöðvun. Hér er að skapast ískyggilegur vandi fyrir ýmis af þeim byggðarlögum, sem minna mega sín við sjávarsíðuna. Það hjálpar ekki að ýtast á innbyrðis, heldur sameina kraftana um að fá stefnubreytingu og þá leiðréttingu, sem dugir.

Ég minntist á innlánsdeildir kaupfélaganna. En gagnvart samvinnufélögunum og félagsmönnum þeirra er ekki vegið einu sinni, heldur oftar, í sama knérunn. Samdráttarpólitíkin í lánsfjármálum og verðhækkunin kemur yfirleitt mjög hart niður á þeim, eins og ég hef áður vikið að. Svipað er að segja um söluskattinn. Sé einhvers staðar til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarmeirihluti, sem lítur samvinnufélagsskapinn í sínu umdæmi hornauga, er honum með nýrri útsvarslöggjöf gefið tækifæri til að sýna það í verki. Sums staðar dreymir nú forustumenn Sjálfstfl. um að láta klofningshugsjónina rætast. En þess vegna er ég nú að tala um samvinnufélögin í sambandi við byggðarlögin úti um land, að ég veit, að samvinnuskipulagið hefur reynzt mörgum eða jafnvel flestum byggðarlögum ómetanlegur styrkur í framfarasókn þessarar aldar, — þó að þar geti auðvitað misjafnlega til tekizt, — og byggðarlögin þurfa á styrk og möguleikum þessa skipulags að halda í framtíðinni ekki síður en á liðnum tíma. Stjórnarstefna, sem er kærulaus eða fjandsamleg gagnvart samvinnufélögunum, getur jafnazt á við harðindi í heilum landshlutum.

En hvernig hafa svo núverandi valdhafar tekið tillögum, sem nú er hreyft á Alþingi og að því miða að styðja atvinnulíf og framfarir úti um byggðir landsins? Sem svar við þessu ætla ég að rifja upp nokkur mál, sem Framsfl. hefur flutt á þeim vettvangi undanfarið, og hverjar viðtökur þau hafa fengið.

Flutt hefur verið frv. til l. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, lögfesta lágmark atvinnuaukningarfjárins og skipuleggja til frambúðar þá starfsemi, sem hér er um að ræða. Flutt hefur verið frv. um að verja erlendu lánsfé til hafnarframkvæmda með það fyrir augum, að slíkar framkvæmdir geti átt sér stað þar, sem þær þola ekki bið og framtíð byggðarlaga virðist að verulegu leyti undir þeim komin. Hér er um framleiðsluaukandi og gjaldeyrisaflandi framkvæmdir að ræða, a. m. k. óbeint, og notkun erlends fjár því eðlileg, enda til þess stofnað af annarri ríkisstj. þegar á árinu 1958. Flutt hefur verið till. um að athuga möguleika og skipuleggja föst lán til kaupa á verðmiklum veiðarfærum, sem telja má veðhæf. Flutt hefur verið frv. um, að allur benzínskattur renni í vega- og brúasjóð. Hætt er við, að slíkar

framkvæmdir dragist stórlega saman, nema þær fái aðskilinn fjárhag, sem svo mætti kalla, og tekjustofn fyrir sig, og er þá benzinskatturinn sjálfsagður. Flutt hefur verið frv. um að létta skuldum af byggingarsjóði sveitabæja og ræktunarsjóði á sama hátt og gert var 1953 og 1957 og rétta þannig við fjárhag þeirra. Flutt hefur verið frv. um, að ræktunarsambönd fái hliðstæðan stuðning og áður til vélakaupa, en lagaákvæði vantar nú um það efni. Flutt hafa verið frumvörp um, að skipulagðar verði lánveitingar út á bústofn og vélar og hækkuð verði ófafturkræf framlög til íbúðarhúsa í sveitum með tilliti til verðhækkana.

Og nú hygg ég, að ýmsir, sem mál mitt heyra, hugsi sem svo, að ekki sé hér nú fram á neina óhæfu farið og einhvers staðar og einhvern tíma hafi t. d. frambjóðendur Sjálfstfl. nefnt annað eins á kosningafundum og á eitthvað af þessu ætti ríkisstj. að geta faliizt að minnsta kosti. En ekki gerði hún það í fyrra, og ekki hefur hún gert það enn þá á þessu þingi. Sumum þessara mála hefur verið vísað frá, önnur látin sofa í nefnd.

Ég hef þá reynt að draga upp nokkrar skyndimyndir af stjórnarstefnunni, annars vegar hverju hún hefur beitt sér fyrir og hins vegar hverju hún er á móti eða frestar, á meðan frestað verður. Ég held því ekki fram, að þeir, sem nú fara með völd, séu óþjóðhollir menn eða allt hafi þeim illa úr hendi farið. En ég óttast þá stefnu, sem nú er mörkuð í löggjöf og landsstjórn, og alveg sérstaklega þann hugsunarhátt gagnvart uppbyggingunni í byggðum landsins, sem ráðið hefur ríkjum um rúmlega tveggja ára skeið.

Út af umr. í gær vil ég segja þetta: Við hæstv. forsrh., að hann ætti að hafa betra taumhald á afbrýðisemi sinni út af kommúnistum. Þeir dugðu honum vel við að koma Alþfl. á kné fyrir 1940 og við að ryðja stiflum úr farvegi verðbólgunnar á sínum tíma. Hann verður að sætta sig við það, þó að Alþb. hafi í seinni tíð stutt góð mál með Framsfl. Við Jón Þorsteinsson, að hann þarf að gera sér grein fyrir því, að verkalýðsfélögin á Norðurlöndum hafa sjálf komið á tveggja ára samningstíma og lengri og að í frv., sem hann nefndi um vinnulöggjöf, átti að tryggja launþegum launahækkun í samræmi við hækkun þjóðartekna á hverjum tíma. Við hæstv. menntmrh., að ég mælist vinsamlega til þess, að hann afli sér vitneskju um fyrirætlanir Framsfl. í nýbirtri stjórnmálayfirlýsingu frá aðalfundi flokksstjórnarinnar.

Og að lokum þetta: Þegar litið er yfir farinn veg, er ég ekki frá því, að sagt verði um þessa hæstv. ríkisstj., að henni hafi mistekizt að verulegu leyti það, sem hefði getað orðið til nokkurs góðs, ef hún hefði kunnað sér hóf, en tekizt það a. m. k. um stundarsakir, sem síður skyldi, og að nepjan, sem af henni stendur, hafi, eins og sagt var í fyrra, a. m. k. víða komið við gróandann í þjóðlífinu eins og hret á vori. Mál er, að því hreti linni. — Góða nótt.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í þinghaldi þessa vetrar hafa hin pólitísku veður verið fremur stillt. Nota má í þeim efnum sem líkingu allalgenga veðurspá veðurstofunnar: hægviðri og léttskýjað. En fyrir hálfum mánuði breyttist þetta. Hvessti þá skyndilega, og hafa djúpar lægðir verið á ferðinni og allstormasamt.

Alþ. hefur nýlega samþykkt þáltill. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta. Á meðan till. lá fyrir, hélt stjórnarandstaðan uppi stórfurðulegu málþófi, og í ósköpunum, sem gripu stjórnarandstöðuna þegar eftir að tillagan birtist, fluttu nokkrir af forsprökkum hennar vantrauststillögu þá á hæstv. ríkisstj., sem nú er verið að ræða. Vantraustið er því flutt af tilefni landhelgismálsins, og vil ég víkja máli mínu að því.

Aðalspurningin í því máli var: Áttum við að leitast við að ná samkomulagi við Breta eða áttum við ekki að gera það? Við vissum, að hverju við gengum með samkomulaginu, en við vissum ekki, hvað fram undan væri ella. Árekstrar þeir, sem orðið höfðu milli Íslendinga og Breta, meðan Bretar voru með togara sína í landhelgi í vernd herskipa, sýndu ljóslega, að hvenær sem var gat af því hlotizt manntjón. Þetta var mjög mikilvægt atriði. Við, sem álengdar stöndum hættunni, verðum að gera okkur ljósa aðstöðu þeirra manna, sem í eldlínunni standa, og ekki síður aðstandenda þeirra.

Hv. 5. þm. Austf., Páll Þorsteinsson, bar það á ríkisstj. og stuðningslið hennar í umr. um landhelgismálið í s. l. viku og endurtók það enn í gærkvöld, og sama gerði hv. þm. Karl Kristjánsson, að ríkisstj. og þeir flokkar hefðu rofið samstöðu og samstarf stjórnmálaflokkanna um þetta mál. Það er hart að heyra slík brigzl úr munni framsóknarmanna, þegar þeir sjálfir dæmdu sig úr leik í þessu máli með því að vera ekki menn til trúnaðar. Þeir mátu meira að hefja kapphlaup við kommúnista og þá Alþb.-menn til að gera tortryggilegar allar tilraunir til lausnar deilunni. Ég vil segja það hér, að ég hef ekki ætlazt til ábyrgrar afstöðu í þessu máli frá hálfu Alþb., en meginrökin fyrir samningunum við Breta eru þau, að þessi deila var hættuleg samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða. Einmitt þetta er aðalorsök hinnar hatrömmu baráttu þeirra Alþb.-manna gegn öllu samkomulagi. En ég vil jafnframt segja það, að ég hefði vænzt ábyrgrar afstöðu framsóknarmanna til þessa máls, einmitt vegna þessa kjarna. Þá er illa komið þeirra hag, þegar þeir eru orðnir áttalausir í austrænni gjörningaþoku. Skylt er þó að viðurkenna, að ekki eiga allir framsóknarmenn hér óskilið mál. Mjög margir þeirra viðs vegar um land hafa raun af þeirri afstöðu, er flokksforustan og blað þeirra, Tíminn, hefur tekið, og jafnvel í þingliðinu eru til menn, sem eru a. m. k. ofstækislausir í því máli.

Í ræðu, er hv. þm. Jón Skaftason flutti hér á hv. Alþ. um þetta mál, sagði hann, að sumir teldu, að með samkomulaginu væri girt fyrir alla frekari útfærslu landhelginnar, og þetta hafið þið nú heyrt í ræðum hér í gærkvöld um þetta mál. „Undir þetta tek ég ekki," sagði hv. þm. Jón Skaftason. Hann tekur ekki undir það, sem verið hefur aðaluppistaðan í málflutningi framsóknarmanna móti samkomulaginu, það, sem sumir hafa leyft sér að kalla, að við værum að selja rétt okkar. „Undir þetta tek ég ekki," sagði hv. þm. Jón Skaftason. Og þegar sami hv. þm. var að ræða um alþjóðadómstólinn og þau rök, sem hann skyldi dæma

eftir, þá vitnaði Jón Skaftason í þau orð hæstv. forsrh.: „Því að lífsrétturinn og sanngirnin verður okkar megin.“ Hvers vegna að minna á lífsréttinn og sanngirnina? Af því að þar er traust og hald smáþjóðanna, af því að í trúnni á réttinn felst framtíðaröryggið, af því að Sameinuðu þjóðirnar eru samvizka mannkynsins, sem alþjóðadómstóllinn er spegilmynd af. Hv. þm. Jón Skaftason sagði enn fremur: „Það má vera, að í þessu máli sé óþarflega mikil tortryggni.“ Ég hef leyft mér að vitna í þessa ræðu, af því að hún var nokkuð sérstök í hinum annars furðulega málflutningi framsóknarmanna við landhelgisumræðurnar, og ég vil koma þessum tilvitnunum í mál hans til flokkssystkina hans um allt land, af því að ég veit, að Tíminn gerir það ekki. Til þess var mál hans of sanngjarnt.

Það er ríkt í eðli okkar Íslendinga að vilja vera stórir. En okkur missýnist oft um, hvað það er að vera stór. Margra alda örbirgð og ánauð mótaði með þjóðinni vanmáttarkennd og tortryggni, og nú finnst ýmsum, að við smækkum við það að semja við Breta, einu þjóðina, sem beitt hafi okkur valdi í landhelgismálinu. En ég vil spyrja þá, er þannig hugsa: Hvenær eiga og geta deiluaðilar sætzt og samið? Hvernig þarf sú deila að hafa þróazt? Er ekki hægt fyrir þann, er telur, að á sinn hlut hafi verið gengið, að sættast eða semja nema minnka? Hvernig væri þá komið sambúð og samskiptum í stóru og smáu meðal einstaklinga, — á meðal þjóða?

Athugið það, áheyrendur, að það þarf vissa stærð til þess að semja og sættast. Þessi samningur er að mínu viti vottur þess, að við Íslendingar skiljum, hvað það er að vera stór.

Það er reynt að styðja á þá strengi, að svæðin milli 6 og 12 mílna, sem Bretar fái með samkomulaginu að veiða á næstu þrjú árin, séu misjöfn eftir landshlutum að tímalengd og viðáttu. Það er bent á t. d., að út af Vestfjörðum séu 12 mílurnar með öllu friðaðar, en fyrir Norðurlandi og Austurlandi og vestur með suðurströnd séu Bretum heimilaðar veiðar á svo til öllu ytra 6 mílna beltinu lengri eða skemmri tíma. En á bak við þetta stendur heildarmyndin: sú að leysa deiluna, og það vil ég segja, að ef sú tilfinning er fyrir hendi, að lausn fiskveiðideilunnar krefjist misjafnlega mikils þegnskapar af landsbúum, sem að vísu kemur fyrst til fulls í ljós að enduðu samningstímabilinu, þá veit ég, að þjóðin sem heild metur það, metur það við þá, sem mestan þegnskap sýna.

Það er annars alvarlegt mál, þegar reynt er að telja landsfólkinu trú um, að meiri hluti alþm. sé að svíkja þjóð sína. Ég vil þess vegna spyrja ykkur, áheyrendur góðir, og alveg sérstaklega ykkur, sem fylgið Framsfl. að málum: Er líklegt, að öllum þeim, sem völdu þessa menn til forustu í málum þjóðarinnar til að gæta hags og heiðurs, hafi svo hrapallega missýnzt? Er ekki nokkuð langt gengið í brigzlum svika, illvilja, ógreindar? Hugleiðið þessi mál, þegar hiti tilfinninganna fer að lækka og ólga blóðsins að sjatna. Og minnizt þessara höfuðatriða málsins: að bæta sambúð vestrænna þjóða, bægja hættu frá sjómönnum okkar eftirleiðis, tryggja með siðmannlegu samkomulagi áframhaldandi útfærslu á fiskveiðilandhelgi okkar.

Eftir að núverandi ríkisstjórn kom til valda, voru gerðar mjög róttækar aðgerðir í efnahagsmálum. Þjóðin var búin að lifa um efni fram um langt árabil. Með efnahagsráðstöfununum var stungið við fótum. Mörgum þótti þær koma harkalega niður, og til eru þeir, sem kenna núverandi ríkisstj. um, að þrengt hefur að um skeið. Hverjum manni má þó vera ljóst, að við urðum að taka afleiðingum fyrri gerða, því að „æ koma mein eftir munuð“. Það er viðurkennt, að við höfðum búið við sæmilegt jafnvægi hér innanlands árin 1950—55 í fjármálum. En með hinu pólitíska verkfalli 1955 var þetta jafnvægi rofið og gjaldmiðillinn, krónan okkar, tók að hríðfalla á ný. Þá flutti hæstv. núv. landbrh., Ingólfur Jónsson, till. um að auka nokkuð niðurgreiðslu á nokkrum vísitöluvörum til þess að stöðva með því verðbólguhjólið og fall krónunnar. Þá var samstjórn sjálfstæðis- og framsóknarmanna. Þessum till. höfnuðu framsóknarmenn, og síðan rauf Framsfl. stjórnarsamstarfið við Sjálfstfl. Framsóknarmenn rökstuddu það einkum með því, að ekki væri hægt með sjálfstæðismönnum að gera nauðsynlegar ráðstafanir í efnahagsmálum. Þar með hélt skriðan áfram að falla á vinstristjórnarárunum. Krónan lækkaði svo ört, að fallið var raunverulega orðið meira en um helming á 3—4 árum, þegar núv. ríkisstj. tók við.

Fyrir landbúnaðinn hafði þessi þróun slæm áhrif. Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarins er byggður þannig upp, að þetta varð til þess, að sífellt stækkaði bilið milli þeirra bænda, sem voru búnir að koma upp fyrir sig lífvænlega stórum búum og höfðu byggt íbúðir og útihús, og hinna, er þetta áttu eftir. Aukin framleiðsla í heild á landbúnaðarvörum mætti að verulegu leyti auknum framleiðslukostnaði. Afleiðingin varð því sú, að þeir bændur, sem höfðu ekki haft bolmagn og aðstöðu að stækka bú sín og byggja, fjarlægðust því meir að geta þetta. Þeir bændur, sem verið hafa að brjótast í framkvæmdum síðustu árin og reyna að stækka bú sín, eru því nú margir hverjir mjög hlaðnir lausaskuldum.

Um síðustu áramót gaf ríkisstj. út bráðabirgðalög um að breyta nokkru af lausum skuldum útvegsins, sem hvíla á útgerðarfyrirtækjum og fiskvinnslustöðvum, í föst lán til margra ára með lægri vöxtum en nú gilda af lausum lánum. Fjárhagserfiðleikar þeirra bænda, sem hlaðnir eru lausaskuldum, hafa einnig verið til athugunar og umræðu hjá ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar. Það dylst ekki, að hér er um vandamál að ræða, sem greiða verður fram úr með opinberum aðgerðum. Þess vegna tel ég rétt, að það komi fram, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að leita eftir því við banka og sparisjóði, að hluta af víxilskuldum bænda verði breytt í föst lán til langs tíma með hagkvæmum vaxtakjörum.

Mál Búnaðarbankans hafa allmjög verið á dagskrá að undanförnu. Það er kunnugt, að fjárhagserfiðleikar lánasjóða landbúnaðarins eru miklir og þau mál eru ein af hinum stóru óleystu vandamálum, sem hinar „sætu syndir“ verðbólguáranna drógu á eftir sér. Núv. ríkisstj. beitti sér fyrir breytingum á lögum Búnaðarbankans í lok síðasta þings. Nú er bankaráð hans þingkjörið, eins og

annarra banka ríkisins, en ekki stilað á það að tryggja Framsfl. völdin þar, eins og áður var. Þessi breyting á yfirstjórn bankans mun valda straumhvörfum til hags fyrir íslenzkan landbúnað. Ekkert er hættulegra landbúnaðinum en einhliða pólitiskur blær á banka hans. Nú á hann að bera sama svip og þing þjóðarinnar. Með komu hins nýja bankastjóra, Magnúsar Jónssonar, í bankann um síðustu áramót munu verða þáttaskil í sögu hans. Í þessu felst engin ásökun, ekkert vanmat á þeim bankastjóra, Hilmari Stefánssyni, er þar hefur gegnt störfum. Kjarni málsins er sá, að það er hrein lífsnauðsyn, að í ákvörðunum og starfi slíkrar stofnnuar gæti þess afls, sem samúð hins pólitíska valds býr yfir. Þess vegna er það mín skoðun, — og takið vel eftir því, — að hin nýja skipan á stjórn Búnaðarbankans og skipun Magnúsar Jónssonar í bankastjórastöðuna, þessa samvinnuþýða, viðsýna og raunsæja manns, marki tímamót, sem reynast muni ein hin farsælustu íslenzkum landbúnaði.

Menn verða að skilja, að sú stefnubreyting, sem nú hefur verið gerð til að treysta efnahagslíf landsins, og aðgerðir þær, sem til þess eru nauðsynlegar, þurfa tíma til að ná tilgangi og það krefst ætið þolinmæði að sigrast á örðugleikum. Sýni þjóðin þessa þolinmæði, bíða okkar batnandi tímar. Vantraustsstill. sú, sem hér liggur fyrir, er andvana fædd. Hún er fram borin í fljótræði. Þess vegna missir stjórnarandstaðan marks í þessu máli.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Meðan ég hlýddi á ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísla Guðmundssonar, hér áðan, rifjaðist upp fyrir mér sá einstæði atburður, er hv. 4. landsk., Hannibal Valdimarsson, í málþófi stjórnarandstöðunnar gerði verkfall hér í ræðustólnum og þagði langa stund. Nú er ég fyrstur manna til að viðurkenna, að þegar þessi hv. þm. þegir, þá sýnir hann sína beztu hlið. En því datt mér þetta í hug, að hv. þm. Gísli Guðmundsson þagði allt málþófið, en lét þó bugast að lokum og sagði já og nei á viðeigandi stöðum. Nú tókst hins vegar að lemja þennan annars íhugula þm. til fylgilags við hina rauðblesóttu hjörð í framsóknarfjósinu, enda báru marghrakin rök hans þess glöggan vott.

Það væri æskilegt að ræða ýtarlega þann boðskap, sem fulltrúar beggja kommúnistaflokkanna fluttu hér í gærkvöld. Ræður þeirra um verkalýðs-, atvinnu- og kjaramál gætu orðið athyglisverð undirstaða þess, að sýnt yrði fram á, hvernig fláráðir menn hugsa og tala í mynd gífuryrða og blekkinga. Þeir arkitektar alheimssælunnar, hv. þm. Eðvarð Sigurðsson og Björn Jónsson, ræddu nokkuð þessi mál. Enginn tími er til að rekja ræður þeirra, en ég vil minnast á atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, er hann sagði, að verkalýðshreyfingin á Íslandi mundi meta hverja lækkun ríkisstj. á vöruverði sem hækkuð laun. Hver trúir þessum fullyrðingum Eðvarðs eftir að hafa hlustað í rúmt ár á einhliða áróður hans og félaga hans í þá átt, að óhjákvæmilegar verðhækkanir gengisfellingarinnar hafi komið með fullum þunga á launþega, og allir þeirra kröfuútreikningar byggðir einmitt á því? Það er gengið fram hjá því, sem kom á móti: fjölskyldubótum, stórhækkuðum elli- og örorkustyrk og lækkun útsvara og skatta. Það hefur aldrei verið dregin dul á, að þrátt fyrir þetta væri um kjaraskerðingu að ræða, sem öll þjóðin yrði að taka á sig, á meðan við kæmumst yfir erfiðasta hjallann. En hvenær hafa þessir herrar slegið upp sem kjarabót niðurfellingunni á skerðingarákvæðum ellilauna gamla fólksins og barnalífeyri um síðustu áramót? Það gera þeir ekki, því að með því var framkvæmt gamalt loforð kommúnista sjálfra, sem þeir sviku eins og önnur hagsmunamál íslenzkrar alþýðu, meðan þeir sátu í ríkisstj. Hermanns Jónassonar.

Samkomulagið við Breta er talið ástæða þeirrar vantrauststill., sem hér er til umr. Í sambandi við það hljóta að vakna ýmsar spurningar, þ. á m. hvort nokkur nauðsyn hafi verið á að semja við Breta. Það tel ég einmitt, að við höfum orðið að reyna til að fyrirbyggja þá hættu, sem sjómönnum okkar var búin á miðunum, meðan þessi deila stóð.

Svo er fyrir að þakka, að Alþingi er skipað þeim mönnum að meiri hluta, sem hvorki hugsa né tala eins og einn af þm. kommúnista gerði í umr. um landhelgina fyrr í vetur, en þá sagði hv. þm. Finnbogi R. Valdimarsson, að íslenzkir sjómenn væru svo vanir hættunum, að þá munaði ekki um, þótt þessi hætta væri lögð á þá til viðbótar. Þetta var verðug kveðja kommúnista til íslenzkra sjómanna. Að vísu viðurkenndi sami hv. þm., að þessi hætta væri fyrir hendi þá, þótt hann vildi hins vegar ekkert gera til þess að afstýra henni. Það vildi formaður Framsfl. hins vegar. Hann hóf máls á því í utanrmn., eftir að síðari Genfarráðstefnunni lauk, að Íslendingar krefðust, að bandarískur sjóher yrði hér til staðar og berðist við Breta, ef þeir hæfu herhlaup að nýju inn fyrir 12 mílur.

Í umr. um samkomulagið hefur stjórnarandstaðan með hinn nýja millirikjameistara Framsóknar, hv. 7. þm. Reykv., Þórarin Þórarinsson, í broddi fylkingar, haldið uppi furðulegum blekkingum þess efnis, að efnisleg viðurkenning Breta á 12 mílunum hafi fengizt, er þeir kölluðu herskip sín og togara út fyrir, áður en síðari Genfarráðstefnan hófst, og að öll hætta af ásókn þeirra inn fyrir 12 mílur hafi þar með verið liðin undir lok. Sannleikurinn er hins vegar sá, að frá því að síðari ráðstefnunni lauk, fram að því er samkomulag náðist, voru það aðgerðir hæstv. ríkisstj., sem héldu þeim fyrir utan 12 mílurnar: fyrst sakaruppgjöfin, síðan viðræðurnar við fulltrúa brezku ríkisstj. Það er staðreynd, sem allir skyni bornir menn viðurkenna, að ef samkomulag hefði ekki náðst, þá hefðu brezkir togarar í tugatali ráðizt inn fyrir 12 mílurnar án minnsta tillits til veiðarfæra eða fiskibáta og haft í för með sér stórhættur fyrir líf og eignir íslenzkra sjómanna.

En nú er líka gengið fram hjá þeirri staðreynd, að krafa hv. 2. þm. Vestf. um erlenda herskipaíhlutun gegn Bretum innan lögsögu okkar hefði aðeins verið sú fyrsta, sem fram hefði komið, ef svo hefði til tekizt, að skaptryltir brezkir togaramenn hefðu orðið þeir ólánsmenn að valda fjörtjóni á íslenzkum fiski- og varðskipsmönnum.

Það er með þetta í huga, sem kommúnistar hafa reynt að standa gegn öllu því, sem verða mætti

til að eyða þessari hættulegu deilu. Þeir sáu fram á, að með sína stefnu að leiðarljósi í landhelgismálinu mátti halda svo á því, að við segðum okkur úr Atlantshafsbandalaginu, eyðilegðum fyrir okkur þá þýðingarmiklu markaði, sem eru að skapast í Vestur-Evrópu, yrðum bundnir vöruskiptalöndunum austan tjalds, ekki aðeins í viðskiptalegu, heldur og pólitísku tilliti. Þetta hefði einmitt tekizt, eftir að við hefðum afneitað þeim grundvelli, sem skráður er í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og smáþjóðir heims ásamt Íslendingum hafa og verða að byggja tilveru sína á, þeim, að viðræður, samningar og alþjóðalög komi í stað hótana og ofbeldis þeirra sterku. Slíkur grundvöllur er ekki lengur fyrir hendi, þegar þjóðin tekur undir með samkór kommúnistaflokkanna og segir, að samningar séu svik.

Fátt sannar betur sýndarmennskuna en fullyrðingar þessara flokka nú um, að stækkun fiskveiðilögsögunnar 1958 hafi ekki stuðzt við alþjóðalög eða reglur, en hins vegar hafi réttur Íslands samkvæmt sömu lögum og reglum verið ótvíræður til þeirra þýðingarmiklu grunnlínubreytinga, sem fást nú viðurkenndar af okkar aðalandstæðingi með samkomulaginu. Ég vil vekja athygli fiskimanna úr öllum landshlutum, sem hagsmuna eiga að gæta í Faxaflóa og á Selvogsbanka vegna vetrarveiðanna, á því, að fyrir 2½ ári taldi núv. stjórnarandstaða sig hafa ótvíræðan rétt til þessarar þýðingarmiklu útfærslu, en sveikst um að gera það. Og þeir hafa fengizt við fleiri svik. Þeir svikust um að reka herinn brott og svikust um að stöðva verðbólguna, þótt þetta tvennt væri þeirra höfuðstefnumál. Þessi og mörg önnur svik þessara manna eiga nú að vera Sjálfstfl. að kenna, — flokknum, sem þá hafði verið útilokaður frá öllum áhrifum á gang opinberra mála, eftir því sem Hermann Jónasson sagði sjálfur. Er hægt að ganga lengra í þjóðlygi en þegar þessi stjórnarandstaða er að brigzla öðrum um þjóðsvik?

Ég vil sérstaklega lýsa ánægju minni yfir því atriði samkomulagsins, sem tryggir, að við framtíðaraðgerðir okkar í landhelgismálinu hefur verið komið í veg fyrir, að ofbeldi stórveldis ráði úrslitum. Í staðinn verði ágreiningnum, ef um hann er að ræða, vísað til alþjóðadómstólsins, til ómetanlegs öryggis, ekki fyrir þá, sem hafa atvinnu sína af málæði, heldur þeirra, sem vinna sín þjóðnýtu skyldustörf á fiskimiðunum umhverfis landið.

Til að viðhalda þeim góðu lífskjörum, sem við höfum búið við, og til þess að bæta þau nú á næstu árum þurfum við að hafa þrjú meginatriði í huga. Við verðum að búa við heilbrigt efnahagskerfi og rétta skráningu krónunnar. Framþróun útflutningsframleiðslunnar verður að eiga sér stað, helzt aukinn afli, en skilyrðislaust betri nýting hans og full vinnsla í sem ríkustum mæli, og það, sem er ekki síður mikilsvert, að auka og bæta markaðsmöguleika útflutningsframleiðslunnar, fá hátt verð fyrir útflutninginn, en kaupa inn góða og ódýra vöru. Þetta er efalaust fljótvirkasta og öruggasta leiðin til að efla almenna velmegun hér á landi. Margir hafa gert sér fulla grein fyrir þessu, en hinir eru þó fleiri, sem líta á aflamagn sem eina atriðið, en markaðsmöguleikana sem algert aukaatriði. Nærtækasta dæmið um þetta er flokksályktun Framsfl., sem birt var s. l. sunnudag í mörgum dálkum Tímans, með það að meginstefnu, að tvöfalda þyrfti framleiðsluna á næstu tveim árum. En flokksráð framsóknarmanna afgreiðir öll markaðs- og viðskiptamál með fjórum línum, sem segja ekki neitt.

Þótt við lítum fram hjá þeirri staðreynd, að fyrir togarana er hinn verðhái brezki ferskfiskmarkaður stórmikilvægur og nauðsynlegt að hann opnist, a. m. k. hluta úr hverju ári, þá ber okkur hins vegar að hafa í huga, að megineinkenni fiskneyzlunnar í Vestur-Evrópu eru aukin eftirspurn á fiskafurðum tilbúnum til matreiðslu og neyzlu, t. d. frosnum flökum og niðursuðuvörum. Neytendurnir gerast vandlátari á gæði og fullkomnun vörunnar með vaxandi efnahagslegri velmegun. Eins og er finnst þessi neyzlubreyting frekast í hinum háþróuðu iðnaðarlöndum Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum, og í náinni framtíð má slá því föstu, að aukning eftirspurnar á frosnum fiskflökum og niðursuðuvörum verði bundin þessum ríkjum, einmitt þeim ríkjum, sem stjórnarandstaðan hefur bent sérstaklega á að byggju við þá almennu velmegun, sem æskilegt væri fyrir okkur að ná. Þessi þróun í Vestur-Evrópu verður bezt skýrð með því að benda á, að fyrir nokkrum árum var sáralítill útflutningur á frosnum flökum til Bretlands, 1959 var hann 1500 tonn, en 1960 6300 tonn, og á s. l. ári keypti engin þjóð af okkur fyrir stærri upphæð en Englendingar og þ. á m. 13% af öllum sjávarafurðum okkar.

Framtíðarmöguleikar á góðum mörkuðum í Vestur-Evrópulöndunum fyrir afurðir vélbátaflotans, uppbygging kæliflutningakeðju um meginlandið, niðurfelling skatta og tolla á afurðum okkar, væntanleg þátttaka í markaðsbandalögum, allt þetta getur og hefur svo stórkostlega þýðingu fyrir fiskiðnaðinn og allan almenning í landinu, að einskis má láta ófreistað til að fylgjast með í þeirri þróun. Það ber jafnframt að hafa í huga, að þátttaka Norðmanna í sínu markaðsbandalagi hefur þegar veitt þeim lækkun tolla og hærra verð fyrir fisk sinn en við fáum. Ef sú þróun heldur áfram, munu þeir með verðjöfnun geta undirboðið okkur á öllum okkar beztu mörkuðum.

Rússar minnka nú árlega fiskinnflutning sinn og stefna að því að verða sjálfum sér nægir. Viðskiptin við þá hafa að mörgu leyti verið hagkvæm, þótt þau jafnist ekki á við hina frjálsu markaði. Að minnsta kosti má telja, að sá viðskiptamáti, sem tíðkazt hefur við önnur lönd austan tjalds, sá að fá hækkun á fiskverði, en jafnframt sömu hækkun á þeirri vöru, sem við verðum að kaupa þar í vöruskiptum, sé fordæmanlegur. Það var upplýst fyrir skömmu í dagblaði einu, að almenningur hér borgaði kr. 2.50 meira fyrir kg af sykri vegna vöruskiptanna heldur en ef hann væri keyptur frá Vestur-Evrópu. Nú væri gaman að spyrja hv. þm. Eðvarð Sigurðsson og aðra þá þm. Alþb., sem hér tala á eftir, hvort þeir teldu það kjarabót fyrir íslenzkan verkalýð að borga kr. 2.50 minna fyrir kg af sykri en sá almenningur gerir nú, ef með fylgdi, að sykurinn væri keyptur frá einhverju NATO-landanna. Það efa ég að þeir gerí.

Eftir blaðaskrifum og öðrum yfirlýsingum beggja kommúnistaflokkanna að dæma hefur verið reynt

og verður reynt í enn ríkara mæli að skapa hér fjöldaskoðun, sem yrði blanda haturs og þjóðernisstolts og mun telja sig óbundna gerðum rétt kjörins og lýðræðislegs þingmeirihluta, óbundna því að gangast undir vel hugsað og hagkvæmt samkomulag, sem er grundvöllur varanlegrar lausnar á hættulegri deilu í anda vináttu og friðar við framtíðarviðskiptaþjóð. Stjórnarandstaðan mun reyna hvað hún getur til að fá þennan rangskapaða og rangtúlkaða hópvilja til að hindra, bæði að *deilum í þessu máli ljúki og enn fremur að* viðreisnarstefna ríkisstj. fái að sanna gildi sitt. Ef reynt verður með ólýðræðislegum athöfnum að hindra framgang þessa eða annarra nauðsynjamála, þá er gott að hafa í huga, að við höfum nú stjórn, sem þorir að taka mannlega afstöðu til raunsærra vandamála. Við skulum einnig hafa í huga, að stjórnendur, sem gera skyldu sína, verða oft að ganga beint gegn flóðbylgju kjósendahyllinnar vegna yfirsýnar sinnar og matshæfileika, sem hafa komið þeim í þessar trúnaðarstöður. Með hinni efnahagslegu viðreisn þurfti þessa einmitt með, en þá lögðu stjórnarflokkarnir allt kjósendafylgi sitt að veði fyrir því, að verið sé á réttri leið. Fleiri og fleiri sýna þeim aðgerðum og stjórninni traust sitt. Eins verður um landhelgismálið. Það sanna viðbrögð þeirra sjómanna og útvegsmanna, sem lýstu trausti sínu, áður en niðurrifsöflin tóku til við að brjála dómgreind almennings.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég held, að frekjan og rökleysurnar í ræðu síðasta ræðumanns hæfi betur aumum málstað ríkisstj. en fínar og sléttar ræður sumra ráðherranna. En ég efast um, að stjórnin græði á því að hafa nú loks rekið þessa þm. sína til að tala, sem þögðu allan tímann um landhelgismálið, þegar það var til umr. Þessir þm., sem nú hafa fengið málið, eiga að segja sem kerlingin forðum: „Þagað gat ég þó með sann, þegar hún Skálholtskirkja brann.“ En ég held, að fagurmæli ráðh. séu hættulegri fyrir þjóðina en ofstopi eins og í síðustu ræðu.

Það skortir ekki blíðmælgina hjá hæstv. ráðh., þegar þeir tala frammi fyrir þjóðinni, en því harðvítugri eru verk þeirra gagnvart almenningi í landinu. Það á ekki síst við um þá hæstv. ráðh., sem fyrst og fremst hafa með viðskipti og fjármál að gera. Með siðfágaðri, silkimjúkri rödd *fullvissa* þessir herrar íslenzka launþega um, hvílíka umhyggju þeir beri fyrir velferð þeirra, og læða um leið löngum fingrum kaupráns- og gengislækkunarlaganna í vasa hvers láglaunamanns og stela af honum 1000 kr. á mánuði hverjum. Með hátíðlegum prófessorshreimi í röddinni fullvissa þeir landslýðinn um það sem algildan sannleika, að þjóðin hafi lifað um efni fram og þeir fátæku verði því að spara, svo að þeir ríku geti grætt. Á þessum grundvallarósannindum, að þjóðin hafi lifað um efni fram, byggist allt hrófatildur efnahagsstefnu ríkisstj. Ég spyr: Hvernig getur sú þjóð lifað um efni fram, sem leggur ár hvert þriðjung allra tekna sinna til hliðar til fjárfestingar og fær aðeins einn tíunda hluta fjárfestingarinnar að láni erlendis frá? Nei, það er annað, sem að er. Hinu gífurlega fé, sem þjóðin leggur til hliðar, er ekki varið rétt, af því að það er ekki heildarstjórn á fjárfestingunni í þágu þjóðarinnar, og einmitt á móti því, að svo verði, berst auðvaldið á Íslandi, stóra og litla íhaldið, með hnúum og hnefum. Öll gífuryrði þessara herra, allt sérfræðingasnakk þeirra er aðeins yfirvarp til þess að reyna að skapa innlendu og erlendu auðvaldi aðstöðu til að féfletta íslenzkan almenning. Hámarkinu nær hræsnin, þegar hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, segir í gær, að allir hagfræðingar ríkisins séu þeim sammála. Það er helzt vandi að sjá til þess! Þessir herrar ráða nú *enga hagfræðinga í stöðu nema þá, sem vilja dylja* þjóðina þess, sem ríkisstj. vill leyna, og segja í skýrslunum það, sem henni þóknast. Séu staðreyndirnar óþægilegar, er bara breytt skýrslunum, eins og við visitöluútreikninginn. Og sé hagfræðingur á öðru máli en ræningjarnir í ríkisstj., þá fær hann ekki starf í ríkisbákninu.

Hin fáguðu ósannindi hæstv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, stungu mjög í stúf við hina taumlausu frekju Jóns Þorsteinssonar, hv. 9. landsk. þm. Sá maður hafði brjóstheilindi til að segja, að Alþfl. fordæmdi pólitíska misnotkun verkalýðsfélaga. Einmitt Alþfl. hefur misnotað verkalýðsfélögin svo herfilega, að hann kom á algeru einræði flokksins í Alþýðusambandinu í 12 ár, og þegar hann varð að sleppa einræðisstjórninni 1942 og koma á lýðræði og jafnrétti, þá stálu toppkratarnir Iðnó, Alþýðubrauðgerðinni og Alþýðuhúsinu af verkalýðshreyfingunni með aðferðum, er samsvara þeim, að alþm. gerðu Landsbankann að hlutafélagi og gæfu sjálfum sér hlutabréfin. Þar með er útrætt um þann mann og heilindi hans á vettvangi stjórnmálanna.

Það er ekki nóg með, að öll efnahagsstefna ríkisstj. hafi sýnt sig að vera tóm vitleysa. Við því var alltaf að búast. Hún hafði tekið illa, erlenda auðvaldsstefnu ómelta og hleypt henni inn á íslenzkt efnahagslíf, rétt eins og þegar karakúlhrútunum forðum daga var hleypt á íslenzkan fjárbústofn, enda er þessi karakúlpest ríkisstj. þegar farin að eyða íslenzku efnahagslífi. Það, sem er pólitísk dauðasök þessarar ríkisstj., er, að hún hefur gert sig seka um það, sem er fyrirlitlegast í fari hvers manns, undirlægjuhátt gagnvart þeim voldugu og ríku, kúgun gagnvart þeim fátæku og smáu.

Táknræn fyrir afstöðu þessarar ríkisstjórnar er framkoma hennar annars vegar gagnvart brezka auðvaldinu, hins vegar gagnvart íslenzkum verkalýð.

Brezka auðvaldið hefur alltaf arðsogið íslenzka þjóð með öllum ráðum. Það hefur beitt oss Íslendinga kúgun og ofbeldi, er náði hámarki í hervaldsbeitingu þess í tvö ár í landhelgisdeilunni. Níðingsskapur brezka stórveldisins gagnvart Íslendingum vakti fyrirlitningu á brezku hervaldi og samúð með Íslandi um allan heim. En hvað segir svo íslenzka ríkisstj. nú með landhelgissamningnum við þennan brezka innbrotsþjóf, þennan ofbeldissegg? Hún segir: Bróðir minn í NATO, þú þarft ekki að beita mig ofbeldi. Ég skal opna fyrir þér landhelgina. Ég skal aldrei færa út aftur, nema spyrja þig um leyfi. Það eru bara vondir menn, sem eru á móti NATO, sem vilja færa út fiskveiðilandhelgina og svipta þig þínum sögulega rétti. — Og ríkisstj. hneigir sig í auðmýkt fyrir brezka ræningjanum, opnar fyrir honum landhelgina, forðabúr íslenzkra fiskimanna og þjóðarinnar.

En hvernig er þá framkoma þessarar ríkisstj. auðvaldsins við íslenzka verkalýðinn, sem íslenzka auðmannastéttin á allan sinn auð að þakka? Þessi ríkisstjórnarsamsteypa hefur í tvö ár beitt ofbeldi við íslenzka launþega. Hún hefur með þrælalögunum 1. febr. 1959 stolið af launþegunum stórum hluta af samningsbundnu kaupi þeirra. Hún hefur með dýrtíðarflóði rýrt kaupgjaldið æ meir með hverjum mánuði sem líður, svo að nú er kaupmáttur tímakaups orðinn lægri en nokkru sinni á tveim áratugum og 15% lægri en 1945 og atvinnuleysið að halda innreið sína. Verkalýðshreyfingin hefur í tvö ár látið þetta kauprán og kjararýrnun yfir sig ganga án þess að grípa til almennra verkfalla. Verkalýðurinn hefur þolað þyngri búsifjar af þessari ríkisstj. en nokkurri annarri, en samt gefið henni fullan frið í tvö ár. Og hvað segir nú þessi ríkisstj., sem laut brezka ofbeldinu í auðmýkt, við verkalýðinn og aðra launþega? Hún lætur tungumjúka hræsnara sína hér á Alþ. hóta verkalýðnum því undir yfirskini hagfræðinnar, að hækki hann kaupið, þá lækki hún gengið, m. ö. o. noti ríkisvaldið til nýrra gripdeilda og ránа í þágu auðvalds og skuldakónga. Og hún lætur ruddaleg blaðaþý sín hrópa að verkalýðshreyfingunni, að hún sé ofbeldishreyfing, sem ekkert vilji nema verkföll og eyðileggja þjóðfélagið.

Hefur nokkru sinni íslenzk ríkisstj. sýnt lítilmannlegri framkomu gagnvart erlendum auðdrottnum og ofbeldisseggjum annars vegar og gagnvart sínum eigin samlöndum, þeim vinnandi stéttum Íslands, sem allan auðinn skapa, hins vegar? Það er sem þessi ríkisstj. vilji ekkert virða nema vald, helzt ofbeldi. Hún kyssir á brezka hramminn, en slær á friðarhönd íslenzks verkalýðs. Hún einskisvirðir rétt hins vinnandi manns, en hún mun kannske beygja sig, þegar hinar vinnandi stéttir sýna henni, hvert vald þær eru, og sýna það vald í verki í voldugum samtökum.

En þetta framferði gagnvart auðstétt Bretlands annars vegar og vinnandi stéttum Íslands hins vegar er ekki það eina, sem ríkisstj. hefur unnið sér til dómsáfellis. Þessi ríkisstjórn hefur lagzt með öllum þunga yfirstéttarvaldsins á þá félagslegu umbótasókn, á þá efnahagslegu nýsköpunarbaráttu, sem verið hefur undirrót allra framfara á Íslandi á þessari öld. Hún hefur stöðvað íbúðabyggingar almennings, þetta stórkostlega átak alþýðunnar við að húsa landið sitt, þetta þrotlausa starf, sem unnið var myrkranna á milli við að skapa ágæt hús á alþjóðamælikvarða í stað gömlu hreysanna, og nú er ríkisstj. að hjálpa okrurunum til að klófesta þær íbúðir, er þegar voru byggðar af þeim, sem bágust eiga kjörin.

Ríkisstj. hefur stöðvað sjálfsbjargarsókn fólksins um land allt, sem var að endurskapa atvinnulífið fátækum byggðarlögum til framdráttar. Hún hefur hafið aftur eyðingu landsbyggðarinnar eins og á atvinnuleysisárunum fyrir einum áratug. Með drápskly fjum okurvaxtanna, lánafjötrum bankanna og dýrtíðarfargi gengislækkunarinnar er hún að sliga nýsköpunarþrótt þjóðarinnar. Með ískaldri peningadýrkuninni er hún að drepa þann áhugaeld, sem lyft hafði þjóðinni upp úr örbirgð aldamótanna til bjargálna nútímans. Ríkisstj. einbeitir öllum sínum kröftum að því að koma hér á því alræði peningavaldsins, sem gerir fátæktina aftur að fylgikonu hvers alþýðuheimilis. Meðan þessi ríkisstjórnarsamsteypa lætur legáta sína básúna það út, að þjóðfélagið þoli ekki hærra kaup verkalýðsins, lætur hún bankana taka 100—200 millj. kr. í gróða af atvinnuvegunum, sem ekkert eiga að þola, þverneitar að draga úr gróða vátryggingarfélaganna, skipafélaganna, olíufélaganna og annarra og heldur áfram að berja höfðinu við steininn, þó að það sé sannað, að t. d. áburðarverksmiðjan græði 11 millj. kr. á ári, en borgi aðeins 5 millj. í verkalaun og gæti því bæði stórhækkað kaup og stórlækkað áburð, ef það væri meiningin að reka fyrirtækið með hag almennings fyrir augum. Meðan þessi ríkisstjórnarsamsteypa rænir kaupinu af launþegunum og undirbýr að svipta þá íbúðunum þeirra líka, eys hún milljónum úr ríkissjóði í gæðinga sína, lætur auðhringana, vildarvini sína, flytja úr landi hundruð millj. kr. verðmæti, lætur yfirleitt hvers konar lögbrot viðgangast, ef það bara eru réttir menn, sem fremja þau, og kæfir niður allar rannsóknir á þessu framferði á Alþingi.

Hvert stefnir þessi ríkisstjórn með öllu þessu framferði sínu? Hún stefnir að því að gera alþýðuna aftur arðránshæfa, þannig að voldugir auðmenn geti safnað í gróðahít sína afrakstrinum af vinnu hennar og erfiði. Hún stefnir að því í þágu örfárra auðmanna Íslands og voldugra erlendra auðhringa að beygja íslenzka þjóð undir arðránsok erlends valds, gera Ísland að nýlendu á ný. Í 130 ár höfum við Íslendingar háð frelsisbaráttu vora fyrir því að ráða sjálfir og einir þessu landi og láta landsins börn njóta auðlinda þess og yndis. „Ísland fyrir Íslendinga" var kjörorð allrar aldarinnar. „Ísland farsælda frón" var draumsjón baráttunnar. Við höfum unnið mikla sigra, Íslendingar, á þessari öld. En við höfum líka beðið ósigra. Og hvernig stendur á þeim ósigrum? Orsök þeirra er, að sú afturhaldssamsteypa, er nú ræður ríkjum, setur bandalag nýlendukúgaranna, Atlantshafsbandalagið, ofar Íslandi, fórnar hagsmunum Íslendinga fyrir gróðavon og drottnunargirnd auðkónganna. Þess vegna er Ísland nú herstöð Atlantshafsbandalagsins og lífi þjóðarinnar stofnað í voða, ef stríð brýzt út. Þess vegna var landhelgin svikin og brezku ræningjunum hleypt inn á fiskimið Íslendinga og landgrunnið ofurselt alþjóðadómstóli fjandsamlegra stórvelda. Og þess vegna undirbýr ríkisstj. nú að ofurselja amerískum auðhringum orku íslenzkra fossa. Og mennirnir, sem svíkja auðlindir Íslands undir arðránsplóg erlends valds, hóta síðan íslenzkri alþýðu endalausum gengislækkunum, ef hún, sem á þessar auðlindir, gerir kröfur til mannsæmandi lífs. Gylfi Þ. Gíslason, hæstv. viðskmrh., setti þessa svívirðilegu hótun fram hér í útvarpinu í gærkvöld, með allri þeirri siðfágun í orðalagi, sem vel dresseruðum hirðmanni auðkónganna sæmir, og með öllum þeim níðingsskap gagnvart alþýðu í innihaldinu, sem nýrík yfirstétt, sem klófest hefur ríkisvaldið með svikum, hyggur sig geta boðið íslenzkri alþýðu í skjóli erlends kúgunarvalds. Þetta er takmark þessara erindreka nýlendustefnunnar, að gera Ísland að gróðrarstíu fyrir hervald og auðvald Atlantshafsbandalagsins, að innlima Ísland sem örlitinn

hrepp í efnahagskerfi, kreppukerfi auðhringanna. Þetta er orðið úr hugsjóninni um sjálfstæði Íslands, um farsældanna frón hjá þessum mönnum. Það er sá mesti sorgarleikur Íslandssögunnar, sem er að gerast þessi árin.

Kúgaðar þjóðir heimsins hrista nú nýlenduhlekkina og brjóta þá af sér. Ísland gat orðið öllum þessum nýfrjálsu þjóðum hin fegursta fyrirmynd. Ísland gat orðið þeim fyrirmynd um velferð almennings. En nú er kúgunin og fátæktin leidd inn í landið á ný. Ísland gat orðið fyrirmynd um frelsi af klafa erlends auðmagns. En nú er verið að leggja oss hespuna gömlu um háls. Ísland gat orðið fyrirmynd um frið fyrir drápsstöðvum hervelda, en nú á að gera Ísland að Gibraltar sjóhernaðar. Ísland gat orðið þeim fyrirmynd um samstarf einhuga þjóðar, fagra og farsæla uppbyggingu landsins í þágu eigin barna. En nú er þjóðin klofin í tvennt af harðsviruðu, singjörnu afturhaldi, sem gerzt hefur handbendi erlends valds og einskis svífst til að græða. Ísland var fyrirmynd þessara nýfrjálsu landa um yfirráð yfir eigin fiskimiðum. Nú hefur Ísland verið litillækkað og svikið, landhelgin gerð að undirlægju brezku ræningjanna.

Hverjir valda þessari smán, sem Íslandi er gerð, þessari ógæfu, sem leidd er yfir þjóð vora? Þessu valda mennirnir, sem minnkuðu, mennirnir, sem létu samneytið við erlenda auðvaldið smækka sig og setja nú alla áróðursvél auðvaldsins í gang til þess að reyna að smækka þjóðina líka, svo að allt verði við hæfi, til að véla hana og villa henni sýn, meðan þeir eru að minnka landið, selja það undir erlendar herstöðvar, meðan þeir eru að minnka landhelgina, selja hana undir ofbeldið brezka, meðan þeir eru að farga landgrunninu, ofurselja það erlendum dómstóli, meðan þeir eru að farga orku fossanna og leggja brældómsok erlends auðvalds á herðar íslenzkrar alþýðu.

Harmleikur Íslands er, að þessir menn hafa gerzt handgengnir erlendu valdi, eru fyrst og fremst farnir að hugsa sem hluti úr alþjóðaauðvaldinu, en ekki sem Íslendingar. Auðvald Atlantshafsbandalagsins er Íslandi í dag það, sem konungsvald Hákonar gamla var oss fyrir réttum 700 árum — 1261.

Íslendingar, nú er allt í hættu, sem oss er kært, velferð alþýðunnar, sjálfstæði þjóðarinnar. Landgrunninu er fargað. Hluti landsins er þegar seldur undir herstöðvar. Orku fossanna á að farga næst. Þegar aðrar þjóðir hrista af sér hlekkina, þá á að leggja á oss Íslendinga nýlendufjötrana á ný. Ef þessi öfugþróun verður ekki stöðvuð, þá vofir glötun yfir öllu, sem íslenzkt er. Það er ekki manngildishugsjón íslenzks þjóðernis, sem vakir nú fyrir valdamönnum vorum. Nei, þeirra mannshugsjón er hinn fágaði hirðmaður auðsins, hinn feiti þjónn hervaldsins. Þess vegna er það nú mikilvægasta verkefni íslenzkra stjórnmála, að hér skapist sú þjóðfylking Íslendinga, sem nær ríkisvaldinu úr helgreipum þessara handbenda auðvaldsins, — þjóðfylking, sem hættir að láta nota ríkisvaldið sem kúgunarvald gagnvart hinum vinnandi stéttum, en gerir það í staðinn að lyftistöng lífskjaranna, — sú þjóðfylking, sem nær aftur í hendur Íslendinga landinu og landhelginni, sem nú var ofurseld, gerir Ísland frjálst og farsælt. Verkamenn og bændur, launþegar allir, menntamenn og millistétt og allir þeir atvinnurekendur, sem vilja viðhalda og efla íslenzkt atvinnulíf, þurfa að taka höndum saman um slíka þjóðfylkingu og þá flokka, er hana mynda. Á því veltur nú framtíð Íslands.

Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, spurði hér í gærkvöld, hvaða stefnuskrá sú þjóðfylking Íslendinga, sem nú er í uppsiglingu, mundi framkvæma, þegar hún tæki meiri hluta á Alþingi í næstu kosningum. Ja, Gylfi minn. Hún skyldi nú aldrei framkvæma þá stefnuskrá, sem Alþfl. setti sér fyrir 45 árum, þá stefnu að útrýma fátækt og kúgun af Íslandi og láta vinnandi stéttir landsins njóta auðlinda þess, en Ísland verða frjálst af allri ánauð, þá stefnu, sem toppkratarnir hafa svo herfilega svikið? En mér skildist á spurningunni, að stefnan væri ekki aðalatriðið í augum Gylfa. Það var fyrsta spurningin, sem kom frá hjartanu, full af kvíða: Ætla þeir að mynda ríkisstj. einir, eða fá toppkratarnir að verða ráðherrar líka? Gylfi minn, hvernig geturðu gert þér vonir um slíkt? Þú sérð nú, að toppkratarnir eru komnir á kaf ofan í íhaldið. Og þann keisaraskurð framkvæmir enginn maður að ná aftur því, sem íhaldið hefur bæði gleypt og melt. En Alþýðuflokksfólkið, það mun verða með, því að þann vinnandi lýð getur auðvaldið aldrei gleypt. Alþýðustéttir Íslands munu sameinast. Það getur engin þjónusta toppkrata við auðvaldið hindrað.

Núverandi ríkisstjórn hefur sagt fólkinu í landinu stríð á hendur og fer nú ránshendi um eigur þess. Þess vegna á stjórnin að falla, en fólkið að sameinast um hagsmuni sína og heill. Þessi ríkisstjórn er handbendi erlends valds í stríði þess við þjóðina og hefur nú svikið hluta af yfirráðasvæði Íslands í hendur þess valds. Þess vegna á stjórnin að falla, en þjóðin að sameinast um að varðveita Ísland fyrir Íslendinga og vinna aftur allt, sem glatazt. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Heimurinn, sem við lifum í, hefur verið að breytast á seinustu mannsöldrum. Þjóðir, sem öldum saman lifðu í ánauð, hafa hlotið frelsi. Við erum ein þeirra. Lög og réttur eru þegar töluverð vörn smáþjóðum gegn valdi og vopnum hinna sterkustu. Þess vegna gátum við unnið sigur í landhelgismálinu.

Fyrir 100 árum hefði þetta ekki getað gerzt. Þá hefði stórveldið umsvifalaust beitt vopnum sínum og látið kné fylgja kviði, svo að smárikið hefði misst fullveldi sitt. Í tíu þúsund ára skráðri sögu mannkynsins hefði það aldrei getað komið fyrir, nema á nokkrum síðustu áratugum, að dvergríki hefði sigur í viðureign við eitt mesta stórveldi heims. Sigurinn eigum við Íslendingar að þakka þeirri þróun, sem leitt hefur til Sameinuðu þjóðanna, til allsherjarþings og allsherjardómstóls. Þessa þróun verðum við að skilja, því að á þeim skilningi byggist farsælt áframhald landhelgissóknarinnar.

Við höfum unnið sigur, þótt stjórnarandstaðan hér á hv. Alþingi hafi með 40 klst. ræðuhöldum dag og nótt reynt að telja sjálfri sér og öðrum trú um, að svo sé ekki. Síðan samkomulagið um

lausn landhelgismálsins var birt, hafa aðeins þrjú dagblöð í öllum heiminum, sem til hefur frétzt, kallað lausn málsins ósigur fyrir Íslendinga. Þessi þrjú dagblöð eru Þjóðviljinn, Tíminn og Izvestia í Moskvu. Þjóðviljinn og Izvestia þurfa ekki að koma okkur á óvart, en hvað er Tíminn að gera í þessum félagsskap?

Síðan við Íslendingar byrjuðum útfærslu fiskveiðilögsögunnar, höfum við haldið okkur vandlega innan ramma alþjóðalaga og aldrei gert neitt, sem braut gegn þeim. Þetta hefur verið okkar mikli styrkur í málinu. Þegar Bretar gerðu innrás í 12 mílurnar, var höfuðatriði í mótmælum okkar innanlands og utan, að við hefðum réttinn okkar megin, Bretar væru að ögra útfærslu, sem ekki bryti í bága við nein alþjóðalög.

Í hinum löngu umræðum í s. l. viku gerðust þau furðulegu tíðindi, að Lúðvík Jósefsson lýsti afdráttarlaust yfir, að hann teldi 12 mílurnar lögleysu, sem við hefðum aldrei getað fengið staðfesta fyrir neinum alþjóðarétti. Það kemur nú í ljós, að maðurinn, sem var sjútvmrh. 1958 og gaf út reglugerðina um 12 mílna landhelgina, virðist trúa því, að hann hafi með því verið að brjóta alþjóðalög, fremja lögleysu. Hvað segja sjómenn og aðrir Íslendingar um þessa ræðu, sem Lúðvík flutti aðfaranótt þriðjudags? Viljið þið trúa því, að við höfum verið að brjóta lög allan tímann með 12 mílunum? Viljið þið trúa því, að öll baráttan, sem þjóðin stóð saman um sem einn maður, hafi verið byggð á lögleysu, en Bretar hafi þá væntanlega haft rétt fyrir sér í málinu? Ég segi nei. Ég mótmæli þessari ræðu Lúðvíks eindregið og fullyrði, að við höfum engin lög brotið og haft skýlausan þjóðarétt okkar megin.

Ef Lúðvík Jósefsson trúir því raunverulega, að 12 mílurnar séu lögleysa, þá megum við þakka guði fyrir, að hann sagði ekki frá þessari skoðun sinni, fyrr en málið var leyst. Ef hann hins vegar segir þessi alvarlegu orð gegn betri vitund, í þeirri von að skaða núverandi ríkisstjórn, þá hlýtur þjóðin að fordæma svo ábyrgðarlausan málflutning.

Lúðvík sagði fleira, sem kom mönnum á óvart, í þessari furðulegu næturræðu. Við munum öll eftir innrás brezka flotans í fiskveiðilandhelgi okkar. Við munum þá reiði, sem þjóðin fylltist, þegar herskip með gapandi fallbyssukjafta vernduðu brezka togara og ögruðu landhelgisgæzlu okkar. Við munum íslenzku sjómennina, sem fóru um borð í landhelgisbrjót, en voru teknir þaðan með valdi af vopnuðum brezkum sjóliðum. Aldrei hefur íslenzka þjóðin staðið svo einhuga í neinu sem mótmælum sínum gegn þessum hernaðaraðgerðum.

En hvað gerðist hér í alþingissal aðfaranótt þriðjudags? Lúðvík Jósefsson hélt því skyndilega fram, að þetta hafi allt verið skrípaleikur hjá Bretum, innrásin svo sem ekki neitt. Hann kallaði þetta dægilega tíma fyrir sjómenn. Og hann sagðist sjálfur vera þeirrar skoðunar, að við ættum að semja við Breta um að halda innrásinni og herskipavernd togaranna innan 12 mílna áfram í 4 ár. Maðurinn, sem var sjútvmrh. okkar, þegar landhelgisátökin voru hörðust, segist nú vilja semja við Breta um, að þeir veiði undir herskipavernd, þar sem þeim sýnist, ekki inn að 6 mílum, heldur inn að 4 mílum. Ef einhver hlustandi á bágt með að trúa þessu, get ég fullvissað hann um, að þessi orð Lúðvíks eru margstaðfest, og hann endurtók þessar skoðanir sínar um háþjartan dag nokkru síðar hér á Alþingi. Á þessari furðulegu skoðun kommúnista, sem þeir hafa nú opinberlega lýst og gengizt við, er aðeins ein hugsanleg skýring. Hún er sú, að þeir vilji halda striðinu við Breta áfram, að þeir láti öryggi íslenzkra sjómanna lönd og leið. Menn geta sjálfir velt því fyrir sér, af hvaða ástæðum kommúnistar heimta áframhaldandi deilu og stríð. En er þetta sá hugsunarháttur, sem íslenzka þjóðin vill að ráði gerðum sínum? Nei, yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar velur frið með sigri og sæmd, þegar þess er kostur.

Höfuðvinningur okkar Íslendinga með lausn landhelgismálsins er sá, að við fáum viðurkenningu Breta á 12 mílna fiskveiðimörkunum okkar ótvíræða og óafturkræfa. Bretar hafa hingað til fullyrt í mótmælum sínum, að 12 mílna línan sé alger lögleysa. Nú falla þeir frá þessu um alla framtíð. Þeir hafa haldið fram, að herskipin hafi haft löglegan rétt til þess að vernda brezka togara allt inn að 3 mílna línunni. Nú falla þeir einnig frá þessu um alla framtíð.

Það er alger útúrsnúningur að telja viðurkenningu Breta á 12 mílunum ekki ótvíræða. Ef íslenzk ríkisstj. sendi Dönum orðsendingu, þar sem Ísland félli formlega frá öllum kröfum til handritanna um alla framtíð, mundi það ekki verða talin viðurkenning af Íslands hálfu á eignarrétti Dana á þessum dýrgripum? Er nokkur hlutur augljósari? Lagadeild Háskóla Íslands hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að viðurkenning Breta á 12 mílunum sé ótvíræð. Þar vantaði að vísu undirskrift eins prófessors, Ólafs Jóhannessonar. Hann er einn af þingmönnum Framsfl. og gat látið álit sitt í ljós hér á Alþingi. En um þetta atriði, eins og flest efnisatriði málsins, hefur hann þagað, ekki sagt aukatekið orð. Stundum segir þögnin meira en langt mál.

Stefna þjóðarinnar í landhelgismálinu var síðast mótuð vorið 1959. Þá gerði Alþingi ályktun, sem samin var af fulltrúum allra flokka, lögð í hana mikil vinna og hún samþykkt með atkvæðum allra flokka. Í ályktuninni er fyrst mótmælt harðlega stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan 12 mílna. Ríkisstj. hefur nú fengið Breta til að falla frá þessum aðgerðum og lofa að grípa aldrei til slíks ofbeldis framar gegn íslenzkri útfærslu. En þá segja kommúnistar, að ofbeldið hafi verið dægilegir tímar, og vilja semja við Breta að halda því áfram í 4 ár!

Í öðru lagi var í ályktuninni lýst yfir, að Alþingi teldi Íslendinga eiga ótvíræðan rétt til 12 mílnanna. Þennan rétt hefur ríkisstj. fengið viðurkenndan. En nú lýsa kommúnistar yfir, að 12 mílurnar hafi verið lögleysa, sem mundi ekki standast fyrir neinum alþjóðadómstóli.

Síðasta atriði ályktunarinnar er orðað eftir nákvæma yfirvegun Alþingis svo, að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið. Ríkisstj. hefur ekki tryggt eða samið um minni landhelgi, heldur meiri landhelgi en var vorið 1959, því að vissulega er útfærsla nýju grunnlínanna fyrir alla ellifó okkur meira virði en veiðiréttur, sem Bretar fá í næstu

þrjú ár. Stjórnarandstaðan hefur hins vegar lýst yfir því, að hún muni skera upp herör til baráttu fyrir því að minnka aftur landhelgi okkar um 5065 km2 frá því sem hún er nú orðin. Þetta er í fyrsta skipti í sögunni, sem tveir íslenzkir stjórnmálaflokkar opinberlega berjast fyrir því að minnka landhelgina.

Af þessu er augljóst, að ríkisstj. hefur starfað eftir ályktun Alþingis frá 1959 og náð mjög góðum árangri, en stjórnarandstaðan vinnur á þjóðhættulegan hátt gegn þeirri ályktun, sem hún sjálf tók þátt í að gera fyrir tæplega tveimur árum.

Ef við tækjum t. d. ræður Lúðvíks Jósefssonar hér á þingi undanfarna 8 daga og gerðum úr þeim ályktunartillögu, er lýsti afstöðu hans til landhelgismálsins í dag, gæti sú tillaga hljóðað eitthvað á þessa leið:

„Alþingi ályktar, að það hafi verið dægilegir tímar, þegar brezk herskip og togarar héldu uppi ofbeldisaðgerðum innan íslenzkrar landhelgi. Alþingi telur 12 mílna fiskveiðilögsöguna lögleysu, sem mundi ekki standast fyrir neinum alþjóðadómstól, og Alþingi felur ríkisstj. að hafna viðurkenningu Breta á 12 mílunum og minnka aftur landhelgina um 5065 km2.“

Ef einhver hlustandi heldur, að hér sé um gaman eða ýkjur að ræða, þá munu þingtíðindin sanna, að þetta eru höfuðatriðin, sem fram hafa komið í ræðum Lúðvíks Jósefssonar undanfarna daga, og hann er einn helzti forsvarsmaður stjórnarandstöðunnar í landhelgismálinu. Er það furða, þótt menn segi, að það muni vera leit á jafnábyrgðarlausri stjórnarandstöðu og við höfum í okkar landi?

Fjórða og síðasta atriði samkomulagsins um lausn landhelgisdeilunnar varðar framtíðina. Þar höfum við lofað, að leggja megi deilur, ef einhverjar verða um frekari útfærslur á komandi árum, fyrir alþjóðadómstólinn í Haag. Með þessu er alls engu fórnað, svo framarlega sem Íslendingar hugsa sér að fara að lögum í framtíðinni, eins og þeir hafa ávallt gert hingað til.

Alþjóðadómstóllinn hefur komið við sögu landhelgismála okkar fyrr en nú. Þegar málaferli stóðu yfir milli Breta og Norðmanna 1951, sátu tveir fulltrúar íslenzkra stjórnarvalda, þeir Hans G. Andersen og Gizur Bergsteinsson, í réttarsalnum í Haag og fylgdust með öllu, sem gerðist. Árangurinn varð sá, að hin mikla útfærsla okkar árið 1952 var algerlega byggð á niðurstöðum Haagdómsins, rétt eins og hann hefði kveðið upp úrskurð um okkar grunnlínur og okkar landhelgi.

Því hefur verið haldið fram, að dómstóllinn hafi ekki skapað þjóðarétt með úrskurði sínum Norðmönnum í vil, heldur aðeins staðfest gamlan rétt Noregs. En með þeirri staðfestingu gerði dómstóllinn norska réttinn að þjóðarétti í sambærilegum atvikum og skapaði þannig réttarstöðu, sem Íslendingar gátu byggt á mjög mikla útfærslu. Við treystum okkur ekki til að færa út eftir fordæmi Norðmanna einna. Þess vegna biðum við eftir niðurstöðum dómsins, og á hans úrskurði gátum við byggt aðgerðir okkar. Það var svo traustur grundvöllur, að Bretar þorðu ekki að láta mál okkar fara fyrir dóminn aftur, þegar ríkisstj. framsóknarmanna og sjálfstæðismanna bauð þá lausn.

Tveim alþjóðaráðstefnum í Genf tókst ekki að gera alþjóðlegt samkomulag um viðáttu landhelginnar. Þrátt fyrir þetta eru til alþjóðlegar reglur til að dæma eftir í landhelgismálum. Samkvæmt stofnskrá alþjóðadómstólsins skal hann dæma eftir millirikjasamningum, millirikjavenjum, almennum grundvallarreglum laga, dómsúrlausnum og kennisetningum beztu sérfræðinga í þjóðarétti. Það var ekki búið að gera Genfar-samninginn um grunnlínur 1951, en samt gat dómstóllinn dæmt um grunnlínur við Noreg, Norðmönnum og einnig Íslendingum til stórkostlegs hagræðis.

Það þarf engum að koma á óvart, þótt kommúnistar gangi nú berserksgang til að sannfæra þjóðina um, að alþjóðadómstóllinn sé gagnslaust tæki í höndum vestrænna stórvelda. Það vill svo til, að Sovétríkin og önnur kommúnistariki hafa ekki viljað gefa yfirlýsingar um, að þau lúti þessum dómstól í einu eða neinu, enda þótt 37 önnur ríki hafi gefið slíkar yfirlýsingar. Rússar og Pólverjar fengu að vísu kosna dómara í réttinn í Haag, en þeir viðurkenna ekki lögsögu hans að neinu leyti. Þetta er ástæðan til þess, að dómstóllinn hefur ekki orðið eins virkur í lausn á alþjóðadeilum síðustu árin og vonir stóðu til, en þetta dregur í engu úr gildi og þýðingu hans fyrir þau réttarriki, sem taka heilsteyptan þátt í uppbyggingu hans, styðja hann og treysta honum.

Meðal þeirra ríkja, sem hafa fyrir fram skuldbundið sig til að hlíta úrskurði dómstólsins að flestu eða öllu leyti, eru smáþjóðir í miklum meiri hluta. Þar eru Belgía, Kanada, Kólumbía og Danmörk, Dóminíkanska lýðveldið, Egyptaland, El Salvador, Haiti, Hondúras, Ísrael, Líbería, Lúxemborg, Mexíkó, Holland, Nýja-Sjáland, Nicaragua, Noregur, Panama, Paraguay, Svíþjóð, Thailand, Úrúguay og mörg fleiri. Meira að segja smáriki, sem standa utan Sameinuðu þjóðanna, eins og Sviss, Lichtenstein og San Marino, eru þátttakendur í dómstólnum. Auk kommúnistaríkjanna vantar enn í dóminn öll nýju ríkin, sem aðeins hafa verið frjáls í nokkra mánuði og því ekki haft tíma til að ganga í dóminn, en þau munu vafalaust koma innan skamms.

Því hefur verið haldið fram, að 9 af 15 dómurum, sem nú sitja í Haagdómstólnum, séu fjandsamlegir Íslandi. En það er merkilegt, að þeir kommúnistar, sem halda þessu fram, forðast að nefna eitt einasta nafn þessara dómara eða lönd þau, sem þeir eru frá, enda er þetta hrein fjarstæða, sem þeir fara með. Í dómnum er nú meiri hluti dómara, sem telja verður fyrir fram hlynnta mjög viðri landhelgi. Þessir dómarar eru frá Egyptalandi, Póllandi, Perú, Argentínu, Mexíkó, Sovétríkjunum, Panama og t. d. gríski Íslandsvinurinn Spiropoulos, sem þar er dómari, og eru þá nokkir nefndir.

Það er einnig fjarstæða, að Bretar eða önnur stórveldi ráði vali dómara. Einmitt þegar mál Norðmanna og Breta stóð sem hæst 1951, var norski dómarinn Klaestad endurkjörinn í dóminn, og þá um leið var kjörinn nýr dómari, Carneiro, sem er frá 12 mílna landinu Brasilíu. Þegar löndunardeilan við Ísland stóð sem hæst 1954, var Mexíkaninn Cordova kosinn, en Mexíkó er mikið baráttuland fyrir víðri landhelgi og berst fyrir öllu landgrunninu. Árið 1957 voru kosnir í dóminn Pólverji og Egypti, en báðar þessar þjóðir styðja 12

mílur. Árið 1959, þegar striðið milli Íslendinga og Breta stóð sem hæst, var kosinn í alþjóðadóminn Alvaro frá Panama, en Panama er land, sem hefur 12 mílur og berst fyrir landgrunninu öllu. Síðasti dómarinn, sem hefur verið kosinn í þennan dómstól, er frá Perú, landi, sem hefur 200 mílna landhelgi. Hvar eru þessi voðalegu áhrif Bretans, sem eiga að gera þennan dómstól hættulegan Íslendingum? Við þetta má bæta þeirri reglu, að komi mál Íslands einhvern tíma fyrir dóminn, eigum við rétt á að skipa einn ad hoc dómara, meðan á málinu stendur.

Þessar staðreyndir gefa Íslendingum ekki ástæðu til ótta, þvert á móti, og nú hafa um 20 Afríkuríki bætzt í Sameinuðu þjóðirnar. Næstu dómarar verða vafalaust frá Afríku, og er engin hætta á, að þeir verði handbendi nýlenduveldanna gömlu.

Ef við athugum þá úrskurði, sem alþjóðadómstóllinn hefur kveðið upp hin síðari ár, verður hið sama upp á teningnum. Það er áberandi, hve Bretum hefur yfirleitt gengið illa að vinna mál fyrir þessum dómstól. Þeir töpuðu öðrum hluta Korfú-málsins gegn Albönum; þeir töpuðu Anfadiklosmálinu gegn Grikkjum; þeir töpuðu olíumálinu gegn Íran, og þeir töpuðu landhelgismálinu gegn Norðmönnum. Í öllum þessum tilfellum eru það smáþjóðir, sem sigra yfir stórveldinu Bretlandi fyrir alþjóðadómstólnum.

Við höfum getað þrefaldað landhelgi okkar á einum áratug, sökum þess að hugmyndir mannkynsins hafa verið að breytast okkur í hag, og vonir um framtíðina byggjast á því, að þessar breytingar haldi áfram. Stórveldablakkirnar í austri og vestri hafa nú hvorug meiri hluta á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þegar næst kemur saman ráðstefna um landhelgismál, munu sitja þar 20—30 ríki, sem voru ekki til um þetta leyti í fyrra. Þetta eru nýfrjáls ríki, flest í Afríku, sem munu vafalaust hafa svipaðar hugmyndir og við um lífshagsmuni smáþjóða gegn ítökum gamalla stórvelda.

Það má telja algerlega öruggt, að brezka stjórnin hefði ekki treyst sér til annars en senda herskip sín aftur inn fyrir 12 mílur við Ísland, ef ekki hefði tekizt samkomulag, og því er áframhaldandi stríði og árekstrum með stöðugri lífshættu sjómanna forðað með því samkomulagi, sem náðst hefur. Við höfum engu fórnað fyrir framtíðina, þvert á móti tryggt, að stórveldi, sem þegar hefur ögrað okkur með vopnavaldi, geri það ekki framar.

Stjórnarandstaðan fullyrðir, að við höfum afsalað okkur rétti til einhliða útfærslu. Þetta er reginmisskilningur, sem sanna má með því, að alþjóðadómstóllinn hefur sjálfur viðurkennt rétt ríkja til einhliða útfærslu landhelgi. Í máli Breta og Norðmanna segir dómurinn, að það sé rétt, að ákvörðun landhelgismarka hljóti að vera einhliða skref, því að enginn nema strandríkið sjálft geti stigið það, en gildi útfærslunnar gagnvart öðrum ríkjum sé háð alþjóðalögum, og hefur það alltaf verið okkur Íslendingum ljóst. Einmitt þess vegna höfum við ávallt barizt fyrir viðurkenningu landhelginnar á alþjóðagrundvelli. Þess vegna höfum við ekki tekið allt landgrunnið enn þá.

Við hljótum öll að vera sammála um, að ríkisstjórnir Íslands, hverjar sem þær eru, eigi framar öllu öðru að vernda líf og öryggi borgaranna. Af þessu leiðir, að það hlýtur að vera skylda hverrar ríkisstj. að sjá hagsmunamálum þjóðarinnar borgið með friði, en ekki ófriði. Þetta hefur núv. ríkisstj. gert í landhelgismálinu. Hún hefur fengið Breta til að viðurkenna, að 12 mílna fiskveiðilandhelgi okkar sé lögleg. Hún hefur fengið Breta til að viðurkenna, að innrás herskipa þeirra hafi verið ólög. Hún hefur fengið Breta til að lofa því um alla framtíð að beita ekki vopnavaldi gegn okkur, þótt við deilum um landhelgismál. Gegn takmörkuðum veiðirétti í þrjú ár hefur ríkisstj. fengið nýja útfærslu grunnlína um yfir 5000 km2 um alla framtíð, þannig að landhelgin er stærri eftir en áður. Og loks hefur ríkisstj. lofað því, sem alltaf hefur verið stefna Íslendinga og hlýtur alltaf að verða það, að fara í framtíðinni að þjóðarétti og leggja málin undir hlutlausan alþjóðadómstól, ef deilt er um þau.

Af öllu þessu er augljóst, að ríkisstj. hefur breytt samkvæmt skýlausum hagsmunum þjóðarinnar. Hún hefur fylgt ályktun Alþingis frá vorinu 1959 og stækkað Ísland. Fyrir þetta hlýtur stjórnin traust íslenzku þjóðarinnar, og Alþingi á að fella þá vantrauststill., sem stjórnarandstaðan í ráðleysisfálmi hefur lagt fram. — Góða nótt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. lýsti áhyggjum yfir því í ræðu sinni í gærkvöld, að Framsfl. væri að gerast handbendi kommúnista, eins og hann orðaði það, og aðrir ræðumenn stjórnarflokkanna tóku mjög undir þetta. Mikil er umhyggja þeirra fyrir okkur. Þeir hafa líklega aldrei komið nálægt kommúnistum sjálfir — eða hvað? Gísli Guðmundsson nefndi dæmi áðan, og ég vil bæta örlitlu þar við. Árið 1944 setti Ólafur Thors kommúnista í fyrsta skipti í ráðherrastóla hér á landi. Sjálfstæðismenn tóku líka upp samstarf við nokkra af þeim 1958 og hluta af Alþfl. til þess að eyðileggja framfara- og uppbyggingarstarf vinstri stjórnarinnar. Og loks fengu þeir aðstoð þeirra til að koma fram kjördæmabreytingunni 1959 og þar með möguleika til að koma núv. óhappastjórn á laggirnar. Og mér sýnist kommúnistaskraf þeirra nú vel geta bent til þess, að þeir séu að hugleiða möguleika til að fá Alþb.-menn í stjórnina til sín. Mikil er fávizka þessara manna, ef þeir halda, að framsóknarmenn hætti að berjast gegn lömunarstefnu og vítaverðum athöfnum núv. stjórnar, þ. á m. landhelgissamningnum við Breta, vegna þess að Alþb.-menn eru líka á móti stjórninni.

Svo er það gamli söngurinn um vinstri stjórnina. Á hennar dögum voru hér stórstígar framfarir, mikil atvinna og afkoma almennings góð, og Sjálfstfl. hélt líftórunni í Alþfl.-stjórninni árið 1959 með því að láta hana éta upp greiðsluafgang ríkissjóðs og útflutningsvörubirgðir, sem vinstri stjórnin hafði skilið eftir.

Í nóvember 1958 lögðu framsóknarmenn fram till. í ríkisstj. um efnahagsmál, sem fólu í sér óbreyttan kaupmátt tímakaups, eins og hann var í október 1958 eða febrúar sama ár. Þessum till. var hafnað og samstarfið um vinstri stjórnina rofið. Ég er ekki í vafa um, að margir, sem þá lögðu lið sitt til að sundra vinstri stjórninni, hafi

fyrir löngu séð, að það var mjög óviturlega ráðið. Fyrir það hafa menn orðið að taka á sig mikla kjaraskerðingu sem afleiðingar af lömunarstefnu núv. stjórnar. Tímakaup verkamanna er nú lægra og það töluvert en var í október 1958, en dýrtíðin hefur aukizt gífurlega síðan, eins og allir vita.

Núv. stjórn krefst óbreyttra launa hjá verkamönnum og öðrum, sem búa við lægstar tekjur, þ. á m. hjá bændum, þrátt fyrir allar álögurnar og verðhækkanirnar. Þetta kom m. a. skýrt fram í ræðu viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, í gærkvöld. En hvernig er hægt að hugsa sér, að þessi stjórnarstefna geti staðizt? Hvernig geta menn lifað á þessum tekjum að óbreyttu verðlagi?

Það var mikið um að vera, þegar hæstv. núv. ríkisstj. lagði fyrir Alþingi frv. sitt um efnahagsmál á þorranum í fyrravetur. Til skýringar á málinu gaf hún út sérstaka bók, sem send var um land allt, og í heimildarleysi tók stjórnin peninga úr ríkiskassanum til útgáfunnar. Í aths. með frv. og í bókinni var lýst aðalefni frv. og tilganginum með flutningi þess. Fyrst var þar rætt um að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll, og í því skyni átti að koma fram gagngerri stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar, eins og það var orðað. Stjórnin lýsti m. a. yfir, að hún hefði hafið gagngera endurskoðun á fjármálum ríkissjóðs. Hún ræddi mjög um halla á þjóðarbúskapnum gagnvart öðrum löndum og þunga greiðslubyrði af þeim sökum. Með halla á þjóðarbúskapnum taldi stjórnin allar lántökur erlendis næstu árin á undan vegna nauðsynlegra framkvæmda, svo sem rafstöðva- og rafveitubygginga, sementsverksmiðjunnar, skipa- og flugvélakaupa, fjáröflun til ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs o. s. frv. Stjórnin kvaðst ætla að afnema halla í utanríkisviðskiptum og koma á jafnvægi í peningamálum þjóðarinnar með vaxtahækkun og takmörkun lána. Hvað er svo að frétta af því, sem stjórnin sagðist ætla að gera, þegar hún fékk samþ. lögin um efnahagsmál í febrúar í fyrra? Hvernig er ástatt nú, að ári liðnu? Hefur stjórnin komið atvinnulífinu á traustan og heilbrigðan grundvöll? Nei, stefnt hefur verið í öfuga átt. Í janúar í vetur gaf stjórnin út brbl. um nýjar lánveitingar til sjávarútvegsins til þess að afstýra þar fullkominni stöðvun í byrjun vertíðar, og er áætlað, að þau lán þurfi að nema hundruðum milljóna. Þannig hefur hagur útvegsins stórversnað árið sem leið. Og landbúnaðurinn er þannig staddur þrátt fyrir sérstaklega gott tíðarfar, að margir bændur þurfa aðstoð hliðstæða þeirri, sem útvegsmenn fá, til þess að þeir geti haldið áfram búrekstri sínum. Fulltrúar stjórnarflokkanna í fjhn. hafa þó mælt á móti till. okkar framsóknarmanna um, að bændur njóti í þessu efni sama réttar og útvegsmenn. Samkvæmt því, sem Jónas Pétursson, hv. 3. þm. Austf., sagði áðan, lítur út fyrir, að stjórnarflokkarnir séu að láta undan síga í andstöðu við þetta réttlætismál bænda, og er vel, ef svo reynist. En auðvitað þarf líka að veita lán til vinnslustöðva landbúnaðarins eins og sjávarútvegsins. Vitað er, að mörg iðnaðarfyrirtæki eru mjög aðþrengd vegna ráðstafana ríkisstj., og sama er að segja um verzlunina. Ásamt öðru á vaxtaokrið mikinn þátt í erfiðleikum atvinnuveganna.

Og hvað er að segja um þá gagngeru endurskoðun á fjármálum ríkissjóðs, sem stjórnin sagði í fyrra að hafin væri? Sú endurskoðun birtist í hækkun fjárl. um mörg hundruð milljóna, og þó voru raunverulega lækkuð framlög til verklegra framkvæmda, og stjórnin hefur sagt, að ekki megi búast við greiðsluafgangi hjá ríkissjóði s. l. ár þrátt fyrir þessar gífurlegu hækkanir á álögum á landsmenn.

En viðskiptin við útlönd? S. l. ár var verzlunarjöfnuðurinn óhagstæður um 775 millj. kr. samkvæmt skýrslum hagstofunnar, og skuldir þjóðarinnar við útlönd hafa hækkað um nokkur hundruð milljóna árið sem leið. Ekki léttist greiðslubyrðin, sem mest var talað um í fyrra, við þetta.

Viðskmrh. sagði í gær, að gjaldeyrisstaða bankanna hefði farið batnandi. Það mun stafa af því, að lán hafa verið tekin erlendis og lánsfé borgað inn í bankareikninga þar. En skuldir þjóðarinnar við útlönd lækka ekkert við þetta. Ráðh. Gylfi Þ. Gíslason bætir ekkert efnahag sinn, þótt hann borgi skuld við Pál, ef hann stofnar um leið til enn hærri skuldar við Pétur.

Stjórnin kvaðst ætla að auka sparifjármyndunina með vaxtahækkuninni. Hvernig hefur það tekizt? Samkvæmt opinberum skýrslum er aukning innstæðufjár í bönkum og sparisjóðum árið sem leið hlutfallslega miklu minni en árið 1958, þegar taldar eru saman inneignir í sparisjóðs- og hlaupareikningum, en Seðlabankinn gerir engan greinarmun á þessum reikningum, þegar hann heimtar til sín hluta af innlánsfénu. Hvernig ætti líka sparifé að geta aukizt meira en áður, þegar þrengt er að almenningi fjárhagslega, eins og nú er gert?

Ríkisstj. beitti sér fyrir, að dregið var úr lánveitingum, og hefur það komið illa við marga. Útlán bankanna voru þrátt fyrir það 300 millj. kr. meiri samtals um síðustu áramót heldur en árið áður, og stafar það vafalaust að miklu leyti af því, að hagur margra atvinnufyrirtækja er svo erfiður, að þau hafa ekki getað staðið í skilum með gjaldfallin lán, eins og brbl. stjórnarinnar um nýju kreppulánin til útvegsins bera vott um.

Þannig er þá um að litast, þegar ár er liðið frá því, að stjórnin fékk efnahagslögin sín samþ. og gaf út allar gleiðgosalegu yfirlýsingarnar um allt það, sem hún ætlaði að gera í efnahagsmálunum.

Í framsöguræðu um efnahagsmálafrv. 5. febr. í fyrra sagði hæstv. forsrh. m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Þá, sem líta bjargráðin eða tillögur okkar öðrum augum en við gerum, sem stöndum að þessu frv., biðjum við um að fresta mótaðgerðum um nokkurt skeið og gefa með því reynslunni færi á að kveða upp sinn ólygna dóm.“ Forsrh. var bænheyrður. Allt árið 1960 leið, án þess að gripið væri til nokkurra mótaðgerða gegn stjórninni og hennar framferði. Menn tóku á sig byrðarnar. Verkamenn, aðrir launamenn og bændur urðu fyrir mikilli skerðingu á kaupmætti launa sinna og vinnutekna. En að hvaða gagni hafa þessar fórnir almennings komið? Eins og lýst hefur verið, er ástand efnahagsmálanna miklu verra en það var fyrir ári, því miður, og ekkert bendir til þess, að það lagist, meðan núv. stjórn fer með völdin. Stefna hennar, gamla íhaldsstefnan, bætir ekki hag þjóðarinnar, heldur hið gagnstæða.

Miklar sakir eru á hendur ríkisstj., þó að eingöngu sé litið á innanlandsmálin, en þar hefur framkoma stjórnarinnar og stjórnarflokkanna yfirleitt verið í fullkominni mótsögn við loforð þeirra fyrir síðustu kosningar.

En ofan á þetta allt bætist svo nýgerður samningur stjórnarinnar við Breta um landhelgismálið. Engin þörf var að semja við Breta um þetta mál. Þeir voru búnir að tapa málinu, og þeir áttu það fullkomlega skilið, framkoma þeirra hefur verið þannig. Með þessum samningi er mjög mikilsverðum réttindum afsalað í hendur þess eina ríkis, sem hefur beitt okkur ofbeldi í tilefni af stækkun fiskveiðilandhelginnar. Í samningnum segir m. a., að frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar hér við land skuli íslenzka ríkisstj. tilkynna ríkisstj. Bretlands með sex mánaða fyrirvara, og risi ágreiningur um slíka útfærslu, skuli honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til alþjóðadómstólsins. Ástæða er til að vekja athygli á orðunum „annar hvor aðili". Í þessu felst það, að Bretar og Íslendingar eiga hér að vera jafnréttháir aðilar, báðir að hafa sama rétt til málskots til dómstólsins, þegar um stækkun íslenzkrar fiskveiðilandhelgi er að ræða. Og þetta samningsákvæði er óuppsegjanlegt, á að gilda um alla framtíð. Bretar eiga samkvæmt þessu að hafa sama rétt á miklum hluta landgrunnsins við Ísland og Íslendingar sjálfir. Íslendingar geta ekki vegna samningsins breytt grunnlínum eða fært fiskveiðilandhelgina út með öðrum hætti um einn þumlung, nema Bretar fái um það sérstaka tilkynningu og ljái því samþykki sitt eða alþjóðadómstóllinn úrskurði, að þetta sé leyfilegt. Engin önnur þjóð hefur afsalað sér réttinum til að ákveða stærð landhelgi sinnar í hendur alþjóðadómstólsins. Íslendingar eru þeir einu, sem það hafa gert, og eru þó fiskveiðarnar okkur þýðingarmeiri en flestum eða öllum öðrum þjóðum. Þetta réttindaafsal er stórt spor aftur á bak í sjálfstæðisbaráttunni og stórkostleg hætta á því, að það valdi landsmönnum efnahagslegum þrengingum á komandi tímum.

Til viðbótar þessu réttindaafsali til Breta, sem margir telja langhættulegasta ákvæði samningsins, kemur svo veiðiréttur þeirra og vafalaust einnig fleiri þjóða í íslenzkri fiskveiðilandhelgi næstu þrjú árin. Miklum flota erlendra veiðiskipa er þannig boðið inn í landhelgina, þar sem þau munu sitja fyrir fiskigöngunum og eyðileggja fiskimið íslenzku bátanna, og núverandi stjórn væri vel trúandi til að framlengja landhelgisveiðileyfið eftir þessi þrjú ár, ef hún mætti ráða.

Af ummælum ráðh. má ætla, að Bretastjórn hafi hótað þeim því að senda herskip á ný á Íslandsmið, ef ekki yrði farið að hennar vilja í þessu máli, og þannig hrætt Íslandsstjórn til að veita Bretum þessi mikilsverðu réttindi. Öðrum sýnist þó, að hér hafi ekki verið hætta á ferðum. Bretar voru fyrir nokkru hættir að senda togara sína inn í landhelgina í fylgd herskipa. Þeir hafa orðið sér til minnkunar — mikillar minnkunar — í augum annarra þjóða með þessum aðgerðum, og fjárhagslegt tjón varð líka af fyrirtækinu. Það er því ákaflega ósennilegt, að þeir hefðu byrjað á þessu aftur, því að þeir voru búnir að fá nógu mikla smán og tap af herferðunum gegn Íslendingum. En þeim hefur þótt hentugt að nota hótanir um nýjar herferðir til að hræða íslenzka ráðherra og fá þá til að gera óuppsegjanlegan samning, sem veitir Bretum sérstakan íhlutunarrétt í einu af stærstu sjálfstæðismálum íslenzku þjóðarinnar.

En hvað fá Íslendingar í staðinn fyrir þetta hættulega réttindaafsal og veiðiréttindi Breta í íslenzkri landhelgi næstu árin? Bretastjórn „fellur frá mótmælum" gegn 12 mílna landhelginni, eins og það er orðað. Ekki mátti orða það svo, að Bretar viðurkenndu 12 mílurnar. Áður hefur verið sýnt fram á, að þeir voru orðnir uppgefnir á herferðum sínum hingað. Og svo eru ákvæði í samningnum um útfærslu á grunnlínum á fjórum stöðum hér við land. Þar með er það gert að samningamáli við Breta að færa út grunnlínur, sem öllum ber þó saman um að Íslendingar hafi haft lagalegan rétt til án þess að spyrja nokkurn leyfis. Með þessu er íslenzka ríkisstj. raunverulega að kaupa af Bretum nokkurn hluta Húnaflóa, Bakkaflóa og tvö önnur svæði hér við land. Þeir hafa lengi verið snjallir verzlunarmenn, Bretarnir, og eru það enn.

Þegar svo íslenzku ráðh. koma úr þessari nýstárlegu kaupferð, er tekið fram stærsta letrið, sem stjórnarblöðin eiga, og það notað í fyrirsagnir á greinar um mikinn sigur Íslendinga í samningum við Breta. Orðin „Stórsigur Íslands" voru prentuð þvert yfir forsíðu Morgunblaðsins 28. febr., og svipuð hreystiyrði gat að líta í Alþýðublaðinu.

Hvað halda menn, að fólk á Englandi hefði sagt um það, ef enski utanrrh. hefði brugðið sér til Íslands og keypt af Íslandsstjórn hluta af Bristolflóa eða öðru svæði við strendur Bretlandseyja? Ætli þeim karli hefði verið fagnað í Englandi sem miklum sigurvegara heim komnum úr slíkri verzlunarferð? Og halda menn, að þá hefðu sézt greinar í enskum blöðum með risastórum fyrirsögnum um stórsigur Breta í viðskiptum við Íslendinga? Og ætli utanrrh. þar í landi hefði verið marga daga í stöðu sinni eftir að hafa gert slíka verzlun fyrir sína þjóð? Ég held ekki.

Allt frá því, er Jón Sigurðsson hóf merki hinnar stjórnarfarslegu sjálfstæðisbaráttu um miðja síðustu öld, hefur þjóðin fylgt þeirri grundvallarreglu hans að afsala sér aldrei neinum rétti til frambúðar, og síðan á hans dögum hafa Íslendingar aldrei skilað aftur neinu af því, sem unnizt hafði, fyrr en nú, þegar ríkisstj. stígur þetta örlagaríka og stóra skref aftur á bak. Um þetta vitnar öll saga frelsisbaráttunnar, síðan hún hófst á öldinni sem leið.

Í umr. um landhelgismálið hér á Alþingi í vikurni sem leið voru nefnd dæmi frá stjórnmálabaráttunni 1908, þegar harðast var deilt um sambandslagafrv., sem nefnt var „uppkastið". Vitnað var í ummæli þeirra Einars Hjörleifssonar, Benedikts Sveinssonar og Skúla Thoroddsens. Hjá öllum þessum mönnum kom fram það sama: Íslendingar megu ekki gefa nokkurri annarri þjóð óafturkallanlegt vald á nokkru íslenzku máli. Fyrst og fremst þarf að varast að gera niðjunum örðugt fyrir, betra að allt sé samningslaust en að semja af þjóðinni þau réttindi, er hún hefur. Í blaðinu Ingólfi 24. maí 1908 segir svo um uppkastið: „Gamla verzlunin að selja oss nokkurn hluta þess, er vér einir áttum, fyrir þann hlutann, er vér sízt máttum án

vera.“ Svo sögðu þeir Ari Jónsson og Benedikt Sveinsson 1908. En gamla verzlunin, sem þeir nefndu svo, er nú aftur í gangi. Nú eru það Bretar, sem selja okkur nokkurn hluta þess, sem við einir eigum, hluta af Húnaflóa og fleiri svæðum hér við land, og fá í staðinn það, er við sízt máttum láta, íhlutunarvald varðandi eitt af okkar stærstu málum. En 1908 átti þjóðin kost á að dæma, og hún gerði það. *Andstæðingar uppkastsins unnu glæsilegan kosningasigur í september það ár.* Nú felldu stjórnarflokkarnir till. um að skjóta málinu undir dóm þjóðarinnar. Sjö ráðh. og 26 fylgismenn þeirra á Alþingi smeygja fjötrunum á þjóðina óviðbúna og án þess að hún komi við nokkrum vörnum. Höfðu þó allir gefið hátíðlegt loforð um það í síðustu kosningum að standa fast á rétti Íslands og gefa engri þjóð leyfi til veiða innan 12 mílna fiskveiðilandhelginnar.

Hér hefur gerzt mikil harmsaga. Íslandsstjórn hefur veitt annarri þjóð með óuppsegjanlegum samningi sérstakan rétt í einu af okkar stærstu málum. Þetta hefur gerzt síðustu dagana, í ofanálag á öll önnur óhappaverk, sem ríkisstj. hefur unnið á sínum ferli. Fyrir þetta ætti hún að týna sínu pólitíska lífi. Því er þessi vantrauststill. fram borin. — Góða nótt, hlustendur.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í þessum vantraustsumræðum í gærkvöld og í kvöld kennir allmargra grasa af hálfu hv. stjórnarandstöðu. Eitt er þó óbrigðult. Það er samstaðan, samstaða stjórnarandstöðunnar. Það er ekki eins og þetta séu tveir stjórnmálaflokkar, kommúnistar og Framsókn. Um það vitna þessar umr. ótvírætt.

Það eru tveir meginþættir þeirra ásakana, sem beint er gegn stjórnarliðinu, að það hafi svikið og vanefnt loforð og fyrirheit í löggjöf og stjórnarframkvæmdum og verðskuldi því vantraust, og í öðru lagi, að hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar hafi svikið þjóðina í landhelgismálinu og beri ríkisstj. því að biðjast lausnar.

Ætla verður, að við eigi að taka samstjórn Framsóknar og kommúnista. En hvernig stendur á því, að það hefur ekki einn einasti stjórnarandstæðinga minnzt einu einasta orði á hina væntanlegu nýju landsstjórn, sem ætli að leiða hina hrjáðu og vonsviknu þjóð út úr eyðimörkinni og inn í fyrirheitna landið? Skyldi hafa þótt vænlegra að viðhafa ekki mörg orð um það?

Ég skal nú víkja að fyrri þætti ásakananna um svikin og vanefndirnar hjá núv. stjórnarflokkum.

Það er rétt hjá hv. stjórnarandstæðingum, að rekja má upphaf núverandi stjórnarsamstarfs til aldurtila eða andláts vinstri stjórnarinnar í árslok 1958. Má ég aðeins lesa á legsteininn, áður en lengra er haldið, þ. e. legstein vinstri stjórnarinnar. Þar stendur:

„Anno 1958, 5. desember. Ég hef á ríkisráðsfundi í dag beðizt lausnar fyrir mig og ráðuneyti mitt. Fyrir lá, að hinn 1. des. átti að taka gildi ný kaupgreiðsluvísitala, sem fól í sér 17 stiga hækkun. Til þess að koma í veg fyrir nýja verðbólguöldu, sem af þessu hlaut að risa, óskaði ég þess við samráðherra mína, að ríkisstj. beitti sér fyrir setningu laga um frestun á framkvæmd hinnar nýju vísitölu til loka mánaðarins,“ — ekki var nú farið fram á meira, — „enda yrði hin fyrrnefndu 17 vísitölustig þá greidd eftir á fyrir desember, nema samkomulag yrði um annað. Leitað var umsagnar Alþýðusambandsþings um lagasetningu þessa samkvæmt skilyrði, sem sett var fram um það í ríkisstj. Alþýðusambandsþing neitaði fyrir sitt leyti beiðni minni um frestun. Ný verðbólgualda *er þar með skollin yfir.* Við þetta er svo því að bæta, að í ríkisstj. er ekki samstaða um nein úrræði í þessum málum, sem að mínu áliti geti stöðvað hina háskalegu verðbólguþróun, sem verður óviðráðanleg, ef ekki næst samkomulag um raunhæfar ráðstafanir.“

Og undirskriftin er: Hermann Jónasson, hér með fyrrv. forsrh. vinstri stjórnarinnar sálugu.

Þetta voru endalokin, og það var víða takmarkaður söknuður.

Hv. síðasti ræðumaður, Skúli Guðmundsson, sagði áðan, að það hefði verið óviturlegt ráð að sundra vinstri stjórninni, en samkvæmt áletruninni á legsteininum sundraði hún sér sjálf: Ekki samstaða um nein úrræði. — Hvernig á slík stjórn að halda áfram?

Á þessu stigi málsins tók við minnihlutastjórn Alþfl., studd af Sjálfstfl. Strax í janúarmánuði 1959 lögfestu þessir tveir flokkar niðurfærslu verðlags og launa, og var það fyrsta óhjákvæmilega sporið til þess að stöðva hina geigvænlegu verðbólguþróun. Þegar þessi lög tóku gildi, var kaupgjaldsvísitalan orðin 202 stig. Sérfræðingar vinstri stjórnarinnar höfðu sýnt fram á fyrir áramótin, að án aðgerða mundi vísitalan komin minnst í 270 stig í nóvember 1959. Ólafur Björnsson prófessor sýndi fram á, og var það aldrei vefengt, að þá yrði þess skammt að bíða, að óðaverðbólgan skutlaði vísitölunni upp í 400 stig.

Við þessar aðstæður ákváðu núv. stjórnarflokkar með áðurgreindum lögum um niðurfærslu verðlags og launa í janúar 1959, að frá 1. febr. 1959 skyldi miða verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölunni, við vísitölu 175 stig. Jafnframt var lögfestur nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar og ákveðið, að 1. marz 1959, þegar sá vísitölugrundvöllur tæki gildi, skyldi vísitalan teljast 100 stig. Og hvað hefur svo vísitalan hækkað mikið síðan? Um 4 stig.

Nú er rakið fyrirheit og efndir annars af tveim meginskilyrðum Sjálfstfl. við stjórnarmyndun eftir andlát vinstri stjórnarinnar, en það var, að tafarlaust yrðu gerðar ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna. Hitt meginskilyrðið var eftirfarandi: Að lögfest yrði á þessu þingi, þ. e. þinginu 1959, sú breyting á kjördæmaskipuninni, að tryggt sé, að Alþingi verði skipað í sliku samræmi við þjóðarviljann, að festa í þjóðmálum geti náðst. — Finnst framsóknarmönnum, að gleymzt hafi að efna þetta fyrirheit? Nei, vissulega ekki. En broslegt er að minnast nú í ljósi þeirrar reynslu, sem fyrir liggur, sleggjudómanna um það, að landið mundi leggjast í auðn með kjördæmabreytingunni. Kosningarnar um kjördæmabreytinguna voru sagðar um það, hvort Íslendingar vildu halda áfram að byggja land sitt eða láta það fara í meiri og meiri auðn.

Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, gerði í glöggu

máli grein fyrir því í ræðu sinni í gærkvöld, hversu skilmerkilega núv. ríkisstj. hefði staðið við þau fyrirheit, er hún gaf, þegar hún tók við völdum 20. nóv. 1959, fyrir aðeins 16 mánuðum. Eigi gerist þörf að endurtaka þessar staðreyndir, en árétta má eftirfarandi:

Núv. ríkisstj. gefst fyrst tækifæri til að leggja mál sín fyrir Alþingi eftir mjög skamman undirbúningstíma í lok janúar 1960. Á því þingi var afgreidd hin umfangsmikla efnahagslöggjöf, sem fól í sér algera kerfisbreytingu frá því, sem lengi hafði verið, samhliða víðtækum ráðstöfunum í félagsmálum, skattamálum og viðskiptamálum. Lögfest var og síðan framkvæmt:

1) Rétt gengisskráning, en afnumið bótakerfi það, sem útflutningsframleiðslan hafði búið við síðan 1951. Útflutningssjóðurinn lagður niður.

2) Almannatryggingar tvöfaldaðar, einkum hækkun á fjölskyldubótum og elli- og örorkulífeyri.

3) Tekjuskattur felldur niður á almennum launatekjum, auk annarra umbóta á skattskyldu einstaklinga.

4) Afgreidd tekjuhallalaus fjárlög og hafin gagnger endurskoðun á fjármálum ríkissjóðs.

5) Lögleidd ný skipan á innflutnings- og gjaldeyrismálum og innflutningsskrifstofan lögð niður, en gjaldeyrisbönkunum falin framkvæmd innflutnings- og gjaldeyrismála og fjárfestingarhömlum aflétt. Raunverulega frjáls innflutningur á allt að 85—90% heildarinnflutningsins.

6) Vísitölukerfið afnumið, þannig að óheimilt er að miða kaupgjald við breytingar á vísitölu, en reynslan hafði sýnt, að það vísitölukerfi, sem hér hafði verið í gildi síðan í byrjun heimsstyrjaldarinnar síðari, hafði ekki orðið launþegunum til neinna varanlegra hagsbóta, en undirrót óeðlilegrar verðþenslu og öryggisleysis í efnahagsmálum.

Á yfirstandandi þingi hafa verið og eru mörg mikilvæg og merk mál til framkvæmda:

Fjárlög voru afgr. greiðsluhallalaus fyrir áramót.

Til meðferðar eru bráðabirgðalög ríkisstj. frá 5. jan. um að opna nýja lánaflokka í stofnlánadeild sjávarútvegsins. Er sú aðstoð, sem útveginum er þannig veitt, að koma til framkvæmda, en með þessu mikilsverða máli er bætt úr lánsfjárskorti útvegsins á liðnum árum. — Hv. síðasti ræðumaður sagði, að við fulltrúar stjórnarflokkanna í fjhn. hefðum mótmælt tillögum um það, að bændur fengju hliðstæða aðstoð. Þetta er ekki rétt, við höfum ekki mótmælt því, heldur gerðum grein fyrir því, að ríkisstj. hefði til athugunar og væri búin að fela sérfræðingum sínum að athuga aðstöðu bænda alveg á sama hátt og aðstaða útvegsins var athuguð á s. l. sumri og hausti, og það er nákvæmlega í samræmi við þetta, sem yfirlýsing Jónasar Péturssonar var gefin hér áðan.

Langt er komið á þessu þingi breytingu og samræmingu á bankalöggjöfinni. Seðlabankinn verður algerlega sjálfstæður. Endurbætt hafa verið lögin um Landsbankann og Útvegsbankann og Framkvæmdabankann. Á síðasta þingi voru lagfærð lögin um Búnaðarbankann og sett ný lög um verzlunarbanka.

Á mörgum öðrum sviðum hefur ríkisstj. haft forgöngu um margvíslega lagasetningu, sem ekki vinnst tími til að rekja nú.

Ríkisstj. verður sannarlega ekki ásökuð um athafnaleysi og vanefndir. Þvert á móti nýtur hún vaxandi trausts fyrir atorku, áræði og dugnað.

Ég kem þá að síðara þætti ásakana stjórnarandstæðinganna, að stjórnarliðið hafi svikið þjóðina í landhelgismálinu. Hermann Jónasson talaði um fordæmalaust réttindaafsal, að lausn fiskveiðideilunnar samsvaraði að selja Bretum sjálfdæmi. Finnbogi R. Valdimarsson sagði: Trúi því hver sem vill, að Bretar fari út úr 12 mílna landhelginni eftir 3 ár. — Og Hermann Jónasson sagði, að það væri hvergi tekið neitt fram um þetta. — Aðrir hafa svo kyrjað þetta sama um afsal réttinda um aldur og ævi og fráhvarf og svik við fyrri yfirlýsingar. Þetta síðara skulum við athuga fyrst.

Landsfundur Sjálfstfl. 1959 gerði ályktun um landhelgismálið, eins og Páll Þorsteinsson gerði að sérstöku umtalsefni í gærkvöld. Hann talaði um fullkomið ósamræmi á milli orða og gerða sjálfstæðismanna. Þetta var kjarninn í ræðu hans. Nú skal ég víkja einmitt að þessari sömu ályktun. Þar segir m. a., að leita beri lags um frekari friðun fiskimiðanna, þangað til viðurkenndur er réttur Íslands til landgrunnsins. Þetta hefur verið gert og að þessu er stefnt, og þessi stefna er áréttuð í samkomulaginu við Breta, sem nú hefur verið gert. Enn segir í ályktun landsfundarins: „Fundurinn fagnar útfærslu fiskveiðilandhelginnar á síðasta ári sem spori í rétta átt, en harmar, að ekki skyldu samtímis leiðréttar grunnlínur.“ Nú eru leiðréttar grunnlínur í samkomulaginu við Breta, svo að stórkostlega þýðingarmikil hafsvæði á beztu fiskimiðum og uppeldisstöðvum koma nú innan fiskveiðilandhelginnar. Enn segir: „Fundurinn telur mjög ámælisverðan ágreining þann, sem ríkti um þetta mál innan fyrrv. ríkisstj.“ En svo djúpstæður var ágreiningurinn, að kommúnistar gáfu út sérstaka bók fyrir kosningarnar 1959 til þess að fegra sinn málstað, en auglýstu vitaskuld enn betur en áður, hversu ósamstæð og úrræðalaus vinstri stjórnin hafði verið í þessu mikla vandamáli. Svo talar stjórnarandstaðan nú, kommúnistar og framsóknarmenn, um, að rofinn sé nú einhugur í þessu máli. Loks lýkur ályktun landsfundar sjálfstæðismanna 1959 með þessum orðum: „Landsfundurinn skorar á alla Íslendinga að sýna, þrátt fyrir mistök fyrrv. ríkisstj., algeran einhug í málinu, láta ekki undan síga fyrir erlendu ofbeldi né sætta sig við minni fiskveiðilandhelgi en nú hefur verið ákveðin, heldur sækja fram, þar til lífshagsmunir þjóðarinnar eru tryggðir.“

Þetta ályktaði landsfundur sjálfstæðismanna um miðjan marz 1959, og nákvæmlega það sama fólst í ályktun Alþingis 5. maí 1959, þar sem sagt er, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls og að Alþingi telji Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi. En hvað er það, sem nú hefur gerzt? Löng og alvarleg deila við Bretland hefur verið leyst. Bretar viðurkenna nú í eitt skipti fyrir öll rétt okkar til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, falla frá mótmælum sínum skilyrðislaust. Þannig verður hin umdeilda landhelgi óvefengjanlega okkar. Því ráðum við svo Íslendingar sjálfir að heimila Bretum um leið takmörkuð veiðiréttindi í okkar íslenzku landhelgi í 3 ár. Það vinnum við til, til þess að leysa deilu,

en stóraukum jafnframt landhelgina með grunnlínubreytingum. Þetta er ekki að falla frá kröfunni um 12 mílna landhelgi, heldur að fá hana viðurkennda með sáttfýsi, sem felur í sér litlar fórnir, en mikinn ávinning og málalok, sem eru Íslandi til sóma á alþjóðavettvangi. Svo tala þessir hv. stjórnarandstæðingar um, að það standi hvergi í samkomulaginu, að Bretar skuli fara af ytri 6 mílunum eftir 3 ár. Þeir hafa ekki leyfi Íslendinga til þess að vera lengur á þessu svæði, sem Bretar nú í fyrsta skipti hafa gefizt upp á að mótmæla að við Íslendingar einir eigum óskoraðan rétt til.

Þjóðviljinn í morgun segir, að Finnbogi R. Valdimarsson hafi í ræðu sinni í gærkvöld „með djúpstæðri og yfirgripsmikilli þekkingu sinni á alþjóðarétti og alþjóðadómstólnum í Haag flett ofan af blekkingum" Bjarna Benediktssonar og Gunnars Thoroddsens í þessu máli. Má vera, að Þjóðviljanum þyki þekkingin „yfirgripsmikil og djúpstæð". En mig langar til þess að vikja nokkuð að því, sem hæstv. dómsmrh. sagði einmitt um þetta mál við 2. umr. þáltill. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta, en hann komst m. a. að orði á þessa leið:

„Hvaða stofnun var það, sem varð þess valdandi, að mjög breyttust viðhorf í öllum landhelgismálunum og meira að segja kom af stað þýðingarmestu breytingunni, sem enn hefur orðið á landhelgi Íslendinga, en það var friðun flóa og fjarða við Ísland? Voru það alþjóðasamþykktir eða samningar eða fordæmi 20—30 ríkja, eins og hér er vitnað til, eða var það kannske alþjóðadómstóllinn, sem hafði í því forustu og var skapandi þess réttar, sem reynzt hefur okkur mikilsverðastur í þessu máli? Það var vitnað hér áðan af Hermanni Jónassyni í dóminn í máli Norðmanna og Breta, sem varð undirstaða aðgerða okkar 1952. Sá dómur var einmitt brautryðjandinn í þessum efnum. Hann kvað á um það, þó að enginn sett alþjóðasamþykkt væri til, að þá væri það m. a. vegna lífshagsmuna fólksins, sem Norðmenn hefðu rétt fyrir sér, en ekki Englendingar. Það var hann, þessi alþjóðadómstóll, sem nú er sagt, að ætið sé á eftir, — það var hann, sem setti fram í skýru og stuttu máli þær helztu röksemdir, sem við höfum fram á þennan dag byggt á, ekki aðeins það, sem við gerðum 1952, heldur einnig réttarlega túlkun á því, að aðgerðirnar 1958 hafi haft við lög að styðjast. Það er þess vegna algert öfugmæli og lýsir fullkominni vanþekkingu á sögu þessa máls og alls, sem í því hefur gerzt, þegar sagt er, að alþjóðadómstóllinn sé þarna á eftir þróuninni, 20—30 árum, þegar það liggur fyrir, að í því eina máli þessarar tegundar, sem lagt hefur verið undir hann, vann hann brautryðjandastarf og okkur Íslendingum alveg sérstaklega ómetanlegt brautryðjandastarf."

Þetta voru orð hæstv. dómsmrh. En Finnbogi R. Valdimarsson vitnaði hér í gærkvöld í gamlar norskar reglugerðir frá byrjun 18. aldar og sagði, að í dómi alþjóðadómstólsins hefði ekkert nýtt komið fram, aðeins staðfesting á 100 ára gömlum reglum. Hér fer bezt á því, að dómstóllinn tali sjálfur, en í íslenzkri útgáfu af dómnum, á bls. 14, segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Meðfram ströndinni eru grunn tiltölulega há upp í sjó, raunverulegir neðansjávarhjallar, þar sem eru sérstaklega fiskauðug mið, er norskir fiskimenn hafa þekkt og stundað frá ómunatíð. Með því að grunn þessi voru innan sjónviddar frá landi, fundu menn og greindu beztu miðin með miðunaraðferðinni, þar sem tvær línur til tiltekinna staða á ströndinni eða eyjunum skerast. Í þessum hrjóstrugu landshlutum hafa íbúar strandhéraðanna framfæri sitt einkum af fiskveiðum. Þetta eru staðreyndir, sem verður að hafa í huga, er dómur er lagður á réttmæti þeirrar staðhæfingar Hins sameinaða konungsríkis, að þau takmörk norska fiskveiðasvæðisins, sem ákveðin voru í úrskurðinum frá 1935, fari í bága við alþjóðalög."

Það er þarna, sem alþjóðadómstóllinn sýnir hinn réttarskapandi eiginleika sinn, setur fram nýja réttarkenningu, — ekki hundrað ára gamla réttarkenningu, eins og sagt var hér í gærkvöld, — sem var ekki áður til, og grundvallar dómsúrskurð á henni, að lífshagsmunir fólksins skapi alþjóðarétt, sem ekki var áður viðurkenndur.

Það er á þessum rétti, sem Ísland hefur staðið á báðum Genfarráðstefnunum, 1958 og 1960, þegar íslenzka sendinefndin hefur flutt um það tillögur, að þar sem þjóð byggir afkomu sína á fiskveiðum meðfram ströndinni, beri strandríkinu sérstaða umfram hin almennu fiskveiðitakmörk, enda skuli ágreiningur borinn undir gerðardóm.

Og nú vek ég loks athygli á því, að ef 12 mílna fiskveiðilandhelgin hefði verið samþykkt á Genfarráðstefnunni, og það var út af fyrir sig vilji Íslendinga, þá hefðu Íslendingar skv. því verið við 12 mílurnar bundnir um aldur og ævi, með sama hætti og nú er vitnað til. Þá hefðu Íslendingar engan einhliða rétt úr því til þess að hverfa frá því samkomulagi.

Við lausn fiskveiðideilunnar við Breta nú hefur því ekkert réttindaafsal átt sér stað og ekkert boðið, umfram það, sem við höfum áður verið reiðubúnir að fallast á og sjálfir lagt til á Genfarráðstefnunni. Hitt er rétt, að við afsölum okkur þeirri athöfn að færa út fiskveiðilögsöguna með þeim hætti, sem á ekki stoð í lögum og rétti, þ. e. alþjóðarétti og íslenzkum lögum, — á sama hátt og Bretar afsala sér því að beita vopnavaldi gegn okkur, ef ágreiningur rís, en bera málið undir úrskurð alþjóðadómstólsins.

Stórveldin þurfa ekki á dómstólum að halda. Þau hafa valdið. En það eru smáþjóðirnar, minnstu ríkin, sem verða að láta sér nægja réttinn og elga að meta það, þegar þau hafa rétt, og trúa á réttinn hjá sjálfum sér.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við leyfum okkur að treysta því, að almenningur beri traust til þeirrar ríkisstjórnar, sem hefur með áræði og festu áorkað því að reisa efnahag þjóðarinnar úr rústum og leggja grundvöll að öryggi og festu í framtíðinni, jafnframt því sem henni hefur auðnazt að leysa erfiða og viðsjárverða milliríkjadeilu með þeim hætti, sem Íslendingum er bæði sómi og styrkur að. — Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Stjórnarandstöðuflokkarnir, Alþb. og Framsfl., hafa borið fram vantraust á ríkisstj. Í þessum umr. er sjálfsagt að líta yfir farinn veg

stjórnarinnar. Hefur hún gengið til góðs, eða hefur hún máske stefnt í öfuga átt? Hafa höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar, sjávarútvegur og landbúnaður, blómgazt undir góðri og viturlegri stjórn? Nei, hvor tveggja atvinnuvegurinn er lamaður eins og eftir eitursprautu eða misheppnaðan uppskurð, segja sjálfir oddvitar í röðum sjálfstæðismanna. Hefur grundvöllur atvinnulífsins almennt orðið traustari og atvinnuöryggi í landinu þannig aukizt? Öðru nær. Sölutregða í viðskiptum og vaxtaokur ríkisstjórnarinnar hefur lagt sína lamandi hönd yfir allt. Hefur hagur hinna fjölmennu launastétta þá batnað? Nei, hamingjan hjálpi okkur. Lífskjörum þeirra hefur verið hrundið niður á stig sárrar fátæktar. Hvernig hefur þá tekizt um að lækka skuldabyrði ríkisins erlendis? Hún hefur nálega tvöfaldazt á síðustu tveimur árum. Hefur gjaldeyrisstaða Íslands gagnvart öðrum löndum batnað? Nei, einnig hún hefur stórversnað. Og hvernig hefur ríkisstj. Íslands staðið sig í sjálfu landhelgismálinu? Þar segist hún sjálf hafa unnið stærsta stjórnmálasigur íslenzkrar sögu. En er það þá ekki skrýtið, að hún skyldi fella það að leggja afrek sitt undir þjóðardóm með þjóðaratkvæðagreiðslu? Jú, vist er það nú dálitið skrýtið, mundu ýmsir mæla, að með þeirri neitun hafi hún og stjórnarliðið raunar samþykkt vantraust á sjálfa sig. Er þetta góð stjórn, sem eigi skilið traust og tiltrú alþjóðar? Nei, þetta er óhappastjórn, sem á öllu hefur níðzt, sem henni var trúað fyrir. En verst af öllu og sorglegust eru þó svik hennar í landhelgismálinu. Þegar um þau var vitað, var tafarlaust borin fram vantrauststillaga sú, sem hér er til umræðu.

Verkalýðs- og kaupgjaldsmál hafa oft verið mikil ágreinings- og átakamál í íslenzkum stjórnmálum, þó sennilega aldrei fremur en nú. Árum saman var á því stagazt, að sífelldar kauphækkanir leiddu af sér verðhækkanir og svo koll af kolli. En þetta var falskenning. Verðlagið var ávallt á undan í för. Kaupið kom á eftir. Og nú sést bezt hið sanna í málinu: aldrei meiri verðhækkanir en einmitt á seinustu tveimur árum. En kaupið? Fyrst var það lækkað með lagaofbeldi, og síðan hefur það staðið óbreytt. „Hverju reiddust goðin?“ var eitt sinn spurt. Hvað veldur verðhækkunarflóði seinustu tveggja ára? Ekki er það kaupið, svo mikið er víst. Stefnan hefur verið: Kaupið niður, verðlagið upp. — Og verkalýðshreyfingin hefur látið þessa vitfirrtu stefnu ganga sér til húðar. Og nú hefur hún gert það. Launastéttir Íslands taka því einróma undir vantraust á ríkisstj.

Morgunblaðið hamrar sífellt á, að laun hinna hæst launuðu verði að hækka, nefnir þar sérstaklega til ráðherra og hæstaréttardómara. En jafnframt æpa stjórnarflokkarnir báðir í kór: Almennt kaup láglaunastéttanna má ekki hækka.

Hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, útmálaði það átakanlega í ræðu sinni í gærkvöld, hvílíkur voði væri á ferðum, ef kaup skyldi nú hækka, og ekki stóð heldur á hv. 9. landsk. þm., Jóni Þorsteinssyni, að útmála þá ógæfu, ef verðlagið yrði nú sprengt upp, eins og hann komst að orði, með óhóflegum kaupkröfum. Já, þvílík ógn og þjóðarógæfa, ef vikukaup verkakonunnar kynni nú að hækka úr 770 kr. og verkamannsins úr 990 kr.! Er það ekki nokkurn veginn auðsætt mál, að slíka rausn þyldi okkar þjóðfélag ekki?

Stjórnarflokkarnir halda því fram, að uppi séu tvær stefnur í kaupgjaldsmálum, önnur góð, hin vond. Forsvarsmenn hinnar góðu stefnu vilji kjarabætur án verkfalla. Forsprakkar hinnar vondu stefnu vilji fyrst og fremst verkföll. Hvort þau leiði til kjarabóta eða til tjóns fyrir verkafólkið, liggi þessum þrælmennum hins vegar alveg í léttu rúmi. Hvað er nú rétt í þessu?

Þessi skipting í réttláta og rangláta innan verkalýðshreyfingarinnar er alger tilbúningur. Hver einasti maður vill auðvitað umfram allt ná fram kjarabótum án verkfalla og verkfallsfórna, sé þess nokkur kostur. Á sama hátt vill hver einasti verkamaður fyrst og fremst tryggja sér raunverulegar kjarabætur, aukinn kaupmátt launanna á hverjum tíma. Miklu minna er af launamönnum lagt upp úr kaupupphæðinni sjálfri í krónutölu. Það, sem máli skiptir hverju sinni, er auðvitað það, hvað hægt sé að kaupa af lífsnauðsynjum fyrir vinnulaunin. Þeir, sem öðru halda fram um stefnu íslenzkra verkalýðssamtaka í launamálum, fara með bein ósannindi eða þá að þeir vita ekkert, hvað þeir eru að tala um.

Til þess að sanna útvarpshlustendum, að kjarabarátta án verkfalla og fyrir raunverulegum kjarabótum sé hin yfirlýsta stefna Alþýðusambandsins, vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp lokamálsgrein þeirrar samþykktar um launamál, sem gerð var á seinasta Alþýðusambandsþingi, en þar segir:

„Þingið leggur höfuðáherzlu á, að nýir kjarasamningar tryggi verkafólki raunverulegar launabætur, og krefst þess, að gerðar verði slíkar breytingar á efnahagskerfi því, sem nú ríkir, að atvinnuvegir þjóðarinnar geti með vitlegum rekstri borið þær launahækkanir sem óumflýjanlegar eru, til þess að alþýða manna fái lifað menningarlífi. Jafnframt lýsir þingið yfir því, að það telur kjarabætur, sem nást kynnu fram með breytingum á efnahagsmálum, er væru þess eðlis, að kaupmáttur launa ykist, ákjósanlegustu kjarabæturnar, og lýsir samtökin reiðubúin til þess að meta allar slíkar hugsanlegar aðgerðir, sem boðnar kynnu að verða fram, til jafns við beinar kauphækkanir.“

Er hægt að tala skýrara máli eða túlka ákveðnar, hver sé stefna verkalýðssamtakanna í þessum málum? En hér er ekki heldur um innantóm orð að ræða. Snemma í haust, fyrir einum 5 mánuðum, ritaði Alþýðusambandið ríkisstj. bréf og spurðist fyrir um, hvort hún treystist til að gera einhverjar ráðstafanir til lækkaðs verðlags, svo sem með skattalækkunum, t. d. niðurfellingu á 8.8% söluskatti í tolli, vaxtalækkun, útsvarslækkun á almannatekjum, tollalækkun á nauðsynjavörum, eða einhverjum öðrum ráðstöfunum, sem lækkað gætu almennt verðlag í landinu. Í þessu bréfi lýsti Alþýðusambandið því yfir, að sérhverjar slíkar ráðstafanir gætu orðið til lækkunar þeim kröfum, sem fram hefðu verið settar til kauphækkana. Var óskað viðræðna við ríkisstj. um þessi mál.

Nú skyldu menn ætla, að áhuginn fyrir kjarabótum án verkfalla hefði komið í ljós. En það er öðru nær. Eftir langan biðtíma boðaði ríkisstj. til eins viðræðufundar við nefnd Alþýðusambandsins.

Ekkert gerðist á fundinum, en gert var ráð fyrir framhaldsviðræðum. Síðan hefur stjórnin enga viðræðufundi boðað. Nú hefur það hins vegar gerzt, að samninganefndir Dagsbrúnar og Hlífar og Vinnuveitendasambands Íslands hafa sameiginlega snúið sér til ríkisstj. og óskað eftir svörum um það, hvort nokkurs sé að vænta úr þeirri átt til verðlækkana, sem hægt væri að meta sem kjarabætur til jafns við beinar kauphækkanir. Undirtektir hafa vægast sagt verið daufar allt til þessa. Og svo þykjast þessir herrar vilja komast hjá verkföllum. Til þess bendir reynsla seinustu vikna sannarlega ekki.

Þegar stofnað var til landssamninga s. l. haust um kjarasamninga sjómanna, var sú staðreynd kunn, að framleiðslutekjur þjóðarinnar hefðu á seinustu fimm árum, árunum 1955—59, aukizt um 6.3% að meðaltali á ári, eða um 31.5%, nálega um þriðjung, á 5 ára tímabili, — ég endurtek: um 31.5% eða nálega þriðjung á 5 ára tímabili. Hvað lá nú beinna við með þessa staðreynd í huga en að útgerðarmenn hefðu sagt sem svo: Sjómenn verða að fá kjarabætur vegna hinnar gífurlegu dýrtíðar, sem á þeim og þeirra fólki bitnar eins og öðrum. Þeir eiga líka rétt á miklum kjarabótum vegna hinnar miklu aukningar framleiðsluteknanna. Úr henni verða sjómennirnir að fá sinn hlut. Þegar þeir bera fram kröfur sínar, skulum við því verða við þeim án verkfalla. Þetta er svo sanngjarnt og sjálfsagt, og með því sleppur útgerðin líka við tjón af völdum verkfallsbaráttunnar. Sá herkostnaður er betur kominn í bættum kjörum sjómanna. — Þetta hefði verið álitleg aðferð og æskileg. En hvað gerðist nú, þegar sjómenn báru fram kjarabótakröfur sínar? Urðu undirtektirnar þær, sem að framan greinir? Nei, því miður. Fyrstu boð útgerðarmanna voru um óhagkvæmari kjör en áður til handa sjómönnum, og lengi stóðu þeir á því sem prinsipatriði, að ekki yrði samið um neinar kjarabætur miðað við s. l. ár. Það var ekki fyrr en verkfallsvopnið stóð á þeim og verkfall hafði staðið í 10 daga, að samningar tókust um 15—25% kjarabætur. Leið þó miklu lengri tími, þar til sjómenn á einstökum stöðum höfðu fengið þá samninga, sem þeir sjálfir vildu sætta sig við.

Og hvað gerðist í Vestmannaeyjum? Áttu verkamenn og konur í Eyjum kost á svipuðum kjarabótum án verkfalls og þeim, sem sjómenn höfðu fengið með sínum nýju samningum? Nei, aftur stóðu atvinnurekendurnir fastir á sama prinsipinu: Enga kauphækkun frá því í fyrra. — Það var fyrst eftir mikið samningaþóf og fimm vikna verkfall, sem þeir sömdu við verkafólkið um 15% kauphækkun til verkamanna og 19—32% kauphækkun til verkakvenna.

Þessi dæmi og öll fyrri reynsla virðist benda til þess, að Vinnuveitendasambandið og atvinnurekendur hafi alltaf þá óskynsamlegu afstöðu að semja aldrei um neinar kjarabætur til verkafólks, fyrr en atvinnurekendur eru til neyddir með hörðum og langvinnum verkföllum. Við spyrjum því: Hvaða kjarabætur vilja atvinnurekendur semja um án verkfalla? Þær þurfa a. m. k. að bæta það upp, að kaupmáttur tímakaupsins hefur hrapað úr 109 í ársbyrjun 1959 í 84, eða um 25%, auk rýrnandi atvinnu. Minnumst þess líka, að framleiðslutekjur þjóðarinnar hafa, eins og ég áðan sagði, vaxið um þriðjung. Skilyrði eiga því að vera fyrir hendi til verulegra kauphækkana, án þess að verðbólga skapist. En fæst slík réttlát kauphækkun án verkfalla? Engir mundu fagna því meir en verkafólkið sjálft og forráðamenn verkalýðssamtakanna, ef svo væri. Væri t. d. hægt að fá viðurkennt launajafnrétti kvenna og karla án verkfalla?

Blaðamaður, sem starfað hefur við Alþýðublaðið um áratugi og mótaðist því á baráttudögum Alþfl., gat ekki orða bundizt á dögunum, þegar Alþýðublaðið gekk jafnvel lengra en Morgunblaðið fram í því að ófrægja og níða verkafólkið í Vestmannaeyjum, meðan það stóð í hinni hörðu og tvísýnu baráttu sinni fyrir bættum kjörum. Þá sagði blaðamaðurinn: „Ég hef oft gert kröfur til Alþfl. Og nú geri ég enn eina. Ég krefst þess, að hann gleymi því ekki, að verkfallið er hið eina vopn, sem eignalaus alþýða á sér til varnar og til sóknar. Menn spyrja kannske, hvað ég eigi við," segir blaðamaðurinn. Og hann svarar sjálfum sér og segir: „Ég á við það, að Alþfl. virðist óttast það svo mjög, að launakröfur og verkföll sprengi lífsnauðsynlegar efnahagsráðstafanir í loft upp, að hann tekur jafnvel skilyrðislausa afstöðu gegn öllum launakröfum og öllum verkföllum. En með því að taka afstöðu á móti öllum verkföllum er Alþfl. að gefa í skyn, að hann sé á móti launabaráttu hinna fátækustu." — Hver getur skilið þennan flokk öðruvísi? — „Láglaunaverkafólk með 8—9 klst. vinnu á dag," segir blaðamaðurinn enn fremur, „sem ekki getur fenglð laun sín bætt án verkfalls, hlýtur að grípa til verkfallsvopnsins, þegar allt annað þrýtur. Barátta þessa fólks á skilið að njóta fyllsta stuðnings."

Þessi blaðamaður og ég erum mótaðir í sama gamla skólanum, og við þessi orð hans hef ég í rauninni engu að bæta.

Ég lýk því þessum kafla ræðu minnar með því að segja: Kauphækkanir til verkafólks, opinberra starfsmanna og launafólksins í iðnaði og verzlun eru óumflýjanlegar. Sjómenn hafa brotið bann ríkisstjórnar og atvinnurekenda við kauphækkunum. Verkafólkið í Vestmannaeyjum bar líka sigur af hólmi við ofstæki kaupníðslustefnunnar. Kauphækkanir nú eru réttlætiskrafa, sem þjóðin öll styður og á því sigurinn vísan. Semjið strax um kjarabætur án verkfalla. Það væri ykkar vitið meira.

Ég vík þá aftur að sjálfri stjórnarstefnunni og vil þá fyrst vekja athygli hlustenda á því, að gengislækkunar-, okurvaxta-, samdráttar- og kaupníðslustefna sú, sem núv. ríkisstj. Ólafs Thors tók upp fyrir ári og hefur leitt bölvun fátæktarinnar inn á flest heimili landsins, er úrelt stefna, — stefna, sem hver þjóðin á fætur annarri er nú að yfirgefa. Þetta er amerísk stefna, grundvölluð á amerískum hugsunarhætti, amerískum fyrirmælum, á amerískum hagfræðikenningum. En nú eru einmitt þessar hagfræðikenningar stimplaðar í móðurlandi sínu sem villukenningar í efnahagsmálum. Það sé aukin framleiðsla og aftur enn meiri framleiðsla, sem sé hinn eini traustl grundvöllur og undirbygging skynsamlegra efnahagsmálaaðgerða, segja spekingarnir þar vestur frá nú. Kennedy Bandaríkjaforseti hefur verið ómyrkur í máli um

það, að stefna Eisenhower-sérfræðinganna hafi verið röng stefna í meginatriðum, hún hafi leitt til kyrkings og samdráttar í atvinnu- og viðskiptalífi og valdið ægilegu atvinnuleysi, sem sjá má á því, að í Bandaríkjunum eru nú 5.7 milljónir manna atvinnulausir. Kennedy segir, að of háir vextir hafi ásamt ýmsu öðru átt sinn stóra þátt í því að lama framleiðsluna. Hann segir, að of lágt kaup, — takið eftir: of lágt kaup hafi lamað svo kaupgetu fjöldans, að þar sé að finna höfuðorsök þeirra þrenginga, *sem bílaiðnaðurinn í Bandaríkjunum og* ýmsar fleiri þýðingarmestu greinar stóriðnaðarins eigi þar nú við að stríða. Kennedy Bandaríkjaforseti segist því ætla að láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum að lækka vextina til þess að örva atvinnulífið. Hann hefur þegar lagt fyrir Bandaríkjaþing frv. til laga um að hækka lágmarkskaup verkamanna úr einum dollar — 38 kr. — á klst., sem það er nú, og í 1.15 dollara — eða í 45 kr. — á klst. Hér er kaup karlmanns aftur hálfur dollar. Hefur hann varað þingið við að fella þetta frv. *Og þingið hefur eftir seinustu fréttum* fallizt á skoðun forsetans. Bandaríkjaforsetinn nýi segist jafnvel ætla að beita ríkisafskiptum og ríkisaðstoð einkaframtakinu til styrktar, en þetta einkaframtak hafi heldur brugðizt. Það var sannarlega nýstárlegt að sjá þennan boðskap Kennedys forseta feitletraðan og innrammaðan á forsíðu Morgunblaðsins: Bandaríska þjóðin hefur engin efni á því, að nokkur stétt búi við of lágt kaup. Slíkt leiðir til lamaðrar kaupgetu, tregðu og deyfðar í viðskiptalífinu, samdráttar, gjaldþrota og atvinnuleysis. Þetta gat að líta í *Morgunblaðinu* fyrir nokkru.

Þannig var þá 7 ára reynslan af samdráttarstefnunni í sjálfri Ameríku. Og nákvæmlega hin sama er reynslan hér, það sér hver maður á eins árs framkvæmd hennar. Nú er það boðskapurinn, sem út gengur frá Ameríku, að Eisenhower-stefnan hafi verið röng. Henni verði að kasta á hauga, eins og ónýtu skrani. Framleiðslustefnan verði þegar í stað að leysa hana af hólmi.

Augljóst er, að alveg það sama þarf að gerast hér. Hin ranga og úrelta stefna Eisenhower-hagfræðinganna, sem hér ríður enn þá húsum eins og mögnuð forynja, verður að víkja. Hún hefur sett allt á hausinn á einu ári og mundi þó leika þjóðina enn verr, ef hún fengi að halda áfram.

Áður en ég lýk máli mínu, má ég til með að víkja nokkrum orðum að fáeinum atriðum, sem fram hafa komið í þessum umræðum.

Það væri synd að segja, að það væri rismikil ræðan, sem hæstv. forsrh. hélt hér í gærkvöld. Hann minnti helzt á kampavínsflösku, hávaði og mikil froða, eins og oft áður. Hvers vegna hafnaði stjórnin þjóðaratkvgr.? Það var hugsun, sem sótti fast að hæstv. ráðh., en á því gat hann samt enga skýringu gefið, og það skilur þjóðin ekki heldur. Eða þá afrekin í húsnæðismálunum. Var það nú ekki fullmikil kampavínsfroða að guma af því, þegar allir vita, að dýrtíðarófreskjan hefur gert allan hag húsbyggjenda margfalt verri en nokkru sinni fyrr og þeim fækkar óðum, sem ráðast í byggingu íbúðarhúsnæðis?

Það situr einn klerkur hér á Alþingi. Hann talaði fyrir Sjálfstfl. í gærkvöld. Ræða hans sannaði eitt, svo að ekki verður um villzt, nefnilega þetta, að helvítiskenningin er ekki enn þá aldauða á Íslandi.

Fyrir Alþfl. talaði lögfræðingurinn Jón Þorsteinsson, hv. 9. landsk. þm. Hann færðist mikið í fang. Hann þóttist sanna, að af kommúnistum stafaði þjóðfélaginu mestur voði vegna sóknhörku þeirra í kaupgjaldsmálum. En jafnframt fullyrti hann, að þar sem þeir réðu stéttarfélögum, væru kjörin lökust og kaupið lægst. Hina rökföstu og yfirgripsmiklu ræðu Finnboga R. Valdimarssonar afgreiddi þessi hv. þm. með því að hrópa bara: lygi, vísvitandi lygi. Og sjálfsagt hefur honum fundizt það vera fullnægjandi afgreiðsla, þar með væri þessi ræða að engu ger. Og að lokum: úr þinghelginni leyfði þessi hv. þm., Jón Þorsteinsson, sér að bera þjófnaðarbrigzl á nafngreindan utanþingsmann. Slíkur botnlaus ódrengskapur lýsir bezt ræðumanninum sjálfum, en sá, sem sökum var borinn, stendur jafnréttur eftir.

Herra forseti. Tími minn er nú þrotinn. En að lokum vil ég segja þetta: Stefna hæstv. stjórnar *er á öllum sviðum samdráttar- og uppdráttarstefna.* Hún er stefna landssölu og afsals landsréttinda. Íslenzk landssvæði hafa þegar verið seld á leigu á Suðurnesjum, í Hvalfirði, við Hornafjörð, á Langanesi, við Aðalvík og á Snæfellsnesi. Nú hefur lögsaga vor á landgrunni Íslands verið seld í hendur Bretum og erlendum dómstóli. Hvað gerist næst? Verður það ekki það að selja á leigu íslenzkt fossaafl og jarðhita, opna allar flóðgáttir fyrir amerísku auðmagni, selja því hræódýrt vinnuafl Íslendinga fyrir hálfan dollar eða svo á tímann, láta landbúnað og sjávarútveg lönd og leið og gera Íslendinga að vesælum verksmiðjuþrælum ameríska auðhringa? Er það ekki auðséð, að einmitt í þessa áttina er nú stefnt af hæstv. ríkisstj. Íslands? Góðir hlustendur. Nýtur slík stefna trausts íslenzkra kjósenda? Nei, ég fullyrði, að hún á fyllsta vantrausti að mæta hjá meginþorra allra Íslendinga. — Góða nótt.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Af hálfu hv. stjórnarandstæðinga er til þessara umræðna nú stofnað til þess, eins og foringjar þeirra hafa sagt, að koma fram vantrausti á hæstv. núv. ríkisstj. Hlustendur hafa nú fengið nokkurn skammt af ástæðunum, er til þessara vinnubragða liggja. Landhelgismálið er ekki eina ástæðan, heldur bókstaflega öll verk stjórnarliðsins hér á Alþingi fyrr og síðar, eins og hv. síðasti ræðumaður vék að. Eftir að hafa hlustað á allar þessar svonefndu röksemdafærslur, sem teljast elga grundvöllur fyrir þeirri vantrauststillögu, sem hér liggur fyrir, verður sennilega fleiri en mér að spyrja: Hvað vildu þessir menn sjálfir gera? Hverjar voru till. þessara manna og flokka þeirra. Framsóknar og Alþýðubandalagsins, í þeim sömu málum, sem þeir nú deila harðast á ríkisstj. fyrir alla framkvæmd á.

Að fráteknum nokkrum brtt. um lausn landhelgisdeilunnar við Breta hefur enginn fengið að sjá þessar gagntillögur í stærstu og veigamestu málum þjóðarinnar. Þær hafa ekki séð dagsins ljós. Í landhelgismálinu lögðu þeir hins vegar fram nokkrar brtt., og þeim tillögum fylgdu þær skýringar, að helzt vildu þeir semja við Breta um

framhaldandi ofbeldi í krafti herskipa innan hinnar íslenzku fiskveiðilögsögu, þ. e. óbreytt ástand frá því, sem það hefur verst verið í þessum málum frá 1. sept. 1958. Eru þetta vinnubrögð, sem hæfa mönnum eða stjórnmálaflokkum, sem vilja a. m. k. á stundum láta taka sig alvarlega?

Eitt auðveldasta verkefnið í mannlegu samfélagi er að finna allt að öllu, og til þess eins þarf hvorki hug né dug. En þessi er nú skylda stjórnarandstöðu á hverjum tíma, segja menn. Það er einnig rétt. En þessari skyldu fylgir önnur þyngri, og hún er sú að segja jafnframt aðfinnslunum, hverja aðra leið eigi að velja. Þessari skyldu hefur hæstv. núv. stjórnarandstaða algerlega brugðizt. Þegar hún hefur verið krafin annarra tillagna, þá er svarið: Það er ekki okkar skylda að vísa ríkisstj. veginn. — Sú talnalega andstaða, sem fram kemur í atkvgr. hér á Alþingi, er því í algerri andstöðu við þá traustsyfirlýsingu, sem hlýtur að felast í því að geta ekki bent á aðrar leiðir til úrlausnar mála heldur en þær, sem ríkisstj. sjálf leggur til.

Vantrauststillaga sú, sem hér liggur fyrir, flutt sameiginlega af framsóknarmönnum og kommúnistum, verður með hliðsjón af þessum staðreyndum ekki tekin alvarlega.

Á undanförnum árum, eða a. m. k. 10 s. l. ár, hafa risið með stuttu millibili kjaradeilur, þar sem verkalýðssamtökin hafa fullyrt, að greiða mætti hærri laun fyrir hverja unna vinnustund. Vinnuveitendur hafa aftur á móti fullyrt hið gagnstæða og talið fram hið bága ástand atvinnuveganna. Eftir misjafnlega hörð átök til lausnar þessum deilum hefur svo niðurstaðan ávallt orðið sú, að hafi verkafólkið náð einhverjum árangri, hefur það varla verið búið að fá fyrstu launagreiðsluna samkv. nýjum samningum, þegar velt hefur verið yfir það stórhækkuðu vöruverði. Þannig hefur ávinningur verkalýðssamtakanna verið tekinn aftur, um leið og hann átti að koma til framkvæmda og stundum jafnhliða. Þessi sorgarsaga hefur átt sér stað á fyrrnefndu árabili. Þó hafa allir núverandi stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþ. á þessum tíma, átt meiri og minni aðild að ríkisstjórn, og vitað er, að þjóðarframleiðslan hefur stóraukizt. Niðurstaðan af kjarabaráttu þessara ára er svo sú, að kaupmáttur almennra verkamannalauna er nú talinn minni en hann var fyrir árið 1950, og er þá öllum ljóst, að verðlag lífsnauðsynja hefur á þessum tíma stórhækkað launþegum í óhag. Hins vegar verður vart litið fram hjá þeim staðreyndum, að ýmsar greinar atvinnulífsins hafa um of átt afkomu sína undir opinberri aðstoð, styrkjum og uppbótakerfi, sem verður ekki haldið uppi nema af skattborgurunum, þ. e. almenningi í landinu, og með stórfelldu erlendu gjafafé og lántökum. Ofan á þessa óhagstæðu aðstöðu verkalýðssamtakanna bætist því, að þau lífsgæði, sem fyrir hendi hafa verið, eru fölsk, þ. e. óraunveruleg.

Það er sjálfsagt ekki vinsælt að gera tillögu um, að það opinbera setji upp eina stofnunina enn. En ég bendi nú á það samt hér með. Það er þjóðarnauðsyn, sem krefst þess, að starfandi sé árið um kring sérstök stofnun, sem hefur aðgang að reikningum atvinnuveganna og fylgist með sveiflum vöruverðs og þar með kaupmætti þeirra launa, sem vinnandi fólki til sjávar og sveita eru greidd. Tilgangslaust er þó með öllu að setja á fót slíka stofnun, nema fyrir liggi fyrirheit verkalýðssamtakanna og vinnuveitenda um, að þau muni hafa starfandi fulltrúa í slíkri stofnun, fulltrúa, sem þau beri traust til og starfi í nánum tengslum við þau. Af starfi slíkrar stofnunar, þar sem öll spil væru á borðið lögð, mætti liggja fyrir, hvaða atvinnuvegir í landinu hagnist svo, að þeir standi undir kauphækkun, og þá hvað mikilli, og um leið, hvaða starfsgreinar þjóðfélagsins eru verst settar. Hér er meira í húfi en svo, að það taki því að ræða um kostnaðarhlið slíkrar stofnunar. Sá kostnaður gæti aldrei orðið nema hégómi hjá því tjóni, sem átök þessara aðila hljóta að kosta þjóðarbúið í heild. Jafnvel þó að slíkri stofnun tækist ekki að koma algerlega í veg fyrir átök, heldur aðeins að draga úr þeim, þá væri það eitt stór ávinningur.

Enginn talar hærra og meira um þjóðernislegar tilfinningar og ást sína á öllu þjóðlegu en forustumenn hv. stjórnarandstöðuflokka. Í framkvæmd kemur þessi ættjarðarást þannig út, að allt verður neikvætt, þegar þeir sjálfir sitja ekki við stjórnvöl þjóðarskútunnar. Þannig hefur sjálft móðurmálið ekki farið varhluta af þessari niðurrifs- og neikvæðu baráttu hins nána bandalags Framsóknar og kommúnista. Landið átti að hafa verið ofurselt bandarísku auðvaldi við herverndarsamninginn 1946 og 1951. Aftur fór fram landsala og landráð við inngöngu í Atlantshafsbandalagið 1949. Við kjördæmabreytinguna átti grasið að hætta að spretta og landeyðingarstefna átti að halda innreið sína. Nú við lausn landhelgisdeilunnar er landið selt, að því er virðist í fjórða sinn, og almenn landráð eru sögð í algleymingi. Við Íslendingar erum svo fáir, að við stöndum stórveldunum ekki snúning í samningagerð. Þess vegna eigum við ekki að taka upp samninga við einn eða neinn. — Þannig er talað og skrifað í fullri nekt hinnar þjóðernislegu minnimáttarkenndar hv. stjórnarandstöðu. Barátta undir þessum merkjum heitir á máli framsóknarmanna og kommúnista að standa trúan vörð um hagsmuni þjóðarinnar. Er betur hægt að gersnúa staðreyndum við? Er betri tilraunir hægt að gera til að slæva dómgreind almennings fyrir því, hvað er rétt og hvað er rangt? Vísvitandi er verið að gera tilraunir til þess að mála svörtustu hliðar allra mála, til þess að draga kjark og mátt úr þjóðinni, að því er virðist til þess eins að geta setið um hrið í þeim stólum, sem nú um sinn eru setnir af öðrum. Þeir, sem ná kunna til ráðherrastóla með slíkum hætti, verða ekki öfundsverðir af verkefni sínu. Þeirra bíður fyrst og fremst það starf að bæta fyrir eigin afbrot.

Er þá ekki allt í okkar landi eins og bezt verður á kosið, þegar frá er dregin hin þjóðernislega minnimáttarkennd stjórnarandstöðunnar? Nei, það væri að hrapa í formyrkvun stjórnarandstöðunnar að halda slíku fram. Í einni svipan verður ekki breytt um frá margra ára fölskum lífsgæðum, til þess að standa traustum fótum á öruggri velmegun, sem byggð er upp af þjóðinni sjálfri, án lánsfjár, styrkja og gjafafjár eins og stríðsgróða, Marshallaðstoðar, flugvallargjaldeyris og stórkostlegra erlendra lána. En þótt undarlegt kunni að virðast, eru það menn úr sömu stjórnmálaflokkum og gegn

þessu erlenda fjármagni börðust á sínum tíma, sem nú berjast gegn hverri þeirri tilraun, sem gerð er til þess að komast hjá slíkri utanaðkomandi erlendri aðstoð og standa á eigin fótum. Þegar því raunverulega reynir á þjóðerniskenndina, fyrirfinnst hún engin, og ástæðan er sú, að efnalegt sjálfstæði heillar þjóðar fæst ekki án fórna. Óttinn við, að fórnirnar verði óvinsælar, varnar þessum sömu mönnum að segja stuðningsmönnum sínum sannleikann, hvað þá öðrum.

En þótt óneitanlega hafi þrengt að nú um sinn, þurfa Íslendingar engu að kvíða um framtíðina, ef hin þjóðernislega minnimáttarkennd varnar okkur öllum ekki þess að nýta sem fyrst og bezt þær geysilegu auðlindir, sem eru umhverfis landið og í landinu sjálfu. Um áraraðir er búið að klifa á þessum auðlindum landsins og segja okkur frá þeirri auðveldu gerbyltingu, sem átt gæti sér stað til efnalegs sjálfstæðis þjóðarinnar og skapað með stóriðnaði raunhæfan grundvöll að stórauknum kjarabótum. Þrátt fyrir allar þessar umr. halda fallvötnin áfram að renna óbeizluð til sjávar og hverahitinn að gjósa óheftur upp í loftið, og tiltölulega litlar nýjungar ná festu til betri vinnslu sjávarafurða hér heima fyrir.

Hver ríkisstj. á fætur annarri tvo síðustu áratugina hefur gefið fyrirheit í þessum efnum. En áþreifanlegir hlutir sjást enn of litlir, þegar frá er tekin bygging áburðar- og sementsverksmiðju.

Nágrannar okkar, Norðmenn, hafa sérstakan mann, Tryggva Lie, fyrrv. framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, í ferðum landa á milli til þess að lokka til sín erlent fjármagn til byggingar orkuvera, sem aftur eru undirstaða hvers konar stóriðju. Þeim kemur ekki til hugar að nefna slíkt starf landráð. Mjög er aðkallandi, að við Íslendingar hefjum nú þegar skipulagt starf í þessum efnum. Auk allra rannsókna, sem hljóta að verða undanfari slíkra framkvæmda, er nauðsynlegt að afla mikils fjármagns, sem augljóst er að fást verður erlendis frá, að stærstum hluta í löngum, hagstæðum lánum og áhættufjármagni.

Á hverju ári bætast þjóðinni þúsundir nýrra starfskrafta, sem nauðsynlegt er að staðsetja við arðbær störf. Verða þarf við kröfum um bætt lífskjör. Grundvöllurinn að því, að svo geti orðið, er stóraukin þjóðarframleiðsla. Aukin þjóðarframleiðsla á að byggjast á skipulagðri eflingu sjávarútvegs og landbúnaðar og auknum áhrifum iðnaðarins í þessum gömlu undirstöðuatvinnugreinum okkar, sem við komum til með enn um nokkurn aldur að grundvalla á aflið til uppbyggingar nýrra greina atvinnulífsins og breyttra starfsaðferða, og að leita erlendis eftir mörkuðum á iðnaðarframleiðslu, byggðri á afli íslenzkra orkuvera, sem æskilegast væri að ríkið eða opinberar stofnanir ræktu. Eðlilegast væri, að erlend lán, sem tekin yrðu í þessu skyni, yrðu greidd að mestu með orkusölunni, ásamt samningi, er tryggði kaup á sjálfri framleiðslunni.

Íslenzka þjóðin er öll sammála um, að haldbeztu kjarabæturnar og bætt lífskjör verði að byggjast á aukinni þjóðarframleiðslu. Það er á grundvelli þeirra staðreynda, sem ríkisstj. hefur nú í undirbúningi með aðstoð norskra sérfræðinga starfsáætlun um skipulag á öllum framkvæmdum og fjárfestingu þjóðarinnar, m. a. með áætlunarbúskap. Trú á fólkið og landið, sem það byggir, eru hornsteinar allrar tilveru og velferðar þjóðarinnar um ókomin ár. Hver sú ríkisstj., sem hefur ekki þennan sannleika í huga, hlýtur að falla fyrir aldur fram. Sama máli gegnir um stjórnarandstöðu, sem neitar þessum staðreyndum og þess í stað reynir að þrengja því inn í hug þjóðar, að hún sé svo fámenn og magnlítil, að hún geti ekki séð sjálfri sér farborða.

Það virðist svo sem þessum sameinuðu aðilum, framsóknarmönnum og kommúnistum, geti ekki skilizt, að vandann, sem þeir hlupu sjálfir frá fyrir rúmum tveimur árum, sé hægt að leysa. Þetta tilbúna skilningsleysi stjórnarandstöðunnar veldur því, að hún tekur sér sæti á bekk með úrtölumönnum, sem sjá ekki sól á neinu leiti fremur en Axlar-Björn forðum.

Svartsýnis- og úrtölumenn hafa aldrei þótt líklegir til forustu á Íslandi. Þess vegna er nú svo þungt fyrir fæti hjá stjórnarandstöðunni hér á Alþ. og utan þings. Við trúum því hins vegar, að nú þegar hafi tekizt að yfirstíga verstu erfiðleikana, sem stöfuðu af getuleysi Framsóknar og kommúnista. Þess vegna horfum við bjartsýn fram á veginn, fullviss um, að okkur takist að lifa af því, sem við sjálf öflum, — að bæta kjör okkar og lífsgæði af eigin rammleik. Þess vegna höfnum við Alþýðuflokksmenn þeirri einu höfuðtillögu, sem stjórnarandstaðan, framsóknarmenn og kommúnistar, hefur flutt á þessu þingi, um vantraust á núverandi ríkisstjórn. — Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst rétt að svara fyrst nokkrum orðum fyrirspurnum, sem hæstv. menntmrh. beindi til okkar framsóknarmanna varðandi hugsanlega stjórnarsamvinnu eftir næstu kosningar og afstöðu Framsfl. til nokkurra mála.

Um fyrra atriðið læt ég nægja að segja það, að Framsfl. hefur nýlega birt framfara- og framkvæmdaáætlun, og afstaða hans til samstarfs við aðra flokka mun fyrst og fremst miðast við það, hvaða undirtektir hún fær hjá þeim. En í framtíðinni sem hingað til munu málefnin ein ráða afstöðu Framsfl. til stjórnarmyndunar.

Varðandi stefnu flokksins til einstakra mála læt ég nægja að vísa til sömu framfara- og framkvæmdaáætlunar, að öðru leyti en því, er snertir afstöðu til varnarmálanna. Um þau mál var gerð svo hljóðandi ályktun á nýloknum aðalfundi miðstjórnar Framsfl.:

„Aðalfundur miðstjórnar Framsóknarflokksins visar til fyrri samþykkta flokksins um utanríkismál og ítrekar þá stefnuyfirlýsingu, að Íslendingar hafi samstarf um öryggismál við nágrannaþjóðirnar, m. a. með þátttöku í Atlantshafsbandalaginu, og að unnið sé að því, að herinn hverfi sem fyrst úr landi."

Með þessu hefur hæstv. menntmrh. verið fullsvarað. Til endurgjalds vænti ég, að hann svari einnig spurningu frá mér, þótt hann svari henni ekki nú þegar, heldur þá sem fyrst hér á Alþingi. Spurning mín er þessi: Hvernig á verkamaður, sem hefur fyrir fjölskyldu að sjá, að lifa mannsæmandi lífi á 4 þús. kr. mánaðarlaunum?

Hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, taldi sig

aðeins geta nefnt þrjú blöð, sem hefðu talið Breta sigurvegara í landhelgisdeilunni. Hv. þm. hefur sennilega alveg óvart gleymt fjórða blaðinu, sem hann hefur þó vel mátt vita um. Þetta blað er Fishing News, aðalmálgagn brezkra togaraeigenda. Þetta blað hefur í tveimur forustugreinum talið samkomulagið mikinn ávinning fyrir Breta, því að það sé mjög líklegt til að stöðva frekari útfærslu á fiskveiðilandhelgi Íslands. Málgagn brezkra togaraeigenda hefur þannig bersýnilega allt annað álit á alþjóðadómstólnum og afstöðu hans til útfærslu á fiskveiðilandhelginni en hv. 5. þm. Vesturl.

Því miður hniga allar líkur í þá átt, að hér hafi Fishing News réttara fyrir sér en hv. 5. þm. Vesturl. Allar líkur benda til þess, að alþjóðadómstóllinn reynist mjög íhaldssamur í slíkum úrskurðum, vegna þess að engin viðurkennd alþjóðaregla er til um viðáttu landhelginnar. Undir slíkum kringumstæðum eru dómstólar jafnan mjög íhaldssamir. Allt öðru máli gegndi um deilu Norðmanna og Breta, sem hv. 5. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, minntist á hér áðan, því að þar var eftir aldagamalli, viðurkenndri venju að fara, þ. e. að firðir og flóar væru innan landhelgi viðkomandi lands. Þrátt fyrir það, þótt hér væri um viðurkennda, aldagamla venju að ræða, féllust aðeins 8 af 15 dómurum á málstað Noregs. Það sýnir, hve örðugt muni reynast að fá dóminn til að fallast á nýjar reglur og fylgjast með þróuninni.

Af hálfu stjórnarsinna hefur verið lagt á það mikið kapp í þessum umr. að forðast rökræður um stjórnarstefnuna og afleiðingar hennar. Í stað þess hafa þeir reynt vanmáttugar tilraunir til gagnsóknar. Gegn framsóknarmönnum hefur einkum verið beint því vopni, að framsóknarmenn séu orðnir handbendi og þjónar kommúnista. Um þetta vopn er það að segja, að það er orðið gamalt og bitlaust. Því var á sínum tíma beint gegn Jónasi Jónssyni, Tryggva Þórhallssyni, Jóni Baldvinssyni og Héðni Valdimarssyni. Þetta er vopnið, sem allir afturhaldsmenn síðari áratuga hafa veifað gegn umbótaflokkum og framfaramönnum. Þetta var vopnið, sem MacCarthy öldungardeildarmaður beitti gegn helztu leiðtogum demókrata í Bandaríkjunum fyrir fáum árum og Bandaríkjamenn telja nú orðið einn svartasta blett allrar sögu sinnar. Þetta var vopnið, sem Syngman Rhee beitti fyrir ári gegn umbótaöflunum, sem unnu að því að steypa honum úr stóli. Þetta er það vopn, sem Salazar hinn portúgalski og Franco hinn spánski beita gegn umbótasinnum, sem vinna að því að koma á frjálsari stjórnarháttum í löndum þeirra. Meginuppistaðan í áróðri allra þessara afturhaldsmanna er að stimpla umbótamenn og frelsissinna sem kommúnista. Með slíkum áróðri vinna þeir svo ekki annað en að hjálpa kommúnistum til þess að villa á sér heimildir og fá menn til að trúa því, að einræðisstefna kommúnismans sé einhver umbótastefna.

Talsmenn stjórnarflokkanna vinna vissulega illt verk og óþarft, þegar þeir reyna að koma fótum undir slíkan misskilning. Að einu leyti fer þessi áróður verr í munni manna eins og Ólafs Thors og Gylfa Þ. Gíslasonar en í munni þeirra Salazars og Francos. Þeir síðarnefndu hafa þó að því leyti verið sjálfum sér samkvæmir, að þeir hafa aldrei haft nein mök við kommúnista. Ólafur og Gylfi hafa hins vegar hvað eftir annað átt hið nánasta samstarf við kommúnista. Sjálfstfl. hjálpaði kommúnistum til valda í verkalýðshreyfingunni á sínum tíma. Sjálfstfl. fékk stuðning kommúnista við stjórn sína til að koma á kjördæmabreytingunni 1942 og vann það til að sleppa dýrtíðinni lausri, með þeim afleiðingum, að hún hefur leikið lausbeizluð síðan. Sjálfstfl. sat í stjórn með kommúnistum 1944—46, þegar Stalín var að undiroka Austur-Evrópuþjóðirnar, og undi sér þar hið bezta. Sjálfstfl. hafði hið nánasta samstarf við kommúnista í verkalýðsfélögunum sumarið 1958. Og á jólaföstunni 1958 reyndi Ólafur Thors að fá kommúnista í stjórn með sér. Upp úr því spratt samvinna þessara flokka um kjördæmabyltinguna, sem hrundið var fram fyrir hálfu öðru ári.

Um Alþfl. er það að segja, að hann hefur setið með kommúnistum í tveim ríkisstj., og ekki eru nema fjórir mánuðir síðan hann hafði stjórnarsamstarf við kommúnista í Alþýðusambandi Íslands. Í dag hefur sjálfur formaður Alþfl. hið nánasta samstarf við kommúnista í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Reynslan sýnir, að báðir þessir flokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., eru reiðubúnir til samstarfs við kommúnista, hvenær sem þeir telja sér hag í því. Það þarf því takmarkalausa ósvifni og hræsni til þess, að þessir flokkar telji kommúnista óalandi og óferjandi og beri svo Framsfl. kommúnisma á brýn fyrir það eitt, að kommúnistar eiga samleið með honum, ásamt mörgum flokksmönnum stjórnarflokkanna, gegn þeirri kreppu- og kjaraskerðingarstefnu, sem núv. ríkisstj. fylgir.

Hv. stjórnarsinnum er orðið tíðrætt um það, að ástandið í efnahagsmálunum hafi verið orðið mjög slæmt í árslok 1958, þegar vinstri stjórnin lét af völdum. Sannleikurinn er, að efnahagsafkoma ársins 1958 var mjög hagstæð. Afkoma atvinnuveganna var óvenju hagstæð á því ári. Mikill greiðsluafgangur var hjá ríkissjóði, og greiðslujöfnuður við útlönd var hagstæðari en um langt skeið. Lífskjör almennings voru þá betri hér en í flestum eða öllum löndum Evrópu. Þetta sýndi árangurinn af stefnu og starfi vinstri stjórnarinnar. Þetta ástand var hægt að tryggja til frambúðar, ef samkomulag hefði náðst um stöðvun nýrra hækkana haustið 1958, eins og framsóknarmenn lögðu þá til í vinstri stjórninni. Um það náðist ekki samkomulag og þar af leiðandi baðst stjórnin lausnar. Stjórn Alþfl. með Sjálfstfl. að bakhjarli fór svo með völd árið 1959 og fylgdi þeirri stöðvunarstefnu, sem Framsfl. hafði beitt sér fyrir í vinstri stjórninni, með þeim árangri, að afkoma atvinnuveganna var sæmileg það ár og lífskjör svipuð og verið höfðu.

Nú liggja orðið fyrir glöggar upplýsingar um það, að þessari stöðvunarstefnu hefði mátt fylgja nokkurn veginn óbreyttri áfram. Atvinnuvegirnir hefðu þá búið við svipaða afkomu nú og 1958 og 1959 og kjör almennings sízt þurft að vera lakari en þá. En í stað þess er afkoma atvinnuveganna nú miklum mun lakari en þá og lífskjör almennings 20—25% verri. Skýring þessarar hörmulegu afturfarar er einfaldlega sú, að tekin var upp algerlega röng efnahagsstefna með hinni svokölluðu

viðreisn núv. ríkisstj. Eins og stjórnarherrarnir hafa tekið MacCarthy sér til fyrirmyndar í áróðri sínum, völdu þeir sér illu heilli hina misheppnuðu samdráttarstefnu Eisenhowers til fyrirmyndar í efnahagsmálunum. Samdráttarstefna Eisenhowers hefur leitt til þess, að fáein stór auðfélög í Bandaríkjunum hafa grætt miklu meira en nokkru sinni fyrr, en fjöldi smærri fyrirtækja orðið gjaldþrota og atvinnuleysi sívaxið, svo að atvinnuleysingjar voru taldir þar um 7 millj. um seinustu mánaðamót. Slíkt öngþveiti hefur þessi stefna skapað í ríkasta landi veraldarinnar. Það er því ekki að undra, þótt hún hafi hörmulegar afleiðingar hér.

Verkin sýna líka merkin. Einstaka stórheildsalar og iðnrekendur, sem eiga veltufé og hafa greiðan aðgang að bönkum, hafa grætt meira á s. l. ári en nokkru sinni fyrr, en fjölda efnaminni fyrirtækja liggur við gjaldþroti. Sama gildir um hundruð einstaklinga, sem eiga nýbyggðar íbúðir. Framleiðslan er stöðugt að dragast saman, og framkvæmdir fara minnkandi, svo að ljóst er, að stórfelld kreppa er framundan, ef ekkert verður að gert. Það er gegn þessari samdráttar- og kreppustefnu, sem framsóknarmenn heyja baráttu sína. Við viljum afstýra kreppunni og þeirri fátækt almennings, sem henni óhjákvæmilega fylgir.

Okkar merki er líkt því, er demókratar í Bandaríkjunum reistu á s. l. ári og báru fram til sigurs. Í stað samdráttar- og kreppustefnunnar berjumst við fyrir framleiðslu- og framkvæmdastefnunni. Ráðið til að sigrast á efnahagsvandræðunum er ekki að draga úr framleiðslunni, heldur að auka hana. Ráðið til að örva atvinnustarfsemi innanlands er ekki að draga úr kaupgetunni, heldur að hún sé sem mest og almennust og framast er kostur á.

Andstæðingarnir hafa hér í umr. ráðizt gegn framleiðslu- og framkvæmdastefnu okkar framsóknarmanna á þeim grundvelli, að hún sé ábyrgðarlaus. Þetta sama segja líka andstæðingar hinnar nýju stjórnar í Bandaríkjunum. Þar er t. d. sagt, að barátta Kennedys forseta fyrir 25% hækkun lágmarkslauna sé algert ábyrgðarleysi. Forsetinn og hinir frjálslyndu hagfræðingar hans eru á öðru máli. Þeir telja aukna kaupgetu eitt vænlegasta ráðið til að örva framleiðsluna og aukin framleiðsla sé það, sem mestu máli skiptir.

Við framsóknarmenn getum líka svarað þessum ábyrgðarleysisbrigzlum með því, að við stöndum í stjórnarandstöðunni á nákvæmlega sama grundvelli og við stóðum í stjórnaraðstöðu áður. Síðasta loforðið, sem við gáfum í vinstri stjórninni, var að tryggja til frambúðar sama kaupmátt launa og í október 1958. Það er í dag takmark okkar í kaupgjaldsmálunum, að aftur verði tryggður sami kaupmáttur launa og þá var. Atvinnuvegirnir gátu staðið undir slíkum launum þá og ættu ekki síður að geta gert það nú, ef rétt er stjórnað og þeim ekki íþyngt með okurvöxtum og fleiri slíkum álögum.

Ríkisstj. hefur vissulega unnið sér til óhelgi með samdráttar- og kreppustefnu sinni. Þó eru enn ótaldar þær gerðir ríkisstj., sem verstar eru og hættulegastar fyrir þjóðina og framtíð hennar, en það er afsalið á hinum einhliða rétti Íslands til útfærslu á fiskveiðilandhelginni. Með þeim verknaði sínum hefur ríkisstj. stórskert möguleika þjóðarinnar til efnalegs sjálfstæðis í framtíðinni, því að verndun fiskimiðanna er einn traustasti hornsteinn þess sjálfstæðis. Með þessu hefur ríkisstj. brotið þá frumreglu sjálfstæðisbaráttunnar, sem Jón Sigurðsson markaði, að láta aldrei neinn rétt af hendi. Hér hefur því vissulega verið unnið eitt versta verk í sögu okkar Íslendinga. Þessi viðburður bendir og eindregið til þess, að núv. ríkisstj. er ekki treystandi til að fara með utanríkismál þjóðarinnar.

Það hefur glögglega komið fram í þessum umr., að ein helzta afsökun stjórnarsinna er sú, að þetta samkomulag við Breta hafi verið nauðsynlegt vegna Atlantshafsbandalagsins. Ríkisstj. skilur bersýnilega þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu þannig, að við eigum að láta undan og fórna rétti okkar, í hvert sinn sem hagsmunir okkar og stórvelda þar rekast á. Þetta er hinn háskasamlegasti misskilningur. Við eigum að vera í Atlantshafsbandalaginu til þess að halda fram rétti okkar og treysta hann, en ekki til þess að láta hann af hendi. Slíkt undirlægjuhugarfar er ekki í samræmi við eðli Íslendinga og getur gert þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu eins hættulega og hún á að geta verið okkur gagnleg, ef við höldum rétt á okkar málum. Í utanríkismálum verður að forðast allan undirlægjuháttt, hver sem í hlut á. Annars getum við komizt í erlenda ánauðarfjötra, áður en við vitum af.

Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. haldi velli að þessu sinni við atkvgr. hér á Alþ. Það er vafalaust alveg rétt mat, að þingmenn stjórnarflokkanna óttast nú ekki annað meira en kosningar. En kosningar verða fyrr eða síðar, og þá fær þjóðin hreint og greinilegt val. Það verður valið milli okkar, sem viljum taka þátt í vestrænu samstarfi til þess að halda fram rétti þjóðarinnar og treysta hann í sessi, og stjórnarflokkanna, sem líta á Ísland sem undirlægju stórveldanna. Það verður valið milli okkar, sem berjumst fyrir framleiðslu- og framkvæmdastefnunni, og stjórnarflokkanna, sem halda í hina úreltu samdráttar- og kreppustefnu. Við trúum því, framsóknarmenn, að nú sem oftast fyrr vilji þjóðin fylkja sér um þá, er af mestum stórhug, mestri bjartsýni og mestri trú vilja byggja þetta land og halda því óháðu hvers konar framandi valdi.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Vinstri stjórnin lét af völdum í desember 1958, gafst upp af þeirri einföldu ástæðu, að í stjórninni var ekki samstaða um nein úrræði til að ráða niðurlögum hinnar ægilegu verðbólguófreskju, sem ógnaði öllu atvinnulífi og öryggi þjóðarinnar. Það var þá öllum ljóst, sem voru ekki slegnir austrænni ofstækisblindu, að lífskjör landsmanna hlutu að versna um hríð, hvaða leið sem valin yrði. Ef verðbólgan yrði látin æða áfram yfir þjóðlífið, mundi hún skilja eftir auðn og öræfi, koma þjóðinni á vonarvöl, steypa henni í örbirgð og atvinnuleysi. En ef verðbólguna átti að stöðva með einu ráði eða öðru, hlaut þjóðin að ganga gegnum nokkrar þrengingar um skeið, meðan hún væri að rétta þann halla, sem orðinn var á þjóðarskútunni, og koma henni á réttan kjöl. Þetta

var staðfest af hagfræðingi norska alþýðusambandsins, Per Dragland, sem hingað kom á vegum íslenzku launþegasamtakanna. Hann taldi í skýrslu sinni, að róttækar aðgerðir hefðu verið nauðsynlegar og að aðrar aðgerðir hefðu aldrei leitt til minni kjaraskerðingar en sú leið, sem valin var.

Fyrir núv. stjórnarflokkum blasti það tvíbætta verkefni að velja þá leið til viðreisnar efnahagslífinu, er verða mætti til frambúðar, og um leið að gera þær hliðarráðstafanir, sem gerðu hina tímabundnu kjaraskerðingu sem vægasta gagnvart því fólki, sem á erfiðasta aðstöðu, en það eru barnafjölskyldur, aldrað fólk og öryrkjar. Hvort tveggja var gert. Hið fyrra m. a. með réttri skráningu íslenzku krónunnar, með viðskiptafrelsi og *breyttri peninga- og fjármálapólitik*. Hið síðara var gert með stórhækkuðum fjölskyldubótum, ellilaunum og örorkubótum og með lækkun tekjuskatts og útsvara. Þessar ráðstafanir hafa vegið svo mjög upp á móti verðhækkunum vegna gengisbreytingarinnar, að vísitalan, sem tekur tillit til allra þessara aðgerða, kjaravísitalan, hefur aðeins hækkað um 4 stig eða 4%.

Hin stórfellda blekking hjá hv. 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarssyni, og samherjum hans, að viðreisnin hafi rýrt kjör verkamanna um 25% eða meira, — sú stórfellda blekking skýrist af þeirri óskammfeilni hans að reikna aðeins hækkun á vöruverði, en sleppa fjölskyldubótum og skattalækkunum.

Vegna efnahagsaðgerðanna er nú að skapast grundvöllur, sá grundvöllur, sem unnt er að byggja á nýjar framfarir og batnandi lífskjör. Það verða allir menn að gera sér ljóst, að heilbrigt efnahagslíf *er alltaf undirstaða kjarabóta, sjúkt efnahagsástand aldrei*. Kjarabætur fyrir fólkið geta verið margvíslegar. Beinar kauphækkanir eru ekki einhlítar, ef þær byggjast ekki á auknum þjóðartekjum eða bættri afkomu atvinnuveganna, og kauphækkanir geta orðið skaðlegar, ef þær leiða strax eða fljótlega af sér verðhækkanir á nauðsynjum, eins og reynslan hefur orðið síðustu 15 ár.

Kjör fólksins er hægt að bæta með ákvæðisvinnu, eins og hv. 10. þm. Reykv., Eggert G. Þorsteinsson, hefur lagt til á Alþingi að rannsakað verði. Kjör fólksins er hægt að bæta með lækkuðum byggingarkostnaði, með verksmiðjubyggðum húsum og þar með lækkuðum húsnæðisútgjöldum. Kjör fólksins er hægt að bæta með betra skipulagi framleiðslutækja og þar með lækkuðu vöruverði. Kjör fólksins er hægt að bæta með auknu öryggi á vinnustöðvum, bættum aðbúnaði og hollustuháttum, og þannig mætti lengi telja, sem ekki er tími til í þessu stutta ávarpi. En mestu máli skiptir atvinnuöryggið, að næg vinna sé fyrir alla landsmenn. Það er yfirlýst stefna ríkisstj., að allir hafi áfram stöðuga atvinnu og lífskjör þjóðarinnar geti farið batnandi.

Hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, hefur sagt, að vantraustið snerti fyrst og fremst landhelgismálið og meðferð ríkisstj. á því. Þótt það mál væri rætt í útvarpinu í heilt kvöld fyrir skemmstu og auk þess nokkra daga og nætur í þingi, er rétt að víkja að því nokkru nánar í sambandi við þessa vantrauststillögu.

Hv. 5. þm. Reykn., Finnbogi R. Valdimarsson, valdi í gær hæstv. dómsmrh. hin verstu illyrði vegna afstöðu hans og aðgerða í landhelgismálinu. Ómaklegri ummæli hafa ekki heyrzt í þessum umr. og hafa stjórnarandstæðingar þó eigi sparað gífuryrði. Hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, hefur staðið í fylkingarbrjósti í landhelgismálinu alla stund síðan er hann varð utanrrh. 1947. Hann átti í samstarfi við hæstv. núv. forsrh. ómetanlegan þátt í landgrunnslögunum 1948 og stækkun landhelginnar bæði 1950 og 1952. Á sjóréttarráðstefnunni í Genf í fyrra og við undirbúning hinnar farsælu lausnar landhelgismálsins, sem nú er orðin að veruleika, hefur hann unnið af festu, þjóðhollustu og raunsæi ásamt hæstv. forsrh. og utanrrh. Íslendingar þekkja og meta störf hæstv. dómsmrh., svo að illyrði hv. 5. þm. Reykn. festa ekki á honum, en eru hv. þm. sjálfum til vanvirðu.

Meginatriðið í áróðri stjórnarandstæðinga í landhelgismálinu er nú orðið eitt. Það er sú ákvörðun, að þegar landhelgin verði rýmkuð næst, megi bera ágreining þar um undir alþjóðadóm. Þetta kalla þeir að afsala réttindum þjóðarinnar, láta rétt þjóðarinnar af hendi.

Hjá frumstæðum þjóðum er það hnefarétturinn, afl hins sterkasta, sem ræður ríkjum. Oft hefur það útheimt langa baráttu að koma á þeirri skipan innan þjóðfélags, að deilur borgaranna skuli dæmdar af hlutlausum dómstólum, að lög og réttur skuli ráða. Þessar staðreyndir hermir oss veraldarsagan. Jafnframt þeirri nauðsyn að setja niður deilur og dæma um réttindi borgaranna innan hvers þjóðfélags hefur það löngum verið draumsýn margra framsýnna manna, að sams konar skipun kæmist á um ágreiningsmál milli þjóða. Langmerkustu skrefin í þessu efni *hafa verið stigin á þessari öld*, fyrst með stofnun gerðardóms í millirikjamálum 1907, síðan með millirikjadómi Þjóðabandalagsins og í framhaldi af honum alþjóðadómstólnum. Þessar stofnanir teljast til hinna stærstu sigra í menningar- og réttarsögu mannkynsins. En það tekur tíma að fá allar manneskjur og öll ríki veraldar til að virða lög og dóma, og hér í þessum umræðum rísa nú upp afturgengnir fulltrúar þess frumstæða og úrelta hugsunarháttar, að með því að leggja mál til dóms sé verið að afsala réttindum og sjálfsforræði. Þetta þroskaleysi, að geta ekki sætt sig við úrskurði hlutlausra dómstóla, birtist hér á landi fyrir þrem áratugum í heiftúðugum árásum á hæstarétt Íslands. Þær árásir voru til lítils sóma, en þær enduróma nú í sölum Alþingis, en beinast nú að alþjóðadómstóli Sameinuðu þjóðanna í staðinn. En í þessum heiftarlegu árásum á alþjóðadómstólinn speglast hugur kommúnista til alþjóðasamstarfs, öryggis og friðar.

Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir þeirra eru athvarf og von mannkynsins og þó fyrst og fremst minnstu þjóðanna um frið á jörðu. Kommúnistar segjast vera friðelskandi, enda hafa þeir stofnað friðar- og menningarsamtök kvenna víðs vegar um heimsbyggðina og valið dúfuna hvítu að friðarfána sínum. En afrek kommúnistarikjanna í friðarstarfi Sameinuðu þjóðanna hafa m. a. verið þau að beita miskunnarlaust neitunarvaldi í öryggisráðinu, að flæma fyrsta framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Norðmanninn Tryggve Lie, frá starfi, að heimta Svíann Dag Hammarskjöld rekinn frá störf-

um, að saka hann um dráp Patricks Lumumba og að níða alþjóðadóminn sem mest þau mega. Og hjarðsveinar kommúnista hér úti á Íslandi blása undir í hjáróma hjarðpípur sínar.

Það getur verið að stórveldi, grá fyrir járnum, geti hunzað alþjóðastofnanir og neitað að hlýða úrskurði dómsins. En smáþjóðir ættu ekki að leika þann leik, því að það er einmitt þeirra hagsmunamál, að lög séu virt á alþjóðavettvangi.

Eftir málflutningi stjórnarandstöðunnar mætti ætla, að það væri óþekkt fyrirbæri í íslenzkri stjórnmálasögu síðari ára að fallast á að leggja mál undir alþjóðadóm. Svo er ekki. Við höfum áður gert slíka samninga með þeim hætti og þeim atvikum, að engum íslenzkum manni hefur til hugar komið að gagnrýna. Þvert á móti hafa slíkir samningar verið stolt einhuga þings og einhuga þjóðar á einni mestu hátíðastund í lífi hennar. Þegar undirbúið var þúsund ára afmæli Alþingis, varð um það samkomulag með ríkisstj. og þingheimi öllum að afgreiða af Lögbergi 27. júní 1930 eitt mál, þingsályktun um millirikjasamninga milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar annars vegar og Íslands hins vegar. Efni þessara samninga var það, að alþjóðadómstóllinn í Haag skuli skera úr öllum deilum, réttardeilum sem öðrum, er rísa kynnu milli Íslands og einhvers þessara landa. Þessir samningar hafa verið í gildi í rúm 30 ár. Þegar íslenzkir alþingismenn hittust að Lögbergi, þessum söguhelga stað, á 1000 ára hátíð Alþingis og sú ósk var efst í þeirra huga að varpa ljóma og helgi yfir þessa hátíð, þá völdu þeir til þess þingsályktun um að skuldbinda Ísland til þess að leggja undir alþjóðadómstólinn um alla framtíð öll sín ágreiningsmál við fjögur önnur fullvalda ríki. *Skyldu alþingismennirnir frá 1930 hafa verið að fremja afbrot bæði gegn samtíð og öllum komandi kynslóðum á Íslandi?*

En það er einnig athyglisvert, að á Alþingi 1930 var því hreyft, hvort eigi væri tilhlýðilegt, að á Alþingishátíðinni væri ályktun gerð um rýmkun landhelginnar. Forsrh., Tryggvi Þórhallsson, mælti þá þessi orð:

„Það vita allir, að það yrði okkur til mikilla heilla og hagsbóta, ef hægt væri að fá landhelgina rýmkaða. En þetta er mál, sem einnig varðar aðrar þjóðir, svo að við getum ekki mælzt þar einir við, og okkur er þýðingarlaust að setja löggjöf um þetta efni, nema aðrar þjóðir vilji viðurkenna hana. Því verður að reyna samkomulagsleiðina."

Með þessum orðum hins merka stjórnmálaleiðtoga lýk ég máli mínu og þakka þeim, sem hlýddu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Sú ríkisstj., sem brugðizt hefur öllum helztu loforðum sínum og veit, að hún hefur glatað trausti meiri hluta þjóðarinnar, á að víkja frá völdum. *Af þessum ástæðum á núv. ríkisstj. að segja af sér* eða falla fyrir vantrausti ella.

Í efnahagsmálum hefur stefna ríkisstj. beðið fullkomið skipbrot. Eitt af því, sem ríkisstj. undirstrikaði sérstaklega í loforðaskrá sinni, þegar hún tók við völdum, var, að unnið skyldi að því að örva sem mest framleiðslu þjóðarinnar. Þessu hefur beinlínis verið snúið við. Árið áður en viðreisnarstefnan tók við var allmikil og jöfn framleiðsluaukning í þjóðarbúskapnum. Þannig segir hagfræðideild Seðlabankans í nýju hefti af Fjármálatíðindum, að þjóðarframleiðslan hafi aukizt að meðaltali um 6.3% á hverju ári árin 1955—59 eða í fimm ár. Þessi árlega aukning þjóðarframleiðslunnar er með því allra mesta, sem þekkist hér í nálægum löndum. Það er athyglisvert, að þessi fimm ár, sem framleiðsluaukningin var svona mikil, eru einmitt þau árin, sem ríkisstj. lagði til grundvallar fullyrðingum sínum um það, að þjóðin lifði um efni fram og efnahagsmálin væru í algeru öngþveiti. Sannleikurinn var hins vegar sá, að stöðug framleiðsluaukning á tímum vinstri stjórnarinnar, *stóraukin fiskvinnsla í landinu sjálfu, en* því sem næst stöðvun á útflutningi á óunnum fiski, stöðvunarlaus rekstur framleiðslutækjanna og markviss uppbygging á framleiðslutækjum landsmanna var að leysa okkur úr vanda tímabundinna gjaldeyrisörðugleika. Mikil uppbygging í landinu, ný raforkuver, sementsverksmiðja, kaup nýrra báta og skipa, bygging nýrra frystihúsa o. s. frv. hlaut að valda nokkrum gjaldeyriserfiðleikum í bili. En hvað hefur gerzt á fyrsta ári viðreisnarinnar? Stórfelldar framleiðslustöðvanir, útgerðarmenn hafa stöðvað rekstur sinn um langan tíma, skipstjórar hafa stöðvað, hásetar gert verkfall, verkamenn og verkakonur hafa gert verkföll, og allir hafa stöðvað af einni og sömu ástæðu — það eru afleiðingarnar af viðreisnarstefnu ríkisstj., sem sagt hafa til sín.

Með viðreisnarstefnunni hefur skipt um í framleiðslumálum þjóðarinnar. Framleiðslan vex ekki um 6.3% að meðaltali á ári eins og áður. Hún hefur minnkað og fer hraðminnkandi augljóslega á þessu ári. Þannig lækka tekjur þjóðarinnar, þannig minnkar það, sem verður til skipta, og þannig *hlýtur hagur atvinnuveganna að fara versnandi.*

Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, sagði hér í umr. í gærkvöld, að ýmis batamerki mætti sjá í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hann sagði m. a., að gjaldeyrisstaðan hefði batnað. Nokkur handbær gjaldeyrir hjá bönkunum segir í raun og veru ekkert um stöðu landsins í gjaldeyrismálum. Sá gjaldeyrir, sem bankarnir nú hafa haft umfram það, sem áður var, byggist á gjaldeyrislánum. Það, sem máli skiptir, er það, hvort erlendar skuldir hafa hækkað eða lækkað. Og hvað hefur gerzt í þeim efnum? Jú, einn af hagfræðiráðunautum Sjálfstfl., Þorvarður J. Júlíusson framkvæmdastjóri Verzlunarráðs Íslands, sagði í grein í Morgunblaðinu þann 18. jan. s. l. um þetta efni, að nettóskuldaaukning við útlönd hefði numið 400—500 millj. kr. árið 1960. Hið rétta er líka, að erlendar skuldir hækkuðu um nálega 500 millj. kr. á því ári. Birgðir útflutningsvöru minnkuðu auk þess um 207 millj. kr. á árinu. Hefði sú minnkun ekki átt sér stað, hefði skuldaaukningin við útlönd orðið 700 millj. kr. á þessu fyrsta starfsári viðreisnarinnar. *Þannig er nú hin bætta gjaldeyrisstaða* þjóðarinnar eftir eins árs viðreisn.

Viðreisnarstefna ríkisstj. hefur gersamlega brugðizt. Ríkisstj. verður að játa, að hún ræður ekki lengur við ástandið í efnahagsmálum. Þar er allt komið upp í kviku. Verkföll hafa verið og verkföll blasa við. Framleiðslan dregst saman, þjóðartekjurnar minnka, samdráttarstefnan er dauðadæmd hér eins og alls staðar annars staðar.

En kollsigling viðreisnarinnar var stjórninni ekki nóg. Til viðbótar hefur hún svo svikið þjóðina í landhelgismálinu og hleypt brezkum togurum inn á fiskimið bátanna. Málflutningur ríkisstj. og stuðningsmanna hennar í landhelgismálinu er annars hinn furðulegasti. Í öðru orðinu er sagt, að Íslendingar hafi unnið stórsigur í málinu, en í hinu er samkomulagið afsakað með því, að geigvænlegir hlutir hefðu gerzt, ef ekki hefði verið samið, eins og hv. þm. Guðlaugur Gíslason sagði hér í umr. í gærkvöld. Hvaða geigvænlega hluti er þm. að tala um?

Ekki var þó málflutningur hv. 5. þm. Vestурl., Benedikts Gröndals, um landhelgismálið hér áðan öllu betri. Ég verð að telja hann meistara í öfugmælamálflutningi ríkisstj. varðandi landhelgismálið. Þessi hv. þm. hóf mál sitt á því að ætla að sanna fyrir hlustendum, að vissulega hefðu Íslendingar fengið með samningnum við Breta fulla viðurkenningu. Hann sagði: Ef fallið er frá mótmælum um alla framtíð, er það ekki full viðurkenning? — Jú, um alla framtíð. En hvar stendur það í þeim samningi, sem ríkisstj. hefur gert við Breta? Það er einmitt það, sem vantar í samninginn, að fallið væri frá mótmælum um alla framtíð. Þar stendur aðeins „að falla frá mótmælum", sem Bretar geta vitanlega túlkað eins og þeir vilja og tekið upp mótmælin að nýju.

Þessi hv. þm. sagði, að Lúðvík Jósefsson hefði lýst því yfir á Alþingi, að 12 mílna landhelgi Íslands væri löglaus, að 12 mílna landhelgin væri andstæð alþjóðalögum. Vitanlega hefur Lúðvík Jósefsson aldrei sagt þetta á Alþingi. Þetta er eitt af öfugmælum þessa hv. þm. Ég hef þvert á móti margsinnis endurtekið það, að ákvörðun Íslendinga um að færa landhelgi sína út í 12 mílur er ekki andstæð alþjóðalögum. Hins vegar hef ég bent á það, sem allir vita, að það vantar skýr fyrirmæli í alþjóðalög, sem alþjóðadómstóll gæti dæmt 12 mílna landhelgi eftir, og það er vegna þess, að þessi skýru fyrirmæli vantar í alþjóðalög, að haldnar hafa verið tvær alþjóðaráðstefnur í Genf til þess að reyna að koma sér saman um fastar lagareglur í þessum efnum. Það ætti ekki að vera neinum Íslendingi, sem fylgzt hefur með í landhelgismálinu, neitt vandræðaefni að skilja þetta.

Það er engin tilviljun, að Bretar fóru fram á það, strax eftir að við höfðum fært út í 12 mílur, að vísa þessu máli fyrir alþjóðadómstólinn í Haag. En hvað sagði utanrrh. Íslands, Alþýðuflokksmaðurinn Guðmundur Í. Guðmundsson, þá? Hvað sögðu allir stjórnmálaforingjar á Íslandi þá, þegar Bretar settu fram þessa kröfu á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þessu máli yrði varpað fyrir alþjóðadómstólinn? Allir íslenzkir stjórnmálamenn neituðu þessari beiðni, af því að við vissum, að það voru engin skýr fyrirmæli í alþjóðalögum, sem alþjóðadómstóllinn gæti dæmt eftir okkar máli í hag.

Þessi hv. þm., Benedikt Gröndal, sagði hér einnig, að Lúðvík Jósefsson hefði lagt til hér á Alþingi að heimila Bretum veiðar innan 12 mílna landhelginnar. Hann bætti því afreki við í blaði sínu, að hann lét teikna þar kort af Íslandi og landhelginni í kring, og þar var sýnt í kringum svo að segja alla landhelgina við landið með svörtu belti allvíðáttumikið svæði og það hét „friðunarsvæði Lúðvíks fyrir Breta". Vitanlega hef ég aldrei lagt til, að Bretar fengju að veiða í íslenzkri landhelgi. Ég hafði einmitt í ræðu minni þvert á móti bent á, að það gætu engir fiskað í íslenzkri landhelgi undir herskipavernd. Ég benti á, að hersýningar Breta hefðu verið hreinn fiflaskapur, þeir hefðu aðeins haldið skipum sínum á þröngum básum þar án nokkurs árangurs til fiskveiða. Ég benti á, að með því að Bretar héldu skipum sínum á þennan hátt bundnum á þröngum básum urðu önnur stór svæði bæði utan og innan fiskveiðilandhelginnar íslenzku gersamlega friðuð fyrir ágangi erlendra skipa. Við þurfum því ekki að kaupa þetta ástand af okkur. Þetta ástand var okkur hagstætt upp á fiskfriðunina við Ísland. En þeir menn, sem aldrei hafa komið á sjó og aldrei nærri fiskveiðum, hafa líklega haldið, að Bretar væru að veiða innan 12 mílna landhelginnar allt í kringum landið allt árið. En það er mesti misskilningur. Þau litlu svæði, sem Bretar reyndu að halda uppi sinni hersýningu á, námu aðeins 3½% af fiskveiðilandhelginni við Ísland, en þau svæði, sem þessi hv. þm., Benedikt Gröndal, ætlar að hleypa erlendum togaraflota inn á nú, nemur 20% af allri fiskveiðilandhelgi Íslands, og þar eiga þeir að fá að veiða frjálsir og dreifa úr sér eftir vild.

Í þessum umr., sem hér hafa farið fram, hefur það orðið enn skýrara en áður, hver er í rauninni meginástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. hefur gert þennan svikasamning við Breta. Forn vinátta við Breta verður endurreist, sagði forsrh. Hinn hættulegi ágreiningur innan Atlantshafsbandalagsins er liðinn hjá, segja aðrir ræðumenn stjórnarliðsins. Og hér í umr. í kvöld sagði Jónas Pétursson alþm.: Rökin fyrir lausn deilunnar voru einmitt hætturnar á árekstrum við vestrænar lýðræðisþjóðir. — Og enn sagði þessi hv. þm., að menn yrðu að minnast þess, að lausnin væri gerð til þess að bæta sambúð vestrænna þjóða. Það, sem verið er að segja Íslendingum með þessu, er, að þeir megi ekki stækka fiskveiðilandhelgi sína, þó að þeim sé það lífsnauðsyn. Vestrænar lýðræðisþjóðir eru á móti því, að Íslendingar fái nægilega stóra fiskveiðilandhelgi. Ætli menn sjái ekki, þegar svona er í pottinn búið, að þeir menn, sem nú hleypa erlendum veiðiflota inn í íslenzka fiskveiðilandhelgi undir því yfirskini, að þeir séu að vinna hér stóran sigur, ætli þeir mundu ekki einnig vera fúsir til þess eftir 3 ár að heimila framlengingu á þessu veiðitímabili í önnur 3 ár til þess að vernda vestræna samvinnu?

Fiskveiðar útlendinga upp að 6 mílum næstu 3 árin geta valdið Íslendingum meira tjóni en flesta grunar. En hitt er þó enn þá alvarlegra, að afsalað skuli vera þeim eina rétti, réttinum til einhliða ráðstafana, sem allar okkar aðgerðir í landhelgismálinu til þessa dags hafa byggzt á. Allar þjóðir, sem stækkað hafa landhelgi sína úr 3 mílum, hafa beitt þessum rétti, þ. e. ákveðið stækkunina einhliða. Þessi einhliða réttur er viðurkenndur í þjóðaréttinum, jafnvel þó að alþjóðalög séu ekki svo ákveðin, að hægt sé að fella beina dóma um það, sem gert er á þann hátt. Það er því fjarri öllu lagi, að einhliða rétturinn fari í bága við alþjóðalög. Honum er fyrst og fremst beitt þar,

sem alþjóðalög eru ekki fyrir hendi. Skuldbinding Íslands til þess að tilkynna Bretum allar frekari útfærslur og um málskot til alþjóðadómstólsins jafngildir því í raun og veru, eins og málin standa í dag, stöðvun um ófyrirsjáanlega framtíð á allri frekari stækkun íslenzku landhelginnar. Þetta vita Bretar vel, og af því telja t. d. forustumenn brezkra togaraeigenda, að það samkomulag, sem nú hefur verið gert við íslenzku ríkisstj., sé þeim raunverulega mjög mikilsvert. Þannig sagði forseti brezkra togaraeigenda í viðtali við fiskveiðiblaðið Fishing News þann 3. þ. m.: Stjórn hennar hátignar hefur unnið mjög gott verk með því að halda Íslendingum innan 12 mílna markanna. Við óttuðumst, að þeir ætluðu sér að taka miklu meira.

Góðir Íslendingar. Við höfum tapað þessari lotu í átökunum við Breta um landhelgi Íslands. Þeir, sem áttu að gæta réttar okkar og hagsmuna, hafa brugðizt. En samningur eins og sá, sem nú hefur verið gerður, og með þeim hætti, sem að honum hefur verið staðið, getur aldrei skuldbundið þjóðina til frambúðar. Þrír flokkar í landinu, sem í síðustu kosningum hlutu 45% atkv., hafa lýst yfir því, að þeir muni við fyrsta tækifæri losa þjóðina undan oki og óréttri þessa samnings. Enginn vafi er á því, að mikill meiri hluti kjósenda í landinu mundi nú styðja sjónarmið þessara flokka, og sannar hræðsla ríkisstj. við þjóðaratkvgr. það bezt. Bretar gera sér grein fyrir þessari hættu. Einmitt þessa dagana segja forustumenn brezkra togaraeigenda, að þeir óttist, að ný ríkisstj. á Íslandi mundi ekki telja sig bundna þessum samningi. Þeir vita, þessir menn, að samningurinn er gerður gegn vilja íslenzku þjóðarinnar.

Við höfum ekki tapað landhelgismálinu endanlega þrátt fyrir þennan samning. Nú verður þjóðin sjálf að taka við málinu. Kosningar koma, þó að eitthvað sé hægt að draga þær. Þjóðin fær tækifæri til þess að kveða upp sinn dóm. Nú verður strax að hefjast handa um myndun þjóðfylkingar, sem bjargi málinu. Þau samtök verða að vinnast aftur, sem nú hafa tapazt í svipinn. En grundvöllur þess, að málinu verði bjargað, er, að núv. ríkisstj. hrökklist frá völdum. Það á líka að vera öllum frjálslyndum mönnum kærkomið baráttumál að vinna að því, að sú ríkisstj., sem rýrt hefur lífskjörin, dregið hefur úr framleiðslu þjóðarinnar, og gerzt hefur handbendi erlendra afla og svikið hefur þjóðina í landhelgismálinu, eins og nú er komið í ljós, víki sem fyrst frá völdum, en í staðinn komi frjálslynd framfarastjórn, sem stjórni í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar og bjargi landhelgismálinu. — Góða nótt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hv. 4. þm. Austf., sem hér var að ljúka máli sínu, átti bágt. Hann var að reyna að klóra sig út úr því, sem hann hafði áður sagt, þar sem hann gerði tilboð til Breta um að veiða áfram innan íslenzkrar landhelgi. Ég skal leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt það, sem hv. þm. var að reyna að klóra sig frá. Það er svo hljóðandi:

„Ég hef sagt frá áður, að mig hefði langað mjög til þess, miðað við aðstöðuna til friðunar á Íslandsmiðum, að semja beinlínis við Breta um það, að þeir héldu áfram eitt, tvö, þrjú eða fjögur ár þessari sömu vitleysu sem þeir voru að gera hér.“

Hvað er þetta annað en bjóða Bretum að halda áfram veiðum sínum hér undir fallbyssukjöftum herskipanna. Ég efast um, að allir íslenzkir sjómenn og íslenzkir varðskipsmenn mundu verða glaðir, ef þessi háttur hefði verið upp tekinn í staðinn fyrir þann samning, sem gerður var.

Þessum útvarpsumr. um vantraust á ríkisstj. er nú að ljúka. Mörg orð og stór hafa fallið í garð ríkisstj., og margar sakir og þungar hafa verið á hana bornar. Þó að ekki væri nema lítið brot af því, sem sagt hefur verið, sannleikanum samkvæmt, þá væri þessi vesalings ríkisstj. vissulega ekki mikils virði. En hér hefur farið eins og svo oft áður, ádeilurnar hafa verið svo öfgafullar og svo langt frá því að taka nokkurt tillit til staðreynda og staðreyndum beinlínis snúið við, að þær hafa *gersamlega misst marks*, svo að hlustendur hafa greinilega séð í gegnum moldviðrið. Afstaðan til mála hefur beinlínis mótazt af því, að stjórnarandstaðan vill ríkisstj. feiga, en ekki af efni málsins, sem rætt er. Þetta er ekki ný saga. Framsfl. a. m. k. hefur t. d. leikið þennan leik oft áður, en frægasta dæmið um þann leik gerðist þó 1950. En þó að það sé orðið 11 ára gamalt, get ég ekki stillt mig um að minnast á það nú, því að það er bæði athyglisvert og lærdómsríkt.

Eftir að þriggja flokka samstarfið í ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar var rofið, fyrst og fremst af Framsfl., var mynduð minnihlutastjórn Sjálfstfl. Þessi stjórn bar fram frv. til laga um efnahagsaðgerðir, sem hinir flokkarnir lýstu sig óánægða með, og gekk Framsfl. það lengst, að hann bar fram vantrauststillögu á ríkisstj., sem flutt var af þeim Hermanni Jónassyni, hv. 2. þm. Vestf., og Eysteini Jónssyni, hv. 1. þm. Austf. Þessi vantrauststillaga var samþykkt. En það leið ekki nema örstuttur tími, frá því að þessi vantrauststillaga var samþykkt og þangað til þessir sömu menn, sem fluttu vantraustið á Sjálfstfl., höfðu gengið til samstarfs við Sjálfstfl. um stjórnarmyndun og samþykkt með honum gengisfellingarfrv., aðeins örlítið breytt til málamynda. Þetta er að kunna vel til vígs, ganga fyrst af stjórnarflokknum dauðum í ríkisstj., vekja hann síðan upp aftur og gangast fyrir samstarfi við hann um það mál, sem harðast hafði verið deilt um.

En þessi saga er að nokkru leyti að endurtaka sig nú, bara í öfugri röð. Fyrst stendur flokkurinn að því með Sjálfstfl. að bjóða Bretum árið 1952 að leggja útfærsluna þá undir dómsúrskurð alþjóðadómstólsins. Nú er það talinn höfuðglæpur við alda og óborna að gera hið sama um væntanlegar útfærslur. Árið 1958 stóð sami flokkur að því að bjóða Bretum eða brezkum togurum allt svæðið á milli 6 og 12 mílna til veiða í 3 ár, ef þeir viðurkenndu 12 mílurnar. Nú á það að vera höfuðsynd að leyfa þessar veiðar í takmarkaðan tíma og á takmörkuðum svæðum gegn sömu viðurkenningu. Í öllum þessum tilfellum er það afstaðan til ríkisstj., sem mótar stefnu flokksins, en hann forðast að taka málefnalega afstöðu. Þá gefur hann sér nú þá forsendu í þessu máli, að Bretar hafi gefizt upp við að veita togurum sínum herskipavernd, þó að vitað sé, að fram á síð-

ustu stund hafi verið uppi kröfur og ráðagerðir um að halda þessu áfram, eins og hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, hefur beinlínis óskað eftir.

Einn af ræðumönnum Framsfl. í gærkvöld sagði, að allur heimurinn hefði hlegið að þessum aðförum Breta. Ég dreg mjög í efa, að þetta sé rétt. Og svo mikið er víst, að ekki var þeim mönnum hlátur í hug, sem áttu í stöðugri og lífshættulegri baráttu við brezku herskipin og raunar brezku togarana líka, né heldur aðstandendum þeirra í landi. Ég ætla, að þeir hafi allir orðið þeirri stund fegnastir, þegar þessari hættu hafði verið bægt frá.

Það er uppáhalds orðatiltæki hjá stjórnarandstöðunni, félögum okkar í Alþfl. úr vinstri stjórninni, að þurft hafi að beita Alþfl. hörðu til þess að fá hann til fylgis við útfærsluna 1958. Þetta var gert í gærkvöld af hv. 1. þm. Norðurl. e., Karli Kristjánssyni, þó að marghrakið hafi verið. Alþfl. var vissulega samþykkur útfærslunni. En hann vildi aðeins fá tíma til að kynna málið á erlendum vettvangi og vinna því fylgi. Hann fékk það góðu heilli og með þeim árangri, að allir nema Bretar virtu í verki það, sem við gerðum. Það var þess vegna Alþfl., sem þurfti að beita hörðu til þess að fá skynsamlega lausn á málinu, og það tókst.

Í sambandi við þennan og þvílíkan málflutning vil ég einnig benda á það, sem hv. 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, sagði hér áðan um hv. 9. landsk., Jón Þorsteinsson, að hann hefði viðhaft óviðeigandi og móðgandi ummæli úr þinghelginni um fjarstaddan mann hér í gærkvöld. Þetta er eins og annað, sem fram hefur komið frá þessum hv. þm., mjög fráleit fullyrðing, þar sem hv. 9. landsk. þm. hafði ekki önnur ummæli hér en fram komu í dómsúrskurði í viðkomandi máli.

Um efnahagsmálin hefur verið allmikið rætt, bæði í þessum umr. og oft áður, og skal ég þar ekki miklu við bæta. En eitt vildi ég þó taka fram og vekja athygli á, að þegar óðaverðbólgan haustið 1958 var komin í algleyming, þá var ástandið orðið óraunhæft og óstöðugt í mesta máta. Þegar vísitalan hafði hækkað á einu ári um 34 stig og vissa fyrir, að dýrtíðin mundi halda áfram að vaxa með stöðugt auknum hraða, lá opið fyrir, þó að ekkert hefði verið gert nema auka uppbæturnar með vaxandi vísitölu, að afkoma alls almennings hlaut að versna og yfirvofandi hætta á miklum samdrætti vegna minnkandi sparifjármyndunar og stöðvunar á erlendum lántökum. Þegar þess vegna nú er verið að bera saman ástandið í dag við það, sem var um áramótin 1958 og 1959, eftir eitt bezta ár, sem yfir þjóðina hefur komið, þá er það í hæsta máta villandi að gera samanburðinn á þann hátt. Það, sem á að bera saman, er ástandið nú við ástandið eins og það hefði orðið, ef ekkert hefði verið að gert, og ég get fullyrt, að sá samanburður sé ekki óhagstæður fyrir núv. ríkisstj.

Þeir hafa verið að skemmta sér við það, stjórnarandstæðingarnir, að kalla sína stefnu framfara- og uppbyggingarstefnu, en stefnu ríkisstj. stöðvunarstefnu. Þeim er þetta að vísu ekki of gott. En það er hið herfilegasta ófugmæli eigi að síður, þar sem fyrirsjáanlegt var, að vinstristjórnarstefnan mundi innan tiltölulega stutts tíma leiða til meiri og minni stöðvunar í atvinnurekstri landsmanna, og það var einmitt til þess að koma í veg fyrir þessa stöðvun, að ríkisstj. beitti sér fyrir sinni viðreisnarstefnu.

Síðan 1927 hefur enginn einn flokkur haft meiri hluta á Alþingi. Allflestar ríkisstjórnir síðan hafa því verið samstjórnir tveggja eða fleiri flokka. Allir hinir pólitísku flokkar, sem nú eiga fulltrúa á Alþingi, hafa um eitthvert skeið unnið með öllum hinum flokkunum. Þar er enginn undanskilinn. Þetta sýnir að mínu viti það, að þegar samstarfsvilji er fyrir hendi, geta flokkarnir átt samleið um lausn ákveðinna, aðkallandi mála, þó að óbilgjörn stjórnarandstaða bæði nú og oft áður telji stjórnarflokkana jafnan óalandi og óferjandi. Og þó að flokkarnir hafi mismunandi lífsskoðanir og stefnu, hafa þeir þó allir getað um tíma komið sér saman um lausn ákveðinna mála. Á því byggist stjórnarsamstarfið í samstjórnum, að flokkarnir komi sér saman um ákveðin mál og láti ágreiningsmálin bíða.

Þá er ekki óeðlilegt, að spurt sé: Hvaða mál hefur þessi ríkisstj. komið sér saman um að leysa, og hvað líður lausn þeirra? Hæstv. forsrh. las upp í gær stefnuyfirlýsingu ríkisstj., og skal ég því ekki ræða hana frekar. En ég skal aðeins nefna nokkur mál, sem annaðhvort hafa verið leyst eða eru í deiglunni, auk stóru málanna, efnahagsmála og landhelgismálsins, sem ég tel að hvor tveggja hafi tekizt mjög vel um og marki tímamót í sögu þjóðarinnar, ef ábyrgðarlausum andstæðingum tekst ekki að véla þar um.

Af öðrum málum vildi ég aðeins nefna almannatryggingalöggjöfina frá því í fyrra og aftur nú frá þessu þingi. Þar hafa verið stigin þau risaskref til umbóta, að önnur slík hafa aldrei verið stigin, síðan lögin frá upphafi voru sett. Fjölskyldubætur, ellilífeyrir, örorkubætur, slysabætur og fleiri og fleiri bætur hafa verið auknar svo, að þær jafnast nú orðið á við þær bætur, sem nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum greiða, en þær eru, eins og kunnugt er, taldar standa fremst og bezt að þessum málum. Með þessum auknu tryggingabótum hefur þeim verið rétt hjálparhönd, sem höllustum fæti standa í lífsbaráttunni, og er það vissulega vel. Þetta vildi ég sérstaklega undirstrika, þar sem því hefur verið haldið fram hér í kvöld af stjórnarandstöðunni, að það hefði verið sýnt sérstakt tillitsleysi við þetta fólk.

Húsnæðismálin vildi ég aðeins nefna einnig. Þau mál eru að vísu öll í endurskoðun, þar sem stefnt er að því að gera fyrirgreiðslu hins opinbera einfaldari og betri, en auk þess hefur á líðnu ári verið útvegað meira fé til þessara mála en nokkru sinni áður, eða samtals um 72 millj. kr. Stefnt er að því að útvega sömu upphæð í ár. Fer þá að nálgast það ástand, sem að er stefnt, að unnt verði að afgreiða lánbeiðnir nokkurn veginn jöfnum höndum sem þær berast.

Mörg fleiri mál mætti nefna, svo sem aðstoð við lánamál sjávarútvegsins, sem verið er að vinna að, skatta- og útsvarslækkanir, aðstoð við sveitarfélög með því að veita þeim hluta af söluskatti eða yfir 70 millj. kr., bankamál og margt, margt fleira. Allt í allt tel ég, að svo mikill árangur hafi náðst í núv. stjórnarsamstarfi á því rúma ári, sem þetta

samstarf hefur staðið, til hagsbóta fyrir allan almenning í landinu, að mjög vel megi við una og í annan tíma hafi ekki jafnlangt stjórnarsamstarf borið öllu meiri árangur. A. m. k. er ég sannfærður um, að hefðu þeir, sem nú standa að vantraustinu, haldið um stjórnvölinn, þá mundi árangurinn ekki hafa orðið betri, því að ég efast um, að þeir hefðu komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut nema hið neikvæða — að rífa niður. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 15. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, HB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, VH, FRV, IG, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG.

nei: JKs, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, FS.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Lánsfé til Hvalfjarðarvegar.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um öflun lánsfjár til Hvalfjarðarvegar [61. mál] (A. 66).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Á undanförnum árum hefur það tíðkazt í vaxandi mæli hér á Alþ., að þm. hafi einn eða fleiri saman flutt tillögur eða frumvörp til að reyna að flýta fyrir framkvæmd við lagningu eða endurbætur á höfuðvegum landsins, sem þýðingu hafa fyrir stór byggðarlög eða eru brautir á milli landshluta. E. t. v. bendir þessi þróun til þess, að Alþ. hafi ekki gert nægilega mikið fyrir þessar höfuðbrautir í vegakerfinu. Skal ég þó láta það ósagt, því að sjálfsagt eru allir sammála um það, að gjarnan hefði getan til þess að leggja fé til vegamálanna mátt vera meiri.

Hér er á ferðinni ein slík till., sem fjallar um öflun lánsfjár til Hvalfjarðarvegar. Varla ætti að þurfa að hafa mörg orð um mikilvægi þessa vegar. Hann er, að undanskildum einum ófullkomnum fjallvegi, eini tengiliðurinn í vegakerfinu á milli þriggja landsfjórðunga annars vegar, Vesturlands, Norðurlands og Austurlands, og Reykjavíkur með suðvesturhorni landsins og Suðurlands hins vegar. Er augljóst, að slíkur tengiliður á milli byggðarlaga hlýtur að vera mikilvægur vegur, enda er hann það, bæði fyrir farþega- og vöruflutninga, sem fara vaxandi með hverju ári.

Þegar litið er á þessa legu Hvalfjarðarvegarins, þá kemur ýmsum á óvart sú staðreynd, að af Hvalfjarðarleiðinni eru enn þá um 20 km ólagðir. Þar er notazt við ruðninga, sem oft og tíðum eru mjög ófullkomnir. Er þetta sérstaklega bagalegt að vetrarlagi, en þá eru skriðuföll tíð og snjóþyngsli í Hvalfirði. Þá er bæði mikil slysahætta og kostnaður við að halda þessari braut opinni gífurlega mikill.

Ég mun ekki hafa fleiri orð til að rökstyðja það, að ástæða sé til þess að gera nokkrar sérstakar ráðstafanir til að þoka þessari vegaframkvæmd áfram, en vil vænta þess, að því verði vel tekið hér á Alþingi, vegna þess að færa má rök fyrir því, að allir hlutar landsins eigi þarna nokkurra hagsmuna að gæta.

Ég vil svo leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 66, n. 311).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar till. á þskj. 66 þess efnis, að Alþ. ályktí að fela ríkisstj. að athuga möguleika á lántöku til að ljúka vegalagningu fyrir Hvalfjörð og gera veginn hæfa undirstöðu undir varanlegt slitlag. Sams konar till. var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu, og mun ástæðan hafa verið sú, að þá var ekki vitað um, að neinar ráðagerðir væru á döfinni um meiri háttar lántökur til vegaframkvæmda. Nú er viðhorfið að þessu leyti breytt, því að hæstv. forsrh. hefur upplýst hér á þingi, að m. a. sé í athugun hjá ríkisstjórninni að taka lán til vegaframkvæmda, og því hefur fjvn. þótt rétt, að þessi till. hlyti afgreiðslu á þann hátt, að henni yrði vísað til ríkisstj. Það er með tilliti til þess, að Hvalfjarðarvegur er mjög mikilsverður tengiliður í vegakerfinu milli stórra landshluta, og ætti þess vegna að koma mjög til athugunar að ráðstafa lánsfé til vegargerðar í Hvalfjarðarvegi, ef úr fyrirhugaðri lántöku verður. — Einn nefndarmanna, hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson, var fjarverandi, þegar nefndin afgr. málið.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Till. þessi var flutt af varamanni, sem sat á þinginu í minn stað s. l. haust. Hafði ég raunar staðið að svipaðri till. á þinginu í fyrra. Till. gengur ekki lengra en svo, að hún gerir ráð fyrir, að Alþ. ályktí að fela ríkisstj. að athuga möguleika á lántöku til að ljúka vegarlagningu fyrir Hvalfjörð og gera veginn hæfa undirstöðu undir varanlegt slitlag. Með því að hugmyndin með till. gekk á þessu stigi ekki lengra, tel ég, að við það megi una að vísa málinu til ríkisstj. Tel ég sérstaklega, að sú skoðun, sem fjvn. hefur látið frá sér fara í nál., að þessi vegur sé mikilvæg umferðaræð og tengiliður milli landshluta og hljóti að koma mjög til álita, ef lánsfé fæst, sé nokkurs virði, og vil ég vænta þess, að hún megi verða til þess að halda þessum vegi fram, þegar að því kemur, að hægt er að afla fjár til slíkrar vegarlagningar, og þessi afgreiðsla málsins verði þar með til að flýta fyrir þeirri framkvæmd,

sem hér um fjallar. Ég vil því þakka hv. nefnd fyrir að afgr. málið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. frá fjvn. á þskj. 311 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 37 shlj. atkv.

2. Brú yfir Ölfusá.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um undirbúning brúarbyggingar yfir Ölfusá [108. mál] (A. 122).

Á 18. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sþ., 16. des., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Í grg. með till. þessari um undirbúning brúargerðar á Ölfusá hjá Óseyrarnesi eru rakin helztu rökin fyrir mikilvægi þess, að hið allra fyrsta fari fram fullnaðarathugun á möguleikum á slíkri framkvæmd. Ég vil þó aðeins stikla á þeim stærstu atriðum, sem gera þessa framkvæmd nauðsynlega.

Fyrirhuguð höfn í Þorlákshöfn hefur fyrst og fremst gildi sem útgerðarhöfn. Smábátaútgerð frá slíkum stað, sem liggur rétt við fengsælustu fiskimiðin, mun fljótlega verða til þess, að þar rísi upp stór bær á skömmum tíma. Þar af leiðir mjög mikla atvinnu að vetrarlagi, en lítil skilyrði eru þar til fjölbreyttrar atvinnu að sumarlagi. Í tveimur þorpum handan Ölfusár, Eyrarbakka og Stokkseyri, sem telja yfir þúsund íbúa, eru mikil atvinnutæki, sem snerta útgerð, en mundu verða óstarfhæf að mestu, ef upp rísi útgerðarstaður í Þorlákshöfn, en ekki væri byggð brú. Brúin yfir ósinn mun hvort tveggja í senn skapa skilyrði til aukinnar útgerðar í Þorlákshöfn, án þess að þar þyrfti að ráðast í geipilega fjárfestingu í atvinnutækjum, með því að nota þau, sem fyrir eru á Eyrarbakka og Stokkseyri, og gera íbúum Þorlákshafnar kleift að reka mikla atvinnu á sumrin við garðrækt á blómlegum svæðum handan árinnar. Í öðru lagi er Þorlákshöfn mikilvæg sem vöruflutningahöfn. Með tilkomu brúar mundi leiðin milli Þorlákshafnar og verzlunarmiðstöðvar héraðsins, Selfoss, styttast verulega, og skapast aukin hagkvæmni af þeirri vegagerð. Í þriðja lagi er rétt að benda á, að með tilkomu brúar er sennilegt, að Þrengslavegur, sem nú er unnið að, verði ekki lagður áfram austur að Selfossi eftir þeirri leið, sem nú er fyrirhuguð samkv. lögum frá 1947, heldur komi hann þá yfir þá brú á Ölfusárósi. Vafasamt er, að menn geri sér grein fyrir því, að sú leið er eigi nema 2 km lengri en sú braut, sem fyrirhuguð er samkv. þeim lögum, sem nú eru í gildi.

Þessi rannsókn á möguleikum brúargerðar yfir Ölfusárós er mjög nauðsynleg með tilliti til íbúanna í byggðarlögunum handan árinnar, Eyrarbakka og Stokkseyri, og þeirra framtíðaráætlana. Þeir telja sig eiga rétt til að fá að vita, hvort hugsanleg brúargerð þar muni verða á næstu árum eða ekki, því að við það hljóta þeir að miða allar sínar athafnir.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að umræðunni verði frestað og till. vísað til fjvn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég skal strax taka fram, að ég er ekkert mótfallinn þessari tillögu um rannsókn á brúarstæði yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi. En þessi sami hv. flm. og talaði hér fyrir þessari till. hefur flutt mjög mikilvæga till. aðra hér á hv. Alþ. um skipulagningu á Suðurlandsundirlendinu öllu saman. Nú veit ég ekki, hvað Suðurlandsundirlendið nær langt í hans augum, en ég bara spyr, hvort nauðsynlegt sé, úr því að skipuleggja á allt Suðurlandsundirlendið, að taka nú, áður en sú skipulagning fer fram, einn þátt þeirra mála út úr til sérstakrar rannsóknar. Ég efast mjög um, ef slík allsherjarskipulagning á fram að fara, að það sé nauðsynlegt. Þess vegna efast ég um gildi þessarar till., samanborið við raunhæfni þeirrar till., sem hv. þm. hefur fram borið um skipulagningu á Suðurlandsundirlendinu.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 122, n. 483).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Fjvn. fékk til athugunar till. til þál. á þskj. 122, sem þannig hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa byggingu brúar yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi og lagningu vegar, sem tengi Þorlákshöfn við þorpin Eyrarbakka og Stokkseyri og nærsveitir.“

Hér er ekki um að ræða nýtt mál á Alþingi, eins og raunar kemur fram í grg. flm. sjálfra og rakið er í umsögn þeirri um málið, sem fjvn. fékk frá vegamálastjóra. Er þar skemmst frá að segja, að brú á Ölfusá hjá Óseyrarnesi er á brúalögum, nr. 37 1954, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ölfusá hjá Óseyrarnesi, enda leiði rannsókn í ljós, að brúarstæðið sé öruggt og brúarsmíðin mikill þáttur í að tryggja afkomu íbúanna í sjávarþorpunum austanfjalls.“ Og 12 km vegur frá Þorlákshafnarvegi á Eyrarbakkaveg var tekinn í tölu þjóðvega árið 1955 undir nafninu Hafnarskeiðsvegur. Nauðsynlegar lagaheimildir bæði til brúargerðar og vegalagningar eru þannig fyrir hendi, og vegamálastjóri telur í umsögn sinni engin sérstök tæknileg vandkvæði við brúargerð á Ölfusá hjá Óseyrarnesi, þótt þeirri framkvæmd fylgi sá vandi að meta, hvaða áhrif væntanleg brú hafi á rennsli árinnar í ósnum, þegar mikill jakaburður er, því að hætta geti verið á stíflun af ísruðningi, sem

geti orðið þess valdandi, að áin brjóti sér nýjan farveg yfir Óseyrarnes.

Samkvæmt mælingum frá 1952 er talið, að brúin þurfi að vera 400 m löng, og athuganir, sem þá voru gerðar, leiddu í ljós, að á brúarstæðinu er komið niður á klöpp á 3 m dýpi, miðað við hálffallinn sjó. Lausleg kostnaðaráætlun frá sama tíma er að upphæð 20 millj. kr., en það mundi svara til 50 millj. kr. með núverandi verðlagi, að því er vegamálastjóri telur.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að þessar athuganir á brúargerðinni og kostnaði munu hafa verið mjög lauslegar, enda kostar fullnaðarundirbúningur slíkra mannvirkja, sem þarna er um að ræða, svo mikla vinnu og svo mikið fé, að þess er naumast að vænta, að í slíkt sé ráðizt, nema endanleg ákvörðun hafi verið tekin um, að úr framkvæmdum verði. Hins vegar er ekki útilokað, að nánari athuganir en þær, sem gerðar voru árið 1952, kunni að leiða í ljós, að umrædd brúarsmíði þurfi ekki að verða eins kostnaðarsöm og þá var talið, brúin megi vera styttri og gerð hennar ódýrari en þá var reiknað með. Úr þessu fæst því aðeins skorið, að fullnaðarteikningar og kostnaðaráætlanir verði gerðar og að undangenginni vandlegri rannsókn á brúarstæðinu. En hvað sem þessu líður, er ljóst, að höfuðvandinn í sambandi við þetta mál er að leysa hina fjárhagslegu hlið þess, því að mannvirkið mun örugglega kosta nokkra milljónatugi. Hitt er einnig ljóst, að með byggingu fullkominnar hafnar í Þorlákshöfn skapast nýtt viðhorf í atvinnumálum íbúanna á Stokkseyri og Eyrarbakka, því að útgerð þaðan mundi fljótlega flytjast til Þorlákshafnar, nema því aðeins að unnt væri að koma á vegasambandi yfir Ölfusárós, en við það mundi t. d. leiðin milli Eyrarbakka og Þorlákshafnar styttast úr 50 km í 12 km.

Brúarbyggingin, ef framkvæmd yrði jafnhliða byggingu hafnarinnar, mundi gera hvort tveggja í senn: bæta atvinnuskilyrði íbúanna austan árinnar og stöðva fólksfækkun þar og skapa þegar í stað skilyrði til hagnýtingar þeirri aðstöðu, sem fæst í Þorlákshöfn, en um þetta segir svo m. a. í grg. flm. með umræddri þáltill., með leyfi hæstv. forseta:

„Hafnargerð í Þorlákshöfn er þjóðhagslega mikilvægt verkefni, vegna þess að hún skapar skilyrði til útgerðar, sem eru líkleg til að færa þjóðarbúinu hreinar auknar tekjur vegna aukinnar framleiðslu útflutningsvara. Þorlákshöfn liggur betur en aðrar hugsanlegar verstöðvar við beztu fiskimiðum við landið, og þaðan er arðvænlegust útgerð 20—50 tonna báta, en af þeirri stærð eru til í landinu margir bátar án fullrar afkastagetunýtingar. Bætt útgerðarskilyrði í Þorlákshöfn gera kröfu til mikillar fjárfestingar í fiskvinnslustöðvum, framleiðslutækjum svo og íbúðarhúsum vegna skorts á vinnuafli þar að óbreyttum aðstæðum. Þar eru nú búsettir aðeins rúmlega 100 manns, en umhverfis höfnina er að mestu eyðisandur og klappir. Hins vegar eru nokkru austar á strandlengjunni í gróðursælum sveitum handan Ölfusár þorpin Eyrarbakki og Stokkseyri með meira en þúsund íbúa, sem búið hafa við ónóga atvinnu heima fyrir vegna breyttra atvinnuhátta í héraði og erfiðra hafnarskilyrða.“

Að þessu athuguðu, sem ég nú hef rakið, hefur fjvn. þótt rétt að mæla með því, að mál þetta yrði ýtarlega rannsakað, og með því að til greina getur komið, að ríkissjóður taki meiri háttar lán til samgöngubóta, leggur n. til, að málinu verði vísað til ríkisstj., því að örlög þess eru eingöngu undir því komin, að hægt sé að útvega fjármagn til framkvæmdanna. Undir því er það einnig komið, hvort fólksfækkun í þorpunum austan Ölfusár heldur áfram eða stöðvast, en þar búa nú um 1000 manns.

ATKVGR.

Till. frá fjvn. á þskj. 483 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 34 shlj. atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Lán til veiðarfærakaupa.

Á deildafundum 14. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um lán til veiðarfærakaupa [48. mál] (A. 48).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér, ásamt hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG), að flytja svofellda till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, hvort unnt sé að skipuleggja hjá einni eða fleiri lánastofnunum veitingu fastra lána til kaupa á sérstaklega verðmiklum veiðarfærum, sem hafa þá endingu, að hægt sé að taka þau að veði fyrir slíkum lánum."

Ég flutti á síðasta þingi efnislega samhljóða till. þessari, sem þá náði ekki samþykki. Reynsla s. l. sumars af síldveiðunum fyrir Norður- og Austurlandi hefur sýnt, að gersamlega er útilokað að greiða jafnverðmikil veiðarfæri og herpinætur eru af afla eins árs. Vertíðin s. l. sumar var að vísu léleg, en þó er augljóst, að jafnvel í mjög sæmilegum árum væri það óhugsandi, að almennt væri hægt að borga upp herpinætur, sem kosta, miðað við núverandi verðlag, allt að 700—800 þús. kr., af aflaverðmæti eins árs. Því er lagt til með till. þessari, að ríkisstj. beiti sér fyrir athugun á möguleikum þess, að skipulagðar verði lánveitingar til kaupa á sérstaklega verðmiklum veiðarfærum og verði lengd lánanna miðuð við endingartíma þeirra.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um till. þessa fleiri orðum, en legg til, að umr. um mál þetta verði frestað og því vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni hl. allshn., á þskj. 460, var útbýtt 9. marz, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

2. Síldariðnaður á Austurlandi.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um síldariðnað á Austurlandi [53. mál] (A. 55).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér um ræðir, fjallar um fjölbreyttari síldariðnað á Austurlandi. Segja má, að það sé frumstæðasti máti að vinna úr síldinni, þegar hún er notuð í bræðslu og aðeins framleitt úr henni mjöl og lýsi, en það er greitt minnst fyrir hráefnið, þegar hún er hagnýtt á þann hátt. Grófsöltun gefur meira verð fyrir hana, hvað þá þegar síldin er sérverkuð, soðin niður eða lögð niður eða reykt. Flestar, ef ekki allar síldveiðiþjóðir reyna að vinna úr síldinni sem dýrmætasta vöru með því að verka hana á þann hátt, að hún sé sem girnilegust fyrir neytendurna. Það hefur verið náð ótrúlega langt í þessum efnum. Oft er okkur einna tamast að vitna til frænda vorra Norðmanna, en þar er síld í dósum verkuð á ýmsan hátt og er stór liður í útflutningsframleiðslu þeirra.

Á Austurlandi hagar svo til, að á nyrztu fjörðunum er oft takmörkuð atvinna að vetrarlagi, þar sem fiskur gengur þá lítið á miðin út af Austfjörðum, nema þá syðst, en þangað hefur hingað til reynzt fulllangt að sækja nema fyrir þá, sem búa á syðri fjörðunum. Það væri því mjög miklisvert að geta fundið einhverja þá atvinnu, sem þetta fólk gæti stundað á veturna heima, í stað þess að þurfa að fara í fjarlæg byggðarlög til þess að leita sér atvinnu yfir vetrarmánuðina. Og það er ekkert eðlilegra þá í þessum sjávarþorpum en að fólkið fullvinni fisk eða fiskafurðir, sem það er

vanast að vinna við, og ætti þá síldin frá sumrinu sérstaklega að vera kjörin til þessara hluta. Þess vegna er þessi þáltill. flutt um, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvernig koma megi á fót á Austurlandi fjölbreyttari hagnýtingu síldar en fæst með bræðslu hennar og söltun, eins og nú tíðkast.

Ég mun ekki láta fleiri orð fylgja að svo stöddu, en ég vil leggja til, að umr. verði nú frestað um þessa till., og ég held, að það sé réttast að leggja til, að henni verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

3. Sjálfvirk símstöð fyrir Austurland.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um sjálfvirka símstöð fyrir Austurland [54. mál] (A. 56).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Hér liggur fyrir á þskj. 56 till. um sjálfvirka símstöð fyrir Austurland, og ég vil leyfa mér að láta fylgja henni nokkur orð.

Eins og kunnugt er, þá er síminn eitthvert mikilvægasta tækið í öllu viðskiptalífi þjóðanna og menningarlegum tengslum fólksins. Og þeir, sem einu sinni hafa búið við þessi þægindi, geta vart hugsað sér að vera án þeirra, og þeim mun betri sem símaþjónustan er, þeim mun mikilvægari þáttur er síminn í öllu daglegu lífi manna. Í hinum stærri kaupstöðum er síminn opinn allan sólarhringinn, og það er til ómetanlegs gagns og þæginda fyrir alla þá, sem á honum þurfa að halda.

Með komu sjálfvirka símans og sambandi við nærliggjandi kaupstaði hefur notagildi símans aukizt verulega. Það er lítill vafi á því, að sjálfvirki síminn á eftir að fara sigurför um þéttbýlustu hluta landsins, alveg eins og gamli síminn gerði á sínum tíma. Nú hagar svo til á Austurlandi, að margir allfjölmennir kaupstaðir og kauptún standa tiltölulega skammt hver frá öðrum, og virðist ekki vera miklum annmörkum háð að koma þar á sjálfvirku símasambandi, þótt um það verði að sjálfsögðu ekkert fullyrt, fyrr en fram hefur farið á því rannsókn sérfróðra manna. Þess vegna er lagt til í þessari þál. að fela ríkisstj. að hlutast til um, að Landssími Íslands láti fara fram athugun á, hvort ekki væri tæknilega og fjárhagslega tiltækilegt að koma upp sjálfvirku símasambandi á Austurlandi, sem næði til þéttbýlustu staðanna.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að þessari umr. verði frestað og að þessari till. verði einnig vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31:1 atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

4. Útboð opinberra framkvæmda.

Á deildafundum 20. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um útboð opinberra framkvæmda [58. mál] (A. 63).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að vera langorður um þessa till. Hún skýrir sig sjálf. En efni hennar er það, að Alþ. láti í ljós þann vilja sinn, að unnið verði, eftir því sem kostur er, að opinberum framkvæmdum á þann veg að leita í þau tilboða. Hugsunin með þessu er sú að sjálfsögðu að stuðla að því, að opinberar framkvæmdir verði sem ódýrastar.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, hefur það farið mjög vaxandi, góðu heilli, á síðari árum, að upp hafa risið í landinu byggingarfélög og sjálfstæðir verktakar, sem hafa reynzt þess umkomnir að leysa af höndum mjög erfið viðfangsefni. Það er því engum efa bundið, að varðandi flesta eða alla þá mannvirkjagerð, sem ríkið þarf að láta vinna hverju sinni, þá eru til verktakar, sem hafa bæði tæknilega þekkingu og einnig aðra aðstöðu til þess að vinna slík verk.

Í mörgum greinum eru boðin út opinber verk og fylgt um það nokkurn veginn fastri venju. Hins vegar er það engum efa bundið, að það mætti gera í stærri stíl en gert hefur verið, og er því fullkomin ástæða til þess að marka meginstefnu í því efni. Ég skal taka það skýrt fram, að með þessu er það ekki skoðun okkar flm., að eigi að færa þetta út í neinar öfgar. Það verður að metast hverju sinni, hvað heppilegt er í þessu efni, og það getur vitanlega þannig staðið á um einstök verk, að ekki sé heppilegt, að þau séu boðin út. M. a., eins og vikið er að í grg. till., getur það verið nauðsynlegt til þess að veita verkefni því starfsliði, sem nauðsynlegt er að hafa við tilteknar stofnanir fast, að þetta starfslið vinni að vissum nýbyggingarframkvæmdum, svo sem t. d. á sér stað hjá vegagerðinni, og það er einnig að sjálfsögðu eðli málsins samkv., að viðhaldsframkvæmdir

séu í höndum hinna sérstöku ríkisstofnana, sem um það mál eiga að fjalla. En varðandi verk, sem hægt er að vinna að í stórum áföngum eða jafnvel einum áfanga, þá er það skoðun okkar, að það sé sjálfsagt að leita á þennan hátt eftir því að fá þau framkvæmd sem ódýrast. Það eru stórar fjárhæðir á hverju ári, skiptir jafnvel hundruðum milljóna, sem ríki og ríkisstofnanir þurfa að láta framkvæma í ýmiss konar byggingum og mannvirkjagerð, og það getur að sjálfsögðu skipt miklu máli og verulegum fjárupphæðum, hvernig að þeim málum er staðið.

Með þessari till. er lögð áherzla á það sjónarmið, að eðlilegt sé, að þessari stefnu verði fylgt, og má því segja nánast, að tillagan sé nokkurs konar stefnuyfirlýsing í því efni.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um till., nema sérstakt tilefni gefist til, og vil leggja til, herra forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til fjvn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil lýsa eindregnu fylgi við þá hugmynd, sem kemur fram í þessari þáltill. Ég held, að það sé æskilegt, að tekin sé upp í stærri stíl en tíðkazt hefur ákvæðisvinna og útboð verka. Ég held, að það muni stuðla að því, að þau fáist gerð á kostnaðarminni hátt. Ég held líka, að það sé æskilegt, að hið opinbera gangi hér á undan, eins og gert er ráð fyrir í þessari þáltill. Ég býst við, að einkaaðilarnir komi þá frekar á eftir og þetta skipulag geti þannig komizt í framkvæmd í æ ríkara mæli.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hér hljóðs, var sú, að um leið og ég vil undirstrika þetta, að þarna er um gott mál að ræða og eðlilega till. og það er æskilegt, eins og hér segir, að ríkisstj. láti setja um það fastar reglur, hverjar opinberar framkvæmdir skuli boðnar út, þá tel ég það mjög nauðsynlegt, að settar séu fastar reglur um útboð framkvæmda, — að jafnframt því sem stefnt er að því að taka upp þetta fyrirkomulag, þá séu settar um það fastar reglur, í löggjöf eða með öðrum hætti nægilega tryggilegum, því að þarna er oft um ákaflega mikil verðmæti að ræða og mikið í húfi í raun og veru fyrir þá, sem tilboðin gera. Þeir leggja mikla vinnu í það að gera tilboðin, það skiptir þá ákaflega miklu máli, að það sé búið algerlega tryggilega um þetta og að það komist engin tortryggni að í sambandi við slík útboð.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi undirstrika í sambandi við þetta mál, — sem ég annars mun fylgja og álít að sé gott og þarft mál, — að það þarf að setja þessar reglur.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að andmæla þessari till. og tel rétt, að það mál, sem hún fjallar um, verði gaumgæfilega athugað. Ég vil aðeins benda á, að sú hugmynd, sem felst í till., er ekki nema að mjög litlu leyti framkvæmanleg. Það er bent á það í grg., að ýmsir opinberir aðilar, svo sem vegamálaskrifstofan og vita- og hafnarmálaskrifstofurnar, hafa í umsögnum sínum ráðið frá því, sem er aðalatriðið í þessari till., útboðum á verkum hins opinbera. Það eru líka ýmis önnur atriði, sem koma til mála og ég fer ekki út í nú. En ég skal benda á, að í lok till. segir: „Og verði þeim aðilum, sem hagstæðust tilboð gera, falið að annast framkvæmdirnar.“ Nú er það alls ekki víst, að það reynist ríkinu hagkvæmt á hverjum tíma að taka lægstu tilboðum. Þetta hefur m. a. Reykjavíkurbær mátt reyna, að það er ekki alltaf hagkvæmt. Lægstu tilboð eru oft gefin af mönnum eða aðilum, sem kannske eru sízt færir um að fullgera verkið, og hefur það iðulega komið fyrir, að slíkir menn, sem boðið hafa lágt í opinber verk, hafi ekki getað staðið við gerða samninga eða farið á höfuðið og hinn aðilinn farið illa út úr því fjárhagslega. Það er í sjálfu sér mjög mikils virði, eins og segir í grg., að ríkið geti fengið verkin unnin á sem ódýrastan hátt. En þó skiptir það ekki öllu máli. Það, sem skiptir mestu máli, er, að verkin séu vel unnin. Reykjavíkurbær hefur líka mátt reyna það við útboð á vinnu, að þannig hefur verið gengið frá verki af verktaka hálfu, að algerlega óviðunandi hefur verið, og síðan hefur það lagzt á bæjarfélagið að standa undir þeim kostnaði, sem af þessu hefur leitt, greiða skaðabætur og annað þess háttar, t. d. í sambandi við húsbyggingar á vegum bæjarfélagsins.

En sem sagt, ég vildi aðeins benda á þetta, að það eru sjálfsagt einhverjir kostir í þessu og þess vegna rétt, að málið sé athugað ofan í kjölinn, en það eru áreiðanlega margir ókostir, ef á að gera útboð að almennri reglu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af þeim ummælum hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ), að nauðsyn bæri til þess eða æskilegt væri að setja sem fastastar reglur um útboð verka, vildi ég aðeins láta þess getið, að iðnmrn. skipaði fyrir nokkru nefnd einmitt til þess að athuga möguleika á því, að opinber verk yrðu boðin út og þá eftir hvaða föstum reglum slík útboð ættu að fara fram. Ég skipaði þessa nefnd nokkru áður en ég lét af yfirstjórn iðnmrn. Mér var það ljóst í upphafi af viðræðum við nokkra nefndarmennina, að hér er um mjög vandasamt verk að ræða. Það er þess vegna kannske ekki við því að búast, að niðurstaða fáist mjög fljótlega. Þó hygg ég, að segja megi, að svo langur tími sé liðinn frá því, að n. var skipuð, að ástæða sé til þess að ganga eftir því, að hún hraði nokkuð störfum. En ég er hv. 3. þm. Norðurl. v. alveg sammála um það, að sé sú regla tekin upp, sem minnzt er á í þáltill., — og þar er sannarlega hreyft mjög athyglisverðu máli, — þá ber nauðsyn til þess, að um það gildi fastar reglur, því að slík mál eru mjög viðkvæm og oft um mjög mikla hagsmuni að tefla. Ég varð þess einmitt var, meðan ég hafði með iðnmrn. að gera, að samning slíkra reglna er mikið hagsmunamál og því mikill vandi að gera sér grein fyrir því, hverjar þessar reglur ættu að vera.

Ég vildi aðeins láta þessa getið í tilefni af þessum ummælum, að þetta mál hefur þegar hlotið athygli ríkisvaldsins og athugun fer fram á því. Að öðru leyti vil ég láta í ljós stuðning minn við þá hugsun, sem í till. felst, og vona, að hún fái gaumgæfilega athugun og helzt afgreiðslu á þessu þingi.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var nánast til þess að skýra nánar atriði, sem virtust valda misskilningi hjá hv. 9. þm. Reykv., sem ég stóð hér upp. Ég vil þó fyrst nota tækifærið til að þakka þær góðu undirtektir, sem till. þessi hefur fengið.

Það var mjög sjálfsögð ábending og þakkarverð, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. kom hér með og einnig hæstv. menntmrh. hefur vikið að í sinni ræðu, að það sé full þörf á því að setja lög um útboð yfirleitt. Í grg. till. okkar þremenninganna er að því vikið, að það sé sjálfsagt nauðsynlegt að setja fastar reglur um útboð opinberra verka, og er það vissulega ánægjulegt, að í iðnmrn. skuli vera hafin athugun á því atriði. Mér skildist hins vegar, ef ég hef rétt skilið það, að sú athugun miði fyrst og fremst að því, hvaða reglur skuli settar um útboð opinberra verka, en hins vegar það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. vék að, að því er mér skildist, að það yrði sett löggjöf um útboð almennt og þá vafalaust í því skyni að setja ákveðnar reglur um réttindi og skyldur þeirra aðila, sem útboðs leita og útboð gera, í hvaða formi það skuli gert og hvaða rétt menn þá hafa. Það er vissulega oft, sem menn leggja í mikinn kostnað við það að gera tilboð, og það þykir jafnvel stundum brenna við, að þeirra réttinda sé ekki gætt sem skyldi og nokkuð gáleysislega farið með slíka hluti, og það er vissulega ástæða til þess að taka það mál einnig til athugunar og þakkarvert að fá þá ábendingu.

Varðandi það, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði hér um afstöðu t. d. vegamálastjóra, sem lítillega er minnzt á í grg. till., þá skal það tekið fram, að hvorki hann né vitamálastjóri voru í meginatriðum á móti því, að það væru boðin út opinber verk. Það voru hins vegar tvö atriði, sem þeir bentu á og vikið er að í grg.: Annars vegar það, að ýmis verk á þeirra vegum væru þess eðlis, að það væri verið að smáveita fjárveitingar, þannig að það væri aldrei hægt að vinna fyrir nema lítið í einu og því erfiður grundvöllur til útboðs. Það mætti þó vel hugsa sér t. d. með brúargerðir, sem eru unnar í einum áfanga, að það sé vel auðið að bjóða þær út og jafnvel hægt að fara lengra í því efni en gert hefur verið. En þetta var önnur meginástæðan til athugasemda þessara embættismanna við þessa hugmynd um útboð. Hin aths. var varðandi söluskattinn, og einmitt sú röksemd stofnananna er niður fallin, vegna þess að hinn hái söluskattur, sem þeir urðu að greiða á þeim tíma, sem till. þessi var fyrst flutt, sem buðu í verk, er nú niður fallinn. Það er því hliðstæð aðstaða, sem þessir verktakar hafa til þess að vinna verkin og gera tilboð, eins og er fyrir ríkisstofnanirnar sjálfar, þannig að þessi ástæða, sem var mjög veigamikil í þeirra aths. við till. á sínum tíma, er brott fallin, og er það vissulega vel, því að með þeim söluskatti, eins og hann var, þá var það rétt, að það var mjög torveldað og í rauninni gert lítt mögulegt fyrir verktaka að geta boðið í verk, þannig að það gæti orðið að nokkru ráði ódýrara en ríkisstofnanirnar ynnu það sjálfar.

Þá vildi ég jafnframt skýra það, að það liggur að sjálfsögðu í hlutarins eðli, að þegar talað er um í till., að verkið verði veitt þeim aðilum, sem hagstæðust tilboð gera, þá verður í því efni ekki aðeins að meta það, hvort tilboðin eru lægst, heldur einnig, hvort það er þá hægt að treysta því, að viðkomandi aðilar geti leyst þetta verk af hendi, og það séu uppfyllt þau skilyrði, sem gera verður til gæða verksins, því að það er eins og einnig er vikið að í grg., þó að það sé að sjálfsögðu grundvallaratriði að fá verkin sem ódýrust, þá má ekki heldur ganga fram hjá því nokkru sinni, að jafnhliða verður að tryggja, að verkið sé viðunandi af hendi leyst. Frá sjónarmiði okkar flm. hefur það a. m. k. verið fullkominn skilningur á því, að þetta yrði að takmarkast jafnan við það, að aðilar væru taldir færir til að leysa þessi verk af höndum og að þau væru leyst af höndum á þann hátt, að viðhlítandi gæti talizt. Annars er ekki hægt að segja, að þar sé um hagstæðustu tilboðin að ræða, því að það auðvitað er ekki eitt hagstætt að líta á lægstu töluna, sem boðin er, ef það falla svo á ríkið kannske meiri og minni útgjöld, bæði vegna þess, að verkið sé illa unnið, og jafnvel einnig, að viðkomandi aðili geti, þegar til kemur, alls ekki leyst það af hendi. Ég held því, að okkur beri ekki á milli, flm. og hv. 9. þm. Reykv., um það, að sjálfsagt sé að hafa hliðsjón af þessum atriðum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Vegna þess að ég hef e. t. v. ekki kveðið nógu skýrt að orði áðan, vildi ég láta þess getið, að verkefni nefndar þeirrar, sem iðnmrn. skipaði á sínum tíma, var einmitt að undirbúa löggjöf um útboð almennt, þannig að ef niðurstaða fæst af starfi þeirrar nefndar, sem ég fastlega vona, þá ættu þar að liggja fyrir tillögur um slíka löggjöf.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá fjvn., á þskj. 344, var útbýtt 7. febr., en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. Hlutleysi Íslands.

Á deildafundum 24. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um hlutleysi Íslands [67. mál] (A. 74).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við þm. Alþb. flytjum á þskj. 74 till. til þál. um hlutleysi Íslands, sem ég vona að hv. þm. hafi kynnt sér.

Henni fylgir allýtarleg grg. og enn fremur nokkur fylgiskjöl um þetta mál, og ég mun nú reyna að gera nokkra grein fyrir því, sem ég álít allra nauðsynlegast að hv. þm. geri sér grein fyrir, áður en til atkv. yrði gengið um þessa þáltill. Hún er að minu áliti borin fram á tímum, sem eru það örlagarikir, að það er skylda ekki einungis hvers þjóðþings, heldur einnig hvers einasta manns, sem að einhverju leyti ber ábyrgð á högum sinnar þjóðar, að gera sér ljóst, hvar við stöndum.

Þegar við öðluðumst okkar fullveldi 1918, var það eitt af því, sem sett var í sambandi við yfirlýsinguna um fullveldið og samkomulag um á milli allra aðila hér á Alþ. þá, að Ísland skyldi lýsa yfir ævarandi hlutleysi og hefði engan gunnfána, og Danmörk var falið að tilkynna þetta öðrum þjóðum heims, um leið og hún viðurkenndi okkur sem fullvalda riki. Langalengi kom það yfirleitt ekki til mála, að nokkrum dytti í hug annað en Ísland væri hlutlaust land. Svo gersamlega óhugsandi virtist það frá sjónarmiði okkar Íslendinga, að það gæti komið til mála, að við að einhverju leyti færum að herbúast eða á annan hátt að taka þátt í hugsanlegum styrjöldum. Við vorum hlutlaust land frá því 1918 og þangað til 1949, og ég býst við, að meginþorri þjóðarinnar hugsi svo enn, að okkur beri að vera hlutlaust land. Þetta stafar að miklu leyti af þeirri aðstöðu okkar Íslendinga, að við höfum borið gæfu til þess, þó að sérstaklega undarlegar orsakir liggi þar að, að vera eina vopnlausa þjóð veraldarinnar. Og einmitt sú sérstaða okkar Íslendinga á meðal allra annarra þjóða heims, ekki sizt þegar heimurinn er eins grár fyrir járnum og nú, að vera eina vopnlausa þjóð veraldarinnar, leggur okkur nokkrar skyldur á herðar, ekki aðeins gagnvart okkar eigin þjóð, heldur líka gagnvart öðrum þjóðum.

Það er í fyrsta lagi gagnvart okkur sjálfum, eins og eðlilegt er, sem við verðum að hugsa, hvert ráð skuli taka í þeim heimi, sem við lifum í. Og ég vil hér reyna að ræða þessi mál þrátt fyrir ýmislegt, sem aðskilur okkur í stjórnmálum og þjóðmálum, áreitnislaust út frá því ástandi, sem nú ríkir í veröldinni, þannig að menn geri sér grein fyrir því, hvaða ábyrgð það er, sem hvílir á okkur sem íslenzkum stjórnmálamönnum, fyrst og fremst gagnvart okkar eigin þjóð.

Fyrir okkur Íslendinga þýðir heimsstríð útþurrkun. Jafnvel stórþjóð á okkar mælikvarða eins og Englendingar gengur út frá því, að svo framarlega sem til heimsstyrjaldar komi, þá biði þeirra ekkert annað en útþurrkun í heiminum. Eftir slíkt heimsstríð mundu Englendingar ekki vera til sem þjóð áfram. Þá getum við hugsað, hvað yrði hvað okkur snertir. Herstöðvar eins og hér á Íslandi hafa með þeirri þróun hernaðartækninnar, sem nú er orðin, fyrst og fremst það gildi, hvort sem maður vill meta það jákvætt eða neikvætt, að draga að sér eldflaugar. Þær herstöðvar, sem hér á Íslandi væru, ef til heimsstyrjaldar kæmi, hafa ekkert gildi fyrir okkur Íslendinga sem vörn. Þær hefðu e. t. v. nokkurra mínútna — nokkurra klukkutíma gildi t. d. fyrir Bandaríkin sem vörn, eins konar varnartæki fyrir þau í augnablikinu, á fyrstu mínútum, fyrstu klukkustundum heimsstríðsins, til þess að draga að þeim sem eins konar varnarskildi fyrir Bandaríkin fyrstu eldflaugarnar, sem skotið yrði. En fyrir okkur hafa þær aðeins neikvætt gildi. Þetta er ekki neitt, sem ég er að halda fram sem einstaklingur eða við þm. Alþb., þetta er staðreynd, sem hver einasti af ábyrgum forustumönnum Atlantshafsbandalagsins viðurkennir. Við vitnum hér í fylgiskjölunum með þessu í það, sem dr. Albert Schweitzer segir í sínu útvarpserindi 29. apríl 1950 um, að Eisenhower Bandaríkjaforseta hafi orðið það að orði, þegar hann fylgdist með heræfingum með kjarnorkuhernaðarsniði, að ef til slíkrar styrjaldar kæmi, væru allar varnir gagnslausar. Og við vitnum þarna jafnframt í yfirlýsingar hershöfðingja í brezka flughernum, jafnvel þeirra æðstu hershöfðingja, jafnvel þeirra landvarnarráðherra. Landvarnarráðherrann, Duncan Sandys, sagði í ræðu í ágúst 1957, með leyfi hæstv. forseta:

„Við höfum sýnt mikla dirfsku og ákveðið að reyna ekki að gera það, sem óframkvæmanlegt er. Við ákváðum að reyna ekki að verja landið, heldur einungis sprengjuflugvélastöðvarnar."

Við Íslendingar fylgjumst annars lítið með í hermálum, og það er eðlilegt. Við látum svo að segja aðra hugsa fyrir okkur í þessu. En við verðum þó a. m. k. að hlusta á þá, sem hafa æðstu ábyrgðina og mestu þekkinguna í þessum málum, og við höfum hér sérstaklega valið úr ummæli þeirra manna, sem sjálfir standa fremstir í bandalagi Atlantshafsríkjanna. M. ö. o.: það er staðreynd, sem enginn maður mælir á móti, að þær herstöðvar, sem væru hér á Íslandi, væru engin vörn Íslendingum, aðeins skotmark, sem drægi að sér eins og segull þær eldflaugar, sem fyrst yrði skotið í kjarnorkustyrjöld. Heimsstríð, þar sem herstöðvar hefðu verið á Íslandi og dregið að sér sem skotmark slík nútímaeyðingartæki eins og þessar eldflaugar eru, þýddi fyrir Ísland og Íslendinga, að við værum ekki lengur til, þegar slíku stríði lyki. Og þetta er fyrsta og höfuðstaðreyndin, sem hver einasti íslenzkur stjórnmálamaður, sem einhverja ábyrgðartilfinningu hefur gagnvart sinni þjóð, verður að horfast í augu við.

Skylda okkar gagnvart okkar þjóð er í fyrsta lagi að sjá um, að það séu sem minnstar líkur á því, að Ísland verði skotmark í stríði, ef til styrjaldar kemur. Það þýðir fyrir okkur, að höfuðatriði fyrir okkur væri að reyna að sjá um, að hér væru engar herstöðvar, ekkert það, sem gæti dregið að sér frá einhverjum hugsanlegum ófriðaraðila þau ógnarvopn, sem þeir nú búa yfir. Við höfðum kannske sagt fyrir 10 árum í umræðum um þetta: Við verðum hvort sem er teknir, ef til styrjaldar kemur. — Sú hugmynd hefði vafalaust verið rétt fyrir 1—2 áratugum. Meðan flotar hefðu siglt hér um Atlantshafið og menn vildu ná sér hér í aðstöðu til þess að tryggja leiðir fyrir flutningaflota og annað slíkt, hefði Ísland náttúrlega haft allmikið gildi fyrir hvaða hernaðaraðila sem væri. En þegar nýtízku hernaðarsérfræðingar hugsa um það heimsstríð, sem verða mundi, ef það nú skylli á, eins og tækni veraldarinnar er orðin í þessum efnum, þá hugsa þeir ekki um, hvað muni verða, þegar stríðið hafi staðið allangan tíma, heldur hvað gerist á fyrstu klukkustundum þess, vegna þess að það er ekki fyrst og fremst hugsað í þeim

skipaflotum eða jafnvel flugvélum, sem færu hér um Atlantshafið eða yfir það, heldur hugsa þeir í þeim eldflaugum, sem skotið yrði fyrstu mínútunar og fyrstu klukkutímana, eftir að slík styrjöld byrjaði, þannig að það er á þeim fyrstu klukkustundum og fyrstu dögum, sem eyðingin vofir yfir okkur. Allir tala um, að slík styrjöld yrði stutt. En jafnvel þó að hún yrði löng og við yrðum teknir seinna meir í styrjöld, það mundi kannske ekki verða eins ógnarlegt fyrir okkur og hitt: að vera herstöð í upphafi stríðs, sem dregur að sér eyðileggingarvopnin, sem þá yrði skotið.

Þess vegna er það fyrsta skylda íslenzkra stjórnmálamanna gagnvart þeirra eigin þjóð að reyna að afstýra því, að okkar land verði skotmark í þeirri kjarnorkustyrjöld, sem yrði, ef heimsstyrjöld skyldi brjótast út. Í öðru lagi er það okkar skylda sem Íslendinga og sem manna að gera það, sem við getum, til þess að afstýra því, að styrjöld verði. Það er skylda okkar gagnvart ekki aðeins okkar eigin þjóð, heldur gagnvart öðrum þjóðum. Það er skylda okkar sem manna, og til þeirrar ábyrgðartilfinningar verðum við að finna. Þó að við tölum almennt um, hve litlir og hve smáir við séum, þá megum við ekki liggja á liði okkar, ef við getum gert eitthvað í þeim efnum. Alþingi hefur fyrir 6 árum tekið ákvörðun í þessum efnum, sem ég held að sé mikil ástæða til fyrir okkur að rifja upp og framfylgja betur. Það er sú ákvörðun, sem tekin var hér 1954 einróma af Alþingi, að skora á Sameinuðu þjóðirnar að vinna að því að koma á allsherjarafvopnun í veröldinni. Og það er engum efa bundið, að svo erfitt sem okkur kann að hafa virzt það vera að berjast fyrir slíku þá, 1954, svo miklu meiri hljómgrunn mundi slík barátta frá okkar hálfu, ef við fylgdum henni ekki hvað sízt eftir með þeim skrefum, sem hér er lagt til í þessari þáltill., — svo miklu meiri áhrif gæti hún nú haft. Ég held þess vegna, að okkur beri sem íslenzkum stjórnmálamönnum að athuga í fyllstu alvöru, hvað það er, sem við liggur, ef ekki við, — eins og öllum öðrum þjóðþingum veraldarinnar líka ber að gera, — reynum að rækja okkar skyldur sem menn og sem Íslendingar í þessum efnum.

Það er samkomulag um það hjá öllum, að verði styrjöld, eins og nú standa sakir, og engar ráðstafanir aðrar hafi verið gerðar, þá verði það styrjöld með kjarnorkuvopnum. Það liggur fyrir í þeim bókum, sem skrifaðar hafa verið um þessi efni og það af færustu sérfræðingum veraldarinnar, eins og t. d. nóbelsverðlaunahöfundinum Linus Pauling, einum frægasta sérfræðingi Bandaríkjanna í þessum efnum, að t. d. árás á Bandaríkin eða skothríð á Bandaríkin með slíkum vopnum mundi á fyrsta degi þýða það, að um 36 millj. manna yrðu drepnir, og á 60. degi hennar hefði hlotizt af því, að 72 millj. manna hefðu dáið, ýmist upphaflega eða af afleiðingum þeirra sára, sem þeir hefðu fengið. Linus Pauling hefur í bók, sem heitir „No more war" — Aldrei framar stríð, — sem gefin var út 1958, reynt sem einn sá maður, sem bezt þekkir kjarnorkuvopn í veröldinni, að gera grein fyrir, hve hryllilegar slíkar nútímastyrjaldir eru, og það er vitanlegt, að Sovétríkin og Bandaríkin hafa hvor um sig kjarnorkuvopn, sem nægja til þess margsinnis að útrýma hvorri þjóðinni um sig, ef þær tvær þjóðasamsteypur ættu eftir að lenda í styrjöld. Og staðhæft er af þeim, sem bezt þekkja til, að sá forði kjarnorkuvopna, sem nú er til í veröldinni, nægi til þess margsinnis að útrýma öllum íbúum jarðarinnar.

Yfirmaður frönsku kjarnorkurannsóknanna sagði í apríl 1957, á fundi, sem haldinn var í Efnahagssamvinnustofnun Vestur-Evrópuríkjanna, með leyfi hæstv. forseta: „Jafnvel hin stærstu lönd munu, ef þau lenda í slíkri kjarnorkustyrjöld, hrapa niður á stig hinna frumstæðustu landa, máske á fáeinum dögum, vegna óstjórnlegs manntjóns og eyðileggingar framleiðslutækja."

Ég býst við, til þess að gera þessa mynd nægilega fullkomna eða nægilega hryllilega, að það sé óhætt að fullyrða, að það muni nú þegar vera til sjálfvirkar kjarnorkufallbyssur, sem geti haldið áfram að skjóta kjarnorkuskeytum heimsálfanna á milli löngu eftir að hver einasti maður væri dauður, sem með þessar byssur hefði haft að gera eða í námunda við þær. M. ö. o.: mannkynið er komið svo langt, ef langt skyldi kalla, í möguleikunum til þess að framleiða þessi drápstæki, að frá sjónarmiði mannkynsins sjálfs er ekki nokkurt vit í því að stofna til þess eða hugsa til þess, hvað þá framkvæma það, að slíkur kjarnorkuhernaður yrði hafinn. Og þó að svo færi, að allmargt fólk lifði af slíkar styrjaldir, sem náttúrlega er mjög vel hugsanlegt í ýmsum hlutum heims, sem drægjust ekki beinlínis inn í styrjöld, þá vofir sú hætta yfir öllum þeim, sem af lifðu, en þó sérstaklega þeirra afkomendum, að sakir geislavirkninnar muni færast í vöxt vanskapningar meðal mannkynsins, þannig að ef mannkynið á annað borð lifði eða stór hluti af því, þá yrði það í vaxandi mæli vanskapað á allan mögulegan, ægilegan máta.

Við skulum gera okkur ljóst, að þetta eru engar myndir til þess að skapa ótta hjá mönnum einvörðungu, sem dregnar eru upp af þeim mönnum, sem bezt þekkja þarna til. Við stöndum á barmi slíkrar styrjaldar. Herstjórn Bandaríkjanna hefur lýst því yfir, að það séu sífellt á flugi af hálfu hennar hers flugvélar með kjarnorkuvopn, vetnissprengjur og aðrar með gamaldags atómsprengjur, til þess að svo framarlega sem ráðizt yrði á Bandaríkin og allar þeirra herstöðvar í einu vetfangi eyðilagðar, þá væri þó hægt að eyðileggja fyrir óvininum mikið af hans herstöðvum líka. Það þarf ekki nema taugaveiklun hjá nokkrum stjórnendum slíkra flugvéla, sem sífellt eru á sveimi, — svo að ég tali ekki um ögranir, — til þess að þeir taki upp á því að varpa slíkum sprengjum niður — eða af misskilningi. Það hefur jafnvel komið fyrir, að floti Bandaríkjanna hefur verið settur í það ástand að vera viðbúinn stríði, bara vegna þess, að grágæsir sáust á þeim speglum, sem radararnir hafa, og menn héldu, að það væru flugvélar, þannig að það er hugsanlegt, að af misgáningi yrði slíkri styrjöld hleypt af stað.

Það er þess vegna alveg óhjákvæmilegt, að menn geri sér það ljóst, hvílík ábyrgð hvílir á öllum þeim aðilum, sem einhverju geta ráðið um, hvað nú gerist. Jafnhliða því sem þessi hætta þarf að standa fyrir hugskotssjónum hvers einasta manns, sem eitthvað vill hugsa um örlög sjálfs sín, barna

sinna, þjóðar sinnar eða mannkynsins alls, þá verðum við að gera okkur ljóst hins vegar, hvílíkir gífurlegir möguleikar það eru, sem mannkynið hefur, ef það ber gæfu til að hagnýta öðruvísi þetta ægivald, sem það er búið að fá, þetta vald yfir tækninni, efnunum og auðæfunum.

Það, sem hefur gefið okkur þetta vald til þess að geta framleitt þessi ægilegu drápstæki, er þekking á innsta eðli hlutanna, sem gerir okkur mögulegt að breyta svo að segja einu frumefni í annað. Það, sem mennina dreymdi um öldum saman, gerir okkur mögulegt að ná slíku valdi yfir orku, að það er auðvelt fyrir okkur mennina að útrýma með því valdi, sem við höfum nú, úr heiminum öllu, sem heitir fátækt, sjúkdómar, vanþekking, öllu því, sem við höfum glímt við um aldaraðir og hefur verið okkar viðfangsefni og okkar meinsemd. Það er líka hægt fyrir okkur í krafti þessarar tækni að nema alheiminn í kringum okkur. Við stöndum eins og — við skulum segja þegar okkar forfeður forðum voru að finna nýjar heimsálfur og þótti opnast fyrir sér nýr heimur, eins og er að opnast fyrir okkur nú alheimurinn, plánetunar, stjörnurnar í kringum okkur, þannig að við vitum, að jafnvel á næstu öld verði ferðir til hnattanna í okkar sólkerfi og jafnvel víðar ekki öllu meira afrek en ferðir Leifs heppna eða Kólumbusar fyrir 500—1000 árum. Við höfum sem sé alla möguleika til þess að leiða yfir mannkynið slíka öld allsnægta og framfara, sem okkar forfeður vart hefði dreymt um, ef við aðeins kunnum að hagnýta þá tækni, sem við erum búnir að fá vald yfir, til þess að nota þetta í þágu mannkynsins, í staðinn fyrir að nota það til þess að fremja sjálfsmorð.

Fyrir okkur Íslendinga hlýtur það að vera ekki aðeins sérstakt metnaðarmál og sérstakt virðingarefni, heldur líka sérstök skylda að bera klæði á vopnin, að bera sáttarorð á milli. Okkar aðstaða í veröldinni er slík, eins og ég mun koma inn á síðar, og við stöndum líka þannig að vígi í heiminum, að við eigum að geta það. Ég skal í því efni nú ræða nokkuð þau tvö hernaðarbandalög, sem til eru í heiminum og menn almennt ræða um að mundi lenda saman í heimsstyrjöld, ef hún yrði, og hvernig við hljótum að líta á möguleikana til þess að hafa þar áhrif og gera upp, þegar við ræðum um það hér innanlands, hvaða hættur stafi þarna af og hver viðbrögð okkar eigi að vera.

Það er vitanlegt, að þau tvö stóru hernaðarbandalög í veröldinni, sem standa nú grá fyrir járnum hvort gagnvart hinu, eru annars vegar hin sósíalistísku alþýðuríki austur frá og hins vegar hin gömlu auðvaldsríki í Atlantshafsbandalaginu. Og við skulum nú aðeins reyna að athuga og reyna að gera okkur sem raunsæjasta grein fyrir hættum á styrjöld út frá eðli þessara tveggja miklu hernaðarsamsteypa, sem þarna eiga hlut að máli.

Það er oft rætt um, hvort þeir menn, sem þessum ríkjum stjórna, hafa þar forustu í ríkisstjórnum og þjóðmálum, séu herskáir eða langi til þess að lenda í styrjöld eða heyja styrjöld. Ég held, að það sé ekki fyrst og fremst slíkt, sem við eigum að ræða um í slíkum efnum og þá nýrnanna rannsókn hvað mennina snertir. En það, sem við fyrst og fremst getum reynt að dæma eftir, ef við viljum reyna að gera okkur raunsæja grein fyrir þessu, það er um eðli þessara samsteypa, sem þarna eiga í hlut.

Annars vegar eru sósíalistísku alþýðuríkin, sem mestmegnis eru sameinuð í Varsjárbandalaginu. Í þessum ríkjum er öll hergagnaframleiðsla ríkisins, þ. e. öll þau hergögn, sem framleidd eru í þessum ríkjum, eru framleidd af ríkinu sjálfu. Það þýðir m. ö. o.: þjóðirnar sjálfar, sem þarna eiga hlut að máli, leggja svo og svo mikið af allri þeirri framleiðslu, sem þær vildu að vinna, fram til sinna hernaðarþarfa og lýsa því yfir, að þær geri þetta einvörðungu til þess að verjast árás. Þetta þýðir, að frá sjónarmiði þessara þjóða, sem þarna eiga hlut að máli, og þessara ríkja er öll hergagnaframleiðsla beint tap, beint tekið af lífsafkomu þessara þjóða sjálfra, — og svo framarlega sem þessi hergagnaframleiðsla væri minnkuð eða hún hyrfi alveg, þá batnaði að sama skapi afkoma þessara þjóða. M. ö. o.: þessar þjóðir segja það og sanna það með tilvitnun í sitt þjóðskipulag, að þar hafi enginn maður hag af því að framleiða þessi hergögn, heldur geri þessar þjóðir þetta einvörðungu vegna þess, að þær óttist árásarstríð. Ef við setjum okkur ofur lítið í fótspor stærstu þjóðarinnar eða stærstu þjóðasamsteypunnar þarna, Sovétríkjanna, þá hafa Sovétríkin, sem almennt eru talin af þeirra andstæðingum þau, sem mundu vera herskáust í þessum efnum, á þeim 43 árum, sem þau hafa verið til, tvisvar sinnum átt í styrjöld, sem hefur eytt stóran hluta lands þeirra, og 20 árum af ævi sinni hafa þau orðið að verja til þess ýmist að standa í stríði eða að endurreisa það, sem eyðilagt var í stríði. Og fyrir alla þá, — og það veit ég, að hv. íslenzkir alþm. sumir hverjir þekkja vel líka, — fyrir alla þá, sem hafa séð, hvernig þessum þjóðum hefur blætt í styrjöld, hvílíkar rústir þessar þjóðir hafa orðið að erfa eftir styrjöld, fyrir alla þá, sem t. d. hafa komið til Leningrad, hafa haft hugmynd um, hvernig 1½ millj. manna dó undir umsátrinu í þeirri borg, sumpart undir einhverjum hræðilegustu kringumstæðum, sem hægt er að hugsa sér, máske að Varsjá einni undantekinni, fyrir alla, sem hafa kynnt sér þetta, efast ég ekki um, að þeir muni hugsa sem svo: Varla mun þessa þjóð langa í styrjöld á ný. — Min trú er sú, að þessi mikla og volduga hernaðarsamsteypa, sem sjálf heldur því fram, að hún mundi hernaðarlega séð standa hverjum öðrum á sporði, ef til styrjaldar kæmi, hún vilji frið og við hana væri hægt að semja um slíkt, ef vel og viturlega væri að farið.

Við skulum hins vegar athuga Atlantshafsbandalagið. Hver er kjarni þeirra ríkja, þeirra stórvelda, sem í Atlantshafsbandalaginu ráða? Kjarni þeirra eru hin gömlu, voldugu auðvaldsríki Vestur-Evrópu og Bandaríkin, m. ö. o. ríki, eins og sérstaklega gildir um auðvaldsríkin í Vestur-Evrópu, sem hafa fram á síðustu ár haldið miklum hluta heimsins undir sínu valdi með herstyrk, ríki, sem tvisvar á þessari öld hafa staðið í heimsstyrjöld til þess að skipta heiminum upp á milli sín, til þess að geta arðrænt þjóðirnar, ríki, sem jafnvel Sameinuðu þjóðirnar og það jafnvel ýmis hin smærri þeirra, eins og jafnvel Holland og Belgía, hafa orðið að dæma fyrir árásir á fornar nýlendur þeirra,

riki eins og Frakkland, sem stendur nú í 6 ára styrjöld við Alsír, þar sem við Íslendingar alltaf höfum tekið afstöðu, alveg án tillits til þess, hvers konar stjórn hefur setið hér að völdum, með Alsír á móti Frakklandi, á móti franska auðvaldinu. En það er ekki aðeins, að þarna sé um að ræða riki, sem eru auðvaldsriki og hafa haft í krafti sinnar arðránsaðstöðu gagnvart öðrum þjóðum og sérstaklega nýlendum heims hagsmuni af að halda stórum hluta veraldarinnar undir okinu, — ég vil minna menn á, að við upphaf þessarar aldar réð England ¼ hluta heimsins raunverulega, — það, sem ægilegra er, og það, sem ég er stundum hræddur um að menn geri sér ekki nægilega ljóst, það er, að hergagnaframleiðslan í þessum löndum er í höndum einstaklinga, nokkurra örfárra auðhringa, og að þessi hergagnaframleiðsla er ægilegasta gróðafyrirtæki, sem til er í veröldinni. Hergagnaframleiðslan í löndum Atlantshafsbandalagsins er þétt samriðin við voldugustu auðhringana í heiminum. Ég veit, að það er máske erfitt að koma hv. alþm. á Íslandi í skilning um það, vegna þess að við erum að það miklu leyti aldir upp allir í anda Íslendingasagnanna, — þegar við hugsum um bardaga, þá hættir okkur við að hugsa um það sem skylmingar með sverði og skildi og að annar hvor aðili vilji þar gjarnan vinna og að til þess sé barizt, — en ef menn kynna sér sögu tveggja síðustu styrjalda og þó ekki hvað sízt hinnar fyrri, 1914—18, þá munu menn komast að raun um, að einn þátturinn, sem stendur á bak við þessar styrjaldir, eru beinlínis auðhringar báðum megin í þeim bardögum, sem þar berjast, sem vinna að því leynt og ljóst að undirbúa þessar styrjaldir og halda þeim áfram, eftir að þær eru byrjaðar. Krupp sá um, jafnóðum og hann hafði selt Frökkum nýjustu tegundir af sínum fallbyssum, að Þýzkaland skyldi fá aðrar nýrri tegundir og Frakkland síðan þaðan af nýrri. Það var við haldið samkeppninni af þessum voldugu auðhringum allan tímann. Og ekki aðeins að einn aðili eins og Krupp seldi til tilvonandi andstæðinga í styrjöldinni, heldur höfðu líka auðhringarnir beggja vegna við víglínurnar í þessum styrjöldum samstarf sín á milli. Það er opinbert og staðfest í yfirheyrslum í Frakklandi eftir stríð, að það var samkomulag milli vopnahringanna í Frakklandi og Þýzkalandi um að sjá um, að ekki yrðu skotnar niður vopnaverksmiðjur hvors annars í því stríði. Það var samkomulag um það, þegar Þýzkaland 1917 vantaði ákveðin hráefni til þess að geta haldið áfram stríði, að förmum með slík hráefni væri sleppt í gegnum hafnbann Bandamanna, til þess að Þýzkaland gæti haldið áfram styrjöldinni.

Ég hef bækur og það hafa verið gefnar út margar bækur um þau efni, sem sýna, hvernig auðhringarnir á víxl hjálpa hver öðrum í styrjöld, til þess að geta haldið styrjöldunum áfram, — og af hverju? Af því að þessar styrjaldir hafa fyrir þessa auðhringa verið ægilegasta gróðafyrirtæki, sem hugsanlegt var í heiminum. Það var bezti markaðurinn, sem til var. Ríkið keypti öll hergögnin, og það var öruggasti markaðurinn, vegna þess að það varð að kaupa, það var um lífið að tefla. Það hafa þess vegna verið voldugustu aðilarnir í þessum löndum, sem hafa skarað að glæðum styrjaldanna og hafa haldið þeim við. Það er lengra mál en ég vil fara út í hérna, en vildi einhver bera brigður á það, þá er ég reiðubúinn með sannanir í þessum efnum og það ekki bara sannanir frá mönnum, sem eru sósialistar, heldur líka frá yfirheyrslum, bæði í sambandi við þing Bandaríkjanna, í sambandi við málaferlin eftir báðar styrjaldirnar, í sambandi við rannsóknir, sem fram hafa farið, í sambandi við herrétti, bæði í Frakklandi og Englandi, eftir styrjöldina 1918.

Þetta eru staðreyndir, sem þarf að taka tillit til. Hergagnaframleiðslan er stórkostlegur þáttur í allri framleiðslu t. d. Bandaríkjanna. Í Bandaríkjunum er atvinnulega ástandið þannig, að þessi riki standa uppi með stórkostlegustu framleiðslugetu, sem til er í veröldinni, við skulum segja t. d. í stáli. Afkastageta stálverksmiðja Bandaríkjanna er sú mesta, sem til er í veröldinni, en af þessari afkastagetu er ekki nema um 60% hagnýtt, og mikið af þessari 60% hagnýtingu fer til hergagnaframleiðslu. Og reyndin er sú, að í hvert skipti sem hætta hefur verið í auðvaldslöndunum á kreppu, þá hefur hergagnaframleiðslan verið sett í fullan gang. Allir muna eftir þeirri miklu kreppu, sem var í Þýzkalandi, þegar Hitler kom til valda. Hans ráð við þeirri kreppu og þar með ráð þýzka auðvaldsins var að setja hergagnaframleiðsluna í fullan kraft og síðan stríð. Þannig hefur sú auðmannastétt, sem í þessum löndum ræður, sín örugustu og voldugustu gróðafyrirtæki í hergagnaframleiðslunni, sú auðmannastétt, sem óttast kreppu meira en allt annað, af því að hún óttast þar með um sín eigin yfirráð í þjóðfélaginu. Þessi auðmannastétt hefur haft á undanförnum áratugum tilhneigingar til þess að hleypa heldur af stað styrjöld en að láta dynja yfir sig kreppu. Auðmannastétt Bandaríkjanna hefur sýnt sig ófæra til þess að hagnýta þessi gífurlegu auðsköpunartæki, sem hún hefur. Hún notar í dag ekki nema 60% af sínum stálframleiðslutækjum.

Hættan er þess vegna sú, að þessir sömu hringar, stálhringarnir, Morgan, Standard Oil, allir þessir, sem eru samtvinnaðir hergagnaframleiðslunni, kunni að grípa til þess að hleypa af stað styrjöld til þess m. a. að bæta aðstöðuna og gróðann af sinni framleiðslu. Það er engin tilviljun, að í hvert skipti sem friðsamlega hefur litið út í veröldinni, hafa hlutabréfin fallið í stálfyrirtækjunum á verðbréfamarkaðinum í New York. Það var haft eftir um einn kunnasta auðjöfur Bandaríkjanna, þegar hann sá um, að sendur væri fréttaritari til Kúbu 1898 til þess að vera viðbúinn að segja þar frá, þegar styrjöld byrjaði, og fréttaritaranum varð að orði: „En það er jú engin styrjöld þar," — og auðjöfurinn svaraði: „Sjá þú um fréttirnar, ég skal sjá um styrjöldina."

Við Íslendingar eigum dálitið erfitt með að setja okkur inn í þann kaldranalega hugsunarhátt, sem þeir menn, sem hugsa ekki um annað en auð og peninga og líta á styrjaldir sem mestu auðsuppsprettu, sem þeir hafi kynnzt, og jafnvel sem leiðir út úr kreppu, sem þeir eru hræddir við, — það er máske erfitt fyrir okkur að setja okkur inn í hugsunarhátt slíkra manna. En við skulum gá að því, að þessir menn eru til í veröldinni, þessir menn eru voldugir í veröldinni, og að mínu áliti

stafar ein höfuðhættan á því, að styrjöld brjótist út, út frá valdi og aðstöðu þessara auðmanna.

Ég vil jafnframt minna á það, að sterkasta ríki Atlantshafsbandalagsins. Bandaríkin, hefur ekki fengið að kynnast því nú í upp undir 100 ár, að styrjöld væri háð á þess eigin grund, í mótsetningu við Sovétríkin, sem hafa upplifað allar hörmungar styrjaldar tvívegis, næstum því hjá sömu kynslóðinni. Þá er Bandaríkjaþjóðin í þeirri aðstöðu, að á sömu styrjöld, sem Evrópuþjóðirnar hafa stórtapað á, komið hrjáðar og blæðandi út úr, hefur Bandaríkjaþjóð stórgrætt. Auður og auðmagn Bandaríkjanna hefur aldrei eflzt eins gífurlega og á þessum tveim styrjaldartímum, 1914—1918 og 1939—1945. M. ö. o.: Bandaríkjaþjóðin og hennar auðmannastétt hafa hverfandi litið þannig af styrjöld að segja. Það, sem féll af Bandaríkjamönnum í síðasta stríði, var hlutfallslega ekki meira en það, sem við Íslendingar misstum.

Þetta hefur gert það að verkum, að þó að Bandaríkjaþjóðin og almenningur þar, eins og allur almenningur í heiminum, vilji frið, þá hefur tekizt um tíma, þó að það fari til allrar hamingju minnkandi nú, að koma inn þar eins konar andstöðu gegn friði og baráttu fyrir friði, þannig að um tíma voru meira að segja þeir vísindamenn, skáld og rithöfundar, sem fyrir friði börðust, næstum því ofsóttir í Bandaríkjunum. Og enn er það svo, að þegar þeirra frægustu vísindamenn bera fram ályktanir og viðvaranir í þessum efnum, þá liggur við, að þeir séu tortryggðir, þeir séu kallaðir fyrir óamerísku nefndina svokölluðu og það sé reynt að leggja þá í einelti, vegna þess að þeir séu að vinna að því að hindra, að það verði stríð.

Það hlýtur að vera nokkuð ólík afstaða gagnvart styrjöld hjá þjóð, sem aðeins hefur grætt á stríði, eða hjá þjóð, sem aðeins hefur blætt í sambandi við styrjöld. Við skulum þess vegna gera okkur það alveg ljóst, hvaða samúð sem við kunnum að hafa á hvorn bóginn viðvíkjandi þeim þjóðfélögum, sem þessi tvö hernaðarbandalög hafa að geyma, þá skulum við gá að afstöðunni, sem þessi tvö hernaðarbandalög hafa gagnvart þeim þjóðum, sem í þeim eru.

Ég hef rætt nokkuð um eðli þessara tveggja hernaðarbandalaga, sem þarna eiga í hlut, vegna þess að það vill nú svo til, að meiri hluti Alþ. hefur samþ., að Ísland skuli vera í Atlantshafsbandalaginu, og ég taldi þess vegna rétt að minna á og rekja nokkuð, hver hætta sé á, að eðli þeirra voldugu auðvaldsríkja, sem þar eiga hlut að máli, geti haft þau áhrif, þó að hv. alþm. hér á Íslandi trúi því, að slíkt sé varnarbandalag, að því yrði beitt til árása eins og nú þegar raunar er gert suður í Alsír.

Okkar skoðun er sú, að við Íslendingar höfum ekkert að gera í neinu hernaðarbandalagi, hvorki í Atlantshafsbandalaginu né neinu öðru, það hefði verið ógæfa, þegar við vorum inn í það settir, en hvernig sem menn vilja líta á það nú í dag, þá sé, eins og viðhorfið er nú, engin önnur leið til fyrir okkur heldur en að taka upp okkar gamla hlutleysi á ný og losa okkur úr öllum hernaðarbandalögum.

Það hafa ein rök komið fram af hálfu þeirra, sem mæla með því, að við séum í Atlantshafsbandalaginu. Það er, að við gerum þá aðila, sem þar séu, sem eingöngu séu að hugsa um varnir, sterkari og hjálpum þannig til að halda því bandalagi, sem þeir halda að sé árásaraðilinn, því sósíalistíska bandalagi í skefjum. Þessi rök eru ekki rétt. Í fyrsta lagi: Sá aðili, sem hinum megin er, það sósíalistíska hernaðarbandalag, hefur enga hagsmuni af stríði og það er ekki hugsanlegt, að það hafi áhuga á því að koma slíku stríði á. En í öðru lagi, þó að gengið væri út frá því, að slíkt væri og Atlantshafsbandalagið hefði þess vegna hagsmuni af að vera hérna til þess að geta að sínu leyti undirbúið varnir eða árásir héðan, þá skulum við athuga það. Frá sjónarmiði Sovétríkjanna mundi herstöð hér hvorki þýða nokkuð til né frá í slíkum efnum, vegna þess að þær eldflaugar, sem nú er reiknað með að beita, ef til heimsstyrjaldar kæmi, hitta jafnt skotmörk, sem eru miklu lengra frá þeim en Keflavíkurflugvöllur er. Það er talið, að með þeirri tækni, sem nú er í veröldinni í að skjóta eldflaugum, sé enginn staður, hvar sem er á hnettinum, óhultur fyrir slíku. Og hvað snertir Atlantshafsbandalagið, ef það þyrfti á slíku að halda til varnar, þá eru herstöðvar þess miklu, miklu nær, herstöðvar, sem það hefur, miklu, miklu nær Sovétríkjunum en sú herstöð, sem hér er, þannig að það er að öllu leyti barnaskapur að halda, að herstöð hér á Íslandi hafi eitthvert gildi í þessum efnum. Hún hefur aðeins einn ókost, og hann er sá, að hún dregur að sér eldflaugarnar, hún verkar eins og skotmark. Þó að menn vildu ætla Atlantshafsbandalaginu allt gott og hugsa allt illt um hina, þá er það jafnhringavitlaust að hafa herstöðvar hér á Íslandi, líka út frá því sjónarmiði. Það getur vel verið, að menn hafi getað fundið einhver rök fyrir einhverju þess háttar, miðað við hernaðartækni liðinna ára. En eins og ástandið er í veröldinni í dag, þá er það orðið hrein vitleysa.

Ég vil alveg sérstaklega þar að auki minna á, hvernig ástandið er nú sem stendur í Vestur-Þýzkalandi. Þar er komin til valda herforingjaklíka, sem er alveg sama sinnis og hugsar eins og sú, sem stjórnaði þeirri styrjöld, sem Hitler hóf. Þessi herforingjaklíka er meira að segja alla leið inn í Kiel að undirbúa sínar árásarstöðvar. Og gagnvart þeirri herforingjaklíku, — við skulum segja, að maður vildi setja sig í spor þeirra manna, sem hafa ákaflega mikla trú á ýmsum lýðræðisflokkum í Vestur-Evrópu, — gagnvart þessari herforingjaklíku hafa lýðræðisflokkar, t. d. í Frakklandi eða Bretlandi, bókstaflega ekki nokkurn skapaðan hlut að segja. Þessir sömu flokkar hafa reynt það einu sinni áður og það fyrir rúmum 20 árum, að þeir hafa fyrst hjálpað til að birgja vesturþýzku herforingjaklíkuna að vopnum, hjálpað til að endurvopna Krupp og þá og reisa þá við og síðan staðið sjálfir frammi fyrir því, að þessi sama herforingjaklíka hefur mélað þá, — eins og Frakkland, — þannig að það er bezt fyrir þá, sem væru raunverulegir lýðræðissinnar hjá vesturveldunum, að gæta sín, hvað þeir eru að gera með því að vopna Vestur-Þýzkaland með atómvopnum. Þeir hafa enga afsökun á eftir, þegar þessir herforingjar nota vopnin eins og þeim þóknast. Og ég vil minna þá menn á það, sem hér í þinginu greiddu

atkv. með því að taka Vestur-Þýzkaland inn í Atlantshafsbandalagið, að þeir bera sinn hluta af þeirri sök líka. Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að þessir hálfvitskertu hershöfðingjar í Vestur-Þýzkalandi, sem nú eru að nálgast það að fá atómvopn í hendurnar, þeir eru menn, sem tvisvar á þessari öld eru búnir að steypa heiminum út í heimsstríð, og það er bezt að hafa fulla gát á þessum mönnum.

Þess vegna, hvernig sem við annars lítum á þau tvö hernaðarbandalög, sem til eru í heiminum, þá held ég, að ef við kryfjum þetta til mergjar, íslenzkir þingmenn, þá hljótum við að verða sammála um, að það sé aðalatriðið fyrir okkar þjóð og fyrir mannkynið allt að afstýra þeirri hættu, að þessi tvö stóru bandalög fari í styrjöld sín á milli, að útrýma með öðrum orðum styrjaldarhættunni úr heiminum. Ég vil minna á, að við Íslendingar bönnuðum einvígi, Alþingi okkar bannaði einvígi fyrir allmörgum öldum, næstum 10 öldum. Þeim var haldið við lengi vel í heiminum á eftir og eru jafnvel til enn þá, en víða eru þau bönnuð. Mönnum þótti þá eðlilegt að útkljá sín deilumál á slíkan hátt. Við stöndum raunverulega frammi fyrir því nú í heiminum, eins og við gerðum, þegar við á Alþingi við Öxará bönnuðum hólmgöngur, að banna slíka hólmgöngu á milli þeirra hernaðarbandalaga, sem nú eru uppi í veröldinni.

Þá vilja menn kannske segja, af því að almennt er svo talað: Annars vegar stendur í heiminum sósialismínn og hins vegar stendur kapitalismínn, og þessar tvær miklu stefnur og þessi tvö þjóðfélög verða að útkljá sín mál með vopnum. Það, sem liggur fyrir, og það, sem við leggjum til, er, að Ísland geri sínar ráðstafanir að sínu leyti til þess að hafa áhrif í þá átt, að þau geri það ekki, að það verði komið á algerri afvopnun í heiminum og upplausn allra hernaðarbandalaga. Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta það, að annaðhvort sósialismínn eigi að beygja sig fyrir kapitalismanum eða kapitalismínn fyrir sósíalismanum? Nei, það er ekki það, sem við erum að hugsa um. Við viljum halda því fram, að sósialismínn og kapitalismínn í veröldinni og hverjar aðrar þær stefnur, sem upp koma til þess að leysa vandamál mannkynsins, þær skuli keppa í friði í heiminum um það, hver þeirra verði ofan á.

1913 lét Guðmundur Guðmundsson, ljóðskáldið góða, þá von í ljós í kvæði sínu „Friður á jörðu" með vísuorðunum: „Samkeppni í friði, þú kemur, þú kemur", og jafnvel stórveldi heimsins mundu hætta að búa sig undir styrjaldir og mundu fara að keppa í friði, og ég held, að sú fagra hugsjón, sem þetta skáld út frá hjörtum íslenzku þjóðarinnar þá lét í ljós, sé hugsjón, sem Alþingi Íslendinga ætti að geta borið út í heiminn í dag, eins og það samþykkti að gera líka 1954. Það er rétt, að þjóðirnar ákveði það sjálfar, hvort þær vilji, að gróðalögmál auðsins eða samstjórn mannanna á atvinnulífinu ráði þeirra efnahagslífi. Það er rétt, að þjóðirnar ákveði það sjálfar, hvort þær vilja einræði peninganna eða lýðræði í sínu atvinnulífi. Það er mál, sem við ekki erum komnir til þess að útkljá um.

Ég hef orðið var við það stundum, þegar menn tala um, að við leggjum til, að Ísland verði hlutlaust og Ísland taki upp hlutleysi, að þar með sé verið að meina eitthvert hlutleysi í baráttu á milli hinna ýmsu stefna í veröldinni, og jafnvel stundum minnzt á þetta í blöðunum, og jafnvel rakst ég á það í dag í einu blaði ríkisstj. Við gerum okkur ekki neina von um það, þó að við leggjum það til, þm. Alþb., að Ísland reyni að sínu leyti og Alþingi Íslendinga að forða sínni þjóð, ef hægt væri, undan skelfingu styrjaldar með því að verða hlutlaust, taka þátt í því og reyna að beita sínum áhrifum til þess, að allar þjóðir, sem svipað hugsa, beri saman ráð sín um að reyna að vinna að því að koma á fullum friði, algerri afvopnun og upplausn allra hernaðarbandalaga, jafnvel þó að okkur tækist að áorka slíku og fylkja Alþingi Íslendinga um slíka stefnu, að við þar með ætluðum að skakka leikinn í öllum átökum á milli stefnanna og þjóðfélaganna í heiminum um, hvers konar þjóðfélagsfyrirkomulag skuli ríkja. Það, sem við erum að hugsa um, er hlutleysi í hernaði, það að tryggja, að sá ágreiningur, sem er á milli mannanna á jörðinni, verði ekki útkljáður, ef svo skyldi kalla, með styrjöld, sem um leið mundi meira eða minna eyðileggja mannkynið. Alla þá baráttu, sem menn vilja heyja um hugarfar, um stjórnmál, um skoðanir, um þjóðfélagsform, geta menn haldið áfram að heyja, en aðeins heyja hana ekki með þessum vopnum, með þessum styrjaldarvopnum, sem geta eyðilagt allt mannkynið. Og eins og Alþingi Íslendinga ályktaði á ýmsan hátt réttilega 1954, það er bezt gert með því að leggja niður öll vopn, koma á algerri afvopnun.

Við Íslendingar höfum borið gæfu til þess í þeirri stéttabaráttu, sem hér er háð, þeirri nútímastéttabaráttu, sem fram fer á Íslandi á þessari öld, að það hefur aldrei verið maður veginn í þeim stéttaátökum, sem hér hafa farið fram. Og ég býst við, að það muni vart vera annað stéttaþjóðfélag til á jarðríki, sem hefur þá sögu að segja. Það liggur engum nær þess vegna en okkur Íslendingum að bera þann boðskap út til veraldarinnar, að einnig stéttabaráttan geti farið fram, án þess að það verði styrjaldir af því, — það er að vísu djörf hugsjón, — en a. m. k. að aldrei gæti komið til þess, að styrjaldir yrðu á milli þjóða vegna slíks og sízt af öllu stórstyrjaldir. Það, sem við stefnum að með þessari till., er sem sé ekki að skakka leikinn í allri þeirri baráttu milli stefna og þjóðfélagsforma, sem á sér stað í veröldinni, heldur aðeins að hindra, að slíkt verði gert með styrjöldum. Og á þetta að vera alveg óhugsandi? Það hafa stéttir barizt um völd í heiminum, áður en auðmannastéttin og verkalýðurinn berjast um þau völd nú í veröldinni. Aðallinn og borgarastéttin börðust líka um völd í heiminum og háðu jafnvel heilar styrjaldir, — styrjaldir, sem jafnvel fyrst og fremst yrði næstum því að einkenna sem styrjaldir aðals á móti uppkomandi borgaralegu þjóðfélagi, eins og styrjöld franska lýðveldisins við þau gömlu ríki í Evrópu 1793. En seinna meir fór svo, að aðallinn og borgarastéttin í þjóðfélögunum breyttu þjóðfélagsformunum á þann hátt, að ekki urðu styrjaldir á milli þessara stétta. M. ö. o.: það er vel hugsanlegt, að þau átök, sem yrðu í heiminum, jafnvel á milli stéttanna, gætu orðið tiltölu-

lega friðsamleg og jafnvel alveg friðsamleg, svo framarlega, sem haldið væri áfram á þeirri braut að afvopna. Ég er þar með ekki að segja frá sjónarmiði margra, sem heyja baráttuna sem verkamenn eða undirokaðar stéttir, að baráttan væri auðveldari. Jafnvel í borgaralegum lýðræðislöndum er langt frá því, að sú barátta sé jöfn, sem verkalýðsflokkar og auðvaldsflokkar heyja þar, — auðurinn allur og völdin á aðra hliðina og fátæktin á hina. Það er ólík aðstaða til að hafa áhrif í þjóðfélaginu. En engu að síður, sízt mundi verkalýðshreyfingin skorast undan því að heyja þá baráttu og það um alla veröld á slíkan máta, slíkan friðsamlegan máta, ef þess væri kostur.

Við skulum þess vegna gera okkur það ljóst, þegar við erum að ræða um baráttu fyrir hlutleysi, að það er aðeins þar verið að ræða um það í fyrsta lagi að reyna að tryggja Ísland og þess velferð og bjarga því út úr þeim ragnarökum, sem heimsstyrjöld yrði, ef þess væri nokkur kostur, og í öðru lagi að beita sér fyrir því, að hlutlaust Ísland beitti sínum áhrifum í heiminum til þess að reyna að koma á allsherjar afvopnun og upplausn allra hernaðarbandalaga.

Ég veit, að ýmsir mundu vilja segja um leið, ef þeir tækju að ræða slíkt mál, að með því að undirbúa úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu, þá værum við að yfirgefa svokallaða vestræna samvinnu. Ég vil vekja athygli hv. þm., sem væru hrifnir af því, sem kallað hefur verið vestræn samvinna, á því, að því fer fjarri, að nokkur ákvörðun væri tekin um slíkt t. d. með úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu. Ef við skiljum undir vestrænni samvinnu t. d. samstarf við ýmis þeirra ríkja, sem nú eru í Efnahagssamvinnustofnun Vestur-Evrópuríkjanna, það samstarf, sem fer fram á ýmsum fjármálalegum, menningarlegum sviðum og öllu mögulegu slíku, þá er engin breyting á slíku gerð, þó að Ísland stefndi að því að verða hlutlaust land. Við gætum haldið uppi allri slíkri svokallaðri vestrænni samvinnu, eins og við vildum. Annars vil ég segja það, að þessi orð: „vestræn“ og „austræn“, eru náttúrlega algerlega villandi í öllum þessum efnum. Ég vil t. d., af því að sumir af þeim, sem lengst ganga nú í því að hampa Atlantshafsbandalaginu sem miklum framverði alls þess, sem gott sé, þeir tala jafnvel um Atlantshafsbandalagið sem sérstakan útvörð kristindómsins á móti þeim heiðna marxisma, og ég býst við, að ef við förum að kryfja þau mál til mergjar, þá verðum við þó allir saman sammála um, að kristindómurinn sé þó austrænn, en marxisminn vestrænn, þannig að svo lengi a. m. k. sem menn vilja kenna kristindóminn við Jesú frá Nazaret og rekja hans uppkomu til Gyðingalands, en hins vegar telja frumkvöðlar marxismans sjálfir, sem voru mjög vestrænir menn, þeir Marx og Engels, að á þrem stoðum byggði hann sitt hugmyndakerfi, það sé á frönskum sósialisma, á enskri hagfræði og þýzkri heimspeki, þannig að á styrkum stoðum þess í hugarheimi Vesturlanda, sem þar hefur verið skapað bezt, er marxisminn risinn og að mínu áliti eitt af því bezta, sem vestræn menning eða menning Vesturlanda hefur gefið heiminum.

Því fer ákaflega fjarri, að það sé meining þeirra, sem gjarnan vilja, að Ísland gangi úr bandalaginu við Tyrkland, það ágæta lýðræðisríki Tyrkland, séu þar með að skorast undan því að taka þátt í vestrænni samvinnu, þannig að við skulum ekki blanda þeim málum þarna inn í. Við vitum það ósköp vel, bara vegna okkar legu á hnettinum, við Íslendingar, að við þau lönd, sem hér eiga hlut að máli, eigum við og komum til með að eiga vonandi ætíð ákaflega mikil samskipti. Nú er það hins vegar svo með okkur Íslendinga, að við höfum verið allra þjóða fremstir í því að vera ósmeykir við að tileinka okkur góðan menningararf, hvaðan sem hann kemur. Það var svo jafnvel í sambandi við uppruna okkar þjóðar, án þess að ég skuli fara nánar út í það hér, og það hefur verið svo um viðskipti okkar þjóðar nú, að ég býst við, að engin svokölluð vestræn þjóð hafi sín viðskipti öllu meira bæði í þeim austræna og vestræna hluta heims, svo að ég noti þessi orð, í þeim kapítalistíska og sósialistíska hluta heims, heldur en við. Ég held þess vegna, að þeir menn, sem héldu, að okkur væri nauðsynlegt að vera áfram í Atlantshafsbandalaginu vegna okkar á vissan hátt menningarlegu samstöðu og sameiginlegra erfða við vesturlönd, bæði í Evrópu og Ameríku, þá held ég, að þeir þurfi ekkert að óttast í þeim efnum.

Þá er hitt spursmálið, hvort að einhverju leyti okkar virðing sem þjóðar yrði minni, ef við tækjum upp hlutleysi. Lítum til Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar hvaða þjóða eru það þar, sem fyrst og fremst skipa virðingarstöður? Svíþjóð er hlutlaust land, aðalritari Sameinuðu þjóðanna er einmitt frá því landi. Írland er annað hlutlaust land, forseti Sameinuðu þjóðanna nú er frá því landi. Ég vildi þvert á móti mega ætla, að hlutskipti okkar Íslendinga, ef við ákvæðum að taka upp hlutleysi, og okkar virðing meðal annarra þjóða mundi verða miklu meiri en þó að við værum áfram í Atlantshafsbandalaginu og reyndum að vera góðir vinir Breta og Tyrkja, svo góða reynslu sem við höfum af virðingu þeirra annars vegar fyrir okkar eigin hagsmunum og hins vegar fyrir lýðræði og sómasamlegum samskiptum manna í milli.

Það er þess vegna álit okkar, að svo framarlega sem Ísland ákvæði að hverfa aftur að þeirri stefnu, sem við höfðum fyrstu 30 árin, sem við vorum fullvalda ríki, þeirri stefnu, sem allir þeir, sem undirbjuggu baráttuna fyrir okkar fullveldi, okkar sjálfstæði, gengu út frá sem sjálfsagðri stefnu fyrir Ísland, þá höldum við, þótt oft hafi verið nauðsyn og alltaf hafi verið rétt að framkvæma þessa hlutleysisstefnu, að nú liggi bókstaflega líf okkar við, að við gerum þetta, og ekki aðeins að við gerum það, heldur líka að við vinnum að því, að á alþjóðavettvangi verði þessi stefna upp tekin, að Ísland ekki aðeins geri þetta sjálft, heldur líka beiti sér fyrir því, að aðrar þjóðir, sem e. t. v. er ekki ósvipað ástatt um og okkur, sem líka eru smáar, a. m. k. í hlutfalli við þessa miklu jötna stórveldanna, — að við beitum okkur fyrir því, að slíkar þjóðir leggi sitt lóð í vogarskálina eins og við, til þess að reyna að tryggja að koma á fullum friði, algerri afvopnun í heiminum og upplausn allra hernaðarbandalaga.

Höfum við möguleika til þess að hafa áhrif í þessum efnum? Öllum hv. þm. er kunnugt um það,

að nú á síðustu árum og sérstaklega yfirstandandi ári hefur orðið stórkostleg breyting á Sameinuðu þjóðunum, — breyting, sem á rót sína að rekja til þess, að á síðustu fimm árum hefur verið að gerast ein stórkostlegasta bylting í sögu mannkynsins, þannig að þær þjóðir Afríku, sem voru svo að segja allar saman ofurseldar nýlendudrottnun stórveldanna í Evrópu áður fyrr, hafa nú öðlazt eða eru að öðlazt frelsi. Á þeim 15 árum, sem liðin eru, síðan heimsstyrjöldinni lauk, hafa upp undir 1500 millj. manna í veröldinni hrist af sér eða verið losaðir við nýlenduokið og koma fram sem sjálfstæðar þjóðir, þannig að innan Sameinuðu þjóðanna eru nú þegar um 40 ríki, sem eru utan þessara stóru hernaðarbandalaga, og líklegt, að þeim ríkjum fari fjölgandi. Hlutföllin í veröldinni, ef við athugum það út frá þjóðfélagslegu formi þeirra þjóða, eru þau hvað íbúa snertir, að 35% af íbúum veraldarinnar búa í ríkjum, þar sem sósialisminn er kominn á, 25% af íbúum jarðarinnar eru í þeim ríkjum, þar sem imperialisminn drottnar, 40% af íbúum jarðarinnar búa í þeim ríkjum, sem hafa losað sig undan nýlendukúguninni, undan því stjórnmálaoki, sem þær áður höfðu búið við. M. ö. o.: þær þjóðir í heiminum, sem fjölmennastar eru að tiltölu á jörðinni, það eru þær þjóðir, sem áður hafa búið við nýlenduskipulag og nú eru orðnar stjórnarfarslega frjálsar. Við Íslendingar höfðum þá aðstöðu, gagnvart þessum þjóðum, að við getum betur en jafnvel nokkur Evrópuþjóð, máske að einni undantekinni, Írum, talað við þessar þjóðir, af því að við höfum verið nýlenda sjálfir og þekkjum þeirra líf og þeirra hugsunarhátt. Og við höfum hins vegar þá aðstöðu, að við höfum gott álit í heiminum sem menningarþjóð og við höfum skapað okkur tiltölulega góð lífskjör og getum sýnt þessum þjóðum fram á, hvílík lífskjör væri hægt að skapa fyrir allar þjóðir í heiminum, svo framarlega sem þær þurfi ekki að hugsa um styrjaldir, óttast þær, búa sig undir þær eða annað slíkt. M. ö. o.: við Íslendingar eigum sérstakt erindi til allra þessara þjóða. Við getum talað við þær út frá okkar reynslu. Það var engin tilviljun, að það var gerð út sendinefnd hingað til Íslands, til Alþingis Íslendinga, frá einni af nýlendunum í Afríku, frá Nýasalandi, til þess að biðja okkur Íslendinga um að taka upp sinn málstað á því þingi, sem Vestur-Evrópuþjóðirnar halda í Strassburg. Það er enginn efi á því, *að gagnvart þessum þjóðum höfum við Íslendingar* alveg sérstöku hlutverki að gegna. Við höfum aðstöðu til skilnings á þeim. Við höfum álit í þeirra augum, sem getur gert okkur mögulegt ásamt öðrum að skipa þar forustusess. Ísland hefur þess vegna, ekki aðeins sinna eigin hagsmuna vegna, heldur líka vegna þess metnaðar, sem okkur er öllum í brjóst borinn, aðstöðu til þess að koma fram gagnvart þessum nýju ríkjum sem alveg sérstakur boðberi um, hvað friður hjá einni þjóð, vopnleysi hjá einni þjóð geti þýtt og hvílík gæfa það væri þessum þjóðum að geta staðið saman og beitt sínum áhrifum sameiginlega.

Við Íslendingar erum máske svo vanir að líta á okkur sem smáa, af því að við erum fámennasta þjóðin í heiminum, að okkur fyndist það ofmetnaður að tala um okkur sem hafandi einhverju forustuhlutverki að gegna í slíkum efnum. En þessar þjóðir eru sér þess líka meðvitandi, að þær séu vanmáttugar, hver ein um sig af þessum litlu þjóðum í Afríku, sem nú eru að öðlast frelsi. En þær finna til þess og munu finna til þess, að þegar þær standa saman, allar þessar þjóðir, þá eru þær vald, þá eru þær eitt sterkasta valdið í heiminum, fyrst og fremst í krafti þess málstaðar friðar, þess málstaðar hlutleysis, sem þær gætu gert og gera tvímælalaust flestar að sínum. Þess vegna leggjum við það til, þm. Alþb., að ríkisstj. sé falið að snúa sér til ríkisstjórna allra þeirra ríkja, sem eru utan hernaðarbandalaga í heiminum, með tilmælum um, að fulltrúar þeirra komi saman á ráðstefnu til að ráðgast um, hvernig þessi ríki gætu beitt sínum áhrifum, bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar, til þess að reyna að tryggja hlutleysi og sjálfstæði sjálfra sín og til þess að koma á fullum friði og koma á algerri afvopnun og upplausn hernaðarbandalaga í heiminum. Við álítum, að það sé alveg eðlilegt, að Ísland reyni að beita sér fyrir þessu. Það séu hagsmunir Íslands, það sé skylda Íslands, skylda, sem öll okkar saga, öll okkar aðstaða í veröldinni leggi okkur á herðar. Við skulum muna það, að þessar þjóðir, hvort sem þær eru með smæstu þjóðum heims, eins og ýmsar smáþjóðirnar í Afríku, eða með stærstu þjóðum heims, eins og Indverjar, — þessar þjóðir standa eins og mitt á milli þessara tveggja stóru hernaðarbandalaga í heiminum. Bæði þessi hernaðarbandalög sækjast tvímælalaust eftir vináttu og samstarfi við allar þessar þjóðir, þessar 40, máske bráðum 50 þjóðir. Þessar þjóðir hafa alveg gífurlega aðstöðu í veröldinni til þess að láta til sín taka. Ég er ekki að segja, að þær eigi endilega að mynda einhverja þriðju blokkina í heiminum, þótt margt væri, sem með því mælti, — ég býst við, að ýmsar þeirra yrðu því mjög andvígar, — en almennt að hafa nokkurt samráð um að reyna að beita sínum áhrifum til þess að knýja fram þetta, sem ég hér hef rætt um og við leggjum til í niðurlagi okkar þáltill. Það held ég að þessar þjóðir mundu vilja, og ég trúi, að þær gætu það, svo framarlega sem þær bæru gæfu til þess að standa saman um það, og þá yrði tekið slíkt tillit til þeirra, þá væri það jafnvel eitt sterkasta valdið í veröldinni, því að bak við það stæði um leið friðarvilji allra annarra þjóða. Við Íslendingar gætum því unnið gott og mikið verk og látið rætast þær hugsjónir, sem t. d. okkar skáld höfðu hugsað okkar, — þær hugsjónir, sem við raunverulega erum eins og skapaðir til að vinna að vegna okkar smæðar, vegna okkar vopnleysis og vegna þess hlutleysis, sem lengst af hefur verið okkar stefna.

Ég ætla ekki hér að neinu leyti að rifja upp þær hörðu deilur, sem við höfum átt í hér heima um þessi mál. Við minnum í grg., þm. Alþb., á aðstæður þær, sem hér hafa verið á undanförnum áratugum, hvað gerzt hefur, afstöðu okkar gagnvart því og annað slíkt, og ég læt það nægja, það er ekki tilgangur minn með þessari framsöguræðu að rifja að neinu leyti slíkar deilur upp.

Ég vil taka það skýrt fram, hvernig svo sem ýmsir hv. þm., ekki sízt í flokkum ríkisstj., kunna

að hafa litið á þessi mál fyrir áratug, þá er slík gerbreyting orðin á allri aðstöðu í veröldinni, slík gerbreyting allrar hernaðartækni, á hættunum af styrjöld, að það þarf enginn maður að fyrirverða sig neitt fyrir það að hafa aðrar skoðanir á þeim málum í dag en hann kann að hafa haft fyrir áratug. Þess vegna skulum við fyrst og fremst, þegar við hugsum þetta mál, ræða það frá sjónarmiði dagsins í dag, frá sjónarmiði þeirrar skyldu, sem á herðum okkar hvílir, hvar sem við höfum samúð í þjóðmálum, hver sem okkar stefna er viðvíkjandi sósíalisma, kapitalisma eða hvaða öðrum stefnum sem væri, aðeins út frá þessu eina sjónarmiði, hvað við getum gert til þess að forða okkar eigin þjóð, ef til styrjaldar kæmi, og hvaða lóð við getum lagt á vogarskálina til þess að tryggja frið í heiminum og hindra, að heimsstríð brjótist út. Hver einasti okkar mundi, ef slík ógæfa henti, ásaka sig þannig fyrir að hafa ekki gert allt, sem í hans valdi stæði, hafa látið þann tíma ónotaðan, sem enn er friður til þess að gera það, sem við ef til vill gætum gert til þess að hindra slíkt. Ef til vill vilja margir okkar í slíkum efnum kasta okkar áhyggjum upp á þá, sem við viljum álíta okkur stærri eða voldugri menn, segja, að Krúsjeff eða Eisenhower geti bjargað þessum hlutum, þeir, þessir stóru þar úti í heiminum, Sovétríkin og Bandaríkin, þeir verði að sjá um að steypa ekki heiminum í glötun, hvorum þeirra sem við treystum betur til þess, en við skulum kasta okkar áhyggjum upp á þá. Ég vil taka það fram, að okkur ber ekki að gera slíkt. Ísland hefur jafnmikla aðstöðu að sínu leyti til þess að reyna að koma á friði í veröldinni eins og þessi tvö stórveldi, og að vissu leyti höfum við betri aðstöðu til þess. Við höfum jafnmörg atkvæði og þessi stórveldi á þingi Sameinuðu þjóðanna, við höfum jafnmikla skyldu til þess að koma þar og annars staðar fram með okkar hugmyndir og vinna þeim fylgi, og við stöndum að því leyti betur að vígi en þessi stórveldi, að hjá okkur kemur þarna enginn metnaður til greina. Það er oft litið svo á af hálfu stórveldanna, þegar þau tala um frið: þau eru víst að biðjast friðar, af því að þau eru eitthvað veik fyrir eða hrædd við styrjöld. Okkur Íslendingum er óhætt að tala um frið, án þess að okkur verði borinn slíkur veikleiki á brýn, að við séum hræddir við stríð. Það vita allir, að við erum hvort sem er veikir og að við erum hvort sem er hræddir. Við höfum ekkert andlit að missa í þessum efnum. Við getum eins og barnið í ævintýri Andersens sagt við þá stóru í heiminum: Þið eruð ekki í neinu. Þegar vopnunum, sem þið hafið, er eytt, þá eruð þið báðir allslausir á eftir. — Við þurfum aðeins að geta talað máli dagsins í þessum heimi, gráum fyrir vopnum, þannig að menn taki eftir því, þannig að þjóðir heimsins hlusti á og vilji leggja okkur lið í þeirri baráttu, sem við heyjum. Við höfum sömu aðstöðu til þess að láta okkar rödd hljóma eins og þeir voldugustu í heiminum. Ef það, sem við segjum í þessum efnum, er talað út úr hjarta mannkynsins, og þau úrræði, sem við leggjum til að beitt sé, gefa því rökstuddar vonir um frið, þá er okkar rödd eins sterk þar og hverra annarra. Og ef okkar rödd finnur síðan endurhljóm hjá öðrum þeim þjóðum og ríkjum, sem nú eru utan hernaðarbandalaga, eins og við leggjum hér til að reynt sé að sjá um, þá er engum efa bundið, að okkar rödd og það bergmál, sem hún þar með fær, er nægilega sterk til þess, að það er ekki aðeins á okkur hlustað og ekki aðeins af þeim stóru, heldur að við ættum að geta haft úrslitaáhrif um það að knýja fram frið í veröldinni. Við skulum ekki líta of smátt á okkar aðstöðu. Það er möguleiki líka fyrir þá smáu. Við skulum vona, að það sé einmitt þeirra tímabil, þeirra öld, sem upp er að renna, að láta til sín taka, svo framarlega sem það, sem þeir hafa fram að bera, er nægilega gott og nægilega viturlegt, til þess að þjóðir heimsins taki tillit til þess. Þess vegna vil ég biðja hv. þm. að ræða þetta mál, þessa tillögu okkar þm. Alþb., af allri þeirri ábyrgðartilfinningu og alvöru, sem þetta mál verðskuldar, og legg til, þegar rétt þykir að gera hlé á umr. um það, að því sé vísað til hv. utanrmn. til meðferðar.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Hér er um að ræða till. um hlutleysi Íslands. Hv. frsm. (EOl) hefur í ræðu gert ýtarlega grein fyrir afstöðu þeirra, sem þessa till. flytja. En nú er það vitað, að hér á hinu háa Alþingi eru deildar meiningar, skiptar skoðanir um það, hvort Ísland skuli vera hlutlaust eða í hernaðarbandalagi. Enginn hinna hernámssinnuðu, NATO-sinnuðu hv. alþm. hefur kvatt sér hljóðs. Þessari till. er bersýnilega ætlað að lenda í nefnd umræðulaust og sofna þar út af. Nú er hér um stórmál þjóðarinnar að ræða. Enginn hv. alþm. mun efast um, að það skiptir þjóðina og landið miklu máli, hvort það er hlutlaust eða í hernaðarbandalagi. Um það er ekki deilt, heldur hitt, hvort farsælla sé þjóðinni að vera í hernaðarbandalagi eða utan hernaðarbandalaga.

Við, sem höldum því fram, að Íslandi væri farsælast að standa utan hernaðarbandalaga og vera hlutlaust, höfum gert grein fyrir okkar afstöðu. Við höfum lýst okkar rökum. En hvað gera andstæðingar okkar í þessu máli hér á Alþingi, hernaðarsinnarnir? Þeir þegja sem fastast, segja ekki orð. Það er t. d. vitað, að hæstv. ríkisstj. er NATO-sinnuð, hernaðarsinnuð. Enginn hæstv. ráðherra kveður sér hljóðs að framsöguræðu lokinni. Það sést ekki einu sinni einn einasti hæstv. ráðh. hér inni í þingsalnum, á meðan þetta mál er til umr. Ókunnuga gæti furðað á þessu, þegar um annað eins stórmál er að ræða. Hvers vegna koma ekki andstæðingar þessarar till. fram í ræðustól og gera grein fyrir máli sínu og ræða sín mótrök? Ég hef heyrt mótrök þeirra að vísu, ef rök skyldi kalla, t. d. það, að hlutleysi sé orðið úrelt hugtak og óraunhæft í dag og að þeir, sem haldi hlutleysi fram, séu óraunsæir einfeldningar og annað ekki. Þetta vil ég telja heldur veik rök, því að hvað sem líður þeim íslenzku mönnum, sem krefjast hlutleysis fyrir Ísland, þá er hægt að vitna til annarra þjóða, sem hafa hlutleysi, og ómögulegt að svara öllum í þeim löndum um, að þeir séu allir saman óraunsæir einfeldningar. Það eru ekki færri en sex lönd í Evrópu, sem hafa lýst yfir hlutleysi í hernaðarátökum, og allar þessar þjóðir njóta meiri eða minni virðingar í augum

þjóða heimsins. Indland, sem er hlutlaust land, nýtur mikils álits í heiminum og hefur mikið áhrifavald í heimsstjórnmálum, ekki af því, að það er hernaðarríki, heldur þvert á móti vegna hlutleysisstefnu sinnar. Og þannig mætti lengi áfram telja, að hlutleysi er ekki úrelt og ekki óraunhæft í dag. Þetta eru gervirök hernaðarsinna hér og annað ekki.

Það getur önnur ástæða legið til þess, að hæstv. ráðh. láta ekki sjá sig hér í salnum og að hv. aðrir hernaðarsinnar taka ekki til máls. Það kann að vera, að þeir óski að þegja þetta mál í hel, vegna þess að þeir séu svo hjartanlega ánægðir með ástandið í dag, þeir séu ánægðir með aðildina að Atlantshafsbandalaginu, ánægðir með allt, sem þeirri aðild fylgir, og þess vegna óski þeir ekki að taka til máls og þess vegna óski þeir ekki að færa fram sín rök. Væru þeir óánægðir, mundu þeir taka til máls, þá mundu þeir ræða málið.

Landhelgismálið, sem er náskylt hernaðaraðildinni að NATO, hefur mikið verið rætt hér á Alþingi að undanförnu, og þar hafa menn skipzt í flokka með og móti. Um það mál vildu hernaðarsinnarnir hér á Alþingi tala. En hvers vegna? Vegna þess að í því efni voru þeir óánægðir með ástandið, eins og það er. Þess vegna töluðu þeir. Þeir voru óánægðir með 12 mílna óskerta landhelgi, enda brýtur hún að meira eða minna leyti í bág við vilja NATO, og þess vegna báru þeir fram sín rök og fengust til þess að tala. Þeir báru fram sín rök, þótt léttvæg væru í meira lagi.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en vildi mælast til þess, að forustumenn hernaðarsinnanna hér á Alþingi létu eitthvað frá sér heyra í þessu máli. Ef til vill eru þeir ekki viðlátnir nú, ef til vill eru þeir ekki undir það búnir, og þess vegna vil ég, ef enginn óskar að taka til máls í dag frekar um þetta mál, fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá og taki það upp aftur að viku liðinni til þess að gefa hv. andstæðingum þessarar tillögu tækifæri til að flytja sín rök fram.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 30. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

6. Fiskveiðar við vesturströnd Afríku.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á möguleikum til fiskveiða við vesturströnd Afríku [70. mál] (A. 77).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv. var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Tillaga sú, sem hér liggur fyrir, þarfnast í rauninni ekki langra skýringa umfram það, sem í grg. segir. En mér þykir rétt í sambandi við till. að segja hér nokkur orð almenns eðlis, þannig að menn eigi betra með að gera sér grein fyrir því, sem á bak við till. liggur.

Afkoma þeirra, sem byggja á fiskveiðum, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða heilar þjóðir, eins og á við okkur Íslendinga, er háð ýmsum atvikum, sem er þannig háttað, að þau valda mikilli óvissu í rekstri þessa atvinnuvegar. Náttúruöflin eru hér að sjálfsögðu áhrifaríkust, en jafnframt sá þátturinn, sem einna mestri óvissunni veldur. Hér kemur til greina breytilegt veðurfar, breytingar á hafstraumum og hitastigi í sjónum, breytileg viðkoma fiskstofnanna, sem aftur hefur úrslitaþýðingu um það magn af fiski, sem fiskimennirnir geta gert sér vonir um að ná í. Áður en vélvæðing fiskiskipastólsins kom til, voru fiskimennirnir yfirleitt bundnir við þau fiskimið, sem næst þeim lágu. Um okkur Íslendinga átti þetta við að mestu alveg fram á þessa öld. Annars staðar voru þó til fiskimenn, sem um aldaraðir höfðu stundað fiskveiðar á stórum skipum eftir þeirra tíma mælikvarða fjarri sínum heimastöðvum, svo sem m. a. er kunnugt af veiðum erlendra fiskimanna hér við land á fyrri öldum. Þetta var þó frekar undantekning frá reglunni.

Þessi staðbinding fiskimannanna við fiskimiðin gerði öryggisleysið enn meira, og smávægilegar breytingar á fiskigöngum á takmörkuðum svæðum gátu haft geigvænleg áhrif á afkomu manna. Mörg dæmi um þetta eru til úr sögu fyrri tíma. Með stækkun fiskiskipanna og vélvæðingu flotans varð hér mikil breyting á. Hvort tveggja þetta gerði að verkum, að sóknin eftir fiskinum gat náð til stærri svæða og fjarlægari en áður, og í stað þess að bíða eftir, að fiskurinn kæmi á ákveðna, takmarkaða bletti nærri heimaströndum, var hans nú leitað um víða vegu, eftir því sem þekking manna á göngum fiskanna sagði til um.

Að því er fiskveiðar okkar snerti, þá birtist þessi þróun þegar fyrir seinni heimsstyrjöldina í því, að togararnir leituðu þá þegar til fanga út fyrir Íslandsmið, m. a. austur á bóginn til Hvítahafs, Svalbarða og til svæðanna undan ströndum Norður-Noregs. Þá höfðu þó aðrar fiskveiðiþjóðir um alllangt skeið sent sína togara og önnur stærri fiskiskip á fjarlæg mið, en ástæðan fyrir því, að okkar skip fóru þá lítið út fyrir Íslandsmið, var að sjálfsögðu fyrst og fremst sú, að enn var aflavonin það mikil hér við land samanborið við það, sem var á öðrum slóðum, sem unnt var með sæmilegu móti að ná til, að ekki þótti freistandi að leita lengra, nema undantekning væri. Á þessu tíma-

bili fyrir heimsstyrjöldina síðari voru t. d. Japanir teknir að færa mjög út athafnasvæði sitt til fiskveiða á Kyrrahafi og sendu fiskiskip sín þúsundir sjómílna í leit að fiskislóðum og oft með ágætum árangri. Á þann hátt gátu þeir stóraukið sínar veiðar, sem hafa, eins og kunnugt er, mikla þýðingu fyrir þeirra þjóðarbúskap.

Á árunum eftir seinni heimsstyrjöldina hefur orðið merkileg þróun í þessum efnum, og nær hún raunar til flestra fiskveiðiþjóða og allra heimshafanna. Auknar rannsóknir á fiskstofnum víða um höf, aukin þekking manna á eðli fiskigangnanna og síðast, en ekki síst stórbættur skipakostur og ný tæki til fiskileitar, ásamt bættum veiðiútbúnaði, eru meginforsendurnar fyrir þessari þróun. En hér kemur að sjálfsögðu einnig til, að mjög hefur þess gætt, að stóraukin sókn á þau fiskimið, sem þekkt voru, hefur í fjölmörgum tilfellum leitt til ofveiði, sem hefur lýst sér í minnkandi afla og neytt menn til að leita nýrra slóða. Þetta fyrirbæri þekkjum við allt of vel hér við land.

Dæmi um þá miklu útþenslu, sem átt hefur sér stað bæði í fiskveiðum, sem áður voru stundaðar, og einnig að því er snertir nýjar fiskveiðar, eru til frá allra síðustu árum. Þar má t. d. nefna stórauknar túnfisksveiðar á Kyrrahafi, rækjuveiðar í Mexíkóflóa og víðar með ströndum Mið- og Suður-Ameríku, og ekki má gleyma að minnast á þá ótrúlegu þróun, sem orðið hefur í fiskveiðum undan ströndum Perú og fleiri ríkja á þeim slóðum, sem hefur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir afkomu okkar eigin sjávarútvegs og sýnir betur en nokkuð annað, hversu þýðingarmikið það er fyrir okkur að fylgjast vel með því, sem er að gerast í fiskveiðum annars staðar, jafnvel á hinum fjarlægustu slóðum.

En við Íslendingar höfum einnig átt okkar þátt í þróun þessara mála nú seinni árin. Fyrst var það með stórauknum karfaveiðum í hafinu milli Íslands og Grænlands og síðar á svæðum beggja vegna Grænlands, en sá árangur, sem náðist á þessum slóðum, vísaði leiðina til enn fjarlægari fiskislóða undan ströndum Labradors og Nýfundnalands. Reynslan, sem við höfum fengið af þeirri fiskileit, sem framkvæmd hefur verið á þessum slóðum, og enn fremur sú bitra reynsla, sem við höfum síðar fengið af hinum breytilegu aflabrögðum, hefur sannarlega kennt okkur nauðsyn þess, að hér má ekki nema staðar við að nema ný fiskveiðisvæði.

Það er álit margra vísindamanna og manna, sem fengið hafa mikla reynslu af fiskveiðum víða um höf, að við séum enn aðeins við upphaf nýs tímabils í fiskveiðum þjóðanna, en megineinkenni þess verði einmitt nýting fiskisvæða og fiskstofna, sem enn hafa lítið komið við sögu fiskveiðanna. Eitt þeirra svæða, sem athygli manna hefur mjög beinzt að nú á allra síðustu árum, er svæðið undan vesturströnd Afríku. Um nokkur undanfarin ár hefur orðið mikil aukning á sókn á þetta svæði, og eru það einkum fiskimenn frá fjarlægum löndum, sem þangað hafa sótt, þar sem þær þjóðir, sem byggja lönd, sem liggja að þessu hafsvæði, eru enn mjög skammt á veg komnar í fiskveiðum sem og annarri tækniþróun. Má þar t. d. nefna Bandaríkjamenn og Japani jafnvel, sem sækja alla leið frá Japan að vesturströnd Afríku, og einnig Grikki og raunar ýmsa fleiri. En á þessu ári hafa svo Norðmenn bætzt í þennan hóp, fyrstir Norður-Evrópuþjóða. Snemma á þessu ári sendu þeir könnunarleiðangur á þessar slóðir, og nú alveg nýlega hafa þeir hafið alvarlega tilraun í því skyni að ganga úr skugga um þá möguleika, sem þarna eru til veiða. Er sú tilraun í því fólgin, að þeir hafa sent flota veiðiskipa á þessar slóðir ásamt móðurskipi og fiskirannsóknarskipi, en þar um borð er einn kunnasti vísindamaður Norðmanna á sviði fiskifræði, Finn Devold. Er hann m. a. vel kunnur hér á landi fyrir þann mikla þátt, sem hann ásamt með Árna Friðrikssyni hefur átt í rannsóknum á síldarstofninum, sem veiðist við Norður- og Austur-Ísland á sumrin. Má af þessum viðbúnaði öllum glögglega sjá, hversu mikið Norðmenn leggja upp úr því, að tilraunin megi takast og þannig opnast nýir möguleikar fyrir norskan sjávarútveg.

En hver er þá ástæðan fyrir því, að Norðmenn leggja út í þetta? Ekki leikur vafi á því, að ástæðan mun fyrst og fremst vera hinn geigvænlegi aflabrestur, sem orðið hefur á vetrarsíldveiðum við Noreg undanfarin ár og hefur farið versnandi með ári hverju, og að áliti fiskifræðinga á hann enn eftir að versna. Þessi aflabrestur hefur meira en nokkuð annað knúið Norðmenn til athafna í því skyni að leita nýrra verkefna fyrir a. m. k. hluta af þeim flota, sem hingað til hefur að verulegu leyti byggt afkomu sína á síldveiðunum. Er hjá þeim aðallega um að ræða skip af stærðunum 200—250 rúmlestir, en það eru einmitt síldveiðiskip og skip, sem stundað hafa veiðar við Grænland og víðar um Norður-Atlantshaf á sumrin og haustin.

En nú kunna menn að spyrja, hvers vegna við þurfum að hugsa um að leggja út í slíkt, ekki þurfi að gilda hið sama um okkur og Norðmenn í þessu efni og auk þess hafi og muni aðgerðir okkar til verndar fiskstofninum við Ísland leiða til aukins afla á heimaslóðum og draga úr nauðsyn þess að leita fjarlægari miða. Víst er það rétt, að aðgerðir okkar í landhelgismálinu hafa leitt til aukins afla á bátaflotanum, og það er von okkar allra, að enn eigi það þó eftir að koma betur í ljós. Hins vegar hefur afli togaranna hér við land farið minnkandi undanfarin ár og afli þeirra á fjarlægum miðum hefur orðið vaxandi hluti af heildarafla þeirra. Á þessu ári hefur þó keyrt um þverbak, þegar aflinn á miðunum við Nýfundnaland og einnig við Grænland hefur verið með afbrigðum rýr, svo að til stórvandræða horfir fyrir þessa útgerð. En jafnvel þó að við vonumst eftir áframhaldandi og vaxandi árangri verndaraðgerðanna og jafnvel þó að afli togaranna hér við land ætti fyrir sér að aukast aftur og komast upp úr þeim öldudal, sem hann nú er í, þá getum við ekki lokað augunum fyrir þeirri staðreynd, að fiskveiðar okkar eru ekki byggðar á nægilega breiðum grundvelli.

Í höfuðatriðum getum við greint á milli fjögurra meginvertíða. Í fyrsta lagi er það vetrarvertíðin á þorskveiðunum, í öðru lagi eru það sumarsíldveiðarnar, í þriðja lagi karfaveiðarnar á sumrin og

haustin og loks í fjórða lagi haustsíldveiðarnar. Þess á milli eru svo stundaðar veiðar hingað og þangað við landið, án þess að þar sé beint um fastar vertíðir að ræða. Það eru því í meginatriðum þrjár fisktegundir, þorskur, síld og karfi, sem okkar sjávarútvegur byggist á, svo sem sjá má af því, að t. d. á s. l. ári var hluti þessara þriggja tegunda í heildaraflanum yfir 90%. Aðrar fisktegundir hafa að vísu þýðingu, en úrslitaþýðingu hefur það ekki, þó að nokkru minna veiðist af þeim eitt árið en annað.

Þrjár af þeim fjórum vertíðum, sem nefndar voru, hafa sannarlega fært okkur vandamál, þó að ekki sé litið nema fá ár aftur í tímann. Bezt og jafnast hefur vetrarvertíðin jafnan komið út. Hinar miklu sveiflur í karfaveiðunum og sumarsíldveiðunum hafa hins vegar valdið erfiðleikum og það miklum, og þarf ekki að fara lengra en til þessa árs til þess að sjá það. En einnig haustsíldveiðin veldur miklum áhyggjum nú, og breytingar, sem orðið hafa á göngum þeirrar síldar, sem veiðist á þeim tíma, kunna að verða afdrifaríkar fyrr en varir.

Annað veigamikið atriði kemur hér til, en það er nýting fiskiskipaflotans. Þetta atriði verður þeim mun þýðingarmeira sem meira fjármagn er bundið í skipunum. Um togarana er það að segja, að þeim er að jafnaði haldið til veiða allan ársins hring, með nauðsynlegum hléum vegna viðhalds skipanna. Ávallt er það þó svo einhvern tíma úr árinu, misjafnlega lengi, að aflabrögð þeirra eru svo léleg, að mikið skortir á, að sú útgerð svari kostnaði þann tíma. Á þessu ári hefur þetta tímabil, eins og áður segir, verið óvenjulangt og rýrt. Fyrir togarana væri því þýðingarmikið, að unnt reyndist að finna þeim verkefni, t. d. 2—3 mánuði síðari hluta árs, sem gæti tryggt þeim öruggan rekstrargrundvöll þann tíma.

Útgerð bátaflotans er með allt öðrum hætti, þar sem bátarnir skipta um veiðarfæri tvisvar til þrisvar á ári eftir vertíðum og nokkurt hlé er jafnan á milli vertíða. Útgerð bátaflotans á haustmánuðunum er þó oft stopul, enda þá helzt verið skortur hentugra verkefna hér við land, er gæfu viðhlítandi rekstrarafkomu, og á það einkum við um hina stærri báta í flotanum. Væri því ekki síður þýðingarmikið fyrir vissan hluta bátaflotans, ef unnt reyndist að finna bátunum verkefni á þessum tíma, er gæfi þeim öruggan rekstrargrundvöll yfir það tímabil.

Það, sem ég hef hér nefnt, sýnir ljóslega hina brýnu nauðsyn þess, að grundvöllur fiskveiða okkar verði í framtíðinni breikkaður og þeirri miklu áhættu, sem er samfara þeim í núverandi formi, dreift sem mest.

Með tillögu þeirri, sem hér liggur fyrir, er bent á a. m. k. eina hugsanlega leið að þessu marki. Flm. þessarar till. er það vel ljóst, að mörg vandkvæði kunna að vera á framkvæmdum í þessu efni. Er því nauðsynlegt, að áður en lagt verður út í framkvæmdir, verði athugað gaumgæfilega, hverjir möguleikar eru hér hugsanlega fyrir hendi. Mætti gera slíkt með því m. a. að afla sem gleggstra upplýsinga um allt, sem lýtur að veiðum annarra þjóða á þessum slóðum, svo sem um fisktegundir, sem veiðast, veiðarfæri, veiðisvæði, veiðitíma og hagnýtingu aflans, svo að nefnd séu nokkur atriði, sem þýðingu hafa. Slík athugun ætti ekki að þurfa að hafa ýkja mikinn kostnað í för með sér. Leiði hún í ljós, að möguleikar séu fyrir hendi til arðbærs rekstrar fiskveiða á þessum slóðum, þætti mér trúlegt, að hentugust væri sú aðferð, sem Norðmenn hafa viðhaft til að hrinda í framkvæmd þeirra fyrstu tilraun, en þar er um að ræða einkafyrirtæki, sem eiga og gera út veiðiskipin og annast allt, sem veiðunum við kemur, en norska ríkið leggur til hina vísindalegu forustu og auk þess nokkurn fjárhagslegan styrk til þeirra aðila, sem senda skip sín í leiðangurinn. En hvað sem framtíðin annars kann að bera í skauti sínu í þessu efni, þá teljum við flm. þessarar tillögu, að með hliðsjón af stöðu fiskveiða okkar Íslendinga í dag og þróun undanfarinna ára og framkvæmdum annarra fiskveiðiþjóða á því sviði, sem till. fjallar um, þá sé með engu móti forsvaranlegt að halda að sér höndum og hafast ekki að, heldur beri okkur að fylgjast hér með af fremsta megni, og með það í huga er till. flutt.

Ég leyfi mér svo, hæstv. forseti, að leggja til, að umr. um þessa till. verði frestað og henni verði vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 23. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 77, n. 562 og 569).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar till. til þál. á þskj. 77 um athugun á möguleikum til fiskveiða við vesturströnd Afríku. N. leitaði umsagnar Fiskifélags Íslands og Landssambands íslenzkra útvegsmanna um málið. Í svari Fiskifélagsins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilliti til þeirrar þróunar, sem orðið hefur á fiskiskipastóli okkar, og einnig vegna þeirrar þróunar, sem orðið hefur í fiskveiðum á þeim slóðum, sem till. ræðir um, teljum við mjög æskilegt, að athugun sú, sem till. gerir ráð fyrir, fari fram sem fyrst. Niðurstaðan af slíkri athugun yrði svo látin ráða um það, hvort tilraun sú, sem síðari hluti till. gerir ráð fyrir, yrði framkvæmd.“

Landssamband íslenzkra útvegsmanna svaraði bréfi fjvn. á eftirfarandi hátt:

„Um leið og stjórn L. Í. Ú. sendir yður hér umsögn sína, vill hún ekki láta hjá líða að þakka ríkisvaldinu þann stuðning, sem það hefur í té látið á undanförnum árum við veiðitilraunir og fiskileit. Er ekki að efa, að það fé, sem varið hefur verið á undanförnum árum til veiðitilrauna og fiskileitar, hefur gefið góðan arð í auknum afla og lengingu úthaldstíma fiskiskipanna almennt. Með tilliti til atvinnuhátta þjóðarinnar er nauðsynlegt, að vér Íslendingar fylgjumst vel með því, sem er að gerast í þróun fiskveiða á öðrum hafsvæðum en þeim, sem næst liggja landinu, og liggja til

þess margar ástæður, en þó frekast sú staðreynd, hve afli hefur farið stórminnkandi á hafsvæðinu hér á Norður-Atlantshafi. Því mælir stjórn L. Í. Ú. eindregið með því, að þáltill. verði samþ., enda dragi það á engan hátt úr fjárveitingum til fiskileitar og veiðitilrauna hér við land.“

Svo sem fram kemur í þáltill., er fyrst og fremst lögð áherzla á það, að fram verði látin fara athugun á því, hvaða möguleikar séu fyrir hendi, að íslenzk fiskiskip geti hafið fiskveiðar við vesturströnd Afríku. Sumum finnst e. t. v., að hér sé á ferðinni mál, sem enn sé svo langt úti í geimnum og fjarri raunveruleikanum, að ekki sé tímabært í dag að ræða málið, hvað þá heldur að framkvæma. En þegar vér í dag lítum aðeins fá ár aftur í tímann og berum það saman við þá þróun, sem jafnvel aðeins á allra síðustu árum hefur átt sér stað á sviði fiskveiðanna, um hagnýtingu aflans, eigi aðeins hjá vorri þjóð, heldur enn fremur víðar í heiminum hjá hinum ýmsu fiskveiðiþjóðum, þá verður oss ljóst, hve geysimikil bylting hefur hér átt sér stað, og enn fremur, hver hin raunverulega staða vor væri, ef Íslendingar hefðu eigi með áræðni og af dugnaði fylgzt með þeirri miklu þróun, sem hér um ræðir. Nægir í því sambandi að benda á veiðar íslenzku togaranna á undanförnum árum á fjarlægum miðum, t. d. á hafsvæðinu undan Nýfundnalandi og á miðunum við Austur-Grænland. En með því að stunda veiðar á þessum hafsvæðum hafði íslenzki togaraflotinn metár í afla á árinu 1958.

Það kemur fram í grg. með þáltill., að Norðmenn hafi snemma á s. l. ári sent rannsóknarleiðangur á það hafsvæði, sem till. gerir ályktun um. Er sennilegt, að hægt sé að afla upplýsinga um þann árangur, sem Norðmenn kunna að hafa fengið í því sambandi við *þessa tilraun sína. Enn fremur* eru það ýmsar fleiri þjóðir beggja vegna Atlantshafsins og jafnvel enn lengra að, sem gera þarna tilraunir með fiskveiðar, en þarna hafa fundizt auðug fiskimið, að talið er, og er um margar fisktegundir að ræða, þó að eigi sé enn sem komið er búið að kanna til fulls um notagildi þeirra.

Það er skoðun meiri hl. fjvn. og e. t. v. allrar n., þó að sumir nm. hafi viljað hafa orðalag till. þannig, að það nái yfir víðara svið, að það sé nauðsynlegt fyrir Íslendinga að fylgjast sem bezt með því, sem þarna er að gerast, og leggjum við því til, að þáltill. á þskj. 77 verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Það er rétt sem hv. frsm. meiri hl. gat hér um, að í fjvn. mun ekki vera neinn ágreiningur um það, að Íslendingum beri að halda uppi fiskileit og fiskirannsóknum til aðstoðar fyrir fiskiflotann, svo sem frekast er kostur á og svo sem líklegast er, til þess að góður árangur geti náðst í veiðunum. Hér liggur hins vegar fyrir þáltill. um að fela ríkisstj. að láta fram fara athugun á því, hvaða möguleikar séu á, að íslenzk fiskiskip geti hafið veiðar við vesturströnd Afríku, og í framhaldi af þeim athugunum, ef þær reyndust álitlegar, að heimila henni að senda veiðiskip á þær slóðir til þess að gera tilraunir um veiðar þar. Það hefur hins vegar orðið ágreiningur í fjvn. um þessa till. sem slíka. Ég og hv. framsóknarmenn í þeirri nefnd höfum ekki talið, að þetta væru þær líklegustu rannsóknir, sem hugsazt gætu til þess að færa aukna björg í íslenzka þjóðarbúið, heldur lítum við svo á, að ýmis verkefni séu bæði nærtækari og líklegri til þess að skila arði, til þess að skila aukningu fiskveiðanna, heldur en það að senda veiðiskip suður til Afríku.

Því er ekki að leyna, að fyrsti flm. till., sem hefur mikla reynslu í að fara yfir skýrslur um fiskveiðar, hefur komið auga á það, að sumar þjóðir hafa gert tilraunir á þessum slóðum, og þá dottið í hug, að máske væri hér líka verkefni fyrir Ísland, og er allt slíkt góðra gjalda vert, og ekki sízt hefur það máske valdið einhverju um, að ráðizt var í flutning till., að einmitt á þeim tíma, sem verið var að leggja hana fram hér í þingi, þá mun hv. fyrsti flm. hafa verið aðili fyrir ríkisstj. hönd að samningsgerð við Breta, sem þá fyrirsjáanlega hefur stefnt í þá átt, að þrengjast mundi um fyrir íslenzka flotann á heimamiðum, sem nú er og í ljós komið með landhelgissamningnum við Breta, þar sem íslenzk stjórnarvöld leyfa Bretum afnot af verulegum hafsvæðum í okkar landhelgi, og verður þar af leiðandi óhægara fyrir íslenzka flotann um vik hér á heimaslóðum.

Mér finnst það hins vegar nokkru furðulegra, að nú, eftir að till. hefur legið hér um nokkurt skeið og bæði flutningsmenn og þeir aðrir, sem um málin fjalla hér á þingi, hafa átt þess kost að kynna sér árangurinn t. d. af veiðitilraunum Norðmanna á þessum slóðum, skuli enn haldið fast við það, að samþykkja beri þessa till., *og þá taka að sjálfsögðu á sig þá ábyrgð*, að þeim fjármunum, sem íslenzka ríkið getur varið til aukningar fiskirannsóknum, fiskileit eða aðstoð við íslenzkan fiskiflota að öðru leyti, verði varið í það að endurtaka þær tilraunir, *sem t. d. Norðmenn eru nú* nýbúnir að gera á þessum slóðum og ég skal vikja að örlítið síðar. Ég held, að það væri íslenzkum fiskiflota miklu meiri hagur, að lagt væri kapp á það að rannsaka fiskveiðar á ýmsum þeim slóðum, *sem nær okkur liggja og þar sem aðrar þjóðir* hafa náð talsverðum árangri að undanförnu, en við höfum ekki lagt verulegt fjármagn í að kanna eða gera tilraunir til veiða á. Á ég þar t. d. við hafsvæðið austan við Ísland, bæði norðaustur af Íslandi og suðaustur af Íslandi, þar sem aðrar þjóðir fiska verulegt magn af síld, en okkur hefur ekki tekizt til þessa að hagnýta okkur að neinu ráði. Þá vil ég og minna á það, að íslenzki togaraflotinn hefur á undanförnum árum verið að fikra sig út á mið við Grænland og vestur við Nýfundnaland, og þau mið eru alls ekki fullkönnuð enn þá, og af Íslands hálfu hefur ekki verið mjög mikið gert til þess að kanna þá möguleika, sem þar kunna að liggja, frekar en orðið er, en þar mun svo til eingöngu um það að ræða, að sendir hafa verið togarar með venjulegan veiðiútbúnað og lítið þar fram yfir til þess að leita að fiskimiðum á þessum slóðum. Það hefur stundum tekizt ágætlega og fært þjóðinni stórkostlegt fjármagn, og tel ég, að hér sé alls ekki um fullkannaða möguleika að ræða og að líklegt sé og a. m. k. miklu líklegra en við Afríkustrendur, að á þessum slóðum getum við fundið hagnýtanleg fiskimið.

Eins og ég gat um áðan, hafa Norðmenn gert

út leiðangra suður að Afríkuströndum til þess að reyna að hagnýta fiskimiðin þar. Ég hef ekki í höndum neinar opinberar skýrslur frá stjórnarvöldum Noregs um það, hvernig þetta hefur til tekizt, en í norskum blöðum hafa komið frásagnir um þetta. Nú er það að vísu svo, að þeir, sem vanir eru að lesa íslenzku blöðin, hafa máske tilhneigingu til þess að vefengja blaðafréttir almennt, en ég hygg þó, að ekki séu norskar blaðafréttir af þessum leiðöngrum Norðmanna langt frá því að vera réttar, og vil ég leyfa mér að drepa á örfá atriði, sem komið hafa fram í norskum blöðum varðandi veiðarnar við vesturströnd Afríku.

Leiðangur Norðmanna, sem frá segir í norskum blöðum nú rétt upp úr s. l. áramótum og þá var að ljúka könnunum sínum, var þrjú fiskiskip, allstór og vel búin, ásamt norska fiskirannsóknarskipinu Finn Hjort, en þar var um borð einn frægasti og kunnasti fiskifræðingur Nrðmanna, Finn Devold. Þessi leiðangur hafði um skeið leitað fyrir sér um fiskveiðar við Afríkustrendur, og þar reyndust vera ærið mörg tormerki á, að leiðangurinn gæti náð árangri. Það var nú eitt fyrir sig, að sjávarhiti á þessum slóðum reyndist gjarnan vera upp undir 30° C, eða 27° C, og varð það valdandi þess, að öll venjuleg veiðarfæri úr baðmull eða hampi dugðu ekki, þau soðnuðu. Sömuleiðis bráðnaði öll tjara, sem í þau hafði verið borin, og varð þetta valdandi miklum erfiðleikum, og má telja, að veiðarfæri úr þessu efni hafi ekki gagnað. Skipin sjálf þoldu hitann ekki heldur vel, og varð að gera á þeim viðgerðir vegna hita. Fiskimennirnir þoldu hitann líka illa, og varð að lagfæra loftræstingar í skipunum, og af þessu öllu saman hlauzt ærinn kostnaður.

Fisktegundirnar, sem þarna var aðallega reynt við veiðar á, voru styrja og túnfiskur ásamt síld og nokkrum fleiri hitabeltisfiskum. Þótt illa aflaðist hjá Norðmönnum og nær ekkert, þá voru þeir samt reynslunni ríkari eða telja sig vera reynslunni ríkari um það, hvenær þessara fiska sé helzt að leita á þessum slóðum, og það kemur í ljós, að síldveiðar á þessum slóðum fara helzt fram yfir sumarið og fram í septembermánuð, þ. e. a. s. nákvæmlega á sama tíma og okkar síldveiðiskip hafa miklu, miklu meiri veiðimöguleika hér heima, svo að ekki er það uppörvandi fyrir Íslendinga til þess að sækja á skipum sínum yfir stóra hluta jarðarkúlunnar og í þau skilyrði, sem ég hér hef lýst og eru ákaflega óhagkvæm okkur og hvorki okkar veiðiskip eru búin í né okkar menn þjálfaðir til starfa í.

Það má segja, að veiði Norðmanna af styrju og túnfiski eða öðrum hitabeltisfiskum þar suður frá hafi engin orðið, sem teljandi sé. Hins vegar munu þeir hafa orðið síldar lítillega varir, en engan veginn í þeim mæli, sem þeir gerðu sér vonir um, og þegar um einhverja síldveiði var að ræða, þá komu í ljós gífurlegir erfiðleikar á því að gera verðmæti úr aflanum, bæði geymist hann sérlega illa og auk þess reyndust þeir markaðir, sem þeir þurftu að treysta á, ekki færir um að taka við neinu teljandi magni af afla, án þess að verðið félli.

Í fæstum orðum, þá held ég, að það gefi einna beztar hugmyndir um árangurinn af Afríku-veiðitilraunum Norðmanna að skýra bara frá einni spurningu og einu svari, sem birtist 4. jan. s. l. í blaðinu Fiskeren í Noregi, þar sem blaðamaður frá því blaði hafði átt tal við stýrimann á skipi einu, sem hafði verið þarna suður frá við veiðarnar um missirisskeið. Blaðamaðurinn spurði: Hvað hafið þið að segja um norsku fiskveiðitilraunirnar við Vestur-Afríku? Þær voru 150% mislukkun, svaraði stýrimaðurinn á stundinni.

Ég efast ekkert um það, að þessar og aðrar frásagnir frá þessum veiðum og því, hvernig þær hafa gengið, hafa ekki farið fram hjá flutningsmönnum þessarar till., og tel ég þess vegna, að það hefði kannske verið hyggilegast að lofa till. að liggja óafgreiddri. En það virðist vera, að meðal tillögumanna og þeirra stuðningsmanna annarra sé mikill áhugi fyrir því að afla ríkisstj. einmitt þessarar heimildar, að senda skip suður til Afríkustranda, og virðist þá ekki bóla svo mjög á því, að þröngt sé í búi um fjármagn. Þess vegna held ég, að rétt væri, að við reyndum heldur að nota það fjármagn, sem annars færi í að endurtaka tilraunir Norðmanna, í það að greiða fyrir fiskiflotanum á þeim fiskimiðum, sem líklegri eru til að gefa árangur í veiðunum, og hefur minni hl. fjvn. gefið út sérstakt nál., þar sem þær hugmyndir eru skýrðar og gerð till. til breyt. á tillgr., þannig að till. yrði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að auka fiskleitar-, fiskirannsókna- og aðstoðarstarfsemi við íslenzka fiskiflotann heima fyrir og á fjarlægum miðum og verði sú þjónusta framkvæmd í nánu samráði við fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands."

Í samræmi við, að tillgr. orðist þannig, verði fyrirsögn till. breytt. Leggjum við í minni hl. fjvn. til, að till. verði samþ. þannig breytt.

Davíð Ólafsson: Herra forseti. Eftir að þessi till., sem hér er til umr., kom fram á hv. Alþingi á s. l. hausti, mátti lesa í blöðum stjórnarandstöðunnar, hvern hug stjórnarandstaðan mundi bera til till. Þar var um að ræða getsakir í minn garð sem 1. flm. Ég hélt nú satt að segja, að blöðin yrðu látin ein um slíkan málflutning, hann yrði ekki fluttur hér inn á hv. Alþingi. En nú hefur hv. frsm. minni hl. fjvn. fallið í þá freistni að taka undir þennan söng í sinni framsöguræðu, þó að segja verði, að a. m. k. einhverjir af hv. minni hl., sem standa að minnihlutaálitinu, hafi kveinkað sér við að flytja þann málflutning í þskj. Hér er hins vegar um það að ræða að blanda alóskildu máli inn í umr. um þessa þáltill., og verður varla skýrt á annan hátt en að hv. frsm. sé hér að gera tilraun til að brjótast út úr einhvers konar sálkreppu, sem hann hefur sýnilega komizt í yfir þeirri útreið, sem hann og hv. stjórnarandstaða fékk hér nýlega á hv. Alþingi í umr. um lausn deilunnar við Bretland. Það allt er hins vegar alveg sérstakt sálfræðilegt rannsóknarefni, sem liggur ekki fyrir hér, og ég ætla því að snúa mér að málinu, sem hér er til umr.

Ég fór nokkuð út í það í haust, þegar ég flutti framsöguræðu fyrir þessari till., að ræða um eitt af megineinkennunum á þróun fiskveiða í heiminum undanfarna áratugi og undanfarin síðustu ár, sem einkennist mjög af stórkostlegri aukningu

veiðisvæðanna. Bæði stækka hin eldri veiðisvæði og ný veiðisvæði eru tekin í notkun. Þessi þróun á sér stað hvar sem litið er. Hvert sem við lítum, hvort sem er í fjarlægum höfum Austurlanda eða hér á Atlantshafi, verður þessi þróun sú sama. Að vísu hafa Evrópuþjóðirnar orðið hér nokkuð á eftir, því að mesta fiskveiðiþjóð heims, Japanir, hefur fyrir mörgum árum og raunar áratugum víkkað sínar fiskveiðar út um allt Kyrrahaf og víðað veginn. Þeir eru komnir meira að segja inn í Atlantshaf nú á síðustu árum, þegar margar af Evrópuþjóðunum halda sig tiltölulega nærri sínum heimaströndum. En þó er svo komið nú, að allar meiri háttar fiskveiðiþjóðir í Evrópu hafa tekið þátt í þessari þróun. Á allra síðustu árum hefur þessi þróun verið örust hjá Rússum. Þeir hafa þanið sig út yfir allt Norður-Atlantshaf og nú á síðasta ári einnig suður um allt Atlantshaf. Íslendingar hafa líka tekið þátt í þessari þróun, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, með því að víkka út sín veiðisvæði til Grænlands, Labradors, og Nýfundnalands. Þetta hefur fært okkur aukinn afla. Við þekkjum nú orðið allvel þessi veiðisvæði og aðstæður þar, en við getum ekki stöðvazt við þá þróun, sem þar hefur orðið. Ég lít þannig á, eins og getið er um í grg. fyrir till., að við verðum sjálfra okkar vegna að fylgjast vel með því, sem í þessu efni er að gerast, jafnvel þótt á mjög fjarlægum miðum sé. Við getum ekki horft á það, að aðrir reki arðvænlegar fiskveiðar á svæðum, þótt þau séu langt undan, en þó ekki lengra fyrir okkur að fara á en ýmsa aðra, sem þangað sækja. Og það var tilgangurinn með þessari till. frá minni hálfu og þeirra annarra meðflm. að benda á verkefni, sem þyrfti að athuga.

Það nýjasta á þessu sviði eru einmitt veiðarnar við Vestur-Afríku. Þangað sækja nú á síðustu árum fiskimenn margra þjóða beggja vegna Atlantshafs, og eins og getið er um í grg. með till. og kom fram líka í ræðu beggja hv. frsm., hafa frændur okkar Norðmenn nú á síðasta ári gert tilraun til þess að stunda þarna veiðar. Það er rétt, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að þessi leiðangur Norðmanna gekk illa. Það er hins vegar engin sönnun fyrir því, að þarna séu ekki möguleikar til þess að stunda arðvænlegar veiðar, því að aðrar þjóðir gera það í vaxandi mæli, og mér er næst að halda, að allur undirbúningurinn að leiðangri Norðmanna hafi verið ótrúlega slæmur — alveg ótrúlega slæmur, þegar litið er á það, að þeir hafa mikla reynslu í því að stunda veiðar á fjarlægum miðum. Að vísu eru þarna aðstæður mjög ólíkar því, sem þeir hafa áður kynnzt, en það er satt að segja ótrúlegt, að þessi undirbúningur skyldi vera svo lélegur sem raun hefur nú á orðið, og það kemur fram m. a. í blaðaskrifum um þetta. En eins og hv. frsm. minni hl. sagði, liggja ekki enn fyrir opinberar skýrslur um þetta, svo að styðjast verður við blaðafregnir og blaðaskrif og viðtöl við menn, sem hafa verið þarna, og frásagnir þeirra.

Þarna voru sex skip send, — þau voru ekki þrjú, eins og hv. frsm. minni hl. sagði, — það voru sex skip, eitt móðurskip og eitt rannsóknarskip, átta skip í allt, sem fóru í þessa tilraunaferð Norðmanna. Áður höfðu Norðmenn sent skip til þess að kanna þetta svæði og töldu að lokinni þeirri könnun, að þarna væru möguleikar til veiða. Þarna er hins vegar um að ræða geysistórt hafsvæði, og með þeirri könnun, sem Norðmenn gerðu þarna fyrst, gátu þeir ekki farið yfir nema mjög litinn hluta af svæðinu. Svo var það einnig í vetur, þegar þeir fóru með sinn leiðangur þarna, að þeir gátu ekki verið nema á tiltölulega litlum hluta af því stóra svæði, sem þarna er til að stunda veiðar á. Veiðarfærin, sem þeir voru með, voru, eins og hv. frsm. minni hl. gat um, venjuleg veiðarfæri, og er það út af fyrir sig litt skiljanlegt, að þeir skyldu leggja út í það að fara með botnmullarveiðarfæri suður á þessi svæði, þar sem vitað er að allar aðrar þjóðir, sem þarna stunda veiðar, nota eingöngu veiðarfæri úr gervefnum, sem þola hitann og gróðurinn í sjónum, sem að sjálfsögðu eyðilagði gersamlega botnmullarveiðarfærin.

Nú segir í till., að fram fari athugun á því, hvaða möguleikar séu á, að íslenzk fiskiskip geti hafið fiskveiðar við vesturströnd Afríku. Þetta má gera á ýmsan hátt. Það má gera eins og Norðmenn gerðu, að senda skip þangað suður og kanna. Það má afla upplýsinga eftir ýmsum leiðum um það, hvernig öðrum þjóðum hefur vegnað við veiðar þarna, m. a. afla upplýsinga um það, hvernig Norðmönnum vegnaði, hvers vegna leiðangur þeirra mistókst, en slíkt gæti einmitt orðið til þess að forða okkur frá sömu mistökunum sem hafa orðið Norðmönnum svo dýr. Það er engin nauðsyn á því að mínu áliti að byrja á því strax að senda skip á þessi svæði. Fyrst verður að kynna sér nákvæmlega þær aðstæður, sem fyrir hendi eru, með því að fá upplýsingar frá öðrum, sem þarna stunda veiðar og gera það eftir ýmsum leiðum, og það þarf ekki að hafa mikinn kostnað í för með sér. Það er það, sem fyrri liður till. raunverulega segir. Leiði sú athugun í ljós hins vegar, að möguleikar séu fyrir hendi, ef rétt og skynsamlega er haldið á málunum, þá liggur fyrir að taka ákvörðun um, á hvern hátt skuli að málinu staðið. Það er þá fyrst, þegar búið er að kanna málið til hlítar, að farið yrði út í það að gera tilraun, ef mönnum sýndist svo, að könnunin hefði leitt í ljós möguleika á því, að slík tilraun gæti tekizt.

Mér er satt að segja alveg óskiljanlegt, hvernig á því stendur, að hv. minni hl. fjvn. vill ekki standa að því, að slík athugun verði gerð, sem till. gerir ráð fyrir. En ég ætla ekki að reyna að leita á því neinnar skýringar. Brtt. svokallaða, sem liggur fyrir frá hv. minni hl., er í raun og veru alls ekki brtt. Þar er um að ræða alveg nýja, sjálfstæða till., sem hefði verið eðlilegt að hefði komið fram sem slík, en ekki breyting við þessa till., því að það er hún eðli sínu samkvæmt ekki.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Efni þessarar till. er að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvaða möguleikar séu á því, að íslenzk fiskiskip geti hafið fiskveiðar við vesturströnd Afríku. Í grg. till. segir m. a.:

„Á undanförnum árum hafa ný skip í bátaflot-

anum farið stækkandi. Allmikið hefur verið byggt af skipum 150—250 rúmlestir. Þessi skip eru of dýr, bæði í stofnkostnaði og rekstri, til þess að þau geti byggt afkomu sína eingöngu á veiðum hér við land.“

Ég verð nú að játa, að þegar ég sá þessa till. hér fyrst á Alþingi, varð ég nokkuð undrandi á efni till. sjálfrar og þá ekki síður þeirri grg., sem till. fylgir. Því er sem sagt slegið hér föstu, að allmikið af þeim nýju fiskiskipum, sem við höfum verið að kaupa nú að undanförnu, 150—200 tonna skip, þau séu of dýr, til þess að hægt sé að gera þau út hér við Ísland. Og vegna þess að keypt hafi verið of dýr skip til útgerðar hér frá Íslandi einvörðungu, verði menn að leita víða um heimshöfin eftir nægilega góðum fiskimiðum, til þess að hægt sé að reka slík skip sem þessi, og dettur mönnum þá helzt í hug að bera niður við vesturströnd Afríku. Ég tel, að það geti varla annað verið, sem staðið hefur á bak við, að þessi till. er hér flutt, en að það sé ætlunin, að íslenzka ríkisstj. láti fara fram tilraunaútgerð af hálfu Íslendinga á þessum slóðum, því að það þurfti ekki að gera neina samþykkt hér á Alþingi um það að fylgjast með því, sem opinbert kann að verða um niðurstöður annarra í þessum efnum, og allra sízt hefði fyrsti flm. þessarar till., fiskimálastjóri landsins, þurft að flytja hér till. um það, því að þetta er vitanlega eitt af verkefnum Fiskifélags Íslands, að fylgjast með öllum nýjungum, sem mættu verða okkur að gagni í þessum efnum, og þarf enga sérstaka þingssamþykkt til að fela því það. En hitt þurfti vitanlega, að gera hér um þingssamþykkt, ef ætlunin var að framkvæma hér sjálfstæða athugun af Íslendinga hálfu með tilraunaútgerð.

Ég verð að vísu að segja, að mér þykir það vera allfjarri réttu lagi að halda því fram, að þessi nýja gerð af fiskibátum, sem við höfum keypt talsvert af til landsins, 150—200 tonna skip, sé svo dýr, að það sé ekki mögulegt að gera þau út hér við Ísland. Ég er á allt annarri skoðun. Ég tel, að það séu tvímælalaust meiri möguleikar á að gera út einmitt þessi skip nú við Ísland heldur en mikið af þeirri bátastærð, sem við notuðum hér mest áður. Ástæðan er m. a. sú, að verðmismunur einmitt á þessum 150 tonna bátum og á þeim 60—70 tonna bátum, sem hér var mest af áður, er sáralítill.

En eins og hér hefur komið fram í umr. um þetta mál, liggja nú fyrir þó nokkrar upplýsingar um það, hvers konar veiðar það eru, sem hafa átt sér stað við vesturströnd Afríku og hugur hv. þm., sem að þessari till. standa, beinist nú einkum að í vandræðum íslenzkrar útgerðar. Það hefur komið hér fram, að Norðmenn hafa sent tilraunaflota nú á s. l. ári til vesturstrandar Afríku og kannað veiðimöguleika þar. Þangað voru send þrjú veiðiskip og auk þess fiskirannsóknarskip og birgðaskip, og einn fiskibátur norskur mun hafa verið leigður þangað eða gerður út af öðrum en Norðmönnum að verulegu leyti. Það kom í ljós við þessa athugun Norðmanna, að þeir höfðu af þessu mikinn kostnað og engan árangur. Eitt af fiskveiðiritunum í Noregi hafði það eftir stýrimanni, sem kom úr þessum leiðangri, að þessi leiðangur hefði verið 150% mislukkaður frá upphafi. Það var sem sagt enginn vafi á því, að þarna tókst ekki að fá neina veiði, en við mjög margs konar erfiðleika var þarna að stríða. Það kom í ljós við þessa athugun Norðmanna, að þær veiðar, sem þarna eru aðallega stundaðar, sem hafa að langmestu verið styrjuveiðar, þær eru stundaðar að okkar áliti á mjög frumstæðan hátt og með þeim veiðarfærum, sem allajafna gefa heldur lítil afköst, og það þarf að útbúa veiðiskipin með alveg sérstökum hætti og á allt annan hátt en okkar veiðiskip eru útbúin. Tilraunir Norðmanna til þess að nota afkastameiri veiðarfæri við þessar veiðar mislukkuðust algerlega, og virðist ekkert benda til þess, að þessi veiðarfæri, sem þeir reyndu þar og við þekkjum, geti hentað við slíkar veiðar. Hins vegar kom í ljós, að það er hægt að veiða síld á þessu svæði, nokkuð af síld, og þá gæti væntanlega kunnátta okkar síldveiðimanna komið þarna að nokkrum notum. En þessar síldveiðar eru einmitt á þeim tíma, sem aðalsíldveiðarnar eru hér, og bendir ekkert til þess, að það sé hægt að veiða þar nokkuð svipað magn því, sem við þekkjum hér við land. Reynslan varð líka sú, að ef þessir fáu bátar, sem þarna voru, fengju meira en 400 mál af síld, þá var útilokað að fá nokkurt verð fyrir síldina, vegna þess að það voru engar aðstæður til þess að taka við henni í höfnum. Aðrar veiðar virtust líka einmitt vera á þeim tíma, sem veiðar eru einna mestar hér við land, eða á okkar vetrarvertíðartíma, svo að það virðast vera harla litlir möguleikar fyrir okkur að hafa mikil not af því.

Auðvitað er því ekki að neita, að við vesturströnd Afríku eins og víða annars staðar á heimshöfunum, eru án efa til fiskimið, sem lítið hafa verið nýtt eða notuð enn þá, og það er reyndar vitað um það víða, að til eru góð fiskimið fjarri okkur, sem hægt væri að fá á talsverðan afla, en yfirleitt er okkur ekki kunnugt um, að þau séu til fiskimið, sem gefi að öllum jafnaði meiri og betri veiði en miðin í kringum Ísland, svo að ég hygg, að það sé næsta einkennilegt að ætla að fara að leita langar leiðir og það til jafnólíkra staða á hnettinum og suður undir miðbaug til fiskveiða þar af þjóð, sem býr hér við mestu og beztu fiskimið í heimi og veit það mætavel, að hún hefur ekki enn þá komizt nema lítils háttar áleiðis með að fullnýta sín fiskimið eða rannsaka þau til hlítar. En það er eins og alltaf vill verða, að leit að nýjum fiskimiðum og tilraunir á nýjum slóðum eru talsvert kostnaðarsamar. Það er ekki auðvelt að láta slíkt bera sig í byrjun, jafnvel þó að það geti gefið góða raun, þegar nægileg þekking hefur fengizt á öllum aðstæðum.

Þetta vitum við líka, að er hér við Ísland. Það er enginn vafi á því, að hér eru mjög miklir möguleikar til fiskveiða, sem við höfum ekki enn þá fært okkur í nyt eða við höfum ekki enn þá lagt út í að kynnast, svo sem við hefðum þurft, af eigin raun, og hefur allajafna einmitt verið borið við fjárskorti í þessum efnum. Ég vil t. d. nefna hér aðkallandi verkefni fyrir okkur að sinna í þessum efnum, sem eru margfalt nærtækari en að fara að taka þátt í fiskveiðitilraunum við vesturströnd Afríku. Ég vil nefna það dæmi, að við vitum, að hér við Ísland er um allmiklar síldar-

göngur að ræða á þeim tímum, þegar við höfum stundað síldveiðar tiltölulega lítið. Seinni hluta síldveiðitímans að sumrinu til, eða þegar komið er fram á haust, hafa erlendir síldveiðiflotar verið hér allfjölmennir nærri ströndum Íslands, austur og norðaustur af landinu. Við vitum, að þar hafa stundað veiðar með góðum árangri norsk síldveiðiskip, færeysk síldveiðiskip og rússnesk síldveiðiskip og veitt þar oft og tíðum mjög mikið af síld, sem þau hafa saltað. Íslenzk veiðiskip hafa tekið að mjög litlu leyti þátt í þessum veiðum. En oftsinnis hefur verið á það bent, að það væri nauðsynlegt, að íslenzka ríkið vildi hlaupa þarna undir bagga að einhverju leyti og stjórna leiðangri, sem fylgdi síldargöngunum eftir seinni hluta sumarsins, svo að við gætum einmitt með þá sérstöðu, sem við höfum, sem næst liggjum þessum miðum, orðið þessarar veiði aðnjótandi fremur en síldveiðimenn þeirra þjóða, sem verða þarna að sækja langar leiðir að. En þó að við höfum þarna vitað um talsvert ríkulega veiði, höfum við látið þetta bíða. Við höfum ekki treyst okkur í að gera út leiðangur á þessi mið og fá þær upplýsingar um þessar veiðar, sem við þyrftum, því að við vitum, að þetta mundi í byrjun kosta nokkuð. Ég vil einnig benda á, að við höfum vitað vel um það, að hér við Ísland, mjög nærri ströndinni, hefur verið mikið um síld yfir veturinn fyrir Suðurlandi og snemma á vorin. Það hafa verið gerðar nokkrar athuganir á þessu og jafnframt fengizt upplýsingar um það, að um mikið magn af vetrarsíld væri að ræða einmitt víða fyrir Suður- og Suðausturlandi mikinn hluta af vetrinum og snemma á vorin, en veiðileiðangrar hafa ekki verið gerðir út á þessi svæði, sem neitt er teljandi, þó að mjög miklar líkur bendi til þess, að þarna mætti fá mikla veiði. Svipað er að segja um athuganir á fiskimiðum á djúpmiðum í nánd við Ísland. Það er álit þeirra, sem þar þekkja bezt til, að þar séu ýmsar auðugar fiskislóðir, sem við þekkjum lítið til enn þá. Þar vitum við lítið meira en okkar togarafloti hefur getað fært okkur upplýsingar um, en skiljanlega hafa ekki verið tök á því hjá togurunum, að þeir gætu stundað miklar tilraunaveiðar, því að til þess er allur rekstur þeirra allt of dýr, að einstök fyrirtæki geti staðið undir slíkum tilraunaveiðum. Hins vegar hefur það fé, sem ríkið hefur látið af höndum á hverju ári til þess að aðstoða togaraflotann í þessum efnum, að finna nýjar fiskislóðir, verið sáralítið og ekki dugað nema mjög skamman tíma, og því miður hefur þetta fé farið stórminnkandi á undanförnum árum, eða nú á seinustu tveim árum, vegna hækkaðs rekstrarkostnaðar, á sama tíma sem fjárveitingin hefur verið hin sama að krónutölu nú um nokkur ár undanfarið.

Það er ekki nokkur vafi á því, að þetta verkefni er mjög nærtækt og aðkallandi fyrir okkur, að stofna til fiskileitar hér á djúpmiðunum við Ísland og einnig við Grænland, og það væru miklar líkur til þess, að það gæti fært okkur mikla veiði. Aðrar fiskveiðiþjóðir hafa sent allmörg rannsóknarskip á þessar slóðir og oft og tíðum fundið auðug fiskimið, sem við höfum síðan sótt nokkra veiði í á eftir, og sýndist mér, að það væri ólíkt nærtækara og eðlilegra, að við Íslendingar snerum okkur að þessum verkefnum, heldur en fara að senda tilraunaveiðiflota suður til Afríkustranda.

Til viðbótar við þau verkefni, sem ég hef hér aðeins minnzt á, eru auðvitað miklum mun fleiri verkefni, sem oft hefur verið bent á af íslenzkum fiskimönnum. Ég skal nefna eitt enn. Við vitum um það, að víða við Ísland eru til allmikil og góð fiskimið af ufsa, en við höfum vegna ýmissa sérstakra ástæðna ekki getað sinnt þeim nema að sáralitlu leyti og ekki einu sinni til jafns við ýmsar erlendar þjóðir, sem hingað hafa sent sín veiðiskip, og við verðum að játa, að þau eru jafnvel kunnugri í þeim efnum á okkar eigin miðum en við erum, varðandi göngur á þessum fiski og möguleika til þess að veiða hann. Við vitum, að hér er allmikið af þessum fiski, en það er nauðsynlegt að framkvæma hér á nauðsynlega fiskileit og fiskirannsóknir til þess að búa í haginn fyrir okkar veiðiflota. Svona eru verkefnin í rauninni alls staðar hér í kringum okkur.

En svo er annað, sem menn verða að hafa í huga varðandi hugsanlegar fiskveiðar við Afríku. Jafnvel þótt svo vildi nú vel til, að við Íslendingar fyndum auðug fiskimið við vesturströnd Afríku og við gætum sent eitthvað af okkar fiskiflota og breytt honum, auðvitað með ærnum kostnaði, þannig að hann yrði hæfur til þess að stunda veiðar á þessum slóðum, þá er að gæta að allri aðstöðunni í þessum efnum. (**Forseti**: Afsakið, má ég spyrja hv. þm., hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni? Ég spyr sökum þess, að það er komið að þeim tíma, sem ráðgert hafði verið að ljúka þessum fundi.) Já, ég á talsvert eftir. (**Forseti**: Þá verð ég að biðja hv. þm. að fresta framhaldi ræðunnar til næsta fundar.) Já, verður hann í dag, sá fundur? (**Forseti**: Hann verður væntanlega á morgun.)

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

7. Milliþinganefnd í skattamálum.

Á deildafundum 31. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um milliþinganefnd í skattamálum [82. mál] (A. 91).

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv. var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég flyt ásamt þrem öðrum þm. á þskj. 91 till. til þál. um skipun mþn. í skattamálum. Till. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd í skattamálum, sem semji frumvarp að heildarskattalöggjöf. Við samningu þessa frv. verði m. a. höfð þessi meginsjónarmið:

a) Að tekju- og eignarskattur og útsvör verði

sameinuð og lögð á í einu lagi og renni í sameiginlegan sjóð ríkisins og sveitarfélaganna.

b) Að settar verði reglur um skiptingu tekjuskatts og eignarskatts þessa á milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar, enn fremur reglur um skiptingu á hluta sveitarfélaganna.

c) Að opinber gjöld fari aldrei fram yfir sanngjarnt hámark af hreinum tekjum gjaldenda.

d) Að veltuútsvar verði fellt niður.

e) Að skattstigi verði lögboðinn.

f) Að ríkisskattanefnd verði breytt í stjórnvaldadómstól í skattamálum.

g) Að þyngd verði viðurlög við skattsvikum.

h) Að innheimta beinna skatta verði færð á eina hönd.

i) Að skattar verði innheimtir með tímabilsgreiðslum."

Hið tvöfalda álagningar- og innheimtukerfi beinna skatta á vegum ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar er ærið þungt í vöfum og dýrt í framkvæmd. Það skapar gjaldendum aukið umstang og erfiði umfram þörf, vegna þess að þeir þurfa að greiða opinberu gjöldin á tveim stöðum a. m. k. í stað eins, og þeim, sem vinna að álagningu og innheimtu þessara skatta, mikla og óþarfa skriffinnsku. Raddir eru því uppi um, hvort ekki sé hægt að draga mjög úr hinu flókna og dýra innheimtu- og álagningarkerfi, sem við búum við, og hverfa til annars, sem er einfaldara í vöfum. Verður þá mörgum fyrst í hug, hvort ekki muni hægt að sameina beinu skattana í einn gjaldstofn og innheimta og leggja á í einu lagi. Víða erlendis hefur sú leið verið farin, t. d. í Svíþjóð og ég held einnig í Danmörku, og þykir sú skipan mála hafa ótvíræða kosti umfram hið eldra skipulag. Við flm. þessarar till. teljum því, að við samningu frv. að heildarskattalöggjöf verði það meginsjónarmið haft að sameina tekju- og eignarskatt og útsvar og leggja á í einu lagi og renni skattur þessi í sameiginlegan sjóð ríkisins og sveitarfélaganna.

Þá leggjum við til, að væntanlegri mþn. verði falið að setja reglur um skiptingu skatts þessa á milli ríkisins og sveitarfélaganna annars vegar og reglur um skiptingu á hluta sveitarfélaganna sín á milli. Á þessu stigi málsins verður ekkert fullyrt um, hver sé réttlát skipting skattsins á milli ríkisins og sveitarfélaganna. Það mál þarf sérstakrar rannsóknar við og verður að skoðast með hliðsjón af þeim miklu breytingum, sem samþykkt þessarar till. hefði sérstaklega á tekjuöflunarleiðir sveitarfélaganna. Hins vegar teljum við flm. þáltill. þessarar, að eðlilegt sé, að hluta sveitarfélaganna af skatti þessum yrði skipt þeirra í milli eftir svipuðum reglum og hluta sveitarfélaganna er nú skipt af söluskatti.

Við leggjum enn fremur til, að tryggt verði með væntanlegri löggjöf, að opinber gjöld geti aldrei farið fram úr sanngjörnu hámarki af hreinum tekjum gjaldenda, en eins og hv. þm. vita, hefur skattalöggjöf okkar verið og er reyndar enn þá þannig úr garði gerð, að gjaldendur hafa iðulega orðið að greiða meira í opinber gjöld, tekjuskatta, tekjuútsvör og veltuútsvör, en nemur hreinum tekjum þeirra. Er slík skattheimta að sjálfsögðu fráleit, og ef rétt er fram talið, þá er hún bótalaus eignaupptaka, sem ekkert menningarþjóðfélag getur verið þekkt fyrir að beita.

Við leggjum til enn fremur, að veltuútsvör verði felld niður. Veltuútsvörin hafa lengi verið einhver verst þokkaði skatturinn, sem tíðkazt hefur hér á landi, og eru rökin fyrir afnámi þeirra margvísleg. Því er helzt haldið fram gegn því að fella niður veltuútsvör, að þau séu nauðsynleg nauðvörn sveitarfélaga gegn undandrætti tekna í atvinnurekstri. Því skal ekki neitað, að verulegir möguleikar séu til slíks undandráttar og að reynslan hafi sannað, að þeir hafi verið notaðir. En við því verður að bregðast á annan hátt en þann að leggja hátt veltugjald jafnt á þá, sem telja rétt fram tekjur sínar og eignir, og hina, sem svíkja undan skatti. Skattalöggjöfin veitir skattyfirvöldum rúmar heimildir til þess að áætla tekjur og eignir þeirra, sem skila tortryggilegum framtölum, og þá heimild er sjálfsagt að nota. Veltuútsvörin hafa m. a. þann ókost, að þau vinna gegn því, að aðilar í atvinnurekstri keppist um að auka viðskipti sín í krafti góðrar og ódýrrar þjónustu. Þau hamla gegn framleiðsluaukningu hjá fyrirtækjum og draga þannig úr framleiðslu þjóðarinnar. Flest rök mæla því með því, að þau verði lögð niður og tekjuþörf sveitarfélaganna verði tryggð eftir öðrum og heppilegri leiðum.

Þá leggjum við flm. enn fremur til, að skattstigi verði lögboðinn einn og sá sami fyrir landið allt. Við álítum það grundvallarsjónarmið eitt réttlátt í skattamálum, að menn séu jafnir fyrir lögunum, hvar svo sem þeir eiga búsetu. Eins og löggjöf er nú háttað, fer því fjarri, að svo sé. Má sem dæmi nefna, að t. d. í Reykjavík er unnt að hafa tekjuútsvarsstiga á einstaklinga og veltuútsvarsstiga á fyrirtæki lægri en í öðrum kaupstöðum, aðallega vegna þess, að í Reykjavík eru útsvarsskyldar ýmsar stórar viðskiptamiðstöðvar, sem eiga viðskipti við landsmenn alla, en gjalda há útsvör í bæjarsjóð Reykjavíkur eingöngu.

Þá teljum við það skapa aukið öryggi fyrir gjaldendur, ef skattstigi er lögfestur og sérstakar lækkunarástæður sömuleiðis, þannig að gjaldendum eigi að reynast auðvelt að sannreyna, hvort útsvar þeirra sé rétt á lagt.

Í sjötta lagi leggjum við svo til, að ríkisskattanefnd sem æðsta úrskurðarvald í skattamálum verði breytt í stjórnvaldadómstól og verði deilur um skattupphæðir sóttar þar og varðar á svipaðan hátt og gert er fyrir venjulegum dómstólum.

Í sjöunda lagi er lagt til, að viðurlög við skattsvikum verði þyngd frá því, sem nú er. Það er trúa mín, að sömu eða svipaðri heildarupphæð ríkisskatta og sveitarskatta megi ná eins og nú er gert, jafnvel þótt hinn sameiginlegi skattstigi yrði eitthvað lækkaður og veltuútsvör felld niður, ef tryggt yrði, að tekjur og eignir yrðu rétt fram taldar. Til þess að svo verði, þarf að minu viti breyttar starfsaðferðir hjá skattyfirvöldum, þ. e. a. s. meiri vinnu þarf að leggja í athugun á rekstrarframtölum en nú er gert, og þar að auki þarf að þyngja viðurlög við skattsvikum.

Í 8. og síðasta lagi er lagt til, að innheimta sveitarskatta og ríkiskatta verði færð á eina hönd í hverju skattumdæmi. Ætti við þá breytingu að geta orðið verulegur vinnusparnaður og innheimtan

gerð ódýrari en nú er, án þess að innheimtan tefjist á nokkurn hátt frá því, sem nú er.

Að lokum er svo lagt til, að skattar verði innheimtir með tímabilsgreiðslum. Er slíkt til mikilla þæginda fyrir gjaldendur.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Framleiðslu- og framkvæmdaáætlun.

Á deildafundum 31. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um undirbúning löggjafar um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þjóðarinnar [83. mál] (A. 92).

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Við höfum átta þm. úr Framsfl. leyft okkur að flytja á þskj. 92 till. til þál. um undirbúning löggjafar um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þjóðarinnar. Vil ég nú leyfa mér að gera grein fyrir þessu máli og þeim ástæðum, sem við flm. teljum vera til þess að taka upp þá starfsemi, sem hér er um að ræða.

Hér í höfuðstaðnum eru í smíðum tvö stórhýsi á vegum íslenzkra aðilla í heilbrigðismálum, landsspítalinn nýi og bæjarspítalinn í Fossvogi. Vinna við þessi hús bæði var, að mig minnir, hafin samtímis vorið 1953. Þau eiga að hafa rúm samtals fyrir 400 sjúklinga, þegar byggingu þeirra er lokið. Nú eftir 7 ár virðist hvor tveggja framkvæmdin eiga langt í land. Segjum, að þeim verði báðum lokið að fullu eftir 8 ár, sem raunar mun ekki verða, byggingin mun taka lengri tíma, en segjum það, að þeim verði báðum lokið að fullu eftir 8 ár og komi þá að notum samtímis. Í 8 ár er þá búið að verja til þessara tveggja nauðsynjaframkvæmda hvorrar fyrir sig nokkrum tugum milljóna. Þetta fé hefur verið lagt fram smátt og smátt, og engin króna kemur að notum fyrr en eftir 8 ár. Ef annað hvort húsið hefði verið látið sitja fyrir, hefði það verið fullgert eftir 4 ár. Þá var hægt að byrja á hinu og það hefði með því móti komið jafnsnemma að notum og það gerir nú. En með því að kljúfa verkið hefur þjóðin verið án eins fullkomins sjúkrahúss með 200 sjúkrarúmum í 4 ár, sjúkrahúss, sem hún hefði getað haft til afnota þennan 4 ára tíma, án þess að það hefði nokkurn aukastofnkostnað í för með sér. Hér er um að ræða annars vegar framkvæmd tveggja aðila, sem stefna að sama marki án samvinnu um árangur, hins vegar um framkvæmdaáætlun, sem þjóðfélagið hefði haft hag af. Ég tek þetta aðeins sem dæmi, en þau eru mörg. Og þá munu menn t. d. bæta við og segja, að þetta sama eigi sér stað t. d. um vegagerð og hafnargerðir. Eitthvað kann að vera til í því, en þar er þó sá munur á, að vega- og hafnarframkvæmdir koma yfirleitt að nokkru gagni jafnóðum og þær eru gerðar.

Ég skal nefna fleiri dæmi, sem koma þessu máli við. Fjölskylda verður að fresta byggingu íbúðarhúss, þegar það er komið undir þak, sakir fjárskorts, byrjar aftur eftir 1—2 ár. Í þessi eitt til tvö ár glatar hún vöxtum af fé sínu, og í landinu er þeirri eða þeim íbúðunum færra í eitt til tvö ár. Bóndi, sem gæti heyjað fyrir 200 ám og hirt þær, hefur ekki nema 100, af því að hann vantar stofnfé til að auka bústofninn. Af þessu er tjón, bæði fyrir þjóðfélagið og bóndann. Byggðarlag fer í eyði, af því að þar vantar veg eða höfn, og áunnin verðmæti í byggðarlaginu eyðileggjast, af því að það fer í eyði. Kannske hefði það ekki farið í eyði, ef menn hefðu vitað, að von væri á höfninni eða veginum eftir 2, 3 eða 4 ár eða svo og að því mætti treysta.

Ég hef stundum verið að fara yfir aðalmanntalið frá 1950. Síðan er margt breytt. Nú er að því komið að taka nýtt aðalmanntal á þessu ári. En þó er það enn íhugunarefni, sem þar stendur í þessu aðalmanntali frá 1950. Þar stendur m. a., að 9.7% af þjóðinni stundi eða hafi framfæri af fiskveiðum, og er fiskverkun þá auðvitað ekki meðtalin, og nærri eins margir, eða 9.1%, af verzlun. 14.2% stunda eða hafa framfæri af þjónustustörfum svonefndum. Þá eru taldir opinberir starfsmenn, skemmtikraftar o. fl. Ég ætla ekki að ræða þessar tölur, en þjóðin gerir lítið til að skipuleggja vinnuafl sitt, gerir sér yfirleitt sem slík ekki nákvæma grein fyrir því, hvernig hún ver kröftum sínum. Hún gerir sér sem slík ekki heldur nægilega grein fyrir, hvernig hún geti eða vilji verja kröftum sínum og fjármunum á komandi árum eða hve mikið fé sé hægt eða hagkvæmt að fá að láni hjá öðrum og til hvers á hverjum tíma eða hverja greiðslumöguleika erlend lán geti skapað.

Ég minnist þess og við minnumst þess sjálfsagt fleiri, að á stríðsárunum síðustu voru margir þeirrar skoðunar, að saltfiskur væri úr sögunni sem ein af aðalútflutningsvörum Íslendinga. Nú vantar þessa vöru. Nú vantar saltfisk í landinu til þess að fullnægja eftirspurninni erlendis, eftir því sem okkur er tjáð, á þessu ári. Þess má líka minnast, að stundum hafa verið uppi háværar raddir um oframleiðslu á kjöti eða mjólk. Nú er sýnt, að þessi framleiðsla þarf að aukast mjög á komandi árum til neyzlu innanlands og að allar líkur eru til þess, að hagkvæmt verði, að kjöt haldi áfram að vera útflutningsvara. Hér er sem sé enn eitt dæmið um það, að það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, sem fram undan er.

Fyrirhyggjusamir einstaklingar gera oft áætlun fram í tímann um atvinnurekstur sinn og framkvæmdir. Bæjar- og sveitarfélög gera nú yfirleitt fjárhagsáætlun fyrir eitt ár um tekjur og gjöld sín og fyrirtækja sinna, þótt sú áætlun sé að vísu stundum nokkuð lausleg. Alþingi semur fjárlög fyrir eitt ár í senn, en fjárl. eru áætlun um rekstur

ríkissjóðs og rekstur ríkisfyrirtækja, jafnframt því sem þau fela í sér ákvarðanir, sem hafa lagagildi. En mörg fyrirtæki og margir einstaklingar láta sjálfsagt undir höfuð leggjast að gera nokkrar slíkar áætlanir, sem því nafni geti nefnzt, og um starfsemi þjóðarinnar í heild hafa slíkar áætlanir fram í tímann almennt ekki verið gerðar. Á vegum ríkisins hefur þó í seinni tíð nokkrum sinnum verið stofnað til áætlunargerðar af þessu tagi, en í hvert sinn á takmörkuðu sviði, a. m. k. í reynd. Stundum hefur þá verið um það að ræða að gera tillögur um lausn mála, sem fólu í sér nokkra áætlun. Það er bezt að segja það eins og það er, að bæði hjá þingmönnum og ríkisstjórnum hefur oft komið fram talsverður áhugi fyrir því að setja á laggirnar áætlunarstarfsemi, en löngum hefur minna orðið úr en skyldi og stundum ekki mikil alúð við það lögð að fara eftir þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið. Hugmyndir manna um gildi áætlana af þessu tagi virðast oft hafa verið fremur óljósar. Þó að kosnar hafi verið og skipaðar nefndir til að gera áætlanir, hefur árangurinn yfirleitt orðið nokkuð í molum. Þó hygg ég, að sú áætlunarstarfsemi, sem átt hefur sér stað, hafi orðið til gagns og geti orðið til gagns fyrir þá, sem við þá starfsemi kunna að fást eftirleiðis.

Skipulagsnefnd atvinnumála, sem svo er nefnd, var skipuð af ríkisstj. árið 1934, og mun hún hafa starfað um tveggja ára skeið. Hún gaf út árið 1936 mjög ýtarlega grg., meira en 500 bls. að stærð í stóru broti, sem átti að vera fyrra bindi nefndarálits, en síðara bindið var aldrei prentað, og ég veit ekki, hvort handritið hefur geymzt. Þessi nefnd, skipulagsnefnd atvinnumála, fékk sér til ráðuneytis sænskan hagfræðing, Lindberg að nafni, og gerði hann allmargar ritgerðir fyrir nefndina, sem fyrirhugað var að prenta í öðru bindi nefndarálitsins. Í erindisbréfi þessarar nefndar, sem dagsett var 20. ágúst 1934, var henni m. a. falið, eins og það þar er orðað, „að koma fram með að rannsókn lokinni rökstuddar tillögur og sem nákvæmastar áætlanir um aukinn atvinnurekstur, framkvæmdir og framleiðslu í landinu". Í fyrra bindi nefndarálitsins eru líka margar tillögur, sem styðjast við áætlanir, sem nefndin gerði. Það væri freistandi að ræða það efni og bera saman við það, sem gerzt hefur síðan, en þetta rit er merk heimild um ýmislegt í þjóðarbúskap Íslendinga fyrir aldarfjórðungi og um áhugamál manna og fyrirætlanir á þeim tíma.

Árið 1942 kaus Alþingi milliþn. í raforkumálum. Sú nefnd átti m. a. að gera till. um „fjáröflun til að byggja rafveitur í því skyni að koma nægilegri raforku til ljósa, suðu, hitunar og iðnrekstrar í allar byggðir landsins á sem skemmstum tíma". Samkv. ályktun Alþingis um þetta mál átti jafnframt að rannsaka, „hvernig auðveldast sé að fullnægja raforkuþörf landsmanna hvarvetna í landinu". Þessi raforkumálanefnd frá 1942 gerði allsherjar rafvæðingaráætlun og áætlun um að tengja saman orkuver í ýmsum landshlutum með háspennulínum og sömuleiðis um byggingu nýrra raforkuvera, en raforkuver voru þá færri og minni en þau eru nú. Upp úr þessu var svo sett raforkulöggjöf. En ég kem að þessum málum síðar.

Árið 1943 kaus Alþingi milliþn. til þess að gera „áætlanir og tillögur um framkvæmdir í landinu, þegar stríðinu lýkur", eins og það þar var orðað. Sú nefnd lét m. a. gera skýrslu um skiptingu þjóðartekna eftir atvinnuvegum, en ekki var sú skýrsla prentuð. Nefndin gerði líka áætlun um byggingu íbúðarhúsa að stríðinu loknu, og er sú áætlun prentuð í riti um byggingamálasýninguna í Reykjavík árið 1944. Þessi nefnd var lögð niður, þegar nýbyggingarráð tók til starfa 1944, og mun það hafa tekið við skjölum hennar og gögnum.

Nýbyggingarráð, sem svo var nefnt, var skipað af ríkisstj. árið 1944 og starfaði til 1947. Um það voru sett sérstök lög á Alþingi, nr. 62 27. nóv. það ár. Um það, þ. e. a. s. nýbyggingarráð, segir svo í 2. gr. laganna:

„Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðað við næstu 5 ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt væri fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum, með það fyrir augum að hagnýta sem bezt auðlindir landsins. Þá skal nýbyggingarráð gera áætlun um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi."

Nýbyggingarráði voru jafnframt falin önnur verkefni, sem áttu lítið skylt við áætlanagerð og hafa eflaust haft truflandi áhrif á áætlanagerðina. Svo fór, að hin fyrirhugaða 5 ára áætlun um það, sem kallað var nýsköpun þjóðarbúskaparins, var aldrei birt og mun ekki hafa verið samin. Mér er tjáð, að gerð hafi verið í nýbyggingarráði og hafi verið til í vélriti fiskveiðaáætlun og áætlun um flutninga milli Íslands og annarra landa og að skipakaup eða skipasmíði hafi átt að byggjast á þessum áætlunum, enn fremur skipasmíðaáætlun og mannaflaáætlun í sambandi við aukningu skipaflotans.

Fjárhagsráð tók við af nýbyggingarráði árið 1947. Það var föst stofnun, sem starfaði fram á árið 1954, að ég ætla. Í fjárhagsráði voru gerðar fjárfestingaráætlanir fyrir eitt ár í senn og skemmri tíma, eins og yfirleitt mun hafa tíðkazt í gjaldeyrisnefndum, en um áætlun lengra fram í tímann mun yfirleitt ekki hafa verið að ræða í fjárhagsráði.

Atvinnumálanefnd ríkisins, sem svo hefur verið nefnd, var kosin á Alþ. árið 1955 til að gera tillögur um „eflingu núverandi atvinnuvega og nýjar atvinnugreinar til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hagnýtingar náttúruauðæfa landsins." Þessari n. var m. a. einnig ætlað að gera tillögur um samræmingu ýmiss konar rannsóknarstarfsemi, og mun hún hafa haft samráð eða samvinnu við rannsóknaráð ríkisins, og hygg ég, að hún sé starfandi enn.

Atvinnutækjanefnd var skipuð af ríkisstj. haustið 1956 til þess að gera tillögur í atvinnumálum, einkum í þeim landshlutum, sem þar væru verst á vegi staddir, og fjallaði hún í reynd aðallega um atvinnulífið við sjávarsíðuna. Nefndin afgreiddi vorið 1958 þrjár áætlanir til ríkisstj., miðaðar við þessa landshluta. Skýrslur hennar um atvinnuástand og aðstöðu til atvinnurekstrar í bæjum og þorpum á Norður-, Austur- og Vesturlandi voru

prentaðar árið 1958 og sams konar skýrslur um bæi og þorp á Suðurlandi árið 1959.

Nú undanfarin ár hefur verið unnið að 10 ára áætlun um hafnarframkvæmdir í landinu samkvæmt ályktun Alþ. 26. marz 1958.

Þess má einnig geta, að árið 1954, ef ég man rétt, voru skipaðir til þess 2 menn af ríkisstj. að gera tillögur varðandi jafnvægi í byggð landsins, og má segja, að það nefndarálit, sem frá þeim mönnum kom, hafi verið að nokkru leyti í áætlunarformi.

Þá þykir mér rétt að vekja athygli á því, að árið 1950 var á vegum Stéttarsambands bænda gerð 10 ára áætlun um fjárfestingu landbúnaðarins, þ. e. a. s. um bústofnsaukningu, ræktun, byggingu útihúsa og íbúðarhúsa, véla- og verkfærakaup o. fl. þess háttar, svo og um lánsfjárþörf landbúnaðarins á sama tíma og um aukningu á framleiðslu landbúnaðarvara til útflutnings. Þessa 10 ára áætlun samdi Bergur Sigurbjörnsson viðskiptafræðingur, fyrrv. alþm., „í samráði við og með aðstoð" formanns Stéttarsambandsins og nokkurra annarra nafngreindra manna sérfróðra um þau efni, sem áætlunin fjallar um. Mér er ekki fullkunnugt um, að hve miklu leyti hlutaðeigandi aðilar hafa haft þessa áætlun til hliðsjónar, eftir að hún var gerð. Hún mun þó hafa verið allmikið notuð og endurnýjuð, t. d. í sambandi við lántökur erlendis. Þessi áætlun var birt í Árbók landbúnaðarins árið 1951. Nú, þegar áætlunartíminn er liðinn, er næsta fróðlegt að bera hana saman við það, sem skeð hefur í fjárfestingarmálum landbúnaðarins á árunum 1951—60. Ég vek athygli á því, að hér er um framkvæmdaáætlun að ræða, en ekki framleiðsluáætlun, þ. e. a. s. áætlun um framleiðslu landbúnaðarafurða, nema að því er varðar aukningu á útflutningi þessara vara. Þó má segja, að í bústofnsáætluninni felist einnig a. m. k. lausleg áætlun um framleiðsluna.

Árið 1954 var stofnað til þess með lögum, að gerð væri 10 ára áætlun um rafvæðingu landsins. Jafnframt var lögfest útvegun lágmarksfjármagns til áætlunarinnar, 250 millj. kr., og upphæð hvers árs á þessu 10 ára tímabili. Framkvæmdaáætlunin skyldi síðan samin, er nægileg sérfræðileg athugun lægi fyrir. Á sínum tíma var svo þessi framkvæmdaáætlun samin fyrir tímabilið 1954—63 og sundurliðuð eftir árum.

Í sambandi við undirbúning fjárlaga, sem ég vék að áðan, hafa hinar sérstöku stofnanir ríkisins gert áætlanir til eins árs í senn um starfsemi sína, sem auðvitað er á mjög afmörkuðum sviðum. Þá munu sumar þeirra einnig, t. d. landssíminn, að ég hygg, hafa gert framkvæmdaáætlanir fyrir nokkur ár í senn.

Á vegum Framkvæmdabanka Íslands hefur um nokkurt árabil verið unnið að skýrslu- og áætlanagerð, og hefur hagdeild bankans haft það verk með höndum. Hér mun vera um að ræða ýmsar framkvæmda- og framleiðsluáætlanir til skamms tíma, svo og skýrslur um þjóðartekjur. Þetta verk mun öðrum þræði hafa verið unnið vegna þátttöku Íslands í efnahagssamvinnu Evrópu og að einhverju leyti við hana miðað.

Ég hef talið það sjálfsagt og ómaksins vert að rifja upp fyrir hv. alþm., að vísu mjög lauslega, það, sem gerzt hefur í þessum málum. Þetta stutta yfirlit sýnir, að allmiklu starfi hefur á undanförnum áratugum verið varið til að gera sér grein fyrir verkefnum framtíðarinnar, og í því sambandi hefur oft verið um að ræða áætlanagerð á takmörkuðu sviði, þó að form þeirrar áætlunargerðar hafi sjaldnast verið með föstu sniði. En þessi starfsemi hefur verið í brotum, samhengi vantað, tilgangurinn oft ekki svo ljós sem skyldi. Nefndir hafa verið settar á laggirnar, verkefni þeirra ákveðin, oftast hér á Alþingi með skyndisamþykktum, án þess að þær hafi verið eins rækilega undirbúnar og vera þarf, ef áætlunarverk á að koma að fullum notum.

Við flm. þáltill. teljum, að hér eigi nú að verða breyting á og að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir, hvernig vinna beri að áætlunum og hver megintilgangur áætlanagerðar eigi að vera. Í tillögu þeirri, sem hér liggur fyrir á þskj. 92, er gert ráð fyrir, að skipuð verði fimm manna nefnd, bankastjóri Framkvæmdabankans og einn maður tilnefndur af hverjum þingflokki. Verkefni þessarar fimm manna nefndar á samkvæmt till. að vera að undirbúa löggjöf um það, hversu semja skuli fyrir ár hvert og fyrir nokkur ár í senn áætlun um framleiðslu og framkvæmdir í landinu. Samkv. tillgr. er nefndinni ætlað að hafa þrjú sjónarmið í huga, þegar hún gerir tillögur sínar um, hvernig áætlanir skuli semja. Í fyrsta lagi það, að framleiðslu og framkvæmdir þurfi að miða við vöxt þjóðarinnar. Í öðru lagi við það, að þjóðin verði á framfaraleið. Og í þriðja lagi, að þjóðin þurfi að byggja upp land sitt og að jafnvægi eigi að vera í byggð landsins. Þessari nefnd er ekki ætlað að gera áætlanir. Henni er ekki ætlað að starfa langan tíma. En við teljum, að áætlunargerð um þessa meginþætti þjóðarbúskaparins sé svo vandasöm og svo mikið undir henni komið, að áður en byrjað er að vinna að henni, eigi að setja um hana sérstaka löggjöf, setja um það sérstaka löggjöf, hvernig hún eigi að vera og hvernig að henni skuli unnið. Við teljum vafasamt, að það sé á færi Alþingis nú að setja slíka löggjöf. Það mál þarf að ræða við sérfróða menn hér á landi, hagfræðinga, og svo er fyrir að þakka, að við eigum nú orðið mörgum vel lærðum hagfræðingum á að skipa, sem einmitt á því sviði geta orðið að miklu liði. En það er líka full ástæða til þess, að nefndin kynni sér áætlanagerð með öðrum þjóðum, ekki síst hjá þeim þjóðum, sem mesta reynslu hafa á þessu sviði. Það þarf ekki að þýða, að við teljum æskilegt að taka upp stjórnarfar þeirra eða vinnulag að öðru leyti. Og þó að reynt sé að fá þjóðarheildina til að vinna eftir áætlun eða með hliðsjón af áætlun, þarf það ekki að hafa í för með sér að innleiða almennt sérstök rekstrarform í atvinnulífinu, t. d. ríkisrekstur. Áætlun um framleiðslu og framkvæmdir þjóðarinnar getur verið ríkisrekstraráætlun, eins og hún er í sumum löndum, en hún getur alveg eins verið áætlun um einkarekstur eða blandaðan rekstur. Það er hægt að gera áætlun um þróun atvinnugreinanna í slíkum rekstri, og það er hægt að stuðla að því á ýmsan hátt, að einstaklingar og fyrirtæki hafi eðlilega hliðsjón af gerðri áætlun, þjóðaráætlun eða landsáætlun, sem miðuð er við, að þjóðinni

fjölgi, að hún haldi áfram á braut framfaranna og að byggð haldist við um land allt.

Það, sem fyrir okkur flm. vakir, er, að athugaðir verði möguleikar á því að gera áætlanagerð að föstum lið í starfsemi þjóðfélagsins, að ekki verði látið nægja eins og hingað til að setja á laggirnar nefndir, sem starfa tímabundið á takmörkuðu sviði. Það er vandaverk að ákveða, hvernig slíkri starfsemi skuli hagað, svo að gagn verði að. Það er trúlegt, að ríkisstofnun þurfi að hafa stjórn þessa verks, en það er áreiðanlega heppilegast, að fleiri komi til, samtök fyrirtækja, atvinnustéttir, bæjar- og héraðsstjórnir, ríkisstofnanir o. fl. En það þarf að ákveða, hvað hverjum skuli ætlað að vinna og hvernig áætlunarefnið verði saman dregið. Í sambandi við slíka áætlunargerð þarf að skapast þjóðaráhugi á uppbyggingu framtíðarinnar, heilbrigður þjóðarmetnaður, heilbrigður metnaður stétta og atvinnugreina og byggðarlaga í þá átt að láta ekki sinn hlut eftir liggja við að efla þjóðarbú vort og gengi þeirra, sem í landinu búa.

Í till., sem fyrir liggur á þskj. 92, er gert ráð fyrir framleiðslu- og framkvæmdaáætlun fyrir ár hvert og lengri tíma. En það er ekki nóg að tala um áætlun. Menn verða að gera sér grein fyrir, um hvað áætlanir eigi að vera. Á þessar tvær áætlanir viljum við benda sem meginþætti, þ. e. a. s. framleiðsluáætlunina og framkvæmdaáætlunina. En það kemur af sjálfu sér, að ef unnið er að slíkum áætlunum, munu fleiri áætlanir koma til, eins og vikið er að í grg. till. Það þarf að gera áætlanir um vinnuafl þjóðarinnar á hverjum tíma, um fjármagn, gjaldeyri, neyzluáætlun o. fl. Um það ræði ég ekki nánar á þessu stigi, enda skortir mig til þess sérfræðilega þekkingu að leggja á ráðin um það efni. Þar þurfa hagfræðingarnir að koma til sögunnar.

Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að áætlanir, eins og hér er aðallega um rætt, framkvæmda- og framleiðsluáætlun, hvort sem hún nær langt eða skammt fram í tímann, er hægt að gera á tvennan hátt fyrst og fremst. Það er hægt að gera líkindaáætlun, sem svo mætti nefna, eins konar veðurspá, þar sem dregnar eru líkur af reynslu og reynt að gera sér grein fyrir, hvað gerast mundi, án þess að sá aðili, sem áætlunina gerir, ætli sér sjálfur að hafa á það veruleg áhrif eða gera tillögur um ráðstafanir. En það er líka hægt að gera það, sem ég vildi kalla frumkvæðisáætlun, þ. e. a. s. áætlun, sem að meira eða minna leyti er byggð á tillögum þeirra, sem áætlunina gera. Þarna mundi vinnubrögðum sjálfsagt verða hagað nokkuð eftir stjórnarstefnunni á hverjum tíma. En það, sem fyrir okkur flm. vakir, kemur fram í orðalagi tillgr. á þskj. 92. En jafnvel þótt aðeins sé farin hin fyrri leið, að eingöngu sé um líkindaáætlun að ræða, hefur hún eigi að síður mikilvægu hlutverki að gegna. Það mætti líkja slíkri áætlun við vörður á fjallvegi, þar sem ókunnugir eiga leið um. Áætlun af hinu tagínu, frumkvæðisáætluninni, má e. t. v. fremur líkja við það, þegar verkfræðingur markar fyrir nýjum vegi.

Ég veit, að margir hafa verið og eru vantrúaðir á gildi áætlana. Á það er bent, að erfitt sé að fara eftir áætlunum og því erfiðara sem þær eiga að ná lengra fram í tímann. Og það er rétt. Hér á þessu veðrasama landi hefur þó verið lagt í það fyrir löngu að láta strandferðaskip sigla eftir áætlunum, sem gerðar eru ár fram í tímann, og allir telja það nú sjálfsagt. Erlendis hafa járnbrautarlestir lengi farið svo nákvæmlega eftir áætlunum, að varla skakkar um mínútu á hverjum stað. án áætlana færu allar samgöngur úr skorðum, á landi, sjó og í lofti, bæði hér og annars staðar. Til þess að áætlanir í samgöngum standist, þarf auðvitað að samræma starf fjölda fólks, og yfirleitt verður niðurstaðan sú, að hver leysir af hendi það, sem honum er ætlað. Og sjálfsagt fer áætlunartækninni fram eins og annarri tækni í veröldinni, líka hér á landi.

Það má segja, að staðhættir séu slíkir hér á landi, að erfitt sé að gera áætlanir um atvinnulíf og framleiðslu, því að hér sé svo mikið undir duttlungum náttúrunnar komið. Öðru máli gegni um þau lönd, þar sem byggt er fyrst og fremst á iðnaði og framleiðslugetu, sem hægt sé að reikna út fyrir fram. Svipuð er sjávarafli, segir máltækið, og mestöll útflutningsframleiðsla Íslendinga byggist á sjávarafla. Sjávaraflinn við Ísland er þó ekki svipulli en svo, að sá afli, sem minnstur verður hér, mundi þykja ágætur hjá sumum öðrum þjóðum, sem fiskveiðar stunda. Og mismunur á afrakstri íslenzks landbúnaðar eftir árferði mun nú orðið ekki vera miklu meiri en gengur og gerist í öðrum löndum, þar sem landbúnaður er stundaður. Ég fer ekki nánar út í það. Þess er líka að geta, að þó að sjávarútvegurinn framleiði nú yfir 90% af útflutningsvörum landsmanna, þá er ástæða til að ætla, að það hlutfall breytist á komandi tímum, ekki þannig, að útgerð dragist saman, því að hún mun fara vaxandi a. m. k. fyrst um sinn, og það er fráleitt að láta sér detta í hug, að þjóðin eigi að hverfa frá fiskveiðum eða draga úr þeim fyrst um sinn, þó að þær geti verið áhættusamar. En það er jafnframt sennilegt, að útflutningur landbúnaðarvara eigi fyrir höndum að aukast og að þjóðin muni á komandi tímum flytja út iðnaðarvörur, sem ekki eru fluttar út nú. Hjá því getur varla farið, að hér verði komið á fót stóriðnaði, kannske í smáum stíl, miðað við það, sem tíðkast hjá stórþjóðunum, en stóriðnaði þó. Þessi fámenna þjóð, með fáar vinnuhendur, samanborið við vinnuhandafjölda annarra þjóða, mun ekki til lengdar neita sér um það að þiggja þann liðsauka, sem landið sjálft býður fram í orku fallvatnanna. Þann dag, sem sá liðsauki verður þeginn, verður þjóðin höfði hærri en hún er nú á sviði tækninnar, og að því mun koma. En mikið er undir því komið að sjálfsögðu, að þar verði ekki of greitt úr hlaði riðið, að ekki verði hrapað að því að gera allt í einu og að hafizt sé handa á réttum stað, svo að ekki raskist jafnvægi í byggð landsins. Þær framkvæmdir, sem þar verður um að ræða, þarf að hefja samkvæmt áætlun, og þá munu þær líka gera þjóðinni auðveldara en áður að láta aðrar áætlanir sínar standast.

Þó að okkur flm. séu ljósir margir og miklir erfiðleikar við að gera áætlanir og fara eftir þeim, getum við ekki komizt hjá því hér á Alþ. að viðurkenna hinar nýju staðreyndir vorra tíma.

Það er staðreynd, sem varla verður dregin í efa, að þjóðum, sem ekki verður talið að standi á hærra menningarstigi en Íslendingar, jafnvel þjóðum, sem að margra dómi búa við óæskilegt stjórnarfyrirkomulag, hefur, að því er virðist, a. m. k. að verulegu leyti tekizt að framkvæma áætlanir, sem gerðar hafa verið til margra ára, og að áætlanirnar hafa lyft þjóðarbúskap þeirra á hærra stig en hann hefði verið að öðru óbreyttu.

Því hefur stundum verið haldið fram, að áætlanagerð geti í ýmsum tilfellum lagt hömlur á framtak í atvinnulífi og framkvæmdum. Þetta fer auðvitað nokkuð eftir því, hvers eðlis þær áætlanir eru, sem gerðar eru. Sé eingöngu eða fyrst og fremst um líkindaáætlanir að ræða, verður engin ástæða til að óttast slíkt. Slík áætlun er til leiðbeiningar, til að hjálpa mönnum til að átta sig, og enginn hefur á móti veðurspá, menn vilja bara hafa hana sem réttasta. Ef áætlunin hins vegar felur í sér fyrirmæli, verkstjórn, íhlutun um dreifingu fjármagns eða þvílíkar aðgerðir að meira eða minna leyti, þá má segja, að ekki geti hver farið sínu fram. En slík áætlun felur líka í sér nokkurt öryggi fyrir þá, sem á þjóðarbúinu vinna eða þar hafa forsjá og framtak á einhverjum stað eða einhverju sviði, ef að henni er unnið á réttan hátt.

Þjóðinni fjölgar nú ört. Íbúar landsins munu að líkindum verða 375 þúsundir eftir 40 ár, þ. e. a. s. um næstu aldamót. Þjóðin er á framfaraleið og vill áreiðanlega halda áfram á þeirri leið. Landið okkar góða bíður eftir sinni stóru framtíðarþjóð, og það býr yfir miklum möguleikum til þess að fóstra þá þjóð. Þeir möguleikar eru ekki bundnir við einhvern lítinn hluta landsins. Þeir möguleikar eru, að telja má, um land allt, — og menningarþjóð, sem á heilbrigðan þjóðarmetnað, ann ættjörð sinni og vill vera sjálfstæð, mun vonandi aldrei gera áætlanir um að leggja land sitt eða landsbyggðir í eyði. Landið og miðin umhverfis það búa yfir miklum möguleikum. En vinnuafl og fjármagn á sér takmörk. Nauðsyn ber til þess að dómi okkar flm., að þjóðin og þeir, sem forustu hafa í málum hennar, geri sér grein fyrir því á hverjum tíma með nokkrum fyrirvara, að hverju skuli stefna í framleiðslu og framkvæmdum og hvernig þeim skuli hagað, hvað óhjákvæmilegt sé og æskilegast, hvað helzt megi bíða og hvers vænta megi, ef með forsjá er á málum haldið. Með þetta í huga er sú tillaga flutt, sem hér liggur fyrir. Og að öllu athuguðu væntum við flm. þess, að Alþingi geti á það fallizt, að unnið verði að því að undirbúa þá löggjöf um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þjóðarinnar, sem hér er um að ræða og fyrir liggur á þskj. 92.

Ég legg svo til, að till. verði vísað til hv. fjvn.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 30. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, snertir mikilvægt þjóðhagslegt vandamál og er því að mínu áliti þess fyllilega verð, að henni sé veitt athygli og hún rædd, hvaða skoðanir sem menn annars kunna að hafa á því, hvort úrræði þau, sem þar er bent á, séu líkleg til að leysa þann vanda, sem við er að etja. En á því er ekki vafi, að misheppnuð fjárfesting er a. m. k. eitt af þýðingarmestu sjúkdómseinkennum þeirra meinsemda, sem við hefur verið að etja í efnahagsmálum okkar, ef ekki ein af grundvallarorsökum vandans.

Við Íslendingar höfum lengst af, frá því er seinni heimsstyrjöldinni lauk, varið stærri hluta af þjóðartekjum okkar til fjárfestingar en gerzt hefur meðal nágrannaþjóða okkar, sem margar hverjar hafa þó orðið á þessum tíma að byggja atvinnulíf sitt upp úr rústum heimsstyrjaldarinnar. Tilgangur þessarar miklu fjárfestingar, sem hér hefur átt sér stað, hefur auðvitað verið sá að búa í haginn fyrir aukna velmegun þjóðarinnar eða bætt kjör almenningi til handa, því að sannar framfarir hljóta auðvitað fyrst og fremst að vera fólgnar í bættum kjörum. En hver hefur árangurinn orðið í þessu efni? Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að vitna til fskj. með frv. til laga um áætlunarráð ríkisins, er hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, hefur flutt, en í þessu fskj. er tafla, sem sýnir þróun kaupmáttar tímakaups á árabilinu frá 1945 til 1959, eða frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk og til ársins 1959. Samkvæmt þessari töflu er kaupmáttur tímakaupsins að meðaltali árið 1959 99.8 stig, miðað við 100 árið 1945, þannig að á þessu tímabili hefur kaupmáttur tímakaupsins lækkað um 0.2 stig. Á sama tíma má gera ráð fyrir því, að kaupmáttur tímakaups hafi í nágrannalöndum okkar aukizt um allt að því 50%.

Nú er mér að vísu fyllilega ljóst, að kaupmáttur tímakaupsins og breytingar, sem verða á honum, eru ekki einhlítur mælikvarði á kjör launþeganna. Þar kemur auðvitað fleira til greina, eins og breytingar, sem kunna að verða á bótum samkvæmt almannatryggingum, enn fremur skattamál og síðast, en ekki sízt atvinnuástandið. Allir þessir þættir hafa auðvitað einnig meiri eða minni áhrif á raunverulega kjör launþeganna. En með tilliti til þess, að ekki hafa orðið stórvægilegar breytingar á þessum atriðum á því tímabili, sem hér er um að ræða, ætti kaupmáttur tímakaupsins að gefa nokkurn veginn til kynna þá breytingu, sem orðið hefur á raunverulegum lífskjörum. Hins vegar er rétt að taka það fram, þó að það sé auðvitað aukaatriði í þessu sambandi, að það mundi vera villandi að miða við kaupmátt tímakaupsins, ef sýna ætti þróun kjaranna á því ári, sem nú er að líða, því að eins og kunnugt er, þá hafa jafnhliða þeim verðhækkunum, sem orðið hafa og auðvitað hafa leitt til talsverðrar rýrnunar á kaupmætti tímakaupsins, verið gerðar ráðstafanir til þess að stórauka bætur samkvæmt almannatryggingum og lækka skatta.

Annað atriði kemur auðvitað líka til í þessu sambandi, nefnilega það, að vísitalan hefur að undanförnu verið slæmur mælikvarði á verðlagið. En ekki er þó ástæða til þess að ætla, að þær útreikningar, sem hér hafa verið gerðir, gefi skakka mynd af þróuninni í þeim efnum, eða að því leyti, sem svo væri, mætti frekar ætla, að rýrnun kaupmáttar launanna væri meiri en niðurstaðan bendir til, vegna þess að eins og kunnugt er hefur sú leið gjarnan verið farin til þess að halda verðlag-

inu í skefjum að reyna að halda verði á þeim vörum, sem sérstaka þýðingu hafa í vísitölunni, í skefjum á kostnað þess, að verðlag á öðrum vörum hefur hækkað. Niðurstaðan af þessu, samanborið við þá þróun, sem orðið hefur í okkar nágrannalöndum, er því vissulega dapurleg.

Nú er það ekki svo, að ekki hafi á því tímabili, sem hér er um að ræða, orðið verulegar grunnkaupshækkanir. Þær hafa orðið hvað eftir annað, en samt sem áður hefur kaupmáttur tímakaupsins ekki aukizt. Allar tilraunir launþeganna til þess að rétta hlut sinn í þessu efni með grunnkaupshækkunum hafa runnið út í sandinn, eða m. ö. o. kauphækkanirnar hafa verið teknar til baka með hækkunum á tollum og sköttum, gengislækkunum og öðru, þannig að launþegarnir hafa orðið að greiða allar kauphækkanirnar úr eigin vasa. Það er nú stundum sagt við þessu, að ástæðan til þess, að árangurinn af kjarabaráttu verkalýðsins hefur orðið svo lítill sem raun er á, sé sá, að óvinveitt stjórnarvöld hafi meira eða minna að óþörfu gert sér leik að því að taka aftur allar þær kjarabætur, sem á hafa unnizt með samningum um hærra grunnkaup, þannig að hér sé um að kenna illvilja stjórnarvaldanna. Að þetta getur ekki staðizt út af fyrir sig held ég sé auðveldast að sanna með því að vísa til ferils vinstri stjórnarinnar í þessum efnum.

Eins og kunnugt er, urðu miklar kauphækkanir á árinu 1955. Óbein afleiðing þessara kauphækkana og verðhækkana, sem af þeim leiddi, varð, eins og kunnugt er, að stofnað var til nýrra kosninga og ný stjórn settist að völdum. En frá sjónarmiði þeirra manna, sem einmitt hafa haldið þessu fram, að það sé vegna illvilja stjórnarvaldanna, að allar kauphækkanir hafa runnið út í sandinn, ætti slíkum illvilja ekki að hafa verið til að dreifa hvað þessa ríkisstj. snertir. En hvernig fór svo með þær kjarabætur, sem áunnizt höfðu í verkfallinu 1955, eftir að vinstri stjórnin tók við völdum? Ein af fyrstu aðgerðum þessarar ríkisstj. var sú að setja bráðabirgðalög um vísitöluskerðingu í ágúst 1956. Ég var áheyrnarfulltrúi fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja á Alþýðusambandsþinginu 1956, og man ég, að á því þingi var útbýtt skjali, þar sem gerð hafði verið athugun á kaupmætti launanna frá því fyrir verkfallið 1955 og til haustsins 1956. Niðurstaðan varð sú, að kaupmáttur launanna væri þá 7% meiri en hafði verið fyrir verkfallið 1955, eða með öðrum orðum, niðurstaðan af þessari rannsókn var sú, að allt það, sem verkamenn höfðu áunnið með þessu verkfalli, umfram það, sem atvinnurekendur buðu í upphafi verkfallsins, en það voru 7% kjarabætur, hafði verið tekið aftur vegna vísitöluskerðingarinnar, enda lætur það mjög nærri, þar sem kauphækkanirnar voru 10%, en vísitöluskerðingin 6 stig eða um 3% af launum, að af þessum 10% voru tekin 3, þannig að eftir var nákvæmlega það, sem atvinnurekendur höfðu boðið í upphafi verkfallsins, eða m. ö. o., að hér var viðurkennt, að það, sem á hafði unnizt í verkfallinu, var þegar tekið aftur á fyrstu dögum vinstri stjórnarinnar. Þetta var þó ekki talið nægja, heldur var nokkrum mánuðum seinna sett sú löggjöf, sem kölluð hefur verið „jólagjöfin", þar sem lagðar voru á nýjar álögur, sem námu einum 2—3 hundruðum millj. kr. Enn var þetta þó ekki nóg, því að vorið 1958 var sett bjargráðalöggjöfin, sem þýddi verulegar nýjar álögur, og haustið 1958 var ástandið þannig að dómi þessarar ríkisstj., að í áliti, sem útbýtt var á Alþýðusambandsþingi 1958, var því haldið fram, að allt að því 8—14% kjaraskerðing í viðbót við þá, sem orðin væri, væri óhjákvæmileg.

Ég er ekki að hreyfa þessu vegna þess, að ég sjái sérstaka ástæðu til þess í sambandi við þetta mál að deila á vinstri stjórnina. Framsöguræða hv. 1. flm. fyrir þessari þáltill. var málefnaleg og ekki deilt á neinn. En ég rek þessa þróun aðeins því til sönnunar, að það er ekki nóg til þess að skapa grundvöll fyrir bættum kjörum, að skipt sé um ríkisstj., ef efnahagsmálastefnan er óbreytt. Það er fjarri mér að halda því fram, að þeir, sem áttu sæti í þeirri hæstv. ríkisstj., m. a. hv. 4. landsk., hafi gert það með sérstakri ánægju að taka þannig aftur allar þær kjarabætur, sem áunnizt höfðu í því verkfalli, sem óbeint kom þessari ríkisstj. til valda. Nei, en þessi ríkisstj. stóð eins og svo margar aðrar gagnvart því, að það var ekki um nema tvo kosti að velja, annaðhvort að gera þessar kjaraskerðingarráðstafanir eða að láta atvinnuvegina stöðvast, og þá var fyrri kosturinn talinn betri. Það er því ekki rétt skýring á þeirri ömurlegu þróun hvað snertir kjör launþeganna, að það sé eingöngu vegna illvilja stjórnarvaldanna, að baráttan hefur orðið svo árangurslítil. Önnur skýring er sú, að grundvallarorsök þess, að árangur framfaraviðleitni okkar hefur orðið svo lítill sem raun er á, sé skipulagsleysi í fjárfestingu, og sú þáltill., sem hér liggur fyrir, ásamt frv. hv. 3. þm. Reykv. um áætlunarráð, byggir m. a. á þeirri skoðun. Þessi skýring er auðvitað til mikilla muna málefnalegri en sú, sem ég hef rætt. Og það er ekki vafi á því, að í þeim efnum þarf endurbóta við.

Ég hygg, að það sé ekki ágreiningur um það milli þeirra stjórnmálaflokka, sem fulltrúa eiga á hv. Alþingi, að æskilegt sé og jafnvel nauðsynlegt að koma á þjóðhagsáætlanagerð í einhverri mynd. Þetta er m. a. eitt þeirra atriða, sem nefnd voru í þeirri stefnuyfirlýsingu, sem hæstv. núv. ríkisstj. gaf út, áður en hún settist að völdum. Til framkvæmda hefur það þó ekki komið enn þá og mun því valda skortur á upplýsingum og annarri aðstöðu til þess að semja slíkar áætlanir. En séu gerðar slíkar þjóðhagsáætlanir, hlýtur það að verða liður í slíku, að einhver heildaráætlun sé gerð um þá fjárfestingu, sem má eiga sér stað í þjóðfélaginu, til þess að það fari ekki úr skorðum. Hve viðtæk slík áætlanagerð eigi að vera og hvernig henni eigi að koma fyrir í einstökum atriðum, getur auðvitað verið ágreiningsmál, en varla hitt, að þetta þurfi í einni eða annarri mynd að gera. Það er líka að mínu áliti mjög athyglisverð hugmynd, sem kemur fram í frv. hv. 3. þm. Reykv. um áætlunarráð, að hér verði komið á fót efnahagsmálastofnun með beinni eða óbeinni aðild mikilvægustu hagsmunasamtakanna í landinu. Slíkum stofnunum hefur verið komið á fót hjá ýmsum okkar nágrannaþjóða með mjög góðum árangri, og ég tel þá hugmynd fyllilega athyglisverða og er í rauninni ekki í vafa um, að hún muni koma

til framkvæmda, áður en langt um líður, í einni eða annarri mynd.

En hvað sem þessu líður, — og þá kem ég raunar að því, sem var tilefni til þess, að ég stóð hér upp, — og þó að ekki verði komizt hjá því að taka upp einhvers konar stjórn á heildarfjárfestingu og það geti verið gott út af fyrir sig, þá ber að mínu áliti að vara mjög við þeirri skoðun, að með því að gera slíkar fjárfestingaráætlanir sé hægt að vinna bug á grundvallarorsökum meinsemda efnahagskerfisins. Þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, geta verið skynsamlegar út af fyrir sig, en það væri hættulegt að ætla að telja sér trú um það, að með slíku einu saman væri hægt að leysa þann vanda, sem við er að etja, því að grundvallarorsök þess, að framfaraviðleitni okkar undanfarin ár og áratugi hefur ekki borið þann árangur, sem æskilegt væri, er þess eðlis, að hún verður ekki upprætt með áætlanagerð.

Hver er þá kjarni efnahagsvandamálsins? Að mínu áliti er hann í stuttu máli sá, að efnahagskerfið hefur að undanförnu ekki örvað þá, sem framleiðslutækin reka og eiga, til þess að auka framleiðnina og bæta rekstur sinn, heldur hefur þetta jafnvel verið þvert á móti. Og þær vellur í efnahagskerfinu, sem þessu hafa valdið, eru einkum þrenns konar:

Verðlagið hér á landi hefur verið svo úr skorðum fært, að það hefur ekki verið réttur mælikvarði á það, hvers konar framleiðslustarfsemi sé afkastamest frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Má þar m. a. nefna hina röngu gengisskráningu og ýmislegt fleira. Í öðru lagi hefur uppbótakerfið verið öllum framförum fjötur um fót. Sem dæmi um þetta má m. a. nefna það, að ef litið er á útgerðina sem heild, þá bætir hún ekki hag sinn með því að innleiða sparnað í rekstri, afla nýrra markaða o. s. frv. Sé það gert, verður eðlilega sagt við útgerðarmennina af hálfu ríkisvaldsins: Úr því að ykkar framleiðslukostnaður hefur lækkað og það verð, sem þið fáið á erlendum mörkuðum, hefur hækkað, þá þurfið þið ekki á eins miklum uppbótum að halda og áður, þannig að uppbæturnar verða þá lækkaðar, þannig að slíkar ráðstafanir bæta ekki hag útvegsins. Sama máli gegnir í rauninni um bændurna. Samkvæmt lögum er ákveðið, að kaup þeirra eigi að svara til verkamannskaups, þeir eigi að fá það verð fyrir afurðir sínar, að þeir beri úr býtum sem samsvarar verkamannskaupi. Ef afkost aukast í landbúnaðinum, þá breytist það ekki, að bóndinn á eftir sem áður að fá verkamannskaup, svo að eðlilegt er þá og í fullu samræmi við skipulagið, að slíkar umbætur í rekstri komi aðeins fram í lækkuðu afurðaverði. Sama máli gegnir um kaupmenn og iðnrekendur. Ef þeir bæta rekstur sinn, verður sagt við þá af hálfu stjórnarvaldanna: Úr því að framleiðslukostnaður ykkar hefur lækkað, þurfið þið ekki sömu álagningu eða sama vöruverð og áður. Það er hér sem hundurinn liggur grafinn að mínu áliti. Efnahagskerfið í heild hefur verið þannig, að í stað þess að örva framfarir hefur það verið framförum fjötur um fót. Þriðja atriðið, sem hér má nefna, eru svo skattamálin. Jafnvel þó að atvinnurekendum hafi tekizt með sparnaðarráðstöfunum að auka tekjur sínar, hefur það fram að þessu verið svo, að meginhlutinn af því hefur verið innheimtur í skatta.

Meðan ekki hefur tekizt að ráða bót á þessum atriðum, þá er víst, að sama sagan mun endurtaka sig eins og verið hefur s. l. 15 ár, að allar tilraunir launþeganna til þess að bæta hag sinn verði árangurslausar og það óháð því, hverjir með völdin fara. Þetta er auðvitað óæskilegt, og ber brýna nauðsyn til þess, að úr því verði bætt. En eina leiðin í því efni, þar sem grundvöllur raunverulegra kjarabóta hlýtur fyrst og fremst að vera aukin framleiðsla, er sú að koma á þeim lagfæringum á hagkerfinu, að atvinnurekendur verði hvattir til þess að auka framleiðni og framleiðsluafköst, en ekki beinlínis hindraðir í því.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er svo sjaldan, að það gefst hér tækifæri til þess að ræða með rökum um þau vandamál, sem fyrir liggja í okkar efnahagslífi, að það er rétt, einmitt vegna þeirrar ræðu, sem hv. 11. þm. Reykv. (ÓB) nú hélt, að taka þátt í þessum umr. Það er alltaf gott við hann að ræða um þessi mál, og mætti hæstv. ríkisstj. taka ofur lítið meira tillit til þess, sem hann hefur að leggja til málanna, heldur en hún yfirleitt gerir.

Það er vel farið, að einmitt þessi tillaga, sem hér hefur komið fram, verður til þess, að líka af hálfu fylgjenda stjórnarinnar sé rætt nokkuð almennt um þau mál, sem fyrir liggja. Og um leið og ég lýsi því yfir, að í þessari till., sem hér liggur fyrir, er að mínu áliti margt gott, þó að okkur gæti greint nokkuð á um það, á hvern hátt væri bezt að framkvæma þá hugsun, sem þarna liggur, þá vildi ég nota tækifærið, út af einmitt ræðu síðasta ræðumanns, til að athuga nokkuð betur um þessi mál.

Hv. 11. þm. Reykv. vildi halda því fram, að allar tilraunir launþega til þess að bæta sín kjör á undanförnum árum hefðu verið árangurslausar, og vitnaði þar m. a. til þeirrar töflu, sem ég hef birt með frv., sem liggur fyrir í Nd. og ég hef flutt um áætlunarráð ríkisins. Þarna gætir nokkurs misskilnings. Ef við vildum orða þetta nákvæmlega, mundum við segja þetta svo, að árangurinn af kaupgjaldsbaráttu launþega síðustu 18 ár hafi ekki orðið til að hækka hinn raunverulega kaupmátt launanna, heldur hafi þeir þurft að eyða allri sinni orku einvörðungu til þess að halda honum við og vart tekizt það. Ég vil taka þetta fram vegna þess, að það er nauðsynlegt, að þetta sé alveg greinilega skilgreint, af því að það er stundum verið að segja með þessu móti, að árangurinn af kaupgjaldsbaráttu, t. d. verkfallsbaráttu verkamanna, sé lítill. Það er alveg þvert á móti, hann er alveg stórkostlegur. Svo fremi sem þessi verkfallsbarátta hefði ekki verið, hvar mundi þá kaupið vera? Það væri ekki 20% fyrir neðan, eins og það var komið 1955, þegar lagt var út í stóra verkfallið, það væri 30—40% undir því, sem var 1942. M. ö. o.: eina rökrétta afleiðingin, sem hægt er að draga af þessu, að kaupgjaldsbarátta verkalýðsins á 18 árum hafi ekki orkað meira en varla að viðhalda kaupgjaldinu, er, að kaupgjaldsbaráttan hefði þurft að vera miklu meiri, verkföllin miklu tíðari og kauphækkanirnar miklu meiri

til þess að viðhalda þessu. Hins vegar mundi það, þegar allt væri athugað, ekki heldur vera rétt, vegna þess að sannleikurinn er sá, að það hefði ekki verið hægt að knýja fram raunverulega hækkun á kaupgjaldinu á þessum tíma og tryggja það með verkföllunum einvörðungu, hve tíð sem þau hefðu verið, svo fremi sem verkalýðurinn samtímis hefði ekki fengið veruleg áhrif á ríkisvaldið sjálft og þar með þá pólitík, sem rekin væri viðvíkjandi verðlagi og öðru slíku.

Það er alger misskilningur, sem fram kom hjá hv. 11. þm. Reykv., að í sambandi við ráðstafanir vinstri stjórnarinnar haustið 1956 hefði verið framkvæmd raunveruleg kauplækkun. Það sést alveg greinilega, hvernig orðið hefur um alla þróunina í þessum efnum og líka einmitt hvern árangur sjálf barátta, sem verkfallið 1955 flutti með sér, bar, að fram að 1955 er vísitala kaupmáttar tímakaupsins frá 84.7 upp í 90, miðað við 1945 sama sem 100, en eftir 1955 er hún 97.3, 97.2, 95.8, 96.8, hún er alltaf í kringum 96—97, og hækkar svo við verkfallin aftur 1958 og kaupgjaldshækkunina þá, þannig að það var ekki tekið neitt til baka þar, sem unnizt hafði 1955. Það eru aðeins þær sveiflur, sem verða í sambandi við verðlagsbreytingarnar. Það er þess vegna fjarri því, að verkföll hafi verið gagnslaus á þessum tíma, heldur hitt, að þau hefðu sem sé þurft að vera miklu meiri, ef með þeim einum saman hefði átt að vera hægt að áorka þessu.

En þá komum við líka um leið að því, sem var líka aðalinntakið í ræðu hv. 11. þm. Reykv., og það er, hvaða orsakir væru þarna raunverulega að verki, sem hefðu valdið því, að kjör launþega hefðu ekki batnað eins mikið og þeir þó hafa barizt, og þar rakti hann í fyrsta lagi: því væri haldið fram, að það væri illvilji stjórnarvalda, sem sé að þau með verðbólgu hefðu valdið því, að miklð hefði verið tekið þarna af launþegum. Við skulum nú skilgreina þessa orsök með hóflegum orðum. Það er rétt hjá honum, það er ekki illvilji stjórnarvalda endilega. Það er annað fyrirbrigði, sem þarna er að verki. Það fyrirbrigði er gróðalöngun stóratvinnurekenda. Löngunin til gróða, viðleitnin til þess að græða fé, er ein höfuðuppistaða í rekstri hjá einkaaðilunum í okkar þjóðfélagi. Og þessi viðleitni hjá þeim, sem út frá því þjóðfélagi, sem við lifum í, verður að álítast mjög eðlileg, kemur fram í því, að þegar verkamenn fá hækkað sitt kaup, þá leitast þessir atvinnurekendur við að halda sínum gróða eða jafnvel auka hann engu að síður. Vald þessara stóratvinnurekenda hefur ekki nægt til þess, að þeir gætu aukið sinn gróða með því beinlínis að lækka kjör eða kaupgjald verkalýðsins, lækka kaupgjald hans. Þeir hafa ekki heldur sýnt þann dugnað að auka gróða sinn með því að skipuleggja atvinnurekstur sinn betur eða reka hann í stærri stíl, fella saman smáfyrirtæki í stórfyrirtæki, eins og mjög er títt fyrirbrigði í þróun þess kapítalistíska þjóðfélags. Þeir hafa yfirleitt farið inn á eina leið, leið verðbólgunnar, jafnóðum sem verkamaðurinn eða launþeginn hefur fengið sitt kaup hækkað í peningum, hafa þeir rýrt gildi peninganna, skekkt mælikvarðann að sama skapi. Þetta hafa þeir einvörðungu getað gert í krafti þess, að þeir hafa haft valdið, ríkisvaldið og valdið yfir bönkunum. Og eins og ég hef oft bent á: af hverju hafa ekki útlendir atvinnurekendur farið inn á þessa leið, sem íslenzkum stóratvinnurekendum er svona gjörn? Af hverju fer ekki enskur kapítalismi inn á þessa leið? Vegna þess, — og það er grundvallarmunur, sem ég held einmitt að okkar hagfræðingar og líka okkar hagfræðiprófessorar ættu að athuga, ættu að rannsaka, — að lánsfé, sem í veltu er, t. d. í Bretlandi, er að mun miklu meira leyti en hér eign auðmannanna sjálfra. Auðmennirnir eiga bankana. Það, að sterlingspundið falli í verði, það er frá þeirra sjónarmiði alveg óþolandi fyrirbrigði. Það, að þeirra eigin mælikvarði í þessu sé falsaður, kemur vart til hugar, og það er slíkt neyðarúrræði, — a. m. k. alveg þangað til þeir grípa til slíks neyðarúrræðis, þá neita þeir því, að þeir muni nokkurn tíma gera slíkt. Auðmaðurinn í Bretlandi, sem á bankann og lánar út sína peninga, vill fá jafngóða peninga aftur. Auðmannastéttin sjálf gætir þess því, að peningarnir rýrni ekki í verði, heldur séu henni borgaðir til baka jafngóðir peningar og þeir, sem hún lánaði út. Hér á Íslandi gegnir þarna alveg gersamlega öðru máli. Sú auðmannastétt, sem hér á hlut að máli og er ein sterkasta valdastétt þjóðfélagsins, ræður bönkum, sem eru ekki hennar eign, heldur eign ríkisins. Í þessum bönkum er fyrst og fremst annars vegar það fé, sem ríkið leggur til sem veltufé og útvegar með sínu lánstrausti, og hins vegar sparifé almennings, þannig að þegar stóratvinnurekendavaldið hefur aðstöðu til þess að lána fé úr þessum bönkum, þá er það að lána fé, sem er annarra manna. Stóratvinnurekendurnir hafa þess vegna ekki höfuðáhuga fyrir því, að það séu jafngóðir peningar, sem þeir fá til baka, eins og þeir, sem þeir lánuðu út, því að þeir eru að lána út fé almennings í landinu og ríkisins, en ekki sitt eigið nema alveg í hverfandi mæli. Þess vegna hefur íslenzk auðmannastétt meira heldur en nokkur önnur auðmannastétt í okkar nágrannalöndum farið inn á þá leið að rýra með verðbólgu í sífellu gildi peninganna. Og ég held, að okkar hagspekingar og þeir, sem rannsakað hafa okkar hagsögu á þessum undanförnu árum, hafi allt of lítið skilgreint þessi fyrirbrigði og þessar orsakir.

Hitt spursmálið, um illvilja stjórnarvalda, — það er náttúrlega hægt að segja sem svo frá sjónarmiði eins verkamanns, sem er búinn að standa í sex vikur í baráttu til að fá sitt kaupgjald hækkað, — maðurinn, sem í hans augum ber ábyrgðina á því, að þetta er gert, það er máske viðkomandi ráðh. Verkamaðurinn skilgreinir máske ekki endilega þessi þjóðfélagslegu lögmál og þessa hagsmuni, sem þarna eru að verki, og honum finnst það illa gert að taka af sér part af kaupgjaldinu, sem hann hefur verið að vinna sér fyrir með harðri baráttu og mikilli vinnu, svo að það er ekkert undarlegt, þó að honum finnist það stundum, — alveg eins og okkar gömlu, góðu skáld í gamla daga voru oft að skrifa um það og yrkja mergjað, hve auðmennirnir væru vondir. Það er ákaflega eðlilegt, að menn leggi oft og tíðum fyrst og fremst siðferðilegan mælikvarða á einn verknað, í stað þess máske að fara að athuga næstum vísindalega ræturnar að því,

að menn skuli breyta svona, eins og t. d. auðmannastéttin gerir.

Þess vegna held ég, að fyrsta orsökin, ef við vildum halda okkur við þær orsakir, sem hv. 11. þm. Reykv. taldi upp, sé gróðalöngun atvinnurekendanna og sú aðferð, sem þeir hafa getað beitt vegna sinnar sérstöku aðstöðu hér heima til þess með verðbólgunni að ná aftur nokkru af því, sem þeir hafa tapað í verkföllunum.

Svo kom hv. 11. þm. Reykv. inn á aðra höfuðorsök, sem haldið væri fram, og það væri skipulagsleysið. Og það er alveg rétt hjá honum, að þar er um mjög þýðingarmikinn þátt að ræða, eins og við höfum oft verið sammála um. Hv. þm. sagði í því sambandi, að núv. ríkisstj. hefði á prjónunum áætlun í þessu efni og það stæði í hennar stefnuskrá, að áætlun um þessa hluti skuli gerð. Já, hún hefur nú verið fljótari að framkvæma aðrar áætlanir og önnur fyrirheit í sinni stefnuskrá en að gera áætlun um uppbyggingu í landinu. Og bágt á ég með að trúa því, að það sé fyrst og fremst skortur á upplýsingum, sem hefur staðið henni þar fyrir þrifum. Mér sýnist, að þá hagspekinga, sem hún hefur haft til að styðja sig við, hafi ekki skort upplýsingar um alla mögulega hluti, en hitt má vera, að þeir hafi ekki haft eins mikinn áhuga á að tína fram þær upplýsingar, sem gætu orðið til þess að undirbyggja og finna frekari rök en þegar hafa verið fundin fyrir áætlunarbúskap í landinu með heildaráætlunum um uppbyggingu atvinnulífsins. Svo mikið er víst, að stefna ríkisstj. hefur verið svo langt frá því að undirbúa að einhverju leyti slíka heildarstjórn á fjárfestingunni eða í þjóðarbúskapnum, að hennar stefna hefur þvert á móti verið sú að auka skipulagsleysið. Undir yfirskini hins fagra orðs, frelsis, hefur skipulagsleysið verið aukið, samtímis því hins vegar, að á vissum sviðum hafa framkvæmdir þó verið mjög bundnar og hertar, ekki aðeins með lánsfjárskorti og lánsfjárbanni, heldur með beinu eftirliti og yfirstjórn ríkisins, sem beitt hefur verið algerlega neikvætt.

Ég held þess vegna fyrir þá hér á Alþ., sem væru á því, að nauðsynlegt væri að búa til heildaráætlun og framfylgja henni, þurfi satt að segja að breyta til, ekki aðeins um stjórnarstefnu, heldur um ríkisstjórn. Heildaráætlun um uppbyggingu íslenzks þjóðarbúskapar er gífurlegt verkefni, sem fyrir liggur, og það verkefni verður ekki unnið hér á Íslandi án þess, að allir sterkustu kraftar, sem til eru hjá þjóðinni, taki höndum saman um það. Það er alveg óhugsandi að lyfta því grettistaki öðruvísi. Og í eina skiptið, sem það hefur verið gert á nokkurn verulegan máta, þá hefur það líka verið þannig.

Við skulum gera okkur ljóst, að það er alger stefnubreyting frá því, sem nú er, sem þarf með, ef á að taka upp heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap og framfylgja því, og það hefur hvergi borið á því, að hæstv. ríkisstj., sú sem nú situr að völdum, hafi sýnt neinn áhuga í þá átt. Mér kemur í hug, þegar talað er um, að slíkt standi í hennar stefnuskrá, það, sem maður lærði í kverinu í gamla daga: Slíkir hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar, en afneita hennar krafti. — Ég er hræddur um, að það geti verið svo hjá slíkri ríkisstj., að hún vilji flika e. t. v. með sliku, líka til þess að reyna að sætta ofur lítið þá menn við hana, sem sjá, í hvert óefni sé stefnt, en alvara verði ekki nein úr slíku.

Mér sýnist satt að segja allt stefna í þá átt hér, að hlutverk þessarar ríkisstj. muni verða það, ekki aðeins að rýra lífskjörin, eins og nú þegar hefur verið gert, setja íslenzka atvinnurekendur á hausinn, eins og nú er verið að gera. Ég sá í Morgunblaðinu í morgun, að þar var einn sá maður, sem talinn hefur verið einn ríkasti maður landsins og átt hefur hér um tíma sæti hjá okkur á Alþ., þar var hann að auglýsa til sölu einn nýjasta og stærsta togara Íslendinga, sem er bein afleiðing af efnahagsráðstöfunum ríkisstj. Eins og við munum allir, sem eigum sæti í fjhn. beggja d., var því beinlínis lýst yfir af efnahagsráðunaut ríkisstj., þegar gengislækkunarlögin voru samþ., að þar væri reiknað með öllu því verðfalli, sem orðið væri á mjöli og lýsi, og reiknað með þeim nýju skipum, sem væru að koma til landsins, og að þau gætu borið sig, þannig að engin afsökun, sem fram hefur verið borin út af slíkum breyt., er valdandi þess, að þessir menn hafa orðið að selja skipin. Það eru einvörðungu ráðstafanir ríkisstj. sjálfrar og gengislækkun og annað slíkt. Ég fæ ekki betur séð en að með þessum ráðstöfunum ríkisstj. sé beinlínis verið að leggja svo og svo mikið af öllum íslenzkum atvinnurekstri í rúst, og ég er hræddur um, og sérstaklega hef ég styrkzt í þeirri hugmynd eftir að hafa lesið síðustu Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins, að tilgangurinn — tilgangurinn segi ég — með þessu sé, að þegar búið sé að leggja höfuðatvinnuvegi Íslendinga í rúst, þá eigi amerískt auðmagn að koma hér sem sá frelsandi engill, sem bjóðist til að hagnýta orkuna úr okkar fossum, til þess að koma hér upp stórfelldri útlendri stóriðju, og að þá muni það eiga að verða viðkomandi amerískir auðhringar, alúmíníumhringarnir eða aðrir, sem búa til áætlun um, hvað verða muni um þróunina hér á Íslandi, en ekki íslenzk stjórnarvöld. Ég held, að ef á að afstýra því, að stjórnarstefnan haldi áfram að bera þann árangur — eða frá mínu sjónarmiði þær hörmulegu afleiðingar, sem þegar hefur á borið, þá verði að brjóta í blað nú, breyta um stefnu, taka upp áætlunarbúskap og yfirvinna þannig galla þess skipulagsleysis, sem verið hefur, og raunar þarf fleira til.

Það er alveg rétt hjá hv. 11. þm. Reykv., það er ekki nóg með áætlunarbúskap einn saman í slíkum efnum, það þarf fleira. Hann kom inn á í síðari hluta ræðu sinnar, að það væri þrennt, sem færi hefði þá hluti úr skorðum hér á Íslandi, sem væru eðlilegir og væru forsendur, að því er hann áleit, fyrir eðlilegri þróun.

Í fyrsta lagi rakti hann þar, að verðlagið hefði verið úr skorðum fært. Það er rétt. Með því verðlagi og verðlagsbreytingum, sem verið hafa á undanförnum áratugum, hefur verið ákaflega erfiður grundvöllur fyrir menn að reikna á þann venjulega kapítalistíska máta. Það hefur verið hægt að gera fyrst og fremst tvennt með þessu móti. Annars vegar hefur ríkið getað ráðizt í hluti út frá því sjónarmiði, að það væri þjóðarþörf hvort sem væri, hvernig svo sem allt verðlag væri í landinu,

þjóðarþörf á því, að við keyptum togara, þjóðarþörf á því, að við keyptum mótorbáta, þjóðarþörf á því, að við kæmum upp áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju eða öðru slíku. M. ö. o.: menn urðu að hugsa fyrir þjóðarheildina til þess að leggja út í þetta. En að einu leyti skulum við þó minnast þess, að þrátt fyrir alla galla verðbólgunnar, og vil ég sízt mæla henni bót, hefur hún samt gert eitt, hún hefur ýtt undir fjárfestingu, — sú fjárfesting hefur oft og tíðum verið ákaflega ópraktísk, — en hún hefur m. a. ýtt ákaflega mikið undir fjárfestingu einstaklinga í sínum íbúðarhúsum og ýtt undir það, að menn ynnu eins gífurlega mikið og menn hafa unnið á undanförnum árum og bókstaflega húsuðu landið eins mikið og þeir hafa gert á undanförnum áratugum, og það er ekkert smáræðis afrek, sem hefur verið unnið í því efni.

En sem sé, það þarf ekki verðbólgu til þess að gera slíkt, þó að hún hafi þær afleiðingar að ýta undir menn með þess háttar og setja sparifé þannig frekar í að byggja sér íbúðarhús heldur en leggja það í banka, og henni er ekki að neinu leyti mælandi bót. En við skulum samt sem áður minnast þess, að þetta sama tímabil, sem verðbólgan þannig hefur staðið, hefur verið mesta framfaratímabil Íslendinga fyrr og síðar. Það er ekki verðbólgunni að þakka, en það er ekki heldur alveg hreint þrátt fyrir hana, hún hefur á vissan hátt ýtt ofur lítið á í þessu. En engu að síður, það er rétt, eins og maður mælir ekki með því, að einn maður noti eiturlyf eða helli í sig brennivíni, þó að hann kunni að vera eitthvað ofur lítið sterkari eða kröftugri eða honum líði á einhvern hátt betur eitt augnablik á meðan.

Þá er það í öðru lagi uppbótakerfið. Við skulum ekki heldur vera að mæla uppbótakerfinu bót. Það, sem hv. 11. þm. Reykv. var að rekja í þessu sambandi, gefur manni þó ástæðu til þess að íhuga mjög alvarlega þessi mál. Nú kvað eiga að segja við menn, atvinnurekendur t. d.: Þið fáið ekki uppbætur. — Hver er afleiðingin af því, að við segjum þetta við þá? Afleiðingin er, að svo og svo mikið af atvinnurekendum hættir, hættir bókstaflega, gefst upp, svo og svo mörg hraðfrystihús loka, svo og svo margir bátar eða togarar verða boðnir upp, og þeir, sem hugsa um þetta á yfirborðinu, segja: Þetta er vegna þess, að við höfum ekki þann eðlilega kapítalistíska grundvöll hér, þar sem menn verða frá upphafi að hugsa þessa hluti og skipuleggja þá án þess að búast við uppbótum. Við prófuðum þetta á vissu skeiði í okkar sögu, og ég man þann tíma mjög vel. Við prófuðum þetta 1920—30. Engar uppbætur, svo að segja engar kauphækkanir, engin afskipti hins opinbera af atvinnurekstrinum, og þeir dugmiklu menn fengu að reyna sig sjálfir. Hver var afleiðingin? Afleiðingin var, að þorri atvinnurekenda úti um allt land fór á höfuðið.

Það er eitt, sem við verðum að athuga og horfast í augu við. Það er ekki auðvelt að byggja Ísland og skapa á Íslandi aðstöðu til þess að lifa mannsæmandi lífi, og það verður ekki gert með venjulegum kapítalistískum háttum. Það, sem meira eða minna hefur ríkt í okkar þjóðfélagsskipulagi, jafnvel eftir að auðvaldsskipulagið verður höfuðgrundvöllur þess, er meira eða minna samhjálp mannanna og samhjálp eða hjálp frá hálfu ríkisins til þess að gera mögulegt að byggja landið. M. ö. o.: það hefur verið settur inn í okkar atvinnulíf þáttur, sem er alls ekki af þeim kapítalistíska toga spunninn. Menn hafa reynt að hjálpa hver öðrum. Menn hafa í sínum bæjarfélögum reynt að koma upp bæjarútgerðum, þegar einstaklingarnir og þeirra einkarekstur brást, af því að menn hafa verið að reka svo og svo mikið af öllum atvinnurekstri á Íslandi til þess að lifa, en ekki til þess að græða. M. ö. o.: menn hafa ekki verið að reka út frá kapítalistísku sjónarmiði, út frá sjónarmiði gróðans, heldur til þess að draga fram lífið. Það hafa verið önnur lögmál að verki en eru grundvöllur kapítalismans.

Þetta hefur ekki verið gert vitandi vits. Menn hafa ekki verið að gera þetta — við skulum segja út frá sjónarmiði sósíalismans. Menn hafa ekki verið að byggja upp þjóðfélag, — þar sem mönnum var ljóst, að það var ópraktískt, óeðlilegt fyrir mennina yfirleitt að reka þannig sitt þjóðfélag, — frá því sjónarmiði að vera fyrst og fremst að skapa gróða handa einhverjum einstökum mönnum, heldur að það væri eðlilegt, að menn ræktu sitt þjóðfélag frá því sjónarmiði að hjálpa hver öðrum. Menn hafa ekki rekið það sem sé frá sósíalistísku sjónarmiði, og þess vegna hafa menn verið í vissum vandræðum og verið að baksast með þetta alla þessa áratugi. Menn hafa verið með einstaka þætti, sem samsvara sósíalisma. Menn hafa verið að reyna með bæjarútgerðir, ríkisfyrirtæki í þjóðfélagi, sem í höfuðatriðum er kapítalistískt. Menn hafa í öllu trúað meira eða minna á þau kapítalistísku lögmál. Menn hafa rekið ríkisbankana út frá þeirra sjónarmiðum, og það hefur orðið að berjast við ríkisbankana í hvert skipti, sem gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að hjálpa almenningi eða hjálpa jafnvel einstökum atvinnurekendum, eins og t. d. með því að setja vextina niður í 2½%.

Það er ekki aðeins, að menn hafi verið að reyna að reka íslenzkt þjóðfélag frá öðru sjónarmiði en sjónarmiði gróðans. Menn hafa verið að reka það, eins og ég var að minnast á, frá sjónarmiði samhjálpar. Menn hafa líka verið að reka það frá öðru sjónarmiði. Menn hafa verið að reyna að reka það frá því sjónarmiði að viðhalda byggð í landinu á sem flestum stöðum. Það hefur verið gagnvart bændastéttinni framkvæmd löggjöf, sem frá hreinu ökonómísku sjónarmiði mætti oft segja, að væri mjög ópraktísk, en hefur miðað að því hins vegar að viðhalda bændastétt í landinu, sem er hins vegar frá okkar þjóðernislega sjónarmiði hin brýnasta þörf. Alveg sama hefur verið viðvíkjandi byggð landsins hér og hvar, þar sem erfitt er að búa, þar sem menn hafa kannske mikið verið að tínast í burtu, en þar sem þó flestir munu vera sammála um, að það eigi að reyna að viðhalda byggð, þótt það sé kannske fjárhagslega óhagkvæmt. En ef það fólk, sem vex upp í þessu byggðarlagi, heldur ekki áfram að vaxa upp þar og koma þaðan þeir harðgerðu menn, sem eru stofninn í okkar þjóð, þá verður íslenzk þjóð allt önnur en sú, sem hefur verið á undanförnum öldum. M. ö. o.: við byggjum land, sem er erfiðara

að byggja en fjöldi annarra landa, við erfiðari skilyrði, og við reynum að skapa í þessu landi betri skilyrði fyrir fólk en í flestum öðrum löndum. Það þýðir, að við þurfum ekki aðeins að hjálpast betur að með þetta, við þurfum líka að vera skynsamari í öllum okkar rekstri, við þurfum líka frá því ökonómiska sjónarmiði að hugsa praktiskar.

Uppbótakerfið með öllum þess stórkostlegu göllum, — og ekki er ég að leggja til að taka það upp aftur, — það hefur verið viss viðleitni í þessa átt. Það hefur verið viðleitni til þess að viðhalda þeim atvinnuvegum, sem þjóðin hefur byggt á, landbúnaði og sjávarútvegi, vegna þess að það væri ekki hollt okkar þjóð, hvað sem verða kann á næstu öld, þá væri það ekki hollt okkar þjóð í allri þeirri deiglu, sem hún er í núna, að þessir atvinnuvegir hættu að vera okkar aðalatvinnuvegir. Ég býst við, að það væri hver einasti þingmaður sammála um, að það væri ekki hollt okkar þjóð, að við á þessum áratug hættum að stunda landbúnað eða sjávarútveg og að þeir 30 þús. verkamenn, sem í landinu eru, — og bændurnir bættust þar máske við, um 6 þús., — yrðu verkamenn hjá einu stóriðjufyrirtæki. Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, svo klaufalegt sem uppbótakerfið er, svo fjölmargir gallar sem á því eru, þá var það skapað í vandræðum, út frá viðleitni til þess að viðhalda atvinnuvegum landsins, þessum gömlu atvinnuvegum þess, tryggja þá. Það er engin tilviljun, að uppbótakerfið byrjaði með því, að við ákveðum verðið á fiskinum á Íslandi og ríkið tryggir hann, og allir þm. nema einn voru sammála um það. Ég held, að þetta verðum við að athuga. Og af hverju þurfum við að athuga þetta? Af því að afleiðingin af því að framkvæma kapitalismann á Íslandi með sínum harðvítugu gróðalögmálum getur aðeins orðið eitt af tvennu: annaðhvort að hér kemur upp útlend stóriðja og Íslendingar verða hennar þrælar, eða hitt, að svo og svo mikið af mannfólkinu flyzt burt af landinu. Við skulum gá að því, að nú þegar fyrir tilstilli núv. hæstv. ríkisstj. eru launakjör á Íslandi orðin mun verri en á Norðurlöndum, launakjör fagmanna jafnvel stundum helmingi verri. Og það er þegar að verða svo, að nokkuð af mönnum er að flytjast burt úr landinu til þess að stunda vinnu annars staðar út af launakjörum. Atvinnuleysi, sem jafnvel sumir hv. þm. hafa haldið að væri órar hjá mér, er byrjað úti á landi og er að byrja í Reykjavík. Það er hægt að snúa sér til vissra fagfélaga hér í Reykjavík og fá þar á skrá fyrstu atvinnuleysingjana, sem skráðir eru í Reykjavík nú. Og afleiðingin af áframhaldandi stefnu þeirri, sem nú hefur verið tekin upp, mundi verða sú, að fleira og fleira fólk færi að flytjast burt af landinu.

Sannleikurinn er sá, að Ísland verður ekki byggt með neinum venjulegum kapitalistiskum máta. Ef menn eiga að búa hér eins og fjöldinn mun gera kröfur til, við betri lífskjör eða a. m. k. eins góð lífskjör og annars staðar, þá þarf að beita til þess í fyrsta lagi betri og í öðru lagi skynsamlegri háttum í framleiðslunni en kapitalismin er. Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að gallarnir, sem verið hafa á þjóðfélaginu á undanförnum árum, hafa verið gallar til þess að bæta úr meinsemdum kapitalismans, vegna þess að kapitalisminn var að fara með Ísland á hausinn.

Mér þykir eiginlega slæmt, að menn skuli ekki fást til að ræða þá staðreynd hér, sem öllum mönnum, sem kynna sér hagsögu Íslands, á þó að vera ljós, að 1930, 1931—1932, þá fer kapitalisminn á hausinn á Íslandi. Þeir, sem kynna sér vel skuldaskilasjóðina, bæði útvegsmanna og bændanna, frá þeim árum, vita, hvernig stóð. En voldugustu og sterkustu fyrirtæki, sem í landinu voru, þau voru ekki sett á hausinn, þau fyrirtæki, sem höfðu jafnvel 90% af öllum útflutningnum? Af hverju? Af því að þá hefði Landsbankinn líka farið á hausinn. Og hver afstýrir því, að þetta sé gert? Núv. hæstv. forsrh., sem sjálfur sem ráðh. í desember 1932 lætur taka ríkiseinokun á öllum útflutningnum til þess að bjarga fiskhringnum og til þess að bjarga Landsbankanum, af því að þetta hefði allt saman farið á hausinn. Kapitalisminn á Íslandi hefði farið á hausinn. Síðan er búið í 30 ár að vera að reyna að dytta að þessu hrófatildri, finna út allar mögulegar aðferðir, verðbólgu, uppbótakerfi, gengislækkanir, allt mögulegt, vegna þess að kapitalisminn getur ekki lifað á Íslandi. En menn hafa hins vegar ekki viljað stiga það spor að koma hér á sósialisma. Það, sem nú er gert með stefnu núv. hæstv. ríkisstj., er að ætla sér að reyna að framkvæma það, sem gert var á árunum 1920—30, en bara loka augunum fyrir því, að þessi tilraun mistókst og var að setja þjóðfélagið á hausinn í kreppunni 1930.

Það er þess vegna hverju orðinu sannara, að einmitt skipulagsleysið í þessu öllu saman, sem hæstv. ríkisstj. nú hefur tekið upp, leiðir ekki til neins góðs í þessu efni. Það þarf heildarstjórn í þjóðarbúskapnum, heildarstjórn a. m. k. á fjárfestingunni, og það er raunverulega á móti eðli kapitalismans, þess frjálsa kapitalisma, og verður aðeins framkvæmt á tvennan hátt, annaðhvort af einum auðhring, sem stjórnar landinu, — og slíkt alræði auðvaldsins held ég að fæstir vildu nú sætta sig við hér á Íslandi, — eða þá af þjóðfélaginu sameiginlega, með því að allir leggist á eitt, öll sterkustu öfl þjóðarinnar.

Þá talaði hv. 11. þm. Reykv. um skattamálin. Þriðja atriðið, sem hann benti á, voru skattamálin, það hefði verið slæmt á undanförnum árum, að þau hafi verið í slíku ólagi, skattarnir svo þungir, að það væri ekki von, að auðmagn hefði fengizt hingað eða auðmagn skapazt hér. Mundi það nú raunverulega tryggja okkar afkomu? Við höfum prófað áður að gefa auðmagninu þannig meira frelsi. Við sáum, í hvað það lagði. Það lagði ekki, þegar frelsið var innleitt hér 1950, í neitt það, sem þjóðfélagsbúinu gat að haldi komið. Ríkið varð að leggja í áburðarverksmiðjuna og sementsverksmiðjuna, sem var táknið á vissan hátt fyrir þau ár, 1950—58. Og einstaklingarnir lögðu sína peninga fyrst og fremst í bílana, það var það einkennandi, ekki togarana, það var ekki fyrr en eftir 1956, að farið var að gera gangskör að því aftur. Jafnvel bátaflotanum fór frekar aftur. Og hvernig er núna, eftir að það nýja frelsi er gefið? Iðjufyrirtæki, sem áttu að rísa upp hér inn frá, niðri við sjóinn, rétt hjá

Fúlutjörn, það eru innréttaðar í þeim brennivínsbúðir. Einstaklingarnir leggja í það, sem þeir halda að þeir geti grætt á. Ég býst við, að það seljist nokkurn veginn jafnmikið út úr áfengisverzluninni hvort sem er, þjóðfélagið hefur ekkert sérstaklega gott af þessu. Það eykst ekki framleiðslan. En þetta er tilhneigingin.

Það, sem þarf að gera á Íslandi, til þess að þjóðinni vegni vel, er það stórt, krefst það mikils átaks, að þjóðfélagsheildin verður að leggja í það sameiginlega, öðruvísi verður það ekki gert. Allt, sem afkastar verulega miklu nú á tímum, þarf að reka í stórum stíl. Það þýðir, að annaðhvort verður þjóðfélagsheildin að vera þarna að verki með því að samtvinna öfl hennar eða þá að voldugir auðhringar verða að framkvæma það. Það er eðli fyrst og fremst lönrekstrarins nú á tímum að krefjast yfirleitt slíks stórrekstrar. Ég er þar með ekki að segja, þegar ég tala um, að þjóðfélagsheildin þurfi að gera þetta, að það sé útilokað, að einstaklingar eigi þetta með. Við vitum, að það er þjóðfélagsheildin, sem gerir það, t. d. þegar á nýsköpunartímunum togararnir eru keyptir, þeir eru seldir einstaklingum og hlutafélögum, en þeim er lánað frá ríkinu 75% af andvirði þeirra með 2½% vöxtum til 20 ára. Það er þjóðfélagsheildin, sem gerir átakið, þó að hún kjósi að hafa það í því formi, að það séu einstaklingar að sumu leyti, að það séu bæjarfélög og að sumu leyti e. t. v. ríkið sjálft. Við erum það lítið þjóðfélag, Íslendingar, að ef við ætlum að halda okkar þjóðfélagskerfi, þannig að það geti gefið þegnum okkar þjóðfélags eins góð kjör eða jafnvel betri en annars staðar í veröldinni, þá þurfum við að sameina kraftana svolítið, við þurfum að skipuleggja þetta svo vel, að það er ekkert annað kerfi en slíkt kerfi samhjálpar, sem getur átt við fyrir okkur. Sá frjálsi almenni kapitalismi hefur brennt sig á Íslandi, og hann hefur orðið gjaldþrota. Og allt það, sem hefur verið misstigið á þeim árum og kemur til með að verða misstigið á þeim árum, sem menn ekki stíga það eðlilegasta spor, frá kapitalisma til sósialisma, það er vegna þess, að menn eru að bauka við þetta gamla skipulag, en reyna bara að hafa það svo að segja allt öðruvísi en kapitalisminn er í öðrum löndum. Og ég hef sjálfur tekið þátt í að gera þetta, og ég álít, að við eigum að vera ósmeykir að gera það, meðan þjóðin, meiri hluti hennar, felst ekki á að taka upp sósialistiskt þjóðfélag, sem ég álít það skynsamlegasta í þessu. En hitt aftur á móti, að gera þá tilraun, sem nú er verið að gera með að stíga sporið aftur á bak, gera svona tilraun með frjálsan kapitalisma, það skapar ekkert annað en hörmungarástand í okkar landi, sem þegar er að byrja.

Af þessum ástæðum þótti mér vænt um það, sem hv. 11. þm. Reykv. ræddi einmitt um skipulagsleysið sem böl í slíku sambandi, um nauðsynina á áætlun, — en vil um leið benda honum á, að hæstv. ríkisstj., sem hann einmitt styður, virðist ekki hafa mikinn áhuga á að stíga spor í þá átt, og fer raunar að verða of seint fyrir hana. Ég er hræddur um, að atvinnuleysið og glundroðinn verði komið á, áður en meira að segja þær hugmyndir, sem kunna að vera í hennar kolli um áætlanir í þessum efnum, sjái dagsins ljós. Og fái hún að halda lengi áfram enn þá, þá verða það aðrir en hún, sem slíkar áætlanir gera.

Ég vil þess vegna taka undir með þeirri hugsun, sem í þessari till. til þál. felst, og álít, að það væri heppilegt, að sú nefnd, sem hana fær til athugunar, ráðgist um það, á hvern máta væri bezt fyrir okkur að leysa þessi vandamál. Heppilegast áliti ég satt að segja, að sú hugsun, sem í þessari þáltill. felst, væri stigin með löggjöf á þessu þingi og að Alþingi Íslendinga reyndi að sameina sína krafta um að hefja nú þegar á þessu þingi slíkan áætlunarbúskap, koma á slíkri heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, að við forðum okkur frá þeim hörmungum, sem nú blasa við, ef haldið er áfram með þeirri stjórnarstefnu, sem upp hefur verið tekin.

Ólafur Björnsson: Það eru aðeins örfá orð. Ræða hv. 3. þm. Reykv. fór svo á við og dreif, að ástæðulaust er með öllu, — þó að það væru mikilvæg mál, sem hann ræddi, — að lengja umr. um þessa þáltill. með því að gera því skil út í æsar. En það, sem ég aðeins vildi leiðrétta í ræðu hans, var fyrst og fremst þetta, að hann mótmælti því, að vinstri stjórnin hefði tekið aftur allar þær kjarabætur, sem áunnust í verkfallinu 1955, og til stuðnings máli sínu benti hann á þá skýrslu, sem fylgdi frv. hans um áætlunarráðið, þar sem niðurstaðan verður sú, að kaupmáttur launa er að vísu nokkru meiri árið 1956 og 1957 en hafði verið fyrir verkfallið 1955, en þar kemur það til, að vísitalan er ekki rétt, og með ýmislegt af þeim ráðstöfunum, sem vinstri stjórnin gerði, var það einmitt þannig, að reynt var að gæta þess, að áhrif þeirra kæmu ekki fram í vísitölunni.

Í því efni má fyrst og fremst nefna hér jólagjöfina. Áhrifin af þeim miklu hækkunum á aðflutningsgjöldum, sem þá voru ákveðnar, komu lítið fram í vísitölunni. En trúir því nokkur lifandi maður, að það sé hægt að leggja á 200—300 millj. í auknum sköttum, án þess að það hafi nokkur áhrif á lífskjör almennings? Ég tel því, að ekki sé of mikið sagt, þó að fullyrt sé, að vinstri stjórnin hafi með ráðstöfunum sínum gert að engu það, sem ávannst í hækkuðu kaupi með verkfallinu 1955. Annað mál er, að í því verkfalli eða í sambandi við það var samið um atvinnuleysistryggingasjóð. En umbætur á félagsmálalöggjöfinni ætti að vera hægt að framkvæma án þess að til verkfalla komi.

Hv. 3. þm. Reykv. viðurkenndi að vísu, að kaupmáttur launa væri óbreyttur síðan 1945, en hann sagði sem svo, að af því megi ekki draga þá ályktun, að enginn árangur hafi orðið af kaupgjaldsbaráttu verkalýðsins, því að ef kaupið hefði haldizt óbreytt, þá hefðu kjörin hlotið að rýrna að miklum mun. Það er auðvitað ákaflega erfitt að segja um það, hvernig þróunin hefði orðið í heild, ef einhverjir atburðir, sem raunverulega hafa gerzt, hefðu ekki gerzt. Þetta minnir á það, að sumir sagnfræðingar hafa verið með bollaleggingar um það, hvernig mannkynssagan hefði orðið, ef Napóleon hefði aldrei fæðzt. Það er auðvitað hlutur, sem mjög erfitt er að segja um. Og sama

máli gegnir um þetta. Það er erfitt að segja um það, hver þróun kaupmáttar launa hefði orðið, ef engar grunnkaupshækkanir hefðu t. d. orðið á því tímabili, sem um er að ræða. Ég tel mjög óvíst, að grunnkaupshækkanirnar hafi út af fyrir sig aukið kaupmátt launanna. Ef þær hefðu ekki orðið, þá hefði kaupgjaldið að vísu verið lægra, en verðlagið hefði þá líka verið lægra.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist á það, að atvinnurekendur hefðu hér minni áhuga fyrir því að halda verðbólgu í skefjum en gerðist í nágrannalöndum okkar, af því að þeir hefðu yfir svo litlu eigin fé að ráða. Þetta er út af fyrir sig rétt, þó að ég áliti að vísu, að það sé ekki í þessu, sem það liggur, að verðbólguþróunin hefur orðið svo ör hjá okkur, því að jafnvel þó að atvinnurekendur óskuðu eftir verðbólgu, þá þurfa þeir venjulega að sækja verðhækkanirnar undir ríkisvaldið. En þetta, sem er óheppilegt og óæskilegt í sjálfu sér, er að mínu áliti einmitt ein af afleiðingum skattalöggjafarinnar, sem hefur hindrað það, að atvinnuvegirnir gætu safnað eigin fé, svo að neinu nemi.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um, að hér hefðu átt sér stað verulegar framfarir að undanförnu, sem að einhverju leyti a. m. k. mætti þakka verðbólgunni, þó að hann væri mér sammála um það, að æskilegra hefði verið, að þær hefðu getað átt sér stað án verðbólgu. En þá má spyrja: Hvað eru framfarir? Það hefur að vísu átt sér stað veruleg fjárfesting, mannvirkjagerð o. s. frv. En eru það framfarir í sjálfu sér? Það er auðvitað hlutur, sem má deila um, hvað séu raunverulegar framfarir. Ég lít þannig á, — og kemur það nú kannske að vissu leyti á óvart, að ég skuli í rauninni vera meiri kjarabótamaður en hann, — að bezti mælikvarðinn á framfarir séu einmitt bætt kjör almennings, og einmitt með tilliti til þess, hvað kjörin hafa litið batnað, þá getum við ekki í sama mæli og við oft gerum státað af raunverulegum framförum.

Hv. þm. minntist einnig á það, að launakjör á Norðurlöndum væru nú betri en hér. Ég býst við, að þetta sé rétt. En ætli ástæðan sé ekki sú, að kaupmáttur launa á Norðurlöndum hefur aukizt vegna aukinna framleiðsluafkasta, en þetta sé ekki hæstv. núv. ríkisstj. að kenna, eins og hv. þm. virðist ætla?

Hann minntist enn fremur á það, að atvinnurekendur hér á landi sýndu meiri áhuga á því að koma á fót sælgætis- og jafnvel brennivínsbúðum heldur en að leggja peninga í framleiðslutæki. Það má vel vera, að þetta sé rétt. En er það ekki einmitt skekkjan í verðlaginu, sem hér kemur fram? Vegna þess að brennivínsbúðir og þess háttar skilar meiri hagnaði en vélbátaeign og annað slíkt, þá sækjast menn eftir að leggja peninga sína í það. En þar kemur einmitt að einni sönnuninni fyrir nauðsyn þess að gera þær lagfæringar á hagkerfinu, að þeir, sem framleiðslutækin reka og eiga, hafi áhuga á því að auka framleiðni og framleiðsluafköst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Á 56. og 58. fundi í Sþ., 27. og 28. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 92, n. 586 og 587).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Byggingarsjóðir.

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fjáröflun til byggingarsjóða [84. mál] (A. 93).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12., 18., 20., 32. og 34. fundi í Sþ., 9., 23. og 30. nóv., 18. og 25. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 5. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég hef tekið að mér í fjarveru 1. flm., hv. 7. þm. Reykv. (EÁ), að mæla fyrir till. til þál., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að útvega nú þegar byggingarsjóði ríkisins það lánsfé, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegt til að bæta úr brýnustu þörf; enn fremur að útvega nú þegar byggingarsjóði Búnaðarbankans fé til þess, að hann geti bætt úr aðkallandi þörfum vegna íbúðabygginga í sveitum.“

Efnislega svipaða þáltill. þessari fluttum við nokkrir þm. Framsfl. á síðasta Alþingi, en sú till. dagaði uppi í n. Höfum við því leyft okkur að flytja hana aftur í svo til óbreyttu formi.

Á s. l. ári voru útlán úr hinu almenna veðlánakerfi úr byggingarsjóði ríkisins um 71 millj. 798 þús. kr. Er þetta verulega miklu hærri upphæð en áður hefur verið veitt til íbúðalána á vegum þessarar stofnunar, síðan hún var sett á stofn árið 1955. Hér er ekki eingöngu um ný lán að ræða, því að rúmar 12 millj. kr. af þessari upphæð eru breytingar á vixillánum, sem ýmsir húsbyggjendur höfðu, en var nú breytt í föst lán.

Þó að upphæð þessi sé krónulega nokkru hærri en lánað hefur verið áður, er það öllum augljóst mál, að eftir þær gífurlegu hækkanir, sem urðu á s. l. ári á byggingarkostnaði, muni þessi fjárhæð ekki hafa komið húsbyggjendum að meira liði en þau lán, sem veitt hafa verið á undanförnum árum á vegum hins almenna íbúðalánakerfis, hafa gert.

Áætluð lánsþörf á árinu 1961 úr byggingarsjóði ríkisins, ef miðað er við það, að hver umsækjandi geti fengið hámarkslán, sem er samkvæmt lögum 100 þús. kr., og ef einungis er miðað við þær

umsóknir, sem fyrir liggja hjá húsnæðismálastjórn í árslok 1960, annaðhvort umsóknir, sem enga afgreiðslu hafa fengið, eða þá umsóknir, sem aðeins hafa fengizt smávægileg lán út á, — áætluð lánaþörf byggingarsjóðs á árinu 1961, miðað við þetta, er um 126 millj. kr. En þó er þess að geta, að hjá húsnæðismálastjórn lágu um s. l. áramót um 92 umsóknir, sem stjórnin viðurkenndi ekki, voru gallaðar, og ef þær eru taldar með, mun lánaþörf byggingarsjóðsins á næsta ári út á þær umsóknir, sem þegar liggja fyrir, nema um 135 millj. kr.

Nú er talið að beztu manna yfirsýn, að tekjuvon sjóðsins á þessu ári muni ekki fara fram úr 30—35 millj. kr., þannig að öllum er ljóst, að hér skortir verulega á, mjög verulega á um, að hægt sé að fullnægja þeim umsóknum, sem fyrir lágu um s. l. áramót, hvað þá að nokkuð sé hægt að greiða upp í þær umsóknir, sem kynnu að berast byggingarsjóðnum á þessu ári.

Þegar menn virða þetta fyrir sér og meta ástand það, sem í dag er hjá fjölmörgum húsbyggjendum, sem er í fáum orðum það, að fjöldi þeirra, sem byrjað hafa á byggingum á undanförnum árum, eru hreinlega að gefast upp á sínum byggingum í miðjum klíðum, vegna þess að byggingarkostnaðurinn hefur vaxið svo gífurlega og erfiðleikar eru sennilega meiri nú en þeir hafa nokkru sinni áður verið fyrir þetta fólk að ná í nokkurt lán, — þegar þetta er haft í huga, geta menn séð, að hér er um verulegt og knýjandi verkefni að ræða.

Ég vil leyfa mér til upplýsingar fyrir hv. þm. að gefa hér nokkrar upplýsingar, sem ég hef aflað mér um ástand þessara mála, miðað við síðustu áramót, og þá vildi ég upplýsa í leiðinni um tölu umsókna og hvað hefur komið á hvern stað af peningum úr húsnæðismálastjórn á s. l. ári.

Um síðustu áramót voru lánaðar rúmar 43 millj. kr. í kaupstöðum landsins á 1005 umsækjendur. Þá lágu fyrir hjá byggingarsjóði um 655 umsóknir úr kaupstöðum landsins, sem enga afgreiðslu höfðu fengið. Ef ætti að vera hægt að fullnægja 100 þús. kr. lánum út á hverja þessara umsókna, sem lágu fyrir um s. l. áramót, þyrfti til þess tæpar 102 millj. kr.

Í hreppsfélögunum er ástandið þannig, að þar hafa verið lánaðar á vegum byggingarsjóðs eða húsnæðismálastofnunarinnar um 13.7 millj. kr. á s. l. ári, út á 306 umsóknir. Þá lágu fyrir um 118 umsóknir frá hreppsfélögum, sem enga peninga höfðu fengið. En ef ætti að fullnægja þeim í hámark, þyrfti til þess rúmar 10.4 millj. kr., eða samtals yrði þetta um 24 millj. kr., sem tekjuþörf byggingarsjóðsins væri, ef ætti að vera hægt að fullnægja lánsumsóknum úr hreppsfélögum á landinu, sem lágu fyrir hjá húsnæðismálastjórn um síðustu áramót.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessa þáltill. Efni hennar er ljóst, og þær upplýsingar, sem ég hef gefið hér og ég hef fengið frá mönnum, sem bezt þekkja til, sýna, að hér er um mjög verulega knýjandi verkefni að ræða. Ég vil leyfa mér að lýsa því yfir, að ég tel ástæðulaust á þessu stigi málsins að vantreysta því fyrir fram, að hæstv. ríkisstj. geri eitthvað í að afla byggingarsjóðnum einhverra viðbótartekna á þessu ári, svo að hann geti staðið sæmilega í ístaðinu.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að umr. um mál þetta verði frestað og því vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. og 58. fundi í Sþ., 27. og 28. marz, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 93, n. 571 og 616).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

10. Jarðhitaleit og jarðhitaframkvæmdir.

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um stuðning ríkisins við jarðhitaleit og jarðhitaframkvæmdir [86. mál] (A. 95).

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 30. fundi í Sþ., 16. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þrem öðrum þm. Framsfl. að flytja svofellda till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf fyrir næsta Alþingi um fjárhagslegan stuðning við sveitarfélög til jarðhitaleitar og jarðhitaframkvæmda.“

Eins og hv. alþm. vita, er jarðhitinn ein af dýrmætustu auðlindum þessa lands og til margvíslegra nota. Enn þá höfum við aðeins að mjög litlu leyti getað fært okkur hann í þau nyt, sem hægt er að hafa af honum, og hlýtur það að verða verkefni næstu ára að vinna að því að auka þau not til mikilla muna. Eitt af því, sem jarðhitinn er notaður til, er fjarhitun húsa. Nú þegar munu a. m. k. í fjórum bæjar- og sveitarfélögum vera hitaveitur, sem eru til mikils hagræðis fyrir íbúa þessara staða og gera það að verkum, að verulegur gjaldeyrissparnaður er að þeim fyrir þjóðarbúið. Sá galli er á, að miklu færri bæjarfélög og sveitarfélög en vildu nota fjarhitun geta það vegna fjárskorts. Það er vitað, að við túnjaðar nokkurra bæjarfélaga, t. d. í Kópavogi og víðar, er vitað um heitt vatn, sem að sjálfsögðu væri mjög hagkvæmt fyrir svo stórt bæjarfélag að geta notað til upphitunar á húsum, en af fjárhagsástæðum hefur ekki verið talið fært að leggja í kostnað við jarðhitaleit, svo að nokkru nemi, hvað þá að hægt hafi verið fyrir þetta bæjarfélag að leggja út í nokkrar framkvæmdir, sem byggjast á jarðhita.

Eins og hv. alþm. vita, eru til stofnlánasjóðir fyrir vissar framkvæmdir í landinu, eins og t. d.

í sambandi við sjávarútveg og landbúnað. En þeir aðilar, sem kynnu að vilja leggja út í jarðhitaframkvæmdir, t. d. ráðast í fjarhitun, hafa ekki, að því er mér er kunnugt um, nokkra möguleika til að fá lán úr slíkum stofnlánasjóðum. Við flm. þessarar þáltill. höfum því leyft okkur að leggja til, að ríkisstj. verði falið að undirbúa löggjöf fyrir næsta Alþingi, sem miðaði að því að gera þeim sveitarfélögum, er ráðast vilja í jarðhitaframkvæmdir, mögulegt að fá til slíkra framkvæmda lán til langs tíma með sæmilegum kjörum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um mál þetta. Það liggur nokkurn veginn á borðinu, að Íslendingar hljóta á allra næstu árum að leggja út á nýjar brautir í framkvæmdum hér innanlands, og þá eru jarðhitaframkvæmdir áreiðanlega mjög framarlega í þeirri framkvæmdaröð.

Ég legg svo til, að umr. um mál þetta verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

11. Styrkir til landbúnaðarins.

Á deildafundum 3. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins [87. mál] (A. 96).

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv. var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 96 till. um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins, sem er á þá leið, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd sérfróðra manna til þess að rannsaka, hvort og að hve miklu leyti bændastéttin og landbúnaðurinn njóti beint eða óbeint styrkja, framlags og fríðinda af hálfu hins opinbera umfram aðrar stéttir og aðra atvinnuvegi þjóðarinnar. Skal nefndin semja skýrslu um athuganir sínar og niðurstöður, og skal sú skýrsla birt almenningi. Nefndin skal ljúka störfum, áður en næsta reglulegt Alþ. kemur saman.

Maður heyrir oft þeim skoðunum haldið á lofti, einkum meðal fólks í þéttbýlinu, að ríkisvaldið geri miklu betur við bændur en aðra landsmenn. Ég minnist þess t. d., að fyrir allmörgum árum hélt kunnur verkalýðsforingi úr Sósfl. því fram opinberlega, að á fjárlögum væru yfir 70 liðir, sem væru beinir og óbeinir styrkir til landbúnaðarins og bænda, en aðeins 3 liðir til iðnaðarins á sama tíma. Bændur og fulltrúar þeirra hafa hins vegar ekki viljað við það kannast, að hlaðið væri undir bændur af ríkisvaldinu, heldur fremur hið gagnstæða. Úr þessum ágreiningi tel ég nauðsynlegt að fá skorið með hlutlausri rannsókn sérfróðra manna. En við þá athugun mætti og gjarnan koma fram, á hvaða sviðum bændur kynnu að njóta minni styrkja og fríðinda en aðrir.

Ýmsir bændasinnar hafa komið að máli við mig og haldið því fram, að með þessari þáltill. væri ég að ráðast á bændastéttina. Hér er um mjög mikinn misskilning að ræða. Þegar rannsókninni yrði lokið, gætu niðurstöður hennar á hinn bóginn ýmist verið notaðar til að ráðast á bændur eða til að hrinda árásum á bændur, allt eftir því, hverjar niðurstöðurnar verða. En um það treysti ég mér að sjálfsögðu ekki til að fullyrða neitt fyrir fram. Ef niðurstaðan yrði sú af rannsókninni, að bændur og atvinnuvegur þeirra nyti meiri fríðinda og framlaga en aðrir atvinnuvegir, þá þarf það alls ekki þar með að þýða, að ofgert sé við landbúnaðinn, miðað við allar aðstæður. Ég býst við því, að hjá mörgum þjóðum njóti landbúnaðurinn meiri styrkja en aðrir atvinnuvegir yfirleitt, og það líka í löndum, þar sem betri skilyrði eru til landbúnaðar en hér hjá okkur. Miðað við þessa niðurstöðu af rannsókninni mætti hins vegar sjá, hvort beinir og óbeinir styrkir til landbúnaðarins keyrðu úr hófi fram, hvort þeir væru í heppilegu formi og bæru tilætlaðan árangur og hvort ekki væri bót að því að skipa þessum styrkjamálum á annan veg, án þess að heildarframlögum væri breytt. Kæmi það hins vegar í ljós af þessari rannsókn, að vangert væri við bændur, þyrfti að sjálfsögðu að finna leiðir til þess að bæta úr því misrétti.

Rétt áður en ég kom hér upp, sá ég á borðinu hjá mér brtt. frá tveimur hv. þm. Framsfl., sem liggur hér fyrir á þskj. 104. Ég er satt að segja nokkuð undrandi á að sjá þetta, vegna þess að þessi till. fjallar raunar um allt annað en mín till. og ætti auðvitað ekki að vera brtt., heldur ætti auðvitað að vera sjálfstæð till. Ég hef ekki haft þann tíma til þess að kynna mér þessa till. og hugleiða hana, að ég geti sagt fyrir um það, hvort ég mundi styðja hana, ef hún væri sjálfstæð till. Þó finnst mér hún þurfa breytinga við. Í till. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa nefnd 5 manna, sérfróðra um landbúnað, til þess að rannsaka, hve miklu fjármagni þurfi að verja af hálfu hins opinbera á næstu tíu árum til landbúnaðarins með ódýrum kröfum framlögum og lánveitingum, til þess að landbúnaðarinn geti fullnægt neyzluþörf þjóðarinnar á landbúnaðarvörum.“ — Aftan við þetta fyndizt mér nauðsynlegt að bæta: geti fullnægt neyzluþörf þjóðarinnar á landbúnaðarvörum án þess að þurfa sérstaka meðgjöf með þeim hluta landbúnaðarvara, sem fluttur er út.

En eins og allir hljóta að sjá, þá er það auðvitað sitt hvað að framkvæma rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins eða að rannsaka fjármagnsþörf landbúnaðarins. Það er auðvitað sitt hvað, og ætti þess vegna þessi nýja till. að vera sjálfstæð.

Samþykkt þessarar till., sem ég hef borið hér fram, og sú rannsókn, sem af henni leiddi, mundi tvímælalaust geta orðið undirstaða að öruggri þekkingu almennings á landbúnaðarmálum og þar með stuðlað að heilbrigðari skoðanamyndun á þess-

um þætti þjóðmála, en á því er full þörf. Þessi rannsókn gæti líka orðið upphafið að frekari athugunum á gildi landbúnaðarins og annarra atvinnuvega þjóðarinnar.

Ég legg svo til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Garðar Halldórsson: Herra forseti. Öldum saman lifði íslenzka þjóðin á landinu og landbúnaði, með þeirri litlu viðbót, sem unnt var að hafa af fiskveiðum uppi við landsteina. Aðstaða til allrar framleiðslu var frumstæð og fábrotin, allt byggðist á mannsaflinu. Öll tæki varð að gera í landinu. Orfið og hrífuna, færið og önguliinn bjuggu forfeður okkar til sjálfir. Jafnvel járnið í önguliinn var reynt að vinna hér. Það voru ekki skilyrði til annars en að lifa af landinu. Þegar illa áraði, varð fóðuröflunin oft lítil, með þeim afleiðingum, að búfé féll, fólkið svalt og jafnvel dó úr ófeiti, eins og það er orðað í annálum. Með tilkomu tækninnar, sem að vísu var lengi lítil, breyttist þetta, fyrst mjög hægfara, en síðan með meiri hraða. Það var farið að nota erlend efni í færin og erlenda öngla, og það komu járntindar í hrífurnar í stað trétinda áður. Bátarnir stækkuðu, og það komu vélar í þá. Þar með var miklu erfiði létt af mannshendinni, og þar með óx aflinn, hungurvofan fjarlægðist. Það var farið að slétta túnblettina í sveitunum, að vísu með handafli einu fyrst í stað. Þar á eftir komu sláttu- og rakstrarvélar, heyfengurinn óx, bústofninn stækkaði, fellishættan fjarlægðist. Og enn stækkuðu skipin og veiðitæknin óx og þar með aflinn, því að sjaldnast vantaði fiskinn. Fólk fór að setjast að við sjóinn til þess að vinna að mestu eða öllu við útgerðina og sjávaraflann. Tæknin við útveginn óx svo hratt, að nálgaðist byltingu. Á fáum áratugum var sjávarútvegurinn byggður upp sem vélvæddur atvinnuvegur, er sogaði til sín fólkið úr sveitunum. En á sama tíma og sjávarútvegurinn umskapaðist með byltingarkenndum hraða frá róðrarbátum og seglskipum til vélbáta og togara, frá íshúsum, sem byggðu á íssöfnun að vetrarlagi, til íshúsa með frystivélum, — á sama tíma tekur landbúnaðurinn litlum breytingum í tæknilegum búnaði, en fólkinu, sem að honum vann, fækkaði óðfluga. Landbúnaðurinn hafði ekki skilyrði til að keppa við sjávarútveginn um vinnuaflið, þar sem hann varð alllangt á eftir í uppbyggingu og vélvæðingu.

En þegar svo var komið, að mjólkurvörur skorti til neyzlu við sjávarsíðuna, opnuðust augu manna fyrir því, að ekki mátti við svo búið standa. Það var ekki hægt margra hluta vegna að grundvalla þjóðfélagið á sjávarútvegi einum og þeim iðnaði, sem eðlilega fylgdi honum. Það varð að efla landbúnaðinn til samræmis við sjávarútveginn. Mörgum bændum var þetta löngu ljóst, en þeir fengu lítlu áorkað. Fjármagn vantaði til verulegra umbóta, peningastofnanir voru ekki opnar fyrir bændum. En um þetta bil var farið að veita lítils háttar framlög úr landssjóði til umbóta í sveitunum. Það munaði að vísu lengi lítið um þetta, enda miðaði hægt allt til um það bil fyrir aldarfjórðungi.

En til hvers er ég að rifja þetta upp? Það er vegna þess, að þetta allt og miklu fleira er nauðsynlegt að hafa í huga, þegar svo er komið, að það getur gerzt hér á hinu háa Alþingi, að flutt er till. til þál. eins og sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 96. Af texta tillögunnar er næsta erfitt að gizka á tilgang flm., hv. 9. landsk., með flutningi till. Till. fjallar um að rannsaka, hvort og hve mikið bændastéttin og landbúnaðurinn njóti styrkja, framlaga og friðinda af hálfu hins opinbera umfram aðrar stéttir og atvinnuvegi. Það á ekki að rannsaka, hvort umrædd framlög séu landbúnaðinum nauðsynleg eða hvort yfirleitt landbúnaður yrði stundaður hér á landi án þeirra. Það á ekki að rannsaka framlag landbúnaðarins í þjóðarbúið, sem auk framleiðslu matvælanna hefur alið upp allar þær þúsundir fólks, sem þaðan hafa flutzt til annarra atvinnuvega, og það á ekki heldur að rannsaka, hve margt fólk í öðrum atvinnugreinum hefur beint og óbeint framfæri sitt af landbúnaði vegna atvinnu við vinnslu, verzlun og flutninga. Hv. flm. hefur ekki heldur áhuga á að láta rannsaka, hvernig aðrar þjóðir búa að sínum landbúnaði, samanborið við það, sem hér er, og með hliðsjón af aðstæðum. Öll þessi atriði þarf þó að athuga og fræða þjóðina um. Það hefði verið verðugt viðfangsefni fyrir hv. flm. að beita sér fyrir slíkri rannsókn. Ég held, að hann hefði haft meiri heiður af flutningi slíkrar till. en þessarar, sem er á þskj. 96. En öll þessi atriði telur hv. flm. auðsjáanlega ekki skipta máli. Hitt er hv. flm. aðalatriði, að vita, hvort landbúnaðurinn fái eitthvað meira í sinn hlut í krónutölu en aðrir atvinnuvegir.

En hverju á flutningur þessarar till. að þjóna? Það þarf að þekkja hv. þm. til þess að skilja það. Atvik, sem hér gerðist á hv. Alþ. á s. l. vetri, varpar kannske svolitlu ljósi á þetta. Fjvn. flutti óskipt og ágreiningslaust brtt. við fjárlögin, brtt., sem var til leiðréttingar á framlagi til Búnaðarfélags Íslands og hækkaði framlagið um 260 þús. kr. Þegar til atkvæða kom hér í sameinuðu Alþingi, greiðir hv. 9. landsk., einn allra alþm., atkv. gegn þessari till., sem fjvn. flutti samhljóða. Þar skein í innrætið, hina neikvæðu afstöðu hv. flm. til landbúnaðarins og fólksins, sem að honum vinnur.

Á þskj. 104 flytjum við hv. 5. þm. Austf. brtt. við þáltill. á þskj. 96. Með þessari breyt. teljum við, að þáltill. mætti verða til nokkurs gagns, hefði jákvæðan tilgang. Sú rannsókn, sem við leggjum til að gerð verði, er nauðsynleg vegna hinnar öru fjölgunar þjóðarinnar. Framleiðsla landbúnaðarafurða þarfnast svo mikils undirbúnings, að það mun ekki af veita að fara í alvöru að hugsa fyrir, hvernig á að mæta aukinni þörf fyrir landbúnaðarvörur, auk þess sem hiklaust ber að stefna að því, að landbúnaðurinn geti aflað gjaldeyristekna með sölu nokkurs hluta framleiðslunnar á erlendan markað.

Í þessu sambandi og að gefnu því tilefni, sem felst í þáltill. á þskj. 96, þykir mér rétt að víkja fáum orðum að því, sem gerzt hefur í íslenzkum landbúnaði undanfarin ár. En ég vil fyrst aðeins benda á, að án þeirra framfara, sem orðið hafa í íslenzkum landbúnaði síðan 1950, mundum við hafa verið þannig á vegi staddir með framleiðsluna í dag, að það hefði þurft að flytja inn landbúnaðarvörur fyrir um 300 millj. kr. á ári til þess að fullnægja neyzluþörfinni. Árabil það, sem ég miða

við í þessum samanburði, sem ég ætla að gera í örstuttu máli, eru 8 ár eða árin 1951 til og með 1958, en það er ekki hægt að fara nær árinu í ár, vegna þess að skýrslur liggja ekki fyrir enn. Á þessum 8 árum hefur mjólkurframleiðslan vaxið um 23 millj. lítra, kjötframleiðslan hefur vaxið á 8. þús. tonn, töðuframleiðslan hefur vaxið um rúmlega 1 millj. hestburða, ræktaðir hafa verið 28 þús. hektarar, vélgrafnir skurðir eru yfir 6 þús. km og 26 millj. m3, handgrafnir skurðir eru um 220 þús. m3, handgrafin lokræsi eru 153 km, grjótnám er yfir 200 þús. m3, girðingar hafa verið lagðar nálega 3500 km, byggðar hafa verið áburðargeymslur nálega 140 þús. m3, þurrheyshlöður um 820 þús. m3 og votheysgeymslur rúmlega 144 þús. m3. Sett hafa verið upp í kringum 1700 súgþurrkunartæki, og þær hlöður, sem þau eru í, eru að flatarmáli 55660 m2. Kartöflugeymslur hafa verið byggðar 23 þús. m3. Því miður liggja ekki fyrir skýrslur um það, hvað byggt hefur verið yfir marga nautgripi og sauðkindur, en það er mikið, sem byggt hefur verið á þessum árum yfir búfé, eins og gefur að skilja af því t. d., að á þessum árum hefur sauðfé fjölgað um 360 þús. Þá hafa á þessum sömu árum verið keyptar rösklega 3500 dráttarvélar, auk annarra tækja, sem þeim þurfa að fylgja, og annarra verkfæra.

Það gefur auga leið, að allar þessar umbætur, ræktun, byggingar og vélvæðing, hafa kostað stórfé. Ætla ég, að engum, sem ber skyn á þessa hluti, blöskri það, þótt ríkið hafi lagt til í jarðræktarframlag á þessum 8 árum 128 millj. kr. og gert ræktunar- og byggingarsjóði mögulegt að lána til framkvæmdanna í sveitunum 280 millj. Það er lítill hluti, sáralítill hluti af því, sem þessar umbætur hafa raunverulega kostað. Og þess er rétt líka að gæta, að á sama tíma og þetta gerist í sveitunum fækkar vinnandi fólki við landbúnaðinn um 700 manns og aðkeypt vinna við landbúnaðarframleiðsluna minnkar um 17% að magni til.

Í sambandi við þessa till., sem hér er til umr., væri einnig ástæða til að athuga dálítið, hvernig nágrannaþjóðir okkar búa að sínum landbúnaði, en ég skal ekki fara nema örstutt út í það, aðeins nefna fá dæmi frá tveimur löndum, Bretlandi og Noregi, dæmi um það, hvað ríkin þau leggja fram til landbúnaðar.

Í Bretlandi er ræktunarframlag 7—12 pund á ekru — en ekran er aðeins röskir 4 þús. m2 — fyrir að plægja upp gamalt graslendi. Vitanlega er ekki um óræktað land að ræða í Bretlandi, það er naumast til, heldur er þetta fyrir að vinna upp áður ræktað land. Þetta framlag er misjafnt eftir því, hvað landið er erfitt, og eftir því, hve lengi það hefur verið óhreyft. Og áburður er greiddur niður í Bretlandi, misjafnt eftir landshlutum og aðstæðum, en það getur orðið allt að helmingi verðs áburðar og kalks, sem þar þarf að bera á jarðveginn. Til byggingar votheysgeymslna er greiddur hálfur byggingarkostnaður, þó ekki yfir 250 sterlingspund á hverja geymslu. Til vatnsveitna er greiddur styrkur allt að hálfum kostnaði. Smábýli eru þar aðstoðuð með allt að 100 sterlingspundum, ef bændurnir á þeim gera 3—5 ára áætlun um jarðabætur, er miða að því að bæta afkomu búanna. Umbótastyrkur er greiddur í Bretlandi allt að ⅓ af kostnaði við umbætur á flestum múr- og naglföstum tækjum og byggingum öðrum en íbúðarhúsum. Þetta nær yfir vegi, brýr, gripagrindur, girðingar, réttir, rafmagn, skýlisveggi og framræslu. Í ýmsum tilfellum veitast styrkir til tilraunabygginga, allt að hálfum kostnaði. Þá er komið að framleiðslunni, búfénu. Styrkur á geldneyti vegna kjötframleiðslu er 9 pund og 5 shillingar árlega, og á hverja kú, sem skilar kálfi, er einnig greiddur styrkur. Það er líka misjafnt eftir landshlutum. Það er mest í hálendi Skotlands og það framlag er allt að 12 sterlingspundum og 10 shillingum á ári, og er þá samanlagt orðið á kúna og kálfinn, sem undan henni kemur, nálega 23 sterlingspund á ári.

Ég kom allra snöggvast til þessara landa í sumar og hitti bændur meðal annars í hálendi Skotlands, og þar töldu þeir, að án þessa styrks héldist ekki byggð á þeim jörðum. En ríkið greiðir framlög til þeirra. Brezka ríkið telur sér hag í því að efla landbúnaðinn.

Ég skal svo láta þessi dæmi nægja frá Bretlandi, en víkja að Noregi. Þar er greitt vegna jarðræktar upp að 20 hektörum á jörð allt að 2800 norskar kr. á hektara, en 2800 norskar kr. munu nú í dag samsvara nálega 15 þús. ísl. kr. Vatnsveitur eru í Noregi styrktar með 35% af kostnaði. Ræktunarvegir, sem eru yfir 1 km á lengd, eru styrktir að hálfu, þ. e. ríkið greiðir hálfan kostnað af lagningu ræktunarvega, ef þeir fara yfir 1 km, þó ekki yfir 25 þús. norskar kr. í stað, það er eins og þið sjálið nokkuð á annað hundrað þús. ísl. kr. Til endurbyggingar útihúsa er veitt allt að 15 þús. norskum kr. á býli, til byggingar votheysgeymslna allt að 60% kostnaðar, hámark 1500 norskar kr. Til aðstoðar þeim, sem eru að byrja búskap, reisa bú, er veittur styrkur eða framlag allt að 9 þús. kr. til útihúsabygginga og allt að 3200 kr. — hvort tveggja norskar kr. — til íbúðarhúsabygginga, samtals allt að 12200 norskum kr. Auk þess eiga þessir menn kost á láni vaxtalausu í 7 ár, að upphæð 40 þús. norskar kr., og geta þar að auki fengið 10 þús. norskar krónur að láni með vöxtum. Beri menn svo þessi dæmi saman við það, hvernig búið er að landbúnaði hér á landi.

Einnig er rétt í þessu sambandi að vekja athygli á, hversu mikið líklegt er, að landbúnaðurinn þurfi að auka framleiðsluna á næstu árum vegna fólksfjölgunar í landinu, þótt ekki sé við annað miðað en líklega innanlandsþörf. Kunnugt er, að á s. l. vetri nægði ekki mjólkurframleiðslan. Það varð að flytja inn smjör, og rétt að skjóta hérna inn í, að innflutta danska smjörið varð dýrara en íslenzka smjörið. Það verður ekki fullkomlega séð enn, hvort mjólkurframleiðslan nægir í vetur, en það eru a. m. k. ekki líkur til, að hún verði meiri en þarf. Það má vera, að það aðeins merjist án innflutnings smjörs. Það liggur því fyrir, að það þarf að auka mjólkurframleiðsluna í landinu í réttu hlutfalli við fólksfjölgunina, og ef fólksfjölgunin verður ámóta mikil hlutfallslega til aldamóta og hún hefur verið s. l. áratug, þá lætur nærri, að fjölga þurfi kúm í landinu á næsta áratug fram að 1970 um 7800 kýr, á áratugnum 1970—80 9200, á áratugnum 1980—90 11400 og síðasta áratuginn af öldinni 14200, eða samtals 43200 kýr. Á

þessum 40 árum, sem eftir eru til aldamóta, þarf að gera meira en að tvöfalda nautgripastofninn í landinu til þess eins að fullnægja líklegri innanlandsþörf, ef þjóðinni fjölgar með sama hraða á þessum tíma og verið hefur.

Kjötframleiðslan er núna í augnablikinu lítið eitt meiri en innanlandsneyzlan, en þó ekki meiri en það, að á næstu 40 árum þarf allt að því að tvöfalda hana, og tilsvarandi framleiðsluaukning og þó raunar nokkru meiri þarf eðlilega að verða á kartöflum, eggjum, grænmetisræktun og gróðurhúsaframleiðslu.

Það ættu því ekki að vera skiptar skoðanir um, að mikil verkefni eru fram undan, og það verður að hafa opin augu fyrir því, að þau verkefni leysast ekki af sjálfu sér. Bændurnir í landinu hafa á undanförnum árum vissulega lagt hart að sér við uppbyggingu landbúnaðarins, enda áorkað miklu. Þetta hafa þeir ekki gert fyrst og fremst til hagsbóta fyrir sjálfa sig, heldur hefur þjóðfélagið í heild notið starfa þeirra. Þeir hafa ekki stefnt að því að alheimta daglaun að kvöldum, það er ekki hægt í landbúnaði. Það gengur enginn bóndi þess dulinn, að það fjármagn og sú orka, sem hann leggur í umbætur, ræktun og byggingar á jörðinni sinni, verður honum ekki endurgoldin nema að nokkru leyti gegnum afrakstur búskaparins og ekki heldur þótt hann selji jörðina. En bóndinn veit, að það, sem þar ber á milli, kemur eftirkomendunum til góða í því, að hann skilar jörðinni sinni betri, jafnvel miklu betri en hann tók við henni. Því er það, að þegar þetta er líka alþjóðarþörf að umbæta sveitirnar, þá er það bein skylda ríkisvaldsins að leggja nokkuð af mörkum til uppbyggingarinnar og búa þann veg að bændastéttinni, að hún geti unað hag sínum við umbótastarfið.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, hef ég ásamt öðrum alþingismanni flutt sérstaka þáltill. á þskj. 100, sem var nú á þessum fundi ákveðið að taka til einnar umr. á næstunni. Ég mun þess vegna ekki fara neitt verulega út í þetta mál hér, þar sem ég mun koma inn á einmitt þau atriði, sem hér eru helzt til umr., þegar ég mæli fyrir þeirri till. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér, úr því að þessi till. kom til umr. nú. Eitt vil ég þó aðeins minna á, sem kom fram í ræðu hv. flm. Hann sagði, að flm. teldi ekki, að með flutningi þessarar þáltill. væri um árás á bændastéttina að ræða. Mér liggur nú við að segja: Mikið var. En hvernig sem menn líta á það, þá er þess ekki að dyljast, að allmargir munu þeir vera, sem virðist ekki rétt að staðið með þessari till., því, sem þó kannske virðist eiga að liggja til grundvallar henni. En sem sagt, ég vil ekki á þessu stigi ræða þetta neitt að ráði, vegna þess að ég mun taka þetta betur til umr., þegar till. okkar 10. landsk. þm. (BGuðm) kemur hér fram.

En mig langar aðeins til að minnast á eitt atriði enn, sem einnig kom fram í ræðu hv. flm. Hann gat að vísu réttilega um, að það gæti verið álitamál, hvort sú brtt., sem hefur verið lögð hér fram, geti skoðazt sem brtt., en verði ekki að skoðast sem sérstök sjálfstæð till. Úr því mun væntanlega sú n. skera, sem fjallar um þetta mál. En þau ummæli lét hv. flm. falla, að hann vildi skjóta þar inn í: án þess að þurfa sérstaka meðgjöf með þeim hluta af landbúnaðarvöru, sem fluttur er út. — Þessi ummæli gefa mér tilefni til að fara nokkrum orðum um þetta atriði. Og ég vil sérstaklega skýra það, hvernig ég lít á ákvæði, sem nú er í lögum um framleiðsluráð, einmitt af þessu sérstaka tilefni.

Ég vildi vona, að hvaða skoðanir sem menn annars hafa á landbúnaðinum, þá sé það flestra álit, að það sé æskilegt, að hann fullnægi neyzluþörf þjóðarinnar sjálfrar á landbúnaðarvörum. Margir hafa að vísu þær hugmyndir, að hlutverk landbúnaðarins sé nú meira, hann geti einnig verið hlutgengur sem útflutningsatvinnuvegur. En við skulum sleppa því í þessu sambandi. Ég vil aðeins benda á það, að mér finnst það augljós rök fyrir þessu ákvæði í núgildandi framleiðsluráðslögum, einmitt þetta sjónarmið, að landbúnaðurinn eigi á öllum tímum að fullnægja neyzluþörf þjóðarinnar sjálfrar. Við vitum það ósköp vel, að *verðrátta, árferði er misjafnt í þessu landi, og það* ætti ekki að þurfa að rifja það upp. Það er svo skammt síðan tíðarfarið hefur leikið landbúnaðinn þannig, að það hefur stórkostlega dregið úr framleiðslu landbúnaðarvörunnar og sérstaklega mjólkurinnar. Þess vegna er það alveg augljóst mál, að ef á að vera hægt yfirleitt að fullnægja neyzluþörfinni, þá verður umframframleiðsla að vera nokkur, og það er nauðsynlegt, að hún sé, þegar vel árar. En mér finnst einmitt, að af því leiði, að það sé ekki kannske einasta skylda ríkisvaldsins að sjá þá um, að á þessari umframframleiðslu verði ekki halli, en það er þó a. m. k. mjög mikil hagsýni að gera það, vegna þess að einmitt í þessu ákvæði felst veruleg trygging fyrir því, að til vöntunar á landbúnaðarvöru þurfi síður að koma, þegar árferðið leikur landbúnaðinn illa. Ég tel þess vegna, að hvort heldur lítið er á þetta frá sjónarmiði þeirra, sem landbúnaðarframleiðsluna stunda, eða þeirra, sem eiga að neyta vörunnar, þá sé þetta eðlilegt og skynsamlegt ákvæði. Ég vildi láta þetta koma fram hér, af því að mér fannst gefast alveg sérstaklega hentugt tilefni til þess.

Ég vil aðeins segja það svo að lokum, að hún vakti mér nokkra furðu, þessi till. hv. flm., þegar ég sá hana lagða á borðið fyrir framan mig, og eins og fram kemur í grg. okkar 10. landsk. þm. (BGuðm) fyrir þeirri till., sem við höfum lagt fram á þskj. 100, þá leysir hún á engan hátt það, sem þó kannske mætti segja að væri tilgangur hennar. Mér þykir rétt, að þetta komi fram hér við þessa umr., en að öðru leyti mun ég geyma mér að ræða þetta mál, þangað til mín tillaga kemur á dagskrá.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Vegna *ummæla hv. síðasta ræðumanns um meðgjöf með* landbúnaðarvörum, sem fluttar eru úr landi, vildi ég leyfa mér að taka þetta fram: Ég hugsa, að flestir gætu verið sammála um, að það væri æskilegt, að landbúnaðurinn væri samkeppnisfær í útflutningnum, þannig að hann gæti fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir fengið sama verð og á innlendum markaði. En það er út af fyrir sig rétt, að

þar sem flestir telja æskilegt, að landbúnaður framleiði nægjanlegt til innanlandsneyzlu, þá geti stundum átt sér stað einhver umframframleiðsla, sem nauðsynlegt sé að flytja út. Það er vissulega rétt athugað. En með þessu er bara ekki allur sannleikurinn sagður, vegna þess að í l. um framleiðsluráð landbúnaðarins og verðskráningu, sem voru einmitt til meðferðar hér á þingi í fyrra, er þessi meðgjöf gerð miklu meiri en nokkur þörf er á. Lögin voru útbúin þannig, að nú eiga bændur kröfu á allt að því 80 millj. kr. meðgjöf, og þá væri það miklu meiri útflutningur á landbúnaðarvörum en eðlileg umframframleiðsla, og ég held satt að segja, að neytendafulltrúarnir, sem gerðu þetta samkomulag, hafi raunverulega látið hlunnfara sig á þessu og ekki athugað, hvað orðalagið var lúmskt. Ég var að berjast á móti þessu í Ed. í fyrra, en fékk því ekki framgengt. Ég get skotið því inn í í sambandi við þá sömu afgreiðslu, að þá segir í breyt., sem gerðar voru í fyrra, að ef kaup verkamanna í Reykjavík hækki, þá eigi kaup bænda að hækka að sama skapi. Þetta fannst öllum sanngjarnt og eðlilegt. Nú veit maður náttúrlega aldrei, maður sér ekki fram í tímann, það getur orðið þannig, að kaup verkamanna verði aftur vísitölubundið, það getur verið að kaup verkamanna lækki. Ég vildi setja það inn í lögin, að í staðinn fyrir að segja, að ef kaup verkamanna hækkaði, þá skyldi kaup bænda hækka líka, þá væri sagt: ef kaup verkamanna breytist, þá skal kaup bænda breytast að sama skapi. Þetta máttu bændafulltrúarnir ekki heyra nefnt og felldu þessa till. Þetta kalla ég ósanngirni.

Þá vil ég snúa mér að ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. (GH). Ég vil taka það fram, að ég hef ekkert á móti því, síður en svo, að ýmsir hlutir í sambandi við landbúnaðinn og aðra atvinnuvegi þjóðarinnar verði rannsakaðir. Það má rannsaka þar allt milli himins og jarðar, ef mönnum sýnist svo. Það, sem ég ætlast til, er, að þessir menn styðji líka rannsókn á því efni, sem ég vil láta rannsaka, en það virðist eins og rannsóknaráhuginn blossi allt í einu upp, þegar ég kem með mína till., og það er bara til þess að bægja frá því, sem ég vil láta rannsaka. Þeir vilja láta rannsaka allt annað, en ekki mitt. Ég segi: ég vil láta rannsaka mitt, ég skal líka styðja það að láta rannsaka það, sem þeim liggur á hjarta. Ég hef ekkert á móti því. Hins vegar virðist mér grunntónninn í ræðu þessa hv. þm. vera sá, að hann gengur út frá því sem vísu, að framlög og styrkir til landbúnaðarins séu miklu hærri en til annarra atvinnuvega, því að öll hans ræða gekk út á að afsaka það og sýna, hver nauðsyn væri á þessum styrkjum. Hann þekkir náttúrlega meira til landbúnaðarmála en ég, og það má vel vera, að hann hafi rétt fyrir sér í þessu efni, þó að ég vilji láta hlutlausa rannsókn skera úr um þetta.

Hann sagði, að ég vildi ekki láta rannsaka, hvort þessi framlög væru nauðsynleg. Það vil ég einmitt gjarnan. Það þarf fyrst að rannsaka, hver framlögin séu, og síðan má rannsaka auðvitað, hvort þau séu nauðsynleg, enda gat ég skýrt um þetta í minni frumræðu, að ég hefði síður en svo nokkuð á móti því, að af þessari rannsókn, sem ég óska eftir, spretti svo ýmiss konar aðrar rannsóknir. Það er ekkert nema eðlilegt. En að því leyti kom mér þetta á óvart, að ræða þessa hv. þm. virtist ganga út frá því sem gefnu, að framlögin til landbúnaðarins væru hærri en til annarra. Þegar maður er að tala við bændur og bændafulltrúa almennt, þræta þeir alveg fyrir þetta eða segja, að þetta sé rangt. Nú þegar á hólminn er komið og á að fara að leggja drög að hlutlausri rannsókn, þá er komið annað hljóð í strokkinn.

Þá sagði þessi hv. þm., að það þyrfti nú ekki langt að leita, það væri hægt að sanna, hvernig innræti mitt væri í þessum málum, að ég hefði einn greitt atkv. gegn því í fyrra, að framlag til Búnaðarfélags Íslands væri hækkað um 260 þús. kr. Það er alveg rétt, ég greiddi einn allra þm. atkvæði gegn þessu framlagi, og ég get ekki fundið út, að það hvíli einhver skylda á mér að styðja þetta, þó að fjvn. hafi verið sammála um það. Má ég ekki hafa mínar skoðanir á því, á hvern hátt er bezt að verja fé þjóðarinnar? Ég vildi bara spyrja þennan hv. þm.: Telur hann, að hver sá þm. sé illa innrættur, sem greiðir atkv. gegn nýjum styrkjum til bænda og landbúnaðar? Ég get svo auðvitað bætt því við, að ég var einn þm. hér í d., sem greiddi atkv. gegn fleiri hækkunartill. en til landbúnaðarins, þó að hv. þm. léti þess auðvitað ekki getið. (Gripið fram í.) Jú, það snertir það víst, þegar verið er að taka einstök dæmi úr samhengi, það gerir það sannarlega.

Hv. þm. gaf ýmsar fróðlegar upplýsingar um landbúnaðinn. Hans ræða gekk eiginlega öll út á það að réttlæta þessi framlög og afsaka þau, og það má vel vera, að í því, sem hann sagði, hafi hann haft mikið til síns máls. Og ég vænti þess, að þegar þessi rannsóknarnefnd og aðrar slíkar, sem rannsaka landbúnað og aðra atvinnuvegi þjóðarinnar, komast á laggirnar, þá m. a. kynni þær sér þessa ræðu hv. þm. og sú skýrsla, sem hann gaf þar um ýmislegt varðandi landbúnaðinn, megi verða til þess að létta þessum nefndum störfin.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að eyða löngum tíma í að ræða þetta mál hér, en vil benda á, að þessi till. slær því í raun og veru föstu, að landbúnaðurinn njóti beinna og óbeinna styrkja umfram aðrar atvinnugreinar í þessu landi, þ. e. bændurnir umfram aðrar stéttir. Og ef hún yrði samþykkt, þá yrði að rannsaka stuðning ríkisvaldsins, óbeinan og beinan, við allar atvinnustéttir þessa lands, því að annars væri ekki hægt að fá þann samanburð, sem þessi till. gerir ráð fyrir. Það nægði ekki í því sambandi að fara að rannsaka tillag samkv. fjárl., heldur yrði þá að rannsaka bankastarfsemina í landinu, þá óbeinu aðstoð þeirra við atvinnuvegina og annað eftir því, því að með engu öðru móti en rannsókn á öllum atvinnuvegum landsins, beinum og óbeinum stuðningi til þeirra, væri hægt að fá þann samanburð, sem hv. 9. landsk. gerir ráð fyrir að fá hér. Og ég verð að segja það, að þeir menn, sem fá þetta verkefni til meðferðar, mega halda vel á, ef þeir verða búnir að ljúka þessari rannsókn fyrir næsta þing. Það verður þá vel í þeirri nefnd unnið og þarf ekki undan að kvarta.

Annars er um till. þessa það að segja, að það, sem fyrst og fremst er grunntónninn í henni, er

metingur stétta á milli. Það er metingur stétta á milli, það er að etja stétt gegn stétt. Það er ekki þetta, sem þjóðfélagið þarf með. Það þarf þess ekki með að etja stétt gegn stétt, heldur að stétt vinni með stétt. Ég hef alltaf getað skilið, að það væri eðlilegt, að fólk til sjávar og sveita ynni saman og hagsmunir þess færu saman, en ekki gagnstætt því, eins og hér er ætlazt til.

Það er líka atriði í þessu máli, þegar verið er að tala um styrki til landbúnaðarins, hvað eru styrkir til landbúnaðarins. Ég heyrði t. d. sagt frá því í ræðu, sem hæstv. menntmrh. flutti í hv. Ed., að þar hefði hann tekið saman tillögur, sem við framsóknarmenn værum búnir að flytja á þessu þingi um stuðning við landbúnaðinn og fjárveitingar, sem við ætluðumst til að gengju til landbúnaðarins. Eitt af þeim málum, sem hann nefndi þar til, var frv., sem ég og nokkrir aðrir þm. flytja hér í hv. d. um framlag vegna samgöngubóta í landinu. Það voru líka orðnir styrkir til landbúnaðarins. Ef þannig væri staðið að þessari rannsókn, að samgöngubætur í þessu landi væru taldar styrkir til landbúnaðarins, út í hvað mundi slíkt leiða? Þess vegna, ef á að gera þá rannsókn, sem hér er ætlazt til af hv. flm., verður að vita, hvað er raunverulega átt við, þegar verið er að tala um stuðning við bændur eða styrk til bænda og landbúnaðarins í heild. Og það verður líka að segja það, að það er afar skrýtinn skilningur að ætla bændastéttinni einni það hlutverk að rækta þetta land. Það er ekkert sérmál bændastéttarinnar, hvort Ísland verður ræktað land eða ekki. Það er mál allrar íslenzku þjóðarinnar.

Í sambandi við þetta styrkjatal og annað, sem hér hefur komið fram, bæði beint og óbeint, og oft hefur borið á góma áður, skulum við líka gera okkur grein fyrir því, hver er árangurinn af þeim stuðningi við landbúnaðinn, er verið hefur síðustu áratugi. Ef við hefðum hafið algera kyrrstöðu í landbúnaði árið 1950, þá hefði nú á þessu ári orðið að eiga sér stað stórkostlegur innflutningur á landbúnaðarvörum, og hefði það orðið að vera allverulegt magn t. d. af dilkakjöti, og ef við berum saman verðlag á innfluttu dilkakjöti og á því, sem við framleiðum hér á landi, þá kemur í ljós, þó að við sleppum verndartolli á kjöti, að þá mundi innflutta kjötið kosta fast að því 30 kr. kg, þegar innlenda kjötið kostar 25 kr. hvert kg. Hér er um að ræða fjárhæð, sem mundi nema 104 millj. kr., ef innflutningur hefði átt sér stað, á þessum mismun. Þess vegna verða menn að gæta að því, að það er ekki verið að styrkja bændur eingöngu, þó að verðlagi sé haldið eðlilega uppi í landinu. Það eru ekki síður þeir, það eru einmitt þeir, sem neyta vörunnar í þessu tilfelli, sem fá hér verðmismuninn. Þetta megum við líka hafa í huga, og ætti hv. þingmaður að glöggva sig á því, að þetta er ekki lítið atriði, sem hér er um að ræða.

Sama er að segja um mjólkurvörur. Við yrðum, að því leyti sem hægt er, að flytja þær inn stórkostlega og eyða í það miklum gjaldeyri, ef hefði orðið alger kyrrstaða í landbúnaði síðustu 10 árin. En sem betur fer hefur það ekki orðið. En það verður að vera áframhaldandi þróun í landbúnaði, ef við eigum að hafa við neyzluþörfinni.

Þetta tal um styrki og annað því um líkt hefur oft borið á góma í margs konar skilningi. Það er hægt að benda á það, að á fjárl. eru 300 millj. til niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum. Það fer ekki til þeirra, sem framleiða vöruna, heldur til okkar hinna, sem neytum hennar. Við yrðum að öðrum kosti að borga þessar vörur hærra verði. Þetta er því styrkur til okkar neytendanna, en ekki til framleiðenda.

Ég hygg, að ef sú rannsókn ætti að eiga sér stað, sem hv. þm. gerir ráð fyrir, þá yrði hún að vera allvíðtæk, ef sá samanburður ætti að vera réttur. En því miður er ég hræddur um, að tilgangur till. sé ekki að eyða misskilningi eða jafna á milli stétta, heldur hið gagnstæða, og fyrir því liggja nokkur rök, að þessari hugsun skýtur upp í huga mínum og annarra.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins gera örstutta aths. við ræðu síðasta hv. þm. Hann spurði m. a., hvað væru styrkir til landbúnaðarins, og ég held, að hann hafi vitnað hér í ræðu, sem haldin var í þinginu um visst atriði, sem var haldið fram að væru styrkir til þessa atvinnuvegar. Það getur auðvitað verið, að í vissum tilfellum geti það verið vafaatriði, hvað sé styrkur til landbúnaðar og hvað ekki. Þar eru auðvitað vafatilfelli eins og víða annars staðar. En það, sem átt er við með þessari till., er, að nefndin, sem á að rannsaka þetta mál, á auðvitað að skera úr því. Þess vegna er einmitt kvödd til nefnd sérfróðra manna. Það eiga ekki að vera neinir stjórnmálamenn eða slíkir, sem hafa kannske pólitiska hagsmuni af að segja til um það, hvað séu styrkir og hvað ekki. Ég ætlast einmitt til þess, að þetta séu hlutlausir menn, eftir því sem þá er hægt að fá.

Þessi hv. þm. sagði t. d., að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum væru ekki styrkir til bænda, þetta væru styrkir til neytenda. Ég álít raunverulega, að þetta séu styrkir til beggja. Ég a. m. k. álít, að bændur teldu sig allmiklu verr haldna en áður, ef þessir styrkir féllu niður, og það hlýtur að vera augljóst mál, eins og þeir eru miklir. Þá mundi sala á landbúnaðarvörum minnka talsvert mikið, og það hlyti náttúrlega að verða bændunum í óhag. En þetta er auðvitað eitt af þeim atriðum, sem nefndin á að meta.

Þá vildi þessi hv. þm. taka sér hér í munn kjörorð sjálfstæðismanna um „stétt með stétt", þessi till. gengi alveg í öfuga átt, það væri stétt gegn stétt. Ég tel þetta vera misskilning. Þessi rannsókn á einmitt að vera til þess að kveða stéttastríðið og stéttaágreininginn niður. En ég held einmitt, að vanþekkingin kyndi undir stéttastríðinu, en rannsókn og þekking kveði það niður.

Ég verð svo að lokum að láta það í ljós, að ég er eiginlega undrandi og verð fyrir vonbrigðum með það, hvað bændafulltrúarnir hér á Alþ. taka þessari till. illa. Það er alveg eins og þeir vilji hreint ekki, að þessi rannsókn fari fram. Ég efast um, að þeir geri stétt sinni og umbjóðendum sínum nokkurn greiða með slíkri afstöðu, og vonast til þess, að þeir hugsi þetta nú betur, áður en málið kemur hér til síðari umr., og taki þessari till. þá vinsamlegar.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins. Í fyrstu línu þeirrar till. segir, að „Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að skipa 5 manna nefnd sérfróðra manna“ til þeirrar rannsóknar, sem till. fjallar um. Ekki kemur það fram í till., á hvaða sviði þessir menn eiga að hafa sérþekkingu, hvort það eiga að vera sérfróðir rannsóknardómarar eða menn sérfróðir um landbúnaðarmál eða á enn öðrum sviðum. Þetta finnst mér nokkur vöntun og hefði þurft að gera orðalagið að þessu leyti skýrara en það er. En meginefni till. er það, að þessi nefnd hinna sérfróðu eigi að rannsaka, hvort og að hve miklu leyti bændastéttin og landbúnaðurinn njóti beint eða óbeint styrkja, framlaga og fríðinda af hálfu hins opinbera umfram aðrar stéttir og aðra atvinnuvegi þjóðarinnar.

Í fljótu bragði virðist e. t. v., að hér sé um afmarkað viðfangsefni að ræða. En þegar nánar er að gætt og orðalag till. athugað, þá er auðsætt, að till. stefnir að því, að þessi rannsókn verði afar viðtæk og svo viðtæk, að það hefur ekki komið fram í ræðum hv. flm., að hann hafi fyrir fram gert sér gerin fyrir því. Það á að rannsaka styrki, framlög og fríðindi, en fríðindi er mjög viðtækt orð og getur náð til ýmiss konar ráðstafana í þjóðfélaginu í þágu einnar eða annarrar stéttar og í þágu einnar eða annarrar atvinnugreinar, og það á að rannsaka áhrif þessa, bæði beint og óbeint, á hag atvinnuveganna. En meginefni rannsóknarinnar á að beinast að því að finna, hve mikils af framlögum og styrkjum landbúnaðurinn nýtur umfram aðrar atvinnugreinar. Þetta er kjarni till. Það er m. ö. o. ekki áhugamál hv. flm. að fá alhliða eða almennt yfirlit yfir hag atvinnuveganna í landinu og þróun þeirra og aðstöðu, heldur einungis að reyna að finna það, sem landbúnaðurinn nýtur umfram aðrar atvinnugreinar. Það er ekki heldur áhugamál hv. flm. að láta rannsaka aðstöðu landbúnaðarins hér í hlutfalli við landbúnað með öðrum þjóðum og þá með sérstöku tilliti til framleiðslu landbúnaðarins, hlutdeildar hans í þjóðarbúinu í hlutfalli við það, sem gerist með öðrum þjóðum. En í þessu orðalagi till., sem ég og raunar fleiri hafa bent á, felst sleggjudómur hv. þm., fyrir fram ákveðin skoðun á því, að landbúnaðurinn njóti fríðinda og hlunninda umfram aðrar atvinnugreinar. Þetta er ekki í samræmi við það, sem talið er sjálfsagt meðal þeirra, sem byggja á raunvísindum. Þeir bíða með að fella dóma, þangað til niðurstöður rannsókna liggja fyrir, en hv. flm. hefur ekki talið sér það henta, heldur fellir hann sleggjudóm um málið fyrir fram. (**Gripið fram í:** Það stendur „hvort“ í till.) En ef reikna á frádráttardæmi, og það virðist vera meginhugsun flm., þá nægir ekki að þekkja frádráttarstofninn einan, það verður einnig að þekkja þá tölu, sem er frádragari í dæminu, til þess að mismunurinn verði réttur, og ef það á að reikna þetta dæmi eftir þeirri hugsun, sem virðist vaka fyrir hv. flm., þá er ekki nóg að rannsaka aðstöðu landbúnaðarins, sem við getum kallað frádráttarstofninn, heldur verður jafnframt að rannsaka aðstöðu annarra atvinnugreina, til þess að finna mismuninn, sem á að leita að. Þetta sýnir jafnvel betur en annað, hversu það viðfangsefni, sem till., ef samþ. verður, leggur í hendur þeirrar nefndar, sem á að skipa, er geysilega viðtækt.

En hv. flm. tekur fleira fram. Hann segir, að það eigi að rannsaka aðstöðu bændastéttarinnar annars vegar og annarra stétta hins vegar og það eigi enn fremur að rannsaka landbúnaðinn annars vegar og aðrar atvinnugreinar hins vegar. Þarna skiptir hann í raun og veru verkefninu í tvennt, annars vegar samanburð milli stéttanna, bændastéttarinnar, sem nú starfar í landinu, við aðrar stéttir þjóðfélagsins, og hins vegar samanburð atvinnuvegarins í heild við aðra atvinnuvegi.

Ég ætla ekki að kveða upp neinn dóm fyrir fram í þessu efni. En á það vil ég þó benda, að ýmislegt virðist benda til þess, þegar á þessi mál er litið, að fyrir liggi eigi fá atriði, sem verði forsendur fyrir öðrum dómi en þeim, sem hv. flm. hefur fyrir fram kveðið upp. Ég skal drepa á örfá atriði, sem minna má á í þessu sambandi, án þess að ég sé að kveða upp dóm.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða, sem ákveður tekjur til bænda, er miðaður við það, að bóndinn hafi sambærilegar tekjur við aðrar vinnandi stéttir, og með þessu: „vinnandi stéttir“, er miðað við verkamenn, en ekki iðnlærða menn eða þær stéttir, sem njóta hinna hærri launa í þjóðfélaginu. Og nú er það svo, að í framkvæmdinni hefur oft skort allmikið á, að bóndinn fengi í sinar hendur grundvallarverðið, sem ákveðið er samkv. verðlagsgrundvellinum. Ég hygg, að bóndinn fái ekki reiknað á sína vinnu fullt eftirvinnu- eða næturvinnukaup fyrir þær vinnustundir, sem hann innir af hendi vegna starfs síns á þeim tímum, sem margir aðrir geta hvílzt. Ég hygg, að bóndinn njóti mun lakari aðstöðu í sambandi við orlof heldur en ýmsar aðrar stéttir. Ekki nýtur bændastéttin gjaldeyrisfríðinda, eins og dæmi eru um, t. d. hjá þeim, sem sigla á skipum til útlanda eða stunda millilandaflug. Ég held, að bændurnir njóti ekki aðstöðu til þess að láta fyrirtæki eða opinberar stofnanir bera að einhverju eða öllu leyti kostnað við bifreið sína o. s. frv. Ég bendi aðeins á, að ef á að fara að gera upp þetta dæmi gagnvart stéttunum, þá þarf þessi rannsókn að vera viðtæk og margt kemur til álita.

Þá er að líta á atvinnugreinina, landbúnaðinn, gagnvart öðrum atvinnuvegum í landinu. E. t. v. hafa ýmsir hv. þm. það fyrir augum, að í fjárlögum, 16. gr., er samtals hærri fjárveiting til landbúnaðar en til sjávarútvegs og iðnaðar hvors um sig. En þess er þá að gæta, að ef litið er á þessar tölur og nota á þær til samanburðar í þessu efni, þá er ýmislegt inni í kaflanum í fjárl., landbúnaðarkaflanum, sem er ekki sambærilegt við aðrar atvinnugreinar. Ég nefni sem dæmi fyrirhleðslur vatna, skógrækt, sem er ekki hægt að segja að sé a. m. k. gerð í þágu þeirra, sem nú starfa að landbúnaði. Það er framtíðarmál, — verk, sem unnið er til þess að gera landið betra, atvinnuvegi þess fjölbreyttari og til þess að komandi kynslóðir njóti góðs af. Ég nefni framlög til skóla. Inni í þessum kafla fjárl. eru reiknuð framlög til bændaskólanna, en aftur á móti eru fjárveitingar til iðnfræðslunnar ekki í kaflanum um iðnaðarmál, þannig að þessar tölur eru ekki að öllu leyti sambærilegar.

En ef ætti að skoða fjárlögin að þessu leyti og byggja á þeim samanburði um beina og óbeina aðstoð ríkisvaldsins við atvinnugreinar þjóðfélagsins, þá er vissulega á fleira að líta. Það eru t. d. ekki lágar fjárhæðir, sem lagðar eru fram árlega vegna ríkisábyrgðarlána. Það væri þá rannsóknarefni í þessu sambandi, hve mikið af þeim greiðslum er vegna landbúnaðarins og hve mikið vegna annarra atvinnugreina. Ef meta á aðstoð, beina og óbeina, af þjóðfélagsins hálfu og öll fríðindi, eins og það er kallað í till., sem einstakir atvinnuvegir njóta, þá kemur vitanlega til álita að skoða tollalöggjöfina í sambandi við iðnaðarframleiðsluna t. d., þá tollvernd, sem iðnaðurinn í raun og veru nýtur, vegna þess að ríkisvaldið vill efla íslenzkan iðnað. Og það yrði að hafa þessa rannsókn svo víðtæka, að það yrði að athuga bankastarfsemina með tilliti til atvinnuveganna, rannsaka, hve mikið af bankafjármagninu fer til landbúnaðarins í hlutfalli við framlag hans til þjóðarbúsins og hve mikið af bankafjármagninu fer til annarra atvinnugreina. Í því sambandi mætti einnig líta aftur í tímann og athuga það, hvort t. d. eftirgjöf skulda eða vanskil á lánum hafi orðið meiri á vegum landbúnaðarins heldur en annarra atvinnugreina. Ég ætla, að þessi atriði, sem ég hef bent á, kunni mörg að vera þess eðlis, að þau séu forsenda fyrir öðrum dómi en hv. flm. þessarar till. hefur í raun og veru fyrir fram kveðið upp, og ég ætla, að þetta viðfangsefni kynni að verða torleyst á mjög stuttum tíma, svo stórt sem það í raun og veru er.

Það hefur greinilega verið tekið fram af hálfu þeirra, sem hér hafa talað, að framlög af ríkisins hálfu eða af opinberu fé til ræktunar og uppbyggingar í landbúnaði eru ekki fyrst og fremst styrkur til þeirra manna, sem stunda þessa atvinnugrein. Bóndinn hefur ekki staðið þannig að málum í þjóðfélaginu, að hann eða stétt hans hafi kostað kapps um að bæta sín kjör með miklum stéttaátökum. Bændastéttin hefur hvorki aðstöðu til né hug á að auðga sjálfa sig með milliliðagróða. Aðferðin, sem bóndinn hefur til þess að bæta kjör sín, er sú að stækka búið. En undirstaða þess er aukin ræktun. Og um leið og bóndinn stækkar búið og bætir kjör sín að meira eða minna leyti á þann hátt, þá hefur hann það fyrir augum, jafnvel fyrst og fremst, að hann er að vinna landnámsstarf, hann er að búa í haginn fyrir þann, sem tekur við, gera landið, sem við eigum og byggjum, betra og hæfara til ábúðar eftir en áður. Framlag af hálfu ríkisvaldsins til jarðræktar og uppbyggingar í sveitum er því aðeins hlutdeild þjóðarheildarinnar í þessu landnámsstarfi, hlutdeild, sem er ekki nema tiltölulega lítill hluti af því, sem umbæturnar raunverulega kosta. Mikinn meiri hluta af því leggur bóndinn sjálfur fram með vinnu sinni og þeim verðmætum, sem hann leggur í þessa uppbyggingu.

Og þess má minnast í þessu sambandi, að viðreisnin, efnahagsmálalöggjöfin frá síðasta þingi, hefur haft áhrif í þessu efni sem öðrum. Kostnaðurinn við umbæturnar stórhækkar, bæði byggingar og ræktun. Þar er ekki nema að nokkru leyti um vinnulaun að ræða, heldur að verulegu leyti um efniskaup. En jarðræktarframlögin munu væntanlega standa í stað. Það er vafasamt, að vísitala verði tekin til greina í því sambandi, og vísitölunni hefur þá hvort sem er verið hagrætt svo, að hún skilar ekki viðbót að neinu ráði við jarðræktarframlögin. En á sama tíma sem þannig er búið að *bændastéttinni*, að hlutur ríkisins er gerður minni, þátttaka ríkisvaldsins minni í kostnaði við að bæta landið, þá er lögð hér fram á hv. Alþ. till. slík sem sú, er hér er til umr.

En það eru augljós viss atriði, sem þarf ekki að rannsaka, sem þegar liggja fyrir skýrslur um, t. d. það, að íslenzka þjóðin er, sem betur fer, í örum vexti. Um næstu aldamót munu íbúar þessa lands verða nokkuð hátt á fjórða hundrað þúsund manns. Í samræmi við þetta þarf landbúnaðarframleiðslan að aukast, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. rakti ýtarlega í ræðu sinni. Í sambandi við þessa aukningu framleiðslunnar þarf vitanlega að athuga fjárþörf landbúnaðarins á næstu árum og áratugum. Sú brtt., sem við berum fram, er miðuð við það, að þessi athugun verði ekki látin dragast úr hömlu.

En þeir, sem bera fyrir brjósti menningu þjóðarinnar, og a. m. k. þeir þm. eða sá flokkur, sem nú í bili hefur á hendi framkvæmdarvald í menningarmálum og þá að sama skapi vissar skyldur í þeim efnum, mættu gjarnan minnast þess, að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar og þá ekki sízt landbúnaðurinn hefur verið þjóðinni *dýrmætur* menningargjafi. Þjóðin og landið eru nátengd og hafa verið um aldir. Þau tengsl þarf fremur að efla í þessu þjóðfélagi heldur en að veikja þau eða rjúfa, því að það lögmál gildir um einstaklinga og þjóðir, að „rótarslitinn visnar visir, þótt vökvist hlýrri morgundögg". Þetta lögmál gildir einnig um stjórnmálaflokka.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JÁ, JSk, JÞ, JP, JR, KGuðj, KK, KJJ, MÁM, ÓB, ÓlJ, PÞ, SI, SÓÓ, ÁB, BF, BGuðm, BP, EðS, US, GH, GíslG, GunnG, GJóh, GTh, SÁ.

SkG, ÞÞ, ÁÞ, HS, HV greiddu ekki atkv.

28 þm. (HermJ, JóhH, LJós, MJ, ÓTh, PS, DÓ, SE, AGb, AGl, AuA, BGr, BK, BBen, BFB, BjörnJ, EggÞ, EI, MS, EmJ, EystJ, FRV, GeirG, ÞK, GuðlG, GÍG, GÞG, HÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Með tilliti til þess, að ég er meðflm. að brtt. við þetta mál, sem mér finnst eðlilegt að fái athugun í n., vil ég ekki standa gegn því, að málið komist til n. og segi já.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

12. Hlutdeild atvinnugreina í þjóðarframleiðslunni.

Á deildafundum 8. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á hlutdeild hinna einstöku atvinnugreina í þjóðarframleiðslunni. [91. mál] (A. 100).

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14., 18. og 20. fundi í Sþ., 16., 23. og 30. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 16. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Þáltill. þessi, sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 100, um hlutdeild atvinnugreina í þjóðartekjunum, var lögð fram hér í vetur nokkru fyrir jól. 1. flm. þessarar till., Jónas Pétursson, hafði gert ráð fyrir því að tala fyrir henni hér, en þar sem hann er ekki viðstaddur, en till. hins vegar tekin á dagskrá, tel ég rétt, að hún verði eigi að síður lögð fram og komi til n., ef svo mætti verða, til þess að málið tefjist ekki.

Till. þessi er fram komin að gefnu tilefni og raunar mörgum tilefnum, og vil ég þá fara um þau nokkrum orðum.

Ekki aðeins hér á hv. Alþ., heldur og alls staðar heyrast menn iðulega tala um það af mikilli sannfæringu, að ein atvinnugrein sé annarri mikilvægari í þjóðarbúinu. Mér hafa ævinlega fundizt slík sjónarmið fremur þröng. Eða er það ekki svo, að verkamaðurinn styðji atvinnurekandann og atvinnurekandinn verkamanninn? Styðja ekki vörukaupendur verzlun og verzlunin vörukaupendur? Styður ekki embættismaðurinn þjóðarheildina og heildin hann? Styður ekki hásetinn útgerðina og útgerðin hásetann? Styður ekki útgerðin þjóðfélagig og þjóðfélagið útgerðina í ýmsum myndum? Styður ekki bóndinn bæjarbúann með því að afla matvæla úr moldinni handa honum á diskinn, og styður ekki bæjarbúinn bóndann með því að kaupa af honum vöruna? Svona má endalaust spyrja, og svörin hljóta alltaf að vera já.

Það er til merkileg saga í Snorra-Eddu af bræðrum þrem, sem gengu út til stórræða, sem þá þóttu *einna mikilsverðust, mannvíga*. Þeir voru í þungu skapi, eins og alþm. eru stundum, og tveir af þeim drápu yngsta bróðurinn sér til hugsvölunar. Sá hét Erpur. Áður höfðu þeir spurt hann að því, hvaða gagn væri að svo þreklitlum manni. Það sama, sagði hann, sem höndin veitir fætinum og fóturinn hendinni. Þegar á hólminn kom og mest lá við, söknuðu þeir Erps. Af væri nú höfuðið mótstöðumannsins, sagði annar þeirra, ef Erpur lifði. Þar féllu þeir báðir.

Ég vil ekki gera lítið úr útgerð fyrir okkar þjóðfélag, en það er ofsagt, sem oft heyrist sagt í baráttuhita, að það sé okkar svo til eina framleiðslugrein. Hún er stórum mikil, eins og hnefi Ófeigs í Skörðum að dómi Guðmundar ríka.

Oft og ótal sinnum heyrist það buldrað, að bændur og búalið lifi á styrkjum og aftur á styrkjum, sem eigi allir, ef rétt sé rakið, upptök sín í hafinu og í höndum okkar ágætu og dugmiklu sjómanna. Oft heyrist á það bent, að atvinnurekendur arðræni verkamennina, þó að það slagorð sé að vísu nú orðið búið að missa broddinn. Oft heyrist á því klifað, að verzlunarstétt sé blóðsuga á öðrum stéttum og mönnum. Ég nenni ekki að telja upp fleira af þessu tagi, því að vonandi er, að flestir skilji, við hvað er átt. Hleypidómar eru aldrei góðir, en þeir skapast venjulega af því, að menn skilja ekki gildi annarra fremur en Erpsbræður, fyrr en þegar um seinan er.

Ég nefndi útgerð og landbúnað, sem eru undirstöðuatvinnuvegir okkar. Þar skapast verðmætin, þó að öll önnur störf séu að vísu líka þarfleg. Það er hægt að finna með *rannsóknum gegnum* hagskýrslur, hve framleiðsla þeirra hvors um sig nemur miklum upphæðum hér á meðal okkar í okkar fámenna landi, að frádregnum tilkostnaði í erlendum gjaldeyri. Það er líka hægt að finna, hve miklar upphæðir þjóðarheildin afhendir hvorri þessari atvinnugrein, hve háar upphæðir í beinum styrkjum og óbeinum, og nú kemur dæmi, sem er flókið, en þarf að reikna rétt: Lán og friðindi, sem eru ekki styrkir í upphafi, en verða að styrkjum fyrir rás viðburðanna, sem getur verið með öllu mögulegu móti. Hve miklu nemur þetta? Hvers hlutur sé mikill og hvers lítill, getur verið örðugt að dæma um, fyrr en allir reikningar liggja á borðinu.

Eins og ég sagði áðan, er þáltill. þessi fram komin af því tilefni, að *sumir menn ganga út frá* því sem vísu, að bændur njóti styrkja frá alþjóð langt fram yfir alla aðra. Í því sambandi dettur mér í hug að spyrja: Hvað skyldi uppeldi þeirra bændabarna, sem skapað hafa bæi og borgir á Íslandi, hafa kostað? Og hvað skyldi fjárfúlga sú nema hárri upphæð, sem burtfluttir bændur og búalið úr sveit hafa flutt með sér í bæina og myndað þar úr hús eða atvinnutæki? Ég spyr, *en hver svarar þessu? Máske hagfræðin geti svarað* þessu. Ég segi fyrir mig: Ég hef óbeit á öllum rig milli stétta, hann er skaðræði og ekkert nema skaðræði.

Þeir Hamdir og Sörli drápu Erp, bróður sinn, af því að þeir voru í illu skapi og héldu auk þess, að hann væri til einskis nýtur. En hvaða gjald tóku þeir fyrir, blessaðir? Stétt á að *styðja* stétt í þessu landi og öllum löndum, og sjái menn og gái menn að því, að með því að ein stétt styðji aðra, styður hún og sjálfa sig.

Ég skal að lokum játa, að bændastétt hefur verið studd til vaxtar og þrifa þó nokkuð á undanförnum árum og áratugum, en of lítið þó í ýmsum greinum. Það sést á því, hversu fáir treysta sér í það erfiða hlutverk að vera bóndi á Íslandi við þær aðstæður, *sem fyrir liggja. En ég segi*: Þjóðin gerir það ekki fyrir bændur fyrst og fremst eða einungis að stuðla að tilveru þeirra. Það gerir hún fyrir sig sjálfa sérstaklega og einkanlega. Það er að sjálfsögðu auðvelt fyrir bóndann að fara að dæmi bróður síns, sem er hættur að vera bóndi. En græðir þjóðarheildin á því? Þjóðin gerir *það fyrir sjálfa sig, þann stóra hóp, sem er ekki*

lengur á grasrótinni. Þaðan hefur hún hitann og verður að hafa.

Ég get sagt fyrir mig, að ég vil ekki, að landið minnki. Á undangengnum áratugum hefur það minnkað, vegna þess að þjóðfélaginu sást yfir að styðja að viðhaldi byggðarlaga, sem nú eru komin í eyði. Þetta má ekki gera, ekki vegna bændanna sérstaklega, heldur vegna heildarinnar. Ég sé að vísu eftir Erp Erps vegna, en bræður hans, Sörli og Hamdir, sáu þó enn meira eftir honum, þegar þeir skildu, að þeir máttu með engu móti án hans vera sjálfra sín vegna. Rétt mat á gildi eins og annars byggist á þekkingu, skilningi. Skilningur eyðir tortryggni, hleypidómum. Ég fullyrði, að allar stéttir manna vinni þarfleg störf. Þær elga að styðja hver aðra, en ekki fella, blátt áfram og máske fyrst og fremst af því, að þannig styðja þær að jafnaði bezt sjálfar sig. Ég óska ekki forréttinda til handa neinni einni stétt. En sé ein stétt þannig sett, að hana vanti aðstöðu til jafns við aðra, þá á og þarf að skapa þá aðstöðu, ef ekki á illa að fara. Annað er ójafnrétti, sem hefnir sín.

Hér er lagt til í þessari þáltill., sem ég vil vísa til grg. fyrir, að fram fari hlutlaus rannsókn á hlutdeild atvinnuveganna í þjóðarbúskapnum. Ef sú hlutlausa rannsókn heppnast vel, þá á það að geta legið fyrir, hvað mikið ein atvinnugrein skilar inn í þjóðarbúið, miðað við þann fólksfjölda, sem að henni vinnur, og hvað mikið þjóðarbúið kostar til hennar vegna. Upp af þeirri rannsókn ætti að geta sprottið réttur skilningur á gildi vissra framleiðslugreina og um leið rökstuddar hugmyndir um, hvað gera þurfi þeim til framdráttar, svo að vel fari fyrir þjóðarheildina.

Ég vil svo leggja til, að umræðu verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Mér dettur ekki í hug að ætla það, að till. sú, sem hér er til umr. á þskj. 100, sé borin fram í alvöru, að það sé virkilega meining hv. flm. og ósk þeirra, að þessi rannsókn, sem þar er talað um, eða sú athugun eigi að fara fram og að þeir hafi einhvern brennandi áhuga fyrir því. Það í raun og veru gefur strax auga leið, að þarna er verið að biðja um rannsókn á hlutdeild hinna einstöku atvinnugreina, en það eru aðeins þingmenn, sem gæta hagsmuna einnar stéttar manna, landbúnaðarins eða bændastéttarinnar, sem eru aðilar að þessari till., þannig að ef þetta hefði verið meint í alvöru, þá hefði verið eðlilegt, að einhverjir flokksbræður þeirra, sem frekar gæta hagsmuna annarra atvinnugreina en landbúnaðarins, hefðu þá verið meðflm. að þessu. Nei, ástæðan er ekki sú, að þessir hv. flm. óski eftir því, að þetta sé rannsakað á þennan hátt, sem það er borið hér fram.

Tilefni þess, að þessi till. er borin fram, er *þáltill., sem ég hafði flutt á þskj. 96 um rannsókn* á styrkjum til landbúnaðarins, enda er vitnað til þeirrar till. í grg. fyrir þeirri till., sem hér er til umr. Tilgangur þessara hv. flm. er alveg sá sami og tilgangur hv. tveggja alþm., sem fluttu brtt. við till. mína um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins. Meiningin er sem sagt að biðja um svo margvíslegar og flóknar og umfangsmiklar rannsóknir, að þeir geti treyst á það, að engin af þessum rannsóknum fari fram. Það er af því, að þeim stendur stuggur af því, að þessi rannsókn, sem ég bið um, kynni að geta farið fram. Það vilja þeir alls ekki. En í staðinn fyrir að ganga hreinskilnislega til verks og segja: Við viljum alls ekki þessa rannsókn og viljum berjast gegn því, — *þá ganga þeir ekki þannig til verks, heldur* flytja tillögur um alls konar aðrar mögulegar rannsóknir til höfuðs minni till., í trausti þess auðvitað, að engin af þessum rannsóknum fari fram. Það er það, sem þeir vilja, og sá er tilgangurinn með þessu, enda er það svo um þessi atriði, sem hér er óskað eftir að séu rannsökuð í þáltill. á þskj. 100, að sumt af þessu liggur þegar fyrir og þarf enga rannsókn. Önnur atriði er gersamlega útilokað að rannsaka nema kippa áður skattamálum þjóðarinnar í það horf, að skattaframtöl séu rétt og það sé hægt að treysta þeim, en það tekur fjöldamörg ár. Þá fyrst væri hægt að rannsaka sum af þessum atriðum. Svo eru enn önnur atriði, sem eru svo óljós, að það er varla hægt að gera sér grein fyrir, hvað hv. flm. meina, og með því einmitt að athuga þessi atriði, sér maður, hvað að baki liggur.

Ég hefði því viljað mælast til þess við hv. flm. þessarar till. og brtt. við mína till., að þeir stæðu hér upp og játuðu hreinskilnislega, að þeir vildu alls ekki þá rannsókn, sem ég hef óskað eftir að færi fram og ég hef borið fram till. um, þeir vildu það ekki og væru því andvígir, en væru ekki að þessum skollaleik.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 9. landsk. lét þá skoðun í ljós, að tilgangur með flutningi þessarar till. væri ekki sá, sem í henni felst og sagt er að sé tilgangurinn. Þessu neita ég algerlega. Hins vegar get ég játað það, að till. hans, þessa hv. þm., um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins kom okkur flm. á stað með það, að ef rannsókn færi fram á því atriði í þjóðarbúinu, þá þyrfti að rannsaka fleira til þess að fá rétta mynd út úr þeirri rannsókn, sem hann vildi láta fram fara á þessu vissa atriði.

Það er að sjálfsögðu algerlega út í hött, að það sé ekki hægt að rannsaka hlutdeild fleiri atvinnugreina í þjóðarbúskapnum, eins og þetta eina atriði, sem hann vill láta rannsaka viðvíkjandi styrkjum til landbúnaðarins, og þegar á að fara að kveða upp úr um það, hvers landbúnaðurinn njóti í styrkjum, þá er ákaflega margt, sem á verður að líta í sambandi við það, t. d. það, hvað eru styrkir til landbúnaðarins. Um það mætti tala mjög langt mál, en ég sé ekki ástæðu til þess. En um leið og farið væri að athuga um það, hvers landbúnaðurinn njóti í styrkjum, þá er eðlilegt, að einnig sé athugað um það, hvaða styrkir ganga til annarra atvinnugreina í landinu, t. d. sjávarútvegsins. *Það er mjög flókið mál, vegna þess* að styrkir til sjávarútvegs koma ekki eftir jafnbeinum leiðum og þeir styrkir, sem landbúnaðurinn nýtur, sem aðallega eru jarðræktarstyrkir og örlitill byggingarstyrkur til íbúðarhúsa eftir núgildandi lögum og byggingarstyrkur til nýbýla. Ég veit ekki til, að landbúnaðurinn njóti beinna styrkja annarra fram yfir aðra atvinnuvegi. Eins

og ég sagði í minni framsöguræðu, tel ég það eðlilegast, ef fá á rétta mynd af þessum málum, að athugun fari fram á öllum þessum greinum, en ekki aðeins einni, eins og hv. 9. landsk. vill vera láta. Og ég þarf varla að endurtaka það, að ég óska eftir því, að till. verði athuguð í nefnd og það liggur á bak við hana fullkomin alvara um það, að þessi rannsókn fari fram á öllum þeim greinum, sem á er bent í greinargerðinni.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Sþ., 29. marz, var fram haldið *einni umr.* um till. (A. 100, n. 600).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur lagt til í nál. á þskj. 600, að till. þessi yrði samþ. með *nokkurri breytingu*, sem þar greinir. Er sú breyting gerð fyrst og fremst með hliðsjón af till., sem flutt var á þskj. 96 af hv. 9. landsk. þm., og telst því þessi afgreiðsla á þessari till. jafnframt afgreiðsla á þeirri till. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið. Það var skýrt í upphafi, hver hugsun lægi að baki þessari till. Það skal að vísu tekið fram, að það kann að vera, að það leiki nokkur vafi á því, og hefur það komið fram í viðræðum við hagstofustjóra, að hve miklu leyti auðið er að framkvæma þá rannsókn, sem hér greinir. En það fer ekki á milli mála, að það sé æskilegt, að svo miklu leyti sem það er hægt, og því er mælt með því, að till. verði samþ. með þeirri breytingu, sem ég áðan gat um og er á þskj. 600.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er um rannsókn á hlutdeild hinna einstöku atvinnugreina í þjóðarframleiðslunni. Samkv. till. á að fela ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á nokkrum atriðum varðandi það mál, sem nánar er nefnt í tillgr.

Í grg., sem till. fylgir, segja flm., að það geti verið vandasamt verkefni og flókið að framkvæma þessa rannsókn. Þeir benda á það, að hagskýrslur svari ekki öllum spurningum um þessi efni. En hverjar eru *spurningarnar, sem* hv. flm. vilja fá svarað? Ég tel ástæðu til að óska nánari upplýsinga hjá tillögumönnum um spurningarnar. Hvað er það, sem þeir vilja vita? Hvernig á að svara *þeirra spurningum*?

Í grg. segja þeir, að þeir telji það nauðsynjamál, að framkvæmd verði gagnger og nákvæm rannsókn á því, hvern hlut atvinnuvegir landsmanna í heild eiga í framfærslu og lífskjörum þjóðarinnar. Ef þjóðin fær fé frá öðrum þjóðum án þess að borga það með vörum eða vinnu, þá má líklega segja, að þær tekjur séu ekki afrakstur af atvinnuvegunum, sem venjulega er kallað a. m. k. En mér skilst, að tekjur þjóðarinnar að öðru leyti, allar heimafengnar tekjur, séu það, sem framfærsla og lífsafkoma þjóðarinnar byggist á.

Í fyrsta lið tillögunnar er farið fram á, að það sé rannsakað, hve mikill sé hlutur hverrar atvinnugreinar í þjóðartekjunum, svo sem landbúnaðar, fiskveiða, iðnaðar og þjónustustarfa alls konar. En hvernig ætlast flm. til, að þetta sé reiknað út? Landbúnaður er talinn þarna fyrstur. Við skulum íhuga það. Hvernig á að reikna út hluta hans í þjóðartekjum? Á að miða við söluverð landbúnaðarafurðanna, heildarsöluverð þeirra? Og hvaða verð á þá að miða við? Á að miða við hið ákveðna útsöluverð, áður en niðurgreiðslurnar koma til lækkunar á því? Að vísu var það svo, að hv. 6. landsk. þm. var í gærkvöld að fræða landslýðinn um það, að núv. hæstv. ríkisstj. hefði afnumið uppbætur og styrki. En fjárlögin fyrir þetta ár segja aðra sögu. Ef ég man rétt er gert ráð fyrir því í fjárl., að á þessu ári verði varið 302 millj. og 900 þús. kr. til niðurgreiðslu á vöruverði. Hvað segja flm. till. um það? Á að telja landbúnaðarvörurnar með því verði, sem nefna mætti bruttóverð eða heildsöluverð þeirra, áður en niðurgreiðslurnar eru dregnar frá? Og með hvaða *verði á að reikna það, sem framleiðendur nota* sjálfir? Fleira kemur, sem þarf að svara, áður en útreikningar eru hafnir. Með hvaða verði á t. d. að reikna mjólkina, hvað af mjólkurverðinu eru tekjur af landbúnaði og hvað af iðnaði? Mikið af mjólkurframleiðslunni fer í mjólkurbú, þar sem unnar eru úr henni söluvörur. Hvernig á þetta að skiptast á milli landbúnaðar og iðnaðar? Og hvað er að segja um þá mjólkurvinnslu, sem fer fram á heimilunum? Hvernig á að telja þá mjólk? Á að telja hana eingöngu tekjur af landbúnaði eða að einhverju leyti tekjur af iðnaði? Og þá má nefna sauðfjárræktina. Að hve miklu leyti er andvirði kjöts, skinna og ullar af sauðfénu tekjur af landbúnaði? Ég sé ekki betur en einhverjar reglur þurfi að setja, sem farið verði eftir við þennan útreikning. Og mér finnst, að hv. flm. till. þurfi að gera grein fyrir því, hvernig þeir telja, að þær reglur eigi að vera. Því miður er þetta ekki gert í þeirri grg., sem till. fylgir, ekki nema a. m. k. þá á mjög ófullkominn hátt. Og hv. n., sem um þetta hefur fjallað, eða meiri hl. hennar, sem hefur skilað nál. á þskj. 600, nefnir það ekkert, hvernig eigi að haga þessum útreikningi.

Ég var að tala um landbúnaðinn. Í grg. með till. segir m. a., að flm. líti svo á, að skógræktina eigi að telja í *sérstökum* lið eða a. m. k. ekki með landbúnaði. Þeir segja, að skógræktin sé starfsemi í þágu langrar framtíðar. Þetta er alveg rétt hjá þeim. Og þeir segja, að skógræktin eigi a. m. k. ekki að *teljast* með landbúnaði. En hvað er að segja um sandgræðsluna? Á þá að telja hana með landbúnaði, úr því að ekki á að telja skógræktina með landbúnaði? Og hvað er að segja um aðra ræktun landsins? Það gildir bæði um sandgræðsluna og aðra ræktun jarðarinnar, að þar er að verulegu leyti um að ræða starfsemi í þágu langrar framtíðar, eins og þeir segja um skógræktina. Að vísu koma tekjur af hinni venjulegu ræktun, t. d. túnrækt, miklu fyrr en af skógræktinni. Hvernig vilja flm., að þetta sé talið? Á að telja þetta allt með landbúnaðinum, eða á t. d. að telja ræktunina í þessum útreikningi sem

sérstakan lið og reyna þá að finna það út, hvað ræktunarmennirnir sjálfir leggja mikið fram til að rækta landið og hver hlutur hins opinbera er í þeirri starfsemi? Þetta tel ég að þyrfti að ákveða nánar, og svo er um margt fleira.

Ég hef hér minnzt á landbúnaðinn, en næsti liður í þessum tölulið í tillgr. er um fiskveiðar. Og hvað er að segja um það? Hvað eru tekjur af fiskveiðum? Ég skal taka dæmi: Skip siglir með eigin afla til útlanda og selur hann þar. Er allt andvirði aflans tekjur af fiskveiðum? Útgerðarfyrirtæki saltar og herðir fiskinn, sem á land berst. Er allt andvirði hans, þegar sala fer fram, tekjur af fiskveiðum? Ef ekki, á þá að telja hluta verðsins fyrir saltfiskinn og skreiðina tekjur af iðnaði? Og hvernig á að skipta heildarandvirðinu á milli þessara greina?

Í 1. tölulið er næst talað um iðnað. Þar koma einnig ýmsar spurningar, sem þarf að fá svör við, áður en farið er að reikna. Hvernig á að reikna út tekjur af iðnaðarstarfseminni? Hvað af heildarverðmæti seldrar iðnaðarvöru eru tekjur af iðnaði? Næst er svo talað um þjónustustarfsemi alls konar, og þar getur verið einnig þörf að setja um reglur og er vafalaust.

2. töluliður í tillgr. er um skiptingu þjóðarinnar eftir atvinnu, þ. e. mannfjölda, sem starfar við hverja atvinnugrein og framfæri hefur af henni og hvers konar þjónustustörfum. Flm. vilja, að ríkisstj. láti fara fram rannsókn á þessu. En þarna kemur einnig vandasamt viðfangsefni á margan hátt. Við vitum, að það er svo í okkar þjóðfélagi, að margt af fólki starfar við fleiri en eina atvinnugrein, og það getur verið á ýmsan hátt vandasamt að reikna þetta út.

Hv. meiri hl. fjvn. hefur lagt fram brtt. í nál. sínu á þskj. 600. Meiri hl. n. leggur þar til, að breyt. verði gerð á síðari hluta till. 3. töluliður í till. er nú þannig: „Heildarfjármagni, sem bundið er í atvinnuvegunum hverjum um sig, notkun rekstrarfjár, þætti ríkis og lánsstofnana í verðmætasköpuninni". Þetta vilja tillögumenn, að ríkisstj. láti rannsaka. En meiri hl. fjvn. leggur til, að í staðinn fyrir þennan 3. tölulið komi tveir töluliðir, 3. og 4. Þeir vilja í fyrsta lagi láta athuga, hvað mikið heildarfjármagn sé bundið í atvinnuvegunum hverjum um sig og notkun rekstrarfjár hjá atvinnuvegunum. Það er sjálfsagt óljóst nokkuð, hvernig tekjurnar skiptast á einstakar atvinnugreinar, og sama er að segja um fjármagnið, sem hjá þeim er bundið. Þar er um að ræða eigin fjármuni þeirra, sem við atvinnureksturinn fást, og svo lánsfé. Sjálfsagt væri æskilegt að sundurliða þetta, en um það er ekki talað í till. eða brtt. Þá vill meiri hl. hv. fjvn., að gerður verði samanburður á beinum og óbeinum framlögum og styrkjum af hálfu hins opinbera til einstakra atvinnustétta og atvinnuvega. Hvað eru bein og óbein framlög og styrkir? Það er ekkert vikið að því. Vilja flm. lýsa því nánar eða meiri hl. fjvn., sem stendur að brtt. og vill fá rannsókn á þessu atriði? Ég vildi mega óska eftir því, að þeir gerðu grein fyrir því, hvað það er, sem þeir nefna bein og óbein framlög og styrki. Og ef um slík bein og óbein framlög og styrki er að ræða, þá kemur til athugunar að sjálfsögðu um leið, hvaða atvinnugreinar þar njóta góðs af. Hvað segja flm. eða meiri hl. fjvn. t. d. um jarðræktarframlagið? Telja þeir, að það eigi að reikna sem framlag til landbúnaðar? Eins og ég hef vikið að áður, telja þeir, að framlög til skógræktar eigi ekki að teljast til landbúnaðar. Hvað segja þeir um framlög til sandgræðslu? Hvað segja þeir um jarðræktarframlagið samkv. jarðræktarlögum?

Ég hef hér nefnt nokkur atriði, sem mér finnst að séu undirstöðuatriði í þessu máli, en liggja svo ákaflega óljóst fyrir, að menn sjá ekki við lestur till. og greinargerðar nema nokkuð óglöggt, hvað vakir fyrir hv. flm.

Nú má gera ráð fyrir því, að þessi rannsókn hafi kostnað í för með sér. Ég skal taka fram, að ég tel það vel geta komið til mála að leggja í kostnað við þessa útreikninga, því að þetta er fróðlegt og þetta getur verið gagnlegt. En menn verða, áður en út í það er farið, að gera sér grein fyrir því, hvernig á að haga útreikningnum, hvað það er, sem verið er að leita að. Hvað er það, sem verið er að spyrja um? Hvað eiga niðurstöðurnar að sýna, þegar þær liggja fyrir? Þetta tel ég að sé alveg nauðsynlegt að gera sér ljóst, áður en til framkvæmda kemur, hvernig á að haga rannsókninni. Sé þetta vanrækt, gæti svo farið, að rannsóknin yrði með öðrum hætti en tillögumenn hafa ætlazt til og öðruvísi en Alþingi teldi gagnlegast.

Ég hef óskað hér skýringa um ýmis atriði og svara við spurningum. Hvort það verður tími til nú, áður en þingi lýkur, að svara þessu, ég skal ekki segja um það, en ég tel, að það sé nauðsynlegt, að það liggi greinilegar fyrir en það gerir nú, hvernig á að haga þessari rannsókn og þessum útreikningum, áður en lagt er í kostnað við þetta.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

13. Niðurlagningar- og niðursuðuiðnaður síldar.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um aðstoð við niðurlagningar- og niðursuðuiðnað síldar [92. mál] (A. 102).

Á 14., 18. og 20. fundi í Sþ., 16., 23. og 30. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 16. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Sú staðreynd er alkunn, að við Íslendingar höfum algera sérstöðu meðal fiskveiðiþjóða að því leyti, að aflamagn okkar á hvern íbúa landsins er mörgum sinnum meira en nokkurrar annarrar þjóðar, eða nálægt 4000 kg árlega á hvern íbúa, meðan sú þjóð, sem næst kemst að þessu leyti, nær aðeins um 600 kg á hvern íbúa eða a. m. k. sex sinnum

minna en við, en sú þjóð er Norðmenn, en sú þriðja í röðinni hefur aðeins fiskframleiðslu eða aflamagn upp á 100 kg á ári á hvern íbúa. En sérstaða okkar verður þó enn meiri, eins og alkunnugt er, ef einnig er haft í huga það aflamagn, sem kemur á hvern sjómann okkar. Á hinn bóginn liggur fyrir, að við sköpum okkur ekki nándar nærri slík verðmæti úr afla okkar eins og magn kannske gefur ástæðu til. Ýmsar fiskveiðiþjóðir ná þannig stórfelit hærra verði á hverja einingu afla heldur en við. Við öflum þannig meira en allir aðrir, en berum hlutfallslega minna úr býtum en flestar aðrar þjóðir. Þetta er ein af alvarlegustu staðreyndunum um þann atvinnuveg, sem þjóðin öðru fremur byggir á lífsafkomu sína, og staðreynd, sem höfuðnauðsyn er á að könnuð sé til hlítar, hverju sætir og hverjar leiðir eru þar helztar til úrbóta.

Það leikur ekki vafi á því, að þróunin í þeirri tækni, sem lýtur að úrvinnslu aflans, hefur í ýmsum greinum dregizt aftur úr þróun veiðitækninnar. Veiðitækni okkar stendur tækni annarra fiskveiðiþjóða á sporði, þegar á heildina er litið, og skilyrðin frá náttúrunnar hendi eru góð. En að hinu höfum við minni gaum gefið, að nýta hráefnið, sem sjómenn okkar draga að landi, til þeirrar verðmætissköpunar, sem efni standa til og er í samræmi við vaxandi kröfur heimsmarkaðsins um góðar og vandaðar matvörur. Í dag er ástandið t. d. þannig, að 6/7 hlutar af síldinni, hinum verðmætasta afla, sem við fáum, eru látnir í bræðslu til mjöl- og lýsisframleiðslu á markaðinn, þar sem offramleiðsla ræður verðlaginu, en hins vegar ekki staðið við á sama tíma nema þriðjunginn af þeim fyrirframsamningum, sem gerðir hafa verið um sölu á saltsíld. Og enn síður er leitazt við að auka verðmæti þess takmarkaða síldarafla, sem er saltaður, með niðursuðu og niðurlagningu, eins og tíðkast meðal annarra fiskveiðiþjóða. Á sama tíma stendur svo mikill hluti af fiskverkunarstöðvum okkar lítið notaður, en aflinn er fluttur í vaxandi mæli á erlendan markað á frumstæðan hátt, sem lélegt hráefni oft og tíðum. Og það er ekki heldur óþekkt, að verðmætum úr fiski, eins og t. d. þunnildum, beinum og hrognum og fleiru, sé bókstaflega fleygt í sjóinn aftur, en í betra fallinu látið í fiskmjölsverksmiðjur til mjölframleiðslu, en úr verulegum hluta þessa hráefnis má vinna verðmæt matvæli, t. d. hrognin og þunnildin til niðursuðu.

Sú þáltill., sem hér liggur fyrir og ég flyt á þskj. 102 ásamt þeim 11. landsk. þm. og hv. 4. þm. Austf., lýtur að einum þætti þess vandamáls, sem ég hef hér drepið á. Við flm. till. teljum, að með samþykkt hennar væri nokkurt spor stigið í þá átt, að nýtt yrði betur en áður sú dýrmæta matvara, sem síldin er og þá ekki síst Norðurlandssíldin, og þá um leið auknar gjaldeyristekjur og annar afrakstur síldveiðanna, jafnframt því sem vinnuafl, sem nú misferst að verulegu leyti í sjávarþorpunum vegna árstíðabundins atvinnuleysis, komi að fullum notum, bæði einstaklingunum og þjóðinni í heild til hagsbóta.

Það hefur lengi verið ljóst, að með aukinni velmegun þjóða gerist tvennt í senn um fiskneyzlu. Í fyrsta lagi, að hún vex jafnt og þétt og mun nú vera orðin um 17 kg á hvert mannsbarn í heiminum að meðaltali, og hitt líka, að kröfur til vörugæða vaxa, þannig að neytendur vilja því í stöðugt ríkari mæli fá þessa vöru í handhægu formi til neyzlu, í umbúðum, svo að tryggð séu fyrsta flokks gæði og varan sé handhæg til neyzlu og fullnægi batnandi smekk neytenda um ytra útlit. Það kemur líka til, að taka þarf tillit til erfiðra geymsluskilyrða og finna leiðir til þess að búa vöruna svo úr garði, að hún haldi gæðum sínum við ýmis skilyrði.

Niðursuða og niðurlagning fiskafurða í loftþéttar umbúðir hefur nú um áratuga skeið orðið í æ ríkari mæli lausnarorðið til þess að ráða fram úr þessum viðfangsefnum. Flestar, ef ekki allar fiskveiðiþjóðir hafa jafnt og þétt aukið niðursuðuiðnað sinn síðustu árin og áratugina, og nokkuð víða er nú svo komið, að þessi framleiðslugrein er orðin stærri öllum öðrum greinum innan fiskframleiðslunnar. Árið 1957 voru þannig niðursoðnar fiskafurðir orðnar stærsta útflutningsgrein fiskafurða hjá Norðmönnum, en þeir eru, eins og kunnugt er, mesta fiskútflutningsland veraldar. Það ár fluttu Norðmenn út niðursoðnar fiskafurðir fyrir hátt í einn milljarð ísl. króna, og á s. l. ári er það aðeins skreiðarframleiðslan ein, sem hefur orðið verðmætari en niðursuðuvörurnar. En sums staðar annars staðar hefur þó þróunin jafnvel orðið enn þá stórstigari í þessum efnum. Og ef litið er til heimsframleiðslunnar, þá sést líka, hvert stefnir í þessu efni. Þannig var öll framleiðsla í heiminum á niðursoðnu fiskmeti 434 þús. tonn árið 1957, en á árinu 1959 var hún orðin 509 þús. tonn og hafði því aukizt um nærri því 20% á tveimur árum. Meðan slík þróun fer fram meðal fiskframleiðenda um víða veröld, höldum við Íslendingar áfram að henda dýrmætasta hráefni okkar, síldinni, í gúanó að mestum hluta og söltum aðeins 1/7 hlutann. En sá hlutinn, sem þó er unninn á þennan hátt, er fluttur út sem hráefni í niðursuðuiðnað annarra þjóða að nokkru leyti, t. d. Svía, sem síðan endurselja síldina vandlátum neytendum á margföldu verði.

Ef við ættum að standa jafnfætis t. d. Norðmönnum í niðursuðu- og niðurlagningariðnaði, þá lætur nærri, að útflutningur okkar ætti að vera um 10—12 þús. tonn á ári af niðursoðnum fiskafurðum. Miðað við verðmæti ætti þessi útflutningur að gefa okkur í aðra hönd um eða yfir 300 millj. kr. á ári, ef sambærilegt ætti að vera við Norðmenn. En þetta hefur verið þannig í reyndinni, að árið 1959 voru aðeins flutt út 300 tonn eða aðeins örlítill hluti af þessu, að verðmæti 9—10 millj. kr. á þáverandi gengi. Og það skyldi þó enginn ætla, að Norðmenn teldu sig búna að ná nokkru lokatakmarki í úrvinnslu sjávarafurða. Þvert á móti er sú skoðun ofarlega á baugi meðal útvegsmanna og stjórnarvalda þar í landi, að nú og í framtíðinni verði fyrst og síðast að keppa að því að fullvinna í stöðugt ríkari mæli síldar- og fiskafurðir. T. d. lét sjávarútvegsmálaráðherra Norðmanna nýlega ummælt á þessa leið í blaðaviðtali:

„Hráefnaskorti getum við mætt með betri nýtingu aflans. Við verðum að keppa að sem allra beztri úrvinnslu fiskafurðanna og þar með verð-

mætisaukningu. Allt of mikið magn af síld og fiski er nú flutt út úr landinu lítið unnið, í stað þess að vinna það til neyzlu meðal þjóða, sem búa við góð lífskjör.“

Ef nú þessi ummæli eru réttmæt frá sjónarmiði Norðmanna, sem þarf ekki að draga í efa, hversu brýn hvatning eru þau þá ekki fyrir okkur Íslendinga, sem naumast þekkjum nokkra fullkomna úrvinnslu sjávarafla, þegar framleiðslu hraðfrysts fisks sleppir? En óneitanlega er þar um að ræða nokkuð fullkomna framleiðslu, og er hún þó ekki þróaðri en svo, að nauðsynlegt hefur þótt að stofna stórfyrirtæki beggja vegna Atlantshafsins til þess að vinna þá vöru enn þá betur í hendur húsmæðranna, sem vöruna kaupa.

Ég held, að það hafi lengi verið ljóst öllum, sem um framtíð fiskiðnaðar okkar hafa hugsað, að hér þyrfti mikið og áríðandi verk að vinna og ekki yrði, svo að vel færi, lengi hjá því komizt, að við fylgdumst með þróuninni í fiskiðnaðinum og gerðumst hlutgengir á heimsmarkaðinum með framboði verulegs magns af niðursoðnum fiskafurðum. Ég tel, að ekki verði heldur sagt, að hv. Alþ. hafi verið með öllu áhugalaust í þessum efnum. Árið 1946 voru t. d. samþ. hér á hv. Alþ. lög um síldarniðursuðu ríkisins, og mun þá einkum hafa verið haft í huga að sjóða niður í stórum stíl sumarveidda Norðurlandssíld á Siglufirði. Það má e. t. v. deila um, hvort slík framkvæmd hefði verið heppilegasta byrjunin á síldariðnaði á þessu sviði, og skal þó ekkert um það fullyrt. En hitt er aftur á móti staðreynd, að ekkert varð úr framkvæmdum þrátt fyrir þessa lagasetningu og að þessi lög hafa verið pappírsgagnið eitt í hálfan annan áratug. En allt frá því að þessi lög voru sett hér á hv. Alþ., hafa öðru hverju verið samþykktar hér þáltill. um niðursuðuiðnað, en hafa ekki verið í því formi, að þær hafi megnað að hreyfa við málinu, svo að verulegt gagn hafi orðið að, með einni undantekningu þó. Mér er ekki kunnugt um, að tillögur, sem hér hafa komið fram og jafnvel verið samþykktar, hafi með þeirri einu undantekningu reynzt nein undirstaða framkvæmda. En undantekningin í þessu efni er tillaga sú, sem samþykkt var hér á hv. Alþ. árið 1958, um nýtingu smásíldar í Eyjafirði. Það mál var samkv. vilja Alþingis tekið föstum tökum og er nú að verulegu leyti komið í höfn með ágætum árangri.

Með hliðsjón af því, sem reynslan hefur kennt okkur um haldleysi frómra óska Alþingis í þessum efnum til framkvæmdavaldsins, er þessi till., sem nú er flutt, gerð úr garði með nokkuð öðrum hætti en fyrri tillögur, sem í líka átt hafa gengið. Það er gert ráð fyrir ferns konar aðgerðum til þess að gera áhugasömum einstaklingum og fyrirtækjum þeirra eða bæjarfélaga mögulegt að hefjast handa af eigin rammleik. Það er lagt til í fyrsta lagi, að ríkið veiti ábyrgð fyrir 90% stofnkostnaðar niðurlagningar- og niðursuðuverksmiðja, sem komið verður upp á árunum 1961 og 1962. Í öðru lagi, að tryggt verði með lántökum eða með því að heimila töku erlendra lána, sem fáanleg væru til framkvæmda, allt að 50 millj. kr. lánsfé hvort áranna 1961 og 1962. Í þriðja lagi, að hlutazt verði til um, að viðskiptabankar veiti afurðalán vegna framleiðslu framangreindra verksmiðja með sama hætti og tíðkast um aðrar útfluttar sjávarafurðir. Og í fjórða lagi, að ráðnir verði 2—3 sérfræðingar í niðursuðuiðnaði í þjónustu ríkisins og veiti þeir án endurgjalds ráðleggingar og hvers konar tæknilega aðstoð við byggingu verksmiðja og framleiðslustörf þeirra. Hér er sem sagt hvorki lagt til, að til komi neinn beinn stórvægilegur fjárstyrkur til fyrirtækja, sem komið yrði á fót, né heldur að ríkið sjálft leggi í milljónaframkvæmdir, en heldur ekki látið sitja við óskirnar einar. Við flm. þessarar till. álítum, að nú þegar sé fyrir hendi sá áhugi á framkvæmdum í þessum efnum og sú trú á gagnsemi þeirra og arðsvon, að fullvíst sé, að með þeirri fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins, sem till. okkar gerir ráð fyrir, muni blað verða brotið í fiskiðnaði okkar og niðursuðu- og niðurlagningariðnaður muni hefjast fyrir alvöru hér á landi og síðan geta þróazt með eðlilegum hætti og verða mikilvægur liður í atvinnulífinu og í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Í þessu sambandi verður ekki heldur gengið fram hjá því mikilvæga atriði, að hér er um að ræða það úrræði í atvinnumálum margra sjávarþorpa, sem að verulegu leyti byggja á síldveiðum, sem næst er hendi og gæti áreiðanlega með minnstum tilkostnaði gerbreytt viðhorfum í þeim efnum. Það væri unnt mjög víða með tiltölulega litlum kostnaði og jafnvel án sérstakrar mannvirkjagerðar að hefja niðurlagningu saltsíldar og jafna þannig nýtingu vinnuafls yfir allt árið. Þannig gæti þessi iðnaður leyst að miklu eða jafnvel í ýmsum tilfellum að öllu leyti það vandamál, sem nú er í vaxandi mæli fyrir hendi í síldveiðiþorpunum, að síldveiðarnar veita fólkinu aðeins atvinnu litinn tíma úr árinu, en atvinnuleysi vofir yfir langtímum saman hinn tímann. Um leið væru svo jafnvel margfaldaðar gjaldeyristekjur þjóðarinnar af verulegum hluta þess hráefnis, sem fiskiskip okkar draga að landi.

Samanburður á verðmæti niðursoðinna fiskafurða annars vegar og hálfunninna vara hins vegar sýnir, að yfirleitt er þar um að ræða tvöföldun sem algert lágmark. En sé miðað hins vegar við óunna vöru, óunninn fisk eða síld, sem annars færi til mjöl- og lýsisframleiðslu, verður mismunurinn margfaldur. Þannig sést af skýrslum, að t. d. niðursoðinn ufsi, öðru nafni sjólax, gefur fjögurtil fimmfalt verðmæti á móti söltuðum ufsa. Niðurlögð kryddsíld gefur milli tvöfalt og þrefalt meira verðmæti en síld í tunnum, og þannig mætti lengi telja. Að sjálfsögðu segja þessar tölur ekki alla sögu um hagkvæmni niðursuðuiðnaðarins. En hitt er vitað, að meginhluti verðmætisaukans fæst fyrir vinnu, en aðeins mjög lítill hluti fyrir erlendar rekstrarvörur.

Um leið og ég vísa til grg. okkar með till. til frekari rökstuðnings, vil ég leyfa mér að benda hv. n., sem málið fær til meðferðar, á nýútkomið rit, greinargott og fróðlegt, um íslenzkan niðursuðuiðnað, eftir einn fremsta niðursuðuverkfræðing Norðmanna, Karl Sund Hansen, sem starfað hefur hér á vegum Iðnaðarmálastofnunar Íslands og hefur einnig verið ráðgefandi um byggingu á einni beztu niðursuðuverksmiðju okkar, sem nú er starfandi. Álit þessa manns á þeim möguleikum, sem

hér eru fyrir hendi í þessum efnum, verður tæpast vefengt og styður að mínu viti eindregið, að farin verði sú leið, sem hér er lögð til að farin verði til að ýta af stað þjóðhagslegu nauðsynjamáli.

Ég vil svo að lokum vænta þess, að þessi till. hljóti greiða afgreiðslu í hv. fjvn. og geti komið til endanlegrar afgreiðslu hv. Alþingis hið fyrsta.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 102, n. 565 og 595).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

14. Flugbraut í Vestmannaeyjum.

Á deildafundum 10. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um flugbraut í Vestmannaeyjum [95. mál] (A. 106).

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sþ., 16. des., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Með till. þessari til þál. um flugbraut í Vestmannaeyjum fylgir grg., þar sem rakin eru helztu rökin fyrir mikilvægi þess, að hið allra fyrsta verði hafizt handa um undirbúning þess mannvirkis. Það er því ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um þessa till., fyrir utan það, sem í grg. segir, og vildi ég því leggja til, að till. verði vísað til fjvn. og framhaldsumræðu.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

15. Eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Á deildafundum 10. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um eftirlit með fyrirtækjasamtökum [96. mál] (A. 107).

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv. var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 39. og 41. fundi í Sþ., 15. og 22. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Till. þessi var flutt af Unnari Stefánssyni, þegar hann átti sæti á þingi sem varamaður. Þar sem hann á ekki sæti á þinginu nú, vildi ég fyrir hans hönd fylgja till. úr hlaði með örfáum orðum. Ég vil byrja á því að lesa — með leyfi hæstv. forseta — tillgr. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, með hverjum hætti hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni einkafyrirtækja til að hafa með sameiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun í landinu og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi."

Ég vil benda á í þessu sambandi, að hér er um að ræða stórmál, sem í nálega hverju landi, sem við þekkjum bezt til, hefur orðið efni ýtarlegrar og nákvæmrar löggjafar, og hvarvetna þótt óhjákvæmilegt, að til væri slík löggjöf til að fyrirbyggja óæskilega þróun í viðskiptalífinu. Hér á landi má segja, að til skamms tíma hafi ekki verið rík þörf á slíkri löggjöf. En athafnalíf okkar vex hröðum skrefum, og sjást nú ýmis merki þess, að þessi þörf sé hér fyrir hendi.

Ég vil taka það fram, að þessi till. hefur verið flutt áður, en varð þá ekki útrædd. Þá var leitað umsagna ýmissa aðila, og mér er það minnisstætt, þó að ég hafi skjölin ekki við höndina, að t. d. Verzlunarráð Íslands gerði um þetta mál samþykkt og taldi mjög æskilegt, að þetta mál væri gaumgæfilega athugað og að slík löggjöf yrði sett hér á landi.

Til viðbótar vil ég aðeins benda á það, að á þessu þingi hafa verið lögð fram mál, sem eru viðkomandi rekstri fyrirtækjasamtaka í landinu. Ég vil ekki blanda þeim efnislega inn í þetta, en aðeins benda á það, að þær umr., sem þar urðu, sýndu eins og margt annað, að hér er vaxandi ástæða til að gefa þessu máli gaum.

Ég mun ekki hafa þessi orð lengri, en vísa til allýtarlegrar grg., vil svo að lokum leggja til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

16. Iðnrekstur.

Á deildafundum 14. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um eflingu iðnrekstrar [101. mál] (A. 112).

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18., 20. og 32. fundi í Sþ., 23. og 30. nóv., 18. jan., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Við höfum nokkrir þm. leyft okkur að flytja á þskj. 112 till. um eflingu iðnrekstrar.

Atvinnuvegir okkar Íslendinga eru allt of einhæfir. Við erum að allt of litlu leyti sjálfum okkur nógir um það, sem við þörfnumst. Við þurfum fleira að sækja til annarra landa en flestar aðrar þjóðir. Þetta gerir okkur háðari verzlun og viðskiptum við aðrar þjóðir en æskilegt er. Fyrir bragðið eru okkur m. a. gengismál gjaldmiðilsins erfiðari miklu en annars væri. Við erum hlutfallslega afar mikið upp á erlendan gjaldeyri komnir.

Undirstaða allrar efnalegrar velmegunar er framleiðsla, nytsöm og seljanleg. Fyrir okkur Íslendinga er aukin framleiðsla lífsnauðsyn til bættra lífskjara og til þess að við getum staðið öruggir á eigin fótum. Og við þörfnumst ekki aðeins aukinnar framleiðslu að magni, heldur líka að fjölbreytni, verðmæti og söluhæfni erlendis.

Hinir fornu íslenzku atvinnuvegir, landbúnaður og sjávarútvegur, verða að vísu aldrei úreltir, af því að það, sem þeir leggja til, er aðallega matvæli, og matvælaskorturinn er það, sem veldur hinu ört fjölgandi mannkyni þungum áhyggjum, þegar það hugsar um afkomu sína langt inn í ókominn tíma. Ísland er land með mikla möguleika til matfanga. Matfangasældin tryggir því sess meðal nytjalanda svo langt inn í framtíð sem augað eygir. En að öðru leyti er landið fremur hráefnasnautt. Að vísu er það lítt rannsakað að því leyti enn sem komið er. Við rannsóknir getur vitanlega allt í einu ýmislegt komið upp úr dúrnum. Leirleðjan í botni Mývatns var ekki mikils metin fyrir einum áratug. Nú virðist annað upp á teningnum. Við skulum vona, að margt fleira komi til sögunnar af náttúruauðæfum í skauti landsins.

Eins og nú standa sakir, er það sjávarútvegurinn, sem leggur til aðalútflutningsvörur þjóðarinnar. Skýrslur herma, að hann leggi til meira en 9/10 af útflutningnum. Landbúnaðurinn hefur síðustu ár lítið framleitt til útflutnings, en hann hefur gegnt því hlutverki, sem er ekki síður þýðingarmikið fyrir þjóðina, lagt til kjöt, mjólk og grænmeti á borð landsmanna. Báða þessa atvinnuvegi þarf að efla. Auka þarf líka verðmæti hráefna þeirra með því að fullvinna þau með iðnaði. Útflutningsverðmæti sjávaraflans verður að stórauka með því að vinna úr honum innanlands þau matvæli, sem unnin eru úr honum erlendis handa neytendum. Í fyrra samþ. hv. Alþ. till. frá mér og fleirum um hagnýtingu síldaraflans, þar sem skorað var á hæstv. ríkisstj. að koma á umbótum að því er snertir verkun og vinnslu síldarinnar, sem landsmenn veiða. Leyfi ég mér að vænta þess, að sú áskorun hafi ekki verið látin sem vindur um eyru þjóta, svo mikilsvert er það mál. En þar var aðeins um eina tegund framleiðslunnar að ræða. Sama gildir meira og minna um aðrar tegundir framleiðslunnar. Fyrir þessu þingi liggja ýmsar tillögur, sem ganga í þessa átt.

Landbúnaður og sjávarútvegur eru of einhæfir atvinnuvegir til þess að fullnægja þjóðarþörfum, þó að góðir séu. Við hlið þeirra hefur líka risið á legg iðnaður og gerzt þriðji aðalatvinnuvegurinn. Hann tekur við hráefnum hinna aðalatvinnuveganna og gerir úr þeim tilbreytilegar markaðsvörur.

Landbúnaður og sjávarútvegur hafa frá fyrstu tíð verið mjög háðir árferði. Hin hvikula veðrátta á Íslandi hefur haft mikil áhrif á afkomu þeirra og framleiðslugetu frá ári til árs. Tækni nútímans dregur að vísu úr því, að þessir atvinnuvegir séu jafnmikið á valdi veðurfarsins og áður, en samt hljóta þeir alltaf að verða veðráttunni háðir og breytileik hennar. Svo er til viðbótar, að því er sjávarútveginn snertir, að hann er rányrkja, og enginn veit, hvað hin stórkostlega veiðitækni hans má ganga nærri fiskstofnum, svo að náttúran hafi við að fylla í skörð þeirra vanhalda, sem veiðitæknin veldur í höfunum. Sé það rétt, sem sagt er, að skýrslur fiskifræðinga bendi til, að þorskafli síðustu ára hér við land hafi aðallega verið borinn uppi af tveimur aldursárgöngum, þ. e. frá árunum 1945 og 1955, þá virðist ekki miklu mega muna, til þess að út af geti borið um fiskinn á miðunum við og við og máske til langframa.

Margs konar iðnaður á að geta risið óháðari hvikulu tíðarfari landsins en bæði landbúnaður og sjávarútvegur. Það liggur í augum uppi, að því fjölbreyttari sem framleiðsla þjóðarinnar er, því öruggari og árvissari verður efnahagsafkoma þjóðarinnar. Engum blöðum er um það að fletta, að þjóðfélagið hefur fyllstu ástæðu til að athuga möguleikana til aukins iðnaðar í landinu. Ekki má einskorða sig við stóriðnað, heldur hvers konar iðju, allt frá handverki til þess, er stóriðnaður er nefnt. En um verkefnaval má ekkert handahóf gilda. Það verður að telja skyldu ríkisins, eins og skipun mála er orðin í þjóðfélaginu, að rannsaka, hvaða iðnaður er líklegur til að geta borið sig erlendis og orðið þeim, er reka hann, og þjóðinni til ávinnings og þrifa. Gott er, að framtakssamir einstaklingar og frjáls áhugasamtök taki upp iðnrekstur, en ríkið á að leggja til og kosta þá fræðilegu alhliða athugun, sem þarf að gera á þessu og einstaklingarnir byggja á.

Fyrsti liður þáltill. þeirrar, sem ég er að fylgja úr hlaði, er um að fela hæstv. ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að á vegum ríkisins fari fram þvílík athugun. Upphaf till. og 1. liður hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni: 1. Að leggja fyrir rannsóknaráð ríkisins að taka til rækilegrar athugunar og rannsóknar í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, hvaða iðngreinar geta

hérlendis haft jafngóðan eða betri starfsgrundvöll en hliðstæðar iðngreinar hafa í nágrannalöndum Íslands. Áliti verði skilað sem allra fyrst og það birt almenningi, svo að orðið geti til leiðbeiningar þeim, sem vilja hefja nýjan iðnrekstur.“

Hér er um það að ræða, að athugað verði, hvaða iðngreinar geti þrifizt hér eins vel eða betur en í nágrannalöndum okkar, þ. e. verið samkeppnisfærar á erlendum markaði. Kemur þá ekki eingöngu til greina sá iðnaður, sem getur fengið innlend hráefni, heldur líka iðnaður byggður á innfluttu hráefni. Nágrannaþjóðir okkar flytja út iðnaðarvörur, sem unnar eru hjá þeim úr innfluttu hráefni. Líklegt er, að þau hráefni mætti, a. m. k. sum, fá með svipuðu verði hingað til lands. Í þessu sambandi koma ekki sízt til athugunar svonefnd heimsmarkaðshráefni, svo sem: málmar, plast, spunaefni o. s. frv. Nauðsynlegt er, að við þessa athugun sé haft í huga, hve Íslendingum er mikilsvert að bæta við núverandi verkefni sín því, sem gefur árvissar tekjur. Áríðandi teljum við flm. till., að niðurstöður rannsóknarinnar fáist sem fyrst og verði birtar almenningi á opinberan og aðgengilegan hátt, svo að orðið geti til leiðbeiningar fyrir þá, sem vilja setja á stofn nýjan iðnrekstur. Við teljum einboðið, að rannsóknaráð ríkisins hafi rannsókn þessa með höndum, en sjálfsagt teljum við einnig, að rannsóknaráðið hafi samráð um verkefnið við Iðnaðarmálastofnun Íslands. Stjórn Iðnaðarmálastofnunarinnar er þannig skipuð, að samtök iðnrekenda í landinu verða þá í eðlilegu sambandi við rannsóknarstarfið og geta komið sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri.

Annar liður till. er áskorun um, að ríkisstj. hlutist til um, að stofnlán til iðnfyrirtækja verði aukin, einkum þó til þeirra fyrirtækja, sem vilja hefja eða auka iðnrekstur til framleiðslu á útflutningsvörum, því að þar liggur mest á. Allir vita, að iðnaðurinn á við stofnfjárskort að búa. Á því verður að ráða bót, ef hann á að geta innt af hendi þau hlutverk í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar, sem til er ætlazt og nauðsynlegt er að hann taki að sér. Telja verður mest um vert, eins og sakir standa, að koma upp iðnrekstri, sem framleiðir arðgæfa útflutningsvöru, eins og ég hef áður tekið fram. Þörfin fyrir meiri gjaldeyri er svo aðkallandi og brýn. Þess vegna leggur till. fyrst og fremst áherzlu á aukin stofnlán til þeirra fyrirtækja, sem framleiða útflutningsvöru.

Þriðji liður till. er áskorun til ríkisstj. um að stuðla að því, að iðnfyrirtæki, sem komin eru á það stig að geta hafið útflutning á samkeppnisfærum vörum, fái þegar sérstaka fyrirgreiðslu um rekstrarlán til þeirra tilrauna. Vitað er, að gæruskinn, úlpur, gólfteppi og áklæði er eftirsótt af erlendum ferðamönnum, og sumir segja húsgögn líka, og sjálfsagt er margt fleira af alíslenzkum framleiðsluvörum, sem hefur gengið í augu útlendinga. Æskilegt er, að slíkar vörur komi strax á boðstóla erlendis. Til þess þarf rekstrarfé, sem ástæða er til að láta hlutaðeigendur fá, ef þeir vilja leita markaðar fyrir vörurnar erlendis. Það er fullkomlega tímabært að hefja skipulega sókn fyrir framvindu iðnaðar og leysa úr læðingi áhuga og hæfileika, sem Íslendingar búa yfir til athafna á þeim sviðum. Þáltill. þessi er flutt í þeim tilgangi að koma af stað hreyfingu í þá átt á breiðu sviði, skapa áhugamönnum þekkingarskilyrði til þess að velja sér arðgæfan iðnrekstur að verkefnum og búa þeim mönnum, er með fjármál ríkisins fara og lagasetningu, grundvöll til að gera sér grein fyrir, að hvaða iðnrekstri er ástæða til að hið opinbera hlúi eða beiti sér fyrir að komið sé á fót.

Ég leyfi mér að leggja til, að umr. um þessa till. verði frestað og henni vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 112, n. 568 og 575).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Rannsókn fiskverðs.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skipun nefndar til þess að rannsaka fiskverð [103. mál] (A. 115).

Á 14., 18., 20. og 32. fundi í Sþ., 16., 23. og 30. nóv., 18. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Fátt er það í íslenzku efnahagskerfi, sem eins miklum deilum hefur valdið og eins viðkvæmt má telja og ákvörðun fiskverðs. Hv. alþm. munu allir kannast við það, að bæði fyrr og síðar og einmitt einnig nú í þessum töluðum orðum er uppi í landinu mikil deila um fiskverðið. Það veldur ekki hvað minnstu um mismunandi sjónarmið manna í þessum efnum, að vitað er, að fiskverð á íslenzkum fiski er í miklu ósamræmi við það fiskverð, sem greitt er í okkar nágrannalöndum, sumum hverjum a. m. k. Hér hefur einkum verið litið til Noregs, sem virðist að ýmsu leyti vera eðlileg fiskveiðiþjóð til samanburðar við okkur um fiskverð, og þar er raunin sú, að fiskverð það, sem greitt er fiskimönnum eða útgerðarmönnum, er miklum mun hærra en íslenzka fiskverðið.

Lengi var það á mjög miklu deilustigi, hvað fiskverðið í Noregi raunverulega væri. Það má segja, að óþarft sé að deila um það beinlínis nú, eins og komið er, því að hér hafa verið birtar óvefengdar skýrslur um norska fiskverðið í fjölmörgum atriðum, hvað það er í krónutölu, en á hinn bóginn er það svo flókið mál, að ekki er auðvelt að gera sér grein fyrir því, hvað meðaltal

fiskverðsins er þar í landi. Þar er fiskur keyptur á breytilegu verði, t. d. eftir fiskstærð, eftir þeim landshlutum, þar sem fiskinum er landað, eftir því, í hvers konar vinnslu hann á að fara, og fleira kemur þar til greina, sem gerir fiskverðstöfluna norsku ærið flókna, og liggur stundum ekki alveg í augum uppi, hvað eðlilegast er að bera saman. Engu að síður höfum við fim. þess máls, sem hér er nú til umr., leyft okkur að gera örlitinn samanburð á þskj., sem fyrir liggur, og tekið þar samanburðinn með þeim hætti, að við höfum borið saman hæsta fiskverð í Noregi á s. l. vetrarvertíð og hæsta fiskverðið á Íslandi með sambærilegum hætti, þannig að í báðum tilfellunum er miðað við fisk, sem er bæði slægður og hausaður, og norskum krónum breytt í íslenzkar krónur samkv. gengisskráningu. En í þeim samanburði kemur fram, að frystihúsin í Noregi virðast hafa greitt fiskverð, sem á þorski var um 45% hærra en hér, á ýsu virðist verðmunurinn nema um 35%, og á löngu virðist verðmismunurinn hafa numið 55%. Ætla má því, að meðalverðmunur á fiski í Noregi og hér á s. l. vetri hafi numið um 45%, sem hann var greiddur hærra verði þar en hér.

Það má því segja, að það sé kannske ekki hin mesta þörf að rannsaka sjálft fiskverðið. Ég tel, að í því hafi verði unnið nokkurt verk. Rannsókn sú, sem tillagan, sem hér er til umræðu, gerir ráð fyrir, ætti því að beinast fyrst og fremst að því, á hvaða stoðum fiskverðið hvílir í Noregi. Hafa þeir komið einhverju því skipulagi á sín fiskverkunar- og fisksölumál, eða hafa þeir náð betri mörkuðum, sem gefa þeim betra endanlegt fiskverð en við fáum, eða hvað er það, sem réttlætir það, að íslenzka fiskverðið þurfi að vera þessu lægra? Það er ekki vitað, að slíkur munur sé á vörugæðum, að hann geti réttlætt þennan verðmismun.

Til þess að gera sér örlitla grein fyrir því, hvernig þessi mismunur verkar á rekstur frystihúsa og útgerð vélbáta, höfum við fim. þessarar till. bent á það, að frystihús, sem kalla mætti af meðalstærð, frystihús, sem vinnur úr um það bil 3 þús. lestum af hráefni, slægðum fiski með haus, eins og almennt er miðað við í fiskkaupum hér á landi, mundi greiða í Noregi 3½ millj. kr. meira fyrir það hráefni, sem það kaupir inn, heldur en jafnstórt frystihús hér gerði á s. l. vetri. Fiskibátur, sem aflaði 600 lestir af slægðum fiski með haus, mundi hljóta fyrir sitt aflaverðmæti í Noregi 700 þús. kr. meira en sams konar bátur hlaut hér á s. l. vetri.

Af þessu má ráða, að hér er um gífurlegar upphæðir að ræða, og segja má raunar, að ef við hefðum þær á milli handa, ef frystihúsin hér gætu greitt út upphæðir, sem næmu svona miklum mun hærri upphæð en þau raunverulega gerðu á s. l. vetri, og ef fiskibátarnir fengju fyrir afla sinn svona geysilega miklum mun meira verð en á s. l. vetri var, þá væri efnahagsvandi útgerðarinnar á Íslandi, eins og hún stendur í dag, leystur. En það þarf ég ekki að rifja upp fyrir hv. alþm., sem undanfarna daga hafa breytt kappræður eða hlustað á kappræður um þá staðreynd, að íslenzk útgerð var í miklum kröggum að afloknu s. l. ári, og stjórnarvöldin hafa viðurkennt þessa staðreynd með því að efna til sérstakrar lánastarfsemi, sem raunar er skuldaskilastarfsemi að eðli til, vegna þess arna.

Mönnum hefur dottið ýmislegt í hug sem skýring á þessu verðmisræmi. Lengi vel hefur því verið haldið fram, að þessi verðmunur á fiski mundi geta stafað af því, að kaupgjald hér á landi væri of hátt og hærra en í okkar nágrannalöndum. Hafi það einhverju sinni verið, þá er það ekki lengur fyrir hendi. Þvert á móti liggja fyrir tölulegar upplýsingar um það, að vinnulaunagreiðslur í Noregi, þar sem þetta hærra fiskverð er borgað, eru allmiklum mun hærri en hér á landi. Um samanburð á kaupgjaldi þar og hér gegnir í rauninni nokkuð svipuðu máli og um fiskverðið sjálft, að það er nokkur vandi að finna út, hverjar tölur þar eru sambærilegastar. Það mun vera útbreiddara þar við fiskverkun en hér, að unnin sé ákvæðisvinna, en að svo miklu leyti sem þar er unnið í tímavinnu, sambærilegri því, sem hér tíðkast, þá virðist heildarniðurstaða samkv. upplýsingum starfsmanns Fiskifélags Íslands, Más Elíssonar, sem skrifað hefur greinargott yfirlit um þessi mál í tímaritið Ægi, — þá virðast tímavinnukaupstölurnar benda til þess, að kaup karla þar sé um 12.3% hærra en hér, en kvennakaupið þar um 15.3% hærra en hér, svo að ekki getur fiskverðsmismunurinn í Noregi og á Íslandi legið í því, að vinnulaun séu lægri þar en hér, því að því er öfugt farið. En um hitt er uppi mikill grunur, að það, sem gerir frystihúsunum hér erfitt fyrir um að geiða hátt fiskverð, liggi m. a. í því, að vextir af lánum, sem slíkur rekstur þarf mjög á að halda af eðlilegum ástæðum, séu miklum mun hærri hér en þar, og þar gufi upp nokkur partur af fiskverðinu. Þá hefur einnig því verið haldið fram, og ég hygg, að þær hugmyndir séu réttar, að sölukostnaður á fiskafurðum hér á landi sé miklum mun hærri en þar. Enn fremur hygg ég, að íslenzkur fiskiðnaður og íslenzk fiskframleiðsla búi við miklum mun óhagstæðari iðgjaldakjör á sínum tryggingum en þar í landi tíðkast, og ýmislegt fleira er það, sem líklegt er að valdi þessum verðmismun. En með því að fiskverð skiptir svo miklu máli sem ég hef hér lýst fyrir okkur Íslendinga í öllu okkar efnahagskerfi, þá tel ég það óverjandi af stjórnarvaldanna hálfu að gera ekki ráðstafanir til þess að rannsaka þetta mál til hlítar, ekki einasta verðlagið sjálft, heldur og máske fyrst og fremst stoðir þær, sem hið erlenda verðlag hvílir á, og freista þess, hvort við getum ekki eitthvað lært af þeirri rannsókn til þess að ná samræmi í fiskverðið hér og þar. Ég vil að sjálfsögðu ekkert um það fullyrða, hvort þetta er mögulegt eða ekki. En ég tel það óverjandi með öllu að láta ekki fram fara á þessu rannsókn sem allra ýtarlegasta til þess að freista þess, að við getum samræmt okkar fiskframleiðslu því hagkvæmasta, sem þekkist í okkar nágrannalöndum, og fengið árangur, sem vænta má að yrði til þess að yfirstiga ýmsa þá efnahagsörðugleika, sem okkur hafa verið mjög þungir í skauti á undanförnum árum. Þess vegna hef ég ásamt hv. 4. þm. Austf. flutt hér tillögu um það, að Alþingi kjósi fimm manna nefnd til þess að rannsaka þann mismun, sem er á fiskverði í Noregi og á Íslandi, eins og segir í okkar tillögu á þskj. 115.

Það skal tekið fram, að þessi till. er flutt á s. l. ári og þær tölur, sem hér eru til nefndar, eru að sjálfsögðu miðaðar við s. l. vertíð. Nú standa hins vegar yfir samningar um fiskverð, sem eru til nokkurrar breytingar frá því, sem þá var, og mundi sú nefnd, sem framkvæmdi þessa rannsókn, að tillögu þessari samþykktri að sjálfsögðu verða að samræma sínar athuganir því ástandi, sem nú ríkir í hvoru landinu um sig í þessum efnum.

Að lokum vil ég geta þess, að í sambandi við annað mál, sem afgreitt var á Alþingi í fyrravetur, var af hálfu Alþb. flutt brtt., sem var svipaðs efnis og sú tillaga, sem hér er flutt. Ég þykist muna það rétt, að hæstv. sjútvmrh. hafi við atkvgr. um það mál tekið það fram, að rannsókn á vegum ríkisstj., að því er mér skildist, stæði fyrir dyrum eða jafnvel væri hafin, en niðurstöður þeirrar rannsóknar hafa ekki verið lagðar fyrir enn þá, og ég vænti þess, að hæstv. sjútvmrh. geti gefið einhverjar upplýsingar um málið. Máske er einhver slík rannsókn yfirstandandi enn þá, og vænti ég þess þá, að Alþingi fái nú að heyra, hvenær álits eða niðurstöðu af þeim rannsóknum sé að vænta. Ég legg annars til, að á einhverju stigi umr. verði umr. um þetta mál frestað og málinu vísað til allshn. til athugunar.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er út af fyrir sig mjög eðlilegt, að reynt sé að gera sér grein fyrir því, í hverju liggur sá talsvert mikli mismunur, sem á yfirborðinu virðist vera á fiskverði hér á Íslandi og í Noregi. Það kom fram í framsöguræðu hv. flm., að í Noregi væri fiskverðið miklum mun hærra en á Íslandi, og í grg. þáltill. segir, að verðmunurinn sé svo mikill, að á ekki mjög stóru frystihúsi muni hann nema upp undir 3½ millj. kr., og fyrir vertíðarbát, sem veiði 600 lestir, miðað við slægðan fisk með haus, nemi þessi verðmunur rétt um 700 þús. kr. að verðmæti. Þessi niðurstaða, sem fundin er við mjög yfirborðskennda athugun, leyfi ég mér að segja, fær ekki staðizt.

Hv. þm. sagði, að það væri óverjandi að rannsaka ekki þetta mál, og ég er honum alveg sammála um það. Enn fremur sagði hann, að málið væri flókið, og ég er líka sammála honum um það, því að það, sem verið er að bera saman hér á Íslandi og í Noregi, er ekki svo sambærilegt, að það sé hægt að lesa út úr því þessar tölur, sem hv. flm. þáltill. vilja vera láta.

Hins vegar er það rétt, að það er nokkur aðstöðumunur hjá Norðmönnum og hjá okkur hvað viðkemur vinnslu aflans. Við fiskum á svipuðum miðum og þeir, og við seljum á svipaðan markað og þeir, en þó ekki nema svipaðan, hann er ekki fullkomlega sambærilegur, og skal ég koma að því síðar, svo að ef um mismun er að ræða á þeirra aðstöðu og okkar, þá hlýtur hann að liggja að einhverju leyti í vinnsluaðstöðunni og flutningamöguleikum, og hann gerir það að nokkru leyti. Hann gerir það í fyrsta lagi að því leyti, að Norðmenn standa betur að vígi en við að selja fiskinn ferskan eða ómeðhöndlaðan, ísaðan fisk, eins og kallað er. Það er ekkert leyndarmál, og það vita alveg eins þessir hv. flm. þáltill. og aðrir, að ísaður fiskur selst yfirleitt til beinnar neyzlu og hann selst yfirleitt á hærra verði en unninn fiskur. Og það er áreiðanlegt, að þessi aðstaða Norðmanna, betri aðstaða þeirra til þess að koma fiskinum nýjum, ísuðum, á markað, bæði heima hjá sér og í útlöndum, á sinn þátt í því að gera þeim aðstöðuna hægari. Það er tiltölulega miklu meira af aflafeng Norðmanna neytt í landinu sjálfu en hér hjá okkur, og það eru miklu betri sambönd, bæði á landi og á sjó, við ýmsar Evrópuþjóðir, bæði England, Þýzkaland og raunar fleiri, meiri möguleikar til þess að koma aflanum ísuðum á markað og njóta þess vegna á þann hátt þess hærra verðs, sem mögulegt er að fá fyrir fiskinn ísaðan en unninn.

Hv. þm. sagði líka, að vinnulaunin væru ekki til hagsbóta Norðmönnum. Ég leyfi mér að efast um þessa fullyrðingu. Það er rétt, að tímakaupið hjá þeim, þ. e. lægsta tímakaupið, er eitthvað hærra en hjá okkur og þó lítillega, en það veit þessi hv. þm., að vinna í frystihúsum er ákaflega mikið unnin í eftirvinnu og næturvinnu, og næturvinnu- og eftirvinnuálagið er miklu hærra hjá okkur en hjá þeim. Þess vegna er ekki allt sagt með því, þó að fullyrt sé, að lægsti tímakaupstaxti sé lítið eitt hærri hjá Norðmönnum en hjá okkur. Ég held, að kaupgjaldið sé a. m. k. ekki okkur í hag eða fiskvinnslustöðvunum hér.

Þá er mér sagt, — ég þekki það nú ekki sjálfur, en mér hefur verið sagt það, að staðsetning vinnslustöðvanna í Noregi sé yfirleitt hagkvæmari en hjá okkur og flutningskostnaður minni, skipulagning og afköst séu líklega meiri vegna meiri ákvæðisvinnu hjá þeim en hjá okkur.

Allt þetta gerir það að verkum, að það ætti að vera mögulegt að greiða fyrir norska fiskinn í við hærra verð en hægt er á Íslandi, þegar þetta er tekið með í reikninginn.

En það, sem mestu veldur um þann verðmismun, sem hér hefur verið undirstrikaður og réttilega bent á að er fyrir hendi, það er það, að ekki er verið að bera saman sambærilega hluti, þegar hámarksverðið á norska fiskinum er borið saman við meðalverð á íslenzka fiskinum. Þetta verð, sem í frv. er talið, sýnist mér vera það verð, sem norska Ráfisklaget, eins og það heitir, hefur ákveðið, og það er raunar sagt í grg. þáltill., ef ég man rétt, frá 19. sept. s. l. Þar við er að athuga, að verðlagið á vertíðinni sem leið eða vertíðinni næst á undan var ekki ákveðið eftir þessum lista, en mér er sagt, að þetta verð frá 19. sept. sé grundvöllur undir samninga um fiskverðið n. k. vertíð, en ekki samþykkt fiskverð. Þar við er líka að athuga, að þetta verð, sem hér er nefnt, er verð á hæsta verðflokki, en hjá okkur hefur verðlagið á fiskinum á árinu 1960 verið miklu minna „graderað", eins og það er kallað, eða mismunur gerður á lélegum fiski og góðum, en á því er ákaflega mikill munur hjá Norðmönnum. Mér er t. d. sagt, að verðmismunurinn frá hæsta flokknum og til næsta flokks sé um 25% og þaðan af miklu meiri á hinum lélegri tegundum. Þess vegna má ekki, þegar verið er að bera saman verðið hér, eins og gert er í þessari þáltill., við norska verðið, miða við okkar meðalverð og bera það saman við verðið á bezta norska fiskinum.

Það gefur algerlega skakka mynd af því, sem verið er að bera saman.

Enn má geta þess, að í Noregi eru greiddar uppbætur til fiskimanna og það mjög verulegar, og þetta verð, sem á norska fiskinum er skráð opinberlega, helgast af því, að kaupendurnir fá greitt úr ríkissjóði svo og svo mikið af þessu fiskverði, sem þeir borga fiskimönnunum.

Í skýrslu, sem ég hef fengið um þetta, — því að ég hef látið rannsaka málið, og það hefur verið meira að segja mjög ýtarlega rannsakað, — í skýrslu, sem ég hef fengið í nóvembermánuði s. l., — ég skal taka það fram, að það er ekki sú alveg nýjasta, — er sagt, að fyrir þorsk séu greiddir 5—17 aurar eftir verðlagssvæðum í uppbótagreiðslur úr ríkissjóði, fyrir ýsu til frystingar 13—25 aurar norskir á kg, og það er ekkert lítill peningur, það er á aðra krónu íslenzka, fyrir ufsa 5—9 norskir aurar á kg, fyrir löngu og keilu 5—10 norskir aurar á kg og fyrir steinbít 10 norskir aurar á kg.

Ef við athugum þorskinn fyrst, — og það er kannske ekki möguleiki til þess að fara miklu lengra nú, — þá er meðalverðið, sem greitt hefur verið í Noregi fyrir beztu tegund af þorski, fyrsta flokks fisk, á s. l. ári, á árinu 1960, 82 aurar norskir, — meðalverðið, — það fer að vísu hærra upp sums staðar og lægra niður annars staðar, en meðalverðið er talið 82 norskir aurar. 82 norskir aurar verða með gengi kr. 5.30 á norska krónu kr. 4.35 íslenzkar. En þessi fiskur, sem skráður er, er hausaður, og það gerir allmikinn mismun, eins og kunnugt er, því að hausinn er talinn um fimmti partur af þunga fisksins. Við skulum fyrst draga frá það, sem verðið er niðurgreitt, en það er á þorsk 5—17 aurar, eða að meðaltali 11 norskir aurar. Það þýðir, að þessir 82 aurar eru þá ekki nema 71 eyrir, sem fiskkaupendurnir raunverulega greiða fyrir hann. Ef við tökum verðið 82 aura, sem er meðalverð, og tökum það með gengi kr. 5.30, þá er það kr. 4.35 íslenzkar á kg. Þessir 11 aurar norsku, sem borgaðir eru niður, gera í íslenzkum peningum 58 aura, þannig að verðið, sem útgerðarmennirnir borga, er kr. 3.77 fyrir fiskinn hausaðan. Ef hausinn er tekinn frá, nemur það 75 íslenzkum aurum, og þá er verðið á kg kr. 3.02 íslenzkar.

Nú er þess að geta, að hér hefur verið tekinn upp sami reikningsmáti og í Noregi, þannig, að fiskimennirnir fá mismunandi greiðslu eftir því, hver vara það er, sem þeir selja, meira fyrir góðan fisk og minna fyrir lélegan fisk, en greiðslan fyrir bezta fiskinn núna er ákveðin kr. 3.11, þ. e. a. s. hún er ákveðin hér hjá okkur á Íslandi, þrátt fyrir þann aðstöðumun, sem við höfum að ýmsu leyti með tilliti til sölu og vinnslu, 9 aurum hagstæðari fyrir íslenzka fiskimanninn heldur en þann norska, svo að allt tal um það að leysa allan vanda íslenzkra útvegsmála, eins og hv. þm. taldi sig sennilega mundu geta, ef þetta væri fært til samræmis, það fær náttúrlega svo lítið staðizt eins og hægt er að hugsa sér, þar sem verðið á íslenzka fiskinum raunar, eins og það er ákveðið í dag, er orðið hærra en verðið á tilsvarandi norskum fiski.

Það, sem hefur verið gert í þessu máli, er það, að það hafa verið bornir saman hlutir, sem alls ekki er hægt að bera saman, af því að þeir hafa ekki verið sambærilegir. Það hefur verið borið saman íslenzkt meðalverð við norskt hámarksverð, og það hefur verið borinn saman hausaður fiskur og slægður, eins og hann er í Noregi metinn, og óhausaður fiskur og slægður á Íslandi. Ef þetta hvort tveggja er dregið frá og nýja íslenzka hámarksverðið borið saman við, þá sýnir það sig, að munurinn er tiltölulega ekki mikill, en sá munur, sem er, hann er íslenzka fiskinum eða íslenzku fiskimönnunum í vil.

Ég hef svo í dag fengið síðustu skýrslu um þetta mál, þar sem gert er upp árið 1960. Ég skal ekki fara út í að lesa mikið úr henni, en ég vil aðeins geta þess, að þar kemur í ljós, að svarandi til 89 aura norsks verðs á Lófót-þorski ætti íslenzka verðið á árinu sem leið, að vera kr. 2.97. Svarandi til Finnmerkur-þorsks, þar sem verðið er talsvert lægra, þá ætti verðið að vera kr. 2.49 og meðalverðið að vera kr. 2.81. Þetta er samkvæmt nýjustu tölum, sem ég hef um þetta fengið. Ég hef nú ekki, að vísu, kannað þessa skýrslu nákvæmlega, því að hún var að berast í mínar hendur alveg nýlega, en hún styður þetta, sem hefur orðið niðurstaðan af mínum athugunum á málinu, að fiskverðið sé raunar á Íslandi nú, með því breytta mati eða breyttu aðferð í verðlagningu fisksins, orðið hærra a. m. k. hvað hámarkið snertir en hliðstætt verð er í Noregi.

Ég skal raunar taka það fram, að samkvæmt upplýsingum, sem ég fékk í sumar beint frá norska fiskmatinu eftir viðtal við einn af framkvæmdastjórum þess, sem seinna hefur verið staðfest, þá er meiningin hjá þeim að stofna enn nýjan gæðaflokk, sem er hærra metinn en sá flokkur, sem nú er í hámarki, og gera til hans enn strangari kröfur. Hvað úr því verður og hvað mikið í hann kemst, skal ég ekki segja um, því að mér er ekki kunnugt um, hvaða aukakröfur verða til hans gerðar. En það er ekki ómögulegt, að hann komist enn eitthvað hærra en þessi fyrsti flokkur Norðmannanna hefur verið á árinu 1960 og á árinu 1959, sem þær skýrslur fjalla um, sem ég hef fengið.

Ég sé, að fundartíminn er liðinn. Það mætti um þetta mál segja talsvert miklu meira, en ég skal stilla mig um það. Ég vil aðeins taka undir það, sem hv. þm. sagði, að málið er flókið, og það er ekki hægt að ganga eins beint að því og gert hefur verið, því að það gefur áreiðanlega misvísandi niðurstöðu, eins og ég tel að bæði komi fram í grg. þáltill. og í ræðu hv. flm. og eins í umtali, sem um þetta mál hefur átt sér stað, síðan þessar upplýsingar komu hér fyrst fram.

Umr frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Svo hafði atvikazt hér, að ég gat ekki verið viðstaddur fyrri hluta þeirrar umr., sem fram hefur farið um þessa

till., en mér hefur skilizt af því, sem ég sá haft eftir í blöðum um þær umr., að hæstv. sjútvmrh. hefði jafnvel talið, að þessi rannsókn þyrfti ekki nauðsynlega að fara fram, sem hér er lögð til með þessari till., þar sem segja mætti í rauninni, að fiskverð hér á Íslandi væri fyllilega eins hátt og það fiskverð, sem okkur er nú kunnugt um að er í Noregi. Og í þeim efnum sá ég m. a. í blaði hans nokkrar tölur uppfærðar í þessu sambandi, þar sem gerð var nokkur grein fyrir þessari skoðun. Mig furðar að vísu nokkuð á þessum niðurstöðum, ef þær eru rétt skildar hjá mér, því að ég held, að það leiki enginn vafi á því, að verðmunur á nýjum fiski hér á landi og í Noregi er gífurlega mikill og jafnvel meiri en við bendum á í grg. þessa frv., þar sem allar þær tölur, sem þar eru tilfærðar, eru byggðar á því, að miðað sé við skráð lágmarksverð í Noregi og það lægsta, sem þar er um að ræða, þó að hins vegar sé vitað, að þar sé mjög mikill hluti af fiskinum seldur langt fyrir ofan hið skráða lágmarksverð, en aftur á móti það verð, sem við tilfærum hér í landi, þar er tekið það hæsta verð, sem greitt hefur verið aðeins hluta úr árinu, en alls ekki miðað við það verð, sem mætti telja sem meðaltalsverð hér á landi, sem hefur verið mikinn hluta af árinu miklum mun lægra. Í grg. till. okkar segir, að það verð, sem miðað hafi verið við í Noregi á s. l. ári, hafi verið 85—90 aurar norskir á hvert kg af hausuðum og slægðum fiski, þorski, en það gerir kr. 4.54—4.81 fyrir kg, allt miðað við hausaðan fisk. En á sama tíma var verðlagið hér á landi, þetta hæsta verð, sem hér þekkist greitt, þá var það á sambærilegum fiski, líka miðað við hausaðan fisk, kr. 3.16—3.29 á kg. Hér er því um gífurlega mikinn mun að ræða. En eins og ég sagði áðan, er raunverulega munur á milli þessara landa miklu meiri í framkvæmd en þessar tölur segja til um.

Ég sá svo, að blað hæstv. sjútvmrh. túlkaði hans mál þannig, að hann tæki það verð, sem nú er talað um hér á landi, það hæsta samkv. nýjum verðflokkunarreglum, sem gefnar hafa verið hér út, þ. e. a. s. ekki það hæsta verð, sem var á s. l. ári greitt fyrir fisk, heldur miklum mun hærra verð, sem nú er í verðhæsta flokknum, sem á að gilda fyrir árið 1961, og bæri það fiskverð saman við það, sem var í Noregi í fyrra, þar að auki. En slíkt er vitanlega alrangt, og það sést m. a. bezt með því að taka þá til samanburðar aftur það fiskverð, sem nú er í Noregi.

Ég las í norsku fiskveiðiriti nú alveg nýlega, að lágmarksverðið í Noregi nú í vetur yrði kr. 1.05 á kg, miðað við hausaðan fisk, en ekki 85 aurar, eins og við reiknuðum með og hafði verið lægst á árinu á undan, en það verð, kr. 1.05 norskar, gerir kr. 5.61 á kg. En þó að við tökum það allra hæsta verð, sem hér er talað um nú, á úrvalsfiski nú á þessu ári, þá er verðið ekki nema kr. 3.89 á nákvæmlega sambærilegum grundvelli. Það er því augljóst mál, að um gífurlega mikinn mun er að ræða á fiskverðinu hér, sem verið hefur og á að verða, og því, sem hefur verið í Noregi á s. l. ári, og því, sem nú er rætt um að þar verði. Ég sá það einnig í þessu fiskveiðiriti norsku, að í fyrra, þegar lágmarksverðið var 85 aurar norskir, þá var mjög algengt, að greitt væri fyrir fisk þar 1 kr. til kr. 1.05 fyrir kg.

Það er alveg rétt og hefur komið hér fram, að í Noregi er hafður sá háttur á, að þar eru greiddar nokkrar verðuppbætur, og skýrir það vitanlega nokkurn hluta af þessum mikla verðmun, að Norðmenn eru þar með uppbótakerfi og telja það ekkert guðlast í þessum efnum, til þess að geta rekið sinn sjávarútveg með skaplegum hætti, þó að þar sé um nokkrar uppbótagreiðslur að ræða. En slíkar uppbótagreiðslur eða stuðningur við sjávarútveginn í einu eða öðru formi eru í öllum nálægum löndum við okkur, þó að það hafi nú verið talinn dauðadómur hér á Íslandi. Slíkt hefur verið bæði í Vestur-Þýzkalandi, í Bretlandi og í Noregi og styrkurinn greiddur í mörgum myndum, ýmist beint sem verðuppbætur á fisk eða sem annar beinn stuðningur greiddur framleiðslunni.

En uppbótagreiðslurnar, sem greiddar eru í Noregi á fisk og eru að vísu allmiklar, skýra vitanlega ekki þennan mikla verðmun nema að litlu leyti. Mönnum er gjarnt að vitna til þess hér, að ein skýringin sé sú, að sá fiskur, sem fiskkaupendur í Noregi hafa til þess að vinna úr, sé miklu betri fiskur en okkar fiskur. Og það virðist nú vera alveg sérstök tízka hér á landi að tala um það, hvað fiskurinn okkar sé vondur, og það þekkist varla a. m. k. sá landkrabbi, að hann tali ekki um þetta í tíma og ótíma. En ég er alveg sannfærður um það, hef enda séð hvort tveggja, að okkar fiskur, sem kemur hér til vinnslu, er að öllum jafnaði mun betri en þeirra. Yfirgnæfandi meiri hluti af þeim fiski, sem norsku frystihúsin fá til vinnslu, er einmitt upp úr ís. Fiskur, sem er tekinn upp úr ís og hefur venjulega verið geymdur þar í 7 sólarhringa eða yfir, það er rétt, að hann er alveg eins og fiskur hjá okkur. Hann er góður, þegar komið er með heldur lítinn fisk að landi í hverri sjóferð og hægt er að fara um þetta mjúkum höndum. En það verður eins með þá og okkur, það getur enginn aðili ráðið við, þegar afli hrúgast að landi í jafnríkum mæli og á sér stað í vissum verstöðvum hér á landi, þegar aflinn berst mest að landi, að þar geti allt farið í fyrsta flokk. Og það vita þeir, sem þar til þekkja, að yfirgnæfandi meiri hluti af skemmdunum, sem eiga sér stað í fiski, fer fram, eftir að hann kemur á land. Nei, það er ekki því til að dreifa, að það fái skýrt þetta í neinum aðalatriðum. Við höfum marga vinnslustaði hér á landi, sem taka í rauninni eingöngu við úrvalsfiski. Hitt er alveg rétt, að það er engin leið til þess að gera fyrsta flokks vöru allan þann fisk, sem kemur að landi í okkar stærstu verstöðvum, þegar mest berst þar að, og við verðum eflaust að sætta okkur við það í slíkum afla að verða að verka allmikið af þeim fiski á lakari markaði í lakara gæðaflokki.

Ég held, að það væri mjög þarft verk, ef hæstv. ríkisstj. vildi einmitt sinna þessari till., sem hér liggur nú fyrir til umr., og vildi láta fara fram þá athugun, sem hér er lagt til að gerð verði, og einlægast og bezt væri, að Alþingi kysi sérstaka nefnd til þess að kanna þetta mál, sem varðar okkar þjóðarbúskap allan jafnmikið, eins og menn

vita, að við fáum glöggan og greinargóðan samanburð á fiskverði, t. d. í Noregi og hér, og samanburð til skýringar á því, hvernig stendur á því, að svona miklu þarf að skakka á fiskverðinu þar í landi og hér. Við vitum að vísu um ýmsa þætti, og þeir, sem hafa kíkt á þessi mál, hafa gert sér nokkra grein fyrir þessu, en eigi að síður er málið þannig, að menn eru ekki fyllilega á það sáttir, hvernig þessu sé í raun og veru varið. Af því þarf einmitt hlutlaus rannsókn að fara fram og greinargóð skýrsla að birtast um málið, svo að tekinn verði af vafi um það, í hverju þetta raunverulega liggur.

Ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um það, að hér er um mjög skýranlega hluti að ræða, og sumir eru alveg augljósir. Það er t. d. ekki nokkur vafi á því, að þeir gífurlega háu vextir, sem okkar framleiðsla verður að greiða, sem munu vera yfirleitt um þrisvar sinnum hærri en þeir, sem gilda í Noregi fyrir fiskvinnsluna þar, þeir vitanlega éta hér allmikinn hluta af og lækka okkar fiskverð í framkvæmd alveg óhjákvæmilega, og það er enginn vafi á því, að lánakjör þau, sem hér gilda almennt til fiskvinnslufyrirtækja og þau verða vitanlega að miða allar sínar afskriftir við, afborganir og vextir af stofnkostnaði öllum, vélakaupum og öðru slíku, þetta er gersamlega á öðrum grundvelli en keppinautar okkar í Noregi búa við, og þetta kemur líka fram á okkar fiskverði. Það er heldur enginn vafi á því að mínum dómi, að við búum hér við miklum mun óhagstæðari flutningskostnað á okkar framleiddu vöru til markaðslandanna heldur en þeir búa við. Í sumum tilfellum liggja þeir að vísu betur við, en í öðrum tilfellum ekki. En þó að við jafnvel liggjum betur við markaðslöndum eða m. ö. o. það sé styttra frá okkur til markaðslandanna, þá verðum við eigi að síður að borga miklum mun hærri flutningsgjöld en Norðmenn borga, og hefur þetta verið athugað í ýmsum tilfellum. Þannig eru til ýmsir alveg greinilegir hlutir, sem hægt er að skýra þennan mikla mismun á, en það þýðir lítið um það að þrátta hér, á meðan menn verða ekki sæmilega á það sáttir, og af því er langeðlilegast að fá úr þessu skorið með slíkri athugun, sem lagt er til með þessari tillögu.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni, en legg eindregið til, að þessi till. verði samþ. og athugun af þingkjörinni nefnd verði látin fara fram öllum til glöggvunar á þessu máli.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var hér síðast til umræðu, var það flutt af hv. fyrri flm., hv. 6. þm. Sunnl., og ég svaraði þá þeim meginatriðum, sem hann rakti í sinni framsöguræðu, og sýndi fram á það, að þessi verðmismunur, sem talinn er vera á milli norska verðsins og hins íslenzka, væri raunverulega alls ekki til staðar, þegar öll kurl kæmu til grafar og málið væri athugað ofan í kjölinn. Nú kemur hv. 4. þm. Austf. og telur sig ekki hafa verið viðstaddan þá, — ég man það ekki glöggt, hvort hann var viðstaddur, en það má vel vera, að hann hafi ekki verið það, — og kemur enn með nákvæmlega sömu fullyrðingarnar og hv. meðflm. hans gerði um þetta mál, sem kannske er ekki óeðlilegt, vegna þess að hann var hér ekki viðstaddur og hlustaði á þau rök, sem fram komu í málinu. Ég get nú ekki verið að því að endurtaka á ný það, sem ég sagði, þegar þetta mál var hér síðast til umr., en skal aðeins stikla á stóru.

Því er haldið fram í grg. þessarar till., að hjá meðalstóru frystihúsi, eða frystihúsi, sem vinni úr 3000 lestum hráefnis, sé verðið 3½ millj. kr. lægra hér á Íslandi heldur en tilsvarandi verð mundi vera í Noregi, enn fremur, að verðmismunur á vertíðarbát fyrir aflann sé eftir íslenzka verðinu 6—7 hundruð þús. kr. lægra en vera mundi fyrir tilsvarandi afla í Noregi. Og hv. frsm. málsins hér síðast gekk raunar svo langt að segja, að ef hægt væri að færa þennan mismun á verði til rétts vegar á Íslandi, þá mundi allur vandi útgerðarinnar á Íslandi vera leystur. Þetta fullyrti hann. Hér kemur svo enn hv. 4. þm. Austf. og fullyrðir, að verðmismunurinn hér og í Noregi sé gífurlega mikill og meiri en tilfærður sé í till. Þetta er nú að stangast svo við staðreyndir og þvert ofan í upplýsingar, sem fyrir liggja í málinu, að ég get varla verið að elta ólar við að svara því. Ég sýndi fram á í minni síðustu ræðu um málið, að fiskverðið í Noregi hefði að meðaltali verið, — að vísu er það ekki nú á þessari vertíð, heldur verið að meðaltali 82 norskir aurar á kg. Það er samkvæmt skýrslu, sem ég hef um það mál fengið frá Fiskifélagi Íslands, sem hefur verið sett sérstaklega til að athuga þetta, og er dagsett í nóvemberlok s. l. Hitt verðið, sem í till. þessara hv. flm. er nefnt, 85—90 aurar á kg, hefur aldrei komið til framkvæmda í Noregi, — aldrei. Það er kröfuverð frá norska Ráfisklaget, sem var sett fram 19. sept. í haust, en hefur ekki enn komið til framkvæmda.

Þegar hv. þm., sem talaði hér síðast, er að fullyrða, að fiskverðið í Noregi í ár sé miklu hærra en það hafi verið að undanförnu, þá kemur fram í síðustu skýrslu, sem ég hef um málið fengið og dagsett er 25. jan. s. l., með leyfi hæstv. forseta: „Enn hefur ekki verið samið um neitt fiskverð í Noregi fyrir yfirstandandi ár.“ Þetta er skrifað 25. jan. s. l., og það má því vera fljótt að verið, ef hv. þm. hefur komizt í eitthvert nýtt verð, sem ákveðið hefur verið eftir þennan dag.

Það, sem ég vildi aðeins láta koma fram, er, að það, sem er raunverulegt fiskverð, greitt fyrir fyrsta flokks fisk í Noregi, var á árinu sem leið 82 aurar á kg. Þetta verð er svo borið saman við það verð, sem greitt var hér á landi á sama tíma, takandi ekki með í reikninginn, að norska verðið er verð á fyrsta flokks fiski, flokkuðum á svipaðan hátt og þó strangar sennilega en nú er ætlunin að gera á Íslandi. Það, sem við höfum borgað hér á Íslandi að undanförnu, hefur nánast verið meðalverð. Það verð, sem vitnað er í í Noregi, hefur verið hámarksverð. Þegar þetta hámarksverð norska er borið saman við það verð, sem nú hefur verið ákveðið sem íslenzkt hámarksverð, þá er mismunurinn ekki mikill, og hann er áreiðanlega ekki svo mikill, að það megi leysa allan vanda íslenzkrar útgerðar með því að jafna metin, og það kannske alveg sérstaklega þegar í ljós kemur, að íslenzka verðið er, það lítið það er, hærra en norska verðið. Þegar þetta norska

verð, 82 aurar norskir, er borið saman við íslenzka verðið, þá er fyrst að athuga, að í Noregi eru greiddar verðuppbætur af hálfu hins opinbera. Í grg. fyrir till. var þess hvergi getið, að um slíkar verðuppbætur væri að ræða, og hvergi látið að því liggja, að þær væru til, en verðuppbæturnar, sem greiddar eru í Noregi og þetta 82 aura verð er miðað við, eru frá 5—17 aurar á kg af þorski fyrir fyrsta flokks vöru. Það, sem ég gerði þá, var að taka meðaltal af þessum 5 og þessum 17 aurum, sem eru 11 aurar norskir, og draga það frá þessu raunverulega hámarksverði, sem greitt var, eða 82 aurum, og verða þá eftir 71. Þegar svo enn bætist við, að norski fiskurinn er talinn hauslaus, en sá íslenzki með haus, þá kemur í ljós, að það þarf enn að draga frá norska verðinu til að jafna þau met. Þegar búið er að gera það, þannig að kominn er samanburðargrundvöllur, þá kemur í ljós um norska verðið, sem greitt hefur verið, að frádreginni verðuppbótinni og að frádregnu því, sem reikna verður frá, vegna þess að íslenzki fiskurinn er talinn með hausnum, að tilsvarandi íslenzkt verð hefði átt að vera kr. 3.02, en hefur nú verið ákveðið ekki kr. 3.02, heldur kr. 3.11. Mér sýnist þess vegna ekki, að þó að einhver mikil rannsókn yrði sett í gang til þess að rannsaka þessi mál, mundi koma út úr því nein björgun á íslenzkum sjávarútvegi. Það er eitt, sem er víst: Það má gera eitthvað þarfara við tímann en setja slíka rannsókn í gang.

En auk þess ber að athuga, eins og ég líka minntist á, þegar málið var síðast hér til umr., að það eru ýmsar aðstæður í Noregi, sem eru mjög miklu hagstæðari Norðmönnum en tilsvarandi aðstæður hér eru okkur Íslendingum, og það er alveg sérstaklega það, sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, aðstaðan til markaðanna, möguleikarnir til þess að selja meiri óunninn fisk isaðan á innlendan markað og á erlendan, en það er vitað mál, að sá fiskur selst jafnan á miklu hærra verði en unninn fiskur, og það er sá mikli aðstöðumunur, sem hefði átt að geta gefið Norðmönnum möguleika á því að greiða hærra verð fyrir fiskinn en greitt er hér á Íslandi. Meira kemur til, sem ég líka hef áður tekið fram og skal ekki endurtaka.

Ég skal ekki beita mér gegn því, að þetta mál fari í nefnd, en ég tel það upplýst af ýtarlegum skýrslum, sem ég hef fengið um það úr a. m. k. tveim áttum, og það mörgum skýrslum úr annarri áttinni, frá Fiskifélagi Íslands. Ég held, að það muni ekki mikið nýtt koma í ljós umfram það, sem í þessum skýrslum stendur. En eins og ég segi, ég tel, að það megi gjarnan fara í nefnd hér í þinginu og athugast þar, og þá getur n. gert upp við sig, hvað hún telur rétt í málinu að gera. En ég tel, að það liggi þegar fyrir svo miklar upplýsingar um fiskverðið á Íslandi og í Noregi og þann mismun, sem reynt hefur verið að gera á því verði, að það þurfi ekki langa né ýtarlega rannsókn til þess að finna, í hverju sá verðmismunur liggur, umfram það, sem þegar er hér fram komið.

Ég veit náttúrlega ekki, hvað hefur vakað fyrir þessum hv. flm. við flutning till., og sérstaklega ekki, hvað fyrir þeim hefur vakað með því að flytja málið eins og þeir hafa flutt það, því að það hefur verið bæði í framsögu og grg. látið undir höfuð leggjast að geta ýmissa atriða, sem höfðu úrslitaþýðingu, og látið að því liggja, að aðstæður væru svipaðar í Noregi og hér, þannig að bera mætti saman þetta, sem við höfum fengið í meðalverð, og það, sem Norðmennirnir fengu sem hámarksverð, og þannig fenginn út mismunur, sem alls ekki er raunverulegur. Ég held, að kannske væri eitthvað af þessu skýranlegt með því, eins og kom fram hjá hv. þm., sem síðast talaði hér, að það væru vextirnir, sem öllu mundu valda um þann verðmismun, sem væri hér og þar, en ég fullyrði, að sá vaxtamunur veldur ekki neinum úrslitum. Hann getur valdið nokkrum aurum á kg, en hann veldur ekki neinum úrslitum. Og þegar það hefur nú komið fram, að þessi verðmismunur, sem er á milli norska fisksins og þess íslenzka, er heldur á þann veginn, ef rétt er staðið að samanburðinum, að sá íslenzki er greiddur nú hærra verði en sá norski hefur verið greiddur, þá tel ég enga þýðingu, að sett verði á fót milliþinganefnd til þess að athuga málið. En hitt má gjarnan, að málið sé athugað í nefnd hér í þinginu, sem væntanlega verður þá allsh., og skal ég þá leggja fyrir n. þær upplýsingar, sem ég hef um málið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er nú auglýst að mínum dómi, að það þarf að fá þetta mál rannsakað á hlutlausan hátt, og ég segi það aðeins, að það undrar mig stórlega, að sjávarútvegsmálaráðherra á Íslandi skuli flytja þetta mál eins og hann gerir hér. Hann virðist sem sagt ætla að reyna að halda því fram, að fiskverð á Íslandi sé hærra en í Noregi. Það er það, sem hann ætlar sér að reyna að sanna. En þessu er öðruvísi farið, og það er auðvelt að sanna það.

Hæstv. ráðh. margendurtekur í sinni ræðu, að fiskverðið í Noregi sé hámarksverð. Hvaðan hefur hæstv. ráðh. þessar upplýsingar? Í öllum ritum, sem hann getur fengið um þetta, sér hann, að þar er auglýst lágmarksverð, og það er getið um það æ ofan í æ, og ég skal gjarnan nota tækifærið til þess að lesa yfir hæstv. ráðh. upp úr þekktum norskum fiskveiðiritum, hvernig fiskverðið er þar oftast nær miklu hærra en hið auglýsta lágmarksverð. Svo talar hann hér æ ofan í æ um það, að þar gildi hámarksverð. Nei, þar er aðeins um lágmarksverð að ræða, og þessar tölur, sem hann tekur, eru líka furðulegar, vegna þess að Fiskifélag Íslands hafði einmitt birt skýrslu frá starfandi hagfræðingi hjá Fiskifélaginu, Má Elíssyni, hafði birt í tímaritinu Ægi skýrslu um fiskverð í Noregi, og tölurnar, sem við tókum upp, voru teknar nákvæmlega upp úr riti Fiskifélagsins, Ægi, eftir þennan hagfræðing Fiskifélagsins, sem hafði kynnt sér málið sérstaklega. Okkar tölur eru teknar þaðan, beint upp úr tímaritinu Ægi, og þar stendur þetta, að víðast hvar hafi fiskverð verið 85—90 aurar norskir á síðustu vetrarvertíð sem lágmarksverð. Það skiptir vitanlega ekki öllu máli í þessu, hvort hér hefur verið um að ræða 82 aura norska eða 85—90 aura, eins og ég held fram og tímaritið Ægir skýrir frá eftir manni, sem hafði verið sendur sérstaklega til Noregs til

þess að athuga málið, en þetta fiskverð gilti sem lágmarksverð í Noregi á vetrarvertíðinni í fyrra og á að berast saman við það verð, sem gilti á Íslandi þá, en ekki nú.

Hæstv. ráðh. segir, að sínar nýjustu upplýsingar segi, að það sé ekki búið að semja endanlega um fiskverðið fyrir veturinn í vetur í Noregi. Ég sagði það ekki heldur, að það væri búið að semja um það. Ég sagði, að það verð, sem nú væri rætt um í Noregi, í nýjustu blöðum þaðan, væri 1.05, og ég skal afhenda hæstv. ráðh. þetta blað, ef hann vill, það er mjög þekkt blað, Fiskaren, sem fjallar einmitt um þessi mál, sem skýrir frá því, að þetta sé það verð, sem nú er gengið út frá. En það skýrir frá því, að það hefði ekki tekizt endanlegt samkomulag hjá þeim aðilum, sem þarna fjölluðu um, og það er ekkert nýtt hjá þeim. Hins vegar er samið um þetta fiskverð í Noregi á mörgum stöðum, og það er breytilegt fyrir hin ýmsu svæði.

Það er líka mesti misskilningur, að þetta fiskverð í Noregi byggist sérstaklega á innanlandsmarkaðinum þar. Það eru ekki þau skilyrði, þar sem aðalfiskveiðisvæðið er norðan til í Noregi og þetta fiskverð er t. d. tekið frá, að þeir geti búið að innanlandsmarkaðinum í hinum stærri bæjum og hækkað sitt fiskverð nokkuð fram yfir það, sem við gerum. Það er ekki um það að ræða.

Nei, fiskverðið, eins og tímarit Fiskifélagsins, Ægir, hefur gefið upp, er nákvæmlega það, sem segir í grg. okkar frv., 85—90 aurar sem lágmarksverð, en það viðmiðunarverð, sem við miðuðum við, er það hámarksverð, sem gilti hér á landi s. l. vetrarvertíð, það hæsta verð, en á meiri hluta ársins gilti víðast hvar á landinu miklum mun lægra verð, eins og hæstv. ráðh. hlýtur að vita, — miklum mun lægra verð, svo að tölur okkar eru allar alveg fullvaldaðar í þessu og hann getur ekki hreyft neina þeirra til. En það, sem hæstv. ráðh. er svo að tala um nú, þar sem út hafa verið gefnar nýlega reglur um að flokka allan fiskinn niður í fimm mismunandi verðflokka, allt frá kr. 1.69 á kg og upp í kr. 3.11, og hann ætlar sér svo að halda sér aðeins í verðið kr. 3.11 og bera það saman við lágmarksverðið, sem var í Noregi í fyrra og alls ekki er talað um af neinum manni nú, það er vitanlega rangur samanburður, sem fær ekki staðizt. Það er einmitt þvert á móti. Það eru miklu meiri líkur til þess, að verðmunurinn sé miklum mun meiri en hann er tilfærður hér í grg. þessarar tillögu, en ekki minni. Mikið hefur hæstv. ráðh. við sinn tíma að gera, ef hann sér eftir því, þó að hann kynni sjálfur að þurfa að eyða einhverjum örlitlum tíma í það að fylgjast með störfum þingnefndar, sem athugar slíkt stórmál eins og þetta er. Eða er það kannske þannig, að hann sé eitthvað hræddur við þessa rannsókn, við útkomuna? Hvað er það, sem hann óttast?

Mér kemur ekki til hugar að búast við öðru en að hæstv. ráðh. viti vel um ýmsa liði, sem eru okkar framleiðslu miklum mun óhagstæðari en þeir liðir eru í Noregi. Hann veit um það, það kemur ekki annað til mála, og það má gjarnan draga athyglina að þessum liðum. Það er sjálfsagt, að það komi fram, hvar skakkar á okkar tilkostnaði. Jafnvel þó að það séu hinir heilögu vextir, sem hér þurfa að vera þrefalt hærri en þar, þá má gjarnan koma fram, ef það eru þeir, sem valda miklu hærri framleiðslukostnaði hér en í landi okkar aðalkeppinauta. Það er líka auðvitað allsendis röng reikningsaðferð í þessum efnum, vegna þess að niðurgreiðslur í Noregi hafi verið frá 5 aurum á kg upp í 17 aura, að ætla að taka meðaltal af þessum tölum og telja, að þannig sé fundin sú niðurgreiðsla, sem er raunverulega á þann afla, sem öllu máli skipti í sambandi við það, þegar við erum að gera samanburð á þorskafla þeirra á vertíðinni og þorskafla okkar. Þessi tala segir engan veginn neitt rétt um það, hvað niðurgreiðslurnar eru raunverulega miklar, enda hafa þær verið áætlaðar af öðrum mönnum, sem þetta hafa kynnt sér, miklum mun lægri en þetta, sem hæstv. ráðh. nefnir. En jafnvel þó að maður taki þá tölu, 11 aura á kg, þá er, eins og ég segi, það skýrir ekki nema aðeins lítinn hluta af þeim gífurlega mikla verðmun, sem hér er á milli þess fiskverðs, sem gilti í Noregi á síðustu vertíð og gilti hér, og þess, sem nú er rætt um í Noregi og nú er rætt um hér, því að á þessu tvennu er mikill munur. Og samanburðurinn á vitanlega aðeins að gerast þannig, en ekki að við berum saman verðlag, sem ráðgert er hér á landi nú fyrir árið 1961 og var í hinu landinu 1960. Það er ekki sambærilegt. En það, sem þó skiptir mestu máli fyrir hæstv. ráðh. til að glöggva sig á í þessum efnum, er, að hann kynni sér, að það verð, sem hann hefur hér nefnt, 82 aurar á kg, er ekki hámarksverð, heldur er það lágmarksverð og ég veit, að hann getur aflað sér upplýsinga um það, að verðlið hafi í framkvæmd yfirleitt verið miklum mun hærra. Það skiptir hér öllu máli.

Með þessari till. er aðeins að því vikið, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að fá hlutlausa athugun á þessu máli. Um þetta hefur verið rætt og ritað hér allmikið og ýmsar skýringar gefnar á þessu, og mér er alveg ljóst, að þó að ég gefi eina skýringu og hæstv. ráðh. gefi aðra á þann hátt, sem hér hefur verið gert, þá dugir það ekki mönnum. Það eina, sem fyllilega dugir í þessum efnum, er einmitt, að það verði gert, sem lagt er til í þessari till., að Alþingi kjósi sérstaka nefnd, sem láti fara fram hlutlausa athugun á málinu og gefi Alþingi skýrslu um málið. Það er það eina, sem getur skýrt út málið fyrir mönnum. Og hér er sannarlega um svo stórt mál að ræða, að það er eyðandi í það nokkrum tíma og nokkrum kostnaði að fá úr þessu skorið. Hitt þykir mér boða heldur illt, að sjútvmrh. í landinu skuli telja hér um óþarft mál að ræða og hann skuli ganga svo gersamlega rammvilltur í þessu máli eins og hans ræða hér bar vitni um, því að að mínum dómi bar hún vitni um það, að hann hafi ekki kynnt sér þetta mál nema svo lauslega, að hann fer hér með alrangan samanburð, sem hlýtur að vera alvillandi um verðlagið þar og verðlagið hér. Ég vil vænta, að hæstv. ráðh. kynni sér nú þetta mál betur og við nánari athugun komist hann að raun um, að það er réttmætt að láta þessa athugun fara fram.

Ég vil svo leggja til, að þessu máli að lokinni umr. verði vísað til allshn.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. undirstrikaði það, sem ég raunar get fallizt á, að hér væri nauðsyn hlutlausrar rannsóknar. En hana hef ég látið fara fram, mjög ýtarlega, hlutlausa rannsókn, sem Fiskifélagið hefur gert meðal annarra. Það voru raunar fleiri, sem höfðu þá rannsókn með höndum. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla, að Fiskifélag Íslands hafi verið á nokkurn hátt hlutdrægt í þessu máli, og allar þær niðurstöður, sem ég hef nefnt hér, eru í samræmi við niðurstöður Fiskifélags Íslands. En hitt hef ég ástæðu til að halda, að sá samanburður, sem flm. þessarar till. hafa verið að burðast við að gera hér á hv. Alþ., sé hlutdrægur úr hófi og þar sé verið að bera saman hluti, sem alls ekki er hægt að bera saman.

Hann vildi reyna, hv. þm., að snúa út úr því, þegar ég talaði um hámarksverð hér áðan. Kannske hefur það verið ekki alveg nákvæmlega orðað hjá mér að kalla þetta hámarksverð, en það, sem ég auðvitað meinti, og það, sem hann skildi vel sjálfur, var, að um var að ræða verðið á hæsta verðflokknum. Það var opinbert verð á hæsta verðflokknum. Hvort svo og hve miklð hefur verið greitt umfram þetta hámarksverð, skal ég ekki segja. Ég hef engar tölur um það, og það er fyrst nú, þegar hv. þm. sér, út í hvaða ófæru hann er kominn, að hann fer að tala um, að það sé greitt miklu hærra verð en það skráða verð, sem samkomulag hefur verið um á milli Norsk Råfisklag og kaupendanna. Það getur vel verið, að í einhverju einstöku tilfelli hafi fiskurinn verið seldur á hærra verði en því, sem um hefur verið samið, en um það liggja engar skýrslur fyrir, og það er fyrst nú, sem þetta er dregið hér fram. Í samanburðinum, sem gerður er í till., er engin tilraun gerð til að geta þess, að um einhverjar umframsölur hafi verið að ræða, sölur umfram það verð, sem samkomulag hefur náðst um á milli aðila, heldur er þar eingöngu nefndur sá óskaplegi verðmunur, sem hér hefur verið talinn, og miðaður við skráða verðið, en ekki við þetta yfirverð, sem hv. þm. nú vill segja að einhver hafi keypt einhvern tíma einhverja vöru á.

Þá sagði hv. þm., að það væri alrangt hjá mér að bera saman þetta verð, sem tekið er fyrir hjá honum, og hæsta núverandi flokkunarverð á Íslandi. Ég held, að þetta sé alveg nákvæmlega sambærilegt. Það er tekið í báðum tilfellunum verð á hæsta flokknum, á bezta fiskinum, bæði með íslenzku verði og með norsku verði, og þá kemur dæmið út þannig, að norska verðið er í kringum kr. 3.02 íslenzkar, en það íslenzka er kr. 3.11.

Þá ætlaði hv. þm. að reyna að snúa sig út úr þessu með því að segja, að nú væru gerðar miklu hærri kröfur um fiskverð í Noregi en áður hefðu verið gerðar, þannig að það fiskverð, sem ætti að bera saman við hæsta verð hjá okkur, væri miklu hærra en þessir 85 aurar til 90 aurar, sem hann hefur verið að bera saman við meðalverðið hér. Ég held, að ég megi fullyrða, að þetta sé líka rangt hjá hv. þm. Ég hef hér í höndunum frá Norsk Råfisklag, sem er aðalseljandi fersks fisks í Noregi og í eru meðlimir, — ég held ég fari rétt með það, — frá öllu landinu nyrzt til syðst, og þar eru kröfurnar um verðið, sem á að gilda frá 19. sept. 1960 og áfram, m. ö. o. kröfuverðið fyrir vertíðina 1961. Og þetta verð, sem ég hef fengið sent beint frá Norsk Råfisklag, svo að það fari engra annarra á milli, er þannig, að hæstu kröfurnar eru 89—95 aurar. Verðið er mismunandi eftir því, á hvaða stað er, og eftir því, hvað niðurgreiðslurnar eru miklar: á fyrsta verðlagssvæði 89 aurar, á öðru verðlagssvæði 89 aurar, á þriðja verðlagssvæði 90 aurar, á fjórða verðlagssvæði 92 aurar, á fimmta verðlagssvæði 95 aurar og sjötta, sjöunda og áttunda verðlagssvæði líka 95 aurar. Hæsta verðið, sem í skýrslunni er nefnt, eru 95 aurar. Svo kemur hv. þm. og segir, að verðið eigi nú á næstunni að vera á aðra krónu norska. Það er a. m. k. ekki samkv. þeirri uppsetningu, sem Norsk Råfisklag, sem er aðalseljandi og ég vil segja hér um bil eini seljandi af ferskum fiski í Noregi, hefur sett fram sem kröfu um verðið á næstu vertíð, 1961. Þar við er svo enn því að bæta, eins og ég gat um áðan, að það hefur ekkert samkomulag náðst um þetta verð enn. Þetta er það verð, sem er fram sett af fiskseljendunum, en það hefur ekki verið viðurkennt af fiskkaupendunum, og hvað það verður, það skal ég ekki um segja, ég veit ekki til, að því hafi verið slegið föstu enn þá. En þetta verð er ekki það ólíkt verðinu, sem var á vertíðinni 1960, að það sé ekki hægt að bera saman þáverandi vertíðarverð í Noregi með þeim verðmismun, sem leiddi af flokkun fisksins, og íslenzka verðið, sem ákveðið hefur verið nú hér kr. 3.11 hæst, þ. e. fyrir allan fyrsta flokks línufisk, og ég held, að verðmismunurinn, sem ákveðinn hefur verið hér á Íslandi, sé ekki meiri en hann er í Noregi, þegar um góðan og lélegan fisk er að ræða. Það náttúrlega má endalaust fara út í það að bera saman mismunandi flokka og mismunandi staði, eftir því t. d., hvernig uppbæturnar eru, hvernig á að nota fiskinn, og ýmislegt annað þess háttar. En ef á að bera saman tölur, sem eru sambærilegar, mundi ég segja, að það væru tölurnar, sem í fælist verðið á norska fiskinum í fyrsta flokki, það kröfuverð, sem gert hefur verið um fyrsta flokks norskan fisk, og það verð, hið opinbera verð, sem skráð hefur verið um bezta íslenzkan fisk. Og niðurstaðan af þeim samanburði, sem verður ekki hrakin, er sú, að verðið á íslenzka fiskinum er ívið hærra en það norska. Ég veit ekki, hvort hv. þm. vill reyna að halda fram hinu gagnstæða. Það þýðir ekki nokkurn skapaðan hlut fyrir hann, það liggur svo ljóst fyrir, að það getur ekki farið á milli mála. En ég vil sérstaklega taka fram, að þessar hugmyndir hans um eitthvert stórhækkað verð á vertíðinni 1961 eru alls ekki raunverulegar, því að þær tölur eru ekki komnar út og er verið að semja um þær. Þær verða kannske eitthvað öðruvísi en hér hefur komið fram, varla þó miklu hærri, það vil ég ekki ætla, því að þetta er kröfuverð fiskimannanna sjálfra, sem ég hef hér lesið upp.

Ég út af fyrir sig er ekki á móti því, að þetta mál verði rannsakað, og ég er ekkert hræddur við, að það verði rannsakað, eins og hv. þm. hélt. Þvert á móti, ég vildi gjarnan, að það yrði rannsakað alveg ofan í kjölinn, svo að það færi ekkert á milli mála. En ég tel, að með þeirri

athugun sem Fiskifélag Íslands hefur þegar gert og ég efast ekki um að er eins hlutlaus og sú rannsókn yfirleitt getur verið, hafi verið komizt eins nálægt sannleikanum í þessu máli og hægt er að komast, og þær niðurstöður, sem ég hef hér birt, eru niðurstöður sem byggðar eru á þessari athugun Fiskifélagsins. Ég skal hins vegar ekkert hafa á móti því, að málið fari í nefnd, þingnefnd, ágæta þingnefnd, og að hún fái þau gögn, sem fyrir liggja um málið. Ef henni sýnist, að málið þurfi frekari rannsóknar við, og hún færir að því rök, einhver önnur rök en hér hafa komið fram hjá hv. flm., þá skal ég síður en svo vera á móti því, að það verði gert. En mér sýnist, eins og málið liggur fyrir nú, að það sé fullkomlega upplýst og það sé ekki ástæða til að setja neina milliþn. til þess að fjalla um málið. Það mætti þá setja milliþn. í ýmis önnur mál, sem frekar þyrftu upplýsingar við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allsh. með 40 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

18. Heildarskipulag Suðurlandsundirlendis.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um heildarskipulag Suðurlandsundirlendis [106. mál] (A. 108).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Till. til þál. á þskj. 118 um heildarskipulagningu landsvæðis felur í sér tilmæli til hæstv. ríkisstj. um, að hún láti gera uppdrátt að heildarskipulagi Suðurlandsundirlendis, miðað við 10—15 ár fram í tímann. Skipulagsnefnd ríkisins sé falið að annast þetta verk í samráði við sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum. Skal með slíkum uppdrætti í tillöguformi að því stefnt, að fjárfesting hins opinbera leiði af sér sem hagkvæmasta nýtingu orkulinda og annarra lands- og sjávargæða.

Slík fyrir fram heildarskipulagning sem hér er gert ráð fyrir er að erlendri fyrirmynd. Ríkisstjórnirnar hafa í hinum ýmsu löndum átt frumkvæði að heildarskipulagningu litt numinna landssvæða og byggt þau upp samkvæmt fyrirframgerðri áætlun og þá að undangengnum rækilegum hagfræðilegum, tæknilegum og félagslegum rannsóknum. Þykja slík byggðarlög víða hafa tekizt með afbrigðum vel og eru talin til fyrirmyndar um alla gerð. Er oft vitnað til Ísraelsríkis að þessu leyti. En mörg önnur ríki hafa lagt mikla áherzlu á slíka skipulagningu, ekki aðeins á skipulagningu borga, heldur einnig þéttbýlis í dreifbýli, ef svo má að orði komast. Verulegur skriður komst á þessa hlið skipulagsmála eftir síðari heimsstyrjöld, þegar byggja þurfti frá grunni heilar borgir. Í Þýzkalandi hefur t. d. mest áherzla verið lögð á uppbyggingu borga og bæja, en þó einnig héraða og þá eftir frjálsri ákvörðun héraðsstjórna. Svíþjóð hefur verið skipt í 101 skipulagsumdæmi eftir landfræðilegum og atvinnulegum skilyrðum.

Það fyrirkomulag skipulagsmálanna, sem Íslendingum mundi henta bezt, er skipan Norðmanna. Í hverju fylki í Noregi er skipulagsnefnd og starfandi skipulagsstjóri. Vel mætti hugsa sér, að slíkur skipulagsstjóri starfaði í hverju hinna nýju kjördæma hér á landi eða á öðrum þeim svæðum, sem mundu afmarkast saman af landfræðilegum og félagslegum aðstæðum. Skipulagsstjóri mundi eftir hinni norsku fyrirmynd jafnframt verða byggingafulltrúi byggðarlaganna. Hann mundi víða saman upplýsingum varðandi atvinnuhætti, nýtingu vinnuafls, möguleika á uppsetningu nýrra atvinnugreina, miðað við náttúruauðlindir. Skipulagsstjóri mundi aðstoða við hagrannsóknir, sem nauðsynlegt er að gera raunhæfari en verið hefur hið fyrsta. Hann mundi verða fjárveitingavaldinu, Alþingi og ríkisstj., til ráðuneytis, gera tillögur um skiptingu atvinnuaukningarfjár, á meðan þess gerist þörf. Hann mundi verða bönkum og fjármálastofnunum til ráðuneytis um arðsemi einstakra fyrirtækja. Hann mundi verða sveitarstjórnum til ráðuneytis um fjáröflun og skipulagsstjóra ríkisins ráðgjafi um hin stærri mál, gera tillögur um staðsetningu nýrra bæjarstæða o. s. frv.

Skipulagsmálum hér á landi hefur hvergi nærri verið nægur gaumur gefinn. Núgildandi skipulagslög, lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, eru frá árinu 1921 og löngu úrelt. Frv. til nýrra skipulagslaga hefur þrisvar sinnum verið lagt fyrir Alþ., en ekki fengið afgreiðslu. Því var seinast árið 1958 vísað til þáv. ríkisstj. á þeirri forsendu, að eðlilegt væri að steypa saman í einn lagabálk lögum um skipulagsmál og byggingarlöggjöf, sem er reyndar frá árinu 1905 og því fyrir löngu langt á eftir tímanum.

Með till. þeirri, sem hér liggur fyrir, er svo ráð fyrir gert, að nú þegar verði hafizt handa um einn veigamikinn þátt skipulagsmála, héraðaskipulag. Tekið verði fyrir greinilega afmarkað landssvæði, sem er tiltölulega lítt numið, auðugt að orkulindum og öðrum landsgæðum, sem eru grundvallarundirstaða að myndun þéttbýlis. Má líklegt telja, að umrætt landssvæði vaxi að íbúafjölda örar en aðrir landshlutar í náinni framtíð vegna sinna ríkulegu landkosta, bæði hvera-

orku og vatnsorku, enda þótt engin bein afskipti komi þar til. Hins vegar má færa mjög sterk rök að því, að ríkisvaldið ætti beinlínis að stuðla skipulega að aukningu íbúafjölda á þessu ákveðna svæði vegna þess, hve vel það er til búsetu fallið. Það væri samfélaginu mun hagkvæmara að sjá fólkinu í landinu fyrir nauðsynlegri þjónustu, ef ríkisvaldið hefði hönd í bagga um það, hvar það nemur sér búsetu. Hitt er þó miklu veigameira, að ef undangengnar rannsóknir leiða í ljós, að hagvöxtur gæti orðið örari á einum stað í landinu en öðrum, þá er vert að gefa því gaum.

Hér mætti gjarnan minna á þá öru fjölgun fólks, sem nú á sér stað í landinu. Mannfjöldaútreikningar gefa til kynna, að landsmönnum fjölgi um allt að 2% árlega. Með slíkri fjölgun verður þjóðin í heild í lok þessa nýbyrjaða áratugs, árið 1970, nálega 200 þúsundir, áratug síðar, árið 1980, fjórðungur milljónar, og um næstu aldamót, eftir rétta fjóra áratugi, kringum 370 þúsundir eða meira en tvöfalt fleiri en Íslendingar eru í dag. Hvernig þessi íbúaaukning skiptist milli hinna einstöku landshluta, er allsendis ófært um að spá með vissu. Hitt verður að teljast eðlilegt, að ríkisvaldið, sem á að hafa forustuna í baráttu landsmanna fyrir betri lífskjörum, hafi hönd í bagga um, hvar allt þetta nýja starfsfólk í þjóðarbúinu tekur sér samastað. Eðlilega leitar uppvaxandi kynslóð til þeirra staða, sem geta boðið upp á bezt og öruggust lífsgæði. Það má gizka á, að allt að helmingur landsmanna búi um næstu aldamót í Reykjavík og næsta nágrenni hennar. Á því svæði hefur greinilega komið í ljós, hvað getur kostað þjóðarbúið síðar meir að kasta höndum til skipulagningar. Það eru ekki nema 30 ár frá því, að framsýni forráðamanna Reykjavíkurbæjar náði ekki út fyrir núverandi Hringbraut. Nýverið hefur borgarstjórnin í Reykjavík lagt fram áætlun um stóráták á þessu sviði með því að láta gera heildarskipulag á svæði, sem nú nær yfir 6 sveitarfélög og ætla má að byggist á næstu 40—50 árum. Er jafnvel gert ráð fyrir hugmyndasamkeppni innanlands og utan um skipulag á slíku svæði 50 ár fram í tímann og miðað við íbúatölu nálægt 300 þúsundum eða meira en fjórföldun íbúanna frá því, sem nú er.

Nú er þeirri skoðun oft á lofti haldið, að rétt væri í fámennu þjóðfélagi að sporna gegn slíkri myndun stórborgar. Hins vegar hafa þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið með það fyrir augum að stuðla að svokölluðu „jafnvægi í byggð landsins", alls ekki náð tilætluðum árangri. Þetta kjörorð lætur því í eyrum eins og innantómt slagorð. Tilviljanakennt fálm í fjárfestingu hefur vafalaust átt mikinn þátt í þeim seinagangi, sem verið hefur undanfarin ár á hagvexti í landinu. Fyrirhyggjuleysið er þá orðið nokkuð dýrt. Ein raunhæfasta leiðin til að leita mótvægis við ofvexti einnar borgar er einmitt að stuðla að vexti annarrar borgar eða þéttbýlis í byggðarlagi, sem þannig er búið að landkostum, að það geti boðið upp á meiri lífsþægindi en nokkur annar staður á landinu. Ýmsir spá því, að Suðurlandsundirlendi með Þorlákshöfn sem hafnarbæ muni einmitt geta gegnt slíku hlutverki, og þessi möguleiki kallar óneitanlega á rækilega skipulagningu.

Einhver kynni nú að segja sem svo, að hér sé um að ræða mjög athyglisverða hugmynd, sem sjálfsagt sé að athuga vel í framtíðinni. Ég vil því leggja áherzlu á, að afgreiðsla þessarar till. ætti einmitt að vera verkefni þessa þings og framkvæmd hennar verkefni allra næstu missira. Jafnvel mætti með nokkrum rétti segja, að ýmsir þættir málsins beinlínis biði eftir þeim niðurstöðum, sem fást við framkvæmd tillögunnar. Til skýringar er rétt að geta um þrjú atriði og varpa fram nokkrum spurningum, sem mundu verða teknar til athugunar.

Mikilvægasta framfaramál á Suðurlandi er hafnarbætur. Hafnleysið hefur staðið byggðarlaginu mjög fyrir þrifum. Við suðurströnd landsins eru engin viðunandi hafnarskilyrði á svæði, sem nær frá Höfn í Hornafirði að Grindavík á Reykjanesskaga, sem hvorugur getur komið að nokkru gagni í þessu sambandi. Fjarlægðin milli þessara tveggja staða er ámóta löng og milli Þórshafnar á Langanesi og að Horni á Vestfjörðum. Nú stendur fyrir dyrum að ráðast í hafnarbætur í Þorlákshöfn, og hefur Alþingi á hinu fyrra ári veitt heimild til lántöku í þessu skyni. Nýverið hefur Alþingi samþykkt tillögu tveggja hv. alþm. Sunnl. um athugun möguleika á hafnarstæði á tveim öðrum stöðum við suðurströndina, við Dyrhólaós í Skaftafellssýslu og við Þykkvabæ í Rangárvallasýslu. Hvað vakir fyrir hinu háa Alþingi með samþykkt slíkrar tillögu hvað peningaútlát snertir, skal ósagt látið, en ýmsum mundi þykja skynsamlegra að verja því fjármagni, sem tiltækilegt er í þessu skyni, til þess að fullgera höfn á einum stað, áður en farið er að dreifa kröftunum á marga staði samtímis. Að vísu má segja, að austurhluti Suðurlands eigi, eins og nú háttar, ógreiðar samgöngur á landi við Þorlákshöfn, en því til svars vil ég benda á till., sem liggur fyrir hinu háa Alþ. um athugun á brúarstæði yfir Ölfusá á Óseyrarnesi, sem mundi ráða verulega bót á þessum vanda.

Í öðru lagi vildi ég geta um skipun heilbrigðismála í þessu héraði. Nýlega tók til starfa lítið sjúkrahús á Selfossi, sem nú þegar er orðið allt of lítið til þess að geta innt af hendi nauðsynlegustu læknishjálp fyrir íbúa einnar sýslu, Árnessýslu, hvað þá stærra svæði. Alþingi hefur þrásinnis hafnað þeirri hugmynd að viðurkenna fjórðungssjúkrahús á þessum stað. Nú er vert að spyrja: Er rétt að reisa á einum stað á öllu Suðurlandi stórt fjórðungssjúkrahús, eða væri heilbrigðismálum héraðsins ef til vill betur borgið með því að reisa þrjár eða fjórar minni heilsuverndarstöðvar fyrir sama fé nálægt fólkinu? Úr þessu verður heilbrigðisstjórn og Alþingi og viðkomandi héraðsstjórnir að skera innan mjög skamms tíma. Handahófskenndar framkvæmdir á þessu sviði geta leitt af sér vandamál síðar, sem unnt hefði verið að komast hjá með því að kryfja málin til mergjar, meðan enn gefst tími til.

Afleiðingu skipulagsleysisins má sjá í byggingu félagsheimila á Suðurlandi, og þá er ég kominn að þriðja og síðasta dæminu. Á seinasta áratug hafa í tveimur sýslum. Árnes- og Rangárvallasýslu, risið upp 10 stór félagsheimili, sem hafa kostað á annan tug milljóna króna. Staðsetning

þessara húsa er samkvæmt ákvörðunum hreppsnefnda, og því miður vill brenna við, að þær séu oft gerðar meira af kappi en fyrirhyggju, að því er ýmsir þeirra telja nú, sem að slíkum mannvirkjum hafa staðið. Enn eru í smíðum tvö slík stórhýsi, og ekki færri en 8 félagsheimili eru nú í undirbúningi eða verður byrjað á innan mjög skamms tíma.

Nú má spyrja: Hefði ekki verið æskilegra að skipuleggja byggingu samkomuhúsa um allt Suðurlandsundirlendi í einu lagi? Kæmi þá til greina að reisa verulega stór samkomuhús, tvö eða fleiri, sem gætu tekið á móti sinfóníuhljómsveit, stórum leikflokkum og jafnvel notazt til sögusýninga og vörusýninga, og svo á hinn bóginn minni hús, sem nægðu hinum einstöku hreppum til venjulegra fundarhalda. Það er ekki of seint að taka þessi mál fyrir, því að enn má koma í veg fyrir mistök, sem kunna að eiga sér stað hér eftir. Ég bendi á, að hér er um að ræða um 20 stór félagsheimili, en læt hv. þd. eftir að reikna út, hvað þessar stórbyggingar kosta, en þau kosta að meðaltali ekki minna en 2 millj. kr., þau sem síðast hafa verið byggð, og ekki má þess vænta, að kostnaðurinn lækki.

Í þessu sambandi hlýtur að koma fram sú spurning, hver hlutdeild sveitarstjórnanna skuli verða að tillögugerð um heildarskipulag og staðsetningu hinna ýmsu mannvirkja.

Ég vil ekki skilja svo við þetta mál, að ég láti ekki þá skoðun í ljós, að ríkisstj. ætti hið fyrsta að setja á fót nefnd sérfróðra manna til að athuga, hvort ekki væri hagkvæmt að breyta verulega hreppaskipan í landinu og gera tillögur um nýja skipan, sem gerði ráð fyrir fækkun hreppa um allt að þriðjung eða meira eftir landfræðilegum aðstæðum. Skipting landsins í sveitarfélög á rót sína að rekja allt aftur í Grágás eða enn þá lengra, aftur í heiðni. Hún er mótuð og miðuð við, að hrepparnir séu framfærslusvæði þurfamanna, umdæmi göngumanna við þess tíma staðhætti og félagslegar aðstæður.

Eftir að framfærslumálum hefur nú nýlega að mestöllu leyti verið létt af sveitarfélögunum, væri þá ekki ástæða til að athuga hvort ekki fengist aukið hagræði fyrir landsmenn við það að hafa hreppsfélögin allmiklu færri og stærri en þau eru nú? Fyrir þessu má færa mjög veigamikil rök. T. d. mætti benda á núverandi skipan skólahéraða, sem eru miklu stærri en hreppsfélögin, aðstöðu til rekstrar sameiginlegra félagsheimila, félagssvæði ræktunarsambanda og síðast, en ekki síst sveitarstjórnina sjálfa.

Að lokum vil ég láta í ljós þá skoðun, að hér sé á ferðinni mjög mikilvægt mál. Skipulagsmálum landsmanna verður að sinna miklu meira en gert hefur verið á undanförnum árum. Undir þessa athugun munu falla mörg önnur verkefni, sem vissulega væri ástæða til að ræða alveg sérstaklega hér á hinu háa Alþingi, svo sem, hvernig rétt sé að nýta þær dýrmætu auðlindir, sem eru í Hveragerði, hvort þeim stað á að ráðstafa fyrir iðnaðarhverfi, fyrir raforkuver og efnaiðnað eða hvort á að einskorða hann við heilsuhæli og baðstaði fyrir innlenda sjúklinga og erlenda ferðalanga. Og þannig mætti lengi spyrja. Ég legg áherzlu á, að samþykkt þessarar till. yrði tímabær fyrirhyggja, og vænti þess, að hún fái meðferð samkvæmt því. Ég legg til, að umr. verði frestað og tillögunni vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Sþ., 1. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

19. Kaup Seðlabankans á víxlum iðnaðarins.

Á deildafundum 17. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins [109. mál] (A. 123).

Á 18. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þetta mál er gamall kunningi hér á Alþ., og þarf þess vegna ekki að fylgja því úr hlaði með mörgum orðum. Till. fjallar um það, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Þessu máli var fyrst hreyft hér á Alþ. veturinn 1958 af Sveini Guðmundssyni forstjóra, sem þá átti hér sæti. Hún fékk góðar undirtektir á Alþ. og var afgreidd að miklu leyti óbreytt eins og hann hafði flutt hana. Síðan eru liðin 2½ ár, að Alþingi afgreiddi þessa till., án þess að um nokkrar framkvæmdir hafi orðið að ræða af hálfu ríkisstjórnar og viðkomandi banka. Þó hefur það gerzt á þessum tíma, sem síðan er liðinn, að gerðar hafa verið efnahagsráðstafanir, sem hafa stórlega aukið þörf iðnaðarins fyrir rekstrarfé, enda er nú svo komið, að stórfelldur samdráttur er hjá ýmsum iðnaðarfyrirtækjum, m. a. af rekstrarfjárskorti, og þess vegna er enn þá meiri þörf fyrir það en var þó fyrir 2½ ári, að sú ráðstöfun sé gerð, sem till. fjallar um.

Í orði kveðnu er nú oft látið svo heita, að iðnaðurinn sé einn af þremur aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Hins vegar er ekki hægt að segja, að þetta hafi enn verið viðurkennt í reynd. Þegar borinn er saman aðbúnaður þessara þriggja atvinnuvega,

sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, þá er ekki því að neita, að iðnaðurinn er enn á mörgum sviðum hornreka, og það gildir ekki síst varðandi það mál, sem hér liggur fyrir. Í þessum efnum býr iðnaðurinn enn þá við önnur og verri kjör en hinir tveir aðalatvinnuvegir landsins. Það er ekki nema sjálfsagt réttlætismál, að úr þessu sé bætt, auk þess sem það er enn meira hagsmunamál þjóðarinnar nú orðið en áður, vegna þess að lánsfjárskorturinn er nú farinn að þrengja svo mjög að iðnaðinum, að verulegur samdráttur hefur átt sér stað og atvinnuleysi er að skapast af þeim ástæðum. Þess vegna er þess að vænta, að Alþingi taki þessari till. ekki verr nú en fyrir 2½ ári og stuðli þannig að því, að ríkisvaldið og bankavaldið láti hana koma til framkvæmda.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri að sinni. Á seinasta þingi var svipaðri till. vísað til fjvn. og hafði hún fengið afgreiðslu þar, þó að málið væri ekki endanlega afgreitt frá þinginu. Ég leyfi mér þess vegna að leggja til, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til fjvn. til athugunar.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni hl. fjvn., á þskj. 653, var útbýtt 25. marz, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Leiðbeiningastarfsemi í niðursuðuiðnaði.

Á deildafundum 28. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. varðandi leiðbeiningastarfsemi í niðursuðuiðnaði [116. mál] (A. 153).

Á 20. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32., 34. og 39. fundi í Sþ., 18. og 25. jan., 15. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Í nóvembermánuði s. l. flutti Valtýr Guðjónsson, sem sat hér á Alþingi í fjarveru minni, svo hljóðandi till. til þál., sem liggur hér frammi á þskj. 153:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leita samninga við Fiskifélag Íslands um, að félagið ráði í þjónustu sína einn eða fleiri leiðbeinendur í niðursuðumálum og gangist fyrir, að haldin verði námskeið fyrir verkstjóra í niðursuðuiðnaði".

Þessari till. fylgir allýtarleg grg., og sé ég ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um hana. Ég vil þó aðeins undirstrika nokkur meginatriði, sem koma fram í grg. og sýna ljóslega fram á nauðsyn þess, að til slíkra námskeiða, sem hér er um fjallað, verði stofnað sem fyrst.

Það er alkunna, að á undanförnum árum höfum við Íslendingar lagt á það megináherzlu að draga sem mestan afla úr sjó. Við höfum jafnvel gengið feti framar í þessa stefnu en eðlilegt væri, því að við höfum ekki gætt þess eins og skyldi að reyna að nýta þann afla, sem að landi berst, og gera hann eins verðmætan og hægt væri með því að fullvinna hann í landinu. Ég tel meira en tímabært, að Íslendingar snúi sér nú með fullum krafti að þessu verkefni, og þá er í fyrstu röð að efla niðursuðuiðnað sjávarafurða hér innanlands og fullnýta sjávaraflann.

Það er vitað, að hinar mismunandi fisktegundir, sem hér eru veiddar, eru misjafnlega fallnar til niðursuðu. Fræðimönnum og kunnáttumönnum á þessu sviði ber saman um, að Faxaflóasíldin sé að ýmsu leyti ákaflega heppileg til að sjóða niður, og nú er vitað, að hún er í kringum Suðurnes í misjafnlega miklu magni svo til árið í kring. Með þeim tækjum, sem nú er búið að taka í notkun, virðist ekki ósennilegt, að veiða megi Faxasíldina svo til allt árið. Nú vita þeir, sem eitthvað þekkja til mála á Suðurnesjum, að þar er mikill skortur einmitt á atvinnufyrirtækjum eins og niðursuðuverksmiðjum.

Vinna á Suðurnesjum hefur að mjög verulegu leyti grundvallazt á þeirri atvinnu, sem framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli hafa skapað á undanförnum árum, en á síðustu árum hefur mjög dregið úr þeim framkvæmdum, þannig að hætta hefur verið á, að atvinnuleysi gæti skapazt í sjávarþorpum á Suðurnesjum.

Eins og fram kemur í grg., flytja margar þjóðir verulega mikið magn út af niðursuðuvarningi. Það er nefnt sem dæmi, að á árinu 1957 hafi um 15% af heildarútflutningsverðmæti Norðmanna verið framleiðsluvörur norskra niðursuðuverksmiðja. Á sama ári var útflutningsverðmæti niðursuðuvarnings frá Íslandi ekki nema 0.4%. Þessar tölur sýna betur en langt mál, að hér er mjög aðkallandi og mikið verkefni við að fást. Ég held, að ekki sé nauðsynlegt að fara fleiri orðum um þetta atriði.

Tillögumaður hefur lagt til, að ríkisstj. leitaði samninga við Fiskifélag Íslands um, að það beitti sér fyrir þessum námskeiðum, sem hér er fjallað um, og virðist það vera eðlilegt með hliðsjón af því, að Fiskifélagið hefur annazt svipaða þjónustu og hefur á sínum vegum nokkra ráðunauta, sem leiðbeina starfsmönnum, er vinna úr sjávaraflanum. Ég vil svo, herra forseti, óska þess, að umr. um mál þetta verði frestað og því vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 153, n. 601 og 652).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Veiði og verkun steinbíts.

Á deildafundum 2. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um veiði og verkun steinbíts [119. mál] (A. 158).

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. tekin til einnar umr.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Till. sú til þál., er hér liggur fyrir, flutt af Hirti Hjálmarssyni, er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga, hvort ekki sé þörf á að setja reglur um veiði og verkun steinbíts, sem ætlaður er til útflutnings."

Með till. þessari er stefnt að því, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að sem bezt verð fáist fyrir steinbít til útflutnings, en það er mjög mikið hagsmunamál, sérstaklega fyrir Vestfirðinga, því að oft er það, að steinbítur er 30—50% af afla vestfirzkra skipa. Eins og getið er um í grg. með þessari till., hefur það sýnt sig, að þegar vel hefur til tekizt, hefur fengizt ágætt verð fyrir steinbítinn á erlendum markaði, svo gott, að það kom fyrir, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gat ekki selt þorsk- og ýsuflök í Bandaríkjunum, nema jafnframt væri selt svo og svo mikið af steinbítsflökum. Það hefur verið þannig, að ekki er hægt að gera verðmæta vöru úr steinbítnum til útflutnings nema í frystu ástandi, og þess vegna hefur verið mjög mikill verðmunur á honum til útgerðarinnar og til skipa og á þorski og ýsu, enda er það þannig með steinbítinn, að úr honum fást hvorki hrogn né lifur eins og úr þorskinum. Eina leiðin til þess, að steinbíturinn geti orðið að verðmætri útflutningsvöru, er sú, að hann sé sérstaklega vel vandaður, það sé valinn úr eingöngu bezti og feitasti fiskurinn. En steinbíturinn er mjög misjafn að gæðum eftir því, hvar hann er veiddur, og eftir því, hvenær hann er veiddur, og það eru einmitt ráðstafanir í þessa átt, sem vaka fyrir flm. þáltill.

Ég vil vænta þess, að þessi till. fái vinsamlegar undirtektir hér á hv. Alþ., og leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

22. Niðursuða síldar á Siglufirði.

Á deildafundum 5. og 6. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um að reisa verksmiðju til niðurlagningar eða niðursuðu síldar á Siglufirði [123. mál] (A. 169).

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur að flytja hér þáltill., þingmenn Norðurl. v., sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. í samráði við bæjarstjórn Siglufjarðar að hefja undirbúning nú þegar að niðurlagningu eða niðursuðu síldar á Siglufirði eftir því, hvort hagkvæmara reynist að athuguðu máli."

Það hefur víst oft verið talað um niðursuðu á síld, bæði á Siglufirði og annars staðar, þannig að það er engin nýlunda. Satt að segja er það dálitið einkennilegt, hve lítið hefur verið gert að því að reyna að koma hráefninu hér, bæði síld og öðru, í verðmætara ástand en það er, þegar það er sent til annarra landa.

Fyrsta niðursuðuverksmiðjan mun hafa verið reist 1902. Um útflutning á niðursuðuvöru er lítið að ræða, fyrr en 1940—42, þá er nokkuð flutt út. Eftir það fellur hann niður, og er talið, að það hafi verið af því, að það hafi gleymzt að semja um sölu á niðursoðnum matvælum til Englands á þeim tíma. Svo byrjar þetta aftur að vaxa 1954, og 1959 eru flutt út 300 tonn af niðurlögðum og niðursoðnum vörum, sem gera um það bil 9.3 millj.

Það er enginn efi á því, að á þessu sviði getum við unnið mikið verk. Iðnaðarmálastofnun Íslands fékk norskan mann, sem vafalaust hefur verið vel að sér í þessum efnum, hingað til lands, og hann athugaði þetta og hefur gefið þingmönnum skýrslu um þetta. Hann telur, að þessi atvinnuvegur eigi framtíð fyrir sér, en álítur rétt að fara varlega. Hann leggur höfuðáherzlu á það, að þessar niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjur hafi samvinnu sín á milli, og hann leggur enn fremur mjög mikla áherzlu á, að það þurfi að láta menn læra meir og betur en undanfarið hefur verið gert. Hann telur það nokkrum vandkvæðum bundið að fá að senda menn í skóla til Noregs. Hann skýrir frá því, að það sé góður skóli í Stavanger, en telur engan veginn víst, að við fengjum að senda menn þangað. Ég veit ekki, hversu öruggt þetta er, en ég tel engan veginn útilokað, ef ríkisstj. íslenzka ætti hlut að máli, að vegur væri að semja við Norðmenn um að fá að senda unga menn í fagskóla til Noregs.

Það er eftirtektarvert við þennan niðursuðu- og niðurlagningariðnað hér á landi, að það er oft skipt um eigendur, og það er mjög mismunandi magn, sem sent er til einstakra landa. Það bendir til þess, að markaðurinn sé ekki öruggur eða að kaupendunum líki ekki þessi framleiðsla reglulega

vel hjá okkur. Það er ekki nema eðlilegt, að við eigum mikið eftir að læra á þessu sviði, en þó álít ég, að það sé engan veginn ástæða til að ganga fram hjá þeirri tæknikunnáttu, sem fólk hefur þegar fengið við þær verksmiðjur, sem þegar eru starfandi.

Við bendum á Siglufjörð til þess, að þar verði reist niðurlagningar- eða niðursuðuverksmiðja. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að þetta er næstfjölmennasti bær á Norðurlandi. Fjörðurinn er lítill, hann skerst þarna inn í þennan hrikalega skaga, og það er fyrst og fremst höfnin, sem hefur skapað hann, og sú aðstaða, að það er stutt á síldar- og fiskimiðin. Norðmenn urðu einna fyrstir til þess að notfæra sér aðstöðuna þarna, og síðan settust Íslendingar þar að, þannig að bærinn stækkaði á síldarárunum og varð að stærsta bæ norðanlands fyrir utan Akureyri. En þessi bær hefur að mestu leyti byggt afkomu sína á síldarafla og að nokkru leyti á fiskafla.

Nú vitum við, að stopul er síldveiðin, og þess vegna er ekki hægt að treysta á hana nema hafa eitthvað með. Fyrir íbúa Siglufjarðar væri það ákaflega mikil nauðsyn að geta tryggt sér vinnu yfir veturinn, því þó að ungir menn, sem eru ekki heimilisfeður þar, geti farið til fjarlægra staða til að hafa atvinnu yfir veturinn, þá er það ekki auðgert fyrir heimilisfeður, unglinga og konur, sem eru bundnar við heimilin. Fyrir okkur vakir því, að ríkisstj., í samráði við bæjarstjórn Siglufjarðar, hlutist til um, að hafizt verði handa að undirbúa niðursuðu- eða niðurlagningarverksmiðju á Siglufirði. Ég hef miklu meiri trú á því, að einstaklingsframtak komi þarna einnig til greina. Þessi norski maður ráðleggur að byrja ekki í stórum stíl, og þá er miklu hentugra, að einstaklingarnir sjái um það, því að yfirstjórn þeirra mála, sem opinberir aðilar, eins og ríkissjóður, hafa með að gera, verður alltaf miklu dýrari.

Ég held því, að það væri e. t. v. hægt að slá tvær flugur í einu höggi: hlutast til um það að senda unga menn, sem gjarnan væru þá búsettir á Siglufirði, til landa, þar sem væru fullkomnir skólar um þetta, reyna að fá aðgang að þeim skólum fyrir þessa menn eða koma þeim fyrir þar, sem þeir gætu lært þetta verklega hjá verksmiðjunum, eða í þriðja lagi, ef hvorugt þetta tækist, að reyna þá að fá menn með fagkunnáttu frá öðrum löndum hingað, og gætu þeir þá gjarnan sett upp einhvern skóla hér. Þetta verður ekki gert, nema ríkisvaldið eigi hlut að máli, en samráð og samstarf við bæjarstjórn Siglufjarðar er æskilegt, því að hún þekkir heimamennina betur og getur valið þá menn, sem hentugir væru.

Vitanlega er ekki nema sjálfsagt, að víðar komi upp síldariðnaður en á Siglufirði, en þarna er alveg sérstök nauðsyn, að verði hafizt handa vegna vetraratvinnunnar. Það vill oft verða svo, þar sem ríkið á stór atvinnufyrirtæki, að einstaklingsatvinnutækin komast í skuggann, og það hefur verið þannig norðanlands, bæði á Skagaströnd og Siglufirði og e. t. v. víðar, að þar sem ríkið hefur haft miklar eignir og stór atvinnufyrirtæki eins og síldarverksmiðjurnar, þar hafa einstaklingarnir varpað áhyggjum sínum dálítið á ríkið, það hefur dregið úr einstaklingsframtakinu óbeint.

Ég álít t. d., að Siglufjörður liggi mjög vel við fiskveiðum. Það er stutt á miðin bæði til vesturs og austurs og e. t. v. enginn bær á Norðurlandi, sem liggur betur við smábátaútgerð. En þeir hafa bara of lítið af bátum, og með því að frystihúsin, bæjarfélagið eða e. t. v. í vissum tilfellum ríkisvaldið styddi einstaklingana til að eignast hentuga báta, báta af hentugri stærð, sem ekki væru þeim ofviða, þá er ég sannfærður um, að þarna má hafa blómlega vélbátaútgerð.

Ég skal játa, að ríkisvaldið hefur gert talsvert mikið fyrir Siglufjörð. En því má ekki gleyma, að það hafa verið mikil verðmæti flutt út frá Siglufirði. Ég hygg því, að allir geti verið sammála um, að þarna eigi, eftir því sem mögulegt er, að bæta lífsskilyrði fólksins, þannig að lífsafkoma þess gæti orðið sem allra bezt. Og ég er ekki í neinum vafa um, að með því að vinna að framgangi þessa máls á skynsamlegan og hyggilegan hátt mundi vera hægt að bæta þarna mjög mikið atvinnuskilyrði og auka að miklum mun það verðmæti, sem hægt væri að flytja út fyrir síldarafurðir.

Þessi Norðmaður telur, að Norðurlandssíldin sé á margan hátt hentug til þess að framleiða t. d. gaffalbita og annað því um líkt. Aftur telur hann magrari síldina hentuga til niðursuðu. En það hefur verið þannig undanfarin ár, að mjög mikið hefur verið um magra síld, sem hefur ekki verið talin fyrsta flokks söltunarsíld, a. m. k. ekki fyrir Rússlandsmarkaðinn. Vera má, að þetta breytist, að það sé hægt að selja þá síld, sem magrari er, en hvað sem því líður, þá veitir ekki af að hafa vakandi auga með öllum möguleikum til að geta komið þessu hráefni í sem allra bezt verð. Það er stórt verk að vinna í utanríkisverzluninni, og í raun og veru veitir þjóðinni ekki af að hafa sína beztu starfskrafta þar. Það hefur lítið verið gert að því að vinna markað fyrir niðursuðuvörur. Ég er ekki í vafa um, að í heitu löndunum, t. d. Miðjarðarhafslöndunum, er hægt að vinna markað fyrir niðursoðnar vörur, reykta og niðurlagða síld o. fl. Ég er ekki í vafa um þetta, en það kostar mikla vinnu og er ekki gert á einum degi. Það má t. d. benda á frysta fiskinn, hversu óhemjuverk það var að vinna markað í Ameríku eins og gert hefur verið og er verið að gera í Evrópulöndunum. Það veitir ekki af góðum starfskröftum og samstarfi til þess að geta slíkt, þar sem samkeppnin er jafnhörð. Það er miklu auðveldara að semja við lönd, þar sem ríkisvaldið ákveður, hvaða magn á að kaupa, og samkeppnin verður þá meira einhliða. Þeir menn, sem hafa unnið upp markaðinn fyrir frysta fiskinn og fleiri vörur ytra, eru í raun og veru þeir menn, sem færa þjóðarbúinu mestar tekjur. Þess vegna er það illa farið að vanþakka þeim og tortryggja, ef það er gert að ástæðulausu. Ég er ekki í vafa um, að um niðursuðuvörur væri æskilegt, að samstarf myndaðist milli þeirra, sem flytja þær út, þeir hefðu félagsskap, þannig að þeir geti haft sameiginlega fulltrúa til að annast um söluna.

Ég skal ekki fullyrða um, hvort okkar síldarsölu er komið fyrir á hentugan hátt, bæði hvað snertir mjöl, lýsi og síld, en ég efa, að svo sé. Og í því tilfelli vildi ég benda á það, að síldar-

verksmiðjum ríkisins tókst á árinu 1959 að selja síldarafurðir sínar fyrir hærra verð en einstaklingunum. Það má því vera, að á því sviði mætti vinna mikið og þarft verk með því að hafa meira samstarf á milli þeirra, sem framleiða síldina, um söluna. Það þyrfti ekki að mynda beinan hring, en að samstarfið yrði nánara en verið hefur, þeir fylgdust betur að og byðu ekki hver annan niður undir neinum kringumstæðum, og eins þyrfti það að vera með niðursuðuvörur, ef um mikinn útflutning yrði að ræða, það þarf að vinna nýja markaði og það þarf að vera samvinna milli þeirra manna, sem framleiða niðursuðuvörurnar, — samvinna milli þeirra að afla markaða og koma vörunum í sem bezt verð. Ég hygg, að þarna sé mikið verk að vinna. Við ætlumst ekki til, að ríkisstjórnin geri þetta ein, heldur í samráði við einstaklinga og bæjarstjórn. Það getur algerlega ráðið úrslitum, að ríkisstj. hlutist til um þetta og hjálpi til að hrinda málinu í framkvæmd, greiði fyrir að útvega lán og stuðli að því, að menn geti lært þennan iðnað á hagkvæman hátt. Verði um verulega niðursuðu að ræða á Siglufirði, kæmi til greina að reisa þar dósaverksmiðju, — það er mikill kostnaður við að flytja dósirnar á milli, — og þá mundi skapast í kringum dósagerðina mikil vinna. Þetta yrði því allt til athugunar í framtíðinni, en nauðsynlegt að fara að undirbúa þetta, því að það tekur alltaf langan tíma að koma þessu í framkvæmd.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

23. Reiðvegir.

Á deildafundum 13. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um reiðvegi [136. mál] (A. 202).

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. og 34. fundi í Sþ., 18. og 25. jan., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef ásamt þrem öðrum hv. þm. lagt fram till. á þskj. 202 um reiðvegi. Þeir, sem með mér flytja þessa till., eru hv. 5. þm. Reykv. Jóhann Hafstein, hv. 10. þm. Reykv., Eggert G. Þorsteinsson, og hv. 5. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson. Af samfylgd okkar, þessarra fjögurra manna, má ljóst vera, að hér er ekki um flokksmál að ræða. Enginn þarf að vera tortryggginn gagnvart málinu þess vegna. Við flytjum till. að beiðni Landssambands hestamannafélaga. Í þeim samtökum eru menn úr öllum stjórnmálaflokkum, eins og auðvitað er, og hver hestamannafélagi treystir að sjálfsögðu sínum flokksbræðrum á Alþ. til að taka vel þessari till., sem er bæði sanngjörn og eðlileg.

Hesturinn hafði frá landnámstíð og fram á tíma hinnar miklu vélvæðingar ákaflega þýðingarmiklu hlutverki að gegna hér á landi fyrir afkomu þjóðarinnar, enda hlaut hann viðurkenningu þess með heitinu „þarfasti þjónninn". Áburðarhesturinn, dráttarklárinn og reiðhesturinn, hver um sig og stundum einn og sami gripur, þegar fátæklingar áttu í hlut, voru félagar Íslendinga í lífsbaráttu þjóðarinnar, góðir félagar, þrautseigir, þolgóðir, nægjusamir og nytsamir. En auk þess að vera nytsamur í þess orðs venjulegu merkingu var reiðhesturinn, ef hann var gæðingur, afl vaki og gleðigjafi. „Í mannsbarminn streymir sem aðfallsunn af afli hestsins og göfugu lund". Þessa naut margur ríkulega og varð meiri maður og hamingjusamari en hann hefði ella orðið.

Vélar hafa nú að mestu leyti tekið við hlutverkum áburðarhestsins og dráttarklársins. Það geta þær og eru réttar til þess, þó að máske megi deila um það, hvort umskiptin séu kannske ekki óheppilega hröð og of alger á sumum sviðum, fjárhagslega skoðað.

Bílarnir hafa líka tekið að sér mikið af hlutverki reiðhestanna og bera menn hraðara milli staða en hestarnir gátu gert. En mikið skortir þó á, að bíllinn geti að öllu leyti komið í stað góðhestsins. Hversu dýrt smíði sem bíll er og hve mjúkum sætum sem hann er búinn og þýður, streymir ekki frá honum sú aðfallsunn í mannsbarminn, er þangað streymir af afli hestsins og göfugu lund. Þetta vita þeir, sem reynt hafa.

Þegar vélvæðingin skall yfir, var ekki annað sýnna en reiðhestaeign og íþróttamennska hestamannanna mundi líða undir lok innan skamms. En ljóst er nú aftur orðið, að Íslendingar vita og skilja, að íslenzki góðhesturinn er of mikill dýrgripur til þess að láta hann líða undir lok og mannleg ánægja af að njóta kosta hans of dýrmæt til þess, að henni megi útrýma úr lífi þjóðarinnar.

Skemmtanalíf er nauðsynlegt. Hollari skemmtun fyrir líkama og sál mun tæplega fyrirfinnast en að vera á gæðingi á góðum vegi fyrir þann, sem kann þá íþrótt að sitja hest.

Í Reykjavík eru nú fleiri reiðhestar en nokkru sinni fyrr eða um 600 talsins. Á Akureyri eru um 200 reiðhestar, líka fleiri en verið hafa þar áður.

Í hestamannafélaginu Fák í Reykjavík eru um 400 manns, karlar og konur. Víðs vegar á landinu er verið að koma á fót hestamannafélögum. Í Landssambandi hestamannafélaga, sem búið er að starfa í 10 ár, eru nú um 20 félög hestamanna. 15 tamningastöðvar munu eiga að starfa á þessum vetri hér og hvar á landinu.

Það fólk, sem að þessum málum stendur, óskar þess, að ríkið taki það tillit til sín að ætla sér nokkra nothæfa vegi fyrir hestana. Allir vita, að hestar og vélknúin ökutæki eiga ekki samleið og henta ekki sömu vegir. Þar sem umferð er mest á þjóðvegunum, og það er auðvitað fyrst

og fremst í nánd við stærstu kaupstaðina, veldur það slysahættu að ætla hestum og vélknúnum tækjum sama veginn.

Hestar eru ekki vegvandir að öðru leyti en því, að þeir þola illa grjótborna vegi eins og þjóðbrautirnar eru nú og þurfa að vera vegna ökutækjanna. Með þeim vinnutækjum, sem nú er farið að nota við vegagerð, hlýtur að vera mjög auðvelt og ódýrt að brjóta land til reiðvega. Þeir vegir mundu svo jafnframt geta orðið til mikilla þæginda til að fara með nautpening og sauðfé eftir. Sá búpeningur hefur nú orðið sums staðar ekki heldur veg til að ganga á. Víða mun vera hægt að nota gamla vegi með því að tengja þá saman og breyta girðingum. Á mörgum stöðum hafa þeir verið kubbaðir sundur með akbrautum. Í bókinni Fákur, sem hestamannafélagið í Reykjavík gaf út 1949, eru rækilegar frásagnir af því, hvernig akvegirnir, sem bæði hið opinbera lagði og setuliðið, eyðilögðu reiðvegina bótalaust hér í nágrenni Reykjavíkur. Gerir sú eyðilegging m. a. réttmæta kröfu um úrbætur, eins og nú er komið, að fullljóst er að reiðveganna er þörf, þar sem 600 hestar frýsa nú á stalli í sjálfri Reykjavík og margir aðrir í nágrenni hennar. Till. okkar er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli fela vegamálastjóra að láta athuga, hvar nauðsyn krefur, að gerðir verði reiðvegir, og gera áætlun um kostnað við þá vegagerð á þeim leiðum, þar sem þörfin telst mest aðkallandi. Við athugun þessa verði leitað álits Landssambands hestamannafélaganna. Jafnframt láti ríkisstj. undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþ. frv. til breyt. á vegalögunum, er geri ráð fyrir þessari vegagerð.“

Þetta er öfgalaus tillaga. Hún fer fram á, að vegamálastjóra verði falið að láta gera athugun á því, hvar nauðsynlegt er að gera reiðvegi, enn fremur að gera áætlun um kostnað við vegagerðina, þar sem þörfin telst mest aðkallandi. Athugunin verði gerð í samráði við Landssamband hestamannafélaga eða álits þess leitað, því að það getur — eða félög þess á hverjum stað — lagt til kunnugleikasjónarmiðið við athugun á því, hvar vegirnir henta bezt. Loks er gert ráð fyrir í till., að undirbúið verði frv. til breyt. á vegalögunum, er geri ráð fyrir reiðvegagerð, því að í framtíðinni er eðlilegt, að um þá vegagerð gildi ákveðnar reglur ef hún að lokinni þeirri athugun, sem tillagan fer fram á, verður upp tekin.

Ég leyfi mér að vænta þess, að máli þessu verði vel tekið. Ef þið hv. þm. hafið ekki allir notið þeirrar dýrðaránægju, sem gæðingur á góðum vegi veitir knapa sínum, þá hafið þið farið mikils á mis, og vil ég óska, að þið eigið eftir að njóta hennar á nýjum og endurbættum vegum.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

24. Sjálfvirk símstöð á Siglufirði.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um sjálfvirka símstöð á Siglufirði og bætta símaþjónustu við Siglufjörð [138. mál] (A. 205).

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32., 35. og 37. fundi í Sþ., 18. jan., 1. og 8. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Við fjórir þm. úr Norðurlandskjördæmi vestra höfum á þskj. 205 flutt till. til þál. um sjálfvirka símstöð á Siglufirði og bætta símaþjónustu við Siglufjörð. Í fjarveru fyrsta flm. vil ég leyfa mér að fylgja þessari till. úr hlaði með nokkrum orðum.

Till. fjallar um það tvennt að bæta símaþjónustuna milli Siglufjarðar og annarra landshluta og hins vegar það að koma upp sjálfvirkri símstöð á Siglufirði fyrir kaupstaðinn. Verði þetta hvort tveggja m. a. gert með því að reisa sem fyrst nýtt símstöðvarhús á Siglufirði. Hús það, sem póstur og sími hefur aðsetur í á Siglufirði, er yfir 50 ára gamalt. Er þar mjög þröngt um starfsemi símans og afleit aðstaða til góðrar þjónustu. Póst- og símamálastjórnin hefur fyrir löngu lagt drög að því að byggja nýtt hús yfir starfsemina á Siglufirði, en framkvæmdir hafa dregizt mjög úr hömlu, og er það ekki viðunandi.

Þá hefur langlínusamband milli Siglufjarðar og annarra landshluta lengi verið mjög slæmt. Um síldveiðitímann skortir oft mikið á, að landssíminn geti afgreitt þau símtöl, sem um er beðið, vegna þess að línurnar, sem til Siglufjarðar liggja, eru of fáar. Þurfa menn þá jafnvel að bíða dögum saman eftir símtali. Er þó ljóst, að það er ekki eingöngu hagsmunamál Siglfirðinga, að úr þessu verði bætt, heldur einnig hagsmunamál flestra þeirra manna, sem síldarútveg stunda hér á landi. Samfara byggingu nýs símahúss á Siglufirði er eðlilegt að koma þar upp sjálfvirkri stöð, svo að Siglfirðingar njóti að þessu leyti sömu þjónustu og íbúar flestra annarra af stærri kaupstöðum landsins njóta nú þegar.

Ég legg svo til, að umr. um þetta mál verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

25. Utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúar þess erlendis.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis [140. mál] (A. 209).

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessi till. fjallar um það að fela ríkisstj. að láta endurskoða löggjöfina um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Þessi löggjöf er orðin 20 ára gömul, og hafa að sjálfsögðu margar breytingar orðið á þessum málum síðan og aðstæður mjög breytzt. Löggjöfin var þá undirbúin með tiltölulega litlum fyrirvara, vegna þess að Danir höfðu farið með utanríkisþjónustu okkar fram að þeim tíma, en það samband skyndilega rofnað og við þess vegna orðið að taka þjónustuna að okkur án nokkurs sérstaks undirbúnings. Af þeim ástæðum er eðlilegt, að það séu ýmsir ágallar á þessari löggjöf og nauðsynlegt sé að endurskoða hana. Einn ágallinn er m. a. sá, að í lögunum eru engin ákvæði um, hvar skuli hafa sendiráð, og þess vegna hefur í framkvæmdinni orðið allmikið handahóf, hvar Ísland hefði sendiráð í öðrum löndum. Það er áreiðanlega til bóta, að um þetta verði sett föst ákvæði í lögin um utanríkisráðuneytið og ekki stofnað til nýrra sendiráða öðruvísi en að það sé hverju sinni ákveðið með breytingu á þeim lögum.

Það er lagt til í till., að þessi endurskoðun skuli fara fram í samráði við alla þingflokkana, og er þetta byggt á því, að þó að menn kannske greini á um sjálfa utanríkismálastefnuna, þá sé heppilegt, að skipan þessara mála sé ákveðin í samráði við alla flokkana, ef það er mögulegt, og að hún sjálf þurfi þess vegna ekki að vera deiluefni á milli þeirra.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál á þessu stigi, en legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

26. Sjálfvirk símstöð í Borgarnesi.

Á 26. fundi í Sþ., 19. des., var útbýtt:

Till. til þál. um sjálfvirka símstöð í Borgarnesi [146. mál] (A. 246).

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf ekki mörgum orðum að till. á þskj. 246 að eyða, því að hliðstæð mál og þetta hafa verið til meðferðar hér í sameinuðu þingi, þar sem mjög er nú á það sótt að fá sjálfvirkt símkerfi til hinna ýmsu staða. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þetta er mikið hagræði fyrir viðskiptalífið og knýjandi nauðsyn.

Eins og fram kemur í grg. fyrir þessari till., er nýbyggt símstöðvarhús í Borgarnesi, og þar er gert ráð fyrir því, að sjálfvirk símstöð verði sett upp. Ástæðan til þess, að þessi till. er flutt, er fyrst og fremst sú, að viljayfirlýsing Alþingis gæti orðið til þess að hraða málinu, og í sambandi við till. fengjust upplýsingar um það, hvernig málið stæði. Ég hef rætt þetta mál allmikið við póst- og símamálastjóra, og mér er kunnugt um það, að það er unnið að þessari framkvæmd, en því fyrr, því betra, er hugsun okkar, er að þessu máli stöndum.

Ég ætla ekki að orðlengja um till. frekar að sinni, þar sem tillagan skýrir sig sjálf, en legg til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég tók eftir því, að hv. frsm. óskaði eftir því, að þessari till. yrði vísað til hv. fjvn. Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga, að sú nefnd fái málið til athugunar, en ég vildi leyfa mér að benda á, að það eru a. m. k. tvær eða þrjár till. sama efnis, sem þegar liggja fyrir hv. allshn., og allshn. hefur gert ráðstafanir til þess að ræða þessi mál á næsta fundi við póst- og símamálastjóra. Mér þætti því ekki óeðlilegt, að þessu máli væri einnig vísað til þessarar nefndar. Ég vildi gjarnan spyrja hv. flm., hvort hann hefði nokkuð við það að athuga. Ég tel aðeins, að þessi háttur sé betri, að hafa sams konar mál í sömu nefnd, heldur en vera að vísa þeim til mismunandi nefnda.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég gerði till. um, að þessari till. yrði vísað til fjvn., er sú, að ég man eftir því, að slíkar till. hafa verið þar til meðferðar á fyrri þingum. Man ég þar eftir símstöð í Vestmannaeyjum og símstöð á Akranesi að minnsta kosti. Af þeirri ástæðu gerði ég till. um, að þessi till. færi þangað. Það er hins vegar ekkert kappsmál frá minni hendi, í hvaða nefnd þetta mál fer,

heldur hitt, að það fái afgreiðslu, og ég get því fallizt á allshn., enda verði þá tryggt, að málið verði afgreitt þaðan.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

27. Sjálfvirkt símakerfi á Suðurlandi.

Á 28. fundi í Sþ., 20. des., var útbýtt:

Till. til þál. um nýtt símstöðvarhús á Selfossi og sjálfvirkt símakerfi á Suðurlandi [148. mál] (A. 256).

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 256 liggur fyrir till. til þál. um að fela hæstv. ríkisstj. að hlutast til um, að byggt verði á Selfossi nýtt hús fyrir starfsemi pósts og síma, sem miðist við sjálfvirkt símakerfi fyrir þéttbýli Suðurlands.

Póst- og símamálastjórnin vinnur um þessar mundir að almennri heildaráætlun um framkvæmdir á sviði símamála um allt land, en nú þegar hefur verið gert stórátak á þessu sviði með samtengingu símakerfa á Reykjanesi og uppsetningu sjálfvirkra símakerfa í nokkrum hinna stærri kaupstaða. Það orkar ekki tvímælis, að eðlilegt sé, að hinir fjölmennustu kaupstaðir njóti fyrst þess hagræðis, sem sjálfvirkt símakerfi hefur í för með sér. En eftir að hin stærstu verkefni eru leyst, kemur til álita, hvar næst skuli bera niður. Till. á þskj. 256 er flutt til að beina athygli viðkomandi ráðamanna og hæstv. ríkisstj. að stað, sem ætti að verða tekinn fyrir næst á eftir þeim stöðum, þar sem þegar er ákveðið að setja upp umræddar nýjungar. Tvennt ber þar til. Núverandi húsakynni pósts og síma á Selfossi eru fjarri því að geta talizt viðunandi öllu lengur fyrir hina nauðsynlegustu starfsemi. Þeir, sem bezt þekkja til, telja, að Selfoss sé ásamt Siglufjarðarkaupstað í sérflokki hvað þetta snertir. Húsið er úr timbri hátt sem lágt og því tæpast talið forsvaranlegt að varðveita í svo ótraustum húsakynnum hin dýrmætu tæki, sem til starfseminnar eru notuð. Af þessari ástæðu einni ber brýna nauðsyn til þess, að framkvæmd till. fari fram hið fyrsta. Í öðru lagi er talið tæknilega séð eðlilegt, að upp verði sett sameiginlegt símakerfi fyrir fjölmennið á Suðurlandsundirlendi, Selfossi, Hverageröi, Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri, auk hinna þéttbýlu sveita í næsta nágrenni þessara staða. Á þessu svæði búa nú nálega 5000 manns, eða fleiri íbúar en í nokkrum þeim einum bæ í landinu, sem enn hefur ekki fengið sjálfvirkt símakerfi eða fær það á næstunni. Þetta síðara atriði er rétt að undirstrika alveg sérstaklega, þegar ákvarðanir verða teknar um næstu framkvæmdir á sviði símamála.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. flm. þessarar till. sagði hér áðan, að póst- og símamálastjórnin vinnur að því eða réttara sagt hefur unnið að því að gera heildaráætlun um framkvæmdir í símamálum víðs vegar um landið og gert sér grein fyrir því, hvaða staðir það eru, sem hugsanlegt er að koma fyrir sjálfvirkum símastöðvum á. Það hefur verið reiknað út, hversu mikill sparnaður það er fyrir rekstur landssímans að koma slíku sjálfvirku símakerfi upp sem víðast, og er talið, að það megi spara 400—500 stúlkur hjá landssímanum, þegar slíkar stöðvar eru komnar upp á hinum þéttbýlli stöðum. Það er því mjög arðbær fjárfesting hjá landssímanum að gera þetta.

Í sambandi við þessa till. vil ég aðeins upplýsa það, að í þeirri áætlun, sem nú hefur verið gerð, er gert ráð fyrir, að á Selfosi komi upp sjálfvirk stöð á árunum 1963—64 og í þorpin á Suðurlandi, ekki aðeins í Árnessýslu, heldur einnig í símstöðina á Hvolsvelli, þannig að eftir því sem póst- og símamálastjóri segir, þá liggur þetta mjög vel við og leiðir til sparnaðar. Og þannig er gerð áætlun hringinn í kringum landið. Ég hef ekki þessa till. hjá mér nú, en af þeim ástæðum, sem ég áður nefndi, hvað þetta leiðir til mikils sparnaðar í rekstri, þá er vitanlega sjálfsagt að flýta þessum framkvæmdum víðs vegar um land, eftir því sem mögulegt er.

Flm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar greinagóðu upplýsingar og taka fram, að þegar ég spurðist fyrir um þessi mál hjá yfirverkfræðingi póst- og símamálastjórnar fyrir nokkru, tjáði hann mér, að þetta væri í undirbúningi og enn væri ekki farið að gera neinar ákveðnar tillögur um það, í hvaða röð hinir ýmsu landshlutar yrðu teknir fyrir. Ég spurðist fyrir um þetta aftur í gær til að árétta fyrri umsagnir, og þá var mér tjáð, að enn væri ekki búið að gera neina áætlun, þetta væri enn á frumstigi. Það gleður mig mikið að heyra upplýsingar hæstv. ráðh. um, að þetta sé þegar fastákveðið.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

28. Vaxtakjör atvinnuveganna.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um vaxtakjör atvinnuveganna [153 mál] (A. 270).

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er óþarft að hafa langa framsögu fyrir þessari till., vegna þess að hún skýrir sig nokkurn veginn sjálf. Efni hennar er það, að Alþingi feli ríkisstjórninni að afla upplýsinga um vaxtakjör atvinnuveganna hjá þeim þjóðum, sem Íslendingar keppa við á erlendum mörkuðum, og vinna síðan að því, að vaxtakjör íslenzkra atvinnuvega verði ekki lakari en vaxtakjör hliðstæðra atvinnuvega hjá framangreindum þjóðum.

Það er svo augljóst mál, hvílík nauðsyn það er, að atvinnuvegir okkar séu samkeppnisfærir við atvinnuvegi þeirra þjóða, sem keppa við okkur á erlendum mörkuðum, að um það þarf ekki að fara mörgum orðum. Það hlýtur þess vegna að verða keppikefli okkar að búa þannig að íslenzkum atvinnuvegum, eftir því sem við framast megum, að þeir séu samkeppnisfærir. Á mörgum sviðum eru okkar atvinnuvegir nú samkeppnisfærir við erlenda keppinauta, t. d. hvað kaupgjald snertir. Kaupgjald er nú mun lægra hér á landi en í nágrannalöndum okkar, og mér hefur verið sagt, að jafnvel þó að fallizt væri á þær kröfur, sem verkamannafélagið Dagsbrún ber nú fram, mundi verkamannakaup samt verða lægra hér en í nágrannalöndum okkar, svo að að því leyti ætti ekki að stafa af slíkri hækkun sú hætta, að atvinnuvegir okkar væru ekki samkeppnisfærir hvað kaupgjald snertir. Hins vegar er það svo á ýmsum öðrum sviðum, að atvinnuvegum okkar eru ekki búin samkeppnisfær kjör við atvinnuvegi í nágrannalöndunum, sem keppa við þá á mörkuðum þar. Og þetta á ekki sízt við í sambandi við vextina. Þeir vextir, sem atvinnuvegirnir verða að búa við, eru nú yfirleitt helmingi hærri eða rösklega það hér á landi en í flestum nágrannalöndum okkar. Það er hægt að gera sér nokkra grein fyrir því, hvað þetta muni þýða, með því að líta á nokkrar tölur hjá bönkunum, eins og t. d. um útlán þeirra, en í nóvemberlok síðasta árs munu útlán banka og sparisjóða hafa numið um 4700 millj. kr., og sennilega hafa þau hækkað síðan. Miðað við þá vexti, sem nú eru, lætur nærri, að vaxtagreiðslur af þessari upphæð á ári nemi nálega 500 millj. kr. Hér eru svo ótaldir vextir af öllum stofnlánum, sem koma ekki inn í þessa upphæð, vextir af útlánum innlánsdeilda kaupfélaganna og margra sjóða annarra, svo að sennilega er ekki fjarri lagi að ætla, að miðað við þá útlánsvexti, sem nú eru í landinu, séu vaxtagreiðslur eitthvað á milli 600 og 700 millj. kr. á ári, og þessar greiðslur allar lenda að sjálfsögðu á atvinnuvegunum með einum eða öðrum hætti. Ef atvinnuvegirnir byggju við svipuð lánskjör og t. d. atvinnuvegir nágrannalandanna, mundi það þýða, að þessi upphæð mundi sennilega alltaf lækka um helming eða rösklega það, eða á milli 300 og 400 millj. kr., og má á þessu sjá, hve erfið aðstaða atvinnuvega okkar er til samkeppni við erlenda atvinnuvegi hvað vaxtakjörin snertir. Þess vegna er nauðsynlegt að taka þetta mál til nánari athugunar og meðferðar og vinna að því, að úr þessum mikla mismun verði dregið.

Það kunna einhverjir að segja, að þetta muni ef til vill hafa það í för með sér, að það yrði að lækka innlánsvexti og draga á þann hátt úr sparifjármyndun í landinu. En í sambandi við það er ekki úr vegi að athuga reynslu annarra þjóða í þessum efnum, og hún er sú, að háir innlánsvextir eru engan veginn trygging fyrir mikilli sparifjársöfnun. A. m. k. í mörgum þeirra landa, þar sem vextir eru lágir, eins og t. d. í Sviss, er sparifjársöfnun einna mest. Vextirnir sjálfir hafa oft og tíðum ekki svo mikið að segja í því sambandi, hver sparifjársöfnunin er, heldur ýmsar aðrar ástæður, eins og t. d. trúin á gjaldmiðlinum eða verðgildi peninganna. En hins vegar er einmitt reynslan sú, að verðgildi peninganna veltur mjög mikið á því, hver samkeppnishæfni atvinnuveganna er. Svisslendingar hafa um langt skeið haft samkeppnisfæra atvinnuvegi. Þess vegna hefur verðgildi peninganna verið traust hjá þeim og það verið undirstaða sparifjársöfnunar þar í landi. Þess vegna mundi það áreiðanlega stuðla að því, að verðgildi peninganna væri traust, ef við tryggðum samkeppnishæfni atvinnuveganna, og það á þann hátt mynda grundvöll að aukinni sparifjársöfnun.

Ég tel ekki ástæðu til þess að færa öllu fleiri rök fram fyrir þessari tillögu. Ég held, að menn hljóti að gera sér ljóst, hvílík nauðsyn það er, að við tryggjum samkeppnishæfni atvinnuvega okkar í sambandi við vaxtakjörin.

Ég sé, að á þskj. 305 hefur hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Björnsson, lagt fram brtt. En mér finnst, að hún ætti öllu frekar að vera viðaukatill., vegna þess að hún fjallar um allt annað efni, sem að vísu snertir þetta mál, en er um annan þátt þess, og mér finnst, að það gæti þess vegna mjög vel farið saman að samþykkja bæði mína till. og till. hans, en hans till. þyrfti þess vegna ekki að koma í stað minnar, og ef hv. þm. félist á að flytja þessa till. sem viðaukatill., þá væri ég fús til þess að vera meðflm. hans að tillögunni. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til þess og sé ekkert samræmi í því, að hún sé látin koma í stað þeirrar tillögu, sem ég flyt, og hún látin falla niður.

Þessi till., sem hv. þm. hefur flutt á þskj. 305, fjallar um athugun á ráðstöfun til þess að auka sparifjármyndun í landinu. Það getur að sjálfsögðu vel farið saman að athuga möguleika á sparifjársöfnun í landinu og því að bæta vaxtakjör atvinnuveganna. Hvort tveggja stuðlar að sjálfsögðu

að sama marki, því að lækka vextina, eins og till. min fer fram á, og eins hinu, að stuðla að aukinni sparifjármyndun og draga þannig úr lánsfjárskorti atvinnuveganna, eins og till. hv. þm. fer fram á. Ég mundi hins vegar telja æskilegt, að þessi tillaga hans væri nokkru viðtækari, þannig að hún fjallaði ekki eingöngu um athugun á því, hvaða ráðstafanir séu vænlegastar til þess að auka sparifjármyndun í landinu heldur yfirleitt fjármunamyndun í landinu, t. d. fjármunamyndun hjá fyrirtækjum, því að það er vitanlega ekki síður mikilvægt atriði til þess að bæta úr lánsfjárskorti fyrirtækja, að þeim sé tryggð aðstaða til þess að safna eigin fé. Það er jafnvel enn mikilvægara en hitt atriðið, að það sé safnað sparifé í bönkum. En nú verðum við að viðurkenna það, að á undanförnum árum og áratugum, hefur hvergi nærri verið búið eins vel að fyrirtækjum og vera skyldi eða þeim sköpuð slík aðstaða sem vera skyldi til þess að safna eigin fjármunum og eigin sjóðum. Það má t. d. minna á, að hér í bænum hefur um langt skeið verið lagt á mjög þungt veltuútsvar, sem hefur komið í veg fyrir það, að fyrirtæki hér í bænum gætu komið sér upp nægilegu veltufé. Veltuútsvarið, ef það er lagt saman á undanförnum árum, þá nemur það áreiðanlega orðið hundruðum milljóna króna og hefur að sjálfsögðu skert möguleika fyrirtækjanna til að eignast eigið fé og draga úr lánsfjárþörfum sínum á þann hátt. Ég vil þess vegna telja eðlilegt, að þessari till. frá hv. 11. þm. Reykv. verði breytt þannig, að athugunin verði ekki eingöngu látin ná til sparifjármyndunar í bönkum, heldur líka til fjármunamyndunar hjá fyrirtækjum yfirleitt. Í því sambandi kæmi að sjálfsögðu margt annað til athugunar en það að hækka beinlínis vextina. Það hefur oft verið uppi tillaga um að athuga möguleika til að verðtryggja sparifé. Af hálfu ýmissa þm. Framsfl. hafa verið fluttar tillögur um athugun á því máli, en slíkar athuganir hafa hins vegar ekki farið fram, a. m. k. ekki að neinu ráði, og kæmi það að sjálfsögðu vel til athugunar í þessu sambandi.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég sagði áðan, að mér finnst þessar tvær tillögur geta vel farið saman, það sé engin ástæða til þess að víkja minni til hliðar og samþykkja hina till., því að þær fjalla í raun og veru um óskylt efni, þó að þær snerti þetta meginmál, lána- og vaxtakjör atvinnuveganna. Ég vildi þess vegna beina þeirri fyrirspurn til flm., hvort hann gæti ekki fallizt á það, að í staðinn fyrir að þessari till. hans væri ætlað að koma í stað minnar, þá kæmi hún sem viðaukatill. og till. yrði svo afgreidd frá Alþingi í því formi, þannig að hún snerti bæði athugun á vaxtakjörum atvinnuveganna og jafnframt á möguleikum til að tryggja þeim meira veltufé og lánsfé.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en legg til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í framsöguræðu hv. flm., hef ég leyft mér að bera fram brtt. við þá þáltill., sem hér liggur fyrir. Brtt. er á þskj. 305, og vil ég leyfa mér að fara um það nokkrum orðum, hvað fyrir mér hefur vakað.

Ég hygg, að okkur hv. flm. þessarar þáltill., sem hér er til umræðu, sé báðum jafnljós nauðsyn þess, að íslenzkum atvinnuvegum verði séð fyrir nægilegu fjármagni með svo hagstæðum kjörum sem aðstæður hverju sinni leyfa. Við munum einnig sammála um það, að ef skynsamlegar líkur séu fyrir því, að athuganir gætu greitt fyrir lausn þessa viðfangsefnis, þá megi ekki horfa í þann kostnað og fyrirhöfn, er framkvæmd þeirra kann að hafa í för með sér. Hitt tel ég satt að segja meira álitamál, hvort ávinningur sé í því að stofna til samanburðar í þessu efni við það ástand, sem kann að ríkja í nágrannalöndum okkar, þar sem það er ávallt svo með allan samanburð við önnur lönd á sviði efnahagsmála, að það er erfitt að gera hann, vegna þess að aðstæður eru gjarnan svo ólíkar, og jafnvel þó að slíkur samanburður fengist, er auðvitað fráleitt að slá því föstu, að hægt sé að samræma þá kosti, sem við eigum við að búa, því, sem þar gerist. Mér finnst ærið hæpið að halda því fram, eins og virðist koma fram í þessari tillögu, að þótt atvinnuvegir nágrannalandanna kunni að búa við betri vaxtakjör en íslenzkir atvinnuvegir, þá sé í lófa lagið að skapa sömu kjör í þessum efnum hér, og mun ég víkja nánar einmitt að þessu atriði síðar. Á sama hátt er það að minu áliti ekki heldur raunsæi, þegar kröfur um bætt kjör til handa verkafólki og öðrum launþegum eru rökstuddar með því, að kaupmáttur launa *einhvers staðar annars staðar, svo sem á* Norðurlöndum eða jafnvel í Bandaríkjunum, sé meiri en hér. Ég skal ekki bera neitt á móti því, þó að erfitt sé að gera slíkan samanburð, að kaupmáttur verkamannslauna sé nú eitthvað meiri á Norðurlöndunum en hér. Ég tel líka, og um það hugsa ég að sé ekki neinn ágreiningur á milli hv. alþm., hvar í flokki sem þeir annars eru, að æskilegt sé, að íslenzkir verkamenn búi við ekki lakari launakjör en gerist á hinum Norðurlöndunum og jafnvel ekki lakari launakjör en í Bandaríkjunum. En spurningin, sem þarf að svara, er sú, hvort það sé yfirleitt mögulegt að skapa hér sams konar kjör eða a. m. k. á skömmum tíma. Það er auðvitað hægt öa hækka kaupgjaldið nógu mikið, en aðalatriðið er, hvort það mundi ráða bót á þessu. En það er annað mál en það, sem hér liggur fyrir, og skal ég ekki fara nánar út í það.

Það er fjarri mér að vilja gera minna úr því en efni standa til, hvert hagsmunamál það sé fyrir íslenzka atvinnuvegi að eiga kost hagkvæmra rekstrarlána. En ég get þó ekki látið hjá líða í þessu sambandi að minnast með nokkrum orðum á hinn að minu áliti fráleita málflutning hv. stjórnarandstæðinga í sambandi við þessi vaxtamál. Þá má í fyrsta lagi nefna, að þýðing vaxtanna fyrir afkomu atvinnuveganna hefur verið stórkostlega ýkt, og því miður var ræða hv. flm. engin undantekning í þeim efnum. Annars hafa ýmsir hæstv. ráðherrar að undanförnu gert grein fyrir þessu máli, m. a. sýndi hæstv. viðskmrh. nýlega fram á það í umr. hér á hv. Alþ., á hvaða blekkingum það er byggt, að vextirnir hafi svo geysimikla þýðingu. Ég vil aðeins í sambandi við þetta nefna upplýsingar, sem vera má að vísu að áður hafi komið hér fram, þó að ég hafi ekki orðið var við það, en það eru upplýsingar frá reikningaskrifstofu

sjávarútvegsins um hlutdeild einstakra kostnaðarliða í útgerð vélbátanna. Niðurstöður þessarar skýrslu eru þær fyrir árið 1958, að vextir af rekstrarlánum hafi það ár numið 0.77% af rekstrarkostnaði vélbátaútvegsins í heild. Það ætti að vera auðsætt af þessari tölu, sem ég sé ekki ástæðu til að vefengja, — hér er um að ræða stofnun, sem rekin er af Fiskifélagi Íslands, og mér er ekki annað kunnugt en þessi stofnun og þeir sérfræðingar, sem þar vinna, njóti fyllsta trausts, — að lækkun vaxta innan þeirra takmarka, sem um getur verið að ræða, getur ekki haft neina verulega þýðingu fyrir afkomu bátaútvegsins a. m. k. og þá ekki heldur fyrir samkeppnisaðstöðu hans gagnvart öðrum löndum. Það er auðvitað skiljanlegt frá sjónarmiði útvegsmanna, þó að þeir geri sér e. t. v. ljósara en nokkrir aðrir, að hér er ekki um þýðingarmikinn kostnaðarlið að ræða, að þeir vilji hafa þennan tilkostnað sem lægstan.

Annað atriði get ég ekki heldur látið hjá líða að minnast á, sem mjög hefur einkennt málflutning hv. stjórnarandstæðinga í sambandi við þessi vaxtamál, og hann er sá, að ætið hefur einhliða verið einblínt á þá hlið málsins, sem snýr að þeim, sem hafa peninga að láni. Það er yfirleitt varla minnzt á þá hliðina, sem snýr að sparifjáreigendum, fremur en hún væri ekki til. Í þessu sambandi kemur mér í hug, að það var fyrir tveimur árum í þingveizlu, að hv. 1. þm. Norðurl. v. flutti þar brag, þar sem efnið var það, að báv. stjórn átti að hafa fallið einum af forustumönnum þjóðarinnar að leggja leið sína til tunglsins og ræða við karlinn í tunglinu um möguleika á því að fá lán úr sparisjóði þeirra tunglbúa. Bragur þessi var ágætlega ortur og margt í honum hnyttilegt, enda klöppuðu þingmenn höfundi mjög lof í lófa, sem fyllilega var að makleikum. Það, sem vakti fyrir höfundi, var auðvitað ekki annað en að skemmta í góðum fagnaði, og það tókst með ágætum. Hitt vakti ábyggilega ekki fyrir honum, þó að það hafi síðar komið fram, að það einkennir málflutning hv. flokksbræðra hans í þessum vaxtamálum, að þeir álykta svo sem það væri raunverulega karlinn í tunglinu, sem fengi vextina. Það er talað um það, að *háir vextir séu svo og svo mikil byrði* fyrir þjóðina í heild. Þetta væri satt, ef það væri rétt, að það væri karlinn í tunglinu, sem fengi vextina. En nú vitum við allir, að það er ekki svo. Bankarnir hafa ekki grætt á þeirri vaxtahækkun, sem framkvæmd hefur verið. Þvert á móti hefur bilið milli útlánsvaxta og innlánsvaxta verið þrengt frá því, *sem áður var, og er það út af fyrir sig* sízt að lasta. Það, sem hér er um að ræða, er því auðvitað ekki annað en það, að það á sér stað yfirfærsla á peningum frá þeim, sem skulda, og til þeirra, sem eiga sparifé. Hvort vextirnir eru hærri eða lægri, gerir þjóðina sem heild þess vegna hvorki betur né verr setta. Þetta *ætti í rauninni að vera svo sjálfsagður og auðsær* hlutur, að um hann ætti ekki að þurfa að ræða hér á Alþingi, en því miður hefur málflutningur hv. stjórnarandstæðinga í þessu máli verið slíkur, að full ástæða er til þess að nefna þetta atriði.

En vikjum nú aftur að þáltill. og efni hennar. Það er vitanlega alveg rétt, sem fram kom í framsöguræðu hv. flm., að vextir eru hærri hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Það mun eiga við um öll Vestur-Evrópulöndin, að vextir eru þar yfirleitt lægri en hér. Þetta er staðreynd, sem enginn getur borið á móti. En hins vegar ber auðvitað að spyrja í sambandi við þetta: Er nauðsynlegt, að svo sé, eða hvaða nauðsyn ber til þess, að vextir séu a. m. k. í bili hærri hér en þar? Hvernig stendur á því, að vaxtakjörin eru önnur hér en í hinum Vestur-Evrópulöndunum, og hvaða leiðir mundu til úrbóta, ef íslenzkir atvinnuvegir búa í þessu efni við lakari kjör, sem ekki er vafi á að er staðreynd í bili? Svarið við fyrstu spurningunni, hvers vegna vextir séu hærri hér en í öðrum Vestur-Evrópulöndum, er blátt áfram það, að það er vegna þess, að við erum fátækari að fjármagni en þau. Vextirnir eru það, sem menn greiða fyrir að fá fjármagn til umráða, og eru auðvitað lægri þar, sem gnægð er af fjármagni, heldur en þar, sem skortur er á því, á sama hátt og það þarf engan að undra það t. d., að vínber séu dýrari á Íslandi en á Ítalíu. Á Ítalíu geta þau vaxið hvar sem er án nokkurrar teljandi fyrirhafnar, en hér verða þau ekki ræktuð nema með ærnum kostnaði, svo að öllum er ljóst, að vínberin hljóta að verða dýrari hér en þar. En sama máli gegnir auðvitað um öll önnur gæði, að þau verða þeim mun dýrari sem meiri skortur er á þeim og meiri fyrirhöfn að afla þeirra. En ég held, að það geti ekki verið um það neinn ágreiningur, að fjármagnsskortur er meiri hér á landi en í öðrum Vestur-Evrópulöndum. Lítum t. d. til Vestur-Þjóðverja í þessu efni. Það var nýlega sagt frá því í blöðum og útvarpi, að Vestur-Þjóðverjar væru nú í þann veginn að veita Alþjóðabankanum og einhverjum fleiri alþjóðlegum lánastofnunum stór lán. Svona miklð fjármagn hafa þeir til umráða, að þeir geta lánað í stórum stíl alþjóðlegum lánastofnunum. Hvernig erum við staddir í þessu efni? Í sambandi við umr. um efnahagsmálin á s. l. vetri var það upplýst, að við værum líklega skuldugastir allra þjóða, ef til vill væri það ein eða tvær, sem færu fram úr okkur í því efni. Þetta var út af fyrir sig ekki vefengt af neinum, hversu mikill ágreiningur sem var um efnahagsmálatillögurnar að öðru leyti. Því miður mun þetta síður en svo hafa breytzt okkur í hag síðan, enda ekki gert ráð fyrir því þá, að ekki yrði um einhverja skuldaaukningu að ræða á þessu ári. En út í það atriði sé ég ekki ástæðu til að fara nánar hér, því að það er alls ekki ætlun mín að fara að efna hér til neinna almennra stjórnmálaumræðna.

Ástæðan til þess, að í Vestur-Þýzkalandi eru vaxtakjörin betri en hér, er blátt áfram sú, að Þjóðverjar standa í þessu efni á þurru landi, en við erum í vatni a. m. k. upp að mitti. Ég hlýddi hér á dögunum á umr. í hv. Nd., þar sem hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP) sagði þá sögu, sem vakti nokkra kátínu meðal hv. þm., að bóndi norður í Þingeyjarsýslu hefði orðið fyrir því óhappi, þegar hann hleypti kálfunum út úr fjósi sínu, að þeir hlupu allir út í vatn eða á, sem var þar nálægt, og fórust. Gáfnafar aumingja kálfanna var ekki meira en það, að þeir gerðu ekki mun á landjörðinni og vatninu. Að áliti hv. þm. átti þetta einmitt við um okkur hagfræðingana, að við gætum ekki heldur gert greinarmun á *vatni og þurru*

landi. En því miður virðist það nú vera þannig, að það eru fleiri en kálfarnir og hagfræðingarnir, sem gera ekki mun á vatni og þurru landi. Hv. framsóknarmenn virðast sekir um það sama í þessum lánamálum, ef þeir undrast það, að vaxtakjör hér á Íslandi skuli ekki geta verið jafngóð og í Vestur-Þýzkalandi og öðrum Vestur-Evrópulöndum.

En af hverju stafar þá fjármagnsskorturinn hér á landi? Það, sem mestu veldur um það, er að mínu áliti annars vegar aðbúðin að sparifjáreigendum og hins vegar meðferð okkar á því fjármagni, sem við höfum að undanförnu haft til umráða, því þó að við séum nú í fjárkröggum, hefur ekki alltaf svo verið, og vissulega höfum við undanfarin ár a. m. k. frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk haft mikla fjármuni til umráða og lagt í mikla fjárfestingu. Árin 1945—51 nam fjárfestingin hér á landi samkv. upplýsingum frá Framkvæmdabankanum 6 milljörðum og 200 millj. kr., og á árunum 1951—58 nam fjárfestingin 6 milljörðum og 500 millj. kr. Miðað við fyrra tímabilið, mun láta nærri, að fjárfesting hafi numið um 30% af þjóðartekjunum, sem er geysimikið, þegar tekið er tillit til þess, að í þessu er þó ekki talin fjárfesting til íbúðarhúsa, sem er mjög stór liður í fjárfestingunni, þannig að eingöngu það, sem lagt hefur verið í aukningu framleiðslutækjanna, hefur numið 6 milljörðum og 200 millj. kr. eða um 30% af þjóðartekjunum á þessu árabili. En hver hefur svo framleiðsluaukningin orðið á þessu sama tímabili? Hvað hafa raunverulegar þjóðartekjur aukizt? Jú, niðurstaða Framkvæmdabankans er sú, að þær hafa ekki aukizt neitt, heldur þvert á móti minnkað um 400 millj., um hvorki meira né minna heldur en 400 millj. kr. Á seinna tímabilinu, frá 1951—58, er útkoman að vísu nokkru skárri, þó að raunin muni vera sú, að hlutfallið á milli fjárfestingar og aukningar þjóðartekna hefur einnig þá verið óhagstæðara en í nokkru öðru Vestur-Evrópulandi, og það hef ég heyrt, að erlendir hagfræðingar, sem hér hafa verið, hafi undrað sig mjög á því, hvernig yfirleitt væri hægt að leggja í svona mikla fjárfestingu, án þess að af því leiddi nokkra framleiðsluaukningu.

Nú er auðvitað rétt, að það komi fram, að að nokkru leyti er hér um óviðráðanlegar orsakir að ræða, nefnilega þær, að eftir styrjöldina breyttust verzlunarkjörin gagnvart öðrum löndum okkur í óhag. Hlutfallið á milli verðmætis útflutnings og innflutnings raskaðist okkur í óhag. En útflutningurinn er þó aldrei nema um það bil þriðjungur af þjóðartekjunum, og auk þess munu verzlunarkjörin, þegar þau voru einna óhagstæðust, ekki hafa versnað um meira en 30% frá því, sem var á stríðsárunum. En það var þegar þau urðu allra óhagstæðust, svo að þessi skýring ein nægir auðvitað ekki í þessu sambandi.

Í stuttu máli eru að mínu áliti þrjár orsakir, sem hér eru að verki og skýra það í senn, hvað lítill árangur hefur orðið af þeirri fjárfestingu, sem við höfum lagt í, og þá óhugnanlegu skuldasöfnun, sem hér hefur átt sér stað. Af þessum orsökum vil ég fyrst nefna það hagkerfi, sem við höfum búið við, haftabúskapinn og framkvæmd hans, alræði hinna pólitísku nefnda hvað snertir bæði ákvörðun um fjárfestingu, notkun gjaldeyris o. s. frv. Ég minntist einhvern tíma á það hér á hv. Alþ., að ein af meginorsökum efnahagsvandamála okkar væri sú, að pólitísk sjónarmið réðu meira en efnahagsleg sjónarmið um skipan hagmála hjá okkur og m. a. því, í hvers konar fjárfestingu væri ráðizt. Hv. framsóknarmenn reyndu að snúa út úr þessum ummælum og vildu leggja í þau þá merkingu, að með pólitískri fjárfestingu væri átt við fjárfestingu utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, en með efnahagslegri fjárfestingu væri átt við fjárfestingu, sem væri innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Hér er auðvitað um algeran útúrsnúning að ræða og blandað hér inn í alveg óskyldu málefni, sem ég alls ekki ræddi, nefnilega hvar ætti að staðsetja hin einstöku fyrirtæki. Það, sem ég átti við og er óbreytt skoðun mín enn í dag, er þetta, að það er nú einu sinni staðreynd, að hinar pólitísku nefndir, sem skipaðar eru til þess að hafa það verkefni með höndum að úthluta gjaldeyris- og fjárfestingarleyfum og hvað það nú er, taka, eins og eðlilegt er, þar sem þær eru skipaðar af stjórnmálaflokkunum, fyrst og fremst tillit til þess, hvað sé hagkvæmt pólitískt, sem engan veginn þarf að fara saman við það, sem frá efnahagslegu sjónarmiði er skynsamlegt hverju sinni. Þeirra trúnaðarstarf er það hvers um sig að sjá fyrir því, að hlutur fyrirtækja, einstaklinga og stofnana, sem viðkomandi flokkur ber fyrir brjósti, verði ekki fyrir borð borinn hvað snertir úthlutun innflutningsleyfa, lána, fjárfestingarleyfa o. s. frv. Svo er starfað á þann hátt, — þar eð það hefur aldrei verið svo, að neinn einn flokkur hafi haft meiri hluta í þessum nefndum, og er það út af fyrir sig sízt að lasta, — að hver um sig reynir að ná samkomulagi við einhvern annan og segir: Ef þú gerir þetta fyrir mig, þá geri ég þetta fyrir þig. — En það er síður en svo trygging fyrir því og síður en svo líkur fyrir því, að það, sem út úr þessum pólitísku hrossakaupum á þessum vettvangi kemur, verði það, sem gefi þjóðarbúinu mestan arð, því að það atriði verður í þessu sambandi aukaatriði.

Annað atriði má líka nefna í þessu sambandi og það er einmitt vaxtapólitíkin. Lengst af á þessu árabili hefur sú stefna verið rekin að hafa vextina lága, og sérstaklega átti það þó við fyrir 1950. En einmitt það, að vextir eru lágir, þrátt fyrir það þó að fjármagnsskortur sé, skapar möguleika á því að nýta fjármagnið verr en ella mundi vera. Það, að vextirnir eru lágir, gerir mönnum einmitt mögulegt að taka há lán til framkvæmda, sem lítið gefa í aðra hönd, svo að að nokkru leyti hefur þetta atriði einnig verið að verki.

En þá kem ég að því atriðinu, sem er þó að mínu áliti langsamlega þýðingarmest, og það er verðbólgan, sem í senn hefur hindrað eðlilega sparifjármyndun og valdið mikilli fjármunasóun. Sem dæmi um verðbólguna og áhrif hennar í þessu efni má nefna það, að við gætum hugsað okkur tvo menn fyrir seinni heimsstyrjöldina, sem hefðu haft hvor um sig 7000 kr. handbærar og annar maðurinn hefði lagt þessa peninga inn í banka og látið þá standa á vöxtum síðan. Hvernig mundi hagur hans vera í dag? Ég hygg, að það muni láta nærri, að upphæð, sem staðið hefði á vöxtum með almennum bankakjörum síðan 1940, hefði til

dagsins í dag um það bil tvöfaldazt eða litið eitt meira. Á sama tímabili mun láta nærri, að verðlagið hafi um það bil tífaldazt. Raunverulegt verðmæti eigna þessa manns mundi þá aðeins vera ⅒ af því, sem var í stríðsbyrjun, þannig að auk þess, að hann hefur tapað öllum arði af þessum peningum, hefur hann tapað ⅘ af eign sinni. En hugsum okkur nú, að annar maður, sem hefði átt sömu peningaupphæð, hefði verið svo skynsamur frá sínu einstaklingssjónarmiði, að hann hefði ekki lagt peningana á banka, heldur t. d. keypt sér þúsund flöskur af Svartadauða. Mig minnir, að Svartadauðaflaskan hafi kostað 7 kr. fyrir stríðið, og held, að það sé rétt munað hjá mér, því að á þeim árum var maður ungur og einhleypur kandídat, og kom einstöku sinnum fyrir, að maður keypti þetta. Hvað er það í dag? Mér er sagt, að það sé 170 krónur, þannig að maðurinn, sem hefði safnað þessum birgðum af Svartadauða, keypt 1000 flöskur af honum og geymt síðan, hann ætti nú 170 þús. kr. og það er góður arður af fjármagni. (**Gripið fram í:** Mætti hann nú selja Svartadauðann til að fá gróðann?) Ja, ætli hann mundi ekki gera það, hvort sem hann mætti það eða ekki! Einhverja möguleika held ég að hann mundi hafa til þess að gera sér peninga úr þessum málmi. (**Gripið fram í:** Það væri dýrara, ef það væri orðið 20 ára.) Já, það bætist við, og það styður einmitt mitt mál, að fróðir menn um þetta og með góðan smekk í þessum efnum segja, að mjöðurinn batni við það að geyma hann. Fjárhagur þess manns, sem hefði ráðstafað fé sínu svona skynsamlega, mundi standa föstum fótum.

En gefur nú ekki einmitt þetta litla dæmi, þegar maður hugleiðir það, í rauninni skýringu á öllu öngþveitinu í þessum málum? Það er fyrst og fremst fjármagnsskorturinn, sem hefur hamlað okkur. Hér á hv. Alþ. og jafnvel nú í dag hafa stöðugt verið til umr. tillögur frá ýmsum hv. þm. um það að gera ráðstafanir til þess að afla fjármagns til hinna og þessara nytsamlegra hluta. Þetta eru allt saman skynsamlegar og eðlilegar tillögur. Það vantar fjármagn á ótalmörgum sviðum, í ræktunarsjóð, í fiskveiðasjóð, til húsbygginga o. s. frv. Við höfum að vísu getað fengið þetta fjármagn að nokkru leyti frá öðrum þjóðum og höfum því miður gengið lengra í því efni en æskilegt mundi vera. En ávallt hlýtur það nú samt að vera svo, að í þessu efni hljótum við fyrst og fremst að verða háðir innlendri sparifjármyndun, þannig að einmitt út frá því sjónarmiði, sem við hv. flm. till. erum alveg sammála um, að það sé öllu öðru nauðsynlegra að sjá íslenzkum atvinnuvegum fyrir nægilegu fjármagni, er nauðsynlegt að efla sparifjármyndunina. Þegar þetta er haft í huga, er þá von, að við séum vel staddir í þeim efnum, þegar það er þannig, að maður, sem hefur lagt peninga í banka, sem bankarnir hafa svo til umráða að lána atvinnuvegunum, fær þau laun fyrir þessa þjónustu við þjóðfélagið, sem ég hef gert grein fyrir, að hann hefur tapað ⅘ af raunverulegu verðmæti eigna sinna? Þannig er það launað að hjálpa til við það þjóðnytjastarf að skapa fjármagn til handa atvinnuvegunum. Aftur á móti maður, sem lagt hefur í fjárfestingu eins og þá að safna birgðum af Svartadauða, sem engum kemur auðvitað að gagni öðrum en manninum sjálfum, hans fjárhagur mundi standa með miklum blóma. Nú er það síður en svo, að ég beri út af fyrir sig hagsmuni sparifjáreigenda meira fyrir brjósti en hagsmuni annarra þjóðfélagsþegna, og ég ber þá ekki meira fyrir brjósti en hagsmuni skuldaranna. Mér finnst, að það atriði sé í rauninni aukaatriði í þessu sambandi, hvort maður vill styðja hagsmuni þeirra eða ekki, enda hefur það, að svo illa hefur verið búið að sparifjáreigendum, ekki bitnað á neinum ákveðnum hóp manna. Nei, afleiðingin af þessu hefur auðvitað orðið sú, að menn hafa ekki viljað gerast sparifjáreigendur. Sparifjármyndun hefur horfið.

Ég tel mig nú í rauninni hafa gert grein fyrir því, hvers vegna ég tel það, sem kemur fram í brtt. minni við þá till., sem hér liggur fyrir, aðalatriði málsins, það beri að vinna að því að ráða bót á fjármagnsskortinum. Sé það gert, mundi hitt vandamálið með vextina leysast af sjálfu sér. Í þjóðfélagi, þar sem nóg er til af fjármagni, er að mínu áliti ekki unnt að halda uppi háum vöxtum, jafnvel þó að stjórnarvöldin kynnu að óska eftir slíku af einhverjum annarlegum ástæðum. Ef það á hins vegar að fara að lækka vextina, án þess að það skilyrði sé fyrir hendi, að hægt sé að afla nægilegs fjármagns á þessum lágu vöxtum, þá tel ég, að sú ráðstöfun sé gagnslaus og jafnvel verri en gagnslaus.

Einmitt í sambandi við þetta og kannske til nánari skýringar á þessu síðasta langar mig til að rifja upp, að fyrir 14 árum, árið 1946, var sett af þeirri ríkisstj., sem þá var við völd, — það mun hafa verið nýsköpunarstjórnin, — löggjöf um ræktunarsjóð o. fl. Í þeirri löggjöf voru ákvæði um mjög hagstæð lán til ýmiss konar ræktunarframkvæmda. Það stórtækasta í þeim efnum, hvað snerti hin hagstæðu vaxtakjör, var ákvæði um það, að þeir, sem byggðu nýbýli á óræktuðu landi, skyldu eiga kost á lánum með þeim kjörum, að lánin voru til 50 ára og skyldi greiða í afborganir 2% af lánsupphæðinni, en alls enga vexti. Þetta eru góð vaxtakjör, að fá lánin vaxtalaus og þurfa ekki að borga þau fyrr en á 50 árum. Enginn ágreiningur mun heldur vera um það, að æskilegt sé að styðja þá, sem stofna vilja nýbýli á óræktuðu landi. En fyrir einum tíu árum þurfti ég af sérstökum ástæðum að fá upplýsingar um það í Búnaðarbankanum, hve mikið hefði verið lánað af mismunandi tegundum ræktunarlána, og þá kom í ljós, að þá höfðu alls verið lánaðar með þessum hagstæðu vaxtakjörum 82 þús. kr. Hvað ætli það hafi verið reist mörg nýbýli með þessum hagstæðu kjörum? Jafnvel þó að verðlagið væri lægra þá en nú, hefur þetta sjálfsagt ekki numið öllu meira en helmingi eða jafnvel ekki nema þriðjungi af stofnkostnaði eins nýbýlis. Var þeim, sem þá höfðu hug á því að stofna nýbýli, svo ákaflega mikill hagur í þessu lagaákvæði um hin hagstæðu vaxtakjör? Nei, við munum allir sammála um, að það hefur alls ekki komið þeim að neinu gagni. Og hvers vegna ekki? Ég býst við, að bæði sú ríkisstj., sem setti þessi lög, og þær, sem á eftir henni komu, hefðu gjarnan viljað útvega fjármagn með þessum kjörum, en það var auðvitað ekki hægt. Gallinn á þessu var sá, að þar sem vextirnir voru ekki í neinu samræmi við eðlilegan fjármagns-

markað, þá var ekki hægt að útvega neitt fjármagn með þessum hagstæðu kjörum, og þess vegna kom þetta engum að gagni þrátt fyrir þann velvilja, sem sjálfsagt hefur staðið þessu lagaákvæði að baki.

Mér finnst rétt að hafa einmitt þetta atriði í huga í sambandi við það alvarlega hagsmunamál fyrir þjóðina, sem hér er um að ræða. Þess vegna tel ég, að ef talið er, að þýðingu geti haft að gera einhvers konar athugun í þessum efnum, þá beri að leggja aðaláherzluna á það, sem fram kemur í minni tillögu. En vegna fyrirspurnar, sem hv. flm. beindi til mín, hef ég í sjálfu sér ekkert á móti því, að einnig séu athugaðir þeir hlutir, sem hann benti á, þó að ég telji það ekki líklegt til að koma að gagni. En annars legg ég til, að við báðir komum okkur saman um það að fela það á hendur hinni hv. þingnefnd, sem málið fær til meðferðar, að taka til athugunar, í hvaða mynd hún telur rétt að samþykkja þessa tillögu, verði það tillaga nefndarinnar.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að tala í þessu máli, en það var eitt atriði hjá hv. 11. þm. Reykv. (ÓB), sem orsakaði það, að ég bað um orðið. Hann sagði, að í skýrslu, sem hann hefði frá Fiskifélaginu, skildist mér, frá 1958, væri reiknað með, að vextir af rekstrarlánum vélbáts væru 0.77% af, að mér skildist, heildargjöldum bátsins. Þetta er mjög svipað og hæstv. viðskmrh. hélt fram um daginn, að 2% vaxtahækkun þýddi fyrir bátinn 0.6% hækkun á rekstrargjöldum bátsins. Þetta er algerlega furðuleg staðhæfing, og satt að segja komu mér kálfarnir í hug, þegar hv. 11. þm. Reykv. var að tala um þetta. Ég átti raunar ekki við hann um daginn, þegar ég minntist á kálfana, en þessir útreikningar eru hlíðstæðir og var með vesalings kálfana, þegar þeir voru að leika sér og þekktu ekki vatnið frá jörðinni. Annaðhvort eru þetta vísvitandi blekkingar eða þeir hafa ekki hugmynd um, hvað þeir eru að segja. Annars hef ég alltaf trúað því, að þessi hv. þm. gæti ekki sagt ósatt, hann væri svo vandaður og sannleikselskandi, og ég held það satt að segja enn, og þarna mun því vera um algera óaðgæzlu að ræða. Ég ætla bara að biðja ykkur að reikna með mér. Það, sem villir þessa menn, ef þeir segja ekki vísvitandi ósatt, er það, að þeir taka einungis vextina af rekstrarláni vélbátsins, en það er 100—150 þús. árið 1958. Ég fékk raunar ekki nema 100 þús. í haust. Það er þetta, sem er kallað rekstrarfé bátsins, og L. Í. Ú. reiknaði með því, að þetta væru 12 þús. eftir áætlun, sem það gerði nú. Það reiknar með, að aflinn á vetrarvertíðinni sé 1403 þús. Og 12 þús. af 1403 þús., það er svipað þessu, eða 0.08—0.09%. Ef á bara að taka þessa upphæð, þetta litla rekstrarlán, og reikna það sem heildarvaxtaútgjöld bátsins, þá er algerlega furðulegt, að prófessor í hagfræði skuli koma með svona kenningu og vitleysu, endileysu. Þetta er líklega 1/40 hluti af því rekstrarfé, sem báturinn þarf, ef miðað er við kaupverð nýs báts. Það er fyrir neðan allar hellur að bera þetta á borð fyrir almenning. Og viðskmrh. gerði eitthvað svipað. Þið getið bara reiknað þetta sjálfir í huganum. Heildarvaxtaútgjöld bátsins reiknar Landssambandið 92 þús. kr. í fjóra mánuði. Nú skulum við bara taka nýjan bát, og reiknið þið með mér.

Við skulum taka 75 tonna bát eða 80 tonna bát eða eitthvað svoleiðis. Það er óhætt að gera ráð fyrir, að hann kosti 5 millj., og það er ógerlegt að reikna með, að veiðarfærin kosti minna en milljón, bæði til síldveiða og fiskveiða, og þau eru meira. Bara nótin, blokkin og síldarleitartækin kosta 800—900 þús., og net og lína kosta upp undir hálfa milljón með öllum útbúnaði, þannig að það er meira. En við skulum bara gera þetta 6 millj. alls. Reiknið þið vextina af þessu. Ef menn vilja taka meðaltal, þá skulum við reikna 8%. Eigandinn fær ekki nema ⅔ af bátsverðinu í fiskveiðasjóði. Hitt verður að taka að láni með 10% vöxtum. Þetta eru 480 þús. Og það er ómögulegt að gera ráð fyrir, að þessi bátur veiði fyrir meira en 4 millj., og er þá hátt áætlað. Þá fara 12% í vexti yfir árið. Þetta er allt saman rekstrarfé, sem útgerðarmaðurinn þarf að hafa, bæði fé í bátnum og veiðarfærin. Þetta eru 12%.

Og svo kemur þessi hv. prófessor og segir, að það skipti engu máli, þetta séu 0.77%. Ég trúi því, að þessi hv. þm. sé svo vandaður, að hann segi aldrei vísvitandi ósatt, og því sé ég alveg sérstaklega ástæðu til þess að benda á þetta. Það er ekki von, að vel gangi í þjóðfélaginu, þegar svona er reiknað, því að þessi maður hefur verið í nefndum, þó að hann hafi ef til vill ekki verið það síðast, sem hafa verið að aðstoða eða lána ríkisstj. vizku. Þetta eru vizkugjafar. Þið getið alveg reiknað þetta, um leið og ég reikna það. Þetta getur hvert barn reiknað. En ef við viljum bara taka vertíðina, þessi 92 þús., sem Landssambandið reiknar nú, aðeins taka það, þá eru það 6.5% af aflaverðmætinu á vertíðinni, og það er bezta tímabilið, sem báturinn er gerður út á, langtryggasta. Það voru 92 þús. af brúttóaflatekjum bátsins, en sennilega 12%, ef það er reiknað yfir allt árið, þó að það sé náttúrlega nokkuð misjafnt eftir afla bátsins. Þetta er að reikna viturlega. En 2% hækkun á vextina gerir ¼ hluta af 480 þús. og það er 120 þús. kr. skattur, miðað við bát af þessari stærð og með þessum veiðarfærum.

Það er að nokkru leyti rétt, sem hv. 11. þm. Reykv. hélt hér fram áðan, að vextirnir lækka af sjálfu sér, ef það er svo mikið peningaflóð, að menn hafi miklu meira af peningum en þjóðin þarf að nota. En hinu er ekki hægt að ganga fram hjá, að það var ríkisstj., sem hækkaði vextina með lagaboði, því að hún lét fá sér vald til þess að hækka vextina í vetur, lét þingið fá sér vald til þess. Og þess vegna ber ríkisstj. og hennar flokkar algerlega ábyrgð á vaxtahækkuninni. Það var hægt að halda vöxtunum óbreyttum. Ég er ekki að kenna ríkisstj. þetta að öllu leyti, vegna þess að henni var sagt fyrir, að ég ætla. Ég hygg, að hún hafi fengið sín fyrirmæli frá Paris, það hafi verið sett að skilyrði til þess að fá yfirdráttarlán. Ég fullyrði þetta ekki, en ég hef grun um það. Og ég er ekki viss, að ríkisstj. hefði gert þetta, ef hún hefði ekki verið neydd til þess.

Ég held því ekki fram, að ríkisstj. hafi ánægju af að gera fólki til miska, en staðreyndin er, að vextirnir hafa þrengt svo að útgerðarmönnum,

fiskvinnslustöðvum og verzlunum í landinu, að þær eru í vandræðum.

Svo er þessi hv. prófessor að tala um það, að við hefðum ekki átt að fella gengið svona mikið og fara svona illa með sparifjáreigendur. Því í ósköpunum hefur hann alltaf verið í þessum nefndum, sem hafa verið að ráðleggja að fella gengið, og því í ósköpunum réttir hann upp sína hönd í fyrra með þessari gengislækkun, sem er tóm vitleysa? Það var nefnilega álíka vitlaust reiknað út hjá þeim og vextirnir. Þeir athuga það ekki, að útgerðin getur aldrei grætt á gengislækkun. Það eina, sem útgerðin gat hagnazt á, var að svíkja kaupið af mönnunum. En það var bara ekki hægt nema í nokkra mánuði. Venjulega hækkaði kaupið sama árið og alltaf árið eftir. Nú er búið að binda kaupið við brúttó-aflaverðmæti fisksins, svo að það er útilokað að geta grætt á gengislækkun fyrir útveginn. Það væri nákvæmlega sama, þó að gengið væri hækkað um 20%, útgerðin stendur ekkert verr að vígi og meira að segja betur, því að rekstrarfjárskorturinn minnkar. Það er eins og með vextina, þeir líta á blaðið, fara eftir einhverjum formúlum, en vita ekkert, hvað þeir eru að gera, hafa enga hugmynd um það. Þeir kunna ekki að gera út bát, þessir góðu menn, og athuga ekki, að hver einasti útgerðarliður, sem nokkru skiptir, er algerlega bundinn við gengið. Þegar þeir reiknuðu út hagnaðinn af því að lækka gengið fyrir útveginn, þá gleymdu þeir liðum eins og vöxtunum, þeir gleymdu liðum eins og afskriftum og fleiri liðum, og á þann hátt er hægt að fá hagnað. Þeir tóku aðeins 3 útgjaldaliði: olíu, beitu og veiðarfæri, hinum útgerðarliðunum slepptu þeir. Vitanlega er ekki hægt að reikna með því, að maðurinn selji bát. Ef hann á hann, verður að reikna með því, að hann þurfi að endurnýja hann með því kostnaðarverði, sem verður, þegar hann þarf að kaupa hann. Það er ekki hægt að reikna með því, að menn geti kastað frá sér bátunum, ef mögulegt er að selja þá, og hlaupið með peningana í burtu. Það verður að byggja einn atvinnuveg þannig upp, að hann geti endurnýjað sig, það sé hægt að endurnýja tækin.

Allar þessar aðgerðir byggjast einfaldlega á því, að þessir svokölluðu sérfræðingar hafa ekki haft hugmynd um, hvað þeir voru að gera. Þeir héldu, að þeir væru að gera útveginum greiða, en gerðu honum aðeins óleik. Ég er alveg sammála prófessornum um það, að það eru hrein svik við fólkið, þessi gengislækkun, og það er fyrst og fremst það, sem skapar rekstrarfjárskortinn í landinu. Það er aldrei hægt að fá fólkið til þess að safna peningum að ráði, ef það á alltaf von á því, að þeir séu verðfelldir. En þetta er fyrst og fremst þessum blessuðum sérfræðingum að kenna. Þeir hafa ekkert vitað, hvað þeir voru að gera.

Viðvíkjandi því, sem Þórarinn Þórarinsson hélt fram um kaupið, þá er ég ekki viss um, að hann fari alveg með rétt mál. Þið hafið nú fengið norska kaupið í bæklingnum um niðursuðuna, og það er aðeins hærra en hérna, en það munar ekki miklu, það er allt að krónu munur á kvennakaupi í Noregi og karlmannakaupi. Það munar ekki mjög miklu. En það er ekki alveg einhlítt að taka kaupið. Ég hitti mann, sem var að koma frá Osló, hann hafði unnið þar, og ég var að spyrja hann. Hann taldi, að það munaði ekki miklu að enda launin sín þar eða hérna. Hann hafði unnið þar í verzlun og hafði 950 kr. á mánuði, norskar, en hann sagði, að deildarstjórarnir hefðu 1200 kr. norskar og forstjórarnir hefðu 1400 kr. norskar á mánuði. Þá getið þið reiknað þetta út. Það getur verið, að það sé heldur hærra en hér, en það munar ekki miklu. Nú getur þetta verið nokkuð misjafnt. Ég vildi benda á þetta. Það er ekkert á móti því að athuga þetta. Við þurfum að athuga það raunverulega, þannig að við förum ekki með blekkingar eða ósannindi. Ég er sannfærður um, að við getum látið okkar fólki líða eins vel og nágrannaþjóðirnar, því að það mun ekki nokkur þjóð hafa önnur eins skilyrði til hráefnaöflunar og íslenzkir sjómenn hafa.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er liðinn hálfur mánuður síðan rætt var um þetta mál hér í d. Hv. 11. þm. Reykv. (ÓB) flutti þá ræðu, þar sem hann ræddi nokkuð um þá till., sem ég hef lagt hér fram, og þá brtt., sem hann hefur borið fram. Það komu allmörg atriði fram í ræðu hv. þm., sem mér fannst ástæða til þess að gera nokkrar athugasemdir við, en þar sem nokkuð er nú liðið, síðan þessi umr. fór fram, og sumt af þessum atriðum, sem hann ræddi um, snerti þetta mál ekki beinlínis, heldur miklu fremur hin almennu stjórnmál í landinu, þá get ég að mestu leyti leitt hau hjá mér og snúið mér fyrst og fremst að þeim atriðum, sem snerta þetta mál sjálft.

Hv. þm. sagði, að það væri vafasamt að stofna til samanburðar á kjörum atvinnuveganna hér á landi og í öðrum löndum. Ég held, að þetta sé misskilningur hjá honum. Ég held, að það sé einmitt gagnlegt fyrir okkur, að slíkur samanburður sé gerður á sem flestum sviðum og við getum þannig gert okkur það gleggra en ella, hvað það muni vera, sem er ábótavant hjá okkur og við mundum geta lagfært. Þess vegna held ég, að ef rétt væri á þessum málum haldið, þá ætti ekki eingöngu, eins og lagt er til í minni till., sem hér liggur fyrir, að gera samanburð á vaxtakjörum atvinnuveganna hér og í nágrannalöndum okkar, heldur líka á ýmsum fleiri þáttum rekstrarins. Ég get þess vegna ekki verið honum sammála um þetta atriði.

Þá sagði hv. þm., að vextirnir hefðu ekki svo ýkja mikið að segja fyrir afkomu atvinnuveganna. Ég þarf ekki að fara mjög mikið út í þetta atriði, vegna þess að þessu var svo rækilega svarað af hv. 5. þm. Norðurl. v., að ég tel, að það, sem hann sagði, sé nokkurn veginn nægilegt svar við því, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði um þetta efni, og vísa þess vegna til þess. En það gefur að sjálfsögðu auga leið, að ef t. d. væru svipuð vaxtakjör hér og í Noregi, þá mundu heildarvextirnir eða sú upphæð, sem atvinnuvegirnir borga nú í

vexti samanlagt, geta lækkað um 100 millj. kr. Þegar sú staðreynd er athuguð, hljóta menn að gera sér ljóst, að það hefur ekki lítið að segja fyrir atvinnuvegina, hver vaxtakjörin eru.

Þá var það eitt atriði, sem hv. þm. minntist á alveg sérstaklega og gerði nokkuð mikið úr, sem mér finnst rétt að ræða nokkuð nákvæmlega, og það var það, að hann taldi, að hinir háu vextir væru fyrst og fremst til hags fyrir sparifjáreigendur og það mundi bitna sérstaklega á þeim, ef útlánsvextirnir yrðu lækkaðir og vaxtakjör atvinnuveganna bætt á þann hátt. Ég held, að það sé ekki ófróðlegt í þessu sambandi að athuga baksíðuna á einasta hefti Fjármálatíðinda, sem þm. hefur verið sent. Þar er línurit af útlánum og innlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, eins og þau voru 1. nóv. s. l., og þar er hægt að fá mjög glögga heimild um þetta atriði. Þetta línurit sýnir, að heildarútlánin hafa verið 1. nóv. 1960 4200 millj., og sé reiknað með þeim útlánsvöxtum, sem nú eru, sem má nokkurn veginn segja að séu í kringum 9% til jafnaðar hjá bönkunum, þá nema árlegir vextir af þessari upphæð um 380 millj. kr. Það er það, sem atvinnuvegirnir verða að borga beint og óbeint fyrir þessi útlán hjá bönkunum, 4200 millj. kr. Svo segir hins vegar, að sparifjárinnlánin í bönkunum á sama tíma hafi ekki verið nema 2200 millj. Miðað við þá innlánsvexti, sem nú eru, ef tekið er meðaltal af þeim, mun láta nærri, að þeir séu kringum 7%. Ársvextir af þessari upphæð eru þar af leiðandi í kringum 150 millj. kr., þar að auki veltuinnlán, sem nema 600 millj. kr., af þeim er ekki nema 3% vextir, svo að þessi upphæð gefur ekki af sér nema 18 millj. kr. á ári. Sem sagt, fyrir þessi útlán, sem bankarnir hafa haft 1. nóv. s. l., sé miðað við þá upphæð og miðað við þá vexti, sem nú eru, þá nema heildarvextirnir af þeim 380 millj. kr. Aftur á móti það, sem kemur í hlut sparifjáreigenda samkv. þessum sömu upplýsingum, eru 150 millj. kr. fyrir sparifjárinnlánin og um 20 millj. kr. fyrir veltuinnlánin eða samtals 170 millj. kr. M. ö. o.: af þeim 380 millj. kr., sem bankarnir taka af þessum útlánum, kemur ekki í hlut sparifjáreigenda nema 170 millj. kr. 210 millj. kr., eða helmingi hærri upphæð, renna til bankanna með einum eða öðrum hætti. Ég held þess vegna, að það muni vera alveg forsvaranlegt og vel hægt að lækka útlánsvexti bankanna t. d. um 2% frá því, sem nú er, eins og við framsóknarmenn höfum lagt til, án þess að skerða innlánsvextina nokkuð, án þess að ganga nokkuð á hlut sparifjáreigenda. Og það, að vextirnir væru lækkaðir um 2%, útlánsvextirnir, án þess að nokkuð væri hróflað við innlánsvöxtunum, sem mér sýnist að hljóti að vera vel hægt samkv. þessari upphæð, það mundi þýða, miðað við þessar tölur, að heildarvaxtaútgjöld atvinnuveganna mundu lækka í kringum 100 millj. kr. Ef til vill kann að vera þannig hagað rekstri bankanna, að þeim sé þannig komið, að þeir þurfi eitthvað lítils háttar að lækka vexti af sparifjárinnlánum, en það er áreiðanlegt samkvæmt þessum upplýsingum, sem hér liggja fyrir, að lækkun þeirra þarf hvergi nærri að vera eins mikil og sú lækkun, sem færi fram á útlánsvöxtunum. Ég held, að með því að athuga þessar staðreyndir geti menn gert sér fullkomlega ljóst, að það er möguleiki til að lækka verulega útlánsvextina og vaxtabyrðina, sem leggst á atvinnuvegina, án þess að skertir séu hagsmunir sparifjáreigenda, svo að teljandi sé, og þess vegna er ekki hægt fyrir þá, sem berjast fyrir þeim vaxtakjörum atvinnuveganna, sem nú eru, að fela sig á bak við þá röksemd, að þetta sé ekki hægt, vegna þess að þetta gangi út yfir sparifjáreigendur í landinu. Þetta er vel hægt án þess að láta það ganga, svo að nokkru skipti, út yfir sparifjáreigendur í landinu, því að það gefur auga leið, að þegar það, sem bankarnir fá fyrir heildarútlánin, eru 380 millj., það, sem sparifjáreigendur fá, er ekki nema 170 millj., þá draga bankarnir hér miklu stærri hluta í sinn vasa en þeir hafa nokkra þörf fyrir og nokkurt réttlæti er. En það getur hver og einn sagt sér það sjálfur, hvort ekki mundi muna neitt um það fyrir atvinnuvegina, eins og nú er ástatt í landinu, ef vextir af viðskiptalánum eru lækkaðir um upphæð, sem svarar í kringum 100 millj. kr., og svo þar við bætist að sjálfsögðu einnig lækkun á stofnlánum og öðrum lánum, sem koma ekki fram í því yfirliti, sem ég hef hér nefnt og ýmsir aðrir sjóðir lána út en viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir. Þess vegna held ég, að ef menn athuga þessi mál nokkurn veginn hlutlaust, hljóti þeir að gera sér ljóst, að það eru verulegir möguleikar til þess að lækka útlánsvextina og bæta vaxtakjör atvinnuveganna frá því, sem nú er, án þess að það þurfi nokkuð að skerða hagsmuni sparifjáreigendanna. Þess vegna er það engin röksemd gegn því, að útlánsvextirnir séu lækkaðir og reynt sé að skapa svipuð vaxtakjör hér á landi og annars staðar eru, að hagsmunir sparifjáreigenda standi þar í veginum.

Þá talaði hv. þm. nokkuð mikið um það, að lágir vextir væru að því leyti óheppilegir, að þeir ýttu undir óarðbæra fjárfestingu. Ég held, að ef við lítum á reynsluna hjá okkur og í öðrum löndum, þá sé þetta staðhæfing, sem getur ekki staðizt, a. m. k. bendir reynsla margra þjóða og okkar sjálfra til þess. Hér á landi hafa á undanförnum árum verið yfirleitt nokkru hærri vextir en annars staðar hafa gerzt, t. d. í nágrannalöndum okkar. Samt heyrðist mér á ræðu hv. þm., að óarðbær fjárfesting hefði verið tiltölulega meiri hér en annars staðar, svo að háu vextirnir hér á landi hafa ekki orðið til þess að koma í veg fyrir það, sem hann taldi óarðbæra fjárfestingu. Við getum svo litið til þeirra landa, sem hafa lága vexti, eins og t. d. Noregur og Sviss. Ég held, að því sé yfirleitt ekki haldið fram um þau lönd og þá alveg sérstaklega ekki um Sviss, að þar hafi átt sér stað mjög mikil óarðbær fjárfesting, vegna þess að vextirnir hafi verið lágir. Sennilega hefur óviða átt sér stað minni óarðbær fjárfesting en einmitt í Sviss, miðað við önnur lönd, þrátt fyrir það þó að vextir hafi verið þar tiltölulega lægri en annars staðar. Þess vegna er það engin röksemd, að lágir vextir ýti undir óarðbæra fjárfestingu, vegna þess að það eru í raun og veru allt önnur atriði, sem ráða miklu meira um það og geta ýtt undir hana, og þá ekki sízt verðbólgan, eins og oft hefur verið bent á og ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um að þessu sinni.

Það virtist svo vera niðurstaða hv. þm., að það,

sem við ættum að bíða eftir hér á landi til þess að lækka vaxtakjörin, væri nægilega mikið framboð á lánsfé, fyrr væri ekki hægt að lækka vextina. Ég held, að við verðum að bíða æði lengi eftir því að lækka vextina hér á landi, ef við ættum að bíða þangað til því skilyrði yrði fullnægt, að nægilegt framboð verði á lánsfé, því að eins og okkar atvinnuvegum er háttað og eins og uppbyggingin þarf að vera mikil hjá okkur, til þess að við getum komizt á sama stig og aðrir, verður þess áreiðanlega langt að bíða, að hér verði nægilega mikið framboð á lánsfé. Við höfum líka dæmi fyrir augunum frá mörgum öðrum löndum um það, að þar er ekki verið að bíða eftir því með að hafa lága vexti, að það sé nægilega mikið framboð á lánsfé. Ef við lítum til næstu nágranna okkar og þeirra, sem eru okkar helztu keppinautar á fiskmörkuðunum, eins og Norðmanna, verður það upp á teningnum þar, að þar eru vextirnir lágir, þrátt fyrir það þó að þeir geti hvergi nærri fullnægt þeirri þörf, sem þeir hafa fyrir lánsfé, og verða að leita eftir stórfelldum lántökum annars staðar til þess að fullnægja þeim þörfum, sem þeir hafa fyrir lánsfé. Norðmenn hafa haft lága vexti þrátt fyrir þetta, og það hefur gefizt þeim vel, treyst þeirra atvinnulíf, aukið grósku í því, alveg eins og það mundi gera hjá okkur, ef við fylgdum þeirra fordæmi í þessum efnum.

Hv. þm. ræddi nokkuð um sparifjársöfnunina og taldi, að hún mundi glæðast við það, að vextir væru háir. Nú er það alls ekki reynslan hjá okkur, að þetta sé rétt, vegna þess að þótt innlánsvextirnir t. d. væru hækkaðir mjög verulega hjá okkur á seinasta ári, þá hefur sparifjáraukningin sízt verið hlutfallslega meiri þá en áður, heldur einmitt minni, eins og oft hefur verið sýnt fram á hér í hv. d., og þarf ég þess vegna ekki að rifja það upp. Það er áreiðanlega margt annað en vaxtakjörin, sem hefur miklu meiri áhrif á það, hvort sparifjáraukningin er mikil eða lítil, og það, sem að sjálfsögðu kemur kannske meira en nokkuð annað í veg fyrir eðlilega sparifjáraukningu, er það, þegar verðbólga er mikil og þegar stöðugt er verið að hringla með gengið. Gengislækkanir eru eitthvað hið versta, sem gert er í sambandi við sparifjármyndunina, því að stöðugar gengislækkanir verða að sjálfsögðu til þess, að menn missa trúna á verðgildi peninganna, og sérstaklega á það við, þegar of langt er gengið í því að fella gengi, eins og tvímælalaust var gert á seinasta þingi. Það hefur einn af hv. þm. í þessari deild fært rök að því, án þess að því hafi nokkurn tíma verið á móti mælt af hálfu stjórnarliðsins, að gengið hafi verið fellt eitthvað í kringum 20% meira en þörf var á. Og það atriði út af fyrir sig að fella gengið þannig 20% meira en réttmætt getur talizt hefur að sjálfsögðu átt miklu meiri þátt í því en nokkuð annað um langt skeið að veikja traust manna á gjaldmiðlinum og vinna á móti sparifjármyndun. Þess vegna er ekkert óeðlilegt, þrátt fyrir það að vextirnir væru hækkaðir á s. l. ári, að þá skyldi reynslan verða sú, að sparifjáraukningin varð tiltölulega minni en hún hefur áður verið, því að það var eðlileg afleiðing af hinni miklu, óeðlilegu gengislækkun, sem átti sér stað á síðasta ári. Menn verða eðlilega hvekktir af því að leggja mikið fé fyrir, þegar verið er að hringla þannig með gengið og það lækkar miklu meira en nokkur skynsemi getur mælt með. Og það ýtir að sjálfsögðu ekki undir sparifjármyndunina nú, að nú má stöðugt lesa hótanir um það í stjórnarblöðunum og af hálfu ýmissa stjórnarsinna, að þeir geti vel hugsað sér að lækka gengið aftur innan tíðar. Það gefur svo að segja daglega að lesa þessar hótanir í stjórnarblöðunum og heyra ýmsa talsmenn stjórnarinnar vera að hampa þessu. Hver getur svo ætlazt til þess, að undir slíkum hótunum ríkisstj. og hennar stuðningsmanna séu menn eitthvað sérstaklega ginnkeyptir fyrir að leggja fé sitt fyrir í sparisjóði og banka? Hafa þessar hótanir stjórnarliðsins sennilega átt meiri þátt í því en nokkuð annað, að dregið hefur úr sparifjármynduninni á undanförnum mánuðum miðað við það, sem hefur átt sér stað á árunum á undan. Þess vegna vil ég nú segja það síðast í sambandi við þessar hugleiðingar mínar í tilefni af ræðu hv. 11. þm. Reykv., að ef stjórnarliðið, — og hann er þar ráðamikill maður í þessum málum, — að ef stjórnarliðið hefur verulegan áhuga á því að auka sparifjármyndun í landinu og vinna að því, að hún verði meiri en hún hefur orðið á undanförnum mánuðum, þá elga þeir að hætta öllum þessum hótunum sínum, að þeir kunni kannske að lækka gengið aftur innan tiltölulega stutts tíma, því að undir slíkum hótunum er ekki hægt að vænta þess, að sparifjáraukningin fari vaxandi í landinu.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vil að endingu endurtaka það, sem ég sagði hér seinast, að mér virðast þessar tvær tillögur, sem hér liggja fyrir, till. mín og till. hv. 11. þm. Reykv., þannig vaxnar, að það megi vel sameina þær og samþykkja þær báðar, og ég vænti þess, að sú nefnd, sem fær málið til athugunar, vinni að því að afgreiða málið á þann hátt. Ef til vill gætum við hv. 11. þm. Reykv. hjálpað að einhverju leyti til þess, að slíkt samkomulag gæti náðst.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var rætt hér í Sþ. fyrir hálfum mánuði, gagnrýndi hv. 5. þm. Norðurl. v. tölur, sem ég fór þá með og hafðar voru eftir reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, en reikningaskrifstofa sjávarútvegsins hefur að undanförnu safnað skýrslum um rekstrarafkomu bátaflotans og sundurliðað hina einstöku kostnaðarliði og reiknað út, hverju þeir nemi af heildarkostnaðinum hver fyrir sig. Í sambandi við þetta fór hv. 5. þm. Norðurl. v. hörðum orðum um hagfræðinga og meðferð þeirra á tölum. Um þetta vil ég aðeins segja það eitt, að þetta er samkvæmt heimildum frá reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, og gagnrýni á þessum tölum, ef þær eru að einhverju leyti óábyggilegar, verður að beinast þangað, en ekki til hagfræðinganna, því að mér er a. m. k. ekki kunnugt um, að neinn þeirra hafi um þessar tölur fjallað. Hitt vil ég segja einmitt í tilefni af því, að hv. 7. þm. Reykv. vitnaði til þessara ummæla, að mér vitanlega hafa þessar niðurstöður ekki verið gagnrýndar, og í sjálfu sér hefur hvorugur þessara hv. þm. borið fram rökstuðning fyrir því, að kostnaðurinn sé annar en hér er gert ráð fyrir. Það getur vel verið, að til séu einhverjir bátar, sem hafa hærri vaxtakostnað

en þetta, en hér er auðvitað um meðaltölu að ræða. Þó að til kunni að vera maður á Hornafirði, sem er meira en þrjár álnir, þá er ekki þar með sagt, að allir Hornfirðingar séu þrjár álnir á hæð eða séu það að meðaltali.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. vék að gengismálunum, sem snerta þetta mál í rauninni óbeint, og skal ég ekki fjölyrða um það, því að það er ekki tilgangur minn hér að efna til almennra stjórnmálaumræðna. Ég tel þó, að sú kenning hans sé hæpin, að gengisbreyting geti aldrei komið sjávarútveginum að gagni. Rökin fyrir því eru þó einföld, nefnilega þau, að allur tilkostnaður sjávarútvegsins hljóti að öllum jafnaði að hækka í hlutfalli við gengisbreytinguna. Þetta tel ég að geti ekki verið rétt. Að vísu eru einstakir kostnaðarliðir, eins og olía o. fl., sem hljóta að hækka í hlutfalli við gengisbreytinguna. Aftur á móti eru til aðrir kostnaðarliðir og þeir *jafnvel þýðingarmiklir, sem gengis*breytingin hefur ekki áhrif á, eins og vextir og *afborganir af eldri lánum*. Sama máli gegnir um kaupgjaldið, að minu áliti. Jafnvel þó að það væri þannig, að sjómennirnir fengju bætta upp að fullu þá kjaraskerðingu, sem af gengislækkuninni leiddi, mundi það þó aldrei vera nema hluti af kaupgjaldinu, vegna þess að hinn erlendi liður í verðlaginu er ekki nema um þriðjungur af verðlaginu í heild. Og þó að það sé rétt, að samið hafi nú verið um það, að sjómenn fái í sinn hlut ákveðna prósentu af aflanum, er þetta auðvitað miðað við ákveðið gengi og það fiskverð, sem leiðir af þessu gengi. Ef dollarinn væri t. d. aðeins skráður á 16 kr. og fiskverðið í samræmi við það, mundu sjómenn ekki sætta sig við að fá 30% af aflaverðmætinu eða hvað það nú er. En jafnvel þó að þetta væri rétt, að útgerðinni væri ekki gagn að gengislækkuninni, sem ég álít að ekki sé, þá er það ekki aðalatriðið í sambandi við þetta mál, því að þótt sjávarútvegurinn sé þýðingarmikill atvinnuvegur, kemur auðvitað ekki til greina að ákveða gengisskráninguna með tilliti til hagsmuna sjávarútvegsins eins, þar verður auðvitað að taka tillit til hagsmuna þjóðarinnar í heild.

Það getur vel verið, að það sé möguleiki að koma á fót uppbótakerfi, sem mundi tryggja sjávarútveginum jafngóða afkomu og þó að skráð sé rétt gengi, enda kom það fram í grg. með efnahagsmálatill. á s. l. ári, að það var ekki gert ráð fyrir því, að sjávarútvegurinn bæri eftir það meira úr býtum en áður hafði verið. Nei, það, *sem er* aðalatriðið í þessu sambandi, er, að það var alls *ekki framkvæmanlegt* að halda því kerfi uppi, sem þá var, en aðalatriði þess var það, að á útfluttar sjávarafurðir og aðrar útfluttar afurðir voru greiddar að meðaltali yfir 80% uppbætur og fjár til þess var svo aflað með álagi á innfluttar vörur, sem nam rúmum 60%, eða m. ö. o.: uppbæturnar voru til mikilla muna hærri en álagið á innflutninginn. Skilyrði fyrir því, að þetta sé hægt, er það, að innflutningur sé umfram útflutning, svo að nemi 300—400 millj. kr., eða m. ö. o. skilyrði fyrir því, að hægt sé að halda þessu kerfi uppi, er það, að við tökum á hverju ári 300—400 millj. kr. að láni erlendis til þess að flytja inn hátollavöru, en allir ættu að sjá, að slíkt er ekki hægt.

En þó að ég þannig geti ekki fallizt á kenningar hv. 5. þm. Norðurl. v. í gengismálunum, þá er mér ljúft að taka það fram, að ég virði það mjög, að hann er fús til þess að gera um það ákveðnar tillögur og lýsa á því ákveðnum skoðunum, hvernig *leysa skuli þau vandamál, sem fyrir hendi eru*. Hann hefur imprað á því, hvaða gengi hann telji að eigi að skrá, *hvaða aðgerðir hann vilji gera* í skattamálum og tryggingamálum o. s. frv. Þetta tel ég að mjög beri að virða, þó að ekki muni þessi málflutningur hans vera litinn hýru auga af hv. *flokksbræðrum hans, ekki vegna þess*, að þeir séu í sjálfu sér á móti þessum tillögum, því að *þótt þær séu að minu áliti gallaðar, þá mun* vist um það, að þeir hafa ekki upp á neitt skárra að bjóða, *heldur er* það hitt, sem hér kemur til, að þeir telja það ekki henta hagsmunum flokksins í hinni pólitísku refskák að gera ákveðnar tillögur í ákveðnum málum. Því miður er það svo, að það hefur verið leikregla í íslenzkum stjórnmálum um langt skeið, að svo virðist sem ekki sé gerð nein krafa til þess, að stjórnarandstaðan í landinu sé ábyrg. Í þau 20 ár, sem ég hef fylgzt með stjórnmálum hér á landi, man ég ekki til þess, að neinar heildartillögur hafi verið gerðar af stjórnarandstöðunni um lausn mála, og er sjálfsagt óhætt að fara lengra aftur í tíma. Ég tel, að enda þótt ég telji kenningar hv. 5. þm. Norðurl. v. í gengismálunum ekki jafngóðar og kenningar hagfræðinganna, þá mundi það ábyggilega verða stórt spor í þá átt að koma fjármálum landsins í heilbrigðara horf en nú er, ef þessari leikreglu tækist að útrýma, og þá skyldi ég viðurkenna, að hv. 5. þm. Norðurl. v. hefði gert landinu meira gagn en nokkur einn hagfræðingur a. m. k. hefur enn þá gert. Það er ekki vafi á því, að einmitt hér er kannske öðru fremur fólgin hin pólitíska undirrót þess ófremdarástands, sem ríkir í fjármálum okkar. Það má nefna sem dæmi um það, að þessu er öðruvísi varið í nágrannalöndum okkar, að fyrir nokkrum árum, eða um 1950, að mig minnir, bar það við, að danska stjórnin, sem þá sat við völd og í áttu sæti íhaldsflokkurinn og vinstri flokkurinn, lagði fram till. um hækkun vaxta og aðrar aðgerðir, sem ráða áttu bót á óhagstæðum viðskiptajöfnuði Dana. Ef slíkar till. hefðu verið lagðar fram hér, hver hefðu viðbrögð stjórnarandstöðu við því verið? Jú, það er ekki vafi á því, það hefðu verið birtir falskir útreikningar um það, að sú kjaraskerðing, sem af þessu leiddi, væri þreföld á við það, *sem raunverulega var*. Síðan hefði verið sagt: Þessa kjaraskerðingu getur þjóðin ekki þolað *og verður að rísa upp gegn þessu*. — En engin tilraun hefði verið gerð til þess að benda á aðrar leiðir í þessu efni. Viðbrögð þáv. stjórnarandstöðu í Danmörku, sem var jafnaðarmannaflokkurinn, voru önnur. Í stað þess að koma með almenn slagorð um það, að þetta væri óþolandi kjaraskerðing o. s. frv., sögðu þeir að vísu: Við erum andvígir þeim till., sem ríkisstj. hefur borið fram. — En þeir komu með aðrar till. um það, hvernig mætti lagfæra viðskiptajöfnuðinn, gerðu ákveðnar till. um hækkun annarra skatta en þeirra, sem ríkisstj. hafði lagt til, og fóru svo nákvæmlega út í hlutina, að í till. þeirra var sagt um það, hvað ölskatturinn ætti að hækka, upp á brot úr eyri. Nú er ástæðan til þessara mismunandi viðhorfa ekki sú,

að danskir stjórnmálamenn séu í sjálfu sér miklu ábyrgari og gæddir meiri siðferðisþroska en íslenzkir stjórnmálamenn, — það hygg ég sé ekki, — og sjálfsagt er það alþjóðleg regla, að flokkarnir gera það, sem þeir telja vænlegast til fylgis hjá kjósendunum. Meginástæðan til þess, að þetta er regla í Danmörku og öðrum nágrannalöndum okkar, en ekki hér, mun vera sú, að kjósendurnir þar heimta ábyrga afstöðu. Það mundi ekki þýða þar að segja: Þegar þið eruð búnir að kjósa okkur, þá skuluð þið fá að sjá, hvernig við viljum leysa viðfangsefnin. — Að því yrði hlegið, og frambjóðendur, sem bæru slíkt fyrir kjósendur, mundu ekki fá nein atkvæði. Þar heimta kjósendurnir það af stjórnmálamönnunum, að þeir geri ákveðnar till. í ákveðnum málum.

Þó að því miður, eins og ég sagði áðan, sé þetta almenn leikregla, sem allir hafa á undanförnum árum fylgt að nokkru, þá hygg ég, að stjórnarandstaðan hafi þó aldrei verið óábyrgari og úrræðaminni en einmitt nú, og sjaldan mun hafa verið borinn fram málflutningur, sem stríðir eins gegn heilbrigðri skynsemi og málflutningur hv. núv. stjórnarandstöðu. Bezta dæmið um það er afstaðan til kaupgjalds- og verðlagsmálanna. Þegar vinstri stjórnin fór frá völdum 1958 eða skömmu áður, var útbýtt hér meðal hv. þingmanna og á stéttarþingum, sem þá voru haldin, skýrslum, sem stjórnin hafði látið gera, þar sem því var haldið fram, að efnahagsmálum landsins væri nú þannig komið, að óhjákvæmileg væri veruleg kjaraskerðing fyrir þjóðina og jafnvel meiri kjaraskerðing en leitt hefur af þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið gerðar. Við þessum skýrslum hafa hv. stjórnarandstæðingar yfirleitt þagað þunnu hljóði, þegar á þær hefur verið minnzt hér á hv. Alþingi, og er það e. t. v. eðlilegt, þó að ekki séu það mikilmannleg vinnubrögð, að ræða yfirleitt ekki og minnast ekki á þær staðreyndir, sem óþægilegar eru. Nú er því hins vegar haldið fram, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að atvinnuvegirnir geti borið 15—20% hækkun á kaupgjaldi. Skoðun þeirra í þessum efnum var önnur haustið 1958, en þá var hótað Dagsbrúnarverkfalli 1. okt. þ. á. Skömmu áður, eða í septembermánuði, hafði stjórnin látið rýmka mjög um verðlagsákvæði, þannig að þau voru yfirleitt til muna rýmri en þau verðlagsákvæði, sem nú gilda. Samt sem áður var það þá mat vinstri stjórnarinnar á getu atvinnuveganna til þess að greiða hærra kaup, að aðferðin til þess að leysa Dagsbrúnarverkfallið, eins og glöggt hefur komið fram í yfirlýsingu til Vinnuveitendasambandsins frá vinstri stjórninni, sem Vinnuveitendasambandið nýlega hefur birt, var sú, að stjórnin lofaði vinnuveitendasamtökunum því, að kauphækkanir þær, sem gengið væri inn á, mætti leggja á vöruverðið. Og þar sem atvinnurekendur höfðu þannig fengið tryggingu fyrir því, að þeir þyrftu ekki að greiða þetta hækkaða kaupgjald sjálfir, höfðu þeir auðvitað enga ástæðu til annars en að semja. M. ö. o.: við atvinnurekendur var sagt: Þið skuluð leggja þessa kauphækkun á vöruverðið, þannig að það eiga að vera verkamennirnir sjálfir, sem greiða sér þetta hærra kaup, — og er það út af fyrir sig ekki furða, þótt litill árangur hafi orðið af kjarabaráttu launþeganna, þegar forustumenn þeirra hafa slíkar hugmyndir um það, hvað séu kjarabætur.

Nú er það hins vegar þannig, ef taka mætti alvarlega málflutning hv. stjórnarandstæðinga, að þeir telja, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að atvinnuvegirnir geti greitt 15—20% hærra kaup. M. ö. o.: þó að það hafi verið þannig s. l. 15 ár, að kjörin hafa staðið í stað, þá á allt í einu að vera þannig komið, að nú sé hægt að veita 15—20% kjarabætur. Ef það einkennilega mundi nú ske, sem ég býst ekki við, að einhver hv. stjórnarandstæðinga kæmi hér upp í pontuna og leitaðist við að færa rök fyrir því, að nú væri hægt að greiða 15—20% kauphækkun, án þess að það kæmi fram í hækkuðu verðlagi, þá kæmi það allmjög í bága við annað, sem hv. stjórnarandstæðingar segja. Ég á að vísu enga von á því, að gerð verði tilraun til þess, því að sá hinn sami, sem gerði það, mundi þá um leið hrekja annað aðalatriðið í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga, nefnilega það, er þeir halda því fram, að efnahagsmálaráðstafanirnar hafi leikið þannig atvinnuvegina, að afkoma þeirra hafi aldrei verið verri en nú. Önnur þeirra staðhæfinga, sem hér eru bornar fram, hlýtur að vera röng, því að þær stangast gersamlega á, um það getur engum manni blandazt hugur. Það er ekki í senn hægt að halda því fram, að nú fyrst séu möguleikar á því, þó að þeir hafi ekki verið fyrir hendi s. l. 15 ár, að atvinnuvegirnir geti staðið undir verulegum kauphækkunum, og hins vegar halda því fram, að vegna efnahagsmálaráðstafananna sé afkoma og hagur atvinnuveganna aldrei lakari en nú. Það mundi vera að svara þessu máli algerlega út í hött að segja: Kaup verkamannafjölskyldu, iðnaðarmannafjölskyldu o. s. frv. er þetta og þetta, en hvernig eiga menn að fara að lifa af því? — Það er hlutur, sem auðvitað má um deila, hvað menn þurfi hátt kaup til þess að lifa á, og það er algerlega úr lausu lofti gripið, þegar er verið að vitna í einhverja útreikninga, sem hagstofan hafi gert um það, hvaða kaup menn þurfi að hafa til þess að lifa af. Slíkir útreikningar hafa aldrei verið gerðir. En hvað sem því líður, þá er auðvitað enginn ágreiningur um það, að æskilegt sé að kjörin batni.

Nei, það, sem er kjarni málsins, er ekki, hvort þörf sé fyrir kjarabætur eða ekki, um það munu menn almennt sammála, heldur hvaða möguleiki er á því, að hægt sé að ná kjarabótum. Undanfarin 15 ár hefur reynslan sýnt, að hann hefur ekki verið fyrir hendi. En er þá ástandið svo miklu betra nú en það hefur nokkru sinni verið áður? Sé svo, mundi vera nær að halda, að slíkt væri árangur af efnahagsmálaráðstöfununum. En því miður er hann ekki svona stórfelldur, og hefur enginn gert ráð fyrir því.

Að síðustu ætla ég að vikja örfáum orðum að ræðu hv. 7. þm. Reykv. Hann hélt því fram, að háir vextir væru ekki til verulegra hagsbóta fyrir sparifjáreigendur, og færði þau rök fyrir því, að útlán bankanna væru svo og svo miklu meiri en sparifjárinnlögunum næmi. Skoðun hans virtist vera sú, að það væri ekkert því til fyrirstöðu af hálfu bankanna að lækka útlánsvextina, án þess að innlánsvextir væru lækkaðir samsvarandi. Nú er það í fyrsta lagi svo, að bilið milli útlánsvaxta og

innlánsvaxta er til mikilla muna minna hér á landi en það er í þeim nágrannalöndum, sem hv. 7. þm. Reykv. vitnaði til. Í öðru lagi, og það er að mínu áliti aðalatriðið, þó að það hafi verið þannig undanfarið og þar í sé einmitt að leita einnar af meginorsökum verðbólgunnar, að bankarnir hafa lánað út miklu meiri fjárhæðir en nemur sparifjárinnlögum, þá getur slíkt ekki gengið til lengdar, og ef ætti að fara inn á þá braut að ákveða t. d. innlánsvexti jafnvel hærri en útlánsvextir væru, mundi það beinlínis neyða bankana til þess að reka verðbólgustefnu með því að lána miklu meira út en innlögunum næmi, en slíkt væri auðvitað ekki heilbrigð stefna.

Þegar hv. 7. þm. Reykv. gerði *samanburð á vöxtum* hér á landi og í nágrannalöndunum, fór hann fram hjá atriði, sem skiptir mjög miklu máli og veldur því, að að mínu áliti er ekki hægt að gera samanburð á þessum grundvelli, en það er hin mismunandi verðlagsþróun hér annars vegar og hins vegar í nágrannalöndunum, því að ég býst við, að ef hér væri stöðugt verðlag, þá væri sjálfsagt hægt að tryggja eðlilega sparifjármyndun með lægri vöxtum en nú er. En þessi forsenda hefur ekki verið fyrir hendi, og þess vegna getum við ekki borið saman vexti í þessum löndum, sem hafa haft stöðugt verðlag, og vexti hér. Ef þetta dæmi á að gera rétt upp, verður frá vöxtunum að draga þá verðrýrnun, sem verður á höfuðstólnum frá ári til árs, en það hefur verið reiknað út, að frá því í stríðslok og til þessa dags hafi verðbólgan vaxið um 10% á ári. Á þessu tímabili hafa almennir sparisjóðsvextir lengst af verið 2—5%, þannig að niðurstaðan er sú, að sparifjáreigendur hafa haft neikvæða vexti frá 5—8% á þessu tímabili, þannig að sé dæmið gert upp á þennan hátt, sem er það eina rétta, hlýtur útkoman að verða sú, að raunverulegir vextir hafa verið hér til mikilla muna lægri en þekkist nokkurs staðar annars staðar, og þetta er skýringin á því, að sparifjármyndun hefur hér verið minni en æskilegt er. Sömuleiðis er það villandi, þegar hv. 7. þm. Reykv. segir sem svo, að það sýni gagnsleysi vaxtahækkunarinnar í þessu sambandi, að sparifjármyndun hafi verið minni á síðasta ári en hún hefur verið að undanförnu, þrátt fyrir vaxtahækkunina. Ég skal nú ekki segja um það, hvað er þá rétta í þessu sambandi, það hefur verið mjög umdeilt. En það, sem er aðalatriðið, er þetta, að í rauninni er það á fullum misskilningi byggt, ef því er haldið fram, að sparifjáreigendur séu enn þá farnir að græða á þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið. Þess verður að gæta, að verðhækkanir af völdum efnahagsmálaráðstafana nema um 15%, sem þýðir það, að höfuðstóll allra sparifjárinnstæðna hefur verið skertur um 15%. Hluta af þessu hafa sparifjáreigendur að vísu fengið aftur með því, að vextir hafa verið hækkaðir um 40%, og þó hefur það nú aðeins staðið um 10 mánaða skeið. Það er því alger misskilningur, að sparifjáreigendur hafi enn sem komið er grætt á þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið.

Hitt er svo aftur á móti ekki rétt, að einblína á það, að allar verðhækkanir stafi af gengislækkun og það, sem skipti mestu máli frá hagsmunasjónarmiði sparifjáreigenda, sé það að halda genginu föstu. Að mínu áliti er það þannig, að gengislækkanir eru afleiðing verðbólgu, en ekki orsök, og ástæðan til þess, að út í gengislækkunina var farið, þó að slík ráðstöfun sé í sjálfu sér óæskileg, — um það er varla ágreiningur, — er sú, að það að leiðrétta gengið var beinlínis skilyrði fyrir því, að hægt væri að stöðva verðlagið. Reynsla undanfarandi ára, þegar reynt var að halda föstu gengi, en halda atvinnuvegunum á floti með uppbótum, var sú, að verðlagið fór stöðugt hækkandi. Á hverju einasta ári þurfti að gera nýjar og nýjar ráðstafanir atvinnuvegunum til hjálpar í formi hækkaðra skatta, tolla o. s. frv. Einmitt þær ráðstafanir, sem gerðar voru hvað eftir annað á dögum vinstri stjórnarinnar, ættu að vera órækasta dæmið um það, og er ég síður en svo að halda því fram, að þeir, sem í vinstri stjórninni áttu sæti, hafi gert að gamni sínu að framkvæma slíkar *ráðstafanir*.

Í lok ræðu sinnar var hv. 7. þm. Reykv. að tala um það, að nýjum gengislækkunum væri hótað af hálfu hæstv. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar. Ég kannast ekki við það. Annað mál er það, að þýðingarmikið er, að almenningur í landinu geri sér ljóst, að ef til kaupgjaldshækkana kemur fram yfir það, sem atvinnuvegirnir geta greitt af ágóða sínum, þá hlýtur auðvitað eitt af tvennu að ske: annaðhvort verður að gera nýjar ráðstafanir í efnahagsmálum, gengislækkun eða annað, eða þá að samdráttur verður og atvinnuleysi. Þetta er ekki annað en staðreynd, en engar hótanir.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 11. þm. Reykv. Hann var að tala um vextina. Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði um daginn. Ég tók það fram þá, að ég vissi, að þessi hv. þm. segði aldrei vísvitandi ósatt, og það reyndist rétt. Við áttum tal um þetta á eftir, og hann hafði aðeins litið á skýrslu frá Fiskifélaginu, og þar var talað um vexti af rekstrarfé, en þá er bara átt við lán, sem fæst til rekstrar bátanna, og það er eitthvað 200 þús. Sennilega hefur verið miðað við 60 tonna bát, og það má gizka á, að það *sé 1/5 hluti af heildarstofnkostnaðinum*, þannig að vextirnir, sem hann var að reikna með, eru sennilega eitthvað fimmtándi hluti af heildarstofnkostnaði bátsins, og Fiskifélagið skrökvaði engu og prófessorinn ekki heldur, bara það, að Fiskifélagið hlýtur að reikna á öðrum stað vexti af heildarstofnkostnaðinum. Þetta var aðeins lánið, sem fæst í bankanum, og prófessorinn og hagfræðingurinn athugaði þetta ekki betur en hann leit bara á bókstafinn og dró svo ályktunina. Úr því varð náttúrlega hrein vitleysa. Þarna var ekki að tala um að skrökva, heldur var bara um óaðgæzlu að ræða. Og þarna sannaðist það, sem ég var að halda fram, það er ekki nóg að vera bóklærður, maður þarf að hafa lífsreynslu. Ef prófessorinn og hagfræðingurinn hefði verið búinn að gera út bát í nokkur ár, hefði hann aldrei reiknað eftir þessum bókstöfum. Meira skal ég nú ekki tala um þetta að sinni.

Viðvíkjandi gengismálunum vildi ég taka það fram, að ég skal játa, að ég álít til bóta að leggja

niður útflutningssjóðinn. Hann hafði svo mikla galla í för með sér. Skilin voru sein, og það, sem prófessorinn benti hér á áðan, er réttmætt að því leyti til, að það var alls ekkert vit í því að leggja áherzlu á að flytja inn óþarfavörur. En hinu var ég algerlega á móti, að gengið væri lengra en það í gengislækkuninni, að gengið væri aðeins rétt af sem næmi útflutningssjóðnum, þannig að það skapaðist ekki frekar kjaraskerðing hjá neytendunum, og þá var það 25—27% meira, sem gengið var fellt, heldur en þurfti. Nú vil ég spyrja hv. sjálfstæðismenn: Halda þeir, að útvegurinn græði á því, að þeir fella gengið um 25% í viðbót við það, sem þeir gerðu í fyrra? Ímynda þeir sér það? Nei, ég efa, að þeir trúi því sjálfir. En ef útvegurinn græðir ekki á því að fella gengið um 25% nú, þá græddi hann ekki heldur á því í fyrra. Staðreynd er, að útgerðin getur aldrei grætt á gengislækkun hér á landi. Ég var að enda við að skrifa grein um þetta, og hún birtist í Tímanum á morgun eða hinn daginn, þar sem ég rökstyð, að kaupið tekur 40% af brúttótekjum bátsins nú, og er algerlega miðað við brúttótekjur. Ef fiskurinn hækkar í verði, vegna þess að gengið er lækkað, þá hirða sjómennirnir sitt, og þetta er út af fyrir sig kostur, því að þetta freistar ekki útgerðarmannanna að óska eftir gengislækkun. En það er einmitt þessi barnaskapur, sem bæði hagfræðingarnir og útgerðarmennirnir hafa látið blekkjast af. Þeir halda, að þeir geti grætt á því, að kaupið standi í stað, en þeir fengju fleiri krónur fyrir fiskinn. En þetta hefur bara ekki verið, vegna þess að sjómennirnir hafa ýmist fengið hækkunina sama árið eða næsta ár á eftir, svo að þarna eru bæði útgerðarmenn og sérfræðingar ríkisstj. að elta sitt eigið skott, og þeir eru búnir að gera það nógu lengi. En hinir liðirnir, sem tilheyra útgerðinni, eru allir bundnir við gengið, sem nokkru máli skipta. Það eru veiðarfæri fyrst og fremst. Á netaveiði hirða þau um 40% af aflaverðmæti. Svo eru tryggingarnar. Það vita allir, að það þarf að tryggja skipin fyrir hærri upphæð, ef gengið breytist, og mennina líka, heildartryggingarnar verða að hækka. Svo er olía, beita og annað slíkt, sem allt fylgir genginu, þannig að það er útilokað að græða á gengislækkun og skapar ekkert annað en aukinn rekstrarfjárskort og erfiðleika fyrir útgerðina og er hin versta blekking. Það var þetta, sem ég var á móti.

Nú er ekki hægt að neita því, að fólkið hefur orðið fyrir kjaraskerðingu. Það er rétt, að ríkisstj. reyndi að bæta þessa kjaraskerðingu að nokkru með fjölskyldubótum og lækkuðum tekjuskatti, en við vitum, að peninga, sem fólk fær án þess að vinna fyrir þeim, metur það lítils, og svo fá ekki allir þessa fyrirgreiðslu, og þess vegna er ástandið þannig nú, að það er óhjákvæmilegt að bæta kjör fólksins. Sjómenn eru búnir að fá 10—11% kauphækkun, — ég reiknaði það út. Það er aldrei hægt að fullyrða um það endanlega, vegna þess að verðflokkun á fiskinum getur breytt tekjunum, en þeir hafa alltaf fengið 10—11% kauphækkun með samningunum nú. Ég tel, að kjörin séu ekki ósanngjörn um skiptingu milli útgerðar og sjómanna, þannig að í raun og veru megi báðir aðilar vel við una. Þeir voru betur launaðir en óbreyttir verkamenn áður. Óbreyttir verkamenn, verzlunarfólk, iðnaðarfólk og bændur voru verr launaðir, og þess vegna álít ég óhjákvæmilegt að samræma kjörin, og ég er sannfærður um, að eina leiðin, sem ríkistj. getur farið, eina skynsamlega leiðin, er að lækka verðlagið í landinu, og það getur ríkisstj. gert með tvennu móti, með því að hækka gengið lítið eitt og með því að leggja niður 8.8% söluskattinn. En um leið verður hún að lækka útgjöld ríkisins, og það getur hún gert með því að afnema fjölskyldubætur með fyrstu tveimur börnunum, lækka framlag til atvinnuleysistrygginga, og ef almennt vöruverð lækkar í landinu, er hægt að lækka almannatryggingar líka. En kjör fólksins eru þannig í landinu, verkamanna, sem vinna fyrir 5 þús. kr. á mánuði, og verzlunarfólks og yfirleitt allrar alþýðu, að það þarf annaðhvort að gera, að hækka kaupið í krónutölu eða auka verðgildi peninganna, og sú leiðin, sem ríkisstj. á að fara, er að auka verðgildi peninganna. Ef verkalýðssamtökin vilja ganga inn á þá lausn, sem ég efast satt að segja ekki um að þau vilji, þá á ríkisstj. hiklaust að gera þetta. En reynslan mun sýna það, að aðra hvora leiðina verður að fara.

Viðvíkjandi ásökunum hv. 11. þm. Reykv., að stjórnarandstaðan nú hefði sýnt óábyrga afstöðu, þá má það vel vera, að við höfum ekki sýnt fullkomlega ábyrga afstöðu til einstakra mála, en ég vil bara minna prófessorinn á það: Hvaða tillögur gerðu sjálfstæðismenn til úrbóta, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu í tíð vinstri stjórnarinnar? Ég heyrði þær aldrei, varð aldrei var við þær. En ég álít hitt, alveg eins og prófessorinn tók fram, að stjórnarandstaða á hverjum tíma, það er eðlilegt og heilbrigt að gagnrýna, en hún á vitanlega að segja til um, hvað hún vill gera, og svo á fólkið að dæma í kosningum. Ég er prófessornum algerlega sammála um það. Hitt er ég honum ekki sammála um, að við höfum hagað okkur verr í stjórnarandstöðu en hans eigin flokkur, síður en svo.

Viðvíkjandi því, að engir peningar séu til til að bæta kjör fólksins í landinu, þá er náttúrlega ekki hægt að neita því, að þegar eytt er í ábyrgðarlítið brask, eins og togarakaupin nú, þó að ég vilji engan veginn segja, að það sé eingöngu sjálfstæðismönnum að kenna, síður en svo, þá er eins hægt að verja fjármununum til einhvers annars. Ég held hinu fram líka, að hin mikla kjaraskerðing, sem varð af óþarflega mikilli gengisfellingu, var óþörf, og það verður óhjákvæmilegt að leiðrétta hana.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var í tilefni af nokkrum orðum, sem féllu hjá hv. 11. þm. Reykv., þar sem mér þótti hann fara nokkuð úr hófi fram rangt með staðreyndir, sem ég vildi gera nokkrar athugasemdir.

Hv. þm. ræddi hér þá yfirlýsingu, sem vinstri stjórnin á að hafa gefið í sambandi við lausn vinnudeilnanna haustið 1958. Hann sagði, að ríkisstj. hafi þá lýst því yfir, að þá kauphækkun, sem þá var um samið, mætti leggja á vöruverðið og velta henni þannig yfir á neytendur í landinu, og við þetta hefðu atvinnurekendur að sjálfsögðu ekkert haft að athuga, og af því hefðu þeir sam-

þykkt kauphækkunina. Það er nú alveg vitað mál, að hv. þm. getur ekki haft neitt sér til afsökunar að segja jafnmikla staðleysu sem þetta, nema það, að hann hafi trúað því, sem hans flokksblöð hafa margendurtekið sagt ósatt í þessum efnum. Annað getur það ekki verið. Hann hlýtur að hafa séð það, sem um þetta hefur verið upplýst af réttum aðilum á sínum tíma og það oftar en einu sinni.

Hvaða yfirlýsing var það, sem þarna var gefin, og hvernig var hún í sambandi við það, sem höfðu verið gefnar yfirlýsingar í hliðstæðum tilfellum áður? Sú yfirlýsing, sem þarna var gefin, var þannig, að ríkisstj. sagði, að eftir að hið nýja kaup tæki gildi, mundi verða miðað við hið nýja kaupgjald við útreikninga á verðlaginu. Um þetta var yfirlýsingin, nákvæmlega það sama sem hafði gilt í öllum tilfellum áður. Og vegna hvers vildu vinnuveitendur fá þetta fram nú eins og áður? Það var skýrt tekið fram hjá þeim, að þar sem um er að ræða, að ýmsir þættir atvinnurekstrarins í landinu framselja vinnulaun, eins og t. d. vélsmiðjurnar í landinu, þær framselja vinnulaun og fá síðan samkvæmt ákvörðun verðlagsyfirvaldanna í landinu að leggja tiltekna prósentu á þetta framselda vinnuafl, — þær vildu vitanlega fá að reikna í þessari verðlagningu hina seldu vinnu á því verði, sem þá hafði verið um samið, en ekki á löngu liðnum kauptaxta. En hins vegar var ekki nokkur minnsta yfirlýsing í þessu tilfelli gefin um það, að álagningin skyldi verða sú sama og áður var, það var leyfilegt að breyta álagningunni í hverju einstöku tilfelli og var gert í ýmsum greinum. Og þeim, sem vildu reyna að snúa mest út úr þessu á eftir, stjórnarandstæðingar þá, var gefinn kostur á því af ríkisstj. að vera með í þeirri stofnun í landinu, sem réð verðlaginu, að sjá um það, að þessi kaupgjaldshækkun, sem þarna var samþykkt, færi ekki út í verðlagið. Þeim var boðið upp á það af ríkisstj. allri í innflutningsskrifstofunni að sjá um það, ef þeir vildu styðja það, að verðlagið í landinu hækkaði ekki um einn einasta eyri, heldur yrði samkvæmt réttum leikreglum álagningarprósentan í hverju tilfelli minnkuð sem þessu næmi. En hvernig snerust þá við flokksbræður hv. 11. þm. Reykv.? Þeir neituðu því þá að vera með þessum tillögum og hótuðu beinlínis stöðvunum í sambandi við mikilvæga þætti atvinnurekstrarins í landinu. En þeirra hlutverk hafði auðvitað verið það að berjast fyrir því, bæði áður og eftir, að reyna að halda álagningunni uppi sem hæstri, og því miður tókst ekki alltaf samstaða innan vinstri stjórnarinnar um að halda álagningarprósentunni svo langt niðri sem hefði vissulega verið hægt og verið þörf á. Hitt dettur vitanlega engum manni í hug, að eftir að samið hefur verið um tiltekið kaup og það almennt í landinu, þá verði ekki það kaup lagt til grundvallar í verðlagsútreikningum í landinu. Vitanlega verður reiknað með því kaupgjaldi í verðlagsútreikningum. Hitt stendur eftir sem áður opið, hvað menn vilja leyfa mikla álagningu. Það er gefið mál, að jafnt í sambandi við verzlunina í landinu, hið almenna vöruverð sem annað, mundu verðlagsútreikningar vera á eftir byggðir upp á því að miða við innkaupsverð og miða við vinnulaunakostnað, en sú tala, sem enn var opin og menn gátu hreyft til eins og þeir vildu, það var álagningarprósentan. Það hefur engum manni komið til hugar að neita því að miða við þetta kaupgjald, sem þá hafði verið um samið, í almennum verðlagsútreikningi, það var ekkert annað en útúrsnúningur. En hitt var vitanlega skiljanlegt mál, að þeir aðilar, sem voru í hópi vinnuveitenda, nokkrir stórir, sem fyrst og fremst framseldu vinnuafl, þeir vitanlega óskuðu eftir því, að við það framsal yrði miðað við hið nýja kaup. Það er líka mesti misskilningur hjá þessum hv. þm., að vinnuveitendur hafi fyrst samið um kaupgjaldshækkunina í þessari vinnudeilu, þegar þetta lá fyrir, vegna þess að um þetta varð aldrei neinn ágreiningur og hefur ekki verið á undanförnum árum í sambandi við vinnudeilur, aldrei. Í öllum tilfellum hafa verðlagsyfirvöldin farið þannig að, að þau hafa miðað við það kaupgjald, sem um var samið á hverjum tíma, alltaf. En álagningarprósentuna hafa þau hreyft til á hinum ýmsu tímum. Auðvitað er það t. d. gefið mál, að verði nú almennar kauphækkanir í þessu landi, þá verður auðvitað, eftir að þær kauphækkanir hafa verið samþykktar í verðlagningarstofnuninni, miðað við það kaupgjald, en ekki löngu liðið kaupgjald. Hitt er vitanlega allt annað mál, hvort þarf að láta almennt vöruverð í landinu hækka af þessum ástæðum eða ekki, hvort ekki er hægt að taka jafnframt tillit til annarra þátta í atvinnurekstrinum, sem kunna að hafa bætt aðstöðu atvinnurekstrarins til að geta staðið undir kauphækkuninni.

Þá kem ég nokkru nánar að ástandinu, sem var hér 1958, þegar þessi kaupgjaldshækkun fór fram. Hvernig var afkoman á árinu 1958, þegar kaupið var hækkað frá 6—9.5%? Jú, opinberar skýrslur, sem ég veit að hv. 11. þm. Reykv. kannast við, sýna, að á þessu ári jókst þjóðarframleiðslan nærri 13%. Framleiðsluaukning í sjávarútveginum var 20.8% á þessu ári. Spurningin var sú: Var með öllu óeðlilegt, að launþegar í landinu vildu fá nokkra hlutdeild í þeim auknu þjóðartekjum, sem urðu á þessu ári? Ég veit líka, og hv. 11. þm. Reykv. veit það, að nú liggur fyrir samkv. opinberum skýrslum, að meðaltalsaukning á þjóðarframleiðslunni undanfarandi fimm ár er 6.5%, — 6.5% meðaltalsaukning á ári síðustu fimm árin. Spurningin er auðvitað sú: Er það eðlilegt á þeim tíma, sem þetta gerist, að þá sé kaup jafnvel hinna lægst launuðu í landinu lækkað með lögum frá Alþingi eða beinum stjórnarráðstöfunum, annaðhvort á beinan eða óbeinan hátt, svo að segja frá ári til árs? Ég held því fram, að það sé engin ástæða til þess og að efnahagsafkoma þjóðarinnar í lok ársins 1958 hafi ekki gefið tilefni til þess á neinn hátt.

Það er alveg rétt, að við áttum auðvitað við að búa árið 1958 ýmiss konar vanda í okkar efnahagslífi, þrátt fyrir það þó að við hefðum haft gott ár og miklar tekjur almennt séð. Á því ári stóð þjóðin í stórkostlegri uppbyggingu, réðst í meiri framkvæmdir en jafnan áður. Keypt voru mjög dýr tæki til landsins, og ráðizt var í byggingu stórverksmiðja og stórra raforkuvera. Sú mikla fjárfesting, sem var á árinu 1958, leiddi eðlilega til þess, að gjaldeyrisstaðan var ekki eins góð og menn hefðu annars kosið. En nú verða stjórnarsinnar að viðurkenna það, þegar þeir hafa stjórnað

eftir sinni viðreisnarstefnu í eitt ár og orðið að taka við meiri greiðsluhalla í viðskiptunum við útlönd heldur en nokkurn tíma hefur verið áður á einu ári, — nú verða þeir að afsaka þennan mikla greiðsluhalla með því, að hann stafi af því, að við höfum verið að kaupa mikið af dýrum og varanlegum tækjum og flytja þau inn í landið á þessu ári. Þetta er rétt. Það er nefnilega ekki hægt að standa í því á einu og sama ári að kaupa mikið af skipum og ráðast í miklar stofnframkvæmdir, án þess að það eyðist við það gjaldeyrir, og þó að gjaldeyristekjurnar á viðkomandi ári séu allmiklar, getur orðið, þegar svo stendur á, nokkur greiðsluhalli í viðskiptum við útlönd, á meðan á þessu stendur. Þetta hafa þeir viðreisnarmenn fengið að finna nú á árinu 1960. En það var nákvæmlega þetta sama, sem var að gerast í efnahagsmálum landsins árið 1958. Þá stóð þjóðin í stórfelldum framkvæmdum á þennan hátt. Þá var að vísu ástandið miklu betra en nú að því leyti til, að þá náðum við þrátt fyrir gífurlega mikla fjárfestingu, þrátt fyrir gífurlega mikla eyðslu í varanleg verðmæti, nokkurn veginn greiðslujöfnuði á því ári. Greiðsluhalli á árinu 1958 er talinn 90 millj. kr. En opinberar skýrslur sýna það, að birgðaaukning á því ári af útflutningsvörum var líka 90 millj. kr., svo að raunverulega stóðum við án greiðsluhalla á árinu 1958 þrátt fyrir þessa gífurlega miklu fjárfestingu og miklu framkvæmdir. En nú hins vegar á árinu 1960 er þessu öðruvísi varið. Greiðsluhallinn við útlönd er 460 millj. kr. á árinu 1960, en þá er líka gengið á útflutningsbirgðirnar í landinu um 200 millj. kr. Hefðum við nú í árslokin 1960 átt jafnmikið af framleiddri útflutningsvöru og við áttum í ársbyrjun, hefði greiðsluhallinn orðið yfir 200 millj. kr. meiri en hann varð, eða um 660 millj. Það er vegna þess, að þó að við getum skýrt nokkuð mikið af þessum mikla greiðsluhalla með miklum framkvæmdum eða innflutningi dýrra tækja, þá er afkoman á árinu 1960 miklum mun verri en afkoman var á árinu 1958.

Það, sem flokkur hv. 11. þm. Reykv., Sjálfstfl., kaus að segja árið 1958, stafaði af því, að hann vildi reyna að halda því fram, að staða þjóðarinnar í efnahagsmálum væri svo að segja orðin vonlaus, og hann vildi mála upp þessa erfiðleika fyrst og fremst til þess að réttlæta fyrirhugaðar ráðstafanir, sem forustumenn flokksins höfðu þá í huga og allar miða að því að skerða lífskjör almennings í landinu. Því var því haldið fram, að staðan 1958 væri svo slæm, að hún gæti ekki mætt þessari litlu kauphækkun, sem þá var samþykkt, og það þyrfti beinlínis að grípa til ráðstafana, sem miðuðu að því að lækka kaupið í landinu.

Hv. þm. ræddi hér nokkuð um það, að við stjórnarandstæðingar hefðum ekki bent á neinar leiðir út úr erfiðleikum þjóðarinnar í efnahagsmálum, og það væri þó munur á þeim, sem styddu stjórnina, að þeir hefðu þó þessa viðreisnarstefnu, svo ill sem hún væri. Nú veit hv. þm., að þessu er ekki svo farið. Í andstöðu okkar hér á Alþingi höfum við greinilega bent á, hvaða leiðir við hefðum viljað fara í þessum efnum, sem hins vegar stjórnarflokkarnir hafa ekki viljað hlusta á. Ég skal hér drepa á nokkur atriði aðeins, af því að það yrði auðvitað allt of langt mál að fara í það að rekja okkar tillögur allar í þessum efnum.

Það er enginn vafi á því, að það hefur verið meginatriði í stefnu núv. ríkisstj. að ætla sér að jafna hallann, sem verið hefur á gjaldeyrisviðskiptum þjóðarinnar við útlönd, sem hefur verið eitt aðalvandamálið, — að ætla sér að jafna þetta á þann hátt að hugsa sér almennan stórfelldan niðurskurð í landinu á framkvæmdum og kaupgetu. Þetta hefur verið stefnuatriði núverandi ríkisstjórnar, að ætla að ná jöfnuði á þann hátt að minnka kaupgetuna í landinu. Það átti að minnka framkvæmdir í landinu. Það átti að draga úr innflutningi og þrengja þær reglur, sem í gildi hafa verið í sambandi við útlán banka, hækka útlánsvexti gífurlega, allt miðandi að því að draga saman í efnahagskerfinu sem heild. Nú er enginn vafi á því, að stjórnarflokkarnir hafa gert sér fulla grein fyrir því, að þessi samdráttarstefna mundi hafa þá afleiðingu, að hún drægi einnig úr tekjusköpun hjá þjóðinni, að hún yrði ekki aðeins þess valdandi, að tekjur hinna lægst launuðu í landinu kynnu að lækka og neyzla þeirra nokkuð að minnka, heldur hafa þeir gert sér fyllilega grein fyrir því, að það mundi ekki vera hægt að halda uppi þessari stefnu, án þess að kæmi til nokkurrar þjóðarteknaminnkunar eða samdráttar í þjóðartekjunum.

Við hins vegar höfum haldið því fram, að það ætti að fara í þessum efnum gersamlega aðra leið, það væru til ýmsar leiðir, sem stefndu að því marki að auka þjóðarframleiðsluna, eins og gert var á tímum vinstri stjórnarinnar. Það sýna opinberar skýrslur, að aldrei hafi verið nýttur betur skipastóll landsmanna og þau atvinnutæki, sem við réðum yfir, en einmitt á árunum 1957 og 1958, vegna þess að stefnan, sem þá ríkti, var beinlínis miðuð við það að reyna að bæta kjör útflutningsframleiðslunnar og þeirra manna í þjóðfélaginu, sem unnu að framleiðslu á útflutningsvörum. Það var hlynnt að útflutningnum, eftir því sem tök voru á, og útkoman varð sú, að árið 1957, þegar þjóðin þó bjó við mjög svipuð atvinnutæki og hún bjó við á árinu 1956, varð starfræksla framleiðslutækjanna t. d. fyrri hluta ársins, á sjálfri vetrarvertíðinni, rúmlega 20% meiri en hún hafði verið á vetrarvertíðinni árið á undan. Meðaltalsaukningin á því, hvernig bátaflota landsmanna þá var beitt, hvað margir bátar stunduðu veiðar á vetrarvertíðinni í hverjum einstökum mánuði og hvað margir menn unnu þá á flotanum, sýnir þetta, að þessi tæki okkar voru nýtt um það bil 20% betur en árið á undan. Og þetta hélt enn áfram á árinu 1958. Bæði þessi ár var það svo, að þá var ekki um framleiðslustöðvun að ræða einn einasta dag vegna ágreinings um kaup og kjör eða vegna ósamkomulags framleiðenda við ríkisvaldið. Þá var séð um það í tæka tíð, að flotinn þyrfti ekki að stöðvast, og var hægt að reka framleiðslutækin allan þann tíma, sem aðstæður að öðru leyti leyfðu. Og út úr þessu höfðum við það, að við fengum yfir 20%, eins og ég sagði, yfir 20% framleiðsluaukningu árið 1958. Það var líka séð um það á þessum tíma, öfugt við það, sem hefur verið nú, að svo væri um hnútana búið, að það væri alltaf búið að selja

meira af framleiðsluvörum okkar en búið var þá að afla, þannig að við þurftum að keppast við allt árið að hafa upp í fyrirframgerða samninga, og við höfðum þá tryggt okkur þá beztu markaði, sem um var að ræða. Nú t. d. er ástandið þannig, að við vitum, að hversu mikið sem veiðist af síld, er ekki hægt að nýta hana nema á þann ófullkomnasta hátt, sem til er. Við getum ekki fryst meira af síld en við erum búnir að gera. Af hverju? Það liggur þó fyrir, að okkar aðalmarkaðir, sem hafa keypt af okkur frosna síld, t. d. í Tékkóslóvakíu, Austur-Þýzkalandi og Póllandi, þessir aðilar hafa sagt: Við erum tilbúnir til að kaupa margfalt meira magn en við höfum þegar tekið, — af því að þeir hafa not fyrir þetta. En við getum ekki selt þeim meira en við erum búnir, þó að skipin okkar séu full af síld, vegna þess að það er búið að haga innflutningsmálunum þannig, það er búið að kaupa þær vörur frá öðrum þjóðum, sem höfðu lánað okkur til bráðabirgða gjaldeyri til þess að kaupa þaðan vörurnar, sem við áður keyptum frá þessum löndum og opnuðum okkur markað fyrir, og því geta þær ekki keypt af okkur þessar vörur, sem þær gjarnan vilja fá, af því að röng viðskiptapólitík er búin að loka fyrir okkur þessum mörkuðum, og þjóðin tapar vitanlega á öllu saman. Hið nákvæmlega sama er að segja í sambandi við sölu á saltsíld til Austur-Þýzkalands, en það land hefur einmitt gjarnan viljað kaupa af okkur allmikið magn af slíkri síld, sem við veiðum hér yfir veturinn, á haustin og veturna, sem er ekki af sömu gæðum eða sömu gerð og okkar Norðurlandssíld, allmiklu magrari síld og nokkuð misstór. En við getum ekki notfært okkur nú þennan markað, sem við vitum þó um, vegna þess að viðskiptajöfnuður okkar við landið er svo óhagstæður. Okkar innflytjendur hafa snúið innkaupum sínum frá þessu landi og til annarra landa, sem kaupa ekki af okkur nema lítið. Þessi ranga viðskiptastefna beinlínis miðar að því að draga úr tekjum þjóðarheildarinnar.

Það er enginn vafi á því, að sú ranga efnahagsmálastefna, sem nú er rekin, þessir gífurlega háu vextir, sem hér hafa verið gildandi, og þær reglur, sem settar hafa verið um útlán, hafa beinlínis ýtt á það, að bæði fiskibátar og togarar hafa neyðzt til þess í mörgum tilfellum að sigla með aflann óunninn á erlenda markaði, þjóðarheildinni til tjóns, því að auðvitað hefðum við fengið miklum mun meira fyrir þennan afla, ef hann hefði verið fullunninn í landinu. Og útkoman hefur orðið sú, að á s. l. ári dró stórlega úr því magni, sem við höfðum áður framleitt af frosnum fiski, en auðvitað jókst það magn, sem við fluttum út sem ísvarið. Röng viðskiptastefna og röng efnahagsmálapólitík miðar í þessum efnum að því að skerða tekjur þjóðarheildarinnar. Við höfum bent á þetta oft áður. Við viljum haga þessari stefnu á allt annan hátt en nú er gert. Sú stefna núv. ríkisstj. að ætla sér að knýja fram þá kjaraskerðingu, sem hún hefur stefnt að, hlaut vitanlega að leiða til þess fyrr eða síðar, eins og við höfum alltaf bent á, að það yrðu stórfelldar framleiðslustöðvanir í landinu, sem drægju úr þjóðarframleiðslunni, úr þjóðartekjunum.

Hvernig er þetta komið nú? Það er komið þannig, að nú er liðinn einn og hálfur mánuður af þessu ári. Hvað skyldum við hafa fryst mikið af fiski nú, — það er okkar aðalútflutningsiðnaður, — hvað skyldum við hafa fryst mikið af fiski nú á þessum eina og hálfa mánuði, borið saman við það, sem var í fyrra? Aðeins lítið brot. Stærsta vetrarvertíðarverstöðin okkar hefur verið án starfrækslu atvinnutækja nú í einn og hálfan mánuð, og ætti þetta að vera augljóst fyrir stjórnarvöldin. Það er þannig, að allan janúarmánuð lá Vestmannaeyjaflotinn bundinn vegna ágreinings, sem upp kom milli útgerðarmanna þar og eigenda fiskvinnslustöðvanna eða öllu heldur nokkurra vildarvina ríkisstj. hér í Reykjavík, eða m. ö. o.: samtök í Vestmannaeyjum, samtök atvinnurekenda, sem eru undir stjórn þeirra manna, sem hafa verið stuðningsmenn ríkisstj., þekktir sjálfstæðismenn, um allt land, — samtök þeirra hafa stöðvað atvinnutækin í allan janúarmánuð, vegna þess að þeir vilja ekki fallast á þá stefnu í þessum málum, sem ríkisstj. ætlar að reyna að knýja fram. Og sama hefur gerzt hér. Sú stöðvun, sem aðallega hefur orðið hérna við Faxaflóa að undanförnu, er í sambandi við deilu við yfirmenn. Þar er annars vegar Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, og stjórn þess er skipuð að miklum meiri hluta þekktum sjálfstæðismönnum, og forseti sambandsins er einn af fyrrv. þm. Sjálfstfl., Ásgeir Sigurðsson. Þessir menn hafa líka risið upp og sagt, að þeir yndu ekki við þessa stefnu. Þeir hafa líka heimtað leiðréttingu á sínum kjörum, sem búa þó auðvitað við miklu betri almenn launakjör en hinir lægst launuðu á bátunum og í landi. Og við vitum, að það eru ekki aðeins þessar vinnudeilur, heldur eru þær um allt, og allt miðar þetta að því, að ríkisstj. með þessari röngu efnahagsmálastefnu sinni skerðir þjóðartekjurnar, hún dregur úr þeim, og svo ætlar hún að sanna á eftir, að af þessum ástæðum verður auðvitað að lækka kaupið.

Stefna ríkisstj., sem miðaðist við það að ætla að leysa þann vanda, sem var að vissu leyti í sambandi við gjaldeyrisviðskipti þjóðarinnar við útlönd, með samdráttaraðferðinni, er alröng, og hún er óhagstæð fyrir þjóðarheildina. En það var fullkomlega hægt að treysta á hina leiðina, eins og málum var komið hjá okkur, að við gætum vel náð greiðslujöfnuði í viðskiptum okkar við útlönd með því að hafa nokkra stjórn á okkar fjárfestingu, láta hana ekki vera jafnstjórnlausa og hún því miður var, einnig í tíð vinstri stjórnarinnar, og með því að treysta á það, að við gætum haldið hér uppi kröftugri framleiðslu og við gætum treyst á framleiðsluaukningu, en ekki samdrátt. Hér er vitanlega um gersamlega aðra stefnu að ræða en þá, sem ríkisstj. hefur rekið, og er enginn vafi á því, að hv. 11. þm. Reykv. veit mætavel um það, að í þessum efnum er stefna okkar allt önnur en stefna ríkisstj., og hann veit, hver stefna okkar er í þessum efnum.

Ég skal líka drepa hér á eitt annað atriði, sem ég tel mjög mikilvægt og sýnir grundvallarmun í stefnu núv. ríkisstj. í efnahagsmálum og stefnu t. d. vinstri stjórnarinnar og í rauninni miðað við stefnu margra annarra ríkisstjórna, sem höfðu verið við völd fyrir daga viðreisnarstjórnarinnar. En það er það atriði, að núv. viðreisnarstefna er byggð á því

að setja hagsmuni og kröfur innflytjendanna, sem kaupa inn vörur til landsins, setja þeirra hagsmuni númer eitt, en setja hagsmuni útflytjenda og útflutningsins númer tvö. En það er auðvitað enginn vafi á því, að þannig hafði það verið um nokkurt árabil, að heildarstefnan í viðskiptamálum þjóðarinnar var sú að hafa hagsmuni útflutningsins nr. 1, en kröfur innflytjenda yrðu að vera þar í öðru sæti, eða m. ö. o.: *sú stefna var hér látin gilda* að verulegu leyti, hefði auðvitað mátt færast betur út en gert var, að hér var almennt sagt: Við verðum að tryggja okkur örugga og góða markaði fyrir þá vöru, sem við framleiðum. Við verðum að tryggja okkur örugga sölu á því, sem við getum framleitt. Og við verðum síðan að segja við þá, sem annast innflutninginn: Þið getið fengið að spila úr þessu, sem svona hefur til unnizt, eftir því sem hægt er, og innflutningurinn verður að miðast við þetta. — En nú var þessu gersamlega snúið við. Nú var sagt: Nei, nú tökum við stór erlend lán upp á 800 millj. kr., fáum okkur þannig gjaldeyri í kassann, sem er lánsfé. — Og síðan er sagt við innflytjendur, auðvitað eftir þeirra eigin kröfum og duttlungum: Nú getið þið keypt inn það, sem þið viljið, og þar sem þið viljið, eftir því sem ykkur hentar nú bezt, — algerlega án tillits til þess, hvort nokkurt öryggi væri fyrir því, að útflutningur og framleiðsla þjóðarinnar gæti raunverulega lagt til þann gjaldeyri, sem til þyrfti til að borga þennan innflutning. Og það er vitanlega augljóst, að af þessu hlaut að leiða, þessari stefnubreytingu, að það yrði komið til útflutningsins eftir einhverjum leiðum fyrr eða síðar og sagt við útflytjendur: Þið verðið að selja framleiðslu ykkar á þau gjaldeyrissvæði, hvort sem ykkur líkar það betur eða verr, og fyrir það verð, sem þar fæst, til þess að við getum fengið þann gjaldeyri, sem við þurfum að fá, til þess að borga þær skuldir, sem við erum búnir að efna til. — Það er þetta, sem hefur verið að gerast, útflutningi landsmanna til tjóns. Það hefur verið stofnað til mikils innflutnings á alls konar vörum frá hinu svonefnda harða gjaldeyrissvæði, án þess að væri bent á það, að þar hefðu skapazt nokkrir nýir markaðir frá því, *sem við höfðum haft í þeim löndum áður.* Og auðvitað er það svo, að ef við a. m. k. búum við jafnmikla framleiðslu eða vaxandi framleiðslu frá því, sem áður var, þá rekur okkur í strand í sambandi við þessa efnahagsmálastefnu. Það er enginn vafi á því. Og okkar útflutningur er farinn að gjalda þessa í *stórum stíl*, en þó mun það koma miklu sárar og meir fram á næsta ári en gerist á árinu 1960. Það voru nefnilega þær aðstæður fyrir hendi, að það var nokkuð hægt að draga á þessa hluti í nokkra mánuði, en vitanlega hlaut að koma að því og hlýtur að koma að því, að þarna skapast erfiðleikar. Þannig er þetta, og það er vitanlega hægt að nefna þetta í mörgum öðrum greinum, hvernig stefna núv. ríkisstj. hefur miðað að því að draga saman tekjur þjóðarinnar. Og þegar við höfum gert athugasemdir við þessa stefnu, höfum við einnig gert grein fyrir því, hvernig við vildum hafa þetta á annan veg.

Það hefði að vísu verið nokkurt tilefni til þess að ræða hér um hugleiðingar þær, sem komu hér fram hjá hv. 11. þm. Reykv. um vaxtapólitíkina. Ég verð að segja það, að mig undrar það, að hann skuli halda fram slíkum kenningum sem hann gerði hér í sambandi við vaxtapólitík. Það var helzt að skilja á málflutningi hans, að það yrði að hafa vextina svo háa, að þeir gætu fyllilega bætt upp þá verðrýrnun á höfuðstól peninganna, sem margfaldar gengisbreytingar eða verðbólga kynnu að hafa orsakað á undanförnum árum. Dettur nú hv. þm. í hug, að það sé stætt á þessari leið og yfirleitt nokkur þjóð hafi treyst sér til þess að fylgja fram þessari stefnu? Við skulum taka dæmi. Við skulum hugsa okkur, að það gerist, sem flokkur þessa hv. þm. er að hóta þessa dagana, að verði almenn kauphækkun nú í vetur eða vor, þá verði að lækka gengið. Þýðir það þá um leið, að þá *eigi að hækka vextina?* Og enn verður þetta eflaust gert, því að því hefur verið haldið fram, að það verði vitanlega að lækka gengið, jafnóðum og kaupið hækkaði, og alltaf á að hækka vextina. (**Forseti:** Má ég benda hv. þm. á, að venjulegur fundartími er nú liðinn, og ef hann á eitthvað eftir —) Nei, ég gæti nú lokið ræðu minni, (**Forseti:** Ég vildi gjarnan fá að fresta fundinum, og þm. gæti þá haldið áfram næst, ef ræðunni er ekki lokið.) Nei, ég á lítið eftir, en ég get vitanlega hætt, ef forseti óskar þess.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 1. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ákveðin var á sínum tíma ein umr. um þessa till. Það er nokkuð langt síðan umr. hófst, því að það var hinn 1. febr., að vísu á þessu ári, en ekki í fyrra. Síðan fór fram framhaldsumræða fyrir hálfum mánuði, 15. febr., og var þá enn frestað, og er nú málið tekið upp hér í þriðja sinn.

Það hafa nokkrir menn rætt um þessa till., og meðal þeirra var hv. 11. þm. Reykv. Hann fór vítt yfir og lét gamminn geysa. Hann minntist *m. a. í ræðu sinni* 15. *febr.* á uppbótakerfið, sem svo hefur verið nefnt og var hér í gildi, áður en gengisbreytingin var gerð í fyrra, er raunar að nokkru leyti notað enn, því að niðurgreiðslurnar á vöruverði eru aðeins einn þáttur uppbótakerfisins. Hv. þm. hélt því fram, að það hefði ekki verið *hægt að notast við þetta fyrirkomulag áfram*, vegna þess að skilyrði fyrir því, að hægt sé að nota það, sé það, að við tökum á hverju ári stórlán erlendis til þess að flytja inn fyrir þá peninga hátollavörur. Þetta er sama kenningin og nafni hans, hæstv. forsrh., hélt fram í fyrra, þegar rætt var um efnahagsmálin, og það var mælt þá þegar á móti þessu og sýnt fram á, að þetta væri ekki rétt, þetta gæti ekki staðizt. Ég er ekki með því að gerast neinn málsvari uppbótakerfisins, þó að ég bendi á það, að vitanlega er hægt að nota slíkt fyrirkomulag. Það þarf aðeins að afla nægilegs fjár innanlands með innflutningsgjöldum eða á annan hátt til þess að vega á móti útflutningsuppbótum, sem veittar eru. Það er því hin mesta villukenning, að slíku kerfi sé ekki hægt að halda uppi með öðru móti en því

að taka stórlán erlendis og flytja inn fyrir það hátollavörur. Og ég er satt að segja hissa á því, að jafnskýr maður og hv. 11. þm. Reykv. er skuli taka upp þessa vitleysu, sem búið er að hrekja áður.

Ýmislegt fleira bar á góma í þessum umr. 15. febr. Hv. 11. þm. Reykv. talaði um það m. a. í ræðu sinni þá, að í nágrannalöndum okkar væri það þannig, að stjórnmálamennirnir yrðu að segja til um það, hvað þeir vildu gera í þjóðmálunum, fyrir kosningar. Hann sagði: Kjósendurnir þar heimta ábyrga afstöðu. Það mundi ekki þýða þar að segja: Þegar þið eruð búnir að kjósa okkur, þá skuluð þið fá að sjá, hvernig við viljum leysa viðfangsefnin. — Ef slíkt væri sagt á kjósendafundum í nágrannalöndum okkar, þá mundi bara vera hlegið að þeim frambjóðendum, sem héldu slíku fram. Þeir munu ekki fá nein atkv. Þar heimta kjósendurnir það, sagði hv. þm., af stjórnmálamönnunum, að þeir geri ákveðnar tillögur í ákveðnum málum. Allt sýnist þetta vera eðlilegt. En mig langar að spyrja þennan hv. þm.: Hvað mundu þeir segja í nágrannalöndunum, sem heimta að fá að vita það fyrir kosningar, hvað frambjóðendur hafa í hyggju, ef það kæmi nú fyrir, að einhverjir þeir, sem hefðu verið kosnir upp á kosningaloforðin, breyttu svo þveröfugt við það, þegar þeir væru komnir til valda? Hvað mundu þeir segja þar um þá stjórnmálamenn og stjórnmálaflokka t. d., sem hefðu lofað því fyrir kosningar að leiða þjóðina á veg bættra lífskjara, en færu svo þannig að eftir kosningar, þegar þeir væru komnir í valdaaðstöðu, að í staðinn fyrir að gera þetta, þá brýstu þeir þjóðinni aftur á bak til miklu lakari lífskjara en hún áður hafði? Og hvað mundu kjósendurnir þar segja við þá þm. og þá flokka, sem lofuðu því fyrir kosningar að stöðva dýrtíðaraukningu án þess að leggja nýja skatta á þjóðina, en létu svo verða sitt fyrsta verk, eftir að búið væri að kjósa þá og þeir væru komnir til valda, að stórauka dýrtíðina og leggja nýja skatta á þjóðina í ofanálag? Já, hvað mundu þeir segja í okkar nágrannalöndum við þessa menn og þessa flokka? Ætli þeir létu það nægja að hlæja að þeim? Skyldu þeir láta sér það nægja? Ég er ekki viss um það. Ætli þessir menn og þessir flokkar yrðu í hávegum hafðir hjá kjósendum, þegar þeir kæmu fram fyrir þá næst til að biðja um atkv.? Hve mörg atkv. ætli þeir fengju þá, ef þeir hefðu hagað sér með þessum hætti og breytt þveröfugt við það í fjöldamörgum efnum, sem þeir lofuðu fyrir kosningar?

Þá kom skömmu síðar í ræðu hv. 11. þm. Reykv. kafli um það, hvernig ástandið hefði verið, þegar vinstri stjórnin fór frá völdum seint á árinu 1958. Hann sagði, að í skýrslum, sem þá hefði verið útbýtt um efnahagsástandið, hefði því verið haldið fram, að óhjákvæmileg væri veruleg kjaraskerðing. Kjaraskerðingin var nú ekki meiri en það, sem þá var reiknað út af hinum færustu mönnum að þyrfti að vera, að það var hægt að halda óbreyttum kaupmætti launa, eins og hann var í október 1958. Tillögur þær, sem Framsfl. gerði þá um úrlausnir í efnahagsmálum, voru byggðar á því, að kaupmáttur launa héldist óbreyttur eins og hann var í október 1958. Hvað hafa menn svo fengið yfir sig síðan? Ég er ekki í vafa um það, að ýmsir, sem þá hindruðu áframhaldandi starf vinstri stjórnarinnar og þar með að búa við óbreyttan kaupmátt launa, eins og hann var í október 1958, þeir munu nú sjá, að betra hefði verið að fallast á þá lausn, sem þá var í boði, heldur en fá yfir sig það, sem yfir menn hefur dunið síðan, því að það vita allir, að kaupmáttur launa er nú miklu minni en hann var í okt. 1958. Og síðar í sömu ræðunni, sem hv. 11. þm. Reykv. flutti 15. febr., fór hann að tala um kaupgjaldsmál og var með ýmsar bollaleggingar um það, hvort atvinnuvegirnir mundu geta borið meira kaup eða ekki. Hann ræddi sem sagt töluvert um kaupgjaldsmálin. Vitanlega er það rétt hjá hv. þm., að þar kemur mjög til álita, hvað atvinnuvegirnir geta borið, alveg rétt. Það þarf vel að athugast, hvað er hægt að greiða. En það getur vitanlega farið að verulegu leyti eftir því, hvernig að atvinnurekstrinum er búið, t. d. af stjórnarvöldunum, hvað atvinnuvegirnir geta greitt hátt kaup, og það er ýmislegt fleira en það, sem hv. þm. nefndi í sinni ræðu, sem getur verið ástæða til að íhuga í sambandi við kaupgjaldsmál. Það mun láta nærri, að það séu um það bil 300 virkir dagar í árinu. Ég held, að það sé rétt út reiknað, að með því kaupgjaldi, sem nú er hjá verkamönnum hér í Reykjavík og ég held víðast annars staðar um land, sé útkoman sú, að verkamaður, sem vinnur 300 daga, 8 stundir á dag eða dagvinnutímann, hafi að meðaltali á mánuði 4134 kr. í kaup. Enginn virkur dagur má falla úr, til þess að hann nái þessu, en að vísu er þarna inni í hans sumarleyfi. Hann fær kaup, eins og kunnugt er, fyrir þá daga. Nú vil ég spyrja hv. 11. þm. Reykv.: Telur hann, að það sé hægt fyrir verkamenn að lifa á þessum launum, eins og kostnaðurinn er nú við að framfleyta lífinu? Mundi hv. þm. treysta sér til þess sjálfur? Nú veit ég það að vísu, að hann hefur hærri laun en þetta, enda á hann að hafa það, því að hann gegnir slíkri stöðu í þjóðfélaginu. Hann hefur varið nokkrum árum eða allmörgum af ævi sinni til að mennta sig og gegnir slíkri stöðu, að það er eðlilegt, að hann hafi hærra kaup, enda hefur hann það. En ég vil samt spyrja hann: Mundi hann treysta sér til þess að lifa á þessum tekjum? Hv. 11. þm. Reykv. er það vel lærður í tölvísi, að ég efast ekki um, að hann geti reiknað það út, hvernig þessi upphæð mundi endast honum til að kaupa fyrir hana lífsnauðsynjar og greiða öll þau gjöld, sem á mönnum hvíla yfirleitt. Og ég vil spyrja hann að lokum til viðbótar: Getur sú stjórnarstefna staðizt, sem krefst þess, að verkamenn lifi á mánaðarlaunum, sem eru rúmlega 4100 kr., eins og dýrtíðin er nú? Telur hv. þm., að sú stjórnarstefna geti staðizt?

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf. (LJós) flutti hér alllanga ræðu við síðustu umr. þessa máls og kom víða við. Margt var það bæði í ræðu hans og eins hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hér talaði áðan, sem tilefni gæfi til aths., en þar sem ræðutíma mínum við þessa umr. er nú lokið samkv. þingsköpum, get ég ekki farið, svo að neinu nemi, út í það að svara þessum hv. þm., nema með því að mismuna gróflega þá lipurð,

sem hæstv. forseti hefur sýnt mér með því að heimila mér að gera örstutta aths.

Ég vildi þá aðeins víkja að því, að hv. 4. þm. Austf. vék að þeirri yfirlýsingu, sem vinstri stjórnin gaf á sínum tíma fyrir Dagsbrúnarverkfallið í okt. 1958. Til þess að taka af vafa um það, út á hvað þessi yfirlýsing hefur gengið, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa hana upp, en hún hljóðar þannig:

„Sú meginregla skal gilda við ný verðlagsákvæði eftir gildistöku hins nýja Dagsbrúnarsamnings, að miðað sé við hið samningsbundna kaup við ákvörðun verðlagningar og nýjar verðreglur ákveðnar sem fyrst, hafi kaupbreytingin teljandi áhrif á verðlagsútreikninginn.“

Það er tvímælalaust, að þetta hafa atvinnurekendur skilið sem loforð um það, að þeir fengju að hækka verð á vöru og þjónustu, sem þeir seldu, sem kauphækkununum næmi. Hv. þm. benti að vísu á það, að þrátt fyrir þetta hefði mátt lækka álagningu og taka þannig kauphækkunina aftur, þannig að í yfirlýsingunni hefði í rauninni ekki falizt annað en það, að ríkisstj. mundi virða ákvæði verðlagslaganna um það, að tillit skyldi tekið til kaupgjalds sem kostnaðarliðar. En ef ekki hefði falizt annað en þetta í yfirlýsingunni, þá er hún atvinnurekendum auðvitað einskis virði, og þeir eru það lifsreyndir, að slíkt hefðu þeir ekki tekið gilt sem grundvöll fyrir samningum, enda er víst, að skilningur atvinnurekenda varð ákvarðandi fyrir verðlagninguna, eins og raunar kom fram í ræðu hv. þm. Hitt var auðvitað úr lausu lofti gripið hjá honum, þegar hann hélt því fram, að það að lækka álagningu hefði strandað á sjálfstæðismönnum í verðlagsnefnd, því að þeir áttu þá ekki nema einn fulltrúa af fjórum. Annars er það í rauninni ekkert nýtt, að vinnudeilur hafi verið leystar á þennan hátt eða með loforði ríkisstj. til atvinnurekenda um það, að þeir fái að hækka vöruverðið til samræmis við kaupgjald og velta þannig kauphækkunum yfir á launþegana sjálfa. Þannig hafa allar vinnudeilur í rauninni verið leystar s. l. 15 ár, eins og glögglega kemur fram í þeirri skýrslu, sem Alþýðusambandið lét semja um þróun kaupmáttar launanna síðan 1945. En þetta hefur verið því verði keypt, að kjörin hafa staðið í stað síðan, sem eðlilegt er, þar sem launþegarnir hafa verið látnir greiða sér kauphækkanirnar sjálfir.

Nú virtist, úr því að hv. þm. afsakaði svo mjög vinstri stjórnina og gerð hennar í því efni, það þó vera skoðun hans, að þetta væri ekki heilbrigt, að raunverulegar kjarabætur fengju verkamenn því aðeins, að atvinnurekendur greiddu þær sjálfir af eigin ágóða. Um það er ég honum út af fyrir sig sammála, en það gefur e. t. v. nokkra mynd af ósamræminu í þessum málflutningi. Hann fór hörðum orðum um það, að þær vinnudeilur, sem þá stóðu yfir, t. d. í Vestmannaeyjum, skyldu ekki hafa verið leystar og gengið að verulegu leyti a. m. k. til móts við kröfur verkamanna. Í því fólst í rauninni, að hann teldi, að nú væri sá möguleiki fyrir hendi, sem hefði ekki áður verið, að atvinnurekendur gætu greitt kauphækkanirnar af gróða sínum. Það var nú gott og blessað, en hinn helmingurinn af ræðu hans gekk bara út á að sýna fram á það, að vegna þess, hvernig efnahagsmálaráðstafanirnar hefðu leikið atvinnuvegina, þá stæðu þeir aldrei verr að vígi með tilliti til þess að bera kauphækkanir en nú. M. ö. o.: helmingur af ræðu hv. þm. gekk út á að sanna, að það væri aldrei meiri möguleiki á því að greiða kauphækkanirnar en nú, en hinn helmingurinn út á að sýna fram á það, að þessir möguleikar væru aldrei minni.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. get ég ekki svarað nema örstutt. Þegar ég minntist á uppbótakerfið, hafði ég auðvitað í huga það uppbótakerfi, sem hefur verið í gildi hér á landi að undanförnu. Þar með er ekki sagt, að ekki væri hugsanlegur möguleiki á að taka eitthvert annað uppbótakerfi, þar sem nægilegs fjár væri aflað til þess að standa straum af uppbótunum. En það uppbótakerfi, sem að undanförnu hefur staðið, hefur ekki fullnægt þeim skilyrðum.

Varðandi það, sem hann sagði um svikin kosningaloforð af hálfu sjálfstæðismanna, þá vil ég aðeins taka það fram, að í kosningastefnuskrá sjálfstæðismanna var það beinlínis tekið fram, að þjóðin kynni að þurfa að herða að sér ólina í bili til þess að treysta efnahagskerfi sitt, og enn fremur hefur oft verið sýnt fram á það af okkur stuðningsmönnum núv. ríkisstj., að til þess að hægt verði að stöðva verðbólguna, þarf að skrá rétt gengi.

Að síðustu beindi hv. þm. til mín þeirri spurningu, hvort hugsanlegt væri að lifa af verkamannslaunum. Það er nú mál út af fyrir sig, að það eru ekki svo ákaflega margar fjölskyldur, sem hafa ekki meira en 4000 kr. mánaðarlaun, klippt og skorið, en það þýðir, að viðkomandi hafi enga eftirvinnu og ekki vinni nema einn maður í fjölskyldunni. Annars er það ekki aðalatriðið í þessu sambandi, heldur hitt, að það er ekki vafi á því, að margur á erfitt með að komast af, og eðlilegt, að fólkið vilji bæta kjör sín. Það, sem hins vegar er aðalatriðið — því að það má lengi um það deila, hvað menn þurfi há laun til þess að geta lifað, — er það, hvort kauphækkanir, meiri eða minni, geta leitt til raunverulegra kjarabóta. Ég skal ekki lýsa hér neinni skoðun á því, hvort slíkir möguleikar séu fyrir hendi nú, en aðalatriðið er, að ef það fer svo, eins og hefur verið undanfarin 15 ár, að verðlagið hækki aðeins til samræmis við kauphækkanir, þá eiga menn jafnerfitt með að lifa af laununum og áður. Það er þetta, sem mestu máli skiptir frá hagsmunasjónarmiði launþeganna, að þeir geri sér grein fyrir, þó að reynt sé að dylja þennan sannleika af ýmsum forustumönnum þeirra.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það mun hafa verið 15. febr., sem hv. 11. þm. Reykv. (ÓB) hélt ræðu sína í þessu máli og deildi þá fast á stjórnarandstöðuna fyrir ábyrgðarleysi, sem hún sýndi í ýmsum málum, og sagði hann í þeirri ræðu, að bezta dæmið um óábyrga afstöðu stjórnarandstöðunnar væri afstaða stjórnarandstöðunnar í kaupgjaldsmálum. Hann rakti það síðan, að stjórnarandstæðingar héldu því fram, að nú væri ekkert því til fyrirstöðu, að atvinnuvegirnir gætu greitt 15—20% hærra kaup, enda væru það þær kröfur,

sem verkalýðshreyfingin gerði til atvinnuveganna. Rétt er það, þessar kröfur gerir verkalýðshreyfingin til atvinnuveganna og er sannfærð um, að hún sé ekki með því að bera fram óbilgjarnar eða ósanngjarnar kröfur. Þessa kröfu vildi þó hv. þm. flokka undir hið skýrasta dæmi um ábyrgðarleysi. Þessu til stuðnings hélt hann því fram, að vinstri stjórnin hefði ekki haustið 1958 talið ráðlegt að hækka kaupið. Það kann að vera, að einhverjir af meðlimum vinstri stjórnarinnar haustið 1958 hafi verið þeirrar skoðunar, að ekki mætti hækka kaupið. En svo mikið er víst, að það var ekki viðurkennd afstaða vinstri stjórnarinnar í heild, heldur var það þvert á móti skoðun ýmissa í þeirri stjórn, að atvinnuvegirnir þyldu það vel, enda hefur atvinnulífið á Íslandi aldrei staðið með meiri blóma en á árinu 1958, og fær það fullkomna staðfestingu af skýrslum, sem síðar hafa borizt um afkomu þess árs.

Mér þótti alveg furðulegt, hversu vísindamaðurinn í hv. 11. þm. Reykv. gat farið þarna fljótt yfir sögu og ónákvæmt. Mér datt í hug það, sem annar æfður stjórnmálamaður sagði einu sinni, þegar hann sagði þveröfugt við það, sem hann vissi að var staðreynd, og bara glotti við tönn og sagði: Já, ég vissi það nú, en ég kærði mig ekki um að hafa það nákvæmara en þetta. — Og það var sannarlega ástæða til þess að láta sér detta þetta í hug, þegar hv. 11. þm. Reykv. ræddi um þetta og stiklaði þar á heldur stóru. Man ekki hv. 11. þm. Reykv. það, að kaupið haustið 1958 var ekki 20.67 kr. á klst. í almennri verkamannavinnu, eins og það er nú, og ekki 16.40 kr. í almennri verkakvennavinnu, eins og það er nú. Þá var kaupið 23.86 kr. í almennri verkamannavinnu, eða 3.19 kr. hærra á klst. en það er nú, og 2.48 kr. á klst. hærra hjá verkakonunni en það er nú. Og af hverju er það lægra nú? Af því að það hafa komizt þarna maðkar í mysuna. Það hefur verið ríkisstj. að völdum, tvær raunar, sem hafa nitt kaupið niður síðan.

Það var á árinu 1959 framkvæmd kauplækkun, sem nam 13.4%, með valdboði löggjafans, og átti hv. þm. víst hlut að, og þess vegna hefði hann ekki átt að gleyma því. Þarna var hann að rýra laun manna, sem bjuggu við lakari kjör en hann lifði við sjálfur. En þetta nægði ekki, að lækka kaup verkafólksins um 13.4%, á tíma, þegar ekkert var að halla undir fæti fyrir atvinnulífinu. Nei, það þurfti að lækka kaupið meira. En þá reyndi á kappana, og þeir þorðu ekki að lækka kaupið beint meira. Þá var gripið til annarra ráða, ráða, sem hagfræðingar og þ. á m. hv. 11. þm. Reykv. hefur oft komið við sögu að ráðleggja, gengislækkunar. Það er hægt að lækka kaupið með gengislækkun. Við þurfum ekki að ráðast beint að kauptöxtunum og breyta þeim með lögum, við getum gert það með gengislækkun, þá ber minna á því. Og svo var framkvæmd gengislækkun ofan á 13.4% kauplækkunina frá 1959. Og hvað er hún búin að valda mikilli lífskjaraskerðingu hjá launastéttunum? Það er kannske ekki til nákvæmur mælikvarði á það, en vísitala vöruverðsins, sem var sett sem 100 í marzmánuði 1960, um leið og gengislækkunin var framkvæmd, segir, að hún sé nú komin upp í 118, og það hygg ég að sé algert lágmark að miða við. Allar líkur benda því til, að í viðbót við hina fyrri kjaraskerðingu sé, með seinni kauplækkuninni í formi gengislækkunar, þ. e. a. s. í formi óbreytts kaupgjalds við hraðvaxandi verðlag á öllu, búið að lækka kaupið í viðbót um 18%, ef ekki meira. Og þegar svo er komið, koma postular stjórnarstefnunnar fram og segja: Nú er allt í sjálfheldu, því að það er búið að þjarma svo að atvinnulífinu, að það getur ekki borgað hærra kaup, og þess vegna er ekki til neins að heimta kauphækkanir af því. Atvinnulífið hefur aldrei staðið hallari fæti en nú. — Ekki er þetta alveg í samræmi við opinberar skýrslur samt. Það er það ekki, því að nýútkomin Fjármálatíðindi Landsbankans segja, að framleiðsluaukningin á árunum 1959 og 1960 hafi verið 6.3% hvort árið um sig. Og hingað til hafa hagfræðingar einmitt viljað halda því fram, að þegar framleiðsluaukning verði í þjóðfélaginu, þá sé hægt, án þess að verðbólga myndist, að hækka kaupgjald, svo að hlutur launþeganna í framleiðslu þjóðarinnar haggist ekki, gangi ekki niður á við. Á þessum tveimur árum ættu því að hafa skapazt möguleikar fyrir því, þar sem undangengin ár voru líka með sams konar þróun, aukning framleiðslunnar, framleiðsluverðmæta, að það hefði átt að vera hægt að hækka kaupgjaldið. En því hefur verið haldið ekki aðeins eins og það var haustið 1958, heldur lækkuðu með lagaþvingun og síðar gengislækkun. Eðlilegast hefði verið við þá framleiðsluaukningu, sem við höfum búið við, að kaupgjaldshækkun hefði orðið stig af stigi, ár frá ári, og það kæmi auðvitað heilbrigðar og jafnar niður á atvinnulífið. En gegn því hefur verið staðið. Nú hefur verið óbreytt kaupgjald í meira en tvö ár, og það verður því að taka þá kauphækkun, sem nauðsynleg og óumflýjanleg er, í einu stökki, og ég veit, að það verður atvinnulífinu óþægilegra en ella. En þar er um að kenna skammsýni stjórnmálamanna stjórnarforustunnar, sem ráðið hefur þessari blindu og óskynsamlegu stefnu um kaupgjaldsmálin.

Enn kemur þriðja atriðið til, og það er: Hefur ekki hæstv. núv. ríkisstj. talið sig vera að gera ráðstafanir til að bæta um fyrir atvinnulífinu? 2% vaxtalækkun á árinu, sem nú er að líða, frá árinu í fyrra ætti að auka þol atvinnuveganna nokkuð til þess að bera hækkað kaupgjald. Það virðist líka vera hækkandi verðlag á heimsmarkaðinum á íslenzkum sjávarafurðum, og loforð hafa verið gefin um það og einhver framkvæmd er nú líklega byrjuð á því að útvega sjávarútveginum hagkvæmari lán til lengri tíma, til þess auðvitað að gera hann rekstrarhæfari og auka þol hans til að borga sómasamleg laun sínu starfsfólki.

Að öllu þessu athuguðu ætti atvinnulífið í landinu einmitt að hafa meira burðarþol til þess að bera jafnvel hærra kaup en var 1958, en það var, eins og ég áðan sagði, á fjórðu krónu hærra á klst. en kaupið er nú hjá verkamanninum og hálfri þriðju krónu hærra kvennakaupið heldur en nú. Það væri þess vegna ekki fram á mikið farið a. m. k., þó að kaupinu væri komið upp í það sama og það var 1958, og ætti þá burðarþol atvinnuveganna að þola — undir góðri stjórnarstefnu, skulum við segja, og ágætu árferði til sjávarins að þola nokkra viðbót við það.

Í umr. var á það bent réttilega af hv. 4. þm. Austf., að framleiðslutekjur þjóðarinnar hefðu vaxið um 6.3% nokkuð mörg undanfarin ár, ár hvert. Og launþegarnir eiga að fá hlutdeild í þessari aukningu og hljóta að gera kröfu til þess, og ég hygg, að enginn hagfræðingur leyfi sér að mótmæla því, að það sé réttmætt. Auk þess kem ég svo að einu, og það er það: Er ekki rétt hjá mér, að hv. 11. þm. Reykv. sé framámaður í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og að hann hafi verið á þingi þessara samtaka s. l. haust og hafi þar tekið undir, en ekki greitt atkv. á móti því, að opinberir starfsmenn gerðu launakröfur, sem næmu 20—25%? Fer ég rangt með það? (**ÓB:** Ég greiddi atkv. á móti því.) Greiddi hv. þm. atkv. á móti því? Þá tek ég það sem sannleika. En a. m. k. samtök, sem hann er í, gera kröfur, sem eru hærri í launamálum en þær kröfur, sem verkalýðshreyfingin gerir nú, — 15—20% höfum við sagt, 20—25% hafa hans samtök sagt. Og þess minnist ég einnig, að þegar hann var forseti þeirra samtaka og prédikaði sem hagfræðingur, að launahækkanir ætu sig sjálfar upp, eins og hann gerir nú, þá gerði hann jafnframt kröfur innan samtakanna um að hækka kaup. (**Forseti:** Venjulegur fundartími er nú liðinn. Á ræðumaður mikið eftir?) Nei, örlítið. (**Forseti:** Meira en fimm mínútur?) Nei, ekki meira. (**Forseti:** Þá er rétt að lofa honum að ljúka máli sínu.) Ég tel mig með þessu hafa nægilega sýnt fram á það, að teoría og praksis hefur ekki alltaf fylgzt að hjá hv. 11. þm. Reykv., hvorki meðan hann var forseti Bandalags starfsmanna ríkis og bæja né síðan, þegar hann var hér hv. þm. á Alþ. annars vegar og þátttakandi í þessum samtökum hins vegar. En svo mikið er víst, að ekki fékk hans stefna hljómgrunn í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja s. l. haust, og hefur hann þó vafalaust túlkað hana þar, að það væri óskynsamlegt að gera núna kauphækkunarkröfur. Hann hefur verið hafður þar að engu og hans skoðanir, svo mikið er víst. (**ÓB:** 60 atkv. gegn 50.) Já, þrátt fyrir það, þó að hv. þm. boðaði þar þessa kenningu óbreytts kaupgjalds, þá hafði sú afstaða hans sem sérfræðings ekki hljómgrunn. Svo rík þótti mönnum í hans launþegasamtökum ástæðan til þess að gera hækkandi kaupkröfur og það hærra en verkalýðssamtökin, — 20—25% voru kröfurnar settar þá, — og mér er sagt, að nú hafi ríkisstj. verið skrifað og farið fram á hærra en þetta. Er það ekki rétt? (Gripið fram í.) Ekki veit hann um það, það kemur í ljós seinna.

Ég skal svo láta máli mínu lokið að tilmælum forseta. Aðeins vil ég segja það um þær hótanir, sem nú eru bornar fram af hendi ríkisvaldsins og atvinnurekenda um, að nú skuli gengislækkunarsvipan dynja á launþegunum aftur, ef þeir vogi sér að knýja fram hækkað kaup, þá vil ég í fyrsta lagi segja það: Ég held, að það sé ekki hyggilegt gagnvart atvinnulífinu í landinu að hafa mjög á lofti þessa svipu, því að í hinu orðinu eru atvinnurekendur að segja: Nú þurfum við að fá langa samninga, samninga til langs tíma. — Hvaða verkalýðsfélagi mundi detta í hug að semja til langs tíma við þá menn, sem eru að hóta gengislækkun á næstu grösum? Nei, þeir þurfa ekki að gera sér vonir um langa samninga, ef þeir ætla að hampa gengislækkunarsvipunni og þar með að boða holskeflu nýrrar dýrtíðaröldu yfir fólkið, til þess að gleypa þá kauphækkun, sem það fái. Þá verða slíkir samningar að vera stuttir, og það eru engin gæði fyrir atvinnulífið. Á sama hátt vil ég segja það að lokum, að þegar þeir hafa talið það einn helzta ávinning sinnar stjórnarstefnu, ef það mætti takast að auka sparifjárinnstæður manna, þá held ég, að þeir geti ekki eyðilagt möguleika til þess að fá aukið sparifé betur með annarri kenningu en að hampa því, að nú ætli þeir að ráðast á sparifé á ný innan skamms, séu með gengislækkunarplön í huga. Með öðru ráði geti þeir ekki betur tekið fyrir viðleitni manna til þess að leggja fé fyrir. Held ég því, að það sannist enn. sem Jón Þorláksson skáld sagði, að „eitt rekur sig á annars horn, eins og graðpening hendir vorn.“

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar, en brtt. við hana barst á þskj. 305.

---

29. Skóli fyrir fiskmatsmenn.

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun [174. mál] (A. 307).

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 39., 41., 43. og 55. fundi í Sþ., 15. og 22. febr., 1. og 22. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Héraðsskóli á Snæfellsnesi.

Á deildafundum 13. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um héraðsskóla á Snæfellsnesi [185. mál] (A. 352).

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 41. og 43. fundi í Sþ., 22. febr. og 1. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. þessi er á þá lund, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að athuga möguleika á byggingu héraðsskóla á Snæfellsnesi.

Samkv. upplýsingum, sem fengnar hafa verið hjá fræðslumálastjóra og fjárhaldsmanni skóla, eru allir héraðsskólar í landinu yfirfullir, og þeir unglingar skipta hundruðum, sem ekki hafa fengið inngöngu í skólana. Nýlegt dæmi, er samvinnuskólinn var gerður að heimavistarskóla í sveit, sýnir, að við það jókst aðsókn að honum stórlega, og hefur að jafnaði ekki komizt í skólann nema helmingur þeirra, sem þreyttu inntökupróf. Af þessu er augljóst, að þörf fyrir heimavistarskóla í sveit fyrir unglinga er mikil, hefur verið vaxandi síðustu ár, og er mjög rík ástæða til að ætla, að hún muni halda áfram að vaxa. Þær röksemdir, sem í fyrstu voru færðar fyrir héraðsskólahreyfingunni hér á landi, eru enn í fullu gildi.

Það hefur nú orðið nokkurt hlé á byggingu héraðsskóla í landinu, og er tillaga þessi flutt í fyrsta lagi til að hreyfa því, hvort ekki er hægt að koma skrið á það mál á ný, fá það undirbúið og síðan framkvæmt, að haldið verði áfram að byggja upp héraðsskóla eins og aðrar greinar skólakerfisins.

Í öðru lagi er um leið bent á mjög æskilega staðsetningu fyrir næsta héraðsskólann, á Snæfellsnesi vestanverðu. Slík staðsetning mundi verða í næsta nágrenni við þrjú ört vaxandi útgerðarþorp, og gæti skóli farið þar mjög vel. Slíkri staðsetningu til styrktar mætti benda á þá staðreynd, að á Snæfellsnesi hefur einn af klerkum þjóðkirkjunnar fundið það upp hjá sjálfum sér að reka á heimili sínu unglingaskóla með góðum árangri, og hefur aðsókn að þeim einkaskóla verið mjög mikil.

Loks mætti minnast þess, að í sambandi við vaxandi tal um ferðamál hér á þingi er talað um gistihúsarekstur í sambandi við héraðsskólana, og gæti slíkt mjög vel komið til greina, ef um það væri hugsað frá upphafi.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

31. Jarðboranir að Leirá í Borgarfirði.

Á deildafundum 16. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði [192. mál] (A. 369).

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 43. fundi í Sþ., 1. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Jón Árnason: Herra forseti. Við hv. 1. þm. Vesturl., Daníel Ágústínusson, sem var hér á þingi sem varaþm. um tíma, höfum leyft okkur að flytja till. til þál. á þskj. 369 um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram borun eftir heitu vatni að Leirá í Borgarfirði, svo fljótt sem auðið er, í þeim tilgangi, að orkulindir þær, sem þar kunna að vera, verði hagnýttar til hitaveitu fyrir Akranes."

Frá því fyrsta, er um getur í fornum ritum um landlýsingu og fleira, er frá því skýrt, að heitar uppsprettur hafi verið að Leirá í Borgarfirði. Uppsprettuvatn það, sem hér um ræðir, hefur á s. l. áratugum verið sem næst 60° heitt, og hefur vatnsmagnið, sem var um ⅔ sekúndulítrar, verið bæði jafnt og stöðugt.

Í sumum fornum ritum greinir frá því, að á Leirá hafi verið heitur hver, sem gaus eða skvetti vatninu, og í námunda við núverandi uppsprettu má í dag sjá verksummerki, sem vel gætu gefið til kynna, hvar hinn umtalaði hver hafi verið. Árið 1957 var það svo fyrir forgöngu Akraneskaupstaðar og landeigenda, að Gunnar Böðvarsson verkfræðingur var fenginn til þess að athuga jarðhitasvæðið að Leirá. Var það álit hans, að öll einkenni bentu til þess, að ef borað yrði eftir heitu vatni á þessum stað, þá mætti vænta þess, að allverulegu vatnsmagni mætti ná.

Það var svo seint á árinu 1959, sem nokkur tilraun var gerð til þess að bora eftir heitu vatni að Leirá. Verkið var unnið af jarðborunardeild raforkumálaskrifstofunnar, en kostnaður var greiddur af Akranesbæ, landeigendum og hreppsfélögum þeim, sem nú eru að hefja byggingarframkvæmdir á heimavistarskóla að Leirá. Borholan, sem hér um ræðir, er aðeins um 133 m að dýpt, en úr henni kemur stöðugt rennsli, um 7—8 sekúndulítrar af 80° heitu vatni.

Hér er um að ræða eitt af þeim málum, sem til einna mests velfarnaðar horfa fyrir hvert það byggðarlag, sem á þess kost að verða slíkra lífsbæginda aðnjótandi. Það er álit sérfróðra manna, að vatnsmagnið þurfi að auka upp í 55 sekúndulítra, til þess að grundvöllur sé fyrir hendi til að leiða vatnið til Akraness og byggja í því sambandi hitaveitu fyrir kaupstaðinn.

Með samþykkt þessarar till. er miklu hagsmuna-

máli Akranesbæjar veittur mikilsverður stuðningur, sem ég vil leyfa mér að vænta að hv. alþm. staðfesti með samþykki sínu.

Að svo mæltu vil ég leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

32. Innlend kornframleiðsla.

Á deildafundum 16. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum [193. mál] (A. 371).

Á 41. og 43. fundi í Sþ., 22. febr. og 1. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Kornrækt er nú tekin að ryðja sér nokkuð til rúms sem búgrein hér á landi og fer vaxandi, enda þótt hér sé ekki orðið um stóran atvinnuveg að ræða enn sem komið er. Hér á Alþingi hafa líka verið flutt frv. um aðstoð af hálfu hins opinbera við þessa búgrein, og liggur nú fyrir þessu þingi frv. um þetta efni. En mér sýnist á ýmsum sólarmerkjum, að það standi ekki til, að þetta þing afgreiði það mál. Ég tel hins vegar, að varðandi kornrækt í landinu og varðandi aðstoð hins opinbera gagnvart þeim mönnum, sem við kornrækt fást, sé eitt atriði alveg sérstaklega, sem vert sé að taka til athugunar og gera þar á nokkrar úrbætur, sem mættu verða kornræktinni í landinu til framþróunar.

Því er sem sagt svo háttað, að hið opinbera greiðir nú niður þær kornvörur, sem til landsins eru fluttar, um 18.61% af fob-verði þeirra. Þetta mun vera í framkvæmd þannig, að um beinar niðurgreiðslur er að ræða varðandi fóðurkorn, þar eð ákvæðin um söluskatt af innflutningi ná ekki til þess. En um korn til manneldis mun framkvæmdin vera sú, að söluskatturinn, sem af innflutningi er 16½% af vörunni sjálfri, en leggst auk þess á flutningskostnaðinn, mun vera metinn til jafns við þessa niðurgreiðslu, og kornvörurnar til manneldis munu þess vegna vera greiddar niður á þann óbeina hátt, að ekki er innheimtur af þeim neinn söluskattur í tolli. Það liggur því í augum uppi, að hið erlenda og aðflutta korn er selt hér sem þessu nemur undir eðlilegu verði.

Það má því segja, að í samkeppninni við hina innlendu kornrækt er haldið uppi verndartolli fyrir hið erlenda korn, þannig að þeir, sem rækta kornið sitt sjálfir, fá engar hliðstæðar niðurgreiðslur eða verðbætur við það, sem ríkissjóður leggur út varðandi innflutt korn. Ég ætla, að hv. alþm. muni ekki telja að athuguðu máli, að hér sé farið að réttum leikreglum, með því að ójafna svo sem nú er gert aðstöðu innlendra kornframleiðenda gagnvart hinum erlendu, innlendu aðilunum í óhag. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja hér till. um það, að jafnmiklar verðbætur og nemur niðurgreiðslu á innfluttu korni verði framvegis greiddar til innlendra kornframleiðenda.

Ég get því miður ekki gert hér nákvæma grein fyrir því, hvað slík niðurgreiðsla mundi kosta ríkissjóð mikla fjármuni. En á hinn bóginn er augljóst, að hér er ekki um að ræða stórar fjárfúlgur. Það reynist ókleift að fá nokkurs staðar upplýsingar um það, hve mikil kornframleiðslan hefur verið í landinu t. d. á s. l. ári. Um það virðast ekki liggja fyrir neinar tölur. Þó er vitað, að á einni bújörð austanlands munu hafa verið framleiddar um 500 tunnur af korni á s. l. sumri. Allálitleg framleiðsla, máske eitthvað svipuð þessu, fer fram í tilraunastöð á Sámsstöðum í Fljótshlíð, og allmargir bændur víðs vegar, sérstaklega á Suður- og Austurlandi, munu fást við kornrækt, þótt ekki sé það í stórum mæli. Það má þess vegna ætla, að framleiðslan á því korni, sem komið hefur til þreskingar á s. l. ári, muni nema eitthvað á annað þúsund tunnum, og sést af því, að þótt horfið væri að því að jafna þann aðstöðumun, sem innlendir kornframleiðendur ættu að fá til jafns við það, sem ríkið greiðir niður hið erlenda korn, mundi það ekki valda stórum fjárhagsútgjöldum fyrir ríkissjóð, en er í eðli sínu mikið réttlætismál — og ekki einasta réttlætismál, heldur einnig mál þess eðlis, að það er líklegt til þess að örva búgrein, sem allir óska eftir, svo langt sem vitað verður, að megi taka eðlilegri framþróun og verða snarari þáttur í búskap landsmanna. Það hefði þess vegna verið eðlilegt, að ríkisstj. hefði ótilkvödd af Alþingi komið auga á það, hvert réttlæti er í því falið að framkvæma efni þessarar till. og verðbæta hið innlenda korn með sams konar fjárhæðum og hún leggur út fyrir innflutta kornið. En til þessa hefur hún ekki gert það. Vera má, að hún hafi haft í huga að jafna þennan aðstöðumun með lagasamþykkt um aðstoð við kornrækt, en sýnilegt er, að á þessu þingi verður slíkt frv. ekki gert að lögum. Þess vegna tel ég enn brýnna, að þessi till. nái fram að ganga, og það er till. mín, að að þessari umr. lokinni verði till. vísað til fjvn.

Nú hef ég orðið þess var varðandi þau mál, sem hér hafa verið á dagskrá næst á undan þessu máli, að hæstv. forseti hefur ekki freistað þess að láta fara fram um þau atkvgr., heldur tekið þau út af dagskrá. Nú vildi ég leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að þegar ég leit á viðverutöflu alþm. fyrir stuttri stundu, reyndust vera í húsinu nægilega margir þm. til þess, að þingið gæti verið ályktunarfært, og eru það tilmæli mín til hans, ef þessari umr. lýkur

fljótlega, að hann geri tilraun til þess að fá málinu vísað til nefndar.

Forseti (BF): Því miður munu ekki vera nægilega margir þm. staddir í húsinu, til þess að hægt sé að láta atkvgr. fara fram. Er því atkvgr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

33. Gatnagerð úr steinsteypu.

Á deildafundum 20. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um steinsteypingu gatna [197. mál] (A. 382).

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 43. fundi í Sþ., 1. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Efni þessarar till. er það, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að greiða fyrir því af fremsta megni, að bæjar- og sveitarfélög geti keypt sement til gatnagerðar af sementsverksmiðju ríkisins með hagkvæmum kaup- og lánskjörum.

Tilefni þess, að till. er hér flutt, er tvíþætt. Í fyrsta lagi hefur komið fram áhugi hjá ýmsum bæjarfélögum að steinsteypa götur og hafa sum þegar ráðizt í slíka gatnagerð. Þessi áhugi kom mjög skýrt fram á fulltrúafundi Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sem haldinn var í s. l. mánuði, og er í grg. vísað til ályktunar, sem sá fundur gerði um þessi mál. Till. er til þess flutt að koma þeirri ályktun á framfæri og leita við hana stuðnings. Í öðru lagi er hagur sementsverksmiðju ríkisins þannig, að hún mun geta framleitt allmiklu meira sement en líklegt er að markaður verði fyrir innanlands á nokkrum næstu árum, nema ný verkefni skapist, eins og veruleg gatnaeða vegagerð. Það mundi því verða verksmiðjunni styrkur, ef hægt væri að stuðla að því, að sement frá henni yrði í einhverjum verulegum mæli notað til gatnagerðar eða annarra slíkra framkvæmda.

Þetta er efni till., og mun ég ekki hafa um hana fleiri orð. Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og till. verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

34. Gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum.

Á deildafundum 28. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um varanlega gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum [203. mál] (A. 422).

Á 43. fundi í Sþ., 1. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var till. tekin til einnar umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Í fjarveru 1. flm., hv. 1. þm. Vesturl. (DÁ), hef ég tekið að mér að mæla nokkrum orðum fyrir þáltill., sem við höfum flutt þrír þm. Framsfl. á þskj. 422 um varanlega gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum. Till. þessi hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj.:

1) Að láta fara fram rannsókn sérfróðra manna á því, úr hvaða efni sé heppilegast að gera varanlegar götur í kaupstöðum og kauptúnum.

2) Að undirbúa löggjöf — að þeirri rannsókn lokinni — um fjárhagslegan stuðning ríkissjóðs við varanlega gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum landsins."

Þar sem till. þessari fylgir mjög ýtarleg grg., sé ég ekki ástæðu til þess að lengja þennan þingfund með því að fara mörgum orðum um hana, enda hef ég fáu nýju við að bæta þær upplýsingar, sem koma fram í grg. og liggja ljóst fyrir öllum hv. þm., og engin ný rök kann ég að færa fyrir málinu, umfram það, sem þar er að finna.

Ég legg því til, herra forseti, að umr. um málið verði frestað og því vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

35. Verndun fiskstofna.

Á 47. fundi í Sþ., 7. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um verndun fiskstofna við strendur Íslands [208. mál] (A. 451).

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

36. Vitabygging á Eldeyjarboða.

Á deildafundum 23. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á möguleikum til vitagerðar á Eldeyjarboða [220. mál] (A. 602).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

---

37. Fjárreiður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um skipun nefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka vissar fjárreiður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fleiri atvinnurekenda [151. mál] (A. 268).

Á 48. fundi í Nd., 23. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50. fundi í Nd., 26. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 27. jan., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef oft um það hugsað, hvort ekki mundi vera nauðsynlegt, að hið opinbera léti nokkuð til sín taka rekstur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Það, sem varð samt ástæðan til þess, að ég nú á þessu þingi og á þessum tíma setti fram þá till. til þál., sem hér liggur fyrir á þskj. 268, var það svar, sem Vinnuveitendasamband Íslands gaf verkalýðssamtökunum, Dagsbrún fyrst og fremst og samtímis fleirum, nú nýlega, þegar Dagsbrún, eftir að hún hafði í tvö ár án þess að leggja til atlögu út af þeim launaskerðingum og samningsrofum, sem fram hafa farið á þessum tveimur árum, án þess að hafa nokkurn tíma rætt við atvinnurekendur um kaupháttakanir, fékk það svar: Það eru engir peningar til, og það er ekki hægt að verða við því að hækka kaup verkalýðs á Íslandi, — eftir að laun höfðu verið lækkuð um 15%, miðað við þá vísitölu, sem við gætum kallað 100 móts við 1945, lækkuð um allt að 30%, miðað við það kaupgjald, sem var í janúar 1959, áður en fyrstu kúgunarlögin voru sett. Þegar atvinnurekendur og þeirra samtök svara á þennan hátt, þá er eðlilegt, að maður verði nokkuð að fara að skoða hug sinn um afstöðu til slíkra samtaka og að fara fram á, að þjóðin láti athuga nokkuð þeirra gang og þeirra stjórn á þeim sviðum, sem þeim hefur verið leyft að stjórna fram að þessu.

Ég verð að segja, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum út af þeim svörum, sem Vinnuveitendasamband Íslands gaf. Og ég skil það vel, að hjá verkamönnum hefur orðið almenn reiði yfir þessum svörum. Satt að segja verð ég að segja það, að á svona hátt gátu máske aðalsmenn í Frakklandi svarað frönskum bændum fyrir frönsku byltinguna, þegar þeir höfðu enn þá lagalegan rétt til þess að spretta upp kviðnum á þeim til þess að verma kalda fætur sína, ef þeir komu kaldfættir af veiðum. En það er ekki hægt eftir allt, sem gerzt hefur síðustu 200 árin í þjóðlífinu fyrir þá menn, sem svo að segja í umboði þjóðfélagsins rækja atvinnureksturinn, að svara verkamönnum sínum á svona máta, og því þurfa íslenzkir auðmenn og íslenzkir atvinnurekendur að venja sig af. Þeir verða að gá að því, hverjir þeir menn eru, sem þeir eru að tala við. Íslenzku verkalýðssamtökin hafa innan sinna vébanda alla íslenzka verkamenn. Það eru mennirnir, sem vinna allt það erfiðasta starf, sem unnið er í okkar þjóðfélagi. Það eru mennirnir, sem skapa allan þann auð, sem atvinnurekendastéttin á við að búa. Það væru ekki 29 menn, sem ættu 250 millj. kr. í skuldlausum eignum í þessu landi, ef verkalýðurinn hefði ekki skapað þennan auð þeirra.

Það eru þessir menn, sem hafa, ekki hvað sízt nú undanfarna áratugi, þrælað baki brotnu, þannig að Ísland er í dag, þegar útlendir ferðamenn koma hingað og skoða landið, eins og nýtt land, Reykjavík eins og ný borg. Það hafa verið unnin slík afrek í uppbyggingu einmitt af þessum mönnum. Og það, sem þeir bera úr býtum, er í dag, að kaup Dagsbrúnarmanna fyrir 8 tíma vinnudag árið um kring er 48 þús. kr. Á meðan sjálf hagstofan, sjálft ríkisvaldið slær því föstu, að fjögurra manna fjölskylda þurfi 68 þús. kr. til þess að lifa af, þá eiga menn ekki að svara þeim mönnum, sem hafa sýnt annað eins langlundargerð og verkamenn hér í Reykjavík og annars staðar hafa sýnt, á þann hátt, sem atvinnurekendur hafa gert. Slíkt er annaðhvort slíkt skilningsleysi, sem spáir ekki góðu um viðskipti við slíka menn, eða hroki, sem stendur falli næst. Og hverjir eru þeir atvinnurekendur, sem þannig svara? Þegar athuguð er kaupgeta tímakaupsins, kemur í ljós, að þessir atvinnurekendur segja sjálfir, að þeir séu ekki færir um að borga hærra kaup en þeir gerðu fyrir 15 árum. Þeir hafa haft sitt pólitíska vald í landinu allan þennan tíma. Þeir hafa átt þessi atvinnufyrirtæki. Ef þeir hafa stjórnað þeim svona, að eftir 15 ár, þegar kaupið er 15% lægra en það var fyrir 15 árum, segist þeir ekki hafa efni á, ekki hafa neina möguleika til þess að greiða meira kaup, þá þýðir það, að slíkir atvinnurekendur, slík

stétt er að dæma sjálfa sig pólitiskt gjaldþrota, er að lýsa sig ófæra til að stjórna atvinnulífinu, er að segja raunverulega við þjóðfélagið, að hún eigi ekki skilið að vera til sem stétt. Meðal þessara einstaklinga, meðal þessara atvinnurekenda sem einstaklinga er fjöldi af ágætismönnum, fjöldi af mönnum, sem mundu í þjónustu þjóðfélagsins geta unnið framúrskarandi góð störf. En ef árangurinn af 15 ára stjórn þeirra núna á atvinnulífinu er slíkur, að þeir geti ekki skilað verkamönnum nema 15% lægra kaupi en var fyrir 15 árum, þá eiga þeir að hætta að vera við atvinnurekstur og hverfa frá honum og segja verkamönnum að taka við þessu og reka það sjálfir.

Ég vil taka það fram, að stétt, sem svarar svona, er að dæma sjálfa sig úr leik í þjóðfélaginu. Hún er að falla fyrir þeirri freistingu, sem oft einkennir gamlar hrörnandi yfirstéttir, að sýna þeim mönnum, sem þær eiga allan sinn auð að þakka, ekki einu sinni kurteisi, og sýna ekki gagnvart þjóðfélaginu, sem hefur trúað þeim fyrir meðferð þessara fjármuna, það, að þær geti skilað sæmilegum árangri. Og þurfa íslenzkir atvinnurekendur sérstaklega að kvarta yfir, hvernig þessir verkamenn og verkalýðshreyfingin, sem þeir eiga við, hafi reynzt þeim í samstarfinu í þjóðfélaginu? Hverjir voru það, sem sögðu við þessa atvinnurekendur fyrir 15 árum: Þið þurfið að fá ný tæki. — Ég átti þátt í því fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar að segja það við íslenzka atvinnurekendur. Og hverju svöruðu þeir? Þegar verkalýðshreyfingin bauð þeim upp á nýja dísiltogara, þá sögðu togaraeigendurnir: Nei, takk, við viljum kolatogara. — Það höfðu aðrir vit fyrir þeim, þeir fengu ekki að ráða. En þetta var viðsýnin þá. Verkalýðshreyfingin átti sinn þátt í að reyna þá að endurnýja handa þeim öll tækin. Eimskipafélag Íslands fékk útborgaðar frá okkur þá í nýbyggingarráði 35 millj. kr. til þess að kaupa sér skip, fjögur skip, Gullfoss og systurskip Goðafoss, 35 millj. kr. Það er svipað og 240—250 millj. kr. mundu vera núna. Það hefur ekki staðið á verkalýðshreyfingunni að útvega þessum atvinnurekendum tæki til þess að vinna með, endurnýja handa þeim skipastólinn, vélarnar og verksmiðjurnar. Og þegar þessir atvinnurekendur samt sem áður voru vantrúaðir á þetta, eftir að þeir voru uppgefnir eftir krepputímann og trúlausir á íslenzkt atvinnulíf, þá sagði verkalýðshreyfingin við þá: Við skulum líka útvega ykkur ódýr lán, lán til 15 og 20 ára, lán með 2½% vöxtum. — Og verkalýðshreyfingin barði þetta í gegn þrátt fyrir mótstöðu bankavaldsins.

Ég man eftir þeim tímum, að helztu atvinnurekendur þessa lands hafa jafnvel komið og kvartað út af þessu, beðið okkur um að liðsinna sér til þess að koma vitinu fyrir það skriffinnsku-bankavald, sem þeir hefðu þó sjálfir átt að hafa með sínu ríkisvaldi möguleika til þess að ráða við. Og verkalýðshreyfingin hefur alltaf reynt að hjálpa þeim. Og ekki nóg með það, að hún hafi hjálpað þeim til að endurnýja öll tæki og skapa ný, hjálpa þeim til þess að fá góð lán út á þessi tæki, hún hefur líka bent þeim á og hjálpað þeim til að fá markaðina fyrir það, sem þessi nýju tæki framleiddu. Sú verkalýðshreyfing, sem talar við atvinnurekendur nú, á því kröfu á því, að henni sé sýnd fyllsta kurteisi, fyllsta tillitssemi og að atvinnurekendurnir lýsi því yfir, að þeir vilji allt gera, sem í þeirra valdi stendur, til þess að hækka kaupið. Ég býst við, að íslenzkir atvinnurekendur hafi að sumu leyti á þessu 15 ára tímabili átt við öruggari markaði að búa fyrir tilstilli íslenzkrar verkalýðshreyfingar heldur en nokkur önnur atvinnurekendastétt Evrópu, þannig að gagnvart verkalýðsstéttinni máttu þeir gjarnan sýna fulla tillitssemi. Og hver er afstaða þeirra gagnvart þjóðfélaginu? Hvað segja atvinnurekendurnir, þegar þeir segja, að þeir geti ekki hækkað kaupið, og vita þó, að verkalýðurinn getur ekki lifað af kaupinu? Þá segja þeir raunverulega: Það má allt stöðvast í þjóðfélaginu. En hver er skylda þessara atvinnurekenda gagnvart ríkinu og gagnvart þjóðfélaginu? Eru þetta atvinnurekendur, sem hér eiga hlut að máli, sem hafa allan sinn auð, án þess að ríkið hafi nokkurn tíma komið þar nærri að hjálpa þeim til að skapa hann? Nei, það er þjóðfélagið sjálft, sem hefur hjálpað þeim til þess að eiga það, sem þeir eiga í dag, hafa með höndum það, sem þeir hafa með höndum í dag. Þeir fara með öll þau atvinnutæki, að heita má, sem þeir eiga, í umboði þjóðfélagsins. Það er þjóðfélagið sjálft, sem hefur í gegnum sína banka lánað þeim, ekki aðeins stofnlán, heldur líka rekstrarlán, til þess að reka allan þennan atvinnurekstur. Þeir eru ekki eins og sumir útlendir auðdrottnar, sem ekki aðeins hafa ekki fengið neitt frá ríkinu eða þjóðfélaginu að láni, heldur eiga sjálfir þar að auki bankana og lána jafnvel öðrum út, fyrir utan þau atvinnutæki, sem þeir eiga, þó að auðinn hafi þeir að vísu alltaf fengið frá alþýðunni. Við erum að ræða núna frv. í fjhn. þessarar deildar, þar sem við erum að ræða um, hvort eigi nú að lána þeim meira en 70% af stofnkostnaði fyrirtækja og hvort eigi að lána þeim meira en 70% af rekstrarkostnaði fyrirtækja, — en 70% í stofnkostnað, 70% í rekstrarkostnað, það þykir a. m. k. alveg sjálfsagt — og jafnvel meira. Þetta eru atvinnurekendur, sem hafa ekki efni á því að segja við þjóðfélagið: Ég stöðva mín atvinnutæki, ef verkalýðurinn vill fara fram á að hafa hærra kaup en 85% af því kaupi, sem hann hafði fyrir 15 árum.

Ég vil minna á þetta vegna þess, að það er nauðsynlegt, að íslenzk atvinnurekendastétt geri sér ljósa stöðu sína í þjóðfélaginu, og sízt af öllu ber henni að ræða um eða reyna jafnvel að hræða alþýðu manna á verðbólgunni. Það er íslenzk atvinnurekendastétt, sem hefur haft sín pólitísku völd í þessi 15 ár. Það er hún, sem hefur skipulagt verðbólguna til þess að velta af sér yfir á þjóðfélagið þeim kauphækkunum, sem verkalýðurinn hefur knúið fram og hún átti að bera sjálf í betri rekstri sinna fyrirtækja.

Einmitt vegna þessarar aðstöðu, sem íslenzkir atvinnurekendur hafa haft og verkalýðshreyfingin hefur haft gagnvart þeim og þjóðfélagið hefur haft gagnvart þeim, þá voru mín vonbrigði mikil af þeirra svörum nú fyrir nokkrum dögum, og verkamenn mun almennt hafa gripið réttlát reiði yfir þeirra framkomu. Þess vegna álít ég nauðsyn á því, að nú sé athugað, eins og ég legg til í 6.

gr. þessarar till., hvernig standa hinir einstöku meðlimir Vinnuveitendasambands Íslands gagnvart íslenzka ríkinu og þess bönkum og hvernig hafa þeir staðið í skilum með það, sem þeir hafa fengið að láni frá bönkunum, og það er meginið af öllu því, sem þeir reka sinn atvinnurekstur með. Það eru aðeins örfáir atvinnurekendur, sem hafa ekki leitað yfirleitt til bankanna um slíkt, og þeim atvinnurekendum mundi ég raunverulega sleppa í þessum umr. Verkalýðurinn og íslenzka ríkið á kröfu á hendur þessum atvinnurekendum, og þess vegna legg ég nú til, að stærsta og voldugasta fyrirtækið, sem íslenzkir atvinnurekendur hafa með höndum, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sé tekið til athugunar, sé tekið til rannsóknar af hálfu rannsóknarnefndar, sem þessi hv. deild setji.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er það fyrirtæki, sem veltir langmestu af öllum fyrirtækjum á Íslandi. Ég þori ekki að segja um það nákvæmlega, ég gæti trúað, að það væru alltaf 600—700 milljónir af verðmæti íslenzks útflutnings, sem það hefur með að gera, jafnvel meira. Og þegar við athugum bæði fjárlögin annars vegar og útflutninginn hins vegar, þá sjáum við, hve gífurlegur hluti þetta er af öllum okkar þjóðartekjum og öllu því, sem við hér á Alþingi fjöllum um, þegar við fjöllum um fjárlög.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur sína peninga frá þjóðinni, frá bönkum ríkisins, frá almenningi, frá sjómönnum og útvegsmönnum. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur sitt vald frá þjóðinni. Ríkisstj. lætur í krafti laga frá Alþingi Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafa þá aðstöðu til útflutnings og umráða yfir fiskinum, sem Sölumiðstöðin hefur, og meginið af þeim mörkuðum, sem Sölumiðstöðin hefur, er útvegað af því opinbera fyrir beina tilhlutun ríkisins. M. ö. o.: allur sá grundvöllur, sem þetta fyrirtæki starfar á, er frá þjóðfélaginu og frá ríkinu, og hér er þess vegna ekki um að ræða í neinum slíkum skilningi neitt einkafyrirtæki, sem þjóðfélaginu sem heild komi ekki neitt við.

Ég skal strax taka það fram, þegar ég legg fram þessa till. hér, að ég þykist persónulega síður en svo hafa á mínum pólitíska ferli gert neitt á hluta Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, heldur þvert á móti. Ég þykist hafa, að svo miklu leyti sem ég hef einhvern tíma getað komið mínum áhrifum við, miklu frekar hjálpað til þess, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna yrði það sterka og volduga fyrirtæki, sem hún er orðin, reynt að leggja fram mína litlu getu til þess, þegar ég hef starfað í þjónustu ríkisstjórna hér, að afla henni markaða, og að svo miklu leyti sem um hraðfrystihúsin var að ræða á þeim tímum, sem ég og minn flokkur hafði áhrif á afgreiðslu mála, að reyna að tryggja þeim góð lán og mikil, þannig að þegar ég nú kem fram með gagnrýni á hendur þessarar Sölumiðstöðvar, þá þykist ég vera í fullum rétti til að bera hana fram hvað það snertir, að ég hafi ekki síður en hver annar maður, sem fæst við stjórnmál á Íslandi, reynt að vinna að því, að þetta volduga fyrirtæki gæti eflzt. Það hefur líka eflzt. Þegar Bretar sögðu upp okkar samningum um hraðfrystan fisk og hættu að kaupa hraðfrystan fisk í lok stríðsins, þá var því bjargað, að það væri hægt að halda áfram að hraðfrysta fisk á Íslandi í stórum stíl og selja hann þá til Sovétríkjanna. Og þróunin hefur orðið sú, að það tókst ekki aðeins að halda allri þeirri fiskflökun, sem við höfðum í stríðslokin, þótt Englendingar hættu að kaupa fiskinn, heldur hefur okkur tekizt að auka úr 29 þús. tonnum upp í 75 þús. tonn útflutninginn á íslenzkum freðfiski. Ég hef hins vegar hvað eftir annað orðið fyrir sárum vonbrigðum af hálfu stjórnendanna í þessum fyrirtækjum með, hvernig þeir hafa notað þá aðstöðu, sem hið opinbera þannig hefur lagt þeim upp í hendurnar.

Sovétríkin — og ég hef tvisvar fyrir íslenzka ríkisstjórn haft með það að gera að reyna að tryggja þann markað — hafa keypt í kringum 30 þús. smál. af hraðfrystum fiski á Íslandi. Þetta hefur verið stundum helmingur, stundum meira, stundum minna af öllum þeim fiski, sem keyptur hefur verið, og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur verið aðalseljandinn. En svo lítill hefur áhuginn verið hjá voldugasta manninum í þessari Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, framkvæmdastjóranum þar, Jóni Gunnarssyni, að aðeins einu sinni hefur þessi framkvæmdastjóri komið til Sovétríkjanna, komið í það stærsta markaðsland, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur viðskipti við, og það nú fyrir eitthvað rúmu ári. Í 15 ár var ekki litið við því að líta þangað, þó að maður hvað eftir annað benti á, að það væri nauðsynlegt að gera eitthvað af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna til þess að reyna að festa þessa markaði sem bezt. Það var vitað, að bæði í Sovétríkjunum og Tékkóslóvakíu var það svo, að í stríðslokin var tiltölulega auðvelt að selja til þessara landa eins og fleiri. Það var víða matarskortur. Þjóðir, sem voru óvanar við okkar fisk, vöndust við að borða hann þá, og það var um að gera fyrir okkur að koma því nú á, að þær héldu því áfram, m. a. með því að beita allri þeirri tækni, sem nútíminn þekkir í auglýsingum og öðru slíku, upplýsingum um meðferð á fiskinum og þess háttar. Ég hef hvað eftir annað bent ráðamönnum á þetta. Því hefur aldrei verið sinnt. Höfuðforstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hefur oft verið í Bandaríkjunum, jafnvel að staðaldri, og ýmsum öðrum löndum. En til landanna, sem hafa keypt ⅔ hluta af öllum freðfiskinum, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur selt, þangað hefur hann varla komið. Jafnvel heyri ég sagt stundum, að hann sé að halda miklar og dýrar veizlur í New York og annars staðar, og þó að ég sé ekki að mælast til slíks þar í austurvegi, þá hefði þó a. m. k. verið stundum hægt að gefa út leiðarvísi um, hvernig skyldi fara með íslenzka fiskinn, og reyna að nota þau tækifæri, sem ríkisstjórnirnar hafa skapað á undanförnum áratugum með sínum millirikjasamningum, til þess að reyna að kynna þessa góðu íslenzku vöru almenningi sem allra bezt. Það hafa verið góð kjör, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur notið þar austur frá. Hún hefur fengið staðgreiðslu á því, sem hún hefur selt. Það hafa venjulega ekki liðið nema nokkrir dagar, nokkrar vikur í hæsta lagi, þangað til það hefur verið greitt, sem þangað hefur verið selt. Og venjulega hafa áður verið settar bankatryggingar.

En hvað hefur svo verið gert við peningana,

þegar búið var að skipta því á þennan hátt? Peningarnir hafa verið teknir og settir í stórfyrirtæki, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur starfrækt vestanhafs og sunnan, starfrækt í Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi. M. ö. o.: það hefur verið hafður sá háttur á, að til vissra landa hefur verið selt gegn bankatryggingu, selt gegn staðgreiðslu, en gagnvart öðrum löndum hefur verið hafður sá háttur á, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur látið aðilum í þeim löndum hraðfrysta fiskinn, sem þangað er fluttur, í eins konar umboðssölu. Og hverjir eru eigendur þeirra fyrirtækja, sem hafa fengið þennan fisk í umboðssölu? Í Bandaríkjunum er það fyrirtæki, sem mun hafa fengið meginið af öllum þessum fiski, fyrirtæki, sem kallað er Coldwater, sem er skráð amerískt fyrirtæki, en eign, — og nú þori ég ekki að fullyrða, það er eitt af því, sem þarf að rannsaka, — eign annaðhvort Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna eða hlutafélag, þar sem ef til vill einstakir meðlimir úr Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eiga hlutafé. Þetta fyrirtæki mun hafa reist verksmiðjur og mun hafa komið upp sölubúðum í Bandaríkjunum. Þetta fyrirtæki mun hafa í veltu svo að skiptir tugum, ef ekki hundruðum milljóna ísl. króna, sem ýmist eru fastar í verksmiðjum, sem þetta fyrirtæki hefur byggt, í fiski og fiskvöru, sem það hefur til sölu. Reikningar fyrir þetta fyrirtæki hafa ekki legið fyrir hér heima, að því er ég bezt veit, á fundum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Ég er hræddur um, að farmar af íslenzkum fiski hafi verið seldir hver eftir annan til Bandaríkjanna, án þess að sett hafi verið bankatrygging fyrir þeim, án þess að komið hafi staðgreiðsla fyrir þá, heldur hafi verið settir í umboðssölu til þessa fyrirtækis, þetta fyrirtæki unnið úr því, selt það, lánað það eða ráðstafað á annan hátt eða legið með það, þannig að það komast seint skilin til margra hér á Íslandi, ekki vegna þess, að ekki sé borgað gegn staðgreiðslu það, sem fer til sósíalistísku landanna, heldur vegna hins, að fé, sem raunverulega sjómenn og útvegsmenn og hraðfrystihúsin eiga, er notað sem veltufé í stórt og mikið fyrirtæki þar vestur í Ameríku og meira eða minna á huldu, hvernig þetta gengur, hvernig þetta stendur, hverjir eru eigendur þess, hvers konar rekstur er á því, hvort það skilar gróða eða tapi, hvort það á mikið í áhættu. Og þetta eru hlutir, sem íslenzka sjómenn, íslenzka útvegsmenn, íslenzku hraðfrystihúsin og þjóðfélagið í heild varðar um og ekki síst verkalýðinn, þegar sagt er við hann: Þetta fyrirtæki, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og atvinnurekendurnir í því hafa ekki efni á að greiða hærra kaup en 85% af því kaupi, sem þeir greiddu fyrir 15 árum.

Nú vil ég segja það, að það má náttúrlega lengi um deila, hvers konar hátt Íslendingar skuli hafa á um sölu á sínum vörum erlendis. Ég álít, að heppilegasta fyrirkomulagið fyrir íslenzkan almenning á slíku sé að selja sem allra mest gegn staðgreiðslu og firra sig sem allra mest hættunni af hvers konar verðsveiflum, hvers konar baráttu á erlendum mörkuðum innan landanna, sem við mögulega getum komizt hjá. Það þykir kannske hart, þegar ég segi það, en ég álít, að t. d. í viðskiptum við Bandaríki Norður-Ameríku sé það almennt séð hagstæðast fyrir íslenzka þjóðfélagið að reyna að finna þar aðila, sem kaupi af okkur fiskinn og sjálfir annist síðan söluna þar innanlands, meðferðina á honum og dreifinguna. Ég álít, að almennt séð sé þetta hagstæðast, vegna þess að þá felst ekki í því sú mikla áhætta, sem harðvítug barátta í þessum stóru löndum venjulega kostar. Við vitum, hvernig ástandið er í slíkum löndum. Þar eru venjulega nokkur sterk, voldug félög, sem hafa með slíka sölu, eins og t. d. fisksöluna, að gera. Slík félög hafa venjulega vel skipulagðan hring fiskbúða, sem þau selja í gegnum, og fyrir eins lítla þjóð og okkur að ætla að taka upp harðvítuga samkeppni við slíka aðila, koma sjálf upp verksmiðjum, sölubúðum og öðru slíku til þess að berjast við þá, það getur að vísu verið óhjákvæmilegt fyrir okkur, ef þessir erlendu aðilar vilja engin viðskipti við okkur hafa. Ef þeir ætla að ýta okkur út í hin yztu myrkur og þjóðin, svona lítil þjóð eins og okkar, verður þess vegna að beita allri sinni orku til þess að reyna að brjótast inn á slíkan markað, þá getur slíkt verið nauðsynlegt, og þá skyldi ég ekki heldur telja það úr. En ef við getum haft samstarf við erlenda aðila um slíkt eða við getum selt erlendum aðilum okkar vörur og látið þá sjálfa sjá síðan um heildsölu og smásölu og verksmiðjurekstur í sínu eigin landi, þá er þetta það áhættuminnsta fyrir okkur, og þá er það líka sú aðferð, sem við Íslendingar yfirleitt höfum beitt. Stundum hafa að vísu voldug fyrirtæki Íslands tekið upp samstarf við erlenda auðmenn eða erlend samvinnufélög um slíkt, og þá getur máske verið rétt að gera það. En það er aðeins í neyðartilfelli, sem við eigum að fara út í annað eins og að reyna í stórum, ríkum löndum að skapa okkar eigin verksmiðju- og sölubúðakerfi til þess að berjast þar og setja mikla fjármuni lítillar þjóðar í slíka áhættu. Ég vil vekja athygli á því, að það er önnur hætta, fyrir utan þær verðsveiflur og annað slíkt, sem stendur í sambandi við þess háttar. Það er sú hætta, að þegar aðili, — við skulum segja eins og í þessu tilfelli Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða einstakir menn úr henni, — er orðinn eigandi að amerísku fyrirtæki, t. d. Coldwater, og segjum síðan, að þetta fyrirtæki með sínar verksmiðjur og sínar sölubúðir eigi í vissum erfiðleikum, segjum, að það eigi í mjög harðvítugri samkeppni við aðra aðila þar, segjum, eins og öllum getur viljað til, að í sambandi við þessar ráðstafanir um sölu verði ýmis mistök, segjum, að þeir lendi illa úti í ýmsum verðsveiflum og öðru slíku, þá munar engu, að svona fyrirtæki sé allt í einu farið að hugsa sem söluhringur erlendis, farið að hugsa sem amerískt sölufyrirtæki, sem hefur hagsmuni af að selja sérstaklega meðhöndlaðan fisk og þess vegna hagsmuni af að fá ódýran fisk frá Íslandi. M. ö. o.: ef farið er út í svona hluti, þá eru máske, áður en við vitum af, menn, sem ella mundu kannske hafa hugsað alveg eins og fulltrúar fyrir íslenzkan útveg, fulltrúar fyrir íslenzk hraðfrystihús, þá eru þeir allt í einu farnir að hugsa sem amerískir fiskkaupendur, sem hafa hag af að fá sem lægst verð á íslenzkum fiski, fá sem lægstan framleiðslukostnað úti á Íslandi, sem lægst

laun m. a. hjá íslenzkum verkamönnum. M. ö. o.: áður en við vitum af, eru máske svo og svo duglegir og framtakssamir íslenzkir útvegsmenn og íslenzkir hraðfrystihúseigendur orðnir amerískur fiskhringur, sem er farinn að hafa hagsmuni, sem eru meira eða minna andstæðir hraðfrystihúsunum, útvegsmönnum, sjómönnum og verkamönnum á Íslandi. Þetta er þróun, sem getur leitt af sjálfu sér, og þróun, sem við þekkjum frá gömlum tíma, gamla fiskhringinn okkar, þegar það gat komið fyrir, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hafði hagsmuni af því að halda niðri verði á íslenzkum fiski. Þegar erlendir fiskkaupendur buðust til þess að greiða hærra verð, greip viðkomandi sölumiðstöð þá, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, inn í til að fá þá erlendu fiskkaupendur til þess að lækka sitt verð. M. ö. o.: hagsmunir einstakra manna úr Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna geta sökum þeirra hagsmuna af rekstri Coldwaters í Bandaríkjunum komizt í andstöðu við hagsmuni Íslendinga, hagsmuni hraðfrystihúsanna, útvegsmanna, sjómanna, verkamanna og þjóðfélagsins á Íslandi, þannig að það er að öllu leyti áhætta og hættulegt, að þessar ráðstafanir séu gerðar.

Aðstaða Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og aðstaða Coldwaters getur orðið með þessu móti svipuð og aðstaða dönsku einokunarkaupmannanna var fyrrum eða selstöðukaupmannanna, sem sé þetta getur orðið eins konar fiskhringur, sem stendur í algerri andstöðu við okkar þjóðfélag. Og af því að ég er hræddur um, að þessi þróun sé að eiga sér stað, af því að ég er hræddur um, að svo og svo mikið af fjármunum íslenzkra hraðfrystihúsa, útvegsbænda, sjómanna, verkamanna og þjóðfélagsins sjálfs, íslenzku bankanna, hafi verið sett í þessi fyrirtæki og sé fast þarna og óheppileg stefna hafi verið tekin upp um þessa sölu, þá álít ég, að það sé nauðsynlegt að rannsaka þessa hluti.

Þetta hefur hins vegar ekki aðeins gerzt í Bandaríkjunum, þó að þar muni vera voldugasta fyrirtækið í þessum efnum, — fyrirtæki, sem ég þori ekki að fullyrða neitt um, hve mikið hefur í veltunni. Það geta verið tugir milljóna, það geta líka verið 100 milljónir eða jafnvel hundruð milljóna, — það þori ég ekkert að segja um. Ég heyri sagt, að í Lundúnum hafi verið tekinn upp hinn sami háttur, það hafi verið komið upp verksmiðjum, þar hafi verið keyptar eignir, það hafi verið komið upp sölubúðum. Þetta er vart gert með öðru fé en fé Íslendinga, fé hraðfrystihúsanna, andvirði fisks, sem afhentur hefur verið Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna í umboðssölu. Og hvernig stendur um þessa hluti í dag? Hvað mikið hefur verið fest af fjárhagslegum afrakstri útvegsins á Íslandi í slíkum fyrirtækjum í Bandaríkjunum og í Bretlandi? Hvernig stendur þetta núna? Ég veit, að sé áhætta í Bandaríkjunum, að berjast þar, — og ég get vel trúað, að það sé oft erfitt, — þá efast ég um, að sú barátta sé öllu léttari í Bretlandi. Þar eru ekki síður og jafnvel enn þá frekar voldugir hringar, sem eiga sína gífurlegu sölubúðahringi til þess að selja. Og þó að ég hafi vissulega ekki á móti því, að reynt sé að berjast þar, þá getur verið spursmál, hve mikið við eigum að hætta á og hve mikið við höfum efni á og leyfi til að taka úr veltu hjá fátækri þjóð og taka frá íslenzka sjávarútveginum til þess að setja fast í þessa hluti, a. m. k. á meðan við verðum ekki alveg að berjast fyrir lífi okkar á þessum stöðum.

Svo sá ég, þegar næstsíðustu fjárlög voru afgreidd, að þar var tekin upp á heimildagreinina ríkisábyrgð, og það á sama tíma sem lýst var yfir af hálfu hæstv. ríkisstj., að fella skyldi niður stefnu ríkisábyrgðanna, — þar var tekin upp allrifleg ríkisábyrgð, sem nam, ef ég man rétt, jafnvel meira en milljónatug, jafnvel tveim tugum milljóna, ég þori ekki að fara alveg með það, til þess að hjálpa Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna til að koma upp slíku fyrirtæki í Hollandi. Og þar mun nú eiga að leika sama leikinn, koma upp verksmiðjum, koma upp sölubúðum, m. ö. o. taka út úr veltunni hjá íslenzka sjávarútveginum svo og svo mikið af fé og setja það í fyrirtæki í Hollandi til þess að fara að berjast á þeim mörkuðum, — taka þetta út úr veltunni hér heima og segja svo á sama tíma við hraðfrystihúsin og kannske við útvegsbændurna: Við getum ekki greitt hærra verð fyrir fiskinn en þetta, — og segja við verkamennina: Við getum ekki greitt ykkur nema 85% af þeim launum, sem voru fyrir 15 árum.

Ég veit ekki um, að hve miklu leyti þessi starfsemi, að taka fé úr veltu sjávarútvegsins íslenzka, hefur farið löglega fram. Ég veit ekki, að hve miklu leyti Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur á undanförnum árum fengið leyfi til þess að taka þetta fé og nota það erlendis. Ég hef grun um, að það hafi að vísu komið fyrir eftir á, þegar búið hefur verið að framkvæma slíkt, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafi sótt um gjaldeyrisleyfi til viðkomandi stofnana og jafnvel fengið ýmis slík gjaldeyrisleyfi, en þá hafi þetta venjulega verið um garð gengið, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna búin að taka þetta út úr rekstrinum og síðan hafi verið jafnvel slumpað á um gjaldeyrisleyfi. En ég veit ekki til þess, og a. m. k. hef ég ekki getað fengið það upplýst, að fyrir hafi legið, áður en slíkar ráðstafanir hafi verið gerðar og um leið og lagt hafi verið í svona fyrirtæki, nákvæmar skýrslur og nákvæmar beiðnir frá hálfu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um að ráðstafa þannig sínum gjaldeyri erlendis, þannig að ég er hræddur um, að mjög mikið af þessu hafi verið raunverulega brot á íslenzkum lögum og síðan hafi því verið bjargað með gjaldeyrisleyfum eftir á. Ég hef heyrt sagt, að svo hafi líka verið lagðir fram allmiklir reikningar fyrir ýmsum auglýsingakostnaði og öðru slíku. Ég skal ekkert um það segja, en ég er hræddur um, að allt saman þetta sé enn þá mjög á huldu. Og í dag, þegar útvegsmenn í stærstu verstöð landsins stöðva flotann þar og segja við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna: Við viljum fá hærra og öðruvísi verð fyrir okkar fisk, — og þegar sjómennirnir í mörgum helztu verstöðvum landsins standa í baráttu líka út af fiskverðinu og gæðamatinu og öðru slíku, þá er ekki nema eðlilegt, að það sé spurt hér á Alþingi og það sé krafizt rannsóknar um það, hvernig er um þessar fjárreiður, hvernig er um þá tugi milljóna eða jafnvel meira, sem tekið hafi verið út úr rekstrinum á undanförnum árum og sett fast á öllum þessum stöðum og er fast þar í dag. Það eru raunveru-

lega sjómenn og útvegsmenn og hraðfrystihús, sem raunverulega eiga þetta. En ég er hræddur um, að aðstaða þessara aðila hafi verið heldur erfið á undanförnum árum með að fá skil fyrir sína vöru. Ég er hræddur um, að það hafi verið stundum þannig, þegar farið hefur verið fram á það af þeim, sem smáir eru og eiga lítið undir sér, á fundum Sölumiðstöðvarinnar að fá skilagrein fyrir þessum hlutum, þá hafi slíkt verið kæft niður. Mér lízt, að þar sé einn voldugur aðili, framkvæmdastjórinn þar, sem kæri sig ekkert um að gefa slíkar upplýsingar, og ég hef haft það á meðvitundinni, að ýmsir þeir smærri í þessum samtökum hafi jafnvel átt það yfir höfði sér, ef þeir hafa ætlað að gerast óþægir, að þeir yrðu fyrir barðinu á því miðstöðvarvaldi, sem skapast í slíkum samtökum, t. d. um afskipanir á sínum fiski og annað slíkt. A. m. k. vitum við, að í svona samtökum, sérstaklega þegar þau eru farin að taka á sig svip einokunarhringa, þá er venjulega reynt að brjóta niður óánægju og gagnrýni, sérstaklega þeirra smærri, sem lítið eiga annars undir sér, með því að láta þá annars sæta misjafnri meðferð. Við vitum, að vextir eru háir á Íslandi og það er þungt fyrir útvegsmenn og fyrir hraðfrystihúsin hér og hvar að bíða mánuðum saman, jafnvel stundum árum, eftir að fá uppgjör fyrir sinn fisk. Það hefur verið hægt að gera það undireins fyrir allan þann fisk, sem seldur hefur verið til sósialistisku landanna. Hann hefur verið borgaður, hann hefur verið staðgreiddur. Það, sem veldur því, hvað seint hefur verið gert upp, er þessi stefna, að það er braskað með fiskinn í þeim löndum og sett fast svo og svo mikið í verksmiðjum, sölubúðum og dreifingarkerfum. Á meðan verða menn að bíða hér marga mánuði, jafnvel stundum heilt ár, eftir að fá uppgjörið, fá féð, og vita ekki einu sinni, hvort þeir hafa fengið það allt eða hvort þeir eiga svo og svo mikið kannske í fyrirtækjum í Bandaríkjunum. Á sama tíma er vaxtabyrðin á þessum útvegi og á þessum hraðfrystihúsum svo þung, að eins og menn vita, þá liggja hér skýrslur fyrir um það, að meira að segja bara tiltölulega lítil breyting á vöxtum hjá þessum hraðfrystihúsum getur munað þau því, sem samsvarar 22% af öllu kaupgjaldi.

Það er því ekki nema eðlilegt, að hér sé þess krafizt, að rannsakað sé nú til fullnustu, hve mikið af fjárhagslegum afrakstri sjávarútvegsins er nú í allri þeirri veltu, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur með að gera. Enn fremur er rétt að gera sér það ljóst, að um það ganga sögur, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafi lánað einstökum aðilum, jafnvel einstökum mönnum í stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, nokkrar fúlgur, jafnvel svo að skiptir milljónum. Og það er rétt, að slíkt sé upplýst, ekki sízt á þeim tímum, þegar ríkisstj. lætur bankana framfylgja lánabanni á aðra og þegar einstaklingar í landinu eru jafnvel að gefast upp og missa sín hús og annað slíkt, — einstaklingar, sem eiga lítið, geta ekki fengið lán upp á nokkra tugi þúsunda í bönkunum, — ef það er til um leið, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna jafnvel starfi að einhverju leyti eins og banki og láni jafnvel þeim, sem þar eru í stjórn eða þar eru voldugir, jafnvel svo að skiptir millj. kr.

Enn fremur er það staðreynd, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, auk þess að setja fé fast erlendis á þennan máta, þá hefur hún sett fé fast í fyrirtæki hér innanlands, eins konar hliðarfyrirtæki. Það er eitt fyrirtæki, sem heitir Jöklar h/f, sem er skipafélag, sem mun eiga tvö skip, Vatnajökul og Langjökul, og vera með eitt í smíðum. Ég veit ekki nákvæmlega, hvernig muni vera um þetta hlutafélag, Jökla, hvort það muni vera Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem á það, eða hvort það muni vera einstakir menn úr Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. En hvort sem er og hvernig sem það hlutafé er til komið, hvort það er tekið út af rekstri sjávarútvegsins og annað slíkt, er rannsóknarefni. Menn skyldu kannske ætla, þegar Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða málsmetandi menn og forustumenn í því fyrirtæki stofna slíkt skipafélag, að það sé gert með það fyrir augum að lækka farmgjöldin fyrir íslenzkan fisk, knýja þau niður. Farmgjöldin hafa verið mjög há, það hefur verið góður gróði á þeim. Ég veit ekki til þess, að Jöklar h/f hafi lækkað farmgjöldin, þvert á móti jafnvel haldið þeim og gefið þar með líka öðrum aðilum, eins og Eimskip o. fl., möguleika til þess að halda þeim uppi, í stað þess að keppa þarna og lækka þetta til ágóða fyrir hraðfrystihúsin á Íslandi. Og það er sannarlega rannsóknarefni, hvernig farið er að í þessum efnum.

Það er annað fyrirtæki, hliðarfyrirtæki, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur stofnað. Það er Tryggingamiðstöðin. Það er fyrirtæki, sem hefur tekið að sér meginið af þeim tryggingum, sem snerta hraðfrysta fiskinn, bæði viðvíkjandi flutningi á honum, viðvíkjandi framleiðslu á honum og jafnvel tryggingar kannske að einhverju leyti — þó veit ég það ekki nákvæmlega — á eignum hraðfrystihúsanna. Það vita allir og hefur verið upplýst í umr. hér nýlega, og ég ætla ekki að endurtaka það, að það hefur verið allgóður gróði á slíkum vátryggingarfélögum. Hefur Tryggingamiðstöðin, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða einstakir menn úr henni eiga, lækkað þessi iðgjöld tryggingarnar? Hefur hún reynt þannig að bæta fyrir hraðfrystihúsunum með slíkt? Nei, hún virðist ekki hafa gert það. Það er jafnvel fullyrt, að tryggingarfélög hér í bænum bjóðist til þess að tryggja fyrir mun lægri iðgjöld en Tryggingamiðstöðin, en Tryggingamiðstöðin sitji fyrir iðgjöldunum sem hvert annað svo að segja einokunarfyrirtæki, af því að stjórnendur Sölumiðstöðvarinnar ráðstafi þeim til Tryggingamiðstöðvarinnar, um frjálst útboð sé þar ekki að ræða, útboð hafi yfirleitt ekki farið fram, en Tryggingamiðstöðin hafi hins vegar safnað allmiklu fé, safnað allmiklum gróða. Þó er mér ekki kunnugt um, að hún hafi úthlutað arði af hlutafé, ekki úthlutað gróða þannig til þeirra hraðfrystihúsa, sem kunna að vera eigendur að þessu, en hafi þá beinlínis og þeir menn, sem þessu fyrirtæki stjórna, ráð yfir mjög miklu fjármagni, á sama tíma sem forráðamenn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, eins og aðrir atvinnurekendur, segja við verkamenn: Við getum ekki borgað ykkur nema 85% af því kaupi, sem var fyrir 15 árum, útvegurinn ber ekki meira, atvinnulífið þolir ekki meira, það eru engir peningar til. Þá er eðlilegt, að við viljum láta rannsaka það,

hvort tekið hefur verið út úr veltu íslenzka sjávarútvegsins svo og svo mikið af fé, sett fast í þessum fyrirtækjum m. a., þetta fé skapað svo og svo mikinn gróða, sem þessir aðilar hafa áfram í veltunni, — gróðinn, peningarnir séu þarna til, en gagnvart íslenzkum verkamönnum, gagnvart íslenzkum sjómönnum, gagnvart íslenzkum útvegsbændum, gagnvart jafnvel ýmsum hraðfrystihúsunum og gagnvart þjóðfélaginu í heild, þá sé sagt: Við þolum ekkert meira. Við getum ekki látið meira.

Ég býst við, að það kunni að vera fleiri fyrirtæki, og þau geta gjarnan verið í góðum tilgangi sköpuð, ýmis slík hliðarfyrirtæki, sem Sölumiðstöðin kann að hafa skapað. En mér sýnist bara af því litla, sem ég hef hugmynd um, t. d. viðvíkjandi Jöklum h/f og Tryggingamiðstöðinni, viðvíkjandi Coldwater og þessu, að þarna sé bróun á ferðinni, sem er stórhættuleg fyrir íslenzkt atvinnulíf, — sú þróun, að það sé að skapast einokunarhringur, sem veltir fjármunum, sem skipta hundruðum milljóna króna, ef það fer ekki jafnvel yfir það, upp í þúsund milljónir, — einokunarhringur, sem hvað fjárveltu snertir hefur t. d. miklu meira umleikis en sjálfur Reykjavíkurbær, slagar kannske hálfpartinn upp í sjálfan ríkissjóð, hefur kannske upp undir eða yfir þriðjunginn af öllum útflutningi í sínum höndum í krafti umráðanna yfir fjármagni, sem hann hefur valdaaðstöðu til þess að gína yfir, öðlast vald, fjármálavald, sem getur verið stórhættulegt í okkar litla þjóðfélagi, getur verið ákaflega áhættusamt, af því að oft verður einræðiskennt, hvernig stjórnað er í slíkum fyrirtækjum, ráðstafanir gerðar, sem varða kannske milljónatugi erlendis, án þess að jafnvel kannske einu sinni sjálf stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna viti það. Það er oft þannig, þegar búið er að skapa oftrú á einum manni í slíku, að menn eru látnir ráðskast með fjármuni, sem aðrir í góðri trú hafa trúað þeim fyrir, og svo uppgötva menn einn góðan veðurdag, að þetta sé allt meira eða minna í vitleysu, sem þeir hafi verið í góðri trú um. Ég álít, að það sé að skapast þarna einokunarhringur með öllum þeim áhættum, sem slíku fylgja. Og hvenær sem eitthvað verulega blæs á móti, þá getur þarna verið stórkostleg hætta á ferðum. Við munum það, sem munum gömlu heimskreppuna, að jafnvel voldugir hringar, eins og eldspýtnahringur Krugers, fóru á hausinn í slíkum átökum. Við vissum, hvernig fór fyrir okkar eigin fiskhringum hér heima. Og við vitum, hve lítill og brothættur okkar bátur er, þegar við erum að sigla á þessum miklu samkeppnismörkuðum erlendis og stefnum þar máske oft og tíðum öllu í hættu. Þess vegna álít ég, með tilliti til þeirra hagsmuna, sem verkamenn og sjómenn, útvegsbændur og hraðfrystihúsin og þjóðfélagið og bankarnir hafa í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, að það sé nauðsyn, að þessi hv. d. setji rannsóknarnefnd fimm innandeildarþingmanna til þess að rannsaka þessa sex þætti: fimm þætti viðvíkjandi Sölumiðstöðinni og einn viðvíkjandi Vinnuveitendasambandinu, sem ég hef talið upp í þeirri till. til þál., sem hér liggur fyrir á þskj. 268.

Það er máske hægt að fá nú þegar í þeim umr., sem um þetta verða, nokkrar upplýsingar um þessi mál. Hafi ég hermt eitthvað rangt, þykir mér vænt um, að það sé leiðrétt. Hafi mig skort upplýsingar, þykir mér vænt um, að þær séu gefnar. En það, sem er höfuðatriði, er, að það verði alveg krufið til mergjar um, hvernig ástandið er á þessu sviði, sem allt okkar þjóðarbú varðar svona mikið. Það mun vera 5 manna stjórn í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 3 af þeim 5, sem í stjórn eru, munu eiga sæti í þessari hv. d., ef ég veit rétt, ef ekki hefur verið þá skipt um neitt nýlega, þannig að hér eru hv. þm., sem gætu gefið okkur mjög miklar upplýsingar um þessi efni. Þegar ég nú hins vegar horfi upp á það, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er að aðstoða við að brjóta niður viðskiptin í austurvegi, sem hafa verið hennar og þjóðarinnar öruggustu viðskipti á undanförnum árum, þegar ég í öðru lagi horfi upp á, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sem einn hluti úr íslenzkri atvinnurekendastétt svarar íslenzkum verkamönnum eins harðvítuglega og eins ósvífið og Vinnuveitendasambandið svaraði nú nýlega, og þegar mér í þriðja lagi berst til eyrna ótti útvegsbænda og hraðfrystihúsa, sjómanna og verkamanna og jafnvel bankanna um, hvernig standi um hina miklu fjárfestingu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna erlendis, þá álít ég, að Alþingi verði að láta þetta til sín taka.

Mér kann máske að verða svarað því, að okkur þm. varði lítt um starfsemi þessa fyrirtækis, það hafi einstakir aðilar á Íslandi myndað þetta fyrirtæki og gert sín samtök og það sé þeim leyfilegt, og þeir, sem séu óánægðir, geti þá farið sína leið. Jú, það er máske allt í lagi. Það er aðeins tvennt, sem ég vildi við það athuga. Í fyrsta lagi, ef þeir aðilar, sem eru óánægðir með Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og hennar núverandi rekstur, vilja fara sína leið, vilja mynda sitt eigið sölusamband, fá þeir þá sömu aðstöðu og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur nú, sama leyfi til útflutnings og hún hefur núna? Ríkisvaldið hefur gefið Sölumiðstöðinni sérstakt vald, sem hún hefur farið með, og ég veit ekki enn þá, þrátt fyrir allar frelsisyfirlýsingar, svo fremi að stór hluti íslenzkra hraðfrystihúsa myndaði annað sambnad og krefðist þess í nafni slíks frelsis að fá að flytja út sinn fisk, hvort þeir fengju það frelsi. En jafnvel þótt svo væri, þá vil ég leyfa mér að spyrja: Ef slíkt gerðist, hvernig verður þá uppgjörið á því fjármagni, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna nú hefur sett í fyrirtæki í Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi, sett í fyrirtæki eins og Jökla og Tryggingamiðstöðina, þar sem mér finnst, að það hljóti að vera svo, að mikið af þessu fé hljóti að vera af raunverulegri eign þeirra samtaka, sem þarna er um að ræða, en ekki bara máske þeirra manna, sem skráðir eru fyrir hlutabréfunum, — hvernig mundi fara um slíkt?

Ég álít því, herra forseti, að hagsmunir sjómanna og verkamanna, hagsmunir útvegsmanna og hraðfrystihúsanna og hagsmunir þjóðfélagsins í heild krefjist þess, að þessi hv. d. láti fara fram þá rannsókn, sem henni er heimilt að skipa n. til samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, að rannsaka þá hluti, sem ég hér hef talið upp. Ég vil leyfa mér að óska þess, þegar fyrri hl. þessarar einu umr.

um þetta mál lyki, að þessu máli væri vísað til hv. fjhn. og að hv. þingdeild verði við því að skipa slíka n. Það er öllum aðilum ætlð fyrir bezta, þegar svona mál liggja fyrir, að hlutunum sé komið á hreint, það, sem rétt sé, komi í dagsljósið, þær grunsemdir, sem kynnu að vera órökstuddar, séu hraktar, þær hviksögur, sem ganga og ekki reyndust réttar, séu eyðilagðar, — og hins vegar, ef hætta er þarna á ferðum eða rangt hefur verið að farið, þá hjálpi þjóðfélagið til þess að leiðrétta slíkt.

Einar Sigurðsson: Herra forseti. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna var stofnuð árið 1942 af 15 frystihúsum. En ekki leið á löngu, þar til öll frystihúsin, önnur en frystihús kaupfélaganna, voru orðin félagar. Meginatriði í lögum félagsins, en lögunum hefur sáralítið verið breytt frá upphafi, er, að allir geta gerzt félagsmenn, er hafa aðstöðu til að framleiða frosinn fisk. Eru engin dæmi þess, að einstaklingi eða félagi hafi verið meinað um inntöku. Annað meginatriði í lögunum er, að allir hafa jafnan atkvæðisrétt án tillits til framleiðslumagns eða framlags til uppbyggingar félagsins hér eða erlendis.

Þróun frystiiðnaðarins þessi tæp 20 ár hefur verið mjög ör, og hefur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna átt mjög mikinn og góðan þátt í þessari uppbyggingu. Þegar S. H. var stofnað, var ársframleiðsla frystihúsa S. H. á frystum fiski og síld um 6 þús. lestir, en er nú 60 þús. lestir. Nú eru starfandi frystihús innan S. H. 56 talsins. Eru þau með alls konar rekstrarformi, sem þekkist hér á landi: *einstaklingar, sameignarfélög,* hlutafélög, samvinnufélög, bæjarfélög og sjálft ríkið. Þrátt fyrir hin ólíku rekstrarform og ólíkar stjórnmálaskoðanir hefur ekki verið neinn ágreiningur innan samtakanna um framkvæmdir, sem S. H. hefur ráðizt í hér heima eða erlendis.

Það fór fljótt að bera á því, að félagsmenn höfðu löngun til þess að vera sem sjálfstæðastir og búa sem mest að sínu í þessum atvinnurekstri. Þannig annaðist S. H. þegar í upphafi innkaup á öllum umbúðum og nauðsynjum frystihúsanna. Þá varð mönnum fljótt ljóst, hve mikilvægt það var fyrir frystihúsin að geta haft hönd í bagga með farmgjaldatöxtunum og veita sem bezta þjónustu, sérstaklega með tilliti til smærri hafnanna. Því var það, að allir félagar S. H. voru samtaka um að leggja fram nokkurt fé til stofnunar skipafélags þegar árið 1945. Hlutafé var 500 þús. kr., og veittu frystihúsin félaginu jafnframt 800 þús. kr. lán, sem nú er að fullu greitt. Þessi framlög voru í hlutfalli við viðskiptaveltu hvers eins fram að þeim tíma. Þessu félagi var gefið nafnið Jöklar. Félagið byrjaði með eitt skip, mótorskipið Vatnajökul, sem er 924 rúmlestir brúttó og er enn í eigu félagsins. Árið 1952 keypti félagið annað enn minna skip, nokkurra ára gamalt, sem var gefið nafnið Drangajökull, 621 rúmlest brúttó. Þetta skip fórst á s. l. ári, en áður hafði félagið eignazt nýbyggt skip, Langjökul, sem er 2000 lestir. Nú á félagið í byggingu annað skip í stað Drangajökuls.

Þetta hefur félagið framkvæmt allt af eigin rammleik og á engan hátt verið baggi fyrir frystihúsin, heldur þvert á móti nokkrum sinnum beitt sér fyrir farmgjaldalækkun. Til skipakaupanna hefur félagið fengið lán erlendis eins og önnur hliðstæð félög, og jafnframt veitti Landsbankinn félaginu 700 þús. kr. lán, þegar Vatnajökull var keyptur, en það lán er nú löngu endurgreitt. Jöklar skulda S. H. ekkert.

Fyrstu árin eftir styrjöldina voru miklir erfiðleikar á að selja fisk nema í vöruskiptum, og neyddust frystihúsin þá til að mynda innkaupafyrirtæki til þess að greiða fyrir þessum viðskiptum. *Fyrirtækinu var gefið nafnið* Miðstöðin, og var það stofnað á sama hátt og Jöklar, að frystihúsin lögðu fram hlutafé í hlutfalli við veltu sína og voru öll með. Nam hlutafé 300 þús. kr. Félag þetta gegndi mikilvægu hlutverki á sínum tíma með því að greiða fyrir aukinni fisksölu og hærra verðlagi, en síðan ríkið fór að gera viðskiptasamninga við vöruskiptalöndin og semja um ákveðna yfirdráttarheimild, hefur hlutverk Miðstöðvarinnar orðið lítið og gagnsemi hennar fyrir frystihúsin lítil sem engin. Fyrirtækið hefur þó ekki verið selt, eingöngu af ótta við, að til þess þyrfti að grípa aftur á líkan hátt og áður.

S. H. festi á sínum tíma nokkurt fé, eða 4½ millj. kr., hjá þessu fyrirtæki vegna þessara viðskipta, enda lá Miðstöðin með miklar vörubirgðir frá þessu tímabili árum saman, því að vörurnar voru ekki allar jafnauðseljanlegar, þar sem kaupa þurfti mikið magn úr tiltölulega litlu úrvali. Fyrirtækið hefur engin föst lán fengið í bönkunum, og með ranglátu skattafyrirkomulagi og veltuútsvari hefur það opinbera hirt allar tekjurnar og vel það oftast, svo að fyrirtækið hefur ekki getað eignazt neina sjóði sjálft.

Þriðja félagið, sem S. H. hefur stofnað, er Tryggingamiðstöðin h/f. Hún var stofnuð í árslok 1956. Miklar tryggingar eru á vegum frystihúsanna á framleiðslunni, vélum og tækjum, fiskinum í flutningi, bátum og veiðarfærum og starfsfólki frystihúsanna. Lágu hér til grundvallar sömu sjónarmið og við stofnun Jökla, að veita frystihúsunum sem ódýrasta þjónustu. Að sjálfsögðu er frystihúsunum frjálst að tryggja hjá hvaða tryggingarfélagi sem er. Hlutafé var 1 millj. kr., og var það lagt fram á sama hátt og við stofnun hinna félaganna. Skuld Tryggingamiðstöðvarinnar við S. H. er nú álíka og Miðstöðvarinnar, 4—5 millj. kr. Þessi skuld er mynduð vegna þess, að það er mjög algengt, að tryggingarfélög láni til báta- og skipakaupa gegn viðskiptum, og þar sem þetta er mjög ungt félag, þá hefur það ekki getað myndað neitt eigið fé, en hins vegar hefur þótt nauðsynlegt að veita því aðstöðu til að afla sér slíkra viðskipta, þótt í smáum stíl væri. Eru slík lán að sjálfsögðu aðeins veitt gegn venjulegum og fullum tryggingum.

Það hefur löngum verið keppikefli allrar kaupsýslu að geta fylgt vörunni eftir sem lengst til neytandans. Bæði hefur það verið tryggast upp á markaði að gera og eins þannig von um hæst verð. Að selja vöru sína í eigin umbúðum og með eigin vörumerki tryggir líka markað og öruggari eftirspurn, þegar um góða vöru er að ræða. Því var það, að S. H. *fór nokkuð snemma* að huga að leiðum til þess að komast inn á hina stóru frjálsu markaði.

Í stríðinu var þetta allt negit í viðjar. Englendingar keyptu þá mestallan freðfisk okkar, en stríðið var þó ekki á enda, þegar S. H. réð Jón Gunnarsson sem framkvæmdastjóra til þess að selja freðfisk í Bandaríkjunum. Var það árið 1944. Fyrstu árin hafði S. H. þar sína skrifstofu á eigin nafni til að annast þessa sölu, en árið 1948 stofnaði S. H. fyrirtæki, Coldwater Seafood Corporation, í New York til að annast þetta. Í þetta fyrirtæki hefur S. H. lagt 459300 dollara og er eigandi fyrirtækisins vitanlega að áskildum formsatriðum þar í landi.

Fyrstu árin gekk rekstur upp og niður. Veltan var ekki mikil, og við mikla byrjunarörðugleika var að stríða við að brjótast inn á þennan vandlátasta markað í heimi. En síðan hefur þar alltaf verið unnið á jafnt og þétt, og nýtur nú framleiðsla S. H. trausts og álits í Bandaríkjunum. Eru Íslendingar næststærstu innflytjendur fisks í Bandaríkjunum, koma næst á eftir nágrönnum Bandaríkjanna, Kanadamönnum. S. H. seldi á síðasta ári í Bandaríkjunum nær 16 þús. lestir af flökum, eða um þriðjung af flakaframleiðslunni. Þetta er mjög mikilvægur markaður fyrir íslenzkan freðfisk, þar sem verðið, miðað við kíló, er hærra en nokkurs staðar annars staðar. Að vísu er þar meira til kostað í umbúðum og vinnu en á mörgum Evrópu-pakkningum, en það munar líka miklu á söluverði. Meðalverð á því, sem áætlað er að selja til Bandaríkjanna á þessu ári, er kr. 16.90 pr. kg fob., en meðalverð þess, er selt var til Sovétríkjanna s. l. ár, var kr. 12.55 pr. kg fob.

Fyrir nokkrum árum var í Bandaríkjunum byrjað á að matreiða fisk í verksmiðjum og frysta hann síðan á eftir og selja hann tilbúinn til neyzlu til neytendanna. Coldwater var vakandi fyrir þessari nýjung í fisksölunni og keypti gamlar verksmiðjubyggingar, sem notaðar höfðu verið til að sjóða niður ostrur og tómata, fyrir 94 þús. dollara. Þarna var hafin framleiðsla á fiskstöngum í smáum stíl. Þessi starfsemi óx hröðum skrefum og varð fjölbreyttari og framleiðslan sífellt aukin. Nú vinna þarna milli 200 og 300 manns. Íslendingar hafa þar yfirstjórn. Gildar ástæður eru fyrir því, að þetta er ekki framleitt hér á Íslandi. Það er lágur tollur á blokkum, sem notaðar eru til þessarar framleiðslu, eitt cent pr. pund, í stað 2½ cents á venjulegum fiskflökum, sem seldar eru til neytenda, og enn hærri á matreiddum fiski. Flutningsgjald mundi verða miklu hærra vegna þess, hve fiskurinn er rúmfrekur soðinn. Þá mundi þurfa að geyma miklu meiri birgðir en þegar hægt er að framleiða eftir hendinni. Og að lokum það, sem mundi ráða úrslitum í þessu sambandi, en það er, að geymsluþol matreidda fisksins er lítið og hann þarf að vera sem ferskastur á markaðnum.

Fyrirkomulag fisksölunnar í Bandaríkjunum er þannig, að Coldwater hefur sína umboðsmenn um öll Bandaríkin, 60 talsins, sem selja fiskinn úr kæligeymslu, hver á sínu svæði. Er þetta hið viðurkennda sölufyrirkomulag í Bandaríkjunum á tilsvarandi vöru. Fiskurinn er eign S. H., þar til hann er seldur. Þetta sölufyrirkomulag krefst þess, að jafnan séu miklar birgðir fyrirliggjandi, þar sem fiskinum er dreift í frystigeymslur á öllum sölusvæðum í Bandaríkjunum. Fiskbirgðir S. H. í Bandaríkjunum voru 1. jan. 1960 4310 lestir og 1. jan. 1961 3196½ lest. Áætlað fob-verðmæti þessara birgða í ársbyrjun 1961 er 54 millj. kr.

Þess er hér að geta, að 30. sept. s. l. átti Coldwater útistandandi fyrir seldan fisk, sem venjulega greiðist innan mánaðar frá úttektardegi, 1 millj. 674 þús. dollara. Enn fremur voru þá fiskbirgðir í verksmiðjunni, bæði unnar og óunnar, fyrir 600 þús. dollara. Af þessu sést, að sölufyrirkomulagið í Bandaríkjunum krefst mikils fjármagns, og hefur Goldwater fengið nokkurt lán hjá viðskiptabanka sínum í New York. Er nú unnið að því að fá í Bandaríkjunum viðbótarlán til þess að greiða fyrir þessum viðskiptum.

Coldwater sendir sína reikninga ársfjórðungslega til Sölumiðstöðvarinnar. Sölumiðstöðin gerir gjaldeyrisskil til gjaldeyriseftirlitsins missirislega, og er gjaldeyriseftirlitinu að sjálfsögðu opinn aðgangur að öllum gögnum S. H. í sambandi við erlend viðskipti. Þess má geta, að Coldwater er stærsti innflytjandi á freðfiski í Bandaríkjunum.

Árið 1956 var hafizt handa um að komast inn á enska markaðinn með því að láta eigin fyrirtæki annast söluna eins og í Bandaríkjunum. Voru stofnuð tvö fyrirtæki, annað sem fiskdreifingar- og framleiðslufyrirtæki og hitt til að reka smámatsölustaði, sem selja eingöngu fiskmeti. Fyrra fyrirtækið nefnist Frozen Fish Ltd., og nemur hlutafé þess 60 þús. pundum. Er það eign S. H. að áskildum formsatriðum þar í landi. Þetta fyrirtæki keypti gamalt frystihús niðri við Thames, þar eð fjármagn var ekki fyrir hendi til að byggja nýtt, eins og æskilegt hefði þó verið. Þarna var hafin matreiðsla á soðnum matvælum, eða líkt og í verksmiðjunni í Bandaríkjunum. 27. ágúst s. l. skuldaði þetta fyrirtæki S. H. 87500 pund og átti þá birgðir að verðmæti 41 þús. pund auk útistandandi skulda fyrir seldan fisk.

Þessi starfsemi er ekki gömul og hefur átt við ýmsa byrjunarörðugleika að etja, eins og raun varð á í Bandaríkjunum.

Hitt fyrirtækið, sem hefur matsölustaðina, heitir Snacks Ross Ltd. Var það stofnað með hlutafé að upphæð 10 þús. pund. Það hlutafé er einnig eign S. H. að tilskildum formsatriðum. Fiskmatsölustaðirnir eru 12 talsins. Gekk þessi starfsemi ekki allt of vel til að byrja með, en er nú farin að sýna hagnað. 27. ágúst s. l. skuldaði þetta fyrirtæki S. H. 5300 pund, sem er eign félagsins.

Bæði þessi fyrirtæki senda reikninga ársfjórðungslega til S. H.

Talið er, að 75% af öllum fiski, sem seldur er í Bretlandi, sé seldur í slíkum búðum, og eru þær þar í tugþúsunda tali. Til Bretlands voru seld á s. l. ári 5500 tonn af fiski.

Þriðja markaðslandið, sem S. H. er að glíma við að skapa sér sjálfstæða tilveru í, er Holland. Að vísu mætti frekar segja, að þar væri verið að gera tilraun til að ryðja freðfiskinum braut inn á markað sex velda tollabandalagsins, þ. e. Hollands, Belgíu, Lúxembúrgar, Þýzkalands, Frakklands og Ítalíu. Búið er að fá stað fyrir verksmiðjuna á landamærum Hollands og Þýzkalands, yfirfærðar hafa verið 2 millj. kr. frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna til þessara framkvæmda. Alþingi samþykkti við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1960 heimild til

handa ríkisstj. að ábyrgjast fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna lán allt að 400 þús. pund til að reisa hraðfrystistöð í Hollandi, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. teldi viðunandi. Vonir standa til, að verksmiðjan geti orðið fullgerð í haust. Að sjálfsögðu hafa fengizt gjaldeyrisleyfi fyrir öllum yfirfærslum í sambandi við þessar framkvæmdir.

Ég fullyrði, að sölufyrirkomulag S. H. erlendis hafi jafnan tryggt félagsmönnum hæsta fáanlegt verð fyrir framleiðslu sína og sparað fyrir frystihúsunum stórfé, sem þau annars hefðu þurft að greiða til annarra, sem hefðu annazt söluframkvæmd á afurðum þeirra. Er því síður en svo, að nokkurt fé hafi verið dregið út úr rekstri sjávarútvegsins vegna þessarar uppbyggingar, sem átt hefur sér stað erlendis.

Þótt margir geri sér nú leik að því að gagnrýna Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þá er það spá mín, að er fram líða stundir, verði það starf, sem lagt hefur verið í öflun markaða og byggingar dreifingarkerfis erlendis á undanförnum árum og enn er verið að vinna að, eitt það merkasta, sem unnið hefur verið í atvinnu- og viðskiptamálum þjóðarinnar.

Flm. þáltill. á þskj. 268, hv. 3. þm. Reykv., hefur spurt, hversu mikið fé Sölumiðstöðin hefur lánað einstökum stjórnendum hennar. Það er í hæsta máta óviðurkvæmilegt að spyrja á Alþ. um skuldir einstakra, tiltekinna manna hjá fyrirtæki. Þó get ég skýrt frá, að þegar tekið er tillit til viðskipta ársins 1960, munu allir stjórnendur eiga innstæðu hjá fyrirtækinu og flestir svo að nemur hundruðum þúsunda. Þess ber þó að geta, að sumir þeirra hafa eins og aðrir fengið lán hjá Tryggingamiðstöðinni til skipakaupa gegn venjulegu veði. Eina lánið, sem S. H. hefur frá bönkum landsins, er 6 millj. kr. yfirdráttarheimild hjá Landsbanka Íslands vegna umbúðabirgða, sem fengin var á fyrstu árum fyrirtækisins og hefur staðið óbreytt síðan. Þessi yfirdráttur nam í árslok 1960 kr. 5345440.82.

Um lán bankanna til einstakra félaga S. H. og félaga í Vinnuveitendasambandi Íslands er ekki á mínu valdi að skýra frá.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef nú hlustað hér á framsöguræðu hv. flm. um till. þá, sem hér er til umr. á þskj. 268, og einnig á svör hv. 3. þm. Austf. (EinS), sem er einn af stjórnendum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Hv. þm. tók aðeins á málinu frá viðskiptalegu sjónarmiði, og mér sýndist, að eftir hans ræðu sé raunverulega fullsvarað 1., 2. og 3. lið í þáltill., sem ætlazt er til að rannsakað sé. Hins vegar hefði verið æskilegt, úr því að farið var að ræða þessi mál hér á annað borð, að einnig hefðu komið svör við 4., 5. og 6. liðunum, en ég varð ekki var við, að þeim liðum væri svarað út af fyrir sig. En það er ekki vegna þess, að ég taldi mér rétt að taka hér til máls, heldur vegna hins, að hv. þm. kom ekkert inn á hina pólitísku hlið á þessu máli, en það er ekki minna atriði í málinu en hin viðskiptalega hlið, sem hann aðeins svaraði og þó ekki að öllu leyti.

Ég vil þá fyrst leyfa mér að spyrja hv. flm.: Hvers vegna er þessi rannsókn miðuð eingöngu við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna? Hvers vegna, ef hún á að vera hlutlaus og alþýðunni á Íslandi, sjómönnum, verkamönnum og bændum til gagns, hvers vegna er þá ekki einnig látið sama ganga yfir Samband íslenzkra samvinnufélaga? Ég vil benda á hér, að Samband íslenzkra samvinnufélaga hefur m. a. útflutning á fiski fyrir frystihúsin, að vísu í smærri stíl en Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, en þó allstórum stíl. Er það af því, að hv. flm. telji, að þau kjör, sem þeir menn fá, sem við það skipta, séu svo miklu betri, að ekki hefði verið ástæða til þess að tengja þessa rannsókn við bæði útflutningsfyrirtækin? Ég er ekki með þessu að deila neitt á samvinnufélögin, nema síður sé. En ég vil gjarnan fá upplýsingar um það, hvers vegna þetta er ekki gert, ef það er gert í þeim einum tilgangi að fá upplýst, hvort hægt sé að fá betra verð fyrir okkar útflutningsvörur en gert er með þessu fyrirkomulagi, sem er hjá S. H.

Mér finnst einnig, að það sé mjög sambærilegt um það fé, sem tekið er út úr þessu fyrirtæki til þess að stofna skipafélagið Jökla, eins og Samband íslenzkra samvinnufélaga tekur úr sínu stóra fyrirtæki til þess að setja upp skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Er það ekki nokkurn veginn hliðstætt, að þeir taka fé, sjálfsagt með fullu samþykki þeirra aðila, sem eiga Sambandið, sem eru að langmestu leyti bændur landsins? Mér finnst a. m. k. eðlilegt, að um það fáist upplýsingar, á hvern hátt það er framkvæmt, hvort það er t. d. gert á sama hátt og hjá S. H.

Nákvæmlega sama er með tryggingarfélögin. Hafa ekki samvinnufélögin einnig stofnað sérstaka tryggingardeild, Samvinnutryggingar? Það er síður en svo, að ég sé að harma það. En mér finnst, að hér hafi verið farið alveg eins að af Sambandinu með fé félagsmanna.

Og þegar hv. flm. bendir á, að menn gætu, ef þeir væru óánægðir í kaupfélögunum, farið úr þessum samtökum og myndað sín sérstöku samtök, þykir mér rétt að spyrja, hvernig færi þá um skipti á þeim eignum, sem þessir aðilar eiga í S.Í.S. Þessar eignir hafa myndazt við útflutning sjávarafurða af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna annars vegar og við útflutning sjávarafurða og landbúnaðarafurða af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga hins vegar, auk þess sem hvor um sig hefur mjög mikinn innflutning til landsmanna. Ég er ekki að óska eftir, að það verði látin fara fram nein sérstök athugun á starfsemi Sambands íslenzkra samvinnufélaga, nema síður sé. En ég segi: ef á að fara fram sérstök rannsókn, eins og hér er gert ráð fyrir, á S. H., þá sé ég ekki, hvernig hægt er yfirleitt að láta ekki fara fram sams konar rannsókn á nákvæmlega sama hátt á hliðstæðu fyrirtæki í landinu, fyrirtæki, sem hefur enn víðtækari áhrif á afkomu landsmanna en Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur enn sem komið er.

Er þetta gert vísvitandi af hv. flm., að haga till. þannig, að aðeins annað fyrirtækið verði rannsakað, eða er þetta gert af pólitískri samvinnu og pólitískri ást á Framsfl., sem ræður yfir Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, að vilja ekki á þennan hátt styggja þeirra forustumenn, af því að hann hafði hugmynd um, að það gæti spillt eitthvað fyrir því, að það yrði komið aftur á vinstri stjórn í landinu? Það væri fróðlegt að fá þetta upplýst.

En þá þykir mér hv. flm. ganga heldur langt í baráttu fyrir vinstri stjórn, ef hann gerir sig að talsmanni fyrir því að rannsaka einn aðila af þeim ástæðum, en sleppa öðrum, sem þó hefur engu minni skyldur við þjóðfélagið. En sé svo, verður hinn pólitíski blær of augljós á till. Skal ég koma nokkru nánar að því.

Hvað snertir þá þörf að rannsaka þessi mál, bæði hjá S. H. og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, er vitanlega allmjög undir því komið, hvort menn trúa þeim opinberu gögnum, sem þessir aðilar báðir senda til aðalfunda og til viðskiptamanna, eða ekki. Er þessi till. vantraust á stjórn S. H. um að senda nægileg og rétt gögn til þeirra aðila, sem þeir skipta við, einnig til þeirra aðila, sem þeir eru umboðsmenn fyrir, þ. e. til útgerðarmanna? Liggur það á bak við hjá hv. flm. að væna stjórn S. H. um misfellur á því sviði? Ef ekki, getur hv. flm. notfært sér þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar, fengið enn frekari upplýsingar um þetta mál, m. a. hjá Skattstofunni, sem hefur sjálfsagt alla reikninga Sölumiðstöðvarinnar, hjá bönkunum og ýmsum öðrum aðilum og sjálfsagt einnig hjá þeim aðilum, sem eru meðlimir í Sölumiðstöðinni og sjálfsagt eru ekki að öllu samþykkir eða ánægðir með þeirra viðskipti, frekar enn menn eru yfirleitt samþykkir öllu því, sem gert er í félagsskap, fremur en í þjóðfélaginu sjálfu. En það er þá fyrst, ef það kæmi í ljós við þá athugun, að þessi gögn væru byggð á fölskum tölum, að ástæða væri til þess að setja þetta í þá rannsókn, sem hér um ræðir, til þess að draga fram það, sem undan er dregið og menn vita ekki um, sem væri kannske til stórkostlegs tjóns, ekki aðeins fyrir þjóðfélagið í heild, heldur fyrir viðskiptamenn, sem skipta við fyrirtækið. Og ég vildi nú gjarnan heyra það hjá hv. flm., þegar hann talar næst, hvort þar liggur á bak við ásökun um það, að Sölumiðstöðin og stjórn hennar hafi látið frá sér fara ranga reikninga og rangar skýrslur bæði til Skattstofunnar, til bankanna og til sinna viðskiptamanna. Og ef það er álit hv. flm., þá er náttúrlega nauðsynlegt að láta þá rannsókn fara fram, sem tillagan fjallar um. Sé það hins vegar ekki hans skoðun og hann líti svo á, að þetta komi allt saman fram við árlegt uppgjör, bæði í reikningum og á aðalfundum, þá skil ég ekki annað en hann geti fengið aðgang að þessum skjölum til þess að sannfæra sig um það sjálfur og fá enn fyllri svör og upplýsingar við þessu en hann hefur fengið hér nú í ræðu hv. þm., sem hér talaði síðast. Ef það skyldi svo vera, að hitt lægi á bak við, að hann teldi, að hér kæmu ekki öll kurl til grafar, gæti það þá ekki skeð hjá einhverjum öðrum fyrirtækjum? Gæti sú synd þá ekki einnig hafa hent annað stórt fyrirtæki, eins og Samband ísl. samvinnufélaga, sem ég þó vil taka fram að ég síður en svo væni um að gefa nokkurn hlut ranglega upp í þessu sambandi.

Ég skal þá snúa mér að hinum þættinum, sem er svo augljós í málflutningi hv. flm., og það er hinn pólitíski áróður. Það var það, sem kom skýrt fram, að hér er hafinn pólitískur áróður fyrir viðtækari viðskiptum við ákveðin ríki. Og hann er nú einu sinni þannig settur hér, hv. 3. þm. Reykv., að hann virðist alls ekki geta tekið hér til máls í nokkru máli nema koma þessu við, og það gengur svo langt, að ég held, — að það sé vafasamt, hvort hv. forseti á ekki að stöðva sumt af þeim orðaflaumi, sem fluttur er hér dag eftir dag til áróðurs fyrir Sovétríkin.

Ég skal m. a. benda hér á, hversu frámunalega staðhæfingu þessi hv. þm. hafði hér um eitt atriði áðan. Hann sagði: Þegar verkalýðshreyfingin bauð upp á dísilvélatogara, sögðu útgerðarmenn nei og kusu sér kolatogara. — Ég vil spyrja: Hvenær hefur þetta skeð? Ég veit ekki til þess, að verkalýðshreyfingin á Íslandi hafi nokkru sinni boðið neinum mönnum upp á togara, hvorki dísiltogara né aðra. Og ef þeir hafa haft fullt af dísiltogurum, sem þeir gátu boðið, hvers vegna gerðu þeir þá ekki út? Þegar þingmenn, sem elga að bera ábyrgð á orðum sínum, eru að koma með svona slúður hér í Alþingi og tefja tíma hv. þm. og hæstv. forseta með því að hlusta á það dag eftir dag, er rétt að minna á, að svona elga þm. ekki að starfa.

Nú get ég upplýst hv. flm. um það, að þegar rætt var um að endurnýja togaraflotann, voru öllum togaraútgerðarmönnum og skipstjórum þeirra send bréf, þar sem óskað var eftir tillögum þeirra í þessu máli. Enn fremur var sett nefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um bygginguna. Og ég veit ekki betur en a. m. k. sumir af þeim mönnum, sem standa framarlega í verkalýðshreyfingunni, ættu einnig sinn þátt í umræðum um það mál. Ég var í þeirri nefnd sjálfur og varð ekkert sérstaklega var við það, að það kæmi frá verkalýðshreyfingunni krafa um að byggja dísiltogara á þeim tíma, þegar samið var um að byggja 32 togara. Ég varð hins vegar var við það, sem var það raunverulega í málinu, að það var einn af útgerðarmönnunum, sem krafðist þess, að byggður yrði einn dísiltogari, og það var hæstv. ríkisstjórn, sem þá samþykkti það að byggja ekki einn, heldur tvo til reynslu, þrátt fyrir það þó að þá væri ekki fengin mikil reynsla fyrir dísiltogurum almennt. Sú tilraun opnaði augu manna fyrir því, að það væri rétt að fara inn á rekstur og byggingu dísiltogara, en ekki kolatogara. Hins vegar var enginn kolatogari byggður þá og hefur ekki verið byggður síðan, svo að þetta ruglast nú eitthvað hjá hv. flm., nema því aðeins að þessi tilboð frá verkalýðshreyfingunni hafi komið einhvern tíma fyrir þann tíma. Hún hefur e. t. v. boðið þessa ágætu dísiltogara fyrir stríð, því að ekki var hægt að fá neina dísiltogara byggða á stríðstímunum.

Og svo sagði hv. þm.: Verkalýðshreyfingin hefur hjálpað þeim, þ. e. a. s. S. H. og útgerðarmönnum, að fá framleiðslutækin. — Hún hefði boðið þeim ódýr og löng lán, sem hefðu ekki verið þegin. Á hv. þm. ekki við það, að boðizt hafi lán frá Rússlandi? (Gripið fram í.) Ekki það, en hvaðan eru þá þessi ódýru lán? Hvaðan eru þau? Hví hefðu Íslendingar ekki viljað taka þessi ódýru lán, ef þau hefðu verið til boða? Hvers vegna ekki? (Gripið fram í.) Stofnlánadeildarlánin? Var það verkalýðshreyfingin, sem bauð þau? Ég held, að stofnlánadeildin ætti að hlaupa til og taka þessi lán með ódýrum vöxtum, ef þau eru fáanleg. Ég á ákaflega

erfitt með að trúa því, að útgerðarmenn slái hendinni á móti því.

Hann sagði enn fremur: Hún (þ. e. verkalýðshreyfingin) hefur skapað og viðhaldið nýjum, öruggum mörkuðum. — Hvaða markaðir eru það, sem hún hefur skapað og viðhaldið, sem eru svona öruggir og góðir? Eru það markaðslöndin fyrir austan járntjaldið? Ætli það séu ekki þau, sem hv. þm. var að tala um áðan og vita S. H. fyrir, að þangað hefði ekki framkvæmdastjóri S. H. fengizt til að koma? Og væri það eitthvað annað en hinn ágæti hv. þm. Framsfl., Sigurvin Einarsson, hv. 4. þm. Vestf., sem fór þangað og hefur sjálfsagt gert þar mikið og gott starf fyrir útveginn og landbúnaðinn?

Ég veit ekki, hvað hv. þm. á við með þessu annað en að hefja áróður fyrir Rússland. Er sem hann sé embættismaður fyrir það ríki með fullum launum til þess að halda uppi áróðri fyrir það árum saman hér á Alþingi. Öðruvísi verður ekki skilinn þessi sífelldi, takmarkalausi áróður fyrir sovézkum eða rússneskum áhrifum hér á þessu landi. Var það kannske hjálp til útgerðarmannanna eða til S. H., allsherjarverkfallið 1955, og var það ekki verkalýðshreyfingin, sem rétti þá hjálp að útgerðarmönnum? Eða er það hjálp frá þeim hluta verkalýðshreyfingarinnar, sem stendur fyrir því að reyna að stöðva flotann, svo að hann geti ekki fiskað í frystihúsin? Eru þetta löngu lánin með góðu kjörunum, sem verkalýðshreyfingin á Íslandi bjóði undir forustu þessa ágæta manns og sessunautar hans, sem situr við hliðina á honum og er að rétta út höndina? Það er ekki furða, þó að þeir fárist yfir því, að S. H. skuli ekki gleypa við slíkri aðstoð.

Hv. þm. hélt því fram hér áðan, að það væru beztu viðskiptin og hagkvæmustu, sem þeir hefðu fengið við Rússland í sambandi við sölu og útflutning á fiski. Ætlar nú hv. flm. að telja okkur trú um það, að svo margir fávitar og vesalingar séu saman komnir í þessu félagi, þ. e. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, að þeir láti árum saman kúga sig til þess að nota ekki þennan markað, sem þeir fengju mest upp úr að dómi hv. flm., ár eftir ár, þar sem þeir eiga að geta fengið gullið í lófana strax, eins og hann sagði hér, en láti hins vegar kúga sig til þess að nota allt annan markað, þar sem þeir geta ekki selt sína vöru fyrr en eftir allmarga mánuði og vera síðan að bíða eftir uppgjöri? Getur hann talið nokkrum manni trú um það, að svo margir vesalingar finnist hér á Íslandi, að þeir láti kúga sig þannig, eins og hér ætti að vera, ef þetta væri rétt? Ég held, að þeir verði vandfundnir, jafnvel innan verkalýðshreyfingarinnar, sem þó þessi hv. þm. er langkunnugastur. Ég fullyrði, að meðal útgerðarmanna og sjómanna, sem sjálfir gera út og vinna að þessum störfum, finnist ekki slíkur hópur, að þeir létu kúga sig þannig árum saman. Nei, sannleikurinn er sá, að það er verið að selja fiskinn til Rússlands, af því að sá markaður hefur hjálpað mikið til að létta á öðrum mörkuðum. Það er síður en svo, að það hafi verið hagkvæmustu viðskiptin, hvorki fyrir útgerðarmenn né sjómenn, og sízt af öllu fyrir landið í heild.

Hv. 3. þm. Austf., sem hér talaði áðan, gaf upplýsingar um það tölulega, að fyrir fiskinn, sem væri seldur til Rússlands, væri gefið sem svaraði rúmlega 12 á móti rúmlega 16 til Bandaríkjanna. Þessar tölur segja að vísu ekki neitt, nema því aðeins að það liggi fyrir miklu meiri upplýsingar um málið. Það kann að vera svo miklu ódýrara að framleiða vöruna á rússneska markaðinn, að það gæti verið hagur, þótt það fengist ekki meira fyrir hana. Um það skal ég ekkert segja. Ég er ekki svo kunnugur þeim málum. En hitt veit ég, að ef það fengist jafnmikið verð fyrir hvorn fiskinn fyrir sig, sem fluttur er til Rússlands, og þann, sem fluttur er til Ameríku, þá þyrfti að taka fleira til athugunar. Ef viðskiptin við Rússland kosta það að binda sjálfstæði Íslendinga meira en gert hefur verið og falla meira inn á rússneska stórpólitík, styðja meira alheimspólitík og alheimsyfirráð þau, sem Rússar vilja ná alls staðar, þá væri dýru verði keypt að halda þeim markaði. Ég get alveg fullvissað hv. flm. um það, að hann er enginn maður til að bera ábyrgð á þeim afleiðingum, sem af áróðri hans hlytist á landi hér, ef ætlanir hans næðu fram að ganga, sem hann ætlast til að verði hér og hann heldur áróðri uppi fyrir. Nei, hann væri enginn maður til þess að bera ábyrgð á þeim afleiðingum, sem af því hlytust. Hann þarf ekkert annað en að sjá, hvernig hefur verið farið með þau lönd, sem Sovétríkin hafa náð tangarhaldi á, bæði Ungverjaland og önnur, á undanförnum árum. Hyggur hann, að það yrði nokkuð mildari tökum tekið hér á okkur heldur en hefur verið gert á þeim löndum? Hann væri engan veginn ábyrgðarmaður fyrir þeim afleiðingum og engan veginn fær um að bæta það böl, sem félli yfir þessa þjóð, ef meiri hluti landsmanna og Alþingis félli á hans skoðanir í þessum málum.

Þá skulum við einnig taka hina hliðina, sem er ekki lítils virði: Hvernig hefur gengið að greiða þann fisk eða þær vörur, sem við höfum selt til Rússlands? Hv. flm. sagði, að það hefði verið lagt gullið í lófa útflytjenda strax við afhendingu. Mér er vel kunnugt um, að fiskurinn hefur verið greiddur með vöru, sem hefur verið þvinguð inn á Íslendinga og enginn maður hefur viljað kaupa, ef hann hefði verið frjáls um að kaupa hana annars staðar frá. Mér er mjög vel kunnugt um það, að t. d. nú eru þvingaðir hér inn um 350 rússneskir bílar, sem fólk vill ekki kaupa á frjálsum markaði og hæstv. ríkisstj. hefur orðið að lækka all verulega tollana á, meira en á öðrum bílum, sem innfluttir eru, svo að það væri hægt að halda uppi viðskiptunum við Rússland, sem þessi hv. þm. er að lofa hér svo mjög. Það er m. ö. o. tekið hér með annarri hendi það, sem gefið er með hinni, og þegar viðskiptin eru þannig, að þau kosta miklu meira raunverulega, þá eru það ekki beztu viðskiptin, sem landinu bjóðast. En þessu vildi sjálfsagt hv. þm. alveg leyna.

Við skulum þá ósköp lítið fara inn á það, hver er hagur Íslendinga að semja um þessa 12 tappatogara, sem vinstri stjórnin samdi um fyrir austan tjaldið. Hvernig hafa þeir reynzt? Hvernig var gengið frá þeim málum öllum? Hefur það ævintýri ekki kostað íslenzka sjómenn allmikla peninga, sem einhver verður að greiða? Mér er nokkuð kunnugt um öll þau mistök, sem þar hafa

átt sér stað, m. a. þau, að þessi skip er ekki hægt að láta standa á réttum kili nema setja í þau upp undir 70 tonn af sementi, — skip, sem eiga að bera 250 tonn. Það eru tekin og látin 70 tonn í botninn af sementi, sem verður að flytja fram og til baka. Það er kannske ágætt, af því að það kemur austan frá. En það væri áreiðanlega ekki lofað, ef það kæmi frá vestrænum skipasmíðastöðvum, að gera slíkar vitleysur, sem kosta þjóðina eða eigendurna óhemju peninga. Það er þó ekki talið margt annað, sem þar hefur verið á ferðinni. Nei, það er eins hér og oftar, að endinn skal í upphafi skoða. Það þarf að líta á meira en rétt eina hlið á hverju máli, ef á að tryggja sig fyrir öllum áföllum.

Mér barst hér skjal, sem hv. 3. þm. Austf., sem síðast talaði, sagðist hafa af vangá ekki lesið upp og bað mig að skýra frá hér, það stendur hér: „Eina lánið, sem S. H. hefur frá bönkum landsins, er 6 millj. kr. yfirdráttarheimild hjá Landsbanka Íslands vegna umbúðabirgða, sem fengin var á fyrstu árum fyrirtækisins og hefur staðið óbreytt síðan. Þessi yfirdráttur nam í árslok 1960 kr. 5345440.82. Um lán bankanna til einstakra félaga í Vinnuveitendasambandi Íslands er ekki á mínu valdi að skýra frá.“

Ég er í engum tengslum við S. H., hvorki viðskiptalegum né öðrum. Ég hef engin viðskipti við þá, á ekkert hjá þeim, og þeir skulda mér ekki neitt, svo að það er ekki þess vegna, sem ég taldi mér rétt að segja hér nokkur orð, heldur vegna hins, að þessi till. hefur þann blæ, að hún er fyrst og fremst borin fram sem pólitískur áróður fyrir yfirráðum annarra þjóða, eins og langflest mál eru borin fram hér á hv. Alþ. af þessum hv. þingmanni, og langflest orð hans, sem falla hér, eru meira og minna lituð af því. Auk þess fannst mér eðlilegt og finnst enn, að ef á að fara fram rannsókn á þessum málum almennt, — og það skal ég á þessu stigi málsins ekkert segja um, hvort ég er með eða móti, — þá sé eðlilegt að gera þessa rannsókn miklu víðtækari en gert er í þessari till. Ég sé enga ástæðu til að undanskilja þá hlíðstætt fyrirtæki, Samband ísl. samvinnufélaga, sem hefur með höndum sams konar og enn víðtækari viðskipti, nema því aðeins, — og það vil ég taka fram, — nema því aðeins að þetta sé beinlínis gert vegna þess, að fullur grunur sé á því, að hér sé viðhaft eitthvert athæfi í viðskiptum, sem sé á móti lögum landsins. Þá getur vel komið til greina að rannsaka annað fyrirtækið, en sleppa hinu. En það hefur ekki komið fram, hvorki í sjálfri grg. né hjá hv. flm. í hans ræðu. Sé það ekki, þá er að sjálfsögðu engin ástæða til annars en að láta rannsókn fara fram á báðum þessum fyrirtækjum samhliða.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég samgleðst nú hv. 1. þm. Vestf. með, að hann skuli vera búinn að fá málið. Hann hefur nú allan þann tíma, sem hann hefur verið hér í d. hjá okkur, ekkert fengið að tala fyrir sínum flokki, svo að ég gleðst verulega yfir þessu frelsi, að hann skuli nú loksins fá að koma fram. Ég hefði að vísu kosið, að ræða hans hefði verið ofur lítið skynsamlegri, en ég mun samt sem áður sýna honum sem þeim öldungi, sem hann er, þá virðingu að svara henni nú, jafnvel þó að hann hafi farið alllangt út fyrir málið, og reyna að upplýsa hann sem bezt ég get um þessa hluti.

Hann spurði í fyrsta lagi, hvers vegna ég hafi aðeins spurt hér um Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og um einstaka meðlimi Vinnuveitendasambands Íslands. Það skýrði ég í upphafi minnar ræðu. Ástæðan til þess, að ég bar þetta fram, þó að ég að vísu oft hafi haft hugmyndir um, að það þyrfti máske að athuga þetta betur með Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og fjárfestingu hennar, það var svarið, sem Vinnuveitendasamband Íslands og þess stjórnendur, þar með Sölumiðstöðvarmennirnir, gáfu íslenzku verkalýðshreyfingunni. Það skýrði ég í upphafi míns máls og hélt nú, af því að ég er ekki vanur að draga af því, sem ég segi hér, að það hefði verið nokkurn veginn skýrt. Hins vegar er spurt, af hverju ég hafi ekki tekið Samband ísl. samvinnufélaga með. Vinnumálasamband SÍS stóð ekki að þessu svari. Það kom ekki fram frá þessu hálfu neinn hroki, nein slík afturhaldssemi, nein slík neitun eins og frá hálfu Vinnuveitendasambands Íslands um að taka til greina og vilja ræða það, sem verkalýðssamtökin fóru fram á. Hvað snertir almennt aðstöðu til þess að gagnrýna það, sem Samband ísl. samvinnufélaga hefur gert, þá held ég, að ég verði máske manna sízt ásakaður um að hafa ekki gagnrýnt Samband ísl. samvinnufélaga. Ég held jafnvel, að 1. þm. Vestf. mundi varla ásaka mig fyrir það. En þar að auki vil ég láta hann vita, að ég hef aðstöðu og félag, sem ég er í, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, það hefur aðstöðu til þess að fá allar þær upplýsingar, sem það vill fá um SÍS, sem eitt kaupfélag í Sambandi ísl. samvinnufélaga, þannig að þar höfum við fullkomlega lýðræðislega aðstöðu til þess að fá að vita, hvað er að gerast í slíkum efnum. (**Dómsmrh.:** Fenguð þið að vita allt um Esso?) Við spurðum, fengum ekki að vita allt, en ég held, að við höfum fengið eins mikið að vita og hafi verið vitað af vissum forustumönnum SÍS. En ég er hræddur um, að við höfum þá líka gert m. a. ráðstafanir til þess á öðrum vettvangi, ef við höfum ekki fengið nóg að vita þar, að knýja það fram, að það fengist, og ég held að hæstv. dómsmrh. hafi neyðzt að taka tillit til þeirrar viðleitni okkar, þannig að ef við gátum ekki fengið nóg að vita af því, sem við vildum fá að vita á þeim venjulega vettvangi, þá sáum við bara um annan vettvang, og það er nákvæmlega það sama, sem ég er að gera hér núna.

Um Samband ísl. samvinnufélaga gilda lög, og þar er sem sé hægt að fara að lögum. Það getur náttúrlega komið fyrir, að það sé eitthvað misjafnt, og þá beitir maður öðrum aðferðum í sambandi við lögin. En um Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eru engin slík lög, og ég hef fyrir mitt leyti enga slíka aðstöðu, þannig að þegar svona hlutir koma fyrir, að ég sé fram á, að allt þjóðfélagið svo að segja stöðvast, allt atvinnulíf stöðvast, þá vil ég fá að vita, hvernig hlutirnir standa viðvíkjandi þessu.

Hvort ég hefði traust eða vantraust á þeim, sem stjórna Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, spurði hv. 1. þm. Vestf. Ég get nú ekki sagt, að ég hafi beint traust á þeim, það væri allt of mikið. En svo ó-

hlutdrægur ætlaði ég að vera í þessu, að ég ætlaði að láta staðreyndirnar tala, og það eina, sem ég fór fram á, var að sjá staðreyndirnar í þessu, en sjá þær allar.

Hv. 1. þm. Vestf. sagði, að ég hlyti að geta fengið að vita þetta á skattstofunni og alls staðar í öðrum mögulegum stofnunum. Ég hef nú satt að segja ekki skattstofuna alveg í vasanum, svo að ég geti flett þar upp hverju sem mér þóknast, og þar að auki hef ég eina reynslu, sem kemur máske hv. 1. þm. Vestf. alveg á óvart, að ég er hálfhræddur um — og meira en hálfhræddur, satt að segja, að það sé ekki alveg hundrað prósent öruggt, að öll skattaframtöl á Íslandi hafi alltaf verið alveg fullkomin, svo að ég tali vægt.

Svo fór hv. 1. þm. Vestf. að tala um eitthvað undarlegt, sem stæði í hausnum á mér, hvar verkalýðshreyfingin hefði eiginlega komið nærri dísiltogurum, og eitthvað slíkt. Mér þykir nú satt að segja ákaflega leiðinlegt að þurfa að fræða þennan góða þm., af því að hann hefði satt að segja átt að geta vitað nokkurn veginn um þetta. Ég vil í fyrsta lagi taka fram, og það hélt ég satt að segja að hann væri farinn að skilja, að ég skoða mig sem fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar hér á Alþ., og þegar ég reyni að gera eitthvað, hugsa eitthvað, leggja eitthvað til, þá geri ég það í nafni þeirrar hreyfingar og í nafni þess verkamannaflokks eða verkamannabandalags, sem ég er fulltrúi fyrir.

Ég hélt ræðu 11. sept. 1944, útvarpsræðu, þar sem ég lagði til, hvernig skyldi verja því fé, sem Ísland átti í stríðslok. Ég lagði til m. a., að við keyptum, — og því getur hv. 1. þm. Vestf. flett upp í þingtíðindunum og athugað, — m. a. 20—30 dísiltogara af nýjustu gerð. Og þegar ég segi, að verkalýðshreyfingin hafi lagt til, að það væru keyptir dísiltogarar og m. a. atvinnurekendur fengju þá í hendur, þá er það þetta, sem ég á við. M. ö. o.: fyrir minn munn leggur íslenzka verkalýðshreyfingin til við atvinnurekendur, að hún kaupi handa íslenzka þjóðarbúinu a. m. k. 20—30 dísiltogara. Síðan gerðist það, að stjórnarskipti urðu á Íslandi og verkalýðsflokkarnir báðir tóku þá þátt í stjórn, og ég hafði nokkuð með þá stjórn að gera. Ég var fyrir hennar hönd í nýbyggingarráði. Nýbyggingarráð hélt fund með togaraeigendum í Garðastræti vorið 1945, og ég man eftir þeim fundi enn þá. Þó að mig kunni kannske stundum að misminna, þá varð ég svo hissa á þeim fundi, að ég man vel eftir honum síðan. Það var tvennt, sem við lögðum til, við í nýbyggingarráði, við togaraeigendurna, sem þarna voru mættir, og þetta var blóminn úr íslenzkri útgerðarmannastétt. Það var annars vegar, að við keyptum nú jafnvel eina 30 dísiltogara í Englandi, og hins vegar, að við gerðum þetta strax. Afstaða togaraútgerðarmannanna, sem þá voru vafalaust eiginlega forustan í íslenzkri atvinnurekendastétt, það voru voldugustu mennirnir, einmitt togaraútgerðarmennirnir, — þeirra skoðun var í *fyrsta lagi*, að *þeir ættu að fá kolatogara*. Þeir báru það fyrir sig: Við höfum enga vélstjóra í dísiltogara, og það er svo erfitt með það að fara. Það er langbezt að hafa kolatogara, eins og við höfum haft. — Í öðru lagi sögðu þeir: Við viljum bíða í eitt og hálft ár. — Það var raunar sama afstaða og brezku togaraeigendurnir tóku á þeim tíma. Nýbyggingarráð hins vegar sagði þeim, að við mundum kaupa togarana, þótt þeir væru á móti því, og við mundum ekki hafa það kolatogara. Og í ágústlok 1945 var samið við þær 5 eða 6 skipasmíðastöðvar, sem nýbyggingarráð hafði haft samband við, um kaupin á 30 togurum, og ríkisstj. gaf út brbl. til þess að gera það mögulegt að kaupa þessa 30 togara á 100 millj. kr., sem nýbyggingarráð úr þeim sjóði, sem það hafði, setti til ráðstöfunar. Ég fór síðan út fyrir ríkisstj. í septemberbyrjun. Ég vonaðist eftir því, að það yrðu keyptir dísiltogarar eins og var talað um. Það var gerð málamiðlun á eftir til að ganga nokkuð á móts við útgerðarmennina, heyrði ég, þegar heim kom, að það voru keyptir olíutogarar. Það var náttúrlega hinn mesti munur að fá olíutogarana og dumpa ekki alla leið niður í kolatogara. En svona var afstaðan, að þegar við keyptum samt sem áður tvo dísiltogara, fyrir utan að kaupa í einu 28 olíutogara, þá var það þannig, að það vildi enginn, sem með útgerð hafði að gera, fá dísiltogara, og við settum dísiltogarana á bæjarútgerð Reykjavíkur. Og annar forstjórinn úr bæjarútgerð Reykjavíkur, þegar hann tók við því, ég held, að það hafi verið 8 togarar, sem við úthlutuðum bæjarútgerð Reykjavíkur, þá þakkaði hann fyrir þessa sex togara, sagðist ekki reikna með þessa sleða tvo, sem við hefðum verið að troða upp á sig, af því að enginn annar vildi þá. Svona voru hleypidómarnir á móti dísiltogurunum þá. Þeir hafa síðan reynzt vel. En þetta segi ég nú vegna þess, þótt undarlegt megi virðast, að þó að hv. 1. þm. Vestf. tali með svona miklum þjósti og jafnvel fyrirlitningu um verkalýðshreyfinguna, þá erum það samt við, þessir fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, sem höfum jafnvel orðið að benda þessum mönnum, sem brautina ruddu á Íslandi í togaraútgerðinni, en vanastir voru þá að kaupa gamla togara frá Bretlandi upphaflega, — benda þeim á það, sem bezt væri í þessum efnum, og að nota réttu tækifærin í sambandi við það. (**GíslJ**: Þetta er allt rangt.) Þetta er allt rétt, og ég skora á hv. þm. að hrekja nokkurn skapaðan hlut af þessu. Þetta er allt saman rétt, hvert einasta, sem ég hef sagt. Um þetta veit ég, og þetta get ég talað um, þetta hef ég sjálfur reynt allt saman.

Svo kom hv. 1. þm. Vestf. inn á það, að verkalýðshreyfingin hefði boðið þeim lán. Ég sagði nú ekki meira en það, að við hefðum knúið þetta fram líka þeim til hagsmuna, og ég skaut fram í hans ræðu, að ég átti við stofnlánadeildina. Ég veit ekki, hvort hv. 1. þm. Vestf. hefur fylgzt svo vel með, að hann muni það. Við í nýbyggingarráði, eftir minni till., útbjuggum frv. um stofnlánadeild fyrir sjávarútveginn, sem við upphaflega vildum fá við Útvegsbankann, af því að við vildum stækka fiskveiðasjóðinn. Þetta frv. var sent til stjórnar seðladeildar Landsbankans, og í hálft ár stóð í þjarki út af því, að stjórn Landsbankans vildi ekki *fallast á þetta frv., og bréfaviðskiptin, sem fóru* fram á milli stjórnar Landsbankans og nýbyggingarráðs á þessum tíma, voru gefin út prentuð af atvmrn. Það fór á endanum svo, að okkar menn í ríkisstj., Sósialistaflokksins, settu þetta frv. inn í þingið, án þess að samkomulag hefði náðst í

ríkisstj., og það tók hálft ár að fá það síðan í gegn hér í þinginu, að fá þetta frv. samþykkt, og fyrst um vorið, rétt undir kosningarnar 1946, er þetta frv. knúið fram móti vilja Landsbankans. Það er slakað það til, að sett er upp stofnlánadeild við Landsbankann í staðinn fyrir við Útvegsbankann, en vextirnir voru pindir fram, eins og við höfðum lagt til, 2½%, allt til þess að gera mögulegt að yfirfæra í íslenzka peninga þessar 100 millj. kr., sem við áttum erlendis og við höfðum keypt togarana fyrir, peninga sem sé, sem voru til og það kostaði Landsbankann ekkert að þurfa að yfirfæra á þennan máta í íslenzka peninga.

Þetta er saga stofnlánadeildarinnar. Þessa baráttu kostaði það við sjálft það vald, sem atvinnurekendurnir, t. d. í Sjálfstfl., höfðu þá yfir að ráða, að knýja þetta fram. Meira að segja þetta, að tryggja íslenzkum atvinnurekendum lán til 15—20 ára með 2½% vöxtum, urðum við að berja fram með þessu móti. Til allrar hamingju tókst á endanum að sannfæra beztu mennina úr flokki atvinnurekendanna um, að þetta væri skynsamlegt, en slíka baráttu kostaði það.

Svo kemur hv. 1. þm. Vestf. og fer að tala um markaðina, og þá fer hann að tala um, að ég hafi verið með áróður fyrir Sovétríkin. Ég er að vísu reiðubúinn að flytja ýmsan áróður fyrir sósialismann í Sovétríkjunum. En ég hef satt að segja alls ekki komið nærri því hér núna, svo að ég skil ekkert, hvað fer í taugarnar á hv. 1. þm. Vestf. Það, sem ég var að tala um, var að tryggja markaði fyrir íslenzkan fisk, og mér hefur satt að segja þótt það mikill landvinningur fyrir íslenzkan fisk, að við skulum svo að segja hafa lagt undir okkur Sovétríkin á síðustu 15 árum. Ég hélt satt að segja, að það væri atriði, sem væri frekar að státa af að gera, og ég skil ekki, hvernig það hringsnýst í kollinum á hv. 1. þm. Vestf. að vera áróður fyrir Sovétríkin að koma íslenzkum fiski til Sovétríkjanna og fá menn til þess að borða hann þar, geta skapað Íslandi þau viðskiptasambönd, sem við höfum skapað þar. Þetta er satt að segja í fyrsta skipti, og það undrar mig af svona skynsömum manni, að hann skuli fara að líta niður á það sem eitthvert böl, að Ísland skuli hafa getað lagt undir sig slíkan markað. Við seldum ekki mikið fyrir styrjöld til þessara landa þarna austur frá. Það var eingöngu svo að segja Pólland og einstöku sinnum síld, sem við gátum selt til Sovétríkjanna, en fiskur okkar var svo að segja gersamlega óþekkt vara í Sovétríkjunum og Tékkóslóvakíu, þannig að mér finnst, að ég hefði átt skilið af hv. 1. þm. Vestf., að hann hældi mér fyrir það, að ég hafi reynt að gera allt, sem í mínu valdi stóð, til þess að skapa íslenzkum atvinnurekendum og íslenzku þjóðarbúi öryggi með því að leggja það litla lið, sem ég gat, til þess að reyna að opna þessa markaði.

Svo kom hv. 1. þm. Vestf. inn á það, hvort verkalýðshreyfingin væri að hjálpa útgerðarmönnum, af því að ég hafði minnzt á, að ég og minn flokkur, Sósfl. og Alþb., við hefðum reynt að gera ýmislegt til þess að greiða fyrir útgerðarmönnum á Íslandi, eins og ég hef þegar sýnt fram á.

Þá fór hann að tala um: Var verkalýðshreyfingin að rétta þeim einhverja bróðurhönd með verkfallinu 1955? Verkalýðshreyfingin var að heyja baráttu í verkfallinu 1955 við atvinnurekendavald, harðvítugt atvinnurekendavald, sem hafði lækkað launin um 20% frá því 1947, þegar hún loksins lét til skarar skríða 1955. Og hvernig fór hún með útgerðina þá? Varð útgerðin fyrir mjög þungum búsifjum af því verkfalli? Þó að verkamenn stæðu í erfiðu verkfalli, þá man ég ekki betur en meginið af bátunum hafi fengið að ganga hér við Faxaflóa, það hefði verið gerð þar sérstök undanþága, — það verður þá leiðrétt, ef það er ekki rétt hjá mér.

Ég held, að hv. 1. þm. Vestf. ætti að fara að gæta sín, þegar hann fer að tala um verkföll. Vill hann ekki fara að athuga, — og það er rétt að tala dálítið rækilega um það, — vill hann ekki fara að athuga, hverjir það eru, sem standa í verkfalli á Íslandi núna á móti Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og atvinnurekendavaldinu í Reykjavík? Erum það við, sem stjórnum Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, hv. 1. þm. Vestf.? Ég hélt, að Sjálfstfl. þættist eiga frekar einhver ítök í útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum og jafnvel í Vestmannaeyjabæ. Hvað hefur Útvegsbændafélag Vestmanneyinga samþykkt? Það hefur samþykkt að hefja enga róðra, fyrr en það er búið að ná samningum við m. a. fyrirtæki eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og aðra þá, sem ákveða verðlagið á íslenzkum fiski. Af hverju? Af því að Útvegsbændafélag Vestmannaeyja lítur á sig snuðað. Það álítur, að útvegsmenn fái ekki rétt verð fyrir sinn fisk. Og öll útgerð er stöðvuð núna í Vestmannaeyjum vegna þessa. Svo kemur þessi hv. þm., 1. þm. Vestf., og spyr, hvers konar óbótatjón einhverjir voðalegir bolsar séu að vinna þjóðlífinu á Íslandi. Honum er bezt að fara að gæta sín, tala dálítið varlegar. Það eru fleiri en bolsarnir, sem standa í verkfalli núna. Það eru útvegsbændur, sem standa í verkfalli núna á móti hringunum hér í Reykjavík, þeim hringum, sem ég er að heimta rannsókn á. Það er bezt fyrir hann að athuga þetta. Það er bezt fyrir hann að muna það líka, að það eru lög hér frá Alþ., sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur hagnýtt sér í sambandi við fiskmatið og samið um við einhverja menn í stjórn L. Í. Ú., sem hún virðist ráða yfir. Ég er hræddur um, að það sé skoðun margra útvegsmanna úti um land núna, að sá litli hópur í L. Í. Ú., sem hefur samið við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna um verðflokkunarreglurnar, hafi verið hálfpartinn í þjónustu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og slíkra fyrirtækja. Það er satt að segja ekki bara í Vestmannaeyjum, sem er bókstaflega samelginlegt verkfall alls fólksins, sem vinnur, frá útvegsmönnum til landverkamanna, á móti hringnum hér. Hér allt í kringum okkur er að stöðvast af því sama, jafnvel þó að reynt hafi verið allt, sem Alþýðusambandið gat, til þess að ljúka því verkfalli, sem lá hér fyrir. Af hálfu fulltrúa Alþýðusambandsins mun hafa verið gert allt, sem mögulegt var, til þess að reyna að ljúka því verkfalli sem fyrst. En hvað segja sjómennirnir, og hvað segja meira að segja útgerðarmennirnir? Jú, það, sem sjómennirnir og margir útgerðarmennirnir segja, er: Verðflokkunarreglurnar eru óhafandi. Samningurinn, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna

og aðrir hringar hafa gert við L. Í. Ú., eru ófærir fyrir útvegsmenn í landinu. — Það er þetta, sem við stöndum frammi fyrir núna. Það er bezt fyrir hv. 1. þm. Vestf. að ganga ekki í barndóm í sambandi við þetta og tala eins og engir aðrir geri verkfall en þeir, sem einu sinni stóðu mest að því. Það er orðið svo nú, að meira að segja atvinnurekendurnir á Íslandi, meira að segja útvegsmennirnir í Vestmannaeyjum eru neyddir út í það að gera verkfall á móti fiskhringnum hér.

Svo sló alveg út í fyrir hv. 1. þm. Vestf. Hann er auðsjáanlega orðinn svo óvanur því að tala, að hann veit varla, hvað hann segir. Hann fór að tala um, að það væri alveg hörmulegt, það liti út fyrir, að Ísland væri að komast inn á það að styðja rússneska alheimspólitík enn þá meir. Hvað er eiginlega hv. 1. þm. Vestf. að bera sinni ríkisstj. á brýn? Ég hélt, að það mætti eitthvað annað um hana segja heldur en að hún væri að styðja rússneska alheimspólitík og það væri hætta á, að hún færi að styðja hana enn þá meir. Og hv. 1. þm. Vestf. fer að tala um, að það liggi við, að ég t. d. sé að berjast fyrir yfirráðum annarra þjóða. Vill ekki hv. 1. þm. Vestf. t. d. skreppa suður á Keflavíkurflugvöll og sjá, hverjir ráða þar. Er það ekki hv. 1. þm. Vestf., sem hefur barizt fyrir því nú síðustu árin, að Ísland yrði herstöð fyrir framandi þjóð, herstöð fyrir stórt ríki í veröldinni? Hv. 1. þm. Vestf. fer að tala um, að það sé eitthvert ógurlegt böl, sem ég sé að leiða yfir þjóðina, af því að ég hafi verið m. a. að reyna að fá markaði í þessu voðalega landi þarna austur frá, þótt bæði Ólafur Thors og Hermann Jónasson hafi verið settir til þess að vinna að því, það sé alveg ægilegt böl, sem ég sé að leiða yfir þjóðina. En hvað hefur þessi hv. þm. verið að gera? Man þessi hv. þm. eftir því, að hann hefur stutt að því, að Ísland kæmist í hernaðarbandalag, að hann hefur stutt að því, að hér kæmu upp herstöðvar á Íslandi? Og ef hann talar um böl, ætli það sé nokkurt ægilegra böl til heldur en það að eiga á hættu, eftir að búið er að draga okkar land inn í hernaðarbandalag og koma hér upp herstöðvum, að við drögumst inn í styrjöld, ef hún yrði? Ég er hræddur um, að hv. 1. þm. Vestf. ætti að tala nokkuð rólega um þessa hluti og reyna að sýna einhverja ofur litla ábyrgðartilfinningu. Ef hann vill hins vegar fara að ræða um, — svo að við ræðum ekki það alvarlega mál sérstaklega, herstöðvarnar, og alla þá ægilegu hættu, sem það kallar yfir Íslnd, — ef hann vill tala um yfirráð annarra þjóða eða afskipti annarra þjóða, þá er ég reiðubúinn að ræða það við hann. Og ég er reiðubúinn að sýna honum fram á, að stofnanir í öðru landi hafa afskipti af því, hvers konar lög eru sett hér á Alþingi, m. a. af því, að ég hef reynt það sjálfur að fá í gegn í þessari hv. d. lög, sem eru stöðvuð í Ed. eftir erlendri fyrirskipun, og ef hann vill fara nákvæmlega út í það, þá skal ég gera það. Ég á við ákvæðin um að gefa íbúðarhúsabyggingar frjálsar hér á árinu 1952 eða 1953, málið, sem var stöðvað í Ed., eftir að við höfðum mælt með því hérna, fjhn. Nd., — stöðvað að undirlagi Benjamíns Eiríkssonar og Alþjóðabankans með hótun um beitingu valds Ameríku í mótvirðissjóðnum. Það er ekki lengra en 2—3 dagar síðan fyrrv. fjmrh. lýsti því hér yfir, að Alþjóðabankinn hefði reynt að hafa áhrif á íslenzka ríkisstj. og jafnvel sett henni ýmis skilyrði í sambandi við, að hún yrði að hafa sementsverksmiðjuna einkaeign, en ekki ríkiseign. Alþjóðabankinn vildi fara að ráða því, hvers konar skipulag við hefðum hér á Íslandi. Og ég ætla ekki að fara að minna hv. 1. þm. Vestf. á, ég hef talað svo oft um það hérna, hvernig var viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni. En það er hægt að rekja, hvernig þessi hv. þm. hefur verið að reyna að vinna að því að koma Íslandi undir áhrif annarra þjóða og að láta aðrar þjóðir og þeirra stofnanir hafa aðstöðu til þess að breyta lagaframvörpum hér á Íslandi og ráða því, hvers konar skipulag Íslendingar hefðu á sínum málum, hvers konar fyrirkomulag um eign þeir hefðu á sínum fyrirtækjum og annað slíkt.

Svo kemur hv. þm. með það, að það sé alveg voðalegt böl, sem landið hafi orðið fyrir. Það hafi verið vara þvinguð inn á Ísland. Og hann fer að tala um bíla, rússneska bíla. Það var alveg voðalegt. Hverjir eru það, sem vinna að þeirri þvingun? Er það ekki eitthvert fyrirtæki hér í bænum. Ég man ekki, hvað það heitir, Landbúnaðarvélar, ég er ekki svo vel að mér í því. **(Gripið fram í: Bifreiðar og landbúnaðarvélar.)** Bifreiðar og landbúnaðarvélar, sem hefur eitthvert umboð þar. Og hverjir eru rússnesku agentarnir þarna? Hverjir eru það, sem vinna að því að reyna að koma þessum voðalegu bílum inn? Ég vona, að hv. 1. þm. Vestf. upplýsi það. Ég álít það ekkert vont verk, ég álít það alveg jafngott verk, jafnvel þó að hv. 1. þm. Vestf. væri við það riðinn, að reyna að koma hér inn rússneskum bílum eins og að reyna að koma hér inn öðrum bílum. En af hverju minnist hann ekki á aðalvöruna, sem þvinguð er inn í landið, olíuna? Er það einhver voðalegur hlutur, að við skulum kaupa olíu frá Rússum? Ég veit, að hv. 1. þm. Vestf. ræður miklu í sínum flokki. Hví í ósköpunum hefur hann ekki sagt sinni ríkisstj. með öllum sínum mætti og mikla veldi að hætta þessum viðskiptum? Það er náttúrlega lafhægt fyrir hv. 1. þm. Vestf. að selja allan þennan fisk í Bandaríkjunum. Þar er frelsið, þar er öryggið, þaðan koma herstöðvarnar. Hví selur hann það ekki allt saman þar? Ætli það mundi ekki vera selt allt saman þar, ef það væri hægt? Ég lít ofur lítið öðruvísi á þetta mál. Ég hef nefnilega reynt það, sem ég hélt kannske að hv. 1. þm. Vestf. hefði reynt líka, að standa í einu hraðfrystihúsi og forstjóri þess sýnir mér skeyti, sem hann er nýbúinn að fá úr Reykjavík, þar sem stendur: „Hættið allri innpökkun í ameríska pakkningar. Það er ekki hægt að selja meira.“ Og sama dag var hraðfrystihúsið stöðvað, því að aðrar pakkningar en ameríska voru þá ekki til og líklega ekki hægt að selja á því augnabliki annað kannske, og útgerðarmennirnir og sjómennirnir urðu að hætta veiðum. Þetta hef ég reynt. Ég held, að allar þær ríkisstjórnir, sem þessi hv. þm. hefur stutt, hafi litið þannig á, að það væri kostur, ef það væri hægt að afla Íslandi markaða. Það má reyna að fara að ræða við þessa hæstv. ríkisstj., sem nú situr að völdum. En ég held meira að segja, að sú ríkisstj. mundi líta þannig á, að

það væri kostur að afla markaða þar austur frá jafnt og annars staðar, og væri ekki með þennan einkennilega, undarlega ótta, sem hv. 1. þm. Vestf. virðist vera gagntekinn af. Ef hann er að mæla fyrir munn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og henni finnst það svona voðalegt að hafa þessa markaði austur frá, þannig að þetta hafi verið þvingað upp á hana, eins og maður gæti nú haldið eftir áhuga eða áhugaleysi Jóns Gunnarssonar á þessum markaði, þá skulum við bara sleppa honum, ef við fáum svona litið verð þar. Það eru áreiðanlega nóg hraðfrystihús á Íslandi, sem eru reiðubúin til þess að flytja út á þann markað. Þið skuluð bara segja til.

Viðvíkjandi bátunum frá Austur-Þýzkalandi, þá er náttúrlega eitt, sem ég get alveg viðurkennt: Það var voðaleg vitleysa að hafa ekki Gísla Jónsson, hv. 1. þm. Vestf., sem umboðsmann og eftirlitsmann í því. Ég var með í því að ráða hann, þegar nýsköpunartogararnir voru byggðir, og það er vafalaust gott að hafa hann í slíku.

Ég tók þetta svona ýtarlega af því, að hv. 1. þm. Vestf. ætlaðist nú til þess, að ég svaraði sér, og þá kem ég að því, sem hv. 3. þm. Austf., nafni minn, var að svara mér hér áðan. (**Forseti:** Það er fast komið að lokum venjulegs fundartíma. Mundi hv. þm. geta lokið máli sínu?) Það eru kaflaskipti hjá mér núna, svo að ég skal verða við því. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 30. jan., var fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Einar Olgeirsson) [frh.]: Herra forseti. Ég hafði þar komið minni ræðu, þar sem ég kom að þeim upplýsingum, sem hv. 3. þm. Austf. (EinS), sem á sæti í stjórn Sölumiðstöðvarinnar, gaf hér við umr. Ég taldi engum efa bundið, að sú játning, sem hv. 3. þm. Austf. hefur gert hér, hjálpar mjög til við alla rannsókn þessa máls og flýtir fyrir því, og ég vil taka hans framtal hér eins og hvert annað skattframtal og á grundvelli þess ræða það, sem nú beri að gera, og það, sem nú kemur í ljós að þurfi frekar að athuga.

Það er sem sé upplýst af hv. 3. þm. Austf., að um 140—150 millj. kr., sem raunverulega eru eign hraðfrystihúsanna, eru ýmist í ákveðnum hlutafélögum erlendis eða innanlands eða í útistandandi skuldum og birgðum, sem þessi fyrirtæki hafa lánað út eða teljast eiga. Nú var það eftirtektarvert við hans yfirlýsingu, að því er mér skildist, að hann gaf lýsingu á því ástandi, sem nú er, hve mikið hlutafé sé nú, hve miklar útistandandi skuldir séu frá þessum aðilum og hve miklar birgðir séu t. d. vestanhafs, í Bretlandi og annars staðar. Hins vegar var ekki gefin nein heildarlýsing á gangi málanna á þessum síðustu árum, sem t. d. Coldwater Seafood Corporation eða þau fyrirtæki, sem nefnd voru í Bretlandi, hafa starfað, þannig að þetta gefur þess vegna ekki nema nokkra hugmynd um, hvað gerzt hefur í þeim efnum á undanförnum árum, heldur aðeins um, hvernig ástandið er í dag. Hins vegar er enginn efi á því, að þessar upplýsingar og þessi játning hjálpar mjög til að athuga þetta mál, og ég mun nú taka fyrir í röð, hvað það er, sem eftir þessar upplýsingar verður nú alveg sérstaklega að rannsaka í þessum efnum.

Ég vil þá taka fyrir í fyrsta lagi, hvað snertir eignirnar erlendis, þær eignir, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna á erlendis, og þá í fyrsta lagi hlutaféð. Það var upplýst af hv. 3. þm. Austf., að í hinu ameríska hlutafélagi Coldwater Seafood Corporation ætti Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna 459 þús. dollara, — ég bið afsökunar, ef ég skyldi ekki hafa náð öllum tölunum alveg rétt, og þá er rétt að leiðrétta það, — m. ö. o. yfir 16 millj. ísl. kr. hafi verið settar sem hlutafé í þetta fyrirtæki, sem hins vegar hvað formið snertir er alveg amerískt. Það er náttúrlega engum efa bundið eða getur vart verið það, eftir því sem maður heyrir um afkomu sjávarútvegsins á Íslandi yfirleitt, annað en að þetta sé fyrst og fremst andvirði fisks, sem tekið hefur verið og sett fast í hlutafé í þessu fyrirtæki, enda gæti það ekki verið eign Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna raunverulega öðruvísi en þetta væri raunverulega óuppgerður hluti af því heildarandvirði, sem hefði fengizt fyrir freðfisk seldan í Bandaríkjunum. Þetta hlutafélag, Coldwater Seafood Corporation, virðist tvímælalaust vera stærsta hlutafélag í veröldinni, sem Íslendingar eiga, og það er náttúrlega ákaflega skemmtilegt að fá þær upplýsingar út af fyrir sig. En um leið hljótum við náttúrlega að gera kröfu til þess að vita, hvernig gengið er frá þessu, og það því fremur, sem það munu hafa orðið nokkrar deilur um það stundum á fundum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, hvernig frá þessum eignum væri gengið, og það aldrei verið upplýst til fullnustu. Ég er hræddur um, að þarna hafi ekki verið farið eftir þeim samþykktum, sem gerðar hafa verið hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og vildi þess vegna leyfa mér að spyrja, því að náttúrlega mundi það flýta ákaflega mikið fyrir rannsókn þessa máls og störfum þeirrar nefndar, sem sett yrði, ef till. væri samþykkt, að sem mest af þessu upplýstist nú þegar: Hverjir eru hinir skráðu eigendur hlutabréfanna í Coldwater Seafood Corporation? Það virðist ekki vera Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, heldur virðast það ef til vill vera einstakir Íslendingar, kannske líka að nokkuð miklu leyti aðalframkvæmdastjóri félagsins, Jón Gunnarsson. Ég er því miður ekki svo kunnugur amerískum hlutafélagalögum, að ég geti sagt til um, hvort það sé nauðsynlegt við skráningu hlutafélags í því landi, að það séu líka bandarískir ríkisborgarar, a. m. k. að nafninu til, þátttakendur þar í og hluthafar, og ef svo væri, þá væri nauðsynlegt að upplýsa það líka. Þetta sama, sem þarna gildir um meira en 16 millj. kr. hlutafé í Bandaríkjum Norður-Ameríku, það gildir raunverulega líka um það hlutafé í Bretlandi, sem hv. 3. þm. Austf. upplýsti, — ég náði ekki nafninu á því, eitthvað Frozen Food eða eitthvað slíkt, eitthvað um fryst matvæli hét það félag, — og í því voru 60 þús. pund eða 6 millj. ísl. kr., og svo hlutafélagið Snacks Ross Ltd., sem í var um ein millj. ísl. kr. Um allt þetta þyrfti að fá upplýst, hverjir eru hinir skráðu eigendur hlutabréfanna í öllum þessum hlutafélögum. Eru það íslenzkir menn, og að hve miklu leyti eru það útlendingar? Og um leið

og það hefur verið upplýst, þá liggur næst fyrir að athuga, hverjir hafa talið fram þessi hlutabréf sem sína eign. Er allt með felldu með framtölin á þessum allmiklu eignum erlendis af hálfu þeirra t. d. íslenzku hluthafa, sem hafa skráð þau á sitt nafn? Ég vil spyrja: Hefur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna talið þetta fram sem sína eign? Mér er nær að halda ekki. Og ef svona er, að þetta hefur einmitt verið skráð á nafn ýmissa einstaklinga, þá skyldi maður þó hins vegar ætla, að á milli þeirra einstaklinga, sem hafa tekið að sér að skrá þessi hlutabréf á sín nöfn, og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hins vegar væri einhvers konar samningur, þar sem þessir einstöku hluthafar lýstu því yfir og raunverulega afhentu Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna þessi hlutabréf sem sína raunverulegu eign, þó að þeir tækju að sér í umboði hennar að leggja til sín nöfn á þetta. Þetta eru atriði, sem þurfa að upplýsast. Ef svo er rétt, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafi ekki talið þetta fram sem sína eign og það séu einhverjir einstaklingar, hvert er þá öryggi hinna raunverulegu eigenda að þessum hlutabréfum? Nú vitum við, að svo framarlega sem t. d. einhver og einhver amerískur maður hefur tekið að sér að skrá svo og svo mikið af hlutabréfum á sitt nafn, eða segjum t. d., að einhver og einhver íslenzkur maður hafi tekið það að sér að skrá þessi hlutabréf á sitt nafn, þá getur komið fyrir t. d., að þessir menn verði gjaldþrota, að þeirra bú t. d., jafnvel þótt þeir væru búsettir í Bandaríkjunum, því að það kemur líka fyrir þar, yrðu gjaldþrota, — *og hvernig fer þá með svona hlutabréf?* Ég er hræddur um, að það hafi komið fyrir Íslendinga, sem hafa átt eignir erlendis og hafa fengið ýmsa góða félaga sína til þess að eiga slíkar eignir á sínu nafni, að slíkir menn hafi orðið gjaldþrota og að íslenzkir menn hafi jafnvel tapað, svo að skipti jafnvel milljónum króna, á slíku, en ekkert getað máske að því gert, vegna þess að það hafi máske ekki verið lagalega frá því gengið. Þetta eru atriði, sem þarf að upplýsa. Svo framarlega sem það er þannig, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sé ekki hinn opinberi eigandi þessara hlutabréfa, heldur hafi — sem kallað er stundum með dálítið ljótu orði — látið einhverja leppa þetta fyrir sig, þá hefur það vissa áhættu í för með sér, og þá er nauðsynlegt, að það sé upplýst, fyrir allan þann fjölda, sem á þessi hlutabréf raunverulega, og raunar fyrir þjóðfélagið, sem hefur skoðað það sem sína skyldu undanfarið að styðja og styrkja sjávarútveginn og ekki síst hraðfrystihúsin, að fá að vita, hvernig frá þessu öllu saman sé gengið. Þetta er hvað snertir öryggi þeirra manna, sem hv. 3. þm. Austf. lýsti yfir að væru hinir raunverulegu eigendur þessa alls saman, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, hinna fjölmörgu hraðfrystihúsa um allt land, sem samkv. hans yfirlýsingu eru hinir *raunverulegu eigendur. Hlutfallið þarna á milli* hinna raunverulegu eigenda og hinna skráðu eigenda, öryggið fyrir hina raunverulegu eigendur, valdaaðstaða þeirra og allt annað slíkt, þetta er mál, sem endilega þarf að upplýsa.

Þá upplýsir enn fremur hv. 3. þm. Austf. í þessu sambandi, að eignir, sem Íslendingar eiga, séu þarna í alameríska fyrirtæki að lögum til, fyrirtæki, sem að öllu leyti heyri undir amerísk lög. Og hvernig er frá þessu öllu saman gengið? Ég þykist vita, að reikningar þessara hlutafélaga séu, eins og mælt er mjög stranglega fyrir í amerískum lögum, reglulega endurskoðaðir, lagðir fram og allt slíkt. En hafa þessir reikningar verið lagðir fram á fundum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og hvert einstakt hraðfrystihús á Íslandi og meðlimur í Sölumiðstöðinni fengið aðgang að þessum reikningum, Coldwater Seafood Corporation, Snacks Ross Ltd. og frystifélagsins í Bretlandi? Hefur þetta verið sent út til hinna raunverulegu eigenda, hraðfrystihúsanna á Íslandi? Mér er nær að halda ekki. Mér er nær að halda, að hinir raunverulegu eigendur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og hinir ýmsu þátttakendur í henni hafi ekki fengið aðstöðu til þess að fylgjast með þessum reikningum, sjá þá endurskoðaða, fá af þeim afrit, fyrir utan að heldur hafi ekki verið frá því gengið, að þeirra eignarréttur á þessum hlutabréfum sé tryggður. M. ö. o.: það virðist stofnað til eignamyndunar S. H. erlendis, án þess að það hafi verið fengið leyfi fyrir fram hjá eigendunum til þess, án þess að eigendurnir sjálfir hafi fengið að fylgjast með í rekstri þessum og án þess að eigendurnir sjálfir hafi fengið aðstöðu til þess að láta ganga svo tryggilega frá þessari eign sinni erlendis, að hún gæti ekki farið illa í sambandi við gjaldþrot einstakra manna, sem skrá þarna hlutabréfin, eða annað slíkt. Mér er nær að halda, að það hafi ríkt nokkurt ofríki í þessum efnum hjá voldugustu mönnunum í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, að þessir valdamenn hafi, — ég meina ekkert ljótt með því, þegar ég segi, að þeir hafi raunverulega eins og tekið traustataki það fé, sem Sölumiðstöðin hefur haft til meðferðar í Bandaríkjunum, sett það í ákveðið fyrirtæki þar, fyrirtæki, sem vissulega getur gengið vel og gefið gróða, vissulega gæti líka gengið illa og gefið tap, en getur líka gert hvort tveggja kannske, tapað á nokkru árabili og grætt á öðru, eins og vill ganga, þegar menn eru að berjast á þeim kapítalistísku mörkuðum, — mér er sem sé nær að halda, að sérstaklega einn voldugur maður, aðalframkvæmdastjóri Sölumiðstöðvarinnar þar vestra, Jón Gunnarsson, hafi ráðið ákaflega miklu um þetta og ekki miklð um það hirt, að hinir raunverulegu eigendur hér heima, hin fjölmörgu hraðfrystihús, fylgdust með þessum hlutum, frá þeirra völdum væri raunverulega gengið, um þeirra leyfi væri beðið og þeim væru gefnar allar þær skýrslur og allir þeir reikningar, sem vera ber. Þetta þýðir með öðrum orðum: Íslenzkir framleiðendur eru látnir leggja fram fjármagn án þess að vera um það spurðir, án þess að fá vexti af þessum verðmætum sínum og án þess að sjá reikninga af þessu fjármagni sínu. Í staðinn eru þeir jafnvel látnir, eins og hraðfrystihúsin, eins og ég veit að hv. 3. þm. Austf. þekkir manna bezt, þá eru hraðfrystihúsin látin borga háa vexti hér heima, sem þau jafnvel sum hver sligast undir, en fá máske enga vexti af sínu fé þar vestanhafs og sunnan. Og ég held, að ég segi ekkert of mikið, þegar ég segi, að jafnvel ýmsir þessara framleiðenda kunna eðlilega að halda, að þeir séu snuðaðir á ýmsan hátt með þessu móti, eða þeirra fjármunum ekki stjórn-

að eins vel og skyldi. Fyrir okkur Íslendinga sem heild þýðir þetta m. ö. o., að við erum látnir birgja að fé fiskiðnað og fiskverzlun í öðru landi, svo að segja óaðspurðir. Það er sagt við okkur hér heima, í hvert skipti sem einhver vandkvæði eru hjá sjávarútveginum og ekki sízt hjá hraðfrystihúsunum: Þetta er allt saman á kúpunni, og þetta er allt saman að fara um koll. Það eru engir peningar til, og það verður að gera sérstakar ráðstafanir til þess að lána þeim. — Sérstök frumvörp liggja fyrir Alþingi til þess að tryggja þeim sérstök lán til rekstrar, sérstök lán til stofnkostnaðar. En á sama tíma fáum við upplýsingar um það, að í hlutafé séu þarna yfir 20 millj. kr. í hlutafélögum, sem raunverulega eru erlend félög hvað allt form snertir, sem við raunverulega fylgjumst ekki neitt verulega með í, sem eigendurnir sjálfir, sem hv. 3. þm. Austf. lýsti yfir að væri Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, fylgjast heldur ekki með í.

M. ö. o.: min niðurstaða eftir þessar upplýsingar og athuganir er sú, að það þarf rannsókn á, hvernig er með þetta hlutafé, með þess eignahlutföll, með þess tryggingar, alveg sérstaklega með tilliti til hagsmuna og réttinda eigenda þess hér heima, hinna ýmsu hraðfrystihúsa, og raunar með tilliti til hagsmuna þjóðfélagsins líka. Ég vil þar að auki benda á, hvílíkir hagsmunir það eru, sem þjóðfélagið á þarna í veði, að nú sem stendur stöðva útvegsmenn í Vestmannaeyjum sína báta þar vegna deilu um fiskverð við hraðfrystihús og aðra fiskkaupendur, og jafnvel ýmsir útgerðarmenn telja til inneigna hjá slíkum hraðfrystihúsum. Og þegar á sama tíma er upplýst, að þessi sömu hraðfrystihús séu eigendur að milljónafyrirtækjum í Bandaríkjunum, þá er ekki óeðlilegt, þó að Alþingi bæði fyrir hönd þessara eigenda og fyrir hönd þjóðfélagsins sjálfs hljóti að knýja það fram, að þessi aðstaða öll sé rannsökuð. Í öðru lagi ber að athuga þær eignir erlendis, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna á og hv. 3. þm. Austf. taldi fram í birgðum og útistandandi skuldum. Hann upplýsti, að hjá Coldwater Seafood Corporation væru, ef ég heyrði rétt, ég held 1.6 millj. dollarar eða yfir 60 millj. kr., sem væru útistandandi í skuldum, og 600 þús. dollarar eða 22½ millj. kr., sem væru þar í birgðum, eða milli 80 og 90 millj. kr., sem væru í birgðum og útistandandi skuldum í Bandaríkjunum. Enn fremur mundu í Bretlandi vera yfir 8 eða tæpar 9 millj. kr., sem verksmiðjureksturinn þar skuldaði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og veitingahúsin, sem sett höfðu verið upp. Snacks Ross Ltd., skulduðu um 5 millj. kr., líka hraðfrystihúsunum. M. ö. o.: það mundi láta nærri, að nokkuð yfir 100 millj. kr. væru í útistandandi skuldum og birgðum, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna ætti í Bandaríkjunum og í Bretlandi. Þessar eignir, sem þarna eru, eru m. ö. o. fiskur, sem raunverulega hefur verið tekinn að eigendunum forspurðum og lánaður amerískum félögum, amerískum smásöluverzlunum, enskum félögum, enskum veitingahúsum, þó að eigendur þessara amerísku félaga og eigendur þessara brezku veitingahúsa séu — máske tryggilega frá gengið — íslenzkir borgarar. Þetta þýðir, að þessar birgðir og þessar útistandandi skuldir, hvað sem maður vill nú álíta um hlutaféð sjálft, þá er það auðvitað áhættufé. Það þýðir m. ö. o., að það er búið að lána vissum amerískum og enskum ríkisborgurum fé fiskimanna og hraðfrystihúsa úti á Íslandi. Og maður veit, hvernig er um útistandandi skuldir. Það getur alltaf farið illa um slíkt. Maður veit, hvernig getur verið um birgðir. Það geta orðið verðsveiflur á slíku, og hefur jafnvel komið fyrir og orðið deilur um í sambandi við þessi mál. M. ö. o.: svo og svo mikill fiskur hefur verið tekinn af framleiðendum hér heima, sem taldir eru og vissulega eiga í vök að verjast í sínum efnahagsmálum, og þessar í þessu tilfelli yfir 100 millj. kr. hafa verið gerðar að áhættufé erlendis, sitja þar ýmist í birgðum eða eru lánaðar út.

Nú rakti ekki hv. 3. þm. Austf., hvernig þetta hefði verið á undanförnum árum, hann lýsti þessu aðeins í dag. Mér er nær að halda, að á undanförnum árum hafi stundum verið meira erlendis af birgðum eða útistandandi skuldum. Og mér er nær að halda, að stundum hafi jafnvel á undanförnum 5—6 árum eitthvað tapazt og það kannske bara verið afskrifað, eins og gengur og gerist um töp, af þeim útistandandi skuldum og þeim birgðum. Og þetta er atriði, sem þarf að koma fram: Í fyrsta lagi vegna eigendanna hér heima, hraðfrystihúsanna og útvegsmanna, sem hafa nú í mörg ár séð sínar eignir teknar af sér með þessum hætti, fluttar til Bandaríkjanna eða Bretlands og eitthvað af þeim eignum tapast þar. Það er eðlilegt, að slíkir eigendur vilji fá fulla skýringu á, hvernig með þeirra fé hefur verið farið. Í öðru lagi gagnvart þjóðfélaginu, ekki bara vegna þess, að íslenzka þjóðfélagið eigi nokkra heimtingu á að fá að vita, hvernig er um fjármuni útvegsins, vegna þess að íslenzka þjóðfélagið hefur á undanförnum árum „stutt“, að því er kallað er, þó að ég muni setja það innan gæsalappa, ef ég skrifaði það, sjávarútveginn með allmiklum framlögum, þannig að þjóðfélagsheildinni er það engan veginn óviðkomandi, hvers konar ráðstafanir hafa verið gerðar á undanförnum árum í þessu. En segjum þar að auki, að það væri nú allt saman fullkomlega með felldu, eins og ég líka að mörgu leyti býst við að sé, þá er nauðsynlegt fyrir okkur að fá þessa sögu, sjá þessa reynslu, vegna þess að við þurfum að læra af þessu.

Ég lagði áherzlu á það í minni framsöguræðu, að ég væri engan veginn fyrir fram að fordæma þá aðferð, að við Íslendingar reyndum að koma okkur upp sölufélagi erlendis, og það gæti meira að segja alveg sérstaklega verið nauðsynlegt, verið óhjákvæmilegt. Ef allir þarlendir aðilar tækju okkur svo illa, að þeir vildu ekki neinn fisk af okkur kaupa og við yrðum sem sé af okkar litlu eigin getu að reyna að brjótast inn á þennan markað, þá kemur slíkt ákaflega vel til greina. Hins vegar lýsti ég því sem minni skoðun, að það mundi vera yfirleitt heppilegra, ef við gætum átt svona viðskipti við aðila í viðkomandi landi, sem við seldum okkar vöru, og værum þar með úr allri áhættu um reksturinn þarlendis, um birgðir eða annað slíkt. Og einmitt til þess að mynda okkur Íslendingum rétta skoðun á því, hvaða sölutækni, hvaða söluaðferð sé okkur heppilegust í slíkum efnum, hvort eðlilegra og betra sé að eiga við nokkra

aðila, sem við seljum til landsins, eða hvort við eigum sjálfir að koma upp okkar sölusamtökum þar, þá er nauðsynlegt að fá skráða söguna af reynslunni af svona fyrirtækjum, eins og þessi þrjú fyrirtæki, eitt í Bandaríkjunum og tvö í Bretlandi, sem hv. 3. þm. Austf. lýsti. Ég er hræddur um, að það hafi verið á undanförnum árum oft tekið úr rekstri ár eftir ár allmikið af fiski eða fé, sem kemur út á eitt, það hafi sem sé verið geymt þarna erlendis, það hafi stundum tapazt svo og svo mikið af því og stundum hafi upphæðirnar verið miklu hærri, — og ég álít þetta, svo að vægt sé komizt að orði, ákaflega vafasamt framferði gagnvart eigendum þessa fisks. Nú háttar svo til, að sumt af þeim mönnum, sem þennan fisk eiga, eru stórlaxar, eins og maður mundi segja, þeir, sem eiga hér stór hraðfrystihús og mikil, sitja kannske sjálfir í stjórn og hafa mikla og volduga aðstöðu til þess að fylgjast með í þessu öllu saman, þeir eru kannske sjálfir í stjórn vestanhafs líka, það veit ég ekki. En þar að auki er þarna um að gera fjöldann allan af smærri aðilum, litlum hraðfrystihúsum, dreifðum út um allt land, þar sem fátækir fiskimenn eru að brjótast í því að reyna að koma sínum fiski í verð, reisa af vanefnum hraðfrystihús, sem reksturinn gengur misjafnlega á, koma einu sinni á ári máske á aðalfund Sölumiðstöðvarinnar, langar til þess að fá að vita eitthvað, hvernig gengur, þykir stundum ganga seint með uppgjörið, og fá kannske stundum engin svör, eins og ég hef satt að segja orðið var við, því að kvartanir hef ég heyrt um það, að það sé nú ekki gert sérstaklega mikið með, hvað sá litli karl segi í slíkum efnum, þegar hann sé að fara fram á að fá nákvæmar skýringar. Sérstaklega hef ég á meðvitundinni, að aðalforstjórinn, alheimsforstjórinn, sé nokkuð stór upp á sig stundum gagnvart þeim smáu, finnist ekki, að kotkarlarnir hafi mikinn rétt til þess að heimta af sér, alheimsforstjóranum, skýrslur um, hvernig sé farið með þeirra litlu eigur í hans stóra félagi. Þess vegna er nauðsynlegt, að Alþingi, sem á að skoða sig sem vörð slíkra manna, láti þetta mál til sín taka. Og ég er hv. 3. þm. Austf. mjög þakklátur fyrir þær upplýsingar, sem hann þegar hefur gefið og ég veit að eru upplýsingar fyrir marga þessa aðila, og vonast eftir, áður en málið fer endanlega út úr þinginu, að við eigum eftir að fá margar í viðbót og kannske fleiri, þegar rannsóknarnefndin sé búin að starfa. Ég er hræddur um, að það hafi nokkuð oft komið fram gagnrýni frá þessum eigendum og að þeir hafi ekki fengið svör.

Ég skal síðan ítreka, að ég álít, að það komi að vísu vel til mála, að við seljum í gegnum okkar eigin samtök erlendis, og hef ég þó látið í ljós mínar efasemdir um þann hátt. En eitt skilyrði verðum við Íslendingar þó að setja, og það er, að með þessu sé fullt eftirlit, fullkomlega frá því gengið, þannig að eignarrétturinn á því, völd hinna raunverulegu eigenda yfir því, þetta sé allt saman tryggt, bæði yfir hlutafénu í hlutafélögunum, yfir birgðunum og útistandandi skuldum. En þó vil ég um leið setja fram þá spurningu: Hvað mundu útvegsmenn á Íslandi segja og þeir, sem hafa með fiskverkun að gera, ef Skreiðarsamlagið og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda tækju upp hinn sama hátt, ef Skreiðarsamlagið setti upp búðir suður í Nígeríu og seldi þar, hefði þar miklar birgðir og ætti þar útistandandi skuldir hjá þeim kaupmönnum, sem það verzlaði við, ef Sölusamband ísl. fiskframleiðenda setti upp fyrirtæki í Brasilíu og lánaði því fyrirtæki ekki aðeins fiskbirgðir, heldur líka gegnum það útistandandi skuldir hjá þess viðskiptavinum, jafnvel kannske legði fram svo og svo mikið hlutafé sjálft? Nú flytjum við skreiðina og saltfiskinn eingöngu út gegnum bankatryggingu og meginið af freðfiskinum. Mundi okkur ekki þykja það í nokkuð mikið ráðizt og þykja nokkuð mikil áhætta, ef allir aðrir aðilar tækju upp á að haga sér eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur gert í Bandaríkjunum og Bretlandi? M. ö. o.: mér sýnist, hvað snertir eignina á þessu hlutafé, birgðum og útistandandi skuldum, á þessum 140 millj. kr., sem hv. 3. þm. Austf. gaf upp, að í sambandi við meðferðina á þessu hafi komið fram allmikið ofríki af hálfu valdamannanna í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og að yfir íslenzka fiskeigendur hafi verið leidd áhætta, meðferðin á þeirra fé og þeirra fiski sé mjög vafasöm og að það verði vegna eigendanna þess vegna að láta rannsókn fara fram á, hvernig þessu hefur verið háttað á undanförnum árum, hvernig frá þessu öllu saman er gengið nú. Þess vegna álít ég, að upplýsingar hv. 3. þm. Austf. hafi gert það að verkum, að ósk mín um rannsókn í þessum efnum sé hvað snertir hagsmuni eigendanna á Íslandi miklu brýnni eftir en áður.

Þá skulum við koma að þeirri hlið þessa máls, sem snýr að hinu opinbera, og í fyrsta lagi taka þá annan þáttinn í öllu þessu máli, afstöðuna til bankanna. Þessi fiskur, sem er fluttur úr landi, er, eftir því sem ég bezt veit, veðsettur íslenzku ríkisbönkunum, og eftir því sem ég bezt veit, hefur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna fengið lán út á þennan fisk og veðsett þennan fisk bönkunum um leið, og þetta lán hefur oft og tíðum verið ⅔ og jafnvel meira af verðmæti þessa fisks. Án þess að þessi veðbönd hafi verið leyst, hefur þessi fiskur, að því er mér skilst, verið fluttur út, og hann hefur ekki bara verið fluttur út, honum hefur verið skipað upp í Bandaríkjunum, og honum hefur ekki bara verið skipað upp, hann hefur verið settur í verksmiðjur í Bandaríkjunum, og hann hefur ekki bara verið unninn í verksmiðjum í Bandaríkjunum, hann hefur líka verið sendur út til einstakra verzlana í Bandaríkjunum, og það er það, sem ég mundi vilja spyrja að, hvernig er með veðböndin á þessum fiski. Þegar kaupmenn eru búnir að lána hann út til aðila í Bandaríkjunum, þá skilst mér, að veðböndin hafi enn ekki verið leyst hér heima. Ég vildi í því sambandi mega spyrja:

1) Hafa bankarnir gefið leyfi til þess, að þessi fiskur, sem þeim er veðsettur, væri fluttur út og svona væri með hann farið?

2) Hvort sem bankarnir hafa gefið slíkt leyfi eða ekki, hvaða möguleika hafa þá bankarnir til þess að ganga að veðinu? Ég er hræddur um, að þeir möguleikar hljóti að vera orðnir nokkuð litlir, a. m. k. ef fiskurinn er kominn niður í maga *amerískra neytenda*. Ég veit meira að *segja* ekki,

hve þægilegt er með veð í sjálfum birgðunum eða útistandandi skuldunum í Bandaríkjunum, — ég skal ekkert fullyrða um það, en hræddur er ég um, að það standi tæpt.

3) Hafa hraðfrystihúsin, sem hafa veðsett þennan fisk og standa ábyrg fyrir honum gagnvart bönkunum, gefið leyfi til þess, að svona væri farið með þetta, hvert um sig um sinn fisk? Ég er hræddur um ekki. Ég er hræddur um, að þau hafi ekki gefið leyfi til þess. Mér skilst það vera alveg ótvírætt, að Coldwater Seafood Corporation er ekki kaupandi þessa fisks, heldur fær Coldwater Seafood Corporation þennan fisk í umboðssölu í Bandaríkjunum. Hvernig stendur þá á um þennan fisk hvað snertir bankana og veðsetninguna á honum? Hvað hefur gerzt? Hefur fiskur, sem hefur verið veðsettur bönkunum, verið seldur, peningarnir notaðir í annað, sumpart kannske í að mynda hlutafé, sumpart í að lána kaupmönnum í Bandaríkjunum eða nota til rekstrar verksmiðju, án þess að veðlið hafi verið borgað og á meðan þessi veðbönd höfðu enn þá raunverulegt gildi?

Ég heyrði um það nú nýlega, að maður nokkur, Jón Gunnarsson í Hafnarfirði, hefði eitthvað brotið af sér viðvíkjandi veðsetningu, farið öðruvísi með andvirði fisks, sem var veðsettur banka, heldur en var lögum samkvæmt. Það skyldi þó aldrei vera, að nafni hans, Jón Gunnarsson í Garðahrauni, hafi stjórnað þessum málum þannig, að það væri líka eitthvað að athuga við það. Ég segi þetta bara vegna þess, að ég álít, að það sé nokkurn veginn sama, um hvaða Jón Gunnarsson sé að gera, það geti ekki verið þannig hér á landi, að það eigi ekki eitt að ganga yfir alla, sem kunna að brjóta af sér gagnvart veðsetningunni þannig. Það getur ekki gengið, að þeir megi brjóta af sér, sem eru ríkir og voldugir og kunna að græða á brotunum, en hinir séu dæmdir, sem verða gjaldþrota á því að beita svipuðum aðferðum.

Mér sýnist, að þarna þurfi fullkomna rannsókn á, hvernig er hreint lagalega séð um meðferðina á þessum veðsetta fiski. Ég er þar með ekki að halda neinu fram um, að neitt hafi tapazt af því, sem veðsett kann að hafa verið, af því fé, sem bankarnir hafa lánað. Ég býst við, að því sé skilað að lokum að fullu aftur, a. m. k. meðan allt gengur vel, þá er það gert, og hefði gengið illa, þá hefði kannske meira að segja bönkunum ekki þótt fært að ætla að ganga að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, það hefði kannske orðið of mikið hrun á Íslandi. En hrein lagaleg meðferð á þessu hlýtur í öllum tilfellum að eiga að vera hin sama. Það er ekki hægt að flytja veðsettan fisk, veðsettan bönkunum, úr landi og ráðstafa honum í Bandaríkjunum eða Bretlandi án þess, að áður hafi þessi veðbönd að einhverju leyti verið leyst og fiskurinn greiddur, og það held ég að hafi ekki verið gert, — þó að ekkert kunni að hafa tapazt á því, þá held ég, að brotið hljóti að vera það sama, — þó að einn kunni meira að segja að græða á þessu og annar að tapa á sams konar aðferðum, þá er brotið það sama. Þess vegna álít ég, að frá hálfu banka ríkisins sé fullkomlega nauðsynlegt, að rannsókn fari fram, hvernig hefur þarna verið farið með eignir veðsettar bönkunum.

Hvernig er með gjaldeyriseftirlit og gjaldeyrisleyfi viðvíkjandi þessu? Þessi fiskur, sem til Bandaríkjanna og að einhverju leyti til Bretlands hefur farið, mun hafa verið fluttur út og ráðstafanir munu hafa verið gerðar með gjaldeyrisráðstöfun í hlutafélög, birgðir og slíkt, án þess að fyrir fram hafi verið sótt um gjaldeyrisleyfi. A. m. k. það lítið, sem ég hef reynt að spyrjast fyrir um þetta, — það er ekki auðvelt að grafast fyrir um þetta, — þá hefur mér skilizt, að fyrir fram hafi ekki verið sótt um gjaldeyrisleyfi í þessum efnum, hins vegar muni oft eftir á hafa verið sótt um gjaldeyrisleyfi og það hafi vafalaust verið veitt. Má vel vera, að þegar allt yrði reiknað saman, lægju þarna næg gjaldeyrisleyfi fyrir, um það skal ég ekkert fullyrða. En hitt vil ég segja: það getur ekki gengið, að einn aðili, þótt stór sé, þó að hann eigi í eignum í Ameríku yfir 100 millj. kr., þó að hann velti 800 millj. kr. hér á Íslandi eða flytji út fyrir það, þá getur ekki gengið, að um hann gildi önnur lög en aðra Íslendinga. Ef slíkir aðilar, þótt stórir séu, ætla sér að ráðstafa hundruðum millj. kr. erlendis af gjaldeyri, sem ætti að skila, þá verða þeir að sækja um leyfi til þess, og ef þeir þykjast orðnir svo stórir, að þeir þurfi ekki að biðja um leyfi, og koma svo eftir á og segja: Ég er búinn að gera þetta svona og vil fá leyfi nú, — þá hafa þeir verið að brjóta lög, en eru bara svo stórir, að þeir þykjast hafnir yfir lögin. Ég held, að hvað gjaldeyrisleyfi snertir, þá hafi verið framin þarna brot.

Í öðru lagi, hvað gjaldeyrinn snertir, hvernig er með gjaldeyriseftirlit með þessu? Til þess að ganga úr skugga um, að allur gjaldeyrir hafi þarna komið til skila, þarf gjaldeyriseftirlit bankanna að fá reikninga Coldwater Seafood Corporation og allra þeirra sambanda, reikninga frystifélagsins í Bretlandi, reikninga Snacks Ross veitingahúsafélagsins og ganga í gegnum þetta, athuga um birgðirnar, athuga um útistandandi skuldir, og án þess að ég vilji nokkuð lasta gjaldeyriseftirlit ríkisins eða bankanna, þá held ég, að þetta yrði því mjög erfitt verk. Ég held næstum því, að það sé orðið óvinnandi verk, sérstaklega ef á að rannsaka það nokkuð verulega aftur í tímann. Það hafa nýlega verið gerðar vissar ráðstafanir í sambandi við önnur fyrirtæki, sem verið hafa rannsökuð, meira að segja líka vestan hafs, en ég er hræddur um, að þær rannsóknir, sem þyrfti að gera í sambandi við allar þessar ráðstafanir öll þessi ár, ef öll kurl eiga að koma þar til grafar, séu miklu viðtækari og séu jafnvel svo viðtækar, að það sé orðið ómögulegt að gera meginið af þessum rannsóknum núna. M. ö. o.: það hefur verið brotið á móti gjaldeyrislögum ríkisins, hæði hvað snertir gjaldeyrisleyfi og gjaldeyriseftirlit, og það svo lengi og með þeim hætti, að það sé ekki hægt að komast á hreint héðan af, — máske um það ástand, sem í dag ríkir, en ekki um þá þróun, sem undanfarið hefur verið.

Mér sýnist þess vegna eftir þær upplýsingar, sem hv. 3. þm. Austf. hefur gefið, og raunar líka eftir því sem við vitum, hvernig ýmis önnur félög hafa farið að í sambandi við slík viðskipti, að það sé orðin fullkominnar rannsóknar þörf, hvort Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og þessi fyrirtæki, sem Sölumiðstöðin er talin eiga, hafi brotið ýmislegt í

gjaldeyrislögum landsins, bæði nú og á undanförnum árum.

Þá er afstaðan til skattyfirvaldanna. Hverjir hafa talið fram eignina í þessum þremur hlutafélögum erlendis, eign hlutabréfanna í þeim? Hverjir eru þessir aðilar, og hafa þeir talið það fram? Eins og ég gat um áðan, hefur Sölumiðstöðin ekki gert það. Hefur það, sem kann að hafa græðzt þarna, komið fram á skattaskýrslum hér heima? Hafa þær ráðstafanir, sem hafa leitt til þess, að þarna hefur skapazt svo og svo mikil eign, verið skilgreindar í skattaskýrslum hvers árs? Hefur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna talið þetta fram? Ég held ekki. Og ef það er ekki, hvaða eigendur eru þá þarna taldir, og hafa þessir eigendur talið þetta fram? Ég er hræddur um, að það þurfi þarna sem sagt að rannsaka líka hvað snertir afstöðuna til skattanna.

Mér sýnist því, að bæði gagnvart eigendunum, hinum ýmsu hraðfrystihúsum hér heima og gagnvart því opinbera, gagnvart bönkunum, sem fiskurinn var veðsettur, gagnvart gjaldeyrisyfirvöldunum og gagnvart skattyfirvöldunum þurfi að rannsaka allar ráðstafanir þessara hlutafélaga og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna gagnvart þeim.

Ef við lítum svo á þetta mál dálítið meira í heild, en ekki aðeins hvað snertir hið lögformlega, sem ég óttast að þarna hafi verið meira eða minna brotið, þá er m. ö. o. ástandið bágt. Við höfum lánað ameríska hlutafélagi og eigum í birgðum og útistandandi skuldum hjá því yfir 100 millj. kr., og við Íslendingar höfum lánað þetta vaxtalaust, og við höfum lánað þetta sem áhættufé. Gagnvart eigendunum hér heima hefur ákaflega ólýðræðislega verið frá þessu gengið. Eigendurnir, hin ýmsu hraðfrystihús í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hafa ekki getað knúið fram að láta taka það tillit til sín sem eigenda, sem eðlilegt væri. Þeir hafa ekki fengið í sínar hendur reikningana frá þessum fyrirtækjum. Þeim hefur ekki verið skýrt frá að staðaldri, hvernig um þetta gangi. Þeir hafa ekki verið spurðir að því fyrir fram, hvernig þetta standi. Hraðfrystihúsin vita satt að segja ekki, hvað þau eiga þarna, hvort þau eiga þetta, hvort þessi eign er örugg og á hvern hátt hún hefur verið gerð örugg. Þau fá hvorki skýrslur né reikninga. Af öðrum aðilum, með alla skreiðina og saltfiskinn, er heimtuð bankatrygging með allt, sem selt er til sósíalistísku landanna. Þá er heimtuð bankatrygging. En þarna er farið allt öðruvísi að, og þarna eiga í hlut hlutafélög, sem einstakir menn úr Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eiga að forminu til, kannske einhverjir útlendingar líka, og þá er beitt allt öðrum aðferðum, þá er ekki heimtuð nein bankatrygging, þá er það látið í umboðssölu og þá er það látið þarna vaxtalaust, á meðan hinir raunverulegu eigendur hér heima sligast undir vöxtunum. Og hvað gerist svo á sama tíma? Á sama tíma gerist það, að þegar bandarískir aðilar biðja um að fá að kaupa íslenzkan hraðfrystan fisk, þá er þeim neitað. Þá eru blokkeruð öll hraðfrystihúsin á Íslandi til þess að neita þeim um að selja þeim fisk og það oft og tíðum á a. m. k. jafngóðu eða betra verði en því, sem var a. m. k. búið að gera upp þá frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna við hina einstöku eigendur. Það hefur verið neitað að selja hraðfrystan fisk til Bandaríkjanna gegn bankatryggingu, gegn staðgreiðslu. Það virðist, að það sé ekki hægt fyrir einstaka bandaríska borgara, sem vildu kaupa íslenzkan fisk héðan frá Íslandi, að fá slíkan fisk keyptan. M. ö. o.: þeir, sem stjórna þessum fyrirtækjum í Bandaríkjunum, virðast vilja einoka þetta fyrir sig.

Þegar við ræðum sölutæknina við þetta, þá komum við eðlilega að þessari niðurstöðu: Það getur að vísu verið nauðsynlegt, að við Íslendingar reynum að brjótast í gegn sjálfir og hættum okkar fjármagni í að mynda sölusamtök í Bandaríkjunum og sölufélög þar, svo fremi sem enginn vilji af okkur kaupa í viðkomandi landi á sæmilegu verði og gegn sæmilegum kjörum, staðgreiðslu, bankatryggingu og öðru slíku. En nú vitum við, að svo hefur verið, að menn hafa viljað kaupa af okkur, en þeim hefur verið neitað. M. ö. o.: það virðist ekki vera höfuðatriðið að ætla sér að skapa sem allra víðtækastan og mestan markað fyrir íslenzkan fisk í Bandaríkjunum einvörðungu, heldur líka hitt, að skapa eitt lítið einokunarfyrirtæki í Bandaríkjunum, sem einokar þar íslenzkan fisk. Ekki er það í þágu hraðfrystihúsaeigendanna á Íslandi, hvað svo sem slík starfsemi kann á sínum tíma að hafa verið þeim annars nauðsynleg.

Ég vil ekki draga að neinu leyti í efa, heldur þvert á móti undirstrika, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna út af fyrir sig er góð samtök, góð samtök í eðli sínu, nauðsynleg samtök fyrir hraðfrystihúsin á Íslandi að skapa sér, vegna þess að menn eru sterkari, þegar þeir standa saman, heldur en þegar þeir eru dreifðir. En það má bara ekki í framkvæmdinni gera slíka sölumiðstöð að einokunarhring undir stjórn og valdi einhvers einræðisherra. Það er sú þróun, sem ég álít að hafi verið að eiga sér stað í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og að í þeirri þróun felist sú hætta, að Alþingi verði — ég segi kannske ekki endilega að taka í taumana, en verði a. m. k. að rannsaka til fulls, hvað þarna er um að vera. Ég er hræddur um, að aðalforstjórinn, Jón Gunnarsson, hafi virt vilja og óskir hinna raunverulegu eigenda, a. m. k. sérstaklega hinna smærri, alveg að vettugi, og mér er nær að halda, að það sé ekki nóg með það, heldur meira að segja að veðréttur, gjaldeyrislög, skattalög hafi jafnvel að einhverju leyti verið virt að vettugi líka.

Því er það niðurstaðan af því, sem ég hef hugleitt játningar og upplýsingar hv. 3. þm. Austf., að það sé ekki einungis rannsóknar þörf á því, sem ég ræði um í minni till., hversu miklu fé Sölumiðstöðin hafi ráðstafað, eins og ég orða það þar í fimm liðum, heldur sé nú rannsóknar þörf á því, hvort þessar ráðstafanir hafi tekið réttmætt tillit til valds og hagsmuna hinna einstöku eigenda á Íslandi og hvort þessar ráðstafanir hafi verið gerðar í samræmi við íslenzk lög, í samræmi við veðskuldbindingar, gjaldeyrislög, skattalög og annað slíkt, þannig að eftir þessar upplýsingar, sem ég ekki að neinu leyti hef rengt, heldur þvert á móti byggt hér á, þá sé þörf á, að starfssvið þessarar rannsóknar sé fært út miklu meira en var í minni þáltill. Að vísu mundi náttúrlega eftir sem áður þurfa að rannsaka upphæðirn-

ar, sem þarna er um að ræða, þó að ég dragi engan veginn í efa það, sem hv. 3. þm. Austf. hefur upplýst hér, en sérstaklega þarf að kanna *forsögu málsins og svo hins vegar*, að hve miklu leyti þetta samrýmist lögum og samrýmist hagsmunum eigendanna.

Verðmætin, sem íslenzkir útvegsmenn og íslenzk *hraðfrystihús hafa lagt í það, sem nú heitir hlutafé*, birgðir, útistandandi skuldir í Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi, það eru verðmæti, sem þarf að skila til þeirra, verðmæti, sem þarf að tryggja, *og það er Alþingis og þess opinbera að sjá um*, að hlutur þessara manna og um leið afstaða og lög og vald ríkisins sé tryggt.

Ég vildi aðeins segja nokkur orð viðvíkjandi því, *sem ekki var rætt um í upplýsingum hv. 3.* þm. Austf. Hann fór ekki að neinu leyti inn á forsögu málsins, hvað gerzt hefði áður. Ég vil leyfa mér að spyrja: Hefur ekki t. d. í Bretlandi um tíma, *kannske sérstaklega til að byrja með, verið* þó nokkurt tap á þessum ráðstöfunum? Mér var kunnugt um, að útkoman á fiskinum frá þessum löndum var um alllangt skeið slík, að andvirði *fisksins var þó nokkuð fyrir neðan það, sem við* fengum t. d. í Tékkóslóvakíu og Austur-Þýzkalandi, og ég er hræddur um, að e. t. v. hafi þá í fiskverðinu verið afskrifuð töp, sem urðu á óheppilegum rekstri, tilraunarekstri og öðru slíku í þessum löndum, m. ö. o., jafnvel fiskurinn, sem seldur var á sósialistíska markaðnum, hafi óbeint verið látinn borga töpin af öllum þessum tilraunum og stundum máske braski á þeim kapitalistísku mörkuðum.

Svo vil ég spyrja: Þegar jafnvel er komið upp fyrirtæki eins og Snacks Ross Ltd., sem á 12 veitingahús í Bretlandi, og þegar Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur sett 1 millj. ísl. kr. í það sem hlutafé og á útistandandi hjá því 53 þús. sterlingspund eða um 5 millj. kr., hvernig háttar þá fyrir hinn einstaka eiganda í Sölumiðstöðinni afstöðunni með þessi veitingahús, hvernig er með endurskoðunina, hvernig er með reikningana? Hefur nokkurn tíma verið skýrt frá því á aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, hvernig þetta raunverulega stendur, og lagðir fyrir skriflega, eins og ber að gera í slíkum stórum félögum, hlutafélagsreikningarnir frá þessum félögum öllum saman? A. m. k. er það undarlegt, að ég fyrir mitt leyti heyri í fyrsta skipti nefnd þessi nöfn, en mikið hefði verið um þetta talað, ef reikningarnir gengju manna á milli í hraðfrystihúsunum t. d. frá þessum brezku veitingahúsafyrirtækjum.

Hvað er svo í Hollandi? Þar hef ég máske misst af upplýsingum hv. 3. þm. Austf. Mér skildist hann segja, að það væru 2 millj. kr., sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefði sett í fyrirtæki þar. En hins vegar hefur ríkið tekið að sér að ábyrgjast 400 þús. dollara eða um 16 millj. kr. Og nú vil ég spyrja: Þegar ríkið tekur að sér að ábyrgjast 16 millj. kr. fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þá efast ég ekki um, að hæstv. fjmrh. muni hafa gengið allmiklu ýtarlegar frá þeim ábyrgðum en hinir einstöku eigendur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, hinna einstöku hraðfrystihúsa á Íslandi, hafa gengið frá sínni eign í Bandaríkjunum og Bretlandi. Og í sambandi við þetta væri raunverulega fróðlegt að fá nokkrar upplýsingar. Ef það er verið að stofna fyrirtæki í Hollandi, sem máske þarf sem stofnfé 18 millj. kr. eða meir, — ég legg þarna saman þessar 16, sem ríkið ábyrgist, og 2, sem mér heyrðist hv. 3. þm. Austf. nefna, að kæmu frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, — kannske það sé líka meira, sem hún hefur lagt fram, er þá svo komið, að það er bókstaflega ríkið, sem á að birgja Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að fé til þess að koma upp fyrirtæki í Hollandi? Eða á að hafa gamla háttinn á að taka fiskinn, sem hraðfrystihúsin á Íslandi eiga, og geyma að skila andvirði hans, þótt veðsett sé bönkunum, og mynda ódýr hlutafélög og kannske verksmiðjur og kannske búðir í Hollandi? Þetta langar mig til þess að fá upplýsingar um. Það væri gott að fá upplýsingar um þessa ríkisábyrgð og líka, hvort ríkið hefði tryggt sitt fé betur en meðlimir Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna *hafa tryggt sitt*, að því er mér skilst.

Það er sem sé óhjákvæmilegt, að rannsakað sé í sambandi við þetta, fyrir utan þá einstaka þætti, sem ég nú þegar hef getið um, þá þarf að rannsaka sögu þessara ára, sem liðin eru, síðan Coldwater og önnur þessi fyrirtæki í Bandaríkjunum og Bretlandi voru stofnuð, og rannsaka ekki bara ástandið nú, heldur líka hvað gerzt hefur fram að þessum tíma.

Þá kom hv. 3. þm. Austf. að þeirri spurningu minni, — það var víst fjórða spurningin, — hversu mikið fé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur lánað einstökum stjórnendum hennar. Það var í eina skiptið, sem hv. 3. þm. Austf. varð ofur lítið reiður við mig. Honum fannst þetta ósvífið, og ég skal viðurkenna, að það er dálítið ósvífið að spyrja svona, og það er aðeins eitt, sem væri ósvífnara, og það er verknaðurinn, ef hann hefði verið framinn. Hv. 3. þm. Austf. játaði í fyrsta lagi, að Tryggingamiðstöðin h/f hefði fengið að láni hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna 4½ millj. kr. Má ég nú spyrja: Hvernig hefur Tryggingamiðstöðin notað þetta fé? Hefur ekki Tryggingamiðstöðin m. a. notað þetta fé til þess að lána einstökum aðilum, t. d. til kaupa á bátum og skipum, jafnvel máske einstökum aðilum í stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna? Og er e. t. v. eitthvað af þeim mönnum, sem eru í stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, líka í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar, þannig að þeir kynnu að hafa haft a. m. k. möguleika til þess að hafa einhver völd í slíku sambandi? Hafa ekki stjórnarmeðlimir í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna verið meðal þeirra aðila, sem svona lán hafa fengið, hafa þeir ekki þar með raunverulega lánað sjálfum sér? M. ö. o.: fiskurinn, sem hraðfrystihúsin eiga, andvirði hans er lánað öðrum mönnum, þarna t. d. Tryggingamiðstöðinni h/f, án vitundar eigendanna, án þess að spyrja eigendurna og án heimildar eigendanna, ég segi máske ekki beinlínis til þess, að stjórnendurnir geti lánað sjálfum sér, en með þeim afleiðingum, að stjórnendur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna fá sjálfir í gegnum Tryggingamiðstöðina h/f lán, sem þeir geta ráðstafað til að kaupa kannske skip og báta. M. ö. o.: í gegnum Tryggingamiðstöðina vil ég leyfa mér að spyrja og óska eftir, að sé rannsakað, hvort einstakir

stjórnendur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hafi lánað sjálfum sér fé til þess að gera vissar ráðstafanir, máske t. d. kaup á bátum. Þetta er raunverulega heimildarlaus ráðstöfun á fé, sem mönnum hefur verið trúað fyrir.

Þá sagði hv. 3. þm. Austf., og nú verð ég að biðja afsökunar, ég náði því ekki orðrétt, en mér skildist það vera svo, að ekki hefðu stjórnendur í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna lánað sjálfum sér beinlínis, þegar tillit væri tekið til þeirra inneigna, sem þeir ættu hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Mér skildist a. m. k. þetta vera meiningin í því, en ég náði því ekki orðrétt. Ég sagði ekkert um, að stjórnendur í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefðu lánað sjálfum sér fé, sem þeir gætu ekki greitt. Það var mjög fjarri mér að segja nokkuð slíkt. En ég hef hugmynd um og jafnvel nokkra heimild fyrir, að stjórnin hafi á síðasta ári lánað stjórnendum milljónir króna, jafnvel kannske samanlagt 10 millj. kr. eða meira, á meðan almennir meðlimir í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafa ekki fengið samsvarandi lán. Ég efast ekki um, að stjórnendur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna eiga í veltunni í Bandaríkjunum og Bretlandi fisk fyrir því, sem þeim finnst kannske smálán frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. En það eiga bara önnur hraðfrystihús líka í veltunni fisk í Bandaríkjunum og Bretlandi og fá ekki lán frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna út á hann. Ég er sem sé hræddur um, að stjórnendur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hafi notið þarna viss forgangsréttar. Almenningur í þessum samtökum, litlu hraðfrystihúsin, þau munu hafa átt vaxtalausan fisk, vaxtalausa fjármuni, í fórum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og ekki fengið neitt lán, ekki fengið neitt svona fyrir fram greitt. En stjórnendur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem vissulega hafa líka átt einhvern vaxtalausan fisk í fórum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Bandaríkjunum, þeir hafa fengið fé, svo að milljónum króna skiptir. Og það er þetta, sem mér fannst, þó að hv. 3. þm. Austf. væri eitthvað ofur lítið reiður út af, hvernig spurning mín var eða óskir mínar um rannsókn, — þetta skilst mér hann hafa nú óbeint meðgengið. Ég álít því alveg ótvírætt, að einmitt þessi fjórði þáttur í minni kröfu um rannsókn, um þetta atriði, eigi líka fullan rétt á sér. Líka um þessar ráðstafanir viðvíkjandi fjármunum hér heima er full þörf rannsóknar.

Ég hef nú tekið fyrir í aðalatriðum þá játningu, sem hv. 3. þm. Austf. gerði hér, og hans upplýsingar. Ég hef rakið þetta, rakið meðferðina á þessum fjármunum, sem hann taldi upp, 140—150 millj. kr., rakið, hvað mér fannst vafasamt og vítavert í meðferðinni á þessum fjármunum gagnvart eigendum þeirra, hraðfrystihúsunum um allt land, rakið það, sem mér fannst vafasamt og jafnvel vítavert í meðferðinni á þessum fjármunum gagnvart bönkum ríkisins, sem fiskurinn var veðsettur, gagnvart skattyfirvöldunum og gjaldeyrisyfirvöldunum. Og mér sýnist því nú eftir þessar upplýsingar alveg óhjákvæmileg nauðsyn á, að sú rannsókn, sem ég óskaði eftir, fari fram, rannsóknarnefnd sé skipuð. En hitt er vissulega rétt, að með tilliti til þessara upplýsinga bæri að orða ýmislegt af þeim verkefnum, sem slíkri rannsóknarnefnd væru sett, nokkuð öðruvísi, þar sem það hlyti ekki aðeins að vera verkefnið, eins og ég tel þar upp, að athuga, hversu miklu fjármagni hafi verið ráðstafað, og fá endanlega úr því skorið, heldur líka um, hvort þessar ráðstafanir hafi verið gerðar í samræmi við vilja og hagsmuni eigendanna hér heima og í samræmi við lög og rétt landsins. Það þarf að rannsaka þetta framferði, sem nú þegar að nokkru leyti hefur verið viðurkennt og meðgengið. Það er sagt í öllum réttarhöldum, að það hjálpi alltaf til með allar rannsóknir og sé tekið betur á þeim, sem kynnu að reynast sekir á eftir, þegar þeir hjálpa til við rannsóknirnar og fúslega meðganga það, sem kann að hafa farið miður, og ég skal ekki draga í efa, það má vel vera, að þeir, sem í stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna eru, hafi oft og tíðum ekki gert sér ljóst, að þeir væru að brjóta lög með ýmislegu af því, sem þeir hafa verið að gera. En allt slíkt mundi náttúrlega verða metið á réttan hátt, þegar slíkt væri rannsakað, og því fljótari og betri upplýsingar, sem koma um þetta mál, því betra er líka fyrir þá, sem kynnu að hafa reynzt hafa brotið þarna af sér. Það er þess vegna ótvírætt þörf á heildarrannsókn á ráðstöfunum stjórnar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna á fé hraðfrystihúsanna og afstöðu þeirra til laga og réttar í landinu.

Hv. 3. þm. Austf. sagði til mín, að það hefði ekkert fé verið dregið út úr hraðfrystihúsunum. Hvernig í ósköpunum á það að samræmast þessum upplýsingum? Hvaðan kemur þá þetta fé? Ég get ekki séð annað en þetta fé hafi verið dregið út úr hraðfrystihúsunum. Og hvernig getur þetta, eins og hann lýsti yfir, verið eign hraðfrystihúsanna, eign þeirra samtaka, eign Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, án þess að það hafi fyrst verið dregið út úr þeim og standi nú í þessum fyrirtækjum í Bandaríkjunum í meiri eða minni áhættu þar? Þetta eru um 150 millj. kr., sem þarna er um að ræða. Það kann einhvern tíma að hafa verið meira, það kann ef til vill eitthvað að hafa verið afskrifað af þessu. Ég vil minna hv. 3. þm. Austf. á það t. d., að einn maður, sem ég býst við að sé frekar hans samflokksmaður heldur en hitt, Gunnlaugur Pétursson, sem einu sinni hafði nokkuð með það að gera að selja þarna vestanhafs, gaf skýrslu á fundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og ég held, að annaðhvort hún eða a. m. k. útdráttur úr henni hafi verið birtur í Mbl., líklega hefur þetta verið einhvern tíma í maí 1956, þar sem hann m. a. hélt því fram, að alheimsforstjórinn, Jón Gunnarsson, hefði gert ráðstafanir viðvíkjandi sölu, sem hefðu verið mjög hæpnar, sem hefðu þá um tíma skaðað Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Án þess að ég ætli mér að leggja þar nokkurn dóm á, til þess er ég ekki skynbær, þá vil ég þó minna á, að það hefur verið dregið mjög í efa, að þær ráðstafanir, sem valdamennirnir í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafa gert, hafi allt af verið sem heppilegastar. Þó að ég efist ekki um, að ýmsar skynsamlegar ráðstafanir hafi þar verið gerðar, þá býst ég líka við, að ýmislegt af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, hafi ef til vill valdið tjóni, þannig að það er óhjákvæmilegt, að þetta mál allt sé rannsakað ofan í kjölinn.

Það er líka máske fróðlegt fyrir fiskimenn, útvegsmenn, hraðfrystihús á Íslandi að fá að vita, hvers konar rekstur sé á þessum hlutum vestanhafs, starfsliðið í sambandi við söluna og annað slíkt, sem þeir eru látnir kosta, veizlurnar, sem þeir eru látnir kosta, auglýsingakostnaðinn, sem þeir eru látnir leggja í, — alla þessa hluti þarf eðlilega að fá upplýsingar um, og eiga eigendur fjárins og þjóðfélagið, sem hefur orðið að taka svo og svo mikið af þessu oft á sinar herðar fyrir utan að lána fé, sem í þessu er, kröfu á því. Fiskimenn, útvegsmenn, sem margir hverjir eru líka hraðfrystihúsaeigendur eða eiga hjá hraðfrystihúsunum mikið fé, þeir heyja hér erfiða baráttu við erfiða náttúru, berjast hér með litið fjármagn, háa vexti, og bankarnir eru jafnvel oft og tíðum nokkuð svo strangir við þá, en af þessum aðilum eru sem sé teknar a. m. k. 150 millj. kr., — í augnablikinu er það það, sem talið er fram, — og fest í alls konar áhættu.

Og svo að lokum, svo að ég minni aðeins á það, sem var tilefni til þess, að ég flutti þessa till. mína: Þessir menn, sem hafa tekið 150 millj. kr. af andvirði fisks á Íslandi og ráðstafað sem hlutafé, birgðum og útistandandi skuldum í Bandaríkjunum, þeir segja við verkalýðinn hér á Íslandi: Það eru engir peningar til. Okkur er ómögulegt að borga hærra kaup. — Þeir segja raunverulega við útvegsmenn, verkamenn, hraðfrystihúsin: Við þurfum að fá milljónir og aftur milljónir, milljónatugi, jafnvel hundruð milljóna, í hlutafélög í Bandaríkjunum, í Bretlandi, í Hollandi, við þurfum að fá milljónir og aftur milljónir til að koma upp veitingahúsum, til að koma upp sölubúðum, til að koma upp fiskiðnaðarverksmiðjum. — Og það er ekki meira en svo á öruggu um eignarréttinn að þessu öllu saman. En við þá, sem skapa verðmætið, er þetta sagt. Það er ósvífni og ófyrirleitni, það er þjóðhættulegt að fara fram á, að mönnunum, sem draga fiskinn úr sjónum, mönnunum, sem vinna að honum í landi, sé borgað eitthvað ofur lítið betra kaup. Og það segja sömu *mennirnir, sem taka milljónatugi og hundruð* milljóna og festa fé erlendis. Það er þetta, sem olli því, að ég kom fram með þessa kröfu um rannsókn, og það, sem nú þegar hefur verið upplýst, sýnir, að hér er fullrar rannsóknar þörf, ýtarlegri rannsóknar en ég nokkurn tíma hafði lagt til. Og það vil ég vona, að þegar það kemur aftur úr fjhn. þessarar hv. d., þá séum við búnir að forma þetta mál þannig, að eftir þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir, verði gengið þannig frá þessum málum, að íslenzkur almenningur og íslenzkir eigendur þessara fyrirtækja viti alveg, hvar þeir standa, og þjóðfélagið sjálft sömuleiðis.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér finnst afar eðlilegt, að umr. um till. eins og þessa, till. um skipun nefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka vissar fjárreiður SH og fleiri atvinnurekenda, blandist saman við þær deilur, sem verið hafa og enn eru um kjör íslenzkra sjómanna. Því hefur nefnilega verið haldið fram af ýmsum aðilum, að fiskverð hér á landi hafi verið ákveðið lægra en ástæða væri til og réttmætt væri, vegna þess að vissar afætur hafi tekið til sín nokkurn hluta af verðmæti íslenzkra sjávarafurða, ýmist í sölumeðferðinni ellegar í sambandi við aðra þjónustu veitta sjávarútveginum í ýmsum myndum, m. a. í gegnum sölu olíu, í verzluninni á salti og veiðarfærum, ef til vill með ákvörðun of hárra fragta á flutningi íslenzkra sjávarafurða á erlenda markaði, og sú afætustarfsemi komi þannig til með að taka meiri hlut af verðmætum framleiðslunnar en ástæða sé til og safna gróða á hendur þeim aðilum, *sem* þá þjónustu annast. Einnig hafa menn látið sér detta í hug og haldið því fram, að vátryggjendur tækju fullmikinn hlut til sín af andvirði íslenzkra sjávarafurða í sambandi við tryggingar skipa og annarra verðmæta í þjónustu sjávarútvegsins og að vaxtaokrið í landinu legðist svo þungt á íslenzkan sjávarútveg, að það yrði þess valdandi, að verðið til frumframleiðendanna, sjómannanna og útgerðarmannanna, yrði að þessu öllu frádregnu ákveðið allt of lágt. Þetta er því eitt og sama málið.

Hér er farið fram á, að rannsakaður sé einn liður þessara mála, það sé rannsakað, hvort SH sé sönn að því eða saklaus að því að hafa tekið of mikið til sín af verðmæti þess fisks, sem hún hefur haft til sölumeðferðar. Ég fyrir mitt leyti teldi eðlilegast, að SH væri ánægðust með það allra aðila að fá á sig slíka rannsókn, svo að hún gæti fengið fyrir því sannanir, að hún væri saklaus af þessum sakargiftum, hún hefði ekki stungið of miklum hlut af andvirði íslenzkra sjávarafurða í sinn vasa, of hátt fiskverð væri því ekki afleiðing af því. *En mér hefur hins vegar fundizt, að* þeir, sem hér hafa rætt um þetta mál og andmælt hv. frsm., hv. 3. þm. Reykv., hafi litið þessa rannsókn óhýru auga og talið þetta fyrst og fremst árás á SH. Einkanlega kvað hv. 1. þm. Vestf. mjög fast að orði um það, að það, að flm. till. bæði ekki einnig um slíka rannsókn á Samband ísl. samvinnufélaga, það sýndi vinsemd hans við það fyrirtæki, og þá mátti álykta, að þetta væri fjandskaparbragð hans við SH. Þetta álít ég hinn mesta misskilning. Hér eru uppi ákveðnar sögur um það, að tekið sé til hliðar mikið *fjármagn af hinum* ýmsu aðilum, sem koma við fyrirgreiðslu eða þjónustu við sjávarútveginn, og það hlýtur að minnka hlutskipti þeirra manna, sem eiga barna jafnháan siðferðilegan rétt, þ. e. a. s. bæði sjómanna og útgerðarmanna.

Ég lýsi því yfir, að ég er eindregið fylgjandi því, að slík rannsókn, sem hér er lagt til að fram skuli fara, verði framkvæmd. Ég álít, að hún eigi að geta upplýst það, sé hún vel og vandlega og hlutdrægnislaust af hendi leyst. En það ætti að vera tryggt með kosningu slíkrar nefndar, fimm manna nefndar innandeildarmanna, að það gæfi þá viðhlítandi vitneskju um það, hvort SH sé sek um það að hafa tekið of mikið fé fyrir sína þjónustu og þar með orðið þess valdandi, að minna hafi komið og komi í hlut sjómanna og útgerðarmanna. Ég sé ekki, að Sölumiðstöðin þurfi neitt að kveinka sér undan því, þó að í fyrsta lagi væri rannsakað hjá henni, hversu mikið fé SH hafi dregið út úr rekstri sjávarútvegsins á Íslandi og sett fast í fyrirtækjum í Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi og hvernig þau fyrirtæki standi fjárhagslega, hverjir séu eigendur þeirra og hvernig

fjárhagslegum afrakstri þeirra hafi hingað til verið ráðstafað. Hér er nú orðið upplýst og viðurkennt í umr., hvað menn og vissu, að SH hefur komið á fót stórum fyrirtækjum í Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi, og það er hald manna, að þessi fyrirtæki hafi ekki getað komizt á fót nema fyrir fé, sem hafi verið tekið af íslenzkum sjávarafurðum, af andvirði þeirra á erlendum mörkuðum, og verðið verið skammtað lægra sem því nam.

Hv. 3. þm. Austf. gaf um þetta upplýsingar hér í umr., og ég held, að hann hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að þarna hafi átt sér stað fjárfesting upp á 149 millj. kr. eða eitthvað nálægt því. Það er góðra gjalda vert, að hann sem kunnugur innanhúss í SH gefi Alþ. sem skilmerkilegastar upplýsingar um þetta fyrirtæki og starfsemi þess í sambandi við þetta mál. En það jafngildir engan veginn hlutlausri ýtarlegri rannsókn, sem óskað er að fram fari, og það er jafnmikil þörf eftir sem áður, þó að hann hafi af nokkurri hreinskilni og kunnugleika gefið upplýsingar, að hlutlaus rannsókn þingkjörinnar nefndar fari fram og skoði þetta allt saman ofan í kjölinn. Og úr því að hv. 3. þm. Austf. er fús til að gefa upplýsingar um það, sem honum er kunnugt um, þá ætti honum að vera enn ljúfara, að hin ýtarlegasta rannsókn fari fram á þessu, því að hann vill gefa í skyn, að hér sé ekkert óhreint í pokahorninu og Sölumiðstöðin hafi ekkert það gert, sem hún þurfi að blygðast sín fyrir eða draga dul á.

Í öðru lagi er hér spurt um, hversu mikið fjármagn SH hafi í veltu í óseldum fiski erlendis. Það væri mjög fróðlegt líka að fá að vita það. Það er vafalaust mjög breytilegt, en hlýtur alltaf eitthvað að vera, og að fengnum upplýsingum hlýtur maður að fara að hugleiða, hvort þetta væri óeðlilega mikið eða hvort það væri nákvæmlega það, sem minnst væri hægt að komast af með. Ef þetta fyrirtæki heldur óeðlilega miklu fjármagni í sinni vörzlu og lætur gjaldeyrisskil og greiðslur koma óeðlilega seint til hinna réttu eigenda fisksins, þá er þarna um rangan verknað að ræða. En ef þetta gengur allt eins fljótt og unnt er og ekki er haldið meira fjármagni en nauðsynlegt er vegna þessarar þjónustu, þá er SH að þessu atriði saklaus, og um það vil ég líka fá niðurstöðu óhlutdrægrar rannsóknarnefndar og læt mér þar ekki nægja hið bjarta yfirbragð Einars Sigurðssonar, hv. 3. þm. Austf., og hans orð eins um það. Hann er þarna aðili, sem er að gefa þær upplýsingar, sem honum þóknast.

Í þriðja lagi vill tillögumaður fá rannsókn á því, hversu mikið fé SH eða einstakir stjórnendur hennar hafi lagt í hliðarfyrirtæki, sem annist viðskipti, er annist sjávarútveg, svo sem tryggingar, flutninga, innkaup og annað því um líkt. Nokkrar upplýsingar um þetta gaf hv. flm. líka. En það er alveg eins og um hin atriðin, ég álít, að það sé ekkert fullnægjandi, nema einmitt að óhlutdrægur aðili rannsaki þetta og skýri frá, hvað sé hið rétta í því. Skal ég þó taka það fram, að ég er ekkert að rengja þær upplýsingar út af fyrir sig, sem hv. 3. þm. Austf. hefur hér gefið. Ég er ekki einu sinni viss um, að hann viti um allt það, sem hér þyrfti að fást vitneskja um samkv. þessari fyrirspurn.

Eitt af því, sem sagt er í sambandi við fyrirtæki Sölumiðstöðvarinnar í Bretlandi, er það, að sá rekstur hafi gengið mjög illa. Þegar Sölumiðstöðin hafi verið búin að koma upp verksmiðju sinni í því gamla íshúsi, sem hún keypti niðri við Thames, og fór að koma á fót sölustöðum víðs vegar um borgina, þá er mér tjáð, að brezkir fisksöluhringir hafi tekið sig til og skipulagt það vandlega að fylla sem allra flestar matsöluverzlanir á sölusvæði þessara íslenzku fyrirtækja, sölufyrirtækja, sem áttu að annast sölu og dreifingu hins íslenzka fisks, og þannig mettað markaðinn í kringum hin íslenzku smáfyrirtæki og komið í veg fyrir nálega alla sölu, þannig hafi þessar matvörur legið óseldar. Og það mun rétt vera, sem hv. 3. þm. Austf. upplýsti, að þessar vörur, eftir að búið var að matreiða þær á þennan hátt, hafi ekki mikið geymsluþol, og þarna er því mikil hætta á, ef salan er treg, að mikil verðmæti verði ónýt. Um það atriði veit hv. 3. þm. Austf. vafalaust nokkuð, hvort þessar sögur eru réttar eða ekki. En ég tók eftir því, að hann sagði, að fyrst framan af hefði starfsemin í Englandi gengið frekar illa, og bendir það frekar í áttina til þess, að þær sögur, sem hér eru sagðar um innilokun þessara dótturfyrirtækja SH innan valdsviðs brezkra fisksölu- og matsöluhringa, séu að einhverju leyti meira eða minna réttar.

Í 6. liðnum er spurt um, hversu mikið fé bankar ríkisins hafi lánað einstökum meðlimum Vinnuveitendasambands Íslands, um hve langan tíma og hvernig þeir standa í skilum með það, og er þá komið út fyrir það, sem snýr að SH, en allfróðlegt gæti verið samt sem áður að fá áreiðanlegar upplýsingar um það.

Ég er þeirrar skoðunar, að það þyrfti að rannsaka miklu fleira en þetta, eða alla þá meginþætti, sem talið er að valdi því, að íslenzkt fiskverð sé lægra til íslenzkra sjómanna og útgerðarmanna heldur en eðlilegt sé, þ. á m. áhrif vaxtanna, og þar hefur maður sem vísbendingu upplýsingar, sem hæstv. sjútvmrh. gaf í áramótagrein sinni. Hann sagði, að tvennar ráðstafanir hefðu verið gerðar viðvíkjandi rekstrarmöguleikum sjávarútvegsins á árinu 1961, sem sé að fella niður 2½% gjaldið í útflutningssjóðinn, sem okkur er kunnugt um, og lækkun vaxtanna um 2%. Og ef ég man rétt, fullyrti hæstv. ráðh., sem þekkir þessi mál mjög vel, að þessar tvær ráðstafanir ættu að geta hækkað fiskverðið á Íslandi um 20 aura á kg. Og útreikningurinn mun vera á þá leið, að niðurfelling gjaldsins í útflutningssjóð samsvari 4 eða 5 aura hækkun á kg og 2% lækkun vaxta um það bil 14—15 aurum á kg. Er það ekki það rétta — eða er það öfugt? (Gripið fram í.) Nú er það öfugt, að lækkun vaxtanna um 2% valdi 4—5 aurum á kg og hinn liðurinn 14—15, en 20 aurum samtals eða um það bil.

Það er því upplýst með þessu, að ef vextirnir hefðu verið færðir niður í það sama og þeir voru, þá hefði fiskverðið þó getað hækkað eftir þessum upplýsingum hæstv. ráðh. um 10—20 aura, og eru þó ýmsir þeirrar skoðunar, að fyllsta ástæða væri til að fara með vextina lægra, að því er snertir a. m. k. vexti af afurðum, sem bíða frekari sölumeðferðar. Það hefur lengi verið hald manna og

raunar rökstudd skoðun, að olíuhringarnir tækju óþarflega mikinn gróða í sinn hlut í gegnum verzlun olíu og benzíns og það væri réttlætanlegt að takmarka meira þann gróða á þann hátt, að útgerðin, undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, fengi þessa nauðsynjavöru á hagkvæmara verði. En allt, sem dregur úr rekstrarkostnaði útgerðarinnar, getur auðvitað orðið til þess að gera henni fært að standa undir hærra fiskverði. Fjöldamargir menn eru líka þeirrar skoðunar, að útvegun á salti og veiðarfærum eigi að vera þjónusta, sem innt sé af hendi af ríkinu sjálfu án ágóða, án gróða, þannig að sjávarútveginum séu tryggðar þessar vörur á réttu verði. Það er að sjálfsögðu frá sjónarmiði ýmissa manna talið gott, að eigendur þeirra flutningaskipa, sem annast flutning á íslenzkum fiski til erlendra markaða, standi sig vel og græði. En hins vegar teldi ég þó öllu meiri nauðsyn á því, að þeirra rekstur væri aðeins tryggður, þar fengju slíkir aðilar fyrir sína starfsemi og þjónustu eingöngu það, sem rekstrinum væri nauðsynlegt, til þess að hann væri rekinn og haldið í viðunandi horfi, en að fragtirnar væru hafðar svo lágar, að framleiðendur fisksins fengju í sinn hlut allt það, sem þeim réttilega bæri, og það gæti komið fram í hækkuðu fiskverði. Ef óhóflegur gróði safnast þarna fyrir, þá getur hann ekki verið fenginn öðruvísi en með því að taka of háar fragtir, sem hlýtur auðvitað að verka lækkandi á fiskverðið. Sama er um vátryggingarnar. Það hefur verið talið og meira að segja verið látið í það skína frá hendi hæstv. ríkisstj., að það þyrfti að rannsaka betur tryggingastarfsemina, það sé ef til vill hugsanlegt að lækka þær upphæðir, sem útgerðin borgi nú í tryggingar, og stórkostlegar ásakanir hafa nýlega komið á prenti viðvíkjandi tryggingafélagi á einum stað, þar sem því var beint dróttað að þessu fyrirtæki, að það tæki óhæfilega há iðgjöld og hafi falið það í röngu bókhaldi, hversu gífurlegar upphæðir væru teknar af útgerðarmönnum umfram þarfir. Það er vafalítið, að tryggingastarfsemi mætti koma fyrir á þann hátt, að hún legðist léttar á útgerðina í landinu en hún gerir, og þyrfti auðvitað að gera þær ráðstafanir, svo að útgerðarmenn og fiskimenn væru lausir undan því að standa undir þeirri gróðasöfnun, því að hún er engin nauðsyn. Og þeir, sem fisks afla, eiga ríkari og sterkari siðferðilegan rétt til þess að fá fyrir sína vinnu sómasamlega greiðslu heldur en að þessir milliliðir safni auði.

Það var einkanlega hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ), sem vék að því mjög ákveðið, að verkalýðshreyfingin ætti nú mikinn hlut að því eða viss hluti hennar að stöðva útgerðina, eins og hann orðaði það. Og hann sagði beint, að sessunautur hv. 3. þm. Reykv., — það mun frekar hafa verið ég, sem hann átti við, heldur en hv. þm. Jón Kjartansson, sem situr hv. 3. þm. Reykv. til hinnar handar, — stjórnaði þeirri starfsemi að stöðva nú útgerðina. Ég veit ekki, hvort það er þess vert að ræða við hv. þm. um þessar ásakanir, en hann virtist vera í því hugarástandi, að hann hugleiddi frekar lítið, hvað hann segði. Í sömu andránni heimtaði hann raunar af forseta, að hann gripi í taumana og svipti hv. 3. þm. Reykv. og kannske fleiri þm. málfrelsi, jafnvel alveg ástæðulaust að vera að láta þá ræða um þessi mál dag eftir dag. Þegar svona er talað, þá hygg ég, að raunar sé ekki rétt að taka menn alvarlega, og væri það að vísu maklegast. En þegar verkalýðshreyfingin er höfð fyrir þungum sökum í sambandi við stöðvun atvinnulífsins, þá held ég þó, að það sé svo stórt mál, að ástæða sé til að ræða það.

Það er ekki hægt að komast hjá því að staldra við það, að þróun seinustu ára hefur verið slík, að verkalýðshreyfingin getur ekki óendanlega við það unað. Það er alkunnugt, að ríkisvaldið hefur gripið inn í, takmarkað frelsi verkalýðshreyfingarinnar umfram það, sem eðlilegt getur talizt í lýðfrjálsum löndum. Það var breyting á öllum samningum stéttarfélaga í landinu, þegar ákveðið var að skera í burtu 10 vísitölustig án nokkurs endurgjalds fyrir tæpum 2 árum. Og það var einnig breyting á öllum gerðum samningum stéttarfélaga, þegar ákveðið var að afnema alla vísitölu á kaup í landinu. Það var enn fremur breyting á samningum stéttarfélaga sjómanna, þegar ákveðið var að lækka fiskverðið, sem um hafði verið samið og stóð í janúarmánuði 1959 1.91 kr. á kg og var þá lækkað með lögum niður í 1.66 kr. Ég veit ekki til þess, að í nelnu nágrannalanda okkar eða í Bretlandi hafi ríkisvaldið nokkurn tíma breytt samningum stéttarfélaganna með löggjöf, og svo mikið er víst, að samtökin í Vestur-Evrópu hafa látið mjög í ljós undrun sína yfir því, að ríkisvaldið skuli beita svona aðferðum gagnvart frjálsri verkalýðshreyfingu. Enn fremur er það fáheyrt, alls óheyrt hér á landi fyrr, að löglega boðað verkfall skuli hafa verið bannað með lögum. Allt þetta hefur verkalýðshreyfingin orðið að þola á undanförnum tveimur árum og hefur sýnt mikla þolinmæði í því að grípa til gagnráðstafana og búið sig undir að verja rétt sinn nú á undanförnum mánuðum og gert það algerlega á lýðræðislegan hátt. Verkalýðsfélögin hafa rætt þessar þungu búsifjar, sem þau hafa orðið fyrir, og tekið sínar ákvarðanir. Síðan hafa fulltrúar frá verkalýðsfélögunum mætt til ráðstefnu og gert þar heildarsamþykktir og síðan skotið þessum ráðagerðum öllum til síns æðsta ákvörðunarvalds, þings Alþýðusambandsins, og það gengið frá hinum endanlegu línum í þeim ráðstöfunum, sem verkalýðshreyfingin vildi gera til þess að verja hendur sínar fyrir ágengni ríkisvaldsins. Fjöldamargir hafa látið undrun sína í ljós yfir því, hvað verkalýðshreyfingin færi sér hægt í þessum efnum og hvað hún væri þolinmóð. En það vissu allir, að að því hlyti að koma, að hún gripi til vopna og verði sig. Það er nú viðurkennt af hagfræðingum, sem annast skýrslugerð fyrir ríkisvaldið, að kaupmáttur tímakaupsins á Íslandi, sem stóð í 109 í ársbyrjun 1959, er nú kominn ofan í 84, og enn fremur, að vísitala vöruverðs og þjónustu, sem sett var 100 í marzmánuði í fyrra, um leið og gengislækkunin var ákveðin, er nú komin upp í 117. Sýnir það, að vísitala vöruverðsins hefur hækkað um 17%, síðan gengislækkunin var framkvæmd. Þessar tölur hvorar tveggja sýna það, sem allir raunar vita, að vöruverðshækkunin frá því í ársbyrjun 1959 er alveg gífurleg, en kaupið hefur staðið í stað. Það væri því mikil óvarkárni og mikill skortur á skynsemi, ef stjórnendur landsins létu sér detta í hug, að sú stjórnarstefna, sem

ætli launastéttunum að búa við slíkar búsifjar, geti blessazt og geti gengið. Og það getur ekki verið, að þeir hafi ekki reiknað með því, að gagnráðstafanir kæmu frá hendi verkalýðshreyfingarinnar gagnvart svona ofbeldisaðgerðum.

Það, sem gerðist fyrst af öllu, var það, að sjómenn, sem höfðu orðið fyrir lögbindingu fiskverðs og lækkun fiskverðs stórkostlega, frá því að þeir sömdu síðast um það, gripu til sinna varnaraðgerða. Það vita allir, að hinn rétti samningsaðili á Íslandi til þess að ákveða kaup og kjör vinnandi stétta eru hin einstöku verkalýðsfélög, hvert á sínu félagssvæði, og deildir Vinnuveitendasambandsins gagnvart þeim sem samningsaðilar. Þegar menn vilja semja fyrir stærri svæði í einu, gerist það með því, að verkalýðsfélögin og vinnuveitendafélögin gefa umboð stærri heildum, t. d. Alþýðusambandinu annars vegar og Vinnuveitendasambandi Íslands hins vegar. Og það var það, sem gerðist, það voru þau vinnubrögð, sem voru viðhöfð nú í sambandi við sjómannakjörin. Þessar nefndir höfðu einnig rætt um það áður, að það væri æskilegt að breyta grundvallarfyrirkomulagi sjómannakjaranna, hverfa frá hinum aldagömlu hlutaskiptum og taka upp nýtt skiptafyrirkomulag, sem þeir í aðalatriðum voru hvorir tveggja sammála um, að því er snerti uppbyggingu á grundvallaratriðum, fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna og fulltrúar alþýðusamtakanna. Þessar tvennar tíu manna nefndir gengu til samninga. Sjómennirnir báru fram sínar kröfur, sem voru um verulega hækkun á fiskverði og lagfærð skiptakjör. Menn vildu líka koma á þetta samræmi. Í staðinn fyrir 38 mismunandi kjarasamninga, sem giltu víðs vegar um landið, vildu menn helzt ná því marki að fá einn samning, ein sameiginleg kjör ákveðin í einum samningi fyrir landið allt. En það þarf ekki að rekja þá sögu í einstökum atriðum, það vita allir, að útgerðarmennirnir neituðu í upphafi algerlega að semja um neitt það, sem væri kjarabót handa sjómönnunum. Þetta var óbilgirni, sem vissulega setti heldur illt blóð í samningamenn verkalýðssamtakanna frá fyrstu byrjun. Slíkur steyttur hnefi er ekki til þess að laða samkomulagsmöguleika fram. Og ekki nóg með það, þegar þeir höfðu steytt hnefann á þennan hátt, gáfu þeir umboð nokkrum mönnum úr hópi útgerðarmannanna til að laumast frá samningaborðinu suður á Suðurnes og fá þar til samninga við sig að næturlagi fulltrúa úr samninganefnd sjómanna, til þess að gera sérsamkomulag um samning, sem heildarsamninganefnd sjómannanna taldi vera í raun og veru afturför, verri kjör en áður höfðu ríkt, a. m. k. stórkostlega verri kjör en víða annars staðar höfðu gilt á landinu áður. Þetta var sviksemi í hinum sameiginlegu vinnubrögðum, sem menn höfðu komið sér saman um, og varð til þess að bæta gráu ofan á svart, eftir að þeir höfðu notað hótanir um það, að þeir mundu aldrei semja um neina lagfæringu á kjörum sjómanna.

Síðan gekk þetta þannig til, að fulltrúar sjómannanna slökuðu til nótt eftir nótt á fundum með sáttasemjara, en fengu engin tilboð frá útgerðarmönnum á móti. Þeir héldu áfram að lemja hnefanum í borðið, þeir semdu ekki um neinar kjarabætur sjómönnum til handa. Það var gefin eftir krafan um frítt fæði, og lækkað var smám saman frá 35% af brúttóandvirði afla það, sem skyldi falla í hlut hásetanna, og niður í það, sem endanlega var gert samkomulag um, 29.5%. Útgerðarmennirnir höfðu hins vegar staðið fast fyrst á 27% skiptum og höfðu að síðustu og þó ekki fyrr en á síðustu sólarhringunum mjakazt upp í 28% og stóðu þar þangað til síðasta sólarhringinn, að samkomulag var gert, með fyrirvara um undirskriftir stéttarfélaganna, um 29½%. Það var orðið vitað, að þegar okkar samningamenn, sjómannasamtakanna, voru komnir niður fyrir 30%, þá voru þeir komnir niður í það lágmark, sem hugsanlegt var að fengist samþykkt á þeim stöðum, sem áður höfðu haft hin beztu kjör, því að það væri úr því farið að semja niður einstaka staði, sem höfðu haft beztu kjörin. Beztu kjörin höfðu áður ríkt á Vestfjarðasvæðinu, en lökustu kjörin í Reykjavík og Hafnarfirði. Þegar okkar umboðsmenn í samninganefndinni höfðu teygt sig svona langt, að þeir voru komnir niður fyrir þau kjör, sem áður höfðu ríkt á ýmsum stöðum, þá fór að braka í og bresta hjá okkur, og þannig fór, að Vestfjarðasambandið tilkynnti það formlega, að það héldi ekki áfram að stöðva sinn flota upp á það eitt að eiga það í vændum að vera samið niður, og hvarf úr samtökunum að því er þetta snerti. Það var og vitað, að útgerðarmenn á Austfjörðum vildu semja um 32% til handa skipshöfn, vildu sem sé fallast á það, að skipshöfnin fengi tæpan einn þriðja af aflaverðmæti, sem skipshöfn og skip ber að landi, og sýndist það ekki um of. En hvað kom til, að þeir gerðu það ekki, að þeir sömdu ekki? Það kom þá í ljós, að L. Í. Ú. hafði tekið óafturkallanleg umboð af útgerðarmönnunum, bæði á Austfjörðum og annars staðar, að það skyldi fara með samningana og útgerðarmennirnir gætu ekki tekið samningaumboðið af því og farið með það sjálfir, — þó að þeir vildu semja um 32%, þá fengu þeir það ekki. Það var ekki ríkari eign en umboð þarna, umboðið var orðið ríkara en eignin. M. ö. o.: útgerðarmenn, sem töldu sanngjarnt að semja við sjómennina um 32%, fengu það ekki, þeir voru bundnir af óafturkallanlegum umboðum, sem þeir höfðu verið svo óvarkárir að láta af hendi við forráðamenn valdakliku L. Í. Ú.

Þegar samkomulag hafði verið undirskrifað af samninganefnd sjómannanna og samninganefnd L. Í. Ú., með fyrirvara um samþykki félaganna, þá var starfi landssamninganefndarinnar auðvitað lokið og samningarnir gengu heim til sinna upprunalegu aðila, sem viðurkenndir eru sem hinir réttu aðilar við samninga í vinnulöggjöfinni, þ. e. a. s. til hinna einstöku sjómannafélaga heima í héruðum. Og þá kom það í ljós, sem vita mátti, að Alþýðusambandið, fulltrúi þess í samninganefndinni, það verður ekki sakað um að hafa haldið of fast á málunum og viljað knýja fram með óbilgirni of háar kröfur sjómönnum til handa. Það kom í ljós, að sjómennirnir töldu þarna vera búið að sýna of mikla tilslökun, tilhliðrunarsemi, búið að semja sig of langt niður, og þeir neituðu að samþykkja samningana mjög víða, þ. á m. hér í Reykjavík. Þegar Jón Sigurðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, lagði samninganiðurstöðuna fyrir sjómannadeildina hér, fiskimannadeild-

ina í Sjómannafélagi Reykjavíkur, þá var samkomulagið kolfellt, og verkfall stendur hér enn þá, af því að það var búið að semja sig lengra niður en sjómennirnir sjálfir vildu sætta sig við. Á Vestfjörðum vildi enginn líta við þessu samkomulagi, enda höfðu þeir áður tilkynnt sig út úr þeirri viðleitni að semja, þegar svo lágt var komið, og Austfirðingarnir allir saman, útgerðarmennirnir þar og sjómennirnir, voru andvígir þessu bráðabirgðasamkomulagi og hafa nú gripið til þess síðar að semja sérstaklega. Og þegar þeir fengu frelsi til þess, þá vildu þeir semja um sem svarar 32% af aflaverðmætinu til handa skipshöfn, það er nú komið á daginn. En á Vestfjörðunum var verkfallinu, sem lýst hafði verið yfir, þegar stofnað var til landssamninganna til þess að reyna að knýja fram einn landssamning fyrir landið allt, aflýst og útgerðarmönnunum á því svæði gefinn kostur á því að setja bátana af stað upp á þau gömlu skiptakjör, sem höfðu verið á Vestfjörðum, að fenginni yfirlýsingu um, að þeir mundu borga hið nýja fiskverð.

Fóru þá ekki bátarnir af stað á Vestfjörðum? Ónei, þá kom fram tilkynning frá L. Í. Ú., að þeir hefðu enga heimild til þess að setja bátana af stað, þeir væru bundnir af þeim óafturkallanlegu umboðum, sem þeir hefðu veitt L. Í. Ú., og þeir skyldu verða gerðir upp, ef þeir hreyfðu sig. Sams konar hótanir fengu útgerðarmennirnir á Austfjörðum. Af þessu var auðsætt, að Alþýðusamband Vestfjarða hafði aflýst á löglegan hátt hinu fyrra verkfalli, bauð, að bátaflotinn skyldi ganga, meðan samningar væru reyndir, samkv. hinum gömlu kjörum, sem allir höfðu sætt sig við, og reynt að koma á nýju samkomulagi, en mætti ofbeldi af hendi útgerðarmannanna, af hendi landssambands þeirra. Það er enginn vafi á því, enda hefur það verið borið undir lögfræðinga, að þetta atferli útgerðarmannanna á Vestfjörðum eða Landssambandsins gagnvart þeim er ólöglegt verkbann. Þeir höfðu ekki boðað neina stöðvun þarna á ný, eftir að fyrri deilan leystist, með 7 daga fyrirvara, eins og þeim er skylt. Nú er mér tjáð, að þeir muni hafa runnið á þessu og að útgerðin á Vestfjörðum sé komin af stað og samningarnir við stjórn Alþýðusambands Vestfjarða í gang á ný, og mætti þá vænta, að samkomulag tækist á því svæði út af fyrir sig, og þykist ég þá vita, að þar verður naumast samið um minna en 32%, miðað við það, að þeir láta sér auðvitað ekki detta í hug að rýra þau góðu kjör, sem þeir áður höfðu, sem voru hin beztu á landinu.

Þetta, sem ég nú hef sagt, sýnir auglóslega, að sjómannakjaradeilan er að mjög miklu leyti afleiðing af því, hvert fiskverðið getur verið, og fiskverðið ákvarðast af því, hvað miklu eða litlu er stolið af afætum af verðmæti fisksins. Ef þar er komizt að réttri niðurstöðu, ekki aðeins gagnvart Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, heldur gagnvart vöxtum, vaxtabyrðinni, olíuhringunum, útvegun salts og veiðarfæra, flutningsgjalda á sjávarafurðum til erlendra markaða, vátrygginga o. s. frv., ef þar er fyllilega rannsakað, hvað taka verði fyrir þessa þjónustu og fyrirgreiðslu, og tryggt, að það sé ekki tekið neitt meira en réttmætt er, þá er hægt að komast að niðurstöðu um það, hvað hið rétta fiskverð skuli vera til sjómanna og útvegsmanna, og þess vegna ætti enginn, sem hefur hreint mél í poka viðvíkjandi þessum atriðum, að beita sér gegn því, að slík rannsókn fari fram. Það gæti einmitt leitt til þess, að samkomulag fengist við sjómenn og útgerðarmenn um þessi mál, sem hafa verið og eru enn alvarleg deilumál.

Í Vestmannaeyjum vita allir, að ástandið núna er þannig, að þar er ekki eingöngu um stöðvun að ræða vegna þess, að verkamannafélag Vestmannaeyja og verkakvennafélagið þar á staðnum hafi lýst yfir verkfalli út af launakjörum verkafólks í landi, heldur er stöðvunin á útveginum í Vestmannaeyjum nú einnig afleiðing af því, að útgerðarmennirnir hafa samþykkt að hefja ekki róðra, setja ekki flota sinn í gang, fyrr en þeir hafa fengið það, sem þeir vilja sætta sig við í fiskverði. Glíman í Vestmannaeyjum er þannig alveg greinilega á þann veg, að útgerðarmenn og verkamenn og verkakonur standa saman um að fá fyrst, áður en útgerðin hefjist þar, afgert, hvað fiskverðið skuli vera og hvað skuli vera kaup verkamanna og verkakvenna. Sjómannadeilan sem slík er leyst í Vestmannaeyjum, því að Sjómannafélagið Jötunn samþykkti uppkastið frá landssamninganefndinni. En á sama degi og því verkfalli var aflýst samþykkti sjómannafélagið samúðarvinnustöðvun, sem getur þannig komið til framkvæmda eftir sjö daga, frá því að samþykktin var gerð, með vinnustöðvun, kaupgjaldsbaráttu verkamanna og verkakvenna. Og Vélstjórafélag Vestmannaeyja mun hafa gert það líka, þannig að öll stéttarfélögin í Vestmannaeyjum standa nú í verkfalli og samúðarverkföllum og útgerðarmennirnir standa í óleystri deilu um fiskverð gagnvart útgerðarmönnum. Í raun og veru hefur það, eins og ég áðan sagði, svo valdið stöðvun útgerðarinnar á Vestfjörðum, að L. Í. Ú. neitaði útgerðarmönnunum um að hefja róðra á ný og hélt þeim þannig dag eftir dag í ólöglegu verkbanni. Svo kemur hv. 1. þm. Vestf. og segir: Það er sérstaklega einum manni að kenna, að atvinnulífið er stöðvað. — Það er eitt, sem hann hefur aldrei skort, og það er ósvífni. Það skortir hann ekki enn, þó að hann sé kominn á áttræðisaldurinn.

Þessi mál öll saman, fiskverð, hlutaskipti, þ. e. a. s. lífskjör sjómannanna, það er mjög samslungið mál því, hvað Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hvað vátryggingafélögin, hvað olíuhringarnir taka af útgerðinni, og ef þessir aðilar taka óhóflega mikið í sinn hlut, þá verður það auðvitað til þess að skerða hlut sjómanna og útgerðarmanna, sem eiga mjög hliðstæðra hagsmuna að gæta, og það er umfram allt þetta, sem getur valdið meira eða minna varanlegri stöðvun atvinnulífsins í landinu. Af hendi verkalýðssamtakanna kemur það aldrei til mála, að einn einstakur maður eða örfáir menn geti ráðið því, sem þar er gert. Þar hefur enginn aðstöðu til að taka úrslitaákvörðun, nema hún sé tekin neðan frá í gegnum meirihlutasamþykktir verkalýðsfélaga og síðan samtaka á stærri svæðum og síðan gegnum Alþýðusambandið. Þó að einhver vildi gefa fyrirmæli sem einstaklingur, þá væru þau að engu höfð og hefðu ekkert gildi, og það væri engu verkfalli hægt að halda uppi á eins manns fyrirmælum. En valdboð, sem sam-

rýmast ekki vinnulöggjöfinni, hafa nú verið gefin út af L. Í. Ú. og mundu ekki standast fyrir félagsdómi. Það þarf enginn um það að efast, að þegar t. d. er lýst yfir gagnvart útgerðarmönnum á Austfjörðum og Vestfjörðum, að þeir verði gerðir upp, ef þeir fari eftir sínum vilja, en ekki boðum og bönnum frá L. Í. Ú., þá stangast það við lög, stenzt ekki. Útgerðarmennirnir sjálfir eru hinir löglegu samningsaðilar og geta aldrei gefið nein slík umboð, að þau séu ríkari en þeirra eigin vilji. Þeir hafa samningsfrelsi. Að öðrum kosti, ef hið síðara stenzt, þá er ekkert samningsfrelsi til í þessu landi og þá er ekki til neins fyrir verkalýðshreyfinguna að sitja fyrir framan leikbrúður eða handjárnaða menn, sem hafa ekki neinn samningsrétt. Vinnuveitendasamband Íslands hefur leyft sér að láta fulltrúa sinn í Vestmannaeyjum lýsa yfir banni gagnvart atvinnurekendunum þar, að þeir megi ekki semja. Það hefur enginn slíkan rétt yfir atvinnurekendum í Vestmannaeyjum eða annars staðar. Það getur ekkert bannað þeim. Þeir hafa samningsfrelsið að lögum, og ef þeir sýna það ekki, að þeir séu ráðandi gerða sinna við samningaborð, þá er ekki hægt að setjast að samningaborði með þeim.

Það var eftir að samningar höfðu staðið a. m. k. hálfan mánuð hér í Reykjavík fyrir milligöngu sáttasemjara, sem það var upplýst af Vinnuveitendasambandinu, að þeir hefðu ekkert leyfi til þess að semja, þessir menn, sem höfðu verið þarna nótt eftir nótt í samningum við samninganefnd sjómanna. Þeir hefðu ekkert vald til þess, enga heimild til þess að semja um eitt eða neitt. Það væri fimm manna nefnd, sem búið væri að skipa af Vinnuveitendasambandinu, sem hefði öll ráð þar. Það hefðu sem sé ekki verið neinir samningamenn, sem sjómennirnir voru að ræða við, bara dúkkur, dúkkur ofbeldisins. Og ofbeldið var grímubúið í hálfan mánuð og enginn látinn um það vita. Þá var flett af grímunni og sagt: Það eru fimm menn aðrir, sem hafa valdið.

Svona framferði af hendi vinnuveitenda í landinu verður ekki unað, og það er ekki að vænta neins árangurs í samningum, þegar svona vinnubrögðum er beitt. Og ég hygg, að það verði ekki haldgott, hvorki fyrir hv. 1. þm. Vestf. né neina aðra að segja, að stöðvanir atvinnulífsins í landinu séu t. d. mér eða einhverjum einstökum mönnum í verkalýðshreyfingunni að kenna. Við höfum farið að réttum leikreglum, en gagnaðilinn ekki. Við eigum hendur okkar að verja eftir tveggja ára ofbeldisaðgerðir ríkisvalds, og það gat enginn vænzt þess, að okkar aðgerðir kæmu síðar fram en þær hafa komið.

Ég mundi því vænta þess, að það kæmu fleiri tillögur í kjölfar þessarar tillögu, sem hér er til umræðu, til þess að rannsaka fleiri þætti, sem hafa áhrif á fiskverðið í landinu, ekki aðeins Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, heldur einnig gróða olíuhringanna, og æskilegt væri að komast að réttri niðurstöðu um það, hvað væri hægt að minnka þann gróða, til þess að auka aftur þann hlut útgerðarinnar, sem henni væri það an skilað, athuga um gróða farskipafélaganna og komast að réttri niðurstöðu um það, hvort þar sé ekkert oftekið, hvort ekki sé hægt að gera flutning íslenzks fisks á erlenda markaði kostnaðarminni og þar með auka hlutskipti útgerðarmanna og sjómanna í sambandi við það, og alveg á sama hátt með tryggingafélögin, rannsaka, hvort þau taka ekki of mikið fyrir sína starfsemi og hvort ríkið gæti ekki t. d. sjálft annazt tryggingastarfsemina á útgerðinni á hagkvæmari hátt og þar með hlíft útgerðinni við útgjöldum, sem hún nú verður fyrir að ófyrirsynju og verða mætti til þess að bæta fyrst og fremst kjör íslenzks sjávarútvegs og íslenzkra sjómanna.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., 31. jan., var enn fram haldið einni umr. um till.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. (HV) hélt hér allianga ræðu í gær um þetta mál og veittist nokkuð harkalega að mér persónulega fyrir að hafa látið þau orð falla í umr. hér s. l. föstudag, að ég teldi, að hæstv. forseti þessarar deildar ætti að beita forsetavaldi til að skera niður umræður um verkalýðshreyfinguna á Íslandi. Hann sagði m. a., að 1. þm. Vestf. vantaði hvorki viljann né getuna til að vera ófyrirleitinn. Það er nú ekkert nýtt í hans málflutningi. Ég skal ekki eyða mörgum orðum til að hrinda slíkum ámælum. Ég hefði talið, að það hefði verið hæstvirts forseta að áminna hann eftir slíkan áburð hér í þessari hv. deild. En ég skal ekki erfa það við hann á nokkurn hátt, en vil aðeins benda á, að öll þessi ræða, sem hann flutti hér sem ásökun á mig, til hennar hafði ég ekki gefið neitt tilefni. Ég lét aldrei þau orð falla, sem hv. þm. lagði út af, og ef hann vill athuga ræðuna, eins og hún er tekin upp af segulbandinu, þá mun hann sjá, að ég hef aldrei látið slík orð falla hér um verkalýðshreyfinguna. Ég minntist hins vegar á, að það væri vafasamt, hvort hæstv. forseti ætti ekki að nota forsetavald til að stöðva þann áróður, sem hv. 3. þm. Reykv. héldi hér uppi fyrir hönd Sovétríkjanna á Íslandi, en minntist ekkert á verkalýðshreyfinguna í því sambandi. Ég var hins vegar ekkert óánægður yfir því, að hv. þm. ræddi um þessi mál í sambandi við SH og fiskverðið. Það taldi ég mjög eðlilegt. Og margt af því, sem hann sagði í sambandi við þau mál, gefur tilefni til þess að ræða málið nánar, og það er einmitt þess vegna, sem ég fyrst byrja á því að ræða við þennan hv. þm. út af þeirri ræðu, sem hann hélt.

Hv. þm. minntist m. a. á olíuverðið, hvers vegna núv. hæstv. ríkisstj. beitti sér ekki fyrir því, að það væri lækkað á Íslandi, til þess að hækka þannig hlut sjómannanna. En við skulum athuga dálítið nánar þessi mál. Það var á sínum tíma skipuð mþn., sem raunverulega starfar enn, til þess að athuga tæknilegar og viðskiptalegar umbætur á rekstri sjávarútvegsins. Hún gaf út m. a. prentað álit um einn þáttinn, sem rannsakaður var í togaraútgerðinni, og ég geri ráð fyrir því, að hv. 4. landsk. þm. hafi fengið það eins og aðrir þm. Hann mun þar sjá allmargar og merkilegar upplýsingar í sambandi við olíumálin á Íslandi, þar sem sýnt er ákveðið og óhrekjanlega fram á, að það hafi verið notaður allt annar verðlagsgrund-

völlur við verðlagningu á olíu í landinu en á nokkurri annarri vöru, á meðan varan heyrði undir verðlagsákvæðin. En þessi gögn öll komu m. a. fram í tíð vinstri ríkisstj., og þá heyrðu þessi mál öll undir flokksbróður hv. þm., sem þá var viðskmrh. og sjútvmrh. En hvers vegna tapaði þessi ágæti hv. þm. áhuganum fyrir því að leiðrétta þessi mál? Hvers vegna tók hann ekki upp þær ábendingar, sem n. alveg óskipt setti fram í þessu máli? Það var enginn ágreiningur í n. um það, að hér væri um allt of háa álagningu að ræða, og hæstv. þáv. ráðh. gefin full bending um það, hvernig mætti laga þetta. En hvers vegna daufheyrðist hann við því? Ætli það hafi ekki verið vegna þess, að hann hafi verið í of nánu sambandi við þá aðila, sem höfðu hér hagsmuna að gæta, þ. e. Samband ísl. samvinnufélaga eða dótturfélag þess, Olíufélagið. Ég hef ekki fundið neina aðra skýringu á þessu fyrirbæri. Það er ákaflega gott að ásaka aðra menn fyrir að gera ekki ákveðnar umbætur, en hafa sjálfur látið undir höfuð leggjast þann tíma, sem þessi hv. þm. átti sæti í ríkisstj. og hafði þá möguleika til þess að hafa afskipti af þessum málum, að framkvæma sams konar umbætur. En það hefur hann alveg látið hjá líða að gera.

Hv. þm. gat um, að það væru margar sögur um það, að SH tæki of stóran hlut frá sjómönnum í sambandi við sín viðskipti. Um það skal ég ekkert segja, ég þekki ekkert inn á það og skal ekkert verja þeirra gerðir. En ég vil í því sambandi spyrja: Fá sjómennirnir betra verð og meira út úr sínum hlut, sem selja aflann í gegnum Samband ísl. samvinnufélaga, fá þeir hærra verð fyrir sinn fisk heldur en þeir, sem selja í gegnum SH. Það finnst mér vera höfuðatriði í þessu máli. Það er það, að ef rannsaka á aðeins annað fyrirtækið, en ekki hitt, þá er ekki rétt að farið. Eftir því sem ég veit bezt, þá mun það ekki vera, að þeir menn, sem hafa skipt hér við SÍS, hafi fengið hærra fiskverð, en hitt veit ég alveg fyrir víst, að þau frystihúsin, sem fengu meiri uppbætur, á meðan uppbætur voru veittar á fiskinn, munu að fleirtölu hafa einmitt verið hjá SÍS, af hvaða ástæðum sem það hefur verið. Ég tel því ekki frambærilegt, að ekki megi undir neinum kringumstæðum láta rannsókn fara fram á báðum þessum fyrirtækjum sameiginlega. En það vildi hv. 4. landsk. þm. ekki láta gera, það kom skýrt fram í ræðu hans. Hv. þm. sagði, að ég hefði látið orð um það falla, að hér væri verið með einhvern fjandskap á hendur SH af flm., en það hef ég aldrei sagt neitt um.

Þá gat hv. þm. þess, að SH tæki allmikið til byggingar erlendis af því fé, sem sjómenn og útgerðarmenn ættu, og sagði beinlínis, að það væri til þess að lækka útgreiðsluverð til sjómanna. Fyrir þessu færði hann þó engin rök. En ég hygg, að í fyrsta lagi séu þær fjárfestingar gerðar í þeirri trú, að það verði til þess að hækka verðið til sjómannanna, og að raunin hafi einnig verið sú, að það hafi gert hvort tveggja í senn, hækkað verðið til sjómannanna annars vegar og gert mögulegt að selja meira magn á erlendum markaði hins vegar. En um þetta getur sjálfsagt hv. þm. fengið fullkomnar upplýsingar, m. a. frá hv. 3. þm. Austf., sem á sæti í stjórn SH. En ef svo er, að SH hefur ekki greitt hærri hluta til sjómanna og útgerðarmanna vegna þessara ráðstafana á fé, hvernig er þá um sams konar ráðstafanir hjá SÍS? Vitað er, að þeir hafa einnig sett fast fé í nákvæmlega sams konar íbúðir erlendis. Er það skoðun hv. 4. landsk., að sjómennirnir, sem hann hefur svo náið samband við, hafi fengið hærra verð þar og þá hafi það verið beinlínis vegna þess, að þeir hafi fjárfest minna en SH í erlendum byggingum? Þetta er sjálfsagt að fá upplýst, og það eru engin vandkvæði að fá það upplýst hér.

Hv. 4. landsk. og hv. 3. þm. Reykv. hafa báðir rætt um, að það væri alveg óverjandi, að útgerðarmenn skyldu hafa beitt sér í þeirri verkstöðvun eða deilu, sem nú er um kjör sjómanna, eins og þeir hafa gert, þ. e. krefjast þess, að meðlimir félags þeirra fengju ekki leyfi til þess að semja hver fyrir sig. En hv. 4. landsk. þm. talaði um í gær, að einstakir útgerðarmenn hefðu verið kúgaðir til þess að semja ekki hver fyrir sig og þeim hefði jafnvel verið hótað að reka þá burt úr félagsskapnum eða einhverjum öðrum hefndarráðstöfunum, ef þeir riftuðu því samkomulagi, sem gert hefði verið hér um, þeir hefðu framið hér margvíslegar lögleysur. Þetta voru hans orð. Um allt þetta skal ég ekki deila efnislega. En ég vil aðeins benda hv. 4. landsk. þm. og hv. 3. þm. Reykv. á, að þetta er nákvæmlega það sama sem verkalýðshreyfingin hefur gert árum saman. Það þýðir ekkert fyrir hv. 4. landsk. að hrista höfuðið yfir því. Hann veit ósköp vel, að í hverju einasta verkfalli, þó að það hafi verið talið löglegt verkfall, — það er ég ekki að segja um, — að í hverju einasta verkfalli hefur þessu verið beitt af þeim, sem hafa stjórnað verkföllunum. Þeir hafa krafizt þess, að menn fengju ekki að vinna, á meðan á verkfallinu stæði, jafnvel þó að þeir hefðu sjálfir viljað vinna. Þetta er hin almenna regla í verkföllum, því að annars væri ekki hægt að halda þessum félagsskap saman, ef menn brytust út, hvort sem um er að ræða verkamenn eða atvinnurekendur. Og það er einmitt þetta, sem gefur ástæðu til þess, að nú á alvarlega að fara að athuga, hvort við eigum ekki að fara að semja nýja vinnulöggjöf, þar sem hnefaréttur inn ræður ekki lengur í landinu, þar sem málin eru leyst með annaðhvort viturlegu samkomulagi, og ef það ekki næst, þá með viturlegum dómi. Hvaða enda hefur það í einu landi, ef á að leyfa hnefarétt, ótakmarkaðan hnefarétt, hvort sem hann er frá hendi vinnuveitenda eða vinnuþiggjenda? Hvaða áhrif hefur það að síðustu í einu landi? Það mundi enda þannig, að sá aðili, sem hefur valdið, mundi alltaf ganga á lagið, eins og venjulega er gert, og segja: Ég vann þetta verkfall með hnefarétti síðast, við getum farið svolítið lengra næst o. s. frv. — Hinir verða þá að láta undan. Svona hefur þetta gengið. Og hvað lögbrotin snertir, þá veit hv. 4. landsk. miklu betur en nokkur annar maður, að hann hefur einmitt staðið manna mest fyrir þessum lögbrotum. Hvað mikið var framið af lögbrotum í verkfallinu 1955? Hvað var mikið framið þá af lögbrotum? Stöðvaðir voru menn frá því að komast inn í bæinn og út úr honum, hellt niður framleiðslu bænda í landinu o. s. frv. Og hvers vegna var samið um það síðast, eins og ávallt áður, að

málsóknir af öllum lögbrotum skyldu látnar falla niður? Hvers vegna var það sett inn í samninganna? Hér var viðurkenning á því, að framin hefðu verið lögbrot. Og svo eru þessir menn að koma hér og fárast yfir því, að aðrar stéttir hafi tekið upp nákvæmlega sömu aðferðir í þessum deilum.

Sannleikurinn er sá, að vinnudeilurnar í landinu eru komnar á það stig, að verkalýðurinn sjálfur er að tapa þessum leik. Þegar aðrar stéttir í landinu sáu, að það var sterkasta vopnið að halda saman, þá var það ekki eingöngu verkalýðurinn, sem tók sér þetta vopn í hendur, það voru atvinnurekendur, og það jafnvel embættismenn þjóðarinnar, sem tóku að gerast svo stéttvísir, halda svo fast saman, að þeir gætu þannig þvingað fram ákveðin bætt kjör. Þegar svo er komið, er þetta barátta á milli stéttanna í landinu. Það er ekki lengur barátta á milli atvinnurekenda annars vegar og verkalýðs hins vegar. Það er kapphlaup hjá stéttunum í landinu að tryggja sig sem bezt með þessum rétti gegn hinum. Og þá erum við komnir út í slíka ófæru, að Alþingi má ekki láta það afskiptalaust lengur. Og þess vegna spyr ég: Vilja þessir menn, sem þykjast bera umhyggju fyrir hag verkalýðsins, setjast að samningaborðinu nú og semja um að endurskoða vinnulöggjöfina, gera það á réttlátan hátt, taka fullkominn þátt í þeirri nefnd, sem væri valin, gera það og sjá, hvaða leiðir væri hægt að finna til þess að bæta úr þessu öngþveiti, sem enginn hefur gott af?

Við, sem erum hvorki verkamenn né atvinnurekendur, eins og er nú orðið, skiljum ekki, að í þjóðfélagi, sem er sæmilega menntað og sæmilega upplýst, skuli ekki vera hægt að finna leið til þess að jafna þessar deilur þjóðinni að skaðlausu eins og í öllum öðrum ágreiningsmálum. Hvers vegna er ekki hægt að finna leið til þess að láta ákveðna hlutlausa menn skera úr um þessi atriði eins og mörg önnur deiluatriði í landinu? Menn verða að gera svo vel að beygja sig undir það að láta fyrst undirrétt og síðan hæstarétt skera úr um ákveðin mál, ekki aðeins stórkostleg fjárhagsmál, heldur og önnur stórkostleg atriði, sem snerta jafnvel æru manna, og deilur um það, hvort þessi aðili hefur rétt fyrir sér eða hinn. Hvers vegna má ekki á sama hátt fá menn til þess að dæma um þessi mál? Það er vitað, að þessi mál eru komin í það öngþveiti, að það er útilokað að búa við þau áframhaldandi, nema þjóðin eigi að þola stórkostlega undir því. Það er t. d. viðurkennt, að það hefur enginn maður haft hag af verkfallinu frá 1955, hvorki verkamenn né atvinnurekendur, og hefði það átt að vera nægilegur skóli til þess að stöðva að fara út í slíkt ævintýri aftur. Það er líka vitað, að mikill hluti af áróðri í sambandi við verkföll í dag er runninn af pólitískum áhuga, meira en af umhyggju fyrir verkalýðnum, og þá er því nauðsynlegra að setja hér einhver takmörk til þess að fyrirbyggja það tjón, sem af því hlýtur að verða.

Þegar hv. 4. landsk., sem ég skal ekki ræða miklu meira við nú í þetta skipti, lýsti því yfir hér, að hann vildi ekki undir neinum kringumstæðum láta rannsaka þessi sömu atriði hjá hlíðstæðum aðila, þ. e. SÍS, og tók fram, að það væri engin ástæða til þess, þá datt mér í hug, að hann hefur nú verið heldur lengi í félagsskap við Framsfl., sem alltaf hefur haft það efst á blaði hér í Alþingi og hjá þjóðinni að hugsa sér að fá að búa við önnur lög en aðrir. En honum væri líka hollt að gera sér ljóst, að eftir þeim reglum nær maður ekki alltaf bezta árangrinum.

Ég skal þá snúa mér nokkuð að svarræðu hv. 3. þm. Reykv. (EOl), sem hann hélt hér eftir mína ræðu s. l. föstudag. Hann byrjaði ræðu sína með því að gleðjast yfir því, að ég væri kominn úr banni, hefði fengið frelsi og mætti nú orðið tala í þessari hv. deild. En honum varð á á sama tíma að krefjast þess af mér og vænta þess, að ég beitti mér fyrir framgangi ákveðins vandamáls í Sjálfstfl., því að það væri vitað og viðurkennt bæði af honum og mörgum öðrum, að ég hefði þar langmest áhrif allra manna. En hvernig fer þetta nú saman, að ég á að hafa mestu áhrifin í flokknum, en samt sem áður ekki svo mikil áhrif, að ég geti leyst mig sjálfan undan banni þar við málfrelsi? Eitthvað er nú farið að renna út í fyrir þessum hv. þm., þegar hann ætlar að fara yfir í rökfræðina. Ég get hins vegar fullvissað hv. þm. um það, að Sjálfstfl. hefur aldrei beitt slíku lýðræði innan sinna vébanda, og hv. þm. veit einnig, að skapgerð mín er slík, að ég hefði aldrei beygt mig undir slíkt lýðræði og þess vegna hefði ég m. a. aldrei getað átt sæti í hans eigin flokki, en skal hins vegar ekki ræða það nánar.

Ég skal svo snúa mér að því að ræða svör hv. þm. og aths. við mína ræðu. Ég spurði m. a.: Hvers vegna vill hv. flm. ekki láta fara fram sams konar rannsókn á starfsemi SÍS? Ég fékk við því svar, og svarið var þetta: Það kom enginn hroki fram í svari SÍS til verkalýðshreyfingarinnar um að mæta kröfu um betri kjör, gagnstætt því, sem kom fram í svari frá SH. Þetta var eina ástæðan. En hvaða vit er nú í því að byggja tillögu eins og þá, sem hér er til umræðu, á þessu grundvallaratriði, sem er viðurkennt að hefur verið aðalatriðið, að annar aðilinn svari blitt, kannske án þess að meina það, en hinn aðilinn svarar með skarpari orðum og setur fram í harðari orðum sína skoðun? Getur það gefið ástæðu til þess að flytja svona tillögu? Sér ekki hv. þm., í hvaða óskaplegar ógöngur hann er kominn, ef hann er að byggja málflutning sinn á Alþingi á svona löguðu, að ég nú ekki tali um, þegar vitað er, að sambandið þarna á milli í dag er slíkt, að þeim, sem blitt svarar, kann að hafa þótt það bæta sinn málstað að vera ekki að hafa nein hörð orð um þetta, kannske ekki verið neitt ósárt um það, að keppinautur hans, SH, fengi slíka rannsókn eins og hér um ræðir, ef hinn keppinauturinn þyrfti ekki að svara neitt til um þau mál. Og svo sagði hv. þm. enn fremur, það var önnur ástæðan: Ég hef alla aðstöðu til að fylgjast með gerðum Sambandsins sem meðlimur í KRON. — Hæstv. dómsmrh. skaut hér fram í og spurði, hvort KRON hefði þá fylgzt með olíuhneykslinu. Ég vil nú spyrja: Ef svo hefur verið, er þá KRON samsekt í því svindli öllu saman? Vill hv. þm. taka á sig alla þá ábyrgð og viðurkenna hér, að hann hafi verið meðábyrgur í öllu því, sem hefur skeð í sambandi við olíumálin og SÍS, og þeim afskiptum,

sem þeir hafa haft af því, því að nú er það upplýst, að það er miklu stærri þáttur, sem Sambandið hefur átt í þeim málum, heldur en einn brúsi af frostlegi, eins og tjáð var á aðalfundi Sambandsins og KRON hefur sjálfsagt talið nægilega sönnun fyrir sakleysi þeirra í þessum málum.

Nei, ég held, að hv. þm. verði að hafa einhverjar ríkari ástæður til þess að flytja svona tillögu heldur en þessar tvær, sem hann hefur gefið, því að þær eru honum ekki til sóma. Og hvert mundi stefna hjá okkur almennt í landsmálunum, ef þetta ætti að vera leiðarvísir hjá okkur í málflutningi í þingi? Hvert mundum við þá stefna?

Ég spurði einnig, hvort tillagan væri borin fram vegna þess, að grunur lægi á því, að Sölumiðstöðin hefði talið ranglega fram, hefði dulið eignir, hefði ekki gefið réttar skýrslur um eignir og skuldir eða dregið á einhvern hátt til sín fjárhæðir, sem hún ætti ekki. Nei, svarið var það, að slíkar ásakanir þyrði ekki hv. flm. að bera á stjórn SH, til þess *væri engin ástæða. Svo er komið*, að það er viðurkennt hér í þinginu, að hv. flm. hefur enga ástæðu til þess að halda, að þetta hafi komið fyrir hjá Sölumiðstöðinni. Þrátt fyrir alla þá andúð, svo að ég kveði ekki sterkara að orði, — þrátt fyrir alla þá andúð, sem hann persónulega hefur á þessu fyrirtæki, og allan þann sterka vilja, sem hann hefur til ásakana, þá viðurkennir hann samt sem áður, að það sé engin ástæða til þess að halda, að hér hafi verið framið neitt, sem er ólöglegt, að ég ekki segi glæpsamlegt, og hins vegar liggur fyrir játning um það, að aðal- og eina ástæðan sé sú, að það hafi verið of mikill hroki í bréfi til verkalýðshreyfingarinnar, gagnstætt því, sem var hjá SÍS. Þá sýnist ekki mikil ástæða til, að þessi till., sem hér liggur fyrir, verði yfirleitt samþykkt. Þá sýnist allur grundvöllurinn vera fallinn undan því að hafa borið till. fram. Hinu er svo ekki að neita, að það er hreint ekki lítill ábyrgðarhluti af hv. þm. að bera svona till. fram, um hvaða útflutningsfyrirtæki sem væri, hvort það væri heldur SH eða Sambandið eða einhver annar útflytjandi. Við skulum ekki halda, að það séu hér ekki opin eyru útlendra sendifulltrúa til þess að hlusta á og fylgjast með, hvað gerist hér, þegar um er að ræða *jafnstórkostlegt mál og hér um* ræðir. Við skulum ekki halda, að þau eyru séu lokuð. Að vísu sagði hv. þm., að hann væri ekki viss um, að skattaframtölin kynnu að vera rétt hjá samlaginu frekar en, eins og hann sagði, hjá mörgum öðrum mönnum. Það er mál, sem þjóðin hefur glímt við í mörg ár og komizt að þeirri niðurstöðu, að það hafi verið svo langt gengið í skattabrjálæðinu í landinu, að menn hafi verið neyddir til þess að nota hvaða smugu, sem þeir gátu, til þess að komast út úr því öngþveiti. Ég held, að það yrði ekki talin fullkomlega nægileg ástæða til þess að bera fram svona tillögu eins og hér um ræðir, ef skattaframtöl SH, sem ég veit ekkert um, hafa ekki verið lakari en svo, að ríkisskattanefnd og skattstjórinn sjá ekki ástæðu til þess að láta fara fram um það rannsókn.

Svör hv. flm. við spurningu minni um það, hvenær verkalýðshreyfingin hafi boðið útgerðinni löng og hagkvæm lán með lágum vöxtum og boðið þeim marga dísiltogara, verða nú harla einkennileg og fjarstæðukennd, en þar segir hv. flm. till.: Ég er verkalýðshreyfingin á Íslandi. Ég, hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, formaður Alþýðubandalagsins, ég er verkalýðshreyfingin á Íslandi. — Ekki vantar nú hrokann, og ekki vantar nú sjálfsálitið, það verð ég að segja. En hvað ætli það séu margar þúsundir vekamanna á Íslandi, sem mundu neita þessu? Ég efa, að hv. 3. þm. Reykv. fengi stóran hóp íslenzkra verkamanna til þess að viðurkenna það, að hann væri verkalýðshreyfingin á Íslandi, og ef svo væri komið, að hann væri verkalýðshreyfingin á Íslandi, þá er ekki vel farið. Það verð ég að segja, þá er sannarlega ekki vel farið. Nei, honum er alveg óhætt að lækka svolítið þann rosta. Það getur ekki verið neitt hollt fyrir hann að halda, að hann sé ekki einungis verkalýðshreyfingin, heldur geti hann og einn ráðið þar því, sem hann vill. Og ef þetta væri svo, hvers vegna sveik þá þessi verkalýðshreyfing hv. 3. þm. Reykv., hvers vegna sveik hann þá vinstri stjórnina, því að það er vitað, að hv. þáv. forsrh. kom til verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi og bað hana um áframhaldandi stuðning og sú verkalýðshreyfing, sem var ekki Einar Olgeirsson, sagði nei? Hvers vegna sveik þessi verkalýðshreyfing þá Framsfl., og hvers vegna sveik hún þá þjóðina, eins og hann hefur síðan haldið fram, að þjóðin hafi verið svikin með því að gefa ekki vinstri stjórninni nægilegt áframhaldandi þingfylgi? Það er eitthvað farið að ruglast hjá hv. þm., þegar hann er að ræða um þessi mál.

Með þessu fororði og þessum hugsunarhætti, að hann væri verkalýðshreyfingin á Íslandi, sagði hann: Ég bauð að stækka fiskveiðasjóð, þegar ég var í nýbyggingarráði. Þá bauð hann að stækka fiskveiðasjóð. Hvaðan átti það fé að koma? Átti það ekki að koma frá útgerðarmönnunum að mestu leyti og frá þjóðinni að vísu allri, en einnig líka útgerðarmönnum, einnig frá fiskafurðunum í landinu, sem útgerðarmenn og sjómenn eiga saman? En það var hann, verkalýðshreyfingin á Íslandi, hann einn, þessi stóri maður, sem bauð allt fé. Bankarnir vildu bara ekki taka við því, sagði hann. Og svo segir hann: Ég vildi byggja 30 dísiltogara, en útgerðarmennirnir vildu aðeins kolatogara. Enginn þeirra vildi dísiltogara, og þá var gert samkomulag fyrir mitt tilstilli, verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi. Ég fór til Englands og kom á samkomulagi um, að það skyldu þó byggðir olíukyntir togarar. — Hvenær og hvar hefur hv. 3. þm. Reykv. dreymt þennan draum? Ég bara spyr: Hvar hefur hann dreymt hann og hvenær, og hvenær hefur þetta komizt inn í hans hugsun? Ég hygg, að það séu ekki margir menn á Íslandi, sem vita meir um þetta mál en ég, vegna þess að ég var í nefndinni, sem samdi um þessi mál, og ég varð aldrei var við, að verkalýðshreyfingin á Íslandi væri að flækjast fyrir fótum minum í Englandi á þeim tíma, hvorki hjá skipasmíðastöðvunum né nokkurs staðar á minni leið á þeim tíma. Hún kannske hefur verið í Rússlandi þá, ég skal ekki segja um það, en hún var áreiðanlega ekki við *þessi mál riðin í Englandi*.

Nú þykir mér rétt að skýra frá því, hvernig þessi mál gengu. Það var ákveðið að senda út fyrirspurn til allra útgerðarmanna, sem höfðu látið

í ljós, að þeir ætluðu sér og vildu endurnýja sína togara og áttu í nýbyggingarsjóði, fyrirspurn um það, hvers konar skip þeir vildu eignast. Og ég held, að ég hafi sagt það einmitt, er þetta var til umræðu síðast, að það kom svar frá öllum, að þeir vildu eingöngu eimtogara, allir að undanteknu einu útgerðarfélagi, sem óskaði eftir að fá dísiltogara. Það var ekki einasta það, að n., sem átti að semja um þetta, yrði að taka mjög mikið tillit til þess, hvað mennirnir vildu, sem áttu að kaupa og áttu að borga skipin, því að þá borguðu þessir menn togarana að langmestu leyti, því að sá hluti, sem þeir fengu úr stofnlánadeildinni, var sannarlega ekki stór hluti — (**EOI**: 75%.) Því segir hv. þm. það? Það er rangt, það voru flestir af þeim, sem borguðu miklu stærri hluta í togurunum, vegna þess að þeir áttu nýbyggingarsjóðina, og þegar hv. þm. er að tala um 75%, þá er hann að tala um seinni flokkinn, 10 togara flokkinn, sem var ekki 75%, heldur 70%, sem var lánað hjá Barclay's Bank, en 20% lánað af ríkissjóði. Hann þarf ekki að segja mér um þau mál. Þetta var nú ein ástæðan fyrir því. Hin ástæðan var sú, að við gátum ekki þá undir neinum kringumstæðum fengið smíðaða í Englandi svo marga dísiltogara á þeim tíma, sem við vildum. Það voru engin þau verkstæði, sem byggðu togarana, sem gátu tekið að sér byggingu á dísilvélunum, og þeir, sem byggðu skipin, vildu ekki byggja skipin, ef þau ættu að fara undir dísilvélar, og geta þannig ekki notað sín verkstæði til að byggja samhliða gufuvélar. Þetta er sannleikurinn í málinu. En það var farin sú leið að byggja aðalvélina sem eimvél og allar aukavélar sem dísilvélar. Þetta millistig var m. a. tekið til að kenna okkar vélstjórum að fara með og kynnast dísilvélunum um borð í skipunum, og ég hygg, að þessi leið hafi verið afar farsæl. En hún var sannarlega ekki farin fyrir tillögu frá verkalýðshreyfingunni á Íslandi.

Að enginn útgerðarmanna hafi viljað dísiltogara, er algerlega rangt. Það útgerðarfélag, sem óskaði eftir að fá einn dísiltogara, vildi sannarlega fá skipið, en það fékk það bara ekki. Þegar átti að fara að úthluta togurunum, þá fékk það ekki þann togara, sem það þó hafði pantað. Það var meira að segja tilbúið til að taka báða dísiltogarana, en það fékk það bara ekki, vegna þess að Reykjavíkurbær krafðist þess að fá bæði skipin. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að hrista höfuðið um það. Ég þekki þessi mál miklu betur, og ég get sagt honum, hvernig þetta skeði. Það skeði þannig, að Reykjavíkurbæ var úthlutað tveim dísiltogurum ásamt eimtogurunum. Reykjavíkurbær skrifaði ríkisstj. á einu stigi málsins og óskaði eftir, að ríkissjóður tæki helzt báða togarana, a. m. k. annan, en helzt báða. En þegar það útgerðarfélag, sem hafði pantað dísiltogarana, benti borgarstjóra á, að hann gæti alls ekki ráðið yfir þessu skipi, það hafði verið pantað af þessum mönnum, og það var fyrir þeirra orð, að það var smíðað, og þegar honum skildist það, að það væri full trú á dísiltogurunum, þá snerist honum hugur og sagði: Við höldum báðum skipunum og látum þau ekki. — Skal ég, hvenær sem er, leggja fram gögn í þessu máli, sem sanna mitt mál. Það er fullkomlega rangt, að útgerðarmenn hafi ekki viljað dísiltogara, þar sem það voru útgerðarmenn, sem frá upphafi óskuðu eftir slíku skipi.

Hv. 3. þm. Reykv., sem telur sig vera verkalýðshreyfinguna á Íslandi, átti sem slíkur sæti í nýbyggingarráði, stofnun, sem ég er honum alveg sammála um að hafi unnið að mörgum merkilegum málum. En hvers vegna sveik hann þá þá ríkisstjórn, sem að því vann? Hvers vegna rauf hann stjórnarsamstarfið, sem myndað var utan um nýbyggingarráð? Ef hann veit það ekki, skal ég segja honum það. Hann gerði það vegna þess, að hann mat meira áhuga á rússneskum áróðri en á íslenzkum málum. Það er þess vegna, sem hann rauf samstarfið. Það samrýmdist ekki lengur þeirri stefnu í utanríkismálum, sem þáverandi ríkisstj. vildi hafa, og þá var það Sósfl., þ. e. verkalýðshreyfingin að sögn hv. þm., sem vildi ekki lengur fylgja stjórninni og mat meira hagsmuni Rússlands en Íslands. Það er á þennan hátt, sem þessi hv. þm. var þjóðlegur á þeim tíma, en er svo alltaf að ásaka aðra menn fyrir að hafa ekki haldið áfram þeirri uppbyggingu, sem hann þá sannarlega hætti að styðja.

Nei, hv. þm. ætti fyrir löngu að vera búinn að gera það upp við sig, að hann er ekki verkalýðshreyfingin á Íslandi, og það er alveg ólíkt íslenzkum verkamönnum að afhenda sjálfsákvörðunarrétt sinn eins takmarkalaust og hann hefði orðið að gera, ef hann hefði átt að löggilda þennan hv. þm. til þess að vera sinn fulltrúa á öllum sviðum í verkalýðsmálum. Og ég vonast til þess, að svo djúpt sökkvi aldrei íslenzkur verkalýður, að honum komi til hugar að gefa sitt vald í hendur slíkum manni eins og hv. 3. þm. Reykv., á meðan hann er ekki meiri Íslendingur en hann hefur sýnt að hann hefur verið undanfarin ár.

Hv. þm. gat um það, að hann hefði viljað stækka fiskveiðasjóðinn. Hann er ekki einn um það að hafa viljað stækka fiskveiðasjóð. Ég veit ekki betur en allir hv. þingmenn hafi verið sammála um það allan þann tíma, sem ég hef setið á Alþingi, að stækka fiskveiðasjóð eftir megni og hefur tekizt vonum framar að gera það og það á raunhæfari hátt en verkalýðshreyfingin á Íslandi, þ. e. a. s. hv. 3. þm. Reykv. hefur viljað gera, meðan hann var í nýbyggingarráði. En það er eins og með allt annað hjá þjóð, sem er fátæk og þarf að byggja upp á öllum sviðum, hún verður stundum að sætta sig við að stíga smærri spor en hún vildi gera, ef hún hefði nægilegt fé til þess.

Ég held, að þegar hlustað hefur verið á ræðu hv. þm. í sambandi við þá till., sem hér liggur fyrir, og þau rök, sem hann hefur fært fram fyrir henni, þá sé óhætt að slá því alveg föstu, að tilgangur með flutningi frv. er að reyna að koma inn hjá almenningi, að það sé meira athugavert við starfsemi Sölumiðstöðvarinnar en við hliðstæða starfsemi Sambandsins eða samvinnufélaganna. En það er einn þátturinn í samstarfi Framsfl. og Alþb. að telja almenningi trú um, að Samband ísl. samvinnufélaga beri að taka fram yfir Sölumiðstöðina á þessu sviði, því að vitað er, að það hefur sterka pólitíska aðstöðu í landinu. Það er ein ástæðan fyrir flutningi frv., en miklu frekar er þó hin ástæðan, að nota þetta mál til áróðurs fyrir rússneskan markað, eins og hann reyndi að

gera hér áðan, og enn fremur til þess að reyna að breiða yfir þann þátt, sem þessi hv. þm. hefur átt í því, að ekki hefur komizt samkomulag á í sambandi við þessi mál. Þetta hafa verið aðalástæðurnar fyrir flutningi till.

Um leið og ég lýk máli mínu hér, vildi ég mega benda hv. þm. á, að eitt af okkar ágætustu skáldum sagði í litlu ljóði:

„Að deyða sjálfan sig
er synd mót lífsins herra,
en að lifa sjálfan sig
er sjöfalt verra."

Og hv. 3. þm. Reykv. er sannarlega að lifa sjálfan sig í þessari hv. deild.

Einar Sigurðsson: Herra forseti. Ræða hv. 3. þm. Reykv. í gær einkenndist af ókunnugleika á starfsemi, skipulagi og málefnum SH yfirleitt, og var hún full af rangfærslum. Mun ég nú ræða það helzta lið fyrir lið.

Hv. 3. þm. Reykv. velti því mikið fyrir sér, hverjir væru raunverulegir eigendur hlutafjár Coldwaters, og hélt hann því fram, að þetta kæmi ekki fram í reikningum SH. Orðrétt sagði ég í ræðu minni: „Í þetta fyrirtæki hefur SH lagt 459300 dollara og er eigandi fyrirtækisins að áskildum formsatriðum þar í landi." Alveg á sama hátt var skýrt frá hlutafénu í fyrirtækjunum í Englandi. Þessi hlutafjáreign kemur öll fram í ársreikningum SH, nema síðasta hlutafjáraukningin í Coldwater, sem kemur fram á árinu 1960, en fyrir það ár hafa ársreikningar enn ekki verið samdir. Hlutaféð hefur komið fram í hækkuðu fiskverði til frystihúsanna, en þau hafa hins vegar lánað SH þetta fé til þess að leggja það fram sem hlutafé. Það er því ekkert vafamál, að öll frystihúsin, sem standa að SH, eiga þetta hlutafé eins og allar aðrar eignir SH. Fullyrðingar hv. þm. um, að frystihúsin hefðu lagt þetta fé fram vaxtalaust, eru ekki réttar. Þau hafa alltaf fengið hæstu lögleyfða vexti á hverjum tíma á inneignum sínum í SH. Getsökum hv. þm. um, að þetta hafi ekki verið talið fram til skatts, er í raun og veru fullsvarað með því að skýra frá, að þetta sé í reikningum SH, sem vitanlega eins og annarra fyrirtækja eru árlega sendir skattinum. SH hefur engu að leyna í þessu sambandi gagnvart skattayfirvöldunum.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að félagsmenn SH hefðu ekki aðgang að reikningum hinna erlendu fyrirtækja. Ég sagði í ræðu minni: „Coldwater sendir sína reikninga ársfjórðungslega til Sölumiðstöðvarinnar." Þar hefur stjórn og varastjórn, sem í eru 10 menn samtals, reikningana til athugunar. Á hverjum aðalfundi er svo kosin 7 manna fjárhagsnefnd til þess að athuga og kynna sér fjárreiður fyrirtækjanna og gera tillögur til aðalfundar um reikninga og þau mál, er varða fjárhag þeirra, og þá ekki sízt fjárfestingu erlendis. Þarna eru 17 menn, sem athuga þessi mál á hverju ári af 56 félagsmönnum. Í stjórn, varastjórn og fjárhagsnefnd skiptir um menn meira og minna á hverju ári, þannig að segja má, að meira en helmingur félagsmanna taki beinan þátt í meðferð og afgreiðslu þessara mála á 2—3 árum. Auk þess hefur svo hverjum og einum félagsmanni verið boðið að sjá þessa reikninga á skrifstofu félagsins. Það er því alls ekki verið að halda neinu leyndu fyrir félagsmönnum í þessum efnum. Hitt er annað mál, að ekki hefur þótt heppilegt að dreifa ársreikningum hinna erlendu fyrirtækja vegna samkeppnisaðstöðu þeirra gagnvart ýmsum erlendum aðilum. Það mætti kannske biðja hv. þm. að benda á aðeins eitt fyrirtæki, þar sem hlutfallslega jafnmargir félagsmenn taka beinan þátt í afgreiðslu reikninga og fjármála fyrirtækis eins og gert er hjá SH.

Hv. þm. talaði um ofriki í skiptum stjórnarinnar við félagsmenn. Það er síður en svo, að slík fullyrðing hafi við rök að styðjast. Í stjórn SH hafa oftast verið menn, sem hafa litið á málin frá almennu sjónarmiði og verið menn frjálslyndir og jafnan reynt að bera hag félagsmanna almennt fyrir brjósti, enda er skipulag SH þannig, að sá smæsti ræður jafnmiklu og sá stærsti. Árlega verður stjórnin að standa reikningsskap gerða sinna fyrir félagsmönnum, sem þá fá tækifæri til að skipta um menn.

Hv. þm. eyddi miklum tíma í að ræða um áhættu í sambandi við útistandandi skuldir erlendis. Eins og ég sagði í ræðu minni, greiðist fiskurinn innan eins mánaðar, og ég get fríðað hv. þm. með því, að ekkert hefur tapazt á þessum viðskiptum öll þessi ár.

Þá sagði hv. þm., að það væri gert að frystihúsunum forspurðum að selja fiskinn með þessu fyrirkomulagi. Það gefur auga leið, hvort það muni vera að frystihúsunum forspurðum að viðhafa þetta sölufyrirkomulag, þegar það hefur staðið í 16—17 ár eða síðan byrjað var á því að selja íslenzkan fisk í Bandaríkjunum árið 1944. Hefur fyrirkomulag þetta þvert á móti stöðugt færzt í aukana. Alveg sama á við um veð bankanna í þessu sambandi, sem hv. þm. virðist líka bera mjög fyrir brjósti. Hann hefur sjálfsagt lengst af átt sæti í bankaráði Landsbankans, og hefur ekki heyrzt, að hann hafi hreyft þar andmælum gegn þessu fyrirkomulagi, enda hefur það staðið með fullri vitund allra aðila, því að hvernig hefði annað átt að vera? Allar greiðslur fyrir þennan fisk hafa verið greiddar í Landsbanka Íslands, og er mér ókunnugt um, að bankarnir hafi orðið fyrir nokkru tapi í þessum viðskiptum öll þessi ár.

Hv. þm. nefndi það eins og einhverja firru, að Skreiðarsamlagið og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda færu að selja fisk með sama hætti í Nígeríu og Brasilíu. Ég ætla ekki að fara að benda þessum aðilum á, hvernig þeir eigi að selja sinn fisk. En þyrfti það að vera nokkur fjarstæða, þótt þeir kæmu sér upp sínu eigin sölu- og dreifingarkerfi í markaðslöndunum? Er það líka ekki rétt, að þessir aðilar hafi stundum þurft að selja gegn gjaldfresti? Og hvernig er með söluna til sósialistísku landanna? Hefur ekki Tékkóslóvakía allt upp í 40 millj. kr. lán hjá íslenzkum bönkum, Austur-Þýzkaland upp í 45 millj. kr. lán og Pólland 30 millj. kr. lán eða meira? Oftast eru þessi lán fullnotuð og eru það nú. Nema þau alls 115 millj. kr. Hvaða munur er á þessum lánum fyrir þjóðarbúskapinn og þeim lánum, sem bankarnir

hafa lánað út á fisk, sem fer til Bandaríkjanna og Bretlands? Eins og ég sagði í minni ræðu, er nú unnið að því að fá í Bandaríkjunum viðbótarlán til þess að greiða fyrir þessum viðskiptum. Verður þá væntanlega hægt að greiða þennan fisk við afskipun. Það er rétt að geta þess, að viðskiptin við Sovétríkin eru hins vegar oftast á þann veg, að Sovétríkin eiga innstæður.

Hv. þm. gaf í skyn, að SH hefði haft litinn áhuga á viðskiptum austur á bóginn. Þetta er hreinn misskilningur. Þvert á móti hefur SH jafnan haft mikinn áhuga á þessum viðskiptum og notað þessa markaði til hins ýtrasta, þótt um það megi deila, hvort hagkvæmt hafi verið fyrir þjóðarheildina. Þessir markaðir hafa verið frystihúsunum hagstæðir að sumu leyti. Þeir hafa tekið á móti miklu fiskmagni, t. d. rússneski markaðurinn. Sérstaklega voru kaup Rússa mikilvæg hvað karfann snerti, á meðan mest veiddist. En hins vegar verður að segja það eins og það er, að rússneska verðið er nú orðið langt undir heimsmarkaðsverði, enda ekki hreyfzt, svo að teljandi sé, árum saman, á meðan fiskverð hefur farið hækkandi á öðrum mörkuðum. Að því er varðar nýbreytni í viðskiptum, má geta þess, að bæði Rússum og Tékkum hafa verið boðnar fish-sticks-verksmiðjur, ef þeir vildu gera tilraun til þess að framleiða fiskstengur og matreiddan fisk á sama hátt og gert er í verksmiðjum í Bandaríkjunum og Englandi. En þessu hefur ekki verið sinnt.

Um hina sósialistísku og vestrænu markaði mætti mikið segja. En frá sjónarmiði íslenzkra fiskframleiðenda veita hinir vestrænu markaðir meira öryggi, að svo miklu leyti sem hægt er að skapa eftirspurn neytenda eftir vörunni. Minna má á í því sambandi, að Sovétríkin hættu að kaupa freðfisk af Íslendingum, þegar kommúnistar fóru úr nýsköpunarstjórninni. Það er því eðlilegt, að frystihúsin leggi nokkuð á sig til þess að styrkja aðstöðu sína á þessum mörkuðum. En það er meira en öryggið, sem hér er um að ræða. Það er líka von um nokkurn ábata af því að geta fylgt vörunni sem lengst eftir til neytandans. Það er því í hæsta máta einkennilegur málflutningur og ólíkur fyrri afstöðu hv. þm., þegar hann hvetur nú til beinna viðskipta með íslenzka fiskinn til erlendra auðhringa.

Fyrsta krafa hringanna væri að fá fiskinn í þeirra eigin umbúðum og með eigin vörumerki, sem þeir að sjálfsögðu sköpuðu eftirspurn eftir án tillits til þess, hvaðan fiskurinn væri kominn. Það væri ekki hátt verð eða tryggur markaður, sem Íslendingar byggju við með slíku fyrirkomulagi. Í þessu sambandi má segja frá því, að hér var á ferð einhverju sinni samninganefnd frá einu vöruskiptalandanna, og sögðust þeir fá fiskinn frá Danmörku fyrir 30% lægra verð en þann íslenzka. Gáfu þeir þá skýringu, að það væri af því, að seljendurnir væru svo dreifðir og unnt væri að etja þeim hverjum gegn öðrum og þvinga þannig verðið niður. Það má líka í þessu sambandi geta þess, að norska freðsíldin er 45% ódýrari í þessum löndum en sú íslenzka, af því að framboðið er á margra höndum. Það má líka minna á ástandið í saltfiskmálunum 1930, áður en Sölusambandið var stofnað. Þegar mikið fiskaðist, bauð hver niður fyrir annan. Það er ekki heldur allt of gott ástandið í þessum efnum í fiskmjölinu, sem er selt af ótal aðilum. Ætli það hefði verið eins mikið verðfall á mjölinu, ef t. d. Sölumiðstöðin eða samlag mjölframleiðenda hefði annazt þessa sölu og komið sér upp fóðurblöndunarverksmiðju með eigin sölukerfi í tveimur eða þremur markaðslöndum?

Í þessu sambandi má taka það fram, sem alþjóð á þó að vera kunnugt, að það er ekki einkaréttur til útflutnings á neinum íslenzkum útflutningsvörum nema saltfiskinum. Samband ísl. samvinnufélaga flytur t. d. út um 20% af freðfiskinum. Og fram að síðasta ári flutti Fiskiðjuverið út sjálft sinn fisk. Á sínum tíma flutti Ingólfur Espólín einnig út frosinn fisk. Hitt er annað mál, að frystihúsin álíta sínum hag bezt borgið með því að standa saman um söluna.

Afstaða hv. þm. til þessara mála er óskiljanleg. Það er ekki laust við, að það hlakkaði í honum, þegar hann var að lýsa baráttu litla íslenzka fyrirtækisins við Unilever og aðra brezka fiskhringa um markaðinn í Englandi og hvernig hringunum hafði tekizt að fylla búðirnar á sölusvæði SH í krafti þess mikla fjármagns, sem þeir höfðu yfir að ráða, svo að litla fyrirtækið hefði e. t. v. tapað einhverju í Englandi. Eða ætli þessum hörðu keppinautum SH þar og annars staðar þætti ekki matur í að fá birta opinberlega reikningana og sjá, hversu beysinn bógur íslenzku fyrirtækin væru?

Enn fremur má hér benda á, að SÍS hefur dyggilega fetað í fótspor SH í uppbyggingu markaða erlendis, að því er snertir sölufyrirkomulag. SÍS hefur t. d. sitt eigið bandaríska fyrirtæki — Icelandic Product Corporation — til að selja fiskinn, alveg á sama hátt og SH, og hefur nú nýlega komið á fót verksmiðju til að framleiða þar úr sínum fiski. Heldur hv. þm., að þetta sé gert út í bláinn?

Hv. þm. er að býsnast yfir því fé, sem SH hefur lagt í fyrirtæki erlendis til þess að framleiða þar soðinn mat úr íslenzkum fiski. Það fé, sem farið hefur í uppbyggingu í Bandaríkjunum, er þó ekki meira en það, sem þetta sölufyrirkomulag og verksmiðjustarfsemi hefur skilað íslenzkum frystihúsunum umfram það verð, sem þau hefðu annars fengið greitt. Allt hlutafé SH erlendis er sem svarar rúmlega andvirði hálfs togara eða fjögurra vélbáta eða meðalfrystihúss. Er það nú einhver goðgá, þar sem hér er um að ræða sölu á verulegum hluta af framleiðslu 56 frystihúsa?

Hv. þm. hafði orð á, að fyrirtækið í Ameríku mundi vera stærsta fyrirtæki í eigu Íslendinga. Frystihúsaeigendur eru stoltir af því að hafa byggt upp myndarlegt þjóðþrifafyrirtæki, sem fyllilega stenzt samkeppni við önnur hliðstæð fyrirtæki í Bandaríkjunum. Brautryðjandastarf Skúla Magnússonar landfógeta með Innréttingunum þótti merkilegt á sínum tíma. Hver mun dómur sögunnar um þessa starfsemi SH og hver mun dómur sögunnar um þá menn, sem í blóðum og jafnvel í sölum Alþingis reyna að sakfella þetta fyrirtæki, sem hefur átt meiri þátt í að bæta lífsafkomu íslenzku þjóðarinnar en jafnvel nokkurt annað fyrirtæki í landinu og á þó vonandi eftir að gera enn betur?

Hv. þm. reyndi að gera tortryggilegar þær upplýsingar, sem ég gaf um fjárhagsaðstöðu stjórnenda

SH, og vildi halda fram, að ég hefði verið að reyna að dulbúa skuldir þeirra á bak við ógreiddan fisk. Þetta er eins og margt fleira byggt á ókunnugleika á SH. Ég sagði orðrétt um þetta, „að þegar tekið er tillit til viðskipta ársins 1960, munu allir stjórnendur eiga innstæður hjá fyrirtækinu og flestir sem nemur hundruðum þúsunda.“ Við útborgun á fiski er alltaf haldið eftir 5% af áætluðu söluverði til þess að mæta skakkaföllum, ef söluáætlun, sem gerð er í ársbyrjun, skyldi ekki standast. Þegar ég því talaði um að taka tillit til viðskipta ársins 1960, á ég við þessi 5%, sem haldið er eftir. Nú er séð fyrir endann á sölu ársins 1960 og þar með, að frystihúsin fá hið áætlaða verð nokkurn veginn. Í vor og sumar, þegar fjárhagserfiðleikar frystihúsanna voru hvað tilfinnanlegastir, var flestum frystihúsum greitt upp í reikning upp í þessi 5%, og myndaðist þá að sjálfsögðu skuld á viðskiptareikningum viðkomandi frystihúsa, þar sem þessi 5% eru ekki færð inn í reikningana, fyrr en framleiðslan er endanlega gerð upp. Upphæðir þessar eru að sjálfsögðu mismunandi háar eftir framleiðslu hvers og eins.

Þá spyr hv. þm.: Hvernig hefur Tryggingamiðstöðin notað þetta fé? Í ræðu minni sagði ég: Skuld Tryggingamiðstöðvarinnar við SH er nú álika og Miðstöðvarinnar, 4—5 millj. kr. Þessi skuld er mynduð vegna þess, að það er mjög algengt, að tryggingafélög láni til báta- og skipakaupa gegn viðskiptum, og þar sem þetta er ungt félag, hefur það ekki getað myndað neitt eigið fé, en hins vegar hefur þótt nauðsynlegt að veita því aðstöðu til þess að afla sér slíkra viðskipta, þótt í smáum stíl væri. Eru slík lán að sjálfsögðu aðeins veitt gegn venjulegum og fullum tryggingum.“ Enn fremur sagði ég: „Þess ber þó að geta, að sumir þeirra“ — þ. e. stjórnendanna — „hafa eins og aðrir fengið lán hjá Tryggingamiðstöðinni til skipakaupa gegn venjulegu veði“. Þetta svar hefur ekki verið fullnægjandi fyrir hv. þm.

Tryggingamiðstöðin hefur lánað útgerðarmönnum til að greiða fyrir bátakaupum, 150—250 þús. út á hvern, gegn veði í bátunum og oftast fasteign líka. Önnur tryggingafélög hafa mörg hver lánað hærri upphæðir í þessu skyni. Enn fremur hefur Tryggingamiðstöðin lánað 2 millj. kr. á sama hátt til að greiða fyrir kaupum á einum togara. Það lán er tryggt með handveði í ríkistryggðum skuldabréfum og veði í fasteignum. Einn stjórnarmeðlimur hefur fengið lán til kaupa á einum vélbát, og það var stjórnarmeðlimur, sem fékk lánað til togarakaupanna, og þarf ekki að fara í grafgötur með, hver það er. Áður kom til tals að veita öðrum aðila þetta lán, en það varð ekki úr því, af því að sá aðili gat fengið hærra lán hjá öðru tryggingafélagi. Ég er næstum því viss um, að allir nýju togararnir fimm hafa fengið slík lán hjá tryggingafélögunum gegn því að tryggja hjá þeim skipin. Þetta eru ekki lítil viðskipti. Iðgjöld af skipinu einu, fyrir utan önnur viðskipti, eru nokkuð á aðra milljón króna á ári.

Skömmum og níði hefur ekki linnt á stjórnendur SH marga undanfarna mánuði í flokksblöðum hv. 3. þm. Reykv., og nú hefur hann sjálfur tekið að sér að flytja þennan óhróður inn í sali Alþingis. Hvað er hér á ferðinni, þegar árásirnar á SH og stjórnendur hennar yfirgnæfa allt annað? Maður gæti freistazt til að halda, að fjöregg kommúnista væri í húfi, ef ekki tækist að hnekkja vexti og viðgangi SH og þeim áformum, sem þar er verið með á prjónunum. Sú var þó tíðin, að SH var ekki illa séð af hv. 3. þm. Reykv. og fleiri hans félögum. Skyldu kommúnistar sjá fram á, ef SH tekst sú markaðsuppbygging í Bandaríkjunum, Bretlandi og sex velda tollabandalaginu, sem að er stefnt, að fljótlega kunni að draga úr viðskiptum við sósialistísku löndin? En það er hreinn misskilningur hjá hv. 3. þm. Reykv., ef hann heldur, að þessari uppbyggingu sé á einhvern hátt stefnt gegn viðskiptunum austur á bóginn. Við þurfum á öllum okkar mörkuðum að halda, og ef við getum selt meira, er ekki annað en auka bátaflotann.

Hv. þm. segist flytja þessa till. til þess að fá úr því skorið, hvort í starfsemi Sölumiðstöðvarinnar sé falið fé, sem betur væri komið í hækkuðu kaupgjaldi. Eins og ég hef rakið lið fyrir lið, liggur það ljóst fyrir, að svo er ekki. Orsakanna til þess, að ekki er unnt að hækka kaupið, er ef til vill víða að leita, en m. a. í því, að kommúnistar ráða mikið yfir verkalýðshreyfingunni og hafa oft og einatt sóað miklum verðmætum fyrir íslenzku þjóðinni með skefjalausum verkföllum, sem mjög hafa haft á sér pólitískan blæ. Þeir hafa minna hugsað um það að auka verðmæti þjóðarframleiðslunnar, en á henni byggjast að sjálfsögðu lífskjörin.

Ég ætla að leyfa mér að leiða sem vitni í þessu máli mann, sem hv. 3. þm. Reykv. ætti að taka mark á. Það er flokksbróðir hans, Jóhannes Stefánsson, forstjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað og frambjóðandi Alþb. Hann fór til Englands og Bandaríkjanna s. l. haust til þess að skoða starfsemi SH þar. Hann skrifaði síðan langa grein í flokksblað þeirra hv. 3. þm. Reykv., Austurland. Farast honum m. a. þannig orð um starfsemina í Bretlandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Mun þessi verksmiðja vera hin fyrsta sinnar tegundar í Bretlandi. Ég veitti vinnuhraðanum athygli, enda kerfisbundin vélavinna, þar sem enginn má skerast úr leik, svo að heildarafköst haldist.“

Um starfsemina í Bandaríkjunum farast honum þannig orð m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Skrifstofa Coldwaters er í Chryslerbyggingunni á 20. hæð, og vinna þar 30 manns. Var fyrirtækið stofnað fyrir 12 árum, og hefur uppbygging þess verið að mestu verk Jóns Gunnarssonar. Árið 1955 hófst framleiðsla á tilbúnum réttum í verksmiðju fyrirtækisins í Nanticoke. Hefur neyzla tilbúins matar aukizt hröðum skrefum, sem sést glöggt á því, að þessi verksmiðja Íslendinga seldi 1 milljón punda 1955, en í ár 14½ milljón punda, og næsta ár er áætlað, að salan verði 20 millj. punda. Heildarfisksala Íslendinga til Bandaríkjanna 1955 var 24.3 millj. punda, en 1959 44 millj. Þar af fer fiskurinn í vaxandi mæli til vinnslu í eigin verksmiðju SH, því að tilbúnu réttirnir, soðinn og steiktur fiskur, vinna stöðugt á, og hafði verksmiðja SH 16.1% af öllum tilbúnum fiskréttum s. l. ár, en mun hafa í ár 19.3%. Hafa Íslendingar að sumu leyti haft forustu í þessu efni. Bandaríkjamenn hafa 10 punda fiskneyzlu á hvern íbúa á

ári, en þeim fjölgar um 4 millj. árlega. Kváðu framkvæmdastjórar Coldwaters, að það fyrirtæki eyddi minna í auglýsingar en sambærileg fyrirtæki. Baráttan um markaðinn væri hörð og auglýsingar væru mjög dýrar, en án þess að leggja mikið í þær yrði lítill árangur. Fiskur væri tiltölulega dýr til neytenda, og þó mundi íslenzki fiskurinn seldur á nokkru hærra verði en sá kanadiski.“

Og enn heldur Jóhannes Stefánsson áfram og er nú kominn þangað, sem verksmiðjan er, með leyfi hæstv. forseta:

„Komum við á heimili Jóhannesar“ — þ. e. verksmiðjustjórans, — „og var mjög ánægjulegt að hitta þessa landa okkar, sem vinna af dugnaði að því að koma útflutningsframleiðsluvöru okkar á sem hagkvæmastan hátt til neytenda. Framleiðir þessi verksmiðja nú, en hún er ein af 30 slíkum þar í landi, um ⅛ hluta af tilbúnum ósteiktum fiski í landinu. 1959 afkastaði verksmiðjan 4500 tonnum, en forráðamennirnir telja, að næsta ár hafi afköst þessi tvöfaldazt, en það eru fullnaðarafköst þessarar verksmiðju. Verður þá að byggja nýja verksmiðju, ef á að halda mörkuðunum, og það sennilega í öðru ríki Bandaríkjanna, því að vinnuaflið er fullnýtt í Nanticoke. Þarna vinna um 300 manns, þar af 4 af hverjum 5 svertingjar. Ég hef hvergi séð jafnmikinn vinnuhraða og í þessari verksmiðju. Algerlega var bannað að reykja í vinnutíma og sækja þurfti um leyfi til að fara frá. Það var mjög lærdómsríkt að sjá þessa fiskverksmiðju, stórbrotinn rekstur hennar, meðhöndlun fræðisksins, gæði hans og galla, sjá, hvernig þessum fiski er breytt eftir kröfum markaðsins á hverjum tíma, kynnast því, að það eru Íslendingar sjálfir, sem fullvinna sinn fisk frá fyrstu hendi til lokastigsins í matvælabúðina og raunverulega á disk neytandans. Einnig var ánægjulegt að kynnast mikilvægu starfi þeirra manna, sem við höfum sem fulltrúa okkar í Bandaríkjunum. Gaf sú stutta kynning vissu um, að þeir ynnu af dugnaði og fylgdust vel með tímanum.“

Niðurlag greinar Jóhannesar Stefánssonar er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Æskileg kynnisför, en ekki lúxusflakk: Ferðalög sem þessi eru dýr, og komið hefur fram í blöðum og víðar, að þetta hafi verið íburðarmikið lúxusflakk. Vil ég ekki ræða í þessari frásögn um skoðanir gagnrýnenda, en að lokum segja þetta: Ef við Íslendingar ætlum okkur að standast samkeppni við aðrar þjóðir á hinum ýmsu mörkuðum erlendis og selja á bezta verði 96% útflutnings okkar, sem sjávarútvegurinn lætur í té, þá verða þeir, sem að framleiðslunni standa hér heima og ábyrgð bera á henni, að kunna nokkur skil á kröfum neytenda og ekki sízt að þekkja þau fyrirtæki, sem Íslendingar hafa stofnsett og reka á eigin ábyrgð til að gera framleiðsluna verðmætari.

Ég leyfi mér að fullyrða, að í þessu ferðalagi var ekki um neinn íburð að ræða á neinn hátt eða óþarfa eyðslu, enda gætt hófsemi í hvívetna af fararstjóra og öllum ferðafélögunum.“

Þá lýkur grein Jóhannesar.

Ég er sannfærður um, að ekki er hægt að hafa betra sölufyrirkomulag í Bandaríkjunum en SH og SÍS hafa nú, ef ná á hæsta fáanlegu verði fyrir fiskinn. Þótt hv. þm. vilji svo vera láta sem hann hafi trú á viðskiptum við fiskhringana erlendis sem heillavænlegustu leiðina fyrir íslenzka fræðfiskframleiðendur, er ég sannfærður um, að hann meinar það ekki í hjarta sínu. Við getum tekið hér ekki óhlutstætt dæmi, sem allir Íslendingar geta dæmt um sjálfir, það er olían. Á kreppuáratugnum fyrir stríð voru Rússar að reyna í frjálsri samkeppni að brjótast með framleiðsluvörur sínar inn á íslenzka markaðinn. Þetta gekk mjög erfiðlega. En leiðin, sem þeir fóru til þess að selja t. d. benzínið, var að setja upp geyma og dælur, þar sem nokkur von var til að selja. Þeir hefðu ekki selt dropa af benzíni, ef þeir hefðu beðið eftir því, að hringarnir keyptu af þeim. En svo komu markaðserfiðleikar Íslendinga, sem opnuðu rússneska benzíninu leið í benzíngeyma og dælur hringanna.

Íslendingar hafa lengst af þurft að stríða við að koma út sínum markaðsvörum. Það getur vel verið, að nú hilli undir breytingu í þessum efnum, einmitt fyrir hið merkilega brautryðjandastarf SH í miklum markaðslöndum fyrir íslenzkan fisk, ekki sem óunna eða hálfunna vöru, heldur sem matreiddan fisk, tilbúinn til þess að neyta hans, aðeins eftir að hann hefur verið hitaður upp. Fyrir hráefnið, fiskblokkirnar, í þennan fisk fá Íslendingar um þriðjungi hærra verð en fyrir þann fisk, sem þeir selja t. d. til Sovétríkjanna. Og þó er það spá mín, er fram líða stundir og búið er að sigrast á byrjunarerfiðleikunum víðar en í Bandaríkjunum, því að þar er sigurinn unninn, að þessi starfsemi eigi eftir meira en nokkuð annað að færa íslenzku þjóðinni betri lífskjör en hún býr við í dag. Ég vona, að Íslendingar lofi kommúnistum einum að hafa heiðurinn af því að leggja stein í götu þessarar merku starfsemi.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er rétt að ég snúi mér fyrst að hv. 3. þm. Austf. (EinS), sem nú lauk máli sínu og hafði tækifæri til þess að gefa upplýsingar og svör við öllum þeim spurningum, sem ég beindi til hans einmitt vegna þeirra upplýsinga, sem hann hafði gefið áðan. Og ég verð að segja það, að eins ánægður og ég var með ræðu hv. 3. þm. Austf. hina fyrri, þegar hann skýrði nákvæmlega frá mestu af því, sem ég hafði óskað eftir að fá að vita, eins óánægður er ég nú með þessa síðari. Það skyldi þó aldrei vera, að einhverjir hafi hnippt í hv. þm. og sagt, að hann hafi kannske gengið nokkuð langt í að gefa upplýsingar í fyrri ræðu sinni og það mætti margt satt kyrrt liggja í því, sem snertir SH. Og nú vil ég rétt í stuttu máli minna hann á, hvað það var, sem ég spurði um, og að hve miklu leyti hann gaf svör við því núna.

Ég hafði í fyrsta lagi spurt hann um, hvernig væri með tryggingunа á eign hraðfrystihúsanna á Íslandi, þeirri eign, sem hann taldi sjálfur og lýsti yfir að þau ættu vestanhafs í Bandaríkjunum og í Bretlandi, annars vegar þeirri eign, sem væri hlutabréf í vissum þrem tilteknum hlutafélögum, og í öðru lagi eign, sem væri þar í útistandandi skuldum og birgðum. Það er ekkert svar við svona fyrirspurn að segja: „Það hefur ekkert tapazt á þessu“ eða „við erum að vinna ákaflega þýðingarmikið starf.“ Það er ekki svar. Ég var ekki að

spyrja að því. Ég hef ekkert verið að draga í efa, að það væri ýmislegt, sem væri gott gert með þessu. Spurningin var ekki um það. Spurningin var lögformleg: Að hve miklu leyti og hvernig samrýmist þetta í fyrsta lagi hagsmunum íslenzkra fiskframleiðenda og þeirra eignarrétti á þessu og hins vegar lögum? Fram hjá þessu verður ekki komizt með því að verða reiður. Ég flutti mína ræðu mjög rólega, og það var alveg óþarfi af hv. 3. þm. Austf. að fara að reiðast í þessu sambandi, jafnvel þótt einhverjir aðrir en ég hafi e. t. v. tekið ómildilega á því, sem hann sagði.

Hvað gerði hann núna? Hann gaf engar upplýsingar um þetta. Ég bað hann um að nefna mér, hverjir væru hinir skráðu hluthafar Coldwater Seafood Corporation. (Gripið fram í.) Skráðir? (Gripið fram í.) Ég var að spyrja um Coldwater. Eiga Englendingar í Coldwater? (Gripið fram í.) Ég spyr aftur: Eiga Englendingar í Coldwater? (**Forseti:** Ekki samtal í salnum.) Ég var að spyrja um Coldwater. (Gripið fram í.) Sem sé, eins og mundi standa í réttarbókunum: Margaðspurður, þá svaraði hv. 3. þm. Austf., að einhverjir Englendingar ættu eitthvað smávægilegt hlutafé. (Gripið fram í.) Eitt pund — við skulum segja það — Englendingar í Coldwater Seafood Corporation. (Gripið fram í.) Já, en ég hélt, að Coldwater Seafood Corporation starfaði í Bandaríkjunum undir bandarískum lögum, en ekki undir enskum. (**EinS:** Nei, það eru hlutafélögin í Englandi. Ég veit ekki til, að þau séu í Bandaríkjunum — **Forseti:** Við verðum að halda fundarsköp hér og ekki hafa samtal í salnum.)

Það er náttúrlega ákaflega erfitt, ef hv. 3. þm. Austf. er farinn að verða svo órólegur í skapi, að þegar ég tala um Bandaríkin, þá svarar hann um Bretland. Ég var að spyrja um hluthafa í Coldwater Seafood Corporation, og þá fer hann að tilkynna mér, að einhverjir Englendingar, sem væru þar endurskoðendur, ættu sitt pundið hver. Svo skildi ég eftir á, þegar hann fer að athuga þetta rólega og forseti er búinn ofur lítið að reyna að stilla hann, þá fer hann að svara því, að þetta sé í brezku fyrirtækjunum. Í bandarísku fyrirtækjunum, þá skildist mér á því, sem hann greip fram í síðast, að þar ætti enginn neitt nema Íslendingar. Og þá spurði ég að því, og það þarf ekki að vera neitt stórt leyndarmál hér hjá okkur, hverjir væru þessir skráðu eigendur. (**EinS:** Sölumiðstöðin.) Sem á Coldwater Seafood Corporation? (**EinS:** Já.) Ein? (**EinS:** Já.) Og engir einstaklingar? (**EinS:** Enginn mér vitanlega.) Sagði hv. 3. þm. Austf.: Mér vitanlega? Er hann ekki alveg viss í því? (**EinS:** Jú.) Alveg viss? Jæja, það er mjög gott, þá hefur hv. 3. þm. Austf. öðlazt fullkomna vissu um það, að skráður hluthafi í Coldwater Seafood Corporation í Bandaríkjunum sé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, en engir einstaklingar. Því miður er ég ókunnugur bandarískum lögum. Hér á Íslandi mundum við ekki hafa getað skrásett þetta svona, þá mundu það hafa orðið að vera einhverjir einstaklingar, sem hefðu stofnað þetta. Þeir eru vafalaust frjálslyndari í Bandaríkjunum með þetta. En því í ósköpunum lætur hv. 3. þm. Austf. mig vera að hafa fyrir því að spyrja héðan úr ræðustóli um allt þetta? Það var einmitt þetta, sem ég hafði spurt um og beðið um upplýsingar um, og af því að hann hafði gefið mér svo ágætar upplýsingar í sinni fyrri ræðu, þá hafði ég búizt við því að fá allar þessar upplýsingar í þeirri ræðu, sem hann hélt. En það er engu líkara en einhverjir hafi kippt í hann og sagt honum að vera ekki að gefa svona miklar upplýsingar, og svo verð ég að toga þær allar saman út úr honum, þegar hann er setztur í sitt sæti og á á hættu, að forseti sé að hringja á hann, ef hann er að gefa mér upplýsingar úr sínu sæti. (**EinS:** Ég er margbúinn að segja það, að Sölumiðstöðin sé eigandi alls hlutafjárins.) Sé eigandi, já. En hann sagði nefnilega um leið, hv. 3. þm. Austf., að það hefði orðið að gera tilteknar ráðstafanir til þess að fullnægja lögunum í viðkomandi landi um skráninguna á eigendunum að þessu, og það var það, sem ég vildi fá upplýst. En nú upplýsir hann sem sé, að hinn skráði eigandi sé einvörðungu SH. Ég þakka honum mjög fyrir þessar upplýsingar, og ég vona, að þær standist.

Þá kemur hv. 3. þm. Austf. með það, að það sé ekki heppilegt að dreifa reikningunum. Má ég nú spyrja: Er það nú svo stórhættulegt? Hann upplýsir, að það séu 56 eigendur að SH, 56 þátttakendur. Gerir það út af fyrir sig svo mikinn mun, hvort það eru 17 af eigendunum eða hvort það eru 56, sem sjá þessa reikninga yfir sín stóru og miklu fyrirtæki? Auðvitað er öllum þessum eigendum uppálagt að fara með þetta sem trúnaðarmál, ef það er nauðsynlegt, að það komist ekki í hendurnar á útlendum vondum hringum, sem við erum að berjast þarna við. En gagnvart eigendunum hér heima dugir varla, að stjórnin t. d. fari að segja: Við treystum okkur sjálfum vel, en ykkur hérna hinum, þessum smákörlum, við treystum ykkur ekki til þess að sjá reikningana í þessum fyrirtækjum. — Ég held, af því að hv. 3. þm. Austf. var nú að segja, að stjórnendurnir hefðu jafnvel reynt að bera hag hinna smæstu fyrir brjósti, og mér skildist á honum, að það þyrfti anzi mikið til af stórlöxum að fara jafnvel að reyna að bera hag hinna smæstu fyrir brjósti, — mér finnst, að þeir hafi átt a. m. k. að lofa þessum smáu að fá að kíkja í reikningana, það væri það allra minnsta, þó að þeir segðu annars við þá: Við sjáum um að bera hag ykkar fyrir brjósti, þið megið treysta okkur aldeilis.

Svo kom hv. 3. þm. Austf. að spurningunni um veðsetninguna og segir: Það hefur ekkert tapazt á þessum viðskiptum öll þessi ár. Það átti nú að vera huggun, bæði gagnvart eigendunum og gagnvart bönkunum. Ég vil nú leyfa mér að draga þetta í efa. Þótt ég hafi yfirleitt ekki borið brigður á neitt, sem hv. 3. þm. Austf. hefur sagt, vil ég nú leyfa mér að draga þetta í efa. Ég held, að það hljóti að hafa verið alveg sérstaklega undursamleg stjórn, ef það hefur alls ekki komið fyrir á öllum þessum árum, að það hafi nokkurn tíma tapazt nokkur skapaður hlutur. A. m. k. veit ég, að sumir aðrir hans flokksmenn hafa verið á annarri skoðun, og jafnvel Morgunblaðið birt greinar um slíkt, og það mætti nú fyrr vera í þeirri hetjulegu baráttu, sem hv. 3. þm. Austf. var að lýsa, ef það hefur aldrei tapazt neitt, ef engu hefur verið fórnað, ef engar skeinur hafa hlotizt í slíkum slag við volduga hringi. Ætli það hafi ekki einhvern tíma eitthvað

tapazt? Ég er hræddur um, að svona fullyrðingar séu nokkuð miklar. Ég er hræddur um hins vegar, að það kunni vel að hafa verið svo, að þeir hafi gjarnan viljað oft dylja þessi töp, en ég er hræddur um, að á vissum skeiðum hafi nokkuð mikið tapazt þarna og að það hafi ekki verið talað um það. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt, en það á að hafa hreint borð í þessu. En sérstaklega virtist mér hann samt miða þetta við það, að það hefði ekkert tapazt gagnvart bönkunum í þessum viðskiptum. Því hélt ég aldrei fram, að neitt hefði tapazt viðvíkjandi bönkunum. Ég sagði þvert á móti, þegar ég var að ræða um hið lögformlega atriði í sambandi við veðsetninguna, að það kynni að vera, að menn brytu slík lög, brytu veðböndin, einn græddi á því og annar tapaði á því. Og hann svaraði því ekki, hann fór fljótt yfir sögu um veðsetninguna, spurði aðeins, af hverju ég, sem hefði verið lengi í bankaráði Landsbankans, hefði ekki gert neinar aths. við þetta. Ég vil minna hann á eitt: Það var nýlega gerð dálitil breyting hér á allri aðstöðu á Íslandi, sem hann kannast dálitið við. Það var fellt gengið og að ýmsu leyti verzlun gefin frjáls, sem kallað var, og uppbótakerfið svokallaða afnumið. Meðan uppbótakerfið var, þá var það raunverulega í höndum ríkisins að borga út meginið af öllu andvirði fisks, þannig að þótt fiskur væri veðsettur og þótt hann væri fluttur út, þá var raunverulega meiri hlutinn af öllu hans andvirði í höndum ríkisins hér eftir sem áður, þannig að þetta var náttúrlega ekki sérstaklega veigamikið atriði, skulum við segja, fjárhagslega séð. Eftir þær breytingar, sem nú hafa orðið á, þá er hins vegar gefið, að aðstaðan er orðin öll önnur, og ég er hræddur um, að það, sem hv. 3. þm. Austf. hefur uppgötvað í þessum efnum, það sé, að SH hafi brotið lög, hún hafi tekið fisk, sem var veðsettur, ráðstafað honum, m. ö. o. flutt hann út, flutt hann til Bandaríkjanna, Bretlands og Hollands, unnið þar úr honum, lánað hann þar eða selt hann, án þess að hafa gert upp og borgað hið veðsetta fé á réttum tíma, um leið og veðið var að missa sitt gildi. Ég er hræddur um, að honum hafi orðið þetta ljóst og þess vegna fari hann svona fljótt yfir sögu.

Það er jafnt brot á þeirri skuldbindingu, sem einn aðili hefur undirgengizt, sem veðsett hefur sína eign, hvort sem hann brýtur það, flytur eignina út, þar sem veðböndin ná ekki lengur til hennar, selur þetta þar og jafnvel græðir á því, eða þótt hann selji þetta í gegnum einhvern milligöngumann hér heima, taki það fé og ráðstafi því einhvern veginn öðruvísi hér heima en að borga upp veðskuld. Það er rétt, það getur hlotizt tap fyrir einn, sem brýtur þessar skuldbindingar, sem hann hefur undirgengizt í sambandi við veðin, og annar getur grætt á því og borgað seinna það, sem hann átti að borga. Það getur verið allt í lagi, hann bara útvegar sér svo og svo mikið af fjármagni allan þennan tíma til þess að geta velt erlendis og barizt með það, braskað með það eða hvað sem vera skal. En lagalega séð er brotið hið sama, jafnvel þótt hann borgi þetta upp á eyri. Og þetta held ég að hv. 3. þm. Austf. sé orðið ljóst, reyni nú hins vegar að hugga sig og hugga Landsbankann, eins og hann var nú að tala um, við það, að hann hefði ekki tapað á þessu. Það er rétt, hann hefur ekki tapað á þessu, en hann hefði getað tapað á því. Hvenær sem illa hefði farið í Bandaríkjunum, þá hefði bankinn tapað á því, — hefði a. m. k. getað tapað á því, — og hefði illa farið, þá hefði kannske verið farið að gera gangskör að þessu.

Hvað segir svo hv. 3. þm. Austf. núna? Jú, hann segir: Nú á að breyta þessu, nú er verið að athuga, hvort það sé ekki hægt að semja þannig um, að það verði Coldwater Seafood Corporation eða einhverjir aðrir aðilar í Bandaríkjunum, sem kaupa þennan fisk, sem kaupa hann af Sölumiðstöðinni. Af hverju er verið að athuga þetta? Ætli það sé ekki verið að athuga það vegna þess, að menn hafa séð, að það var verið að fremja þarna lögbrot? Það er engan veginn alltaf tap á lögbrotum, það er síður en svo. Ég skal nefna hv. 3. þm. Austf. sem dæmi, að t. d. maður, sem brýzt inn í banka og stelur þar nokkrum milljónum, hann stórgræðir á því. Það er ekki alltaf tap á lögbrotum. Og það á ekki því aðeins að kæra menn fyrir lögbrot, að menn hafi tapað á þeim. Það er jafnvel oft og tíðum í lögum, að það eru gerðar enn þá strangari ráðstafanir til að kæra menn fyrir lögbrot, ef menn græða á þeim, t. d. eins og þetta dæmi, sem ég nefndi, ef menn brjótast inn í banka.

En af hverju heldur hv. 3. þm. Austf. nú, að það sé verið að breyta þessu? Af hverju heldur hann, að einn bankastjóri Landsbankans sé sendur vestur um haf til þess að athuga þetta? Af því að menn eru að átta sig á því, að það er verið að brjóta þarna lög. Það er engin ástæða til þess að reiðast mér út af því. Það er ekki mér að kenna, að þið brjótið þessi lög, þó að ég bendi á, að þið gerið það.

Hv. 3. þm. Austf. fór ákaflega léttilega yfir spurningar mínar viðvíkjandi gjaldeyrisleyfunum og viðvíkjandi gjaldeyriseftirlitinu. Fljótt fór hann yfir veðsetninguna, en hann hljóp alveg yfir gjaldeyrisleyfin og gjaldeyriseftirlitið. Hann mátti náttúrlega segja sér sjálfur af sínu hyggjuviti, að það mundi ekki vera rétt gott fyrir gjaldeyriseftirlitið að líta mikið eftir gjaldeyrisráðstöfununum þar í Bandaríkjunum á þeirri góðu skrifstofu, þar sem hann las upp að væru 30 menn o. s. frv., og í þeim verksmiðjum, sem þarna eru starfandi. Það er náttúrlega ekki þægilegt fyrir gjaldeyriseftirlitið á Íslandi að eiga að líta eftir þessu öllu saman. Ég held, að það hafi ekki nokkra aðstöðu til þess, og það býst ég við að hann sjái jafnvel og ég. Hvað gjaldeyrisleyfin snertir hefði hann átt að upplýsa það a. m. k., að þeir hafi þó stundum fengið einhver gjaldeyrisleyfi eftir á. Ég spurði, hvort þeir hefðu sótt um þau fyrir fram. En það er vafalaust mjög rétt hjá honum að þegja alveg við þessu.

Þá var það viðvíkjandi skattinum. Hv. 3. þm. Austf. upplýsti, að það væri SH, sem væri eigandinn, skráður eigandi, hinn eini skráði eigandi að hlutabréfunum í Coldwater Seafood Corporation, líklega líka í Frozen Fish eða Frozen Food eða hvað það nú heitir, að undanteknum þeim tveim Englendingum, sem eiga sitt pundið hvor, og kannske líka í veitingahúsafyrirtækinu. — SH er skráður eigandi allra þessara hlutabréfa. Hefur þá SH talið þessar eignir alltaf fram? Ég skildi yfirlýsingu hv. 3. þm. Austf. þannig, að SH hefði mjög dyggilega og nákvæmlega talið fram alla þessa

hlutafjáreign sem sína eign í öllum sínum skattskýrslum og náttúrlega sömuleiðis þær útistandandi skuldir og þær birgðir, sem hún á í Bandaríkjunum og annars staðar, og ég vona, að þetta sé rétt skilið hjá mér. Og þá fær sú n., sem ég vona að kosin verði, náttúrlega aðstöðu til þess að sannprófa það, því að ekki hafa þeir, sem eru rétt skráðir eigendur og telja allt rétt fram til skatts, neina ástæðu til þess að vera að dylja það og koma í veg fyrir rannsókn á þessu, svo að sannleikurinn komi í ljós. Hann minntist áðan á, að einhverjir vondir menn hefðu verið með einhvern óhróður um SH. Nú gefst einmitt tækifæri til þess að hvítþvo SH, hinn skráða eiganda hlutabréfanna í Coldwater Seafood Corporation og öðrum slíkum fyrirtækjum, af öllum óhróðri, sem vondir menn hafa verið að bylja um þetta fyrirtæki stundum, hvítþvo það alveg hreint. (Gripið fram í.) Nú, þá held ég, að það sé ekki amalegt, hvernig það þá muni líta út eftir þvottinn. Ég vonast til þess, að rannsóknarnefndin verði vel skipuð, þannig að hún ekki bara þvoi, heldur líka hreinsi þarna verulega vel.

Við skulum þess vegna ganga út frá því, að nú sé ekkert í vegi fyrir, að rannsókn fari fram á öllum þessum atriðum, sem ég lagði til í minni þáltill., og öllum þeim upplýsingum, sem hv. 3. þm. Austf. hefur gefið.

Svo minntist hv. 3. þm. Austf. á, að þetta væru allt saman litlir fjármunir, sem væru þarna erlendis, þessar 140—150 millj. kr., sem þar stæðu nú sem stendur, það væri lítið hjá því, sem íslenzka ríkið lánaði Tékkóslóvakíu og slíkum ríkjum. Já, hefur nú íslenzka ríkið raunverulega lánað Tékkóslóvakíu eða Þýzka alþýðulýðveldinu einhverja peninga? Nei, svo er ekki. Í verzlunarsamningunum á milli þessara ríkja, sem eru á jafnvirðisgrundvelli, er gengið út frá því, að það geti munað nokkru, hve mikið eitt ríki hafi keypt frá hinu, og það megi fara upp í ákveðna upphæð. Hvernig stendur á, að þessir verzlunarsamningar eru gerðir, og hvernig stendur á því, að við Íslendingar höfum mikinn áhuga á því að flytja út til þessara landa? Það stendur þannig á því, að við höfum sérstaka hagsmuni af því að selja freðfisk til þessara landa. Og ég vildi nú biðja hv. 3. þm. Austf., af því að hann hefur gefið margar góðar upplýsingar hérna, að gefa mér nú upplýsingar, sem raunar stundum áður hafa legið hér fyrir um nokkurt árabil, hvernig verðútkoman hefur verið frá hverju landi út af fyrir sig þessi síðustu 15 ár og hvað það er, sem Tékkóslóvakía, og hvað það er, sem Austur-Þýzkaland hefur gefið fyrir hvert kg af freðfiskinum, sem héðan var sent, og hvað það var á sama tíma í Bandaríkjunum og annars staðar. Ég vonast til þess, af því að hann er málunum vel kunnugur, að hann skrifi þetta upp og komi með það næst. (**EinS**: Ég er búinn að tala mig dauðan.) Ætli hann fái ekki athugasemd til þess að lesa þetta? Annars, ef hann skrifaði þetta niður og léti mig fá það, þá mundi ég með mestu ánægju lesa þetta upp í þeim tíma, sem ég kynni að eiga eftir. Vegna þess, hve hagkvæm þessi viðskipti hafa verið, hafa SH og hraðfrystihúseigendur á Íslandi haft sérstakan áhuga á þessum viðskiptum, og þess vegna hafa verið gerðir verzlunarsamningar við þessi lönd. Hvernig er svo farið að núna, eftir að þetta frelsi, sem hv. 3. þm. Austf. talaði svo fagurlega um í vor, — hvort sem honum er nú farið að litast eins vel á það núna eða ekki, — hvernig er svo farið að um þetta nú? Jú, þeir, sem hafa fengið frelsið, það eru heildsalarnir til innkaupa í löndum, sem verzla ekki við Ísland eða verzla svo lítið við Ísland, að við erum alltaf í neikvæðum verzlunarjöfnuði við þau, — frelsi til þess að kaupa upp á skuld, upp á lán frá ríkjum, sem við þegar fyrir fram vorum í 200 millj. kr. neikvæðum verzlunarjöfnuði við, en kaupa ekki frá þeim ríkjum, sem hafa gefið okkur bezt verð fyrir okkar freðfisk, eins og Tékkóslóvakía og Austur-Þýzkaland. Þess vegna er ástandið orðið þannig, að þessi ríki halda áfram að kaupa freðfiskinn af okkur. En fyrir vitlaust skipulag á íslenzkri utanríkisverzlun eru ekki keyptar inn vörur frá þessum löndum, sem þessi lönd eru reiðubúin að láta okkur hafa, hvenær sem er, hvenær sem við höfum vit á að kaupa þær. Vill hv. 3. þm. Austf. fella niður viðskiptin við þessi lönd, að svo miklu leyti sem Íslendingar hafa ekki haft vit á að skipuleggja sína verzlun þannig, að þeir geti keypt frá þeim fyrir eins mikla upphæð fjár og þá, sem við seljum þeim fyrir hraðfrystan fisk og annað slíkt? Ég er hræddur um, að hann muni segja nei. Ég er hræddur um, að hann kæri sig ekkert um að missa viðskiptin við þessi lönd. Og þá er bezt að vera ekki að nota það, þó að utanríkisverzlunin hjá okkur sé hringlandi vitlaust skipulögð til stórskaða fyrir þjóðina, til þess að segja, að við séum að lána þessum ríkjum eitthvað. Og ég vil fyllilega segja það við hann og láta fylgja því fulla alvöru, að það er verið að stofna viðskiptunum við þessi lönd í hættu með þessum ráðstöfunum. Og ég get sagt honum það, þó að mér þyki leitt að verða að upplýsa það, að ég veit, að t. d. Austur-Þýzkaland er farið að kaupa inn hraðfrystan fisk annars staðar, af því að það þarf meiri hraðfrystan fisk en það fær frá okkur, en getur ekki haldið áfram að kaupa frá okkur og vill það ekki, þegar við kaupum ekki eitthvað frá þeim, af því að þeir vilja hafa jafnvægi í sinni utanríkisverzlun. Og mér þykir mjög leitt, að Norðmenn skuli vera farnir að komast inn á og séu kannske að búa sig undir að komast í stærri stíl en undanfarið inn á markað í Austur-Þýzkalandi, sem hefur verið einhver bezti markaður okkar. Mér þykir það m. a. leitt vegna þess, að ég hef sjálfur átt minn þátt í að selja til Austur-Þýzkalands, og held ég, að ég hafi selt þangað í fyrsta skipti eða skipulagt söluna á freðfiskinum, sem þangað fór 1950 eða svo, fyrstu prufuna, svo að segja, sem þeir fengu, og lagði fram hér á Alþingi einmitt frá verzlunarmálaráðherra Austur-Þýzkalands tilboð um allmikil vöruviðskipti einmitt á árinu 1951, — þannig að mér þykir ákaflega hart að sjá vera verið að rífa niður núna einmitt þessa markaði, sem maður hefur af sinni litlu getu verið að reyna að hjálpa til að byggja upp. Og það er ekki rétt af þeim, sem sjálfir eru í stjórn SH, að slá svo bara um sig með því að segja: Við erum að lána þessum ríkjum stórkostlegt fjármagn. — Þessi ríki hafa ekki beðið um þessi lán. Þau hafa viljað selja okkur vörur. Það er því bezt að tala gætilega um þetta. Það er svo illa unnið að því núna að reyna að tryggja þessa markaði og það er verið að stofna

þeim í svo mikla hættu, að maður ætti heldur að sýna einhverja ábyrgðartilfinningu, þegar um það er að ræða að reyna að tryggja markaði fyrir íslenzkan hraðfrystan fisk, heldur en að tala eins og hv. 3. þm. Austf. gerði.

Svo talar hann um, að stjórn SH hefði sýnt áhuga á viðskiptum við Sovétríkin og fleiri. Ég var ekki að álasa sérstaklega stjórn SH, en ég tók alveg sérstaklega fram um aðalforstjórann, þennan alheimsforstjóra SH, Jón Gunnarsson, og það var ekki hrakið, sem ég sagði um hann, að þessi alheimsforstjóri eða hvað hann nú annars heitir, hefði einu sinni á þeim 15 árum, sem við hefðum skipt við Sovétríkin með hraðfrystan fisk og þau keypt máske helminginn af öllum freðfiskinum af okkur eða upp undir það, — aðeins einu sinni komið til Sovétríkjanna og það var víst í fyrra eða hittiðfyrra. Eins og þetta sé nokkurt framferði, eins og þetta sýni nokkurn áhuga! Ég er hræddur um, að það hafi verið sýndur meiri áhugi einhvers staðar annars staðar. Og ég held meira að segja viðvíkjandi Tékkóslóvakíu, að það sé ekki oft, sem hann hafi komið þangað. Og mér sýnist meira að segja á þeim ráðstöfunum, sem Sölumiðstöðin hefur gert nýlega, að hún sé frekar að miða að því að fara að draga úr þessum viðskiptum heldur en hitt. A. m. k. hef ég heyrt það, ég hef von um, að það sé rétt, að búið sé að leggja niður þá skrifstofu, sem Sölumiðstöðin hafði þar.

Hv. 3. þm. Austf. talaði um, að það hefðu verið um 114 millj. kr. alls, lánin, sem við ættum hjá Austur-Þýzkalandi, Tékkóslóvakíu og Póllandi. Það má vel vera, ég hef ekki athugað það nákvæmlega. En það er þá einvörðungu vegna þess, að skipulag okkar utanríkisverzlunar er svo slæmt núna, að við tökum ekki út hjá þessum mönnum og þessum ríkjum það, sem við eigum inni hjá þeim. Það er ekkert til fyrirstöðu þar. Hvað snertir hins vegar Sovétríkin, þá tók hann það fram, að þau mundu frekar eiga hjá okkur, og það er rétt. Og ég veit meira að segja, að þau hafa veitt ýmsum aðilum, sem þau verzla við, eins og ríkinu hvað snertir olíuna, allmikil lán í sambandi við þau viðskipti, og ég held meira að segja, að það sé með lægri vöxtum en íslenzka ríkið lætur aðra borga, — eða hvað segir hv. 3. þm. Austf. um það? Ætli hann mundi ekki heldur vilja borga þá vexti, sem Sovétstjórnin lætur olíuhringana hér heima borga, heldur en þá, sem íslenzka ríkið gerir honum að greiða nú?

Svo segir hv. 3. þm. Austf., og það fannst mér koma úr hörðustu átt, hann segir ósatt, beinlínis ósatt, — máske ekki gegn betri vitund, því býst ég ekki við, — en ég vil leiðrétta það hjá honum, þegar hann fer að tala um það, sem gerzt hafi 1947 eða 1948, — hann sagði, að Rússar hefðu hætt að kaupa af okkur, þegar kommúnistar, eins og hann orðaði það, fóru úr stjórn. Af hverju er nú hv. 3. þm. Austf. að fara með svona óhróður, svona ósannindi gagnvart þeim aðila, sem er einn stærsti viðskiptavinur okkar og alveg sérstaklega einn stærsti viðskiptavinur hraðfrystihúsanna? Er þetta til þess að reyna að spilla fyrir þessum viðskiptum? Hvað meinar hv. 3. þm. Austf. með því að skella svona hlutum fram? Við getum vegizt hér á um, hvað við gerum hver um sig og hvað t. d. Sjálfstfl. og Sósfl. og Alþb. og aðrir aðilar geri hver gagnvart öðrum. En þeir, sem eru í stjórn SH, ættu að varast að vera að bera óhróður upp á sína aðalviðskiptavini erlendis. Ég skal rifja upp fyrir hv. 3. þm. Austf., hvað gerðist, eftir að við fórum úr stjórn, Sósfl. þá. Þegar nýsköpunarstjórnin rofnaði í okt. 1946 og stjórnin fór frá endanlega 4. febr. 1947, tók ný stjórn við undir forsæti Stefáns Jóh. Stefánssonar, og í þeirri stjórn var Bjarni Benediktsson utanrrh. og sá um þá sendinefnd, sem þá var send til Sovétríkjanna, og ég skal upplýsa hv. 3. þm. Austf. um það, að við þm. Sósfl. fórum fram á að fá meira að segja helzt tvo menn í þessa samninganefnd, og það varð að samkomulagi, að við fengjum þar einn mann. Við áttum einn mann í þeirri samninganefnd, sem fór. Ég held, að formaður þeirrar nefndar hafi verið fyrrv. viðskmrh. Björn Ólafsson, — ég held, að mig rangminni það ekki. Okkar maður í þeirri nefnd var Ársæll Sigurðsson, sem þá var formaður Sósialistafélagsins í Reykjavík, og við gerðum allt, sem við gátum til þess að fá samninga við Sovétstjórnina, og það tókust samningar, mjög stórir samningar. Það, sem máske hv. 3. þm. Austf. ekki man, það er, að rétt eftir að búið var að undirskrifa alla þessa samninga, þá var sendiherra Íslands í Moskvu kippt burt þaðan, ekki látinn koma þangað aftur. Það þýðir á diplomatísku máli, að maður hefur ekkert meira að tala við þann aðila, sem þar er.

Nokkru seinna gekk Ísland í Marshall-samninginn, því var veifað framan í okkur hér heima, að nú þyrftum við ekki meira að vera að hugsa um þessa markaði þarna austur frá. Nú mundu, eins og það hét í Marshall-skýrslunni 1948, okkar góðu, gömlu markaðir í Suðurlöndum og annað slíkt, í Þýzkalandi og annars staðar, opnast fyrir okkur aftur. M. ö. o.: það var verið að veifa framan í okkur eitthvað svipuðu og núna, að það gefi okkur gull og græna skóga með viðskiptasamböndum í Vesturlöndum. Þetta var á sama tíma sem samkv. Marshall-aðstoðinni var neitað lánum til að kaupa tíu seinni togaranna, sem verið var að minnast á, af því að Bandaríkin vildu ekki, að Íslendingar ykju sinn togaraflota, ykju sína fiskframleiðslu, — og á sama tíma var Vestur-Þýzkalandi hjálpað til þess að byggja upp sinn togaraflota, til þess að keppa við okkur, til þess að eyðileggja markaði fyrir okkur. Nei, það er betra fyrir menn að athuga ofur lítið staðreyndirnar, áður en menn tala, rifja ofur lítið upp fyrir sér þróunina í þessum málum, ekki sízt ef eitthvað svipað skyldi fara að gerast núna. Það getur verið ákaflega gott að berjast á þeim vestrænu mörkuðum. En við skulum ekki vera svo ógætnir að sparka í þá markaði, sem okkur tókst að vinna eftir styrjöldina í sósialistísku löndunum, bara upp á vonina, hvað við komum til með að geta gert í þeim gömlu kapitalistísku löndum. Ég er hræddur um, að þær vonir, sem menn gerðu sér þá, 1948, þegar Marshall-stefnan var sem hæst, hafi brugðizt okkur hrapallega, og ef til vill man sjálfur hv. 3. þm. Austf., hvernig ástandið var orðið hér 1951 og 1952, þegar varð að stöðva framleiðsluna í hraðfrystihúsunum hverju á fætur öðru, stöðva hana með skipunum um það, að það þýddi ekki að pakka meira í amerískar pakkningar, og það var ekki selt neitt austur eftir til Sovétríkjanna. Það var selt til Tékkóslóvakíu. Ég held, að hv. 3. þm. Austf. ætti að bera

hag hraðfrystihúsanna, líka þeirra smæstu, svo mikið fyrir brjósti, að hann ætti ekki að hjálpa til þess að leiða yfir þau hörmungarástand, sem var 1951 og 1952. Svo man hann kannske, hvernig okkar aðalviðskiptaland, Bretland, sem átti að verða þá okkar bandamaður í Atlantshafsbandalaginu og okkar samhjálpari í efnahagssamvinnu Norðurálfu — hvernig það brást við, þegar við færðum landhelgina út í 4 mílur 1952, hvernig það opnaði fyrir okkur markaðina í Bretlandi, — eða var það ekki það? Hann man kannske eftir, þegar Bretland setti bann á íslenzka fiskinn í Englandi, hætti viðskiptum við okkur um fisk. Og hverjir voru það þá, sem keyptu fiskinn? Þá voru ekki kommúnistar í stjórn, eins og hv. 3. þm. Austf. var að tala um, — kommúnistar voru ekki í stjórn 1952—53, ekki einungis Sósfl. var í stjórnarandstöðu, heldur Alþfl. líka. En það var Bjarni Benediktsson, þáv. utanrrh., sem var það raunsær maður, að hann sneri sér til Sovétstjórnarinnar og spurði hana, hvort hún vildi ekki kaupa fisk af okkur Íslendingum. Og öllum heiminum var ljós ástæðan. Ástæðan var sú, hvernig Englendingar ætluðu að beita okkur kúgun. Og hverjir voru það, sem keyptu fisk af okkur? Það voru Sovétríkin. Voru það ekki 20—25 þús. smálestir a. m. k. af hraðfrystum fiski? Það var ekkert smáræði þá. Ég held, að hv. 3. þm. Austf. hefði átt að tala um þetta, en ekki vera að slengja fram því, sem hann sagði áðan, að Rússarnir hættu að kaupa, þegar kommúnistar færu úr stjórn. Ætli það sé ekki vert, að stjórnendur SH sýni eitthvað meiri ábyrgðartilfinningu, jafnvel þó að þeir séu æstir, þegar þeir eru að tala fyrir hönd SH hér á Alþingi.

Svo kom hv. 3. þm. Austf. inn á baráttuna um markaðina í Englandi og var eitthvað að væna mig um það, að ég hefði verið næstum því hróðugur yfir að tala um, að þessi litlu íslenzku fyrirtæki væru að reyna að berjast þarna og Unileverhringurinn raðaði matsöluverzlunum eða veitingahúsum eða slíku hringinn í kringum það. Ég held nú, að ég hafi ekki sagt þetta, því að þetta vissi ég ekki. En þetta þykir mér mjög gaman að heyra. Kannske hv. 3. þm. Austf. viti það nú, að ég hef stundum minnzt á Unileverhringinn hér á Alþingi og það hefur yfirleitt ekki verið af neinni sérstakri vinsemd, sem ég hef gert það. Ég hef hins vegar aldrei nokkurn tíma séð, að SH eða hans Morgunblað hafi birt eitt einasta orð á móti þeim hring. Ég hef þvert á móti orðið var við, að það eru frekar menn í þeim flokki, sem virðast bera blak af þeim volduga óskammfeilna hring. Ég hef sagt sögu þess hrings nokkrum sinnum hér á Alþingi, og ég ætla ekki að fara að segja hana enn. Ég ætla ekki að fara að segja það enn þá, hvernig þeir eyðilögðu það, að við kæmum upp lýsisherzluverksmiðju hér á Íslandi og lögum, sem Alþingi hafði sett um það 1942, yrði framfylgt. Ég hef líka rætt um það, hvernig Unileverhringurinn hefur staðið á bak við þá einangrun, á bak við það viðskiptabann, sem sett hefur verið á okkur hvað eftir annað í Bretlandi. Ég hef líka hvað eftir annað sýnt fram á, hvernig Unileverhringurinn ákvað það verð, það lága verð, sem við fengum fyrir fiskinn á stríðsárunum. En fyrst hann fer allt í einu að tala um Unilever núna, vill hann ekki sjá til þess, að það séu birtar nokkrar greinar í Mbl. um framferði Unilever í heiminum. Þetta er fimmti eða sjötti stærsti hringur veraldarinnar, stærsti auðhringur veraldar utan Bandaríkjanna og sá hringur, sem hvað eftir annað hefur haft Íslendinga í sínum klóm, arðrænt okkur vægðarlaust, reynt að hindra þróun okkar togaraflota, reynt að hindra útvíkkun okkar landhelgi, stendur á bak við og á sjálfur meginið af öllum smásöluverzlunum í Bretlandi, fyrir utan allt annað, fyrir utan allt arðránið í Afríku og annars staðar. Og þegar bæði hann og aðrir eru að tala um, að það ætti að fá inn útlent auðvald hér á Íslandi, þá ætti hann að muna, að þessi Unileverhringur á helminginn af hvalveiðiflota Norðmanna, á mikið af þeim lýsisherzluverksmiðjum, sem eru í Noregi, og jafnvel ítök í síldariðnaðinum líka. Er hann að berjast fyrir því, að Ísland sé opnað fyrir útlendu auðmagni, til þess að Unileverhringurinn komi hingað og geti náð sínum tökum hér? Hann er líklega einn af þeim fyrstu, sem mundu reyna að hremma okkur. Það þýðir a. m. k. lítið að vera annað veifið að tala um, að Íslendingar séu að heyja hetjulega baráttu í London með veitingahúsum á móti Unilever, en vilja svo hins vegar fara að opna dyrnar hér á Íslandi fyrir sjálfum Unilever að koma inn. Hann hefur nóg teygt klær sínar hingað á undanförnum 30—40 árum, í þeim ýmsu myndum, sem hann hefur verið á þeim tíma, þó að það sé ekki farið að opna Ísland fyrir honum. En mér skilst hins vegar á þessari frásögn hv. 3. þm. Austf., að ýmis vandræði muni hafa verið þarna, sem sé þessir ljúfu, góðu auðmenn í Bretlandi, þessir bandamenn okkar og samherjar um efnahagssamvinnu og annað slíkt, þeir séu ekki eins góðir viðureignar og þessir vondu kommúnistar í austri, sem kaupa þó fiskinn af okkur, þegar vinirnir í Bretlandi setja bannið á okkur.

Það er gott, að það skjótist öðru hvoru upp, þegar tilfinningarnar komast dálítið af stað hjá hv. þm. Sjálfstfl., það sem þeir vita undir niðri um meðferðina, sem auðhringarnir beita okkur úti í heimi. Og ég vil spyrja hv. 3. þm. Austf.: Vill hann virkilega, að Ísland eigi allt sitt, allan sinn fiskmarkað, undir svona auðhringum, eins og Unilever og öðrum slíkum? Kærir hann sig um það, að við séum einvörðungu upp á það komnir í heiminum að selja okkar fisk, þar sem þessir hringar ráða völdum, þar sem þessir hringar hafa aðstöðu til þess að reyna að drepa okkur niður? Hv. 3. þm. Austf. er ekki svo ófróður um þróunina í heiminum, að hann viti ekki, hver þróunin hefur orðið bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Það eru þessir hringar, sem meir og meir hafa verið að leggja undir sig markaði í þessum löndum, hafa verið að drepa niður alla sjálfstæða aðila, sem eitthvað hafa verið að reyna að berjast þar á móti. Saga efnahagsþróunarinnar í þessum löndum er sagan af því, hvernig þessir voldugu einokunarhringar mylja undir járnhæl sínum alla sjálfstæða atvinnurekendur, hvernig átta stærstu auðsamsteypurnar í Bandaríkjunum ráða nú miklu meira en helmingi allra fyrirtækja í því landi. Og ekki er það betra í Bretlandi.

Ef hv. þm. vill ræða Unilever meira, þá hef ég alla sögu Unilever skráða í ameríska blaðinu Life fyrir tíu árum, mjög merkilega sögu. Og það er

vegna þess, að ég veit, hve erfitt það er að berjast við slíka hringa, að ég hef gjarnan viljað, að Ísland hefði þann bakhjarl í sinni baráttu á kapítalistísku mörkuðunum í heiminum, sem viðskiptin við sósíalistísku löndin eru, og það er frámunalegt skilningsleysi af manni, sem er í stjórn SH, ef hann skilur ekki, hve dýrmætt þetta er okkur. Þegar við flytjum út upp í 75 þús. smálestir af hraðfrystum fiski, er þá ekki munur fyrir okkur að geta selt 50 þús. smálestir af þessu til sósíalistísku ríkjanna með millirikjasamningum og þurfa ekki að hafa áhyggjur af að berjast í þeim löndum við einstaka auðhringa og annað slíkt til að tryggja þar markaði fyrir íslenzkan fisk, og láta sér nægja að þurfa að berjast með hin 25 þús. tonnin, — sem mér sýnist nú satt að segja vera farin að minnka núna, í þeim kapítalistísku löndum, þar sem aðkoman er eins og hann var að lýsa áðan með Unilever, sem hann lýsti þannig, að eitt lítið fyrirtæki úti á Íslandi, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hún mætti ekki í þessari paradís frelsisins, sem verið er að reyna að gylla fyrir okkur, setja upp sitt litla veitingahús eða sínar fisksölubúðir, án þess að einn voldugasti auðhringur veraldarinnar tæki að umkringja okkur með matsöluhúsum og búðum til þess að reyna að drepa okkur í samkeppninni.

Hv. 3. þm. Austf. var að gefa lýsingu á þeim frumskógi villidýranna, sem efnahagslífið í kapítalistísku löndunum er, þar sem sá sterkari rífur þann smærri í sig. Og ég spyr hann aftur, hvort það sé þó ekki munur fyrir okkur Íslendinga að geta tryggt okkar markaði þannig, að við eigum ekki allt undir villidýrum eins og þessum auðhringum. Þess vegna skulum við fara varlega í að stofna í hættu því, sem við þegar höfum á unnið, og vera að gylla fyrir þjóðinni, hvernig þessir hlutir séu. Ég held þvert á móti, eins og ég hef minnzt á áður, að það mundi vera oft klóklegra fyrir okkur í þessum löndum, ef þess er nokkur kostur, að reyna að hafa þar einhverja bandamenn í baráttunni við slíka auðhringa eins og Unilever. Það getur verið hetjulegt að standa einn og berjast við þá og kannske falla. En það getur verið klóklegra, ef maður getur fundið einhverja, sem hægt er að eiga bandalag við til að reyna að berjast og sigra. Ég er því miður ekki svo kunnugur í Bretlandi, að ég geti gefið honum ráðleggingar um það. En m. a. veit ég, að samvinnuhreyfingin í Bretlandi er sterk hreyfing þar. Hún hlýtur vafalaust að eiga þar mikið af búðum. Það væri ef til vill ekki alveg óhugsandi, ef engir kapítalistar væru þar til, ef Unilever væri búinn að drepa og brenna niður allt í kringum sig, hann réði þar einn öllu á þessu sviði, að það væri hægt að finna þar aðila, sem væru reiðubúnir til þess að slást við Unilever með okkur. Ég veit a. m. k., að blöð samvinnuhreyfingarinnar í Bretlandi hafa oft verið óhrædd að taka sig á við Unilever á ýmsum sviðum, þannig að það er bezt fyrir okkur með svona, eins og alltaf, þegar maður á í höggi við einhvern stóran, voldugan og ríkan, að reyna að stjórna þeim her, sem maður leggur til baráttunnar með, sem bezt, skapa sér sem bezta og öruggasta bandamenn til þess að reyna að sigra frekar en að láta slá sig niður. En mig langar samt til að spyrja hv. 3. þm. Austf.: Hvernig fór þessi barátta í Bretlandi, hvernig stendur hún núna? Því á hann eftir að segja mér frá. Mér skilst, að hún hafi verið eitthvað skeinuhætt, jafnvel að eitthvað kunni einhvern tíma að hafa tapazt á henni, þó að hann segði áðan, að aldrei hefði tapazt neitt neins staðar. Mér fannst hann einhvern veginn bera sig þannig undan sverðshöggum Unilevers, að einhver skeina hefði komið á. Það gæti hann nú kannske upplýst okkur um.

Hv. 3. þm. Austf. sagði, að ég hefði verið að sakfella fyrirtækið. Það var nú eitthvað annað. Ég lagði hér fram till. til þál. um rannsóknarnefnd til þess að athuga, hve mikið fé SH ætti í öllum mögulegum fyrirtækjum og öðru slíku, útistandandi skuldum og birgðum. Og hann gaf heilmiklar upplýsingar um þetta. Í sambandi við þær upplýsingar fór ég að spyrja, hvernig hitt og þetta samrýmdist lögum. Það var alls ekki fyrr, sem eitthvað fór að koma fram, sem hv. 3. þm. Austf. gat litið á sem sakfellingu. En það voru hans eigin upplýsingar, sem leiddu til þess, að ég fór að spyrja um veðsetningarnar, um gjaldeyrisleyfin, um gjaldeyriseftirlitið, um skattinn og það allt saman. Og ef hann heldur, að ég hafi verið að sakfella hann, þá er ákaflega hægur vandi að ganga úr skugga um það. Við látum rannsóknarnefndina starfa og sjá, hvort nokkuð er þarna athugavert.

Svo sagði hv. þm., að SH hefði verið að bæta lífsafkomu almennings á Íslandi. Þar held ég nú, að honum hafi dálítið brugðizt bogalistin í rökfræðinni. Ég sagði honum ástæðurnar til þess, að ég flutti þetta. Ég hafði að vísu oft áður verið að hugsa um, að eitthvað þyrfti að athuga þessa hluti, en það, sem reið baggamuninn, var yfirlýsingin, sem m. a. SH stóð að, að hún gæti ekki hækkað neitt kaupið á Íslandi. SH hefur starfað ein 16 ár eða þar um kring, a. m. k. þessi stóri útflutningur og slíkt hefur aðallega verið nú 15—16 ár, og hvernig er um kaupið á Íslandi og lífskjörin? Kaupgetan er minni í dag en hún var 1945. Hún er minni en hún var 1942, kaupgeta tímakaupsins á Íslandi. Ég er ekki að segja, að það sé bara SH, sem hefur rýrt þessi lífskjör, það eru fleiri atvinnurekendur, sem hafa hjálpað þar til, og Sjálfstfl. sjálfur og fleiri. En það er ekki vert að tala um, að SH hafi bætt lífskjörin fyrir verkalýðinn á Íslandi. Þvert á móti, ætli að það hafi ekki heldur verið dregið eitthvað þarna út úr og sett fast í fyrirtækjum, en síðan verið sagt við verkalýðinn hér heima: Við höfum enga peninga til þess að bæta neitt úr hjá ykkur.

Svo segir hv. 3. þm. Austf. um Tryggingamiðstöðina h/f: Jú, hún hafði farið að lána 150—200 þús. kr. út á báta og meira að segja út á einn togara. — Ekki var ég að halda því fram, það er hv. 3. þm. Austf., sem upplýsir, að hún hefur verið að lána út á togara líka, — ekki var ég að sakfella hana fyrir þetta. Það var hann, sem upplýsti, að hún hefði farið að lána út á togara, og var nú held ég að væna einhvern ákveðinn mann um að vera eiganda að þeim togara. Hvernig stendur á því, að Tryggingamiðstöðin h/f er að þessu? Ég spyr hann: Hvernig stendur á því, að verið er að taka þetta fé úr veltu hraðfrystihúsanna á Íslandi og lána þetta út á báta og jafnvel út á togara til einhvers ákveðins manns, en ekki skila þessu fé til hraðfrystihúsanna á Íslandi og láta hraðfrystihúsin á Íslandi skila því til útvegsmannanna, því að þau munu mörg hver skulda þeim

enn þá? Hvernig stendur á þessu, af hverju er verið að þessu? Því svaraði hann ekki. Í hvaða heimild er þetta gert? Ég hélt því fram, að þetta væru heimildarlausar ráðstafanir. Það getur verið ákaflega þægilegt að fá lán, — ég er ekki að segja það, ég er ekkert að hafa á móti því, — bæði út á báta og togara. Það getur verið meira að segja mjög gott verk að lána einum manni. En hitt er svo allt annað spursmál, hvort verið hefur nokkur lagaleg heimild til þess. Þó að ég brytist inn í Landsbankann og stæli milljón og lánaði svo einhverjum bátaeigendum, þá væri að vísu mjög gott verk að lána það, en ég er hræddur um, að það kæmi eitthvað í bága við lög. Og ég er hræddur um, að SH hafi raunverulega ekkert leyfi til þess að ráðstafa fé hraðfrystihúsanna á þennan máta. Hv. 3. þm. Austf. getur kannske sýnt fram á, að það hafi verið gerð alveg sérstök samþykkt á aðalfundi SH um, að það mætti lána af því fé, sem á að fara til hraðfrystihúsanna á Íslandi, svo og svo mikið út á báta og slíkt.

Svo minntist ég á annað í þessu sambandi og spurði hann að því um leið: Hvernig er um lán til einstakra manna, jafnvel til stjórnenda í SH, ekki gegnum Tryggingamiðstöðina, heldur beint? Hv. 3. þm. Austf. svaraði því ekki, hljóp yfir það eins og gjaldeyrinn. Líklega hefur eitthvað verið athugavert. En kannske er ekkert að athuga. Þá kemst nefndin að þeirri niðurstöðu, og þá verður SH hvítþvegin af því líka, svo að ég held nú, fyrst hann svaraði svona ófullkomið, að hann fari nú að hafa höfuðáhugann á því, að rannsóknarnefndin verði sett. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi langt mál eftir af ræðu sinni.) Já, ég skal gera hlé. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði þar komið máli mínu í svari mínu til hv. 3. þm. Austf. (EinS), sem ég var annars næstum búinn með, að hann var að drótta því að mér, að ástæðan til þess, að ég flytti svona till., væri, að við óttuðumst, að dregið yrði úr viðskiptunum austur. Ég er hissa á hv. 3. þm. Austf. að láta svona út úr sér. Ég býst við því, að það mundi verða hættulegast fyrir hann og hans aðila, ef það yrði dregið úr þeim viðskiptum. Það er gefið, að afleiðingin af slíku mundi verða, að hér yrði erfiðara um allan efnahag, atvinnuleysi og vaxandi óánægja með þá, sem réðu. Ég held þess vegna, að það sé ákaflega langsótt hjá honum að leita svona. Ég hélt ég væri búinn að sýna honum nógu vel fram á, hvað snertir þau viðskipti, að þótt við hefðum viljað vinna að þeim viðskiptum og beita okkar áhrifum til þess, þá var það fyrst og fremst til þess að reyna að tryggja sem bezt afkomu íslenzkra fiskframleiðenda, tryggja, að þeir hefðu sem öruggastan markað. Ég held, að það sé vitleysa, ef hv. 3. þm. Austf. heldur, að Sovétríkin og Tékkóslóvakía og Austur-Þýzkaland standi og falli með því, hvort þau fái fisk frá Íslandi, þetta sé alger misskilningur. Ég held satt að segja, að eins og er með fiskframleiðslu í heiminum, mundu þessi ríki ekki vera í neinum vandræðum með að útvega sér fisk. Hins vegar mundi ég segja, að þau gætu ekki fengið eins góðan fisk og þau fá frá okkur. En þau mundu ekki vera í neinum vandræðum með slíkt. Ég held, að það séum við Íslendingar einmitt, sem gyldum þess sem heild, ef drægi úr þessum viðskiptum, og ættum ekki að gera neitt til þess. ég hef ekki enn vitað til þess, að salan vestur eftir hafi orðið til þess að draga úr þeim viðskiptum út af fyrir sig.

En hv. þm. vill þá spyrja, og það er það, sem er verið að reyna að grafast fyrir um: Hvernig stendur á því, að ég skuli koma með gagnrýni, sem beinist jafnvel að stjórn Sölumiðstöðvarinnar? Ég gerði grein fyrir því í niðurlagi minnar fyrri ræðu, — ég gerði það vegna þess, að ég var að óttast, að SH væri að þróast yfir í einokunarhring, þar sem nokkrir stjórnendur væru farnir að haga sér eins og það væru þeir einir, sem ættu að ráða, og þeir smáu hefðu ekkert að segja. Það er þetta, sem fyrst og fremst liggur á bak við mína till. um rannsókn, í þágu þjóðfélagsins, í þágu þeirra smærri í Sölumiðstöðinni og í þágu verkamanna sérstaklega.

Hv. 3. þm. Austf. fór að tala um, að við værum með skefjalaus verkföll. Já, hefur verið svona mikið um verkföll upp á síðkastið? Man hv. 3. þm. Austf., hve langt er síðan hefur verið nokkurt verulegt verkfall hér? Það eru bráðum sex ár. Ég gæti trúað, að Ísland væri bókstaflega með rólegustu löndum í allri Evrópu hvað snertir verkföll, og það má leggja það okkur út bæði til lofs og lasts eftir því, hverjir um það vilja dæma.

Hv. 3. þm. Austf. segir, að við höfum hugsað minna um að auka verðmæti þjóðarframleiðslunnar. Máske hv. þm. vildi benda mér á nokkra verkalýðshreyfingu í Evrópu, í kapítalistísku landi, sem hefur á síðustu 15 árum gert öllu meira en íslenzk verkalýðshreyfingin að því að reyna að hafa áhrif í sínu landi á það, að framleiðslan væri aukin, bókstaflega hefur stundum orðið að hugsa fyrir kapítalistana í landinu, af því að þeir hafa hugsað of smátt sjálfir. Ég held, að það hafi engin verkalýðshreyfing, sem ég þekki til í þeim kapítalistísku löndum í Evrópu, beitt sér eins mikið fyrir því að auka verðmæti þjóðarframleiðslunnar og íslenzka verkalýðshreyfingin hefur gert á s. l. 15—16 árum. Og máske hefur engin borið eins lítið úr býtum fyrir það vegna þess, hve ásælnir eða stjórnlitlir okkar kapítalistar hafa verið.

Að síðustu viðvíkjandi því, sem hv. 3. þm. Austf. sagði. Hann hélt því fram, að ég vildi vera í samvinnu við fiskhringa erlendis. Það voru ekki mín orð. Ég álít, að við ættum að leitast við, ef það væri mögulegt á sæmilegum grundvelli, að hafa samvinnu erlendis við þá aðila, sem selja þar fisk, — ekki láta fiskhringana, sem venjulega eru keppendur okkar, gleypa okkur, heldur reyna að ná góðu sambandi við þá, sem eru að selja þar fisk. Ég geri mér alveg ljóst, að slíkt getur verið erfitt eða ókleift, ef það er einn aðili, sem drottnar á markaðinum. En ef það eru til einhverjir aðilar, sem eru að berjast við þann eina aðila, þá skulum við reyna að mynda bandalag við þá, hvort heldur það eru kapítalistar eða samvinnufélög eða aðrir slíkir. Ég veit, að þetta er allsæmt í Bretlandi, hvað snertir yfirdrottnun og einokun Unileverhringsins þar, en ég veit, að þetta er ekki alveg eins slæmt í Bandaríkjunum. Þetta hins vegar, að hætta svona miklu, a. m. k. ef það er óþarft, ef aðrar leiðir eru til, og taka svona mikið út úr rekstrinum heima, það er ófært, sérstaklega ef það brýtur í bága við lög. Það, sem í fyrsta lagi

á að gera þarna, er að ganga formlega frá öllum þessum hlutum, tryggja að öllu leyti hagsmuni eigendanna hér heima og eignarrétt og yfirráð þeirra yfir þessu og skila skýrslum til þeirra og láta þá hafa aðgang að reikningum, og ef hægt er að koma því fé, ef við erum ekki knúðir til að berjast einir þar, að reyna þá að mynda bandalag við einhverja þá aðila, sem geta með okkur barizt fyrir að koma okkar vörum þar inn, en eru óháðir þeim hringum, sem þar eru fyrir.

Þá vil ég segja nokkur orð til hv. 1. þm. Vestf., sem talaði með nokkuð miklum þjósti stundum. Hann var að spyrja okkur, — sumu af því var hann að beina til hv. 4. landsk. þm. (HV), og ég býst við, að hann svari því fyrir sig, ef hann álítur ástæðu til. Hann spurði að því, hvort við mundum beita okkur fyrir nýrri vinnulöggjöf, þar sem ætti að útkljá með dómi, hvernig kjör verkalýðsins í landinu skyldu vera. Ég er að vísu ekki verkalýðshreyfingin, eins og hv. 1. þm. Vestf. virtist halda. En ég held, að mér sé alveg óhætt að fullyrða, að allur þorri verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi og Alþýðusamband Íslands og meiri hlutinn þar muni líta svo á, að slíkt væri ekki aðeins mjög óheppilegt, heldur einnig mjög ranglátt. Það er um að ræða í sambandi við þá stéttabaráttu þá hagsmunadeilu, sem fram fer milli atvinnurekenda og verkalýðsins, lífskjör meiri hluta þjóðarinnar. Verkalýðurinn er um 50% af þjóðinni, aðrir starfsmenn eru um 25% og atvinnurekendurnir í landinu, þegar bændur eru ekki taldir með, eru rúmlega 2000 manns. Að þessi 2000 manns eigi að skammta meiri hluta þjóðarinnar, hvað hann hafi til að lifa af, og ráða um það, það nær ekki nokkurri átt. Og verkalýðshreyfingin mun tvímælalaust halda áfram að berjast fyrir sínum rétti og sínum hagsmunum á þessum sviðum, og eigi að fara að beita ríkisvaldinu sem hnefarétti í þessu sambandi, setja gerðardóm til að dæma um slíkt, þá verður risið upp á móti slíku líka. Það hefur einu sinni verið reynt, og held ég, að flestir hinir hyggnari menn Sjálfstfl. hafi fengið sig svo fullreynda af því, að þeir muni ekki reyna það aftur. Það var með gerðardómslögunum vorið 1942, og ég held, að sú tilraun verði ekki endurtekin á Íslandi af nokkrum þeim mönnum, sem eitthvað geta lært af reynslunni.

Það ríkti mjög mikill misskilningur hjá hv. 1. þm. Vestf. á því, hvernig vinnudeilur eru á Íslandi. Það er síður en svo, að það sé eitthvert öngþveiti í vinnudeilum á Íslandi. Að mörgu leyti mætti segja, að vinnudeilur á Íslandi væru til fyrirmyndar í veröldinni. Vinnudeilur hafa hér allar farið mjög friðsamlega fram, ákaflega friðsamlega, einmitt m. a. sérstaklega vegna þess, að lögreglan er ekki látin skipta sér af þeim vinnudeilum. Ef hv. 1. þm. Vestf. vill kynna sér, hvernig vinnudeilur gerast stundum, þá væri kannske fróðlegt fyrir hann að líta til Bandaríkjanna, sjá, hvernig þar er, eða svo að við tökum nýjasta dæmið, til Belgíu, þessa fyrirmyndarlands Atlantsbandalagsins. Þar getur hann séð, hvernig vinnudeilurnar gerast í þessum löndum og hvað friðsamlegar þær eru. Hér hjá okkur hafa þær verið friðsamlegar, mjög friðsamlegar, og við skulum reyna að halda þeim þannig og fara ekki að beita hnefarétti ríkisvaldsins í þágu atvinnurekendanna á móti verkalýðnum, ekki fara að reyna að skakka þar leikinn með því að setja hnefa ríkisins á borðið. Við skulum reyna að halda því, sem friðsamlegt er í okkar vinnudeilum, og ég mundi ráðleggja atvinnurekendum og þeirra flokki eða flokkum að snerta ekki við því að endurskoða vinnulöggjöfina, en sýna hins vegar heldur meiri hug á því að semja við verkalýðinn á grundvelli hennar, eins og verkalýðurinn þegar hefur boðið upp á, en atvinnurekendur ekki þekkzt.

Svo talar hv. 1. þm. Vestf. um, hvernig væri með KRON, SÍS, ESSO og allt saman það. Ég hélt ég hefði svarað þessu nokkurn veginn greinilega með því, hvernig ég svaraði innskoti hæstv. dómsmrh. í minni fyrri ræðu. Ég sagði, þegar var spurt, af hverju við hefðum ekki tekið Sambandið með í þetta, að við hefðum m. a. haft möguleika til aðgangs að slíku á lýðræðislegan hátt, í gegnum KRON og SÍS og aðalfundinn þar. Þegar hæstv. dómsmrh. skaut fram í, hvernig væri með ESSO, þá sagði ég við hann, að ef það dygði ekki og við fengjum ekki nægar upplýsingar, þá hefðum við líka til aðrar aðferðir. Og hv. 1. þm. Vestf. var eitthvað að kvarta undan því, að við hefðum ekki beitt þeim aðferðum. Ef okkur fannst á fundi SÍS við fá upplýsingar um aðeins einn brúsa, vantaði þá nokkuð á, að við hefðum einurð til þess að heimta einhverjar meiri upplýsingar á öðrum vettvangi? Ég man ekki eftir, að Morgunblaðið hafi verið sérstaklega skeleggt að heimta þær upplýsingar, nema kannske á eftir, þegar allt var upplýst. Alveg eins og við reynum að fá að vita, hvað satt er og rétt í þeim málum, þó að það snerti félag, sem þarna er t. d. skylt SÍS, alveg eins reynum við að knýja fram að fá að vita, hvað rétt er og satt í sambandi við fyrirtæki eins og SH. Þessir stóru í okkar landi, hvar sem þeir eru og hvað sem þeir heita, líka þótt það væri Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, þá höfum við skoðað það sem okkar skyldu sem fulltrúa verkalýðsins og fulltrúa þjóðfélagsins hér á þingi að reyna að draga fram, ef við álítum, að eitthvað væri athugunarvert í fari þessara stóru samtaka. Maður veit ósköp vel, að í auðvaldsskipulagi er freistnin alltaf rík í þessum stóru samtökum til að verða eins konar einokunarhringur, til að smitast af auðvaldinu í kringum sig. Ég held ég hafi verið alveg ósmeykur að segja það stundum á undanförnum árum, að mér fyndist jafnvel í SÍS of mikið af slíkri smitun. Umgengnin við auðvald í Bandaríkjunum og auðvald hér í Reykjavík hafi haft slík áhrif á ýmsa menn þar. Ég er alveg ósmeykur að gagnrýna það. Hvar sem við álítum eitthvað rangt í þessum efnum, þá munum við gagnrýna það. Þeir stóru í þjóðfélaginu, þeir ríku og þeir voldugu, sem halda sig hafna upp yfir venjuleg lög og geta brotið lögin, af því að þeir séu stórir og voldugir, þeir skulu fá að vita, að við höfum einurð til að segja þeim til syndanna, hvað sem þeir heita, og hverjir sem þeir eru.

Svo spurði 1. þm. Vestf., af hverju ég hefði komið með þetta nú, ástæðuna til þess. Ég sagði í upphafi míns máls, að mér hefði oft ekki litizt á ýmislegt af því, sem ég hefði heyrt frá stjórn SH, en að neitunin í samningunum að ræða við

verkalýðinn hefði riðið þarna baggamuninn. Hann fór að tala um, að þetta væru litil rök. Jæja, eru það engin rök, ef fátækir verkamenn á Íslandi, sem hafa í kaup ⅔ af því, sem þeir þurfa til að lifa af samkvæmt útreikningi ríkisstj. og hagstofunnar, — eru það engin rök, ef þessir verkamenn fara nú til milljónahrings eins og SH og fleiri slíkra á Íslandi og segja við þá: Við þurfum að fá hærra kaup, viljið þið ræða við okkur um það? — Og þessi hringur svarar: Þurfið þið að fá hærra kaup? Við tölum ekki við ykkur um slíkt, við eigum ekki einn einasta eyri, atvinnulífið þolir það ekki, — er þá undarlegt, þó að ég fari að spyrja: Jæja, hvernig er það, minir háu herrar í SH, eigið þið ekki eitthvað í rassvasanum? Er ekki eitthvað, sem þið eigið inni? Ég fer að spyrja um þetta, og svo er nafni minn svo elskulegur, 3. þm. Austf., að hann upplýsir: „Jú, jú, 140 millj. hérna.“ Telur það fram undireins. Þannig er það strax farið að sýna sig, að þeir voru ekki alveg eins blankir og þeir vildu vera láta, þegar þeir voru að tala við verkamenn. Það hefur sem sé sýnt sig nú þegar, að einmitt þessi ástæða, sem ég tilgreindi — og tilgreindi ég þó fleiri, hún var alveg nóg. Verkamennirnir, sem vantar einn þriðjunginn af því, sem þeir þurfa, til þess að hafa í sig og á, sjá, að þarna eru til nægir peningar, og þeir mundu vera viðar, ef farið væri að leita þeirra.

Hv. 1. þm. Vestf. talaði um, að ég hefði verið með ýmsar aðdróttanir og árásir á SH. Ég var með hverfandi litið af slíku í minni upphaflegu ræðu, og það eina, sem kunna að skoðast árásir, það var eftir ræðu hv. 3. þm. Austf., þegar hann fór að upplýsa um alla mögulega hluti, sem var alveg greinilegt að hlutu að stangast við lög: veðsetninguna, gjaldeyrisleyfin, gjaldeyriseftirlitið og jafnvel kannske skattana.

Svo kom hv. 1. þm. Vestf. að því, að ég hefði sagt, að ég væri verkalýðshreyfingin. Það er nú svo undarlegt með suma menn, sem hafa kannske mesta tilhneigingu til þess að þykjast vera heil stétt, að það vilja þeir ætla öðrum. Ég tók mjög greinilega fram, að ég skoðaði mig hér á þingi sem fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, og sagði aldrei annað, svo að það er fullangt gengið í því að búa sér til sniðuga ræðumennsku að fara að leggja manni í munn svona orð til þess að reyna að leggja út af því. Það er aðeins eitt vald hér á landi, sem hefur fetað í fótspor þess konungs, sem slík orð voru upphaflega tengd við, Lúðvíks XIV. Hann sagði: Ég er ríkið. — Það er aðeins ein stétt hér í landinu, sem hefur viljað haga sér þannig, og það er atvinnurekendastéttin. Hún hefur viljað láta líta svo á, að hún væri atvinnulífið, hún væri ríkið og eftir hennar vilja ættu allir limirnir að dansa. Það er nú samt svo, að án þeirrar stéttar er hægt að vera. Allt atvinnulíf er hægt að reka án hennar, en án verkalýðsins ekki.

Þá er viðvíkjandi einstökum atriðum í því, sem hv. 1. þm. Vestf. var að rekja. Það er viðvíkjandi nýbyggingarsjóðunum og því, sem Ísland átti eftir stríðslokin. Nýbyggingarsjóðir togaranna voru mjög litlir, og þeir voru eign togaraeigendanna, það voru ekki nema nokkrar milljónir eða milljónatugir, sem þar var um að gera. Fé, sem hins vegar Íslendingar notuðu til þess að kaupa inn þá 32 togara, sem þá voru keyptir, og gera aðrar þær ráðstafanir, sem gerðar voru, var hluti af þeim 580 millj., sem við áttum inni erlendis í stríðslokin. Og hvernig var það fé fengið? Hv. þm. vildi segja, að það hefði verið fengið með fiskframleiðslu. Svo var ekki. Ef hann ber saman á árunum 1940—45, að báðum árum meðtöldum, útflutning og innflutning okkar Íslendinga, þá stendur það alveg í járnum, það er nokkurn veginn alveg jafnt á báðar hliðar. Það var brezki auðhringurinn Unilever, sem skammtaði okkur allan þann tíma verðið fyrir fiskinn, sem við fluttum út, fyrir meginið af honum, og það fór svo, að á þeim viðskiptum, sem við þá höfðum fyrst og fremst við Bretland, græddum við ekki nokkurn skapaðan hlut. Við áttum ekkert afgangs, þegar við vorum búnir að kaupa inn það, sem við keyptum. Það var ekki á okkar verzlunarviðskiptum, sem sá auður skapaðist, sem lá hér á Íslandi í stríðslok. Sá gjaldeyrir, sem þá lá hér, 580 millj. kr., var einvörðungu til orðinn fyrir þær kauphækkanir, sem fram voru knúnar 1942. Við þær kauphækkanir ásamt vísitölu, sem ofan á kaupið var greidd eftir verðbólguna, varð að greiða af þeirri vinnu, sem menn unnu þá í, setuliðsvinnunni hérna, margfalt í pundum og dollurum, og innleignirnar skópust fyrst og fremst af þessari vinnu hér heima, þannig að það var sú kauphækkun, sem verkalýðurinn knúði í gegn, þegar hann braut með skæruhernaðinum gerðardómslögin á bak aftur, það var beinlínis verkalýðshreyfingin, sem með sínum aðferðum 1942 á eftir stórhækkaði þannig kaupgjaldið á Íslandi, að Íslendingar eignuðust þessar inneignir.

Svo kom hv. 1. þm. Vestf. að því, hvernig verið hefði með togarana, þegar þeir voru keyptir inn. Þar ruglar hann saman, þegar hann er að bera á móti því, að togaraeigendur hafi viljað kolatogara, og sá ruglingur hans mun stafa af því, að hann mun elga við annað tímabil en það, sem ég talaði um. Það, sem ég vitnaði í, var fundur, sem nýbyggingarráð hélt með togaraútgerðarmönnum vorið eða sumarið 1945, þar sem nýbyggingarráð ræddi við þá, eins og ég áður hef sagt, og þeir létu þessa skoðun í ljós. Hitt er svo allt annað mál, að seinna meir tókst til allrar hamingju að breyta þessari afstöðu þeirra, og m. a. efast ég ekki um, að hv. 1. þm. Vestf. hefur átt þátt í því að koma a. m. k. því viti fyrir þá að taka eimtogara eða olíutogara í staðinn fyrir þá kolatogara, sem þeir upphaflega vildu. Nýbyggingarráð sendi strax vorið 1945 út þriggja manna nefnd til Norðurlanda og Englands til þess að undirbúa samninga um þessa togara, og síðast í ágúst voru samningar gerðir um þessa togara, og síðan er hann fenginn til þess að hafa nokkuð með eftirlit á þeim viðvíkjandi smíðinni og slíku að gera. Hann segir, að Reykjavíkurbær hafi gert kröfu til dísiltogaranna. Því fór fjarri, að það væri í upphafi. Ég man það enn þá greinilega, það var á skrifstofu nýbyggingarráðs vorið 1946, þegar þessum togurum var úthlutað, m. a. til Reykjavíkurbæjar, og annar forstjóri bæjarútgerðar Reykjavíkur, Jón Axel Pétursson, sagði þá við okkur þessi orð um dísiltogarana, sem ég hermdi áðan, svo að það er annað, sem hann á við þar. En

það mun liggja í því, að hans afskipti af þessu voru síðar en mín, að hann er þess vegna að bera brigður á það, sem áður gerðist og ótvírætt er, og ruglar því saman við það, sem síðar gerðist, þegar einhverju viti var búið að koma fyrir þessa herra, sem áttu að vera frumkvöðlar að því, hvernig Íslendingar byggju að atvinnutækjum.

Svo segir hv. 1. þm. Vestf., að við höfum rofið nýsköpunarstjórnina. Er hv. þm. búinn að gleyma því, hvað þá gerðist? Það, sem gerðist þá, var, að bak við okkar ráðh. í ríkisstj. var samið allt sumarið 1946 um aðstöðu, sem meiri hl. í stjórninni vissi ósköp vel að mundi sprengja stjórnina. enda vorum við leyndir þeim samningum. Það var orðið greinilegt af því, sem fram hafði farið veturinn áður, eftir 1. okt. 1945, þegar Ameríkanarnir gerðu kröfu til þriggja herstöðva hér til 99 ára, að við mundum ekki vera í neinni þeirri stjórn, sem ákvæði, að Bandaríkin héldu áfram að hafa her hérna á Íslandi og brytu þann samning, sem þau höfðu gert við okkur um að flytja herinn burt í stríðslokin. Það var þess vegna að undirlagi ameríska auðvaldsins og vegna yfirgangs þess, að nýsköpunarstjórnin var sprengd. Brugðumst við nýsköpuninni þess vegna, þó að við af þessum ástæðum færum út úr ríkisstj.? Nei, við komum fram með till. um að halda nýsköpuninni áfram. Og ef hv. þm. vill kynna sér þær tillögur, sem ég flutti hér sem fulltrúi míns flokks þá í fjárhagsráði vorið 1947, þegar verið var að ræða þær framkvæmdir, sem þá skyldi leggja til, þá getur hann séð, að það vorum við, sem vildum halda áfram nýsköpuninni af eins miklum krafti og nokkru sinni fyrr. En allar þær tillögur voru drepnar. Nýsköpunin var svikin í praksis á eftir. Henni var fórnað fyrir áhrif ameríska auðvaldsins á Íslandi. Þau áhrif voru svo hatrömm, að við, sem keypt höfðum 32 togara til landsins og þegar þeir togarar tóku að sigla hér inn, sá fyrsti í febr. 1947, þá varð jafnvel hrifningin af því slík, að sú stjórn, sem við hafði tekið, ákvað að bæta 10 togurum við í trausti þess að fá lán hjá Marshall-aðstoðinni fyrir þeim. En henni var neitað um alla slíka aðstoð, vegna þess að Bandaríkjamenn vildu ekki láta okkur halda áfram að þróa sjávarútveginn á Íslandi. Þeir vildu hindra okkur í því. Og þessi var þá aðstaðan. Meiri hluti þings brást nýsköpuninni, hann beygði sig fyrir Bandaríkjamönnum og þeirra afturhaldssjónarmiði í þessu. Við héldum áfram að berjast eins og við gátum fyrir því, að nýsköpuninni væri haldið áfram á Íslandi, fyrir því að byggja upp íslenzkt atvinnulíf í eigu Íslendinga sjálfra og undir þeirra yfirráðum.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Vestf. var að tala um, hvort ekki meiri Íslendingur en ég — ég held ég láti söguna dæma um það, ég fer ekki að karpa um það við hann hérna, — en hitt aftur á móti kemur úr hörðustu átt, að við, sem höfum barizt fyrir hagsmunum og fyrir sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar, fyrir að tryggja henni öryggi og fyrir að tryggja hennar afkomu, fyrir að auka hennar atvinnulíf, við séum sakaðir um að berjast á móti hagsmunum þjóðarinnar. Það veit hv. 1. þm. Vestf., að það er voldugur aðili, sem hefur ítök sín hér á Íslandi nú, voldugt herveldi og voldugt auðvald. sem vill ráða því, hvað hér er gert, enda gerði hann ekki nokkra tilraun til þess að hrekja dæmin, sem ég minnti hann á, hvernig ameríska auðvaldið og bankarnir í Bandaríkjunum hefðu verið að skipta sér af því, hvort við hefðum frjálsar íbúðabyggingar á Íslandi og annað slíkt.

Að síðustu fór svo hv. þm. að ræða um stofnlánadeildina og misminnti þar eins og viðar. Hann vildi álíta, að lögin, sem snertu það að veita allt upp í 75% sem lán af andvirði skipanna, hefðu fyrst verið sett og notuð í sambandi við 10 togarana seinni. Því fór fjarri. Þessa stofnlánadeild knúðum við fram. Lögin voru gefin út 29. apríl 1946. Í þeim stendur í 11. gr., að vextir skuli aldrei vera hærri en 2.5%. Í þeim stendur í 8. gr., að lána megi út allt að ¾ og allt að ⅔ út á þessar eignir. Það voru að vísu sum togarafélög, sem áttu svo mikið í sínum nýbyggingarsjóðum, að þau voru að hugsa um — og gerðu það til að byrja með — að borga meira en þennan ⅓ eða ¼ af því, sem þau gátu sloppið með, en þau breyttu því flest á eftir og tóku þá heldur fleiri togara í staðinn og notuðu sér þessi lán til fulls, og meira að segja var bætt við á eftir alveg upp í 85% lán, sem þarna voru veitt. Viðvíkjandi því, hvernig þetta bar að og hvernig þetta var lagt fyrir, um það þarf hv. 1. þm. Vestf. ekki annað en fletta upp í Alþt. frá 1945, A-deildinni, bls. 660, þar sem frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands var lagt fram, og það frv. var lagt fram, ef ég man rétt, nokkru fyrir jólin, — og hvernig heldur hann, að það hafi verið lagt fram? Það er lagt fram af sjútvn. að beiðni atvmrh. og lagt fram vegna þess, að það fékkst ekki flutt sem stjórnarfrv. Eftir að við vorum í hálft ár í nýbyggingarráði búnir að standa í samningatilraunum við Landsbankann og við stjórnina, meiri hl. ríkisstj., um að fá að flytja þetta frv., þá urðum við að lokum að kasta því inn í þingið þannig, að atvmrh. það sjútvn. um að flytja það, fékkst ekki flutt sem stjórnarfrv. Og svo stóð alla leið þangað til í apríl um vorið, að það máske undir fargi óttans af kosningunum, sem þá fóru í hönd, fékkst loksins í gegn að knýja þetta fram. En þá var því breytt þannig, að það var ekki fiskveiðasjóður við Útvegsbankann, sem var aukinn, heldur stofnlánadeild Landsbankans, sem var sköpuð, m. a. af því, að þeir stjórnendur, sem stjórnuðu því, sem nú er kallað viðskiptabanki og seðlabanki, voru svo þröngsýnir, að þeir gátu ekki hugsað sem seðlabanki einvörðungu og verið sama, hjá hvaða ríkisbanka þessi fyrirtæki væru. M. ö. o.: það er engin spurning um það, að fyrir okkar frumkvæði, Sósfl. eða — eins og honum þótti svo gaman að ég skyldi orða það — verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, þá er það knúið fram í baráttu við bankavaldið og þá, sem tregir voru lengi vel í Sjálfstfl., að þessi stofnlánadeild er gerð að lögum. Bankana vantaði ekki fé til þessa. Þeir þurftu bókstaflega ekkert fé til þessa. Féð höfðum við í okkar vörzlum, nýbyggingarráð. Við réðum yfir 300 millj. kr. í erlendri mynt, pundum og dollurum. Við þurftum raunverulega alls ekki að yfirfæra þetta til Íslands. Það þýddi bara, að þá hefðu allir þessir 30 togarar verið í eigu íslenzka ríkisins, íslenzka ríkið var búið að kaupa þá alla og átti þá. Það eina, sem vantaði, var að gera íslenzkum eigendum fært að eignast þessa togara. Það var það, sem við gjarnan vildum, og þess vegna vorum við að knýja þetta fram, þannig

að bæði einstaklingar og bæjarfélög gætu keypt þessa togara. Svona var afturhaldið, og svona var skilningsleysið. Það var raunar ekki bara á þessu eina sviði, að svona lengi varð að berjast, þangað til þetta var komið fram. Svona getur það stundum verið erfitt fyrir verkalýðshreyfinguna að hjálpa atvinnurekendunum á Íslandi, þegar þeir sjá svo að segja ekki neitt sjálfir. Svona lengi verður stundum að berjast við að opna á þeim augun. Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju, að ég hef undirstrikað það, að við, sem höfum verið fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hér á Alþingi, höfum gert meira til þess en jafnvel nokkur verkalýðshreyfing í okkar nágrannalöndum að reyna að knýja fram endurbæturnar og nýsköpunina í okkar atvinnulífi, og við höfum stundum átt við slíkt skilningsleysi að etja hjá atvinnurekendunum, kolatogaramönnunum, að sagan mun seinna furða sig á því, jafnvel í svo ríkum mæli, að 15 árum seinna er sjálfur hv. 1. þm. Vestf. farinn að gleyma, hvernig það var.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Umr. um það mál, sem hér er nú á dagskrá, hafa fallið hér nokkuð á víð og dreif, og ýmislegt hefur dregizt inn í þessar umr. Það eru nokkrar fullyrðingar, sem hér hafa komið fram og verið endurteknar, sem eru þess aðallega valdandi, að ég kvaddi mér hljóðs, af því að ég tel, að það sé ástæða til að leiðrétta það, sem þar var sagt.

Það er í fyrsta lagi það, að hv. 3. þm. Austf. (EinS) hefur í umr. um þetta mál nokkrum sinnum minnzt á verðlagsmál eða verð á útfluttum sjávarafurðum og hagað orðum sínum þannig, að a. m. k. allir ókunnugir mundu halda, að hann væri að gefa upplýsingar um, að verð það, sem við fáum fyrir útfluttan fisk til Bandaríkjanna, væri miklum mun hærra en það verð, sem við fáum fyrir útfluttar fiskafurðir t. d. til sósialistísku landanna. Sumir gætu jafnvel haldið, að hér væri um mikinn verðmun að ræða og þannig hafi þetta verið og að m. a. mætti réttlæta það, sem stjórn SH hefði gert og kannske gert fram yfir það, sem ýtrustu lagareglur segja til um, með því, að hún hefði verið að leita eftir miklu hagstæðari markaði en við höfum haft annars staðar. Ég segi aðeins, að mig undrar það mjög að heyra, að einn af stjórnendum SH skuli hér á hv. Alþ. haga orðum sínum á þessa lund, því að það veit ég þó, að hann veit miklu betur sjálfur, hann veit, hvernig þessum málum er háttað.

Í þessu efni þykir mér rétt að benda aðeins á það, að í þeim samningum, sem fram hafa farið á undanförnum árum um rekstrarafkomu sjávarútvegsins og kjör þau, sem frystihúsin í landinu hafa þurft að búa við, á milli ríkisvaldsins annars vegar og fulltrúa frystihúseigenda hins vegar, hafa þeir auðvitað á hverju ári lagt fram ýtarlegar skýrslur um það, hvað þeir teldu sig fá fyrir útfluttar afurðir, og reynt að sanna það með upplýsingum sínum, hvað þeim væri í rauninni fært að borga hátt fiskverð. Ég á fleiri en eitt skjal í mínum höndum og veit um önnur liggjandi í stjórnarráðinu, þar sem það ár eftir ár var upplýst af stjórnendum SH og öðrum fiskframleiðendum, að þeir fengju miklum mun minna verð út úr þeim fiski, sem fluttur var til Bandaríkjanna, heldur en við fengjum út úr þeim fiski, sem var fluttur til annarra landa, og þó að útreikningarnir sýndu, að hægt væri að halda uppi allmiklu hærra fiskverði samkv. því verðlagi, sem útflutti fiskurinn gaf á aðra markaði, þá varð að lækka það vegna verðjöfnunarinnar við hið bandaríska verð. Hverju sinni lét svo ríkið allfjölmenna nefnd sérfræðinga fara yfir þessa útreikninga og athuga þetta. Þetta sem sagt liggur skrifað fyrir, að svona hefur þessu verið háttað.

Ekki vil ég samt segja, að það sé með öllu rangt, sem hv. 3. þm. Austf. segir, þegar hann segir nú á Alþingi, að meðaltalsverð muni fást á árinu 1961, — og er það nú nokkuð mikið sagt, hvað muni vera meðaltalsverðið, sem fæst fyrir útfluttar vörur á því ári til Bandaríkjanna, svo mjög sem verðið þar hefur sveiflazt fram og til baka, eða það meðaltalsverð, sem árið 1960 muni gefa, þegar uppgjör liggur fyrir, sem liggur ekki heldur fyrir, því að þær afurðir eru fjarri því að vera allar seldar í Bandaríkjunum, eins og hann hefur sjálfur fengið hér upplýsingar um, — þegar hann segir, að meðaltalsverðið muni vera yfir 16 kr. á kg fyrir útfluttar sjávarafurðir þangað, á sama tíma sem meðalverð til Sovétríkjanna sé ekki nema um 12.50 kr. Þetta er ekki með öllu rangt. En þó er þetta sagt á þann hátt, að þetta er látið gefa hér algerlega villandi upplýsingar um það, hvernig þessum málum er varið. Í nokkur ár höfum við fyrst og fremst eða að langsamlega mestu leyti flutt til Sovétríkjanna frosin karfaflök. Yfirgnæfandi hluti magnsins, sem við höfum selt á þann markað, hafa verið frosin karfaflök. Eitt árið var t. d. þannig, að ég hygg, að magnið hafi verið 22—23 þús. tonn af karfa á móti áætluðum 3—4 þús. tonna af þorski það ár. Við lögðum sérstaklega mikla áherzlu á að koma inn á markaðinn í Rússlandi einmitt karfaflökunum. Vegna hvers? Vegna þess að þar fengum við langhæst verð fyrir karfaflökin, miklu hærra verð en við fengum í Bandaríkjunum, sbr. líka upplýsingar þær, sem SH sjálf gaf varðandi verðlagninguna á þessum árum. Og svo var jafnvel gengið langt í þessum samningum, að þegar var verið að reyna að knýja fram verðhækkun á karfaflökunum til Rússlands, þá var vísvitandi samþykkt að fallast þar á nokkru lægra verð á þorski til þess að koma fram hækkuninni á karfanum, — þegar knúin var fram síðasta verðhækkunin. Hins vegar er það, að við flytjum til Bandaríkjanna allt annan fisk. Við flytjum þangað nokkuð af karfaflökum og hefur verðið verið þar miklum mun lægra. En við flytjum þangað mjög mikið af ýsuflökum og ýmsum öðrum góðfiski, þar sem við höfum haft ágætan markað fyrir það, og við flytjum þangað líka fisk, sem er í miklu dýrari umbúðum og kostar okkur í framleiðslu allt annað en fiskur, sem við flytjum á þann markað, sem þarna var verið að gera samanburð á. Ég efast ekki um, að tiltölulega hagstætt verð, sem hefur verið í Bandaríkjunum á þessu ári, einkum seinni hluta ársins, mun hafa gert það að verkum nú, að við kunnum að fá eitthvað hærra verð þar út úr þorski, sem við flytjum þangað, heldur en út úr þessu litla þorskmagni, sem við áttum samkv. samningi að flytja til Rússlands.

En svona hefur þetta samt sem áður verið á undanförnum árum, að þessu hefur verið elveg á annan veg farið. Hitt er svo aftur dregið undan, að auk þess sem meginhlutinn af því fiskmagni, sem við höfum selt til Rússlands, hefur verið karfi og gefið okkur það bezta verð, sem við höfum fengið fyrir þá vöru útflutta, þá höfum við aftur á móti haft okkar langsamlega hagstæðustu markaði fyrir útflutt þorskflök í Tékkóslóvakíu og í Austur-Þýzkalandi, sem hafa gefið okkur miklum mun hærra verð en við höfum nokkurn tíma fengið í Bandaríkjunum. Þarna styðst ég líka beinlínis við útreikninga, sem ég á í mínum höndum frá SH og get lagt fram hvenær sem er, sem þeir hafa lagt fram m. a. í samningum við sjálft ríkisvaldið.

Nei, það er afar varhugavert að slá fram fullyrðingum eins og þessum, og þær eru auðvitað ekki í neinu samræmi við það, sem rétt er að gera varðandi sölu og útflutning á sjávarafurðum. Það er engin ástæða til þess að draga neina dul á það, að að því leyti sem við höfum flutt út fiskafurðir okkar til sósialistísku landanna, þá höfum við fengið þar mjög hagstætt útflutningsverð miðað við aðstæður á hverjum tíma. Yfirleitt hafa þeir markaðir gefið okkur hæst verð. Hins vegar er það líka alveg rétt, að markaðurinn í Bandaríkjunum hefur verið okkur mjög dýrmætur og þýðingarmikill. Þar höfum við fengið beinlínis bezta verðið fyrir vissar tegundir, sem við höfum þangað flutt, og því hefur ekki verið nema sjálfsagt að reyna að kappkosta að halda í þann markað, eins og tök hafa verið á. En það verður enginn að bættari að ætla sér að stilla þessu hverju gegn öðru, og það ættu þeir sízt að gera, sem hafa jafnmikla ábyrgð í þessum efnum og stjórnendur í SH.

Þegar svo í framhaldi af þessu er sagt, að íslenzkir framleiðendur hafi búið við miklu meira öryggi á vissum mörkuðum á Vesturlöndum en á mörkuðum þeim, sem við höfum haft viða í Austur-Evrópu, þá undrar mig líka að heyra mann segja það hér á Alþingi, sem er í stjórn SH, og sýnir það greinilega, hversu langt pólitískir fordómar geta leitt mann, að halda slíku fram sem þessu. Þessi hv. þm. hlýtur að vita, að við höfum haft nú um nokkurt skeið stóra fyrirframsamninga við þessi sósialistísku lönd. Við höfum selt þeim mikið magn af frosnum fiski með þriggja ára samningi, þar sem tiltekið magn hefur verið. Og við áttum kost á að selja til þessara landa tiltekið mikið magn og gera samninga 3 ár fram í tímann. Slíkt vitanlega skapaði hér gífurlega mikið öryggi, og mér er kunnugt um það, að ýmsir forustumenn þessarar framleiðslugreinar á Íslandi telja, að með öllu hefði verið útilokað, eins og aðstæður hafa verið á Íslandi, að leggja út í slíka framleiðslu, eins og við höfum gert í þessum efnum, ef við hefðum ekki haft svona samning á borðinu. Og hvernig varð líka, þegar við höfðum ekki þessa samninga? Ég dreg ekki í efa, að þessi hv. þm. man eftir ástandinu, sem hér var ríkjandi t. d. árin 1951 og 1952 í sambandi við hraðfrystingu á fiski. Ég býst við því, að hann hafi fengið skeyti frá SH eins og aðrir framleiðendur, þar sem þeim var tilkynnt, að hverju húsi á landinu væri bannað að framleiða nema ¾ hluta af því þorskmagni, sem þau hefðu framleitt til frystingar árið á undan, vegna söluerfiðleika. Þannig varð að setja sérstakar hömlur á framleiðslu frystihúsanna, vegna þess að markað skorti, af því að þá voru ekki þessir stóru samningar fyrir hendi. Þetta var vitanlega mjög alvarlegt ástand, og þá datt framleiðsla frystihúsanna mikið niður. Við vitum, hvernig Bretar kipptu snögglega að sér hendinni, þegar þeir rákust nokkuð á okkur hér í öðrum greinum. Við seldum áður til þeirra mjög mikið magn af frosnum fiski, en þeir kipptu að sér hendinni. Og við höfum svo sem séð sveiflurnar á bandarískа markaðinum líka. Þær hafa ekki verið neitt smáar, sveiflurnar þar. En þrátt fyrir það, þó að þar hafi verið sveiflur og þó að sveiflur séu á ýmsum mörkuðum Vesturlanda, þá hefur mér aldrei komið til hugar, að við ættum ekki að reyna að nýta þá markaði til hins ýtrasta og vaka yfir öllum möguleikum þar og selja þeim alveg fordómalaust. Þegar ég var í ríkisstj., gaf ég beinlínis fyrirmæli um það í þessum efnum, að þeir aðilar, sem með þessi mál hafa að gera, reyni að notfæra sér markaðinn í Bandaríkjunum til hins ýtrasta. En aðkoman hins vegar var þannig, þegar ég kom í ríkisstj. seinni part sumars 1956, að þá urðum við að hlaupa á náðir Sovétríkjanna og biðja þau um að taka af okkur umfram samninga, sem þá lágu fyrir, 8 þús. tonn af frosnum fiski, sem við gátum ekki komið út og lágu þá hér óseld að hausti til 1956 og þau tóku þá af okkur umfram gerða samninga. Og það er ekki í fyrsta skiptið, sem leitað hefur verið til þessa stóra kaupanda okkar á þennan hátt, þegar aðrir markaðir hafa ekki dugað okkur, enda er ég fullviss um það, að hv. 3. þm. Austf., sem hér talaði og er stjórnarmaður í SH, kann vel í sínum samtökum að meta gildi þessara viðskipta, sem þarna er um að ræða, og kemur auðvitað ekki til hugar, nema þá í einhverjum pólitískum fullyrðingum hér á Alþingi, að hér sé ekki um mjög þýðingarmikinn markað að ræða og þýðingarmikil viðskipti.

Þetta vildi ég láta koma hér fram í sambandi við orð, sem hér hafa fallið um verðlagsmál á útfluttum frosnum fiski, af því að ég tel, að þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar áður um þetta, hafi verið mjög villandi og í sumum tilfellum rangar. Og eins viðvíkjandi því öryggi, sem er í þessum mörkuðum, þá álít ég líka, að hér hafi fallið vægast sagt mjög hæpnar fullyrðingar. Hitt er vitanlega ekki aðalatriðið í þeim umr., sem hér hafa farið fram, að fara í einhvern meting um markaði í þessum efnum. Það er ekki kjarni þess máls, sem hér ræðir um. Alveg eins er það, að það er vitanlega líka mjög villandi í þessum efnum, þegar hv. 3. þm. Austf. (EinS) gerir hér samjöfnuð á því, að Sölumiðstöðin og aðrir útflytjendur á frosnum fiski hafi fest allmikið fé í Bandaríkjunum og víðar erlendis í vörubirgðum þar eða óseldum fiski, og svo skuldum, sem séu nú hjá ýmsum sósialistísku ríkjunum, eins og Tékkóslóvakíu og Austur-Þýzkalandi, við íslenzka ríkið. Það er alveg furðulegt að ætla að jafna þessu saman. Hv. þm. hlýtur að vita, að viðskipti okkar við þessi lönd, eins og t. d. Tékkóslóvakíu og Austur-Þýzkaland, eru búin að standa í mörg ár. Þau hafa næstum allan tímann staðið þannig, að þessi lönd hafa átt hjá okkur tugi milljóna og jafnvel hundruð milljóna króna. Reikningurinn hefur allajafna staðið þannig, og

þannig hefur þetta langoftast verið við þessi vöruskiptalönd. Það er fyrst nú á þessu ári, að þetta hefur snúizt við, og þá eingöngu af því, að íslenzk stjórnarvöld hafa kosið að hafa þetta svona. Við vitum, að okkar samningur við þessa aðila hefur verið byggður á þeim grundvelli, að þeir keyptu af okkur á tilteknu verði ákveðið magn af fiski, en í staðinn ættum við að kaupa frá þeim tiltekna vöruflokka og oft og tíðum líka á tilteknu verði, en stundum vitanlega eitthvað breytilegu verði eða heimsmarkaðsverði. Á þessum grundvelli höfum við samið við þessa aðila. Fram til þessa árs, eins og ég segi, hefur það verið þannig, að við höfum flutt inn vörur frá þessum löndum miklum mun hraðar en þau hafa aftur tekið fiskinn frá okkur. Við höfum verið í skuld lengst af við þau. Nú hins vegar hefur þessu verið hagað þannig, að þessir aðilar, einkum þó annar af þessum tveimur, sem nefndir voru, Austur-Þýzkaland, þeir hafa tekið fiskinn af okkur, sem við höfum mjög gjarnan viljað selja þeim á hinu háa verði og útflytjendur hafa allajafna lagt mikla áherzlu á að koma þangað út, — þeir hafa tekið fiskinn, en íslenzk stjórnarvöld hafa meira eða minna staðið í vegi fyrir því, að Íslendingar keyptu þær vörur, sem þeir áttu að kaupa í staðinn, og þannig hefur samkv. rétt gerðum samningum myndazt innistæða Íslendinga á tímabili. En hér er um samninga á milli ríkisstjórna sumpart að ræða og á milli þjóðbanka og allar upphæðir 100% öruggar eða tryggar, sem sagt farið eftir samningum í einu og öllu. Hitt atriðið, sem hér hefur dregizt inn í þessar umr. og átti að vera eitthvað sambærilegt hjá þessum hv. þm., er vitanlega gersamlega annars eðlis. Í því tilfelli flytja Íslendingar út svo og svo mikið af sínum afurðum, stofna til verksmiðjurekstrar í öðru landi, vinna þar úr vörunni, dreifa henni síðan soðinni og steiktri út í smásöluverzlanir, t. d. út um öll Bandaríkin, og þannig eru þarna á ferðinni þessi miklu verðmæti okkar, án þess að við höfum fengið greiðslu fyrir þessi verðmæti eða greiðslutryggingu, hana höfum við ekki fengið. Hér er því vitanlega alveg óliku saman að jafna, og er vitanlega rangt að stilla málunum upp á þann hátt, sem hér hefur verið gert.

Annars vildi ég segja um þær umr., sem hér hafa farið fram um SH og hennar verkefni, að mér sýnist, að það sé í rauninni viðurkennt af öllum, sem þátt hafa tekið í þessum umr., að SH sem samtök mjög margra frystihúsa í landinu séu eðlileg samtök, eðlilega tilkomin og hafi góðan tilgang, og það sé yfirleitt erfitt að hugsa sér það að hafa ekki einhver slík samtök til þess að standa að því að koma framleiðslu frystihúsanna í eðlilegt verð á erlendum mörkuðum. Þetta hefur komið fram í umr. hjá öllum. Deilurnar hér í þessum efnum hafa því ekki snúizt um SH sem félagssamtök, heldur er það, að hér hefur verið uppi nokkur ágreiningur manna á milli um tiltekna rekstrarstarfsemi SH, og það er engin launung á því og hefur ekki heldur farið lágt, að fjöldamargir aðilar innan SH og í beinum tengslum við hana hafa ekki verið alls kostar, svo að maður taki vægt til orða, ánægðir með þennan rekstur eða þetta fyrirkomulag og heimtað á því talsvert miklar breytingar í ýmsum efnum. Ég held fyrir mitt leyti, að tilgangurinn í þessum efnum hafi verið góður, það hafi verið ætlunin að reyna að gera hið bezta og sitthvað hafi unnizt sæmilega í þessum efnum. En það verð ég þó að segja, að mig undrar það nokkuð, þegar ég heyri þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar, hversu langt hefur verið farið inn á mjög umdeilanlega braut, og ég verð að segja það, að ég get ekki trúað því, að það yrði liðið til lengdar í efnahagsmálum okkar Íslendinga, að þannig yrði farið í mörgum öðrum greinum, ef menn gerðu það algerlega af frjálsum vilja. Það er auðvitað enginn vafi á því, að svo er komið, eins og hér er upplýst, að það er búið að flytja vestur til Bandaríkjanna mjög mikið af frosnum fiski, sem er veðsettur bönkunum í landinu, hann er fluttur þangað óseldur og búið er að sjóða og steikja mikið af þessum fiski og dreifa honum út í smásölubúðir og svo er komið, að útistandandi eru þarna verðmæti upp á milli 60 og 70 millj. kr., eins og hér hefur verið upplýst, og maður getur vitanlega ekki haldið því fram, að fullnægjandi trygging sé fyrir því, að þessi verðmæti skili sér heim aftur. Það hefur gefizt vel, en þó aldrei betur en svo, að þessi miklu verðmæti hafa þó staðið úti og standa úti, og þau hafa aldrei komið heim öll, það hefur aldrei orðið hreint borð. Ég held, að því verði varla neitað, að það sé erfitt fyrir litla þjóð að stofna til þess í mörgum greinum, að þeir, sem hafa útflutning með höndum, leggi í það að flytja út kannske mikinn hluta af ársframleiðslu þjóðarinnar til almennrar sölumeðferðar í smásölu í öðrum löndum, hafandi auðvitað sáralitla fullnaðartryggingu fyrir því, hvort verðmætin skila sér örugglega heim eða ekki. Það er auðvitað heldur engin launung á því, að bankar landsins hafa gefið þessu auga og hafa af því allmiklar áhyggjur, hvort það fái raunverulega staðizt að haga þessu svona. Mér er vel kunnugt um það, að aðilar, sem nokkuð stendur svipað á um og okkur í þessum tilfellum, hafa haft annan hátt á. Þeir hafa látið hin erlendu fyrirtæki, sem þeir hafa stofnað til, kaupa hina útfluttu hrávöru og annast verksmiðjureksturinn í útflutningslandinu, og vitanlega hefur þessi rekstur, sem þar hefur farið fram, síðan átt að skila heim til heimalandsins þeim hugsanlega hagnaði, sem út úr öllu hefur komið, en ekki haft beinlínis í sínum rekstri jafnvel 100 millj. af sjálfri þjóðarframleiðslunni hjá útflutningslandinu, eins og er hér hjá okkur.

Það þýðir ekki heldur að draga neina dul á það, að frystihúseigendur á Íslandi, sem þannig verða að liggja í langan tíma með miklar skuldir í bönkum og háar vaxtagreiðslur, vegna þess að afurðir þeirra eru einhvers staðar til sölumeðferðar í marga mánuði í öðru landi og eru þar vaxtalausar, því að þeim eru ekki greiddir neinir vextir, nema að því leyti sem slíkt kann að skila sér í hagstæðu verði, sem kann að koma heim, — að þessir frystihúseigendur hafa verið óánægðir með þetta og það hefur verið uppi hörð kritík innan Sölumiðstöðvarinnar út af þessu fyrirkomulagi og menn hafa óskað eftir því að þurfa ekki að láta afurðir sínar á þennan háátt í rekstrarkostnað fyrirtækja í öðrum löndum mánuðum saman. En sem sagt, þær aths., sem menn gera um þetta, þurfa ekki að þýða, að menn séu á móti því að reyna að nýta þennan markað til hins ýtrasta og reyna að fá út

úr hinni útfluttu vöru allt það verðmæti, sem þar er hægt að fá. Ég fyrir mitt leyti er því ekki andvígur, að reynt sé á þennan hátt að koma út eins miklu af frosnum fiski í Bandaríkjunum og tök eru á og fá út úr honum allt það verð, sem hægt er að fá út. En ég held, að það sé enginn vafi á því, að það eigi að gera verulegar breytingar á formi þessa rekstrar og öllu skipulagi Ég held, að það sé enginn vafi á því, að þetta fær ekki staðizt. Og þó að hv. 3. þm. Austf. þætti það, sem kom fram í þessum umræðum, eiginlega fjarstæðukennt, að minnast á það, að líklega yrði ekki vel séð, ef aðrir útflytjendur, t. d. eins og skreiðarframleiðendur og saltfiskframleiðendur, tækju upp nákvæmlega sama skipulag, þá er ég alveg viss um það fyrir mitt leyti, að bæði ríkisstj. landsins og bankar landsins mundu taka í taumana, ef þetta væri gert á mjög breiðum grundvelli. Ég er alveg viss um það, að bankar landsins mundu segja, — ég held líka, að enginn vafi sé á, að þannig séu málin, — þeir mundu segja, að þeir hefðu enga heimild til þess að leyfa skreiðarframleiðendum á Íslandi að taka verðmæti upp á 200—300 millj. kr., flytja slíkt, sem er veðsett af bönkunum, þar sem peningar bankanna eru liggjandi í afurðunum, — flytja slíkt suður til Nígeríu og láta það liggja þar í skemmum, á meðan er verið að reyna að peðra þessu þar út um allt og reyna að selja þetta, auðvitað fyrir eins hátt innanlandsverð og hægt er að fá út úr vörunni. Ég er hræddur um, að mönnum þætti þetta allmikið áhættufyrirtæki, og ég er anzi hræddur um það, að ef saltfiskurinn bættist þarna í hópinn líka, búið væri að flytja allar saltfiskbirgðir okkar suður til Brasilíu, suður til Spánar eða annarra landa og þar ætti að fara að tilreiða þetta og kokka þetta ofan í viðkomandi þjóðir og selja þetta í smásölu og gera þetta síðan allt upp löngu seinna, þá þætti ýmsum forráðamönnum þjóðarinnar nóg komið með það að taka framleiðslu landsmanna og setja hana í áhættuveltu erlendis. Ég held því, að það þurfi að athuga vel, hvað hér er að gerast, þannig að öllum formum sé hér fylgt og að menn fari ekki út í allt of mikla áhættu.

Ég heyrði, að hv. 3. þm. Austf. sagði, að Rússum og Tékkum hefði verið boðið upp á þetta sama og þeir hefðu ekki þegið þetta enn þá. Þetta kann vel að vera. Það getur vel verið, að ef Rússar féllust á það um þessi 30 þús. tonn eða helminginn af öllum hraðfrysta fiskinum, sem við flytjum út, upp á milli 3 og 4 hundruð millj. kr., að við færum að setja upp stór eldhús þar austur frá og kokka þetta í þá og selja þetta þar um allar trissur, — það getur vel verið, að það væri hugsanlegt, að dæmið gerðist þannig upp, að við fengjum eitthvað meira út úr hverju kg en við fáum nú. Það er kannske líka sanngjarnt að fá eitthvað fyrir alla áhættuna. En má ég nú spyrja: Væri t. d. hv. 3. þm. Austf. ekkert hræddur við það, af því að mér virðist hann stundum í ræðu sinni vera svolítið hræddur við Rússa og þá þarna fyrir austan, — væri hann ekkert hræddur við það að eiga þetta allt saman ótryggt þarna í höndunum á þeim fyrir austan? Gæti hann ekki búizt við því, að einhver fjandinn gerðist þar og það væri ekki alveg víst, að öll verðmætin kæmu heim aftur og það yrði þá dálítið mikið höfuðhögg fyrir íslenzka þjóðarbúskapinn, ef svo færi? Ég er alveg viss um, að hann yrði hræddur um þetta fyrir austan, eða þannig met ég það. En ég nefndi aðeins þetta dæmi til þess að leiða svolítið athygli á því, að hér er auðvitað um stórfelldan áhætturekstur að ræða, að flytja út þúsundir tonna fyrir marga tugi millj. kr., eiga það erlendis og það í verksmiðjurekstri þar, — það er mikil áhætta í því fyrir þjóðarbúið, hvort þetta raunverulega skilar sér allt heim eða ekki, fyrir nú utan það, að ég er á þeirri skoðun, jafnt viðvíkjandi SH og öðrum svona fyrirtækjum, að ég álít, að það nái engri átt að innleiða það fyrirkomulag hér á Íslandi, að nokkurt fyrirtæki í landinu geti farið með framleiðsluvörur þjóðarinnar til annarra landa óseldar, og auðvitað ótryggðar þannig, hafi þar stórkostlegan rekstur með mörgum fyrirtækjum og jafnvel sölubúðum, án þess að íslenzka ríkið hafi þá mjög náið eftirlit með þessari starfsemi og gæti að því, að hér sé hvergi neinu undan skotið og að þjóðin fái sitt.

Ég verð einnig að segja það í sambandi við þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram: Við vitum, að það hefur tíðkazt um alllangan tíma hér á landi, að það hafa verið lánuð svonefnd endurkaupalán eða sérstök seðlabankalán út á framleiddar útflutningsvörur. Þar hefur verið um allmiklu vaxtalægri lán að ræða en almenn lán eru, þessi svonefndu afurðalán, — vextirnir hafa verið miklu lægri. En hvað er það, sem raunverulega er að gerast samkvæmt þessum upplýsingum? Það er það, að svo er komið, að afurðalánum, hlunnindalánum með lágum vöxtum, sem veitt eru, þeim er haldið, varan er tekin, flutt suður til London, og þar er hafinn sölubúðarekstur. M. ö. o.: menn fá seðlabankalán, afurðakaupalán með lágum vöxtum til þess að reka búð í London. Svona er það. Það getur auðvitað enginn fengið þessi afurðalán til þess að reka verzlun á Íslandi, en svona er fyrirkomulagið. Ég er sannfærður um, að þetta fær ekki staðizt. En ég undirstrika það enn: ég er ekki á móti því, að við reynum að notfæra okkur allar leiðir til þess að fá eins mikið út úr okkar afurðum, sem seldar eru í London og í Bandaríkjunum, eins og tök eru á. En það verður bæði að gera þetta á þann hátt, að tryggilega sé um hnútana búið og að það sé farið fullkomlega að lögum í þessu öllu saman, því að annars hafa m. a. gagnleg og nauðsynleg sölusamtök íslenzkra fiskframleiðenda tjón og skakkaföll af öllu saman.

Ég verð svo einnig að segja það í sambandi við þessar umræður, sem ég ætlaði mér annars ekki að blanda mér mikið inn í, að það kom mér nokkuð á óvart að heyra það upplýst hér á Alþingi, að SH, sem er sölustofnun frystihúsanna í landinu og á í rauninni sjálf ekkert, hefur til sölumeðferðar framleiðslu frystihúsa, á að koma henni í verð fyrir eins mikið fé og mögulegt er og skila því til frystihúsanna eins fljótt og hægt er, — að heyra það, að SH hefur lánað tilteknum aðilum, eins og Tryggingamiðstöðinni, nokkrar millj. kr. Hvaða fé getur SH verið að lána, hvaða peninga? Hún á enga peninga sem slík. Hún er hér vitanlega að lána þá peninga, sem frystihúsin í landinu eiga, afurðir þeirra, sem eru meira og minna veðsettar bönkunum, — hún er að lána þetta stofnun, sem út úr

fyrir sig þurfti ekki á neinum lánum að halda, en þessi stofnun tekur við láninu, fyrir fram ákveðin í því, að hún ætlar að framlána það öðrum mönnum, og svo koma jöfnum höndum stjórnendur SH sem aðrir og taka þessa peninga að láni til þess að kaupa sér fyrir báta og togara. Ég segi það fyrir mitt leyti, að ég tel, að þessar upplýsingar komi svo þvert á mig, að mér hafði ekki komið þetta til hugar, og ég undrast það að heyra þessar upplýsingar, og ég neita því, að hér sé á nokkurn hátt farið að réttum lögum og leikreglum. Ég er formaður — og hef lengi verið það — í einu stóru frystihúsi. Ég hef aldrei heyrt fyrr, að þetta væri svona til komið. Okkur var að vísu vel kunnugt um það, að þetta tryggingafyrirtæki er að lána út og lofa lánum til fiskiskipakaupa. Það gera önnur vátryggingarfélög líka. En að peningarnir væru svona til komnir, það hafði ég ekki hugmynd um, og ég tel, að það sé mjög ámælisvert að haga þessu á þennan hátt og það hreinlega skaði þessi samtök í almenningsálitinu á Íslandi.

Ég fyrir mitt leyti álít, að SH eigi ekki á neinn hátt að skorast undan, að sú athugun fari fram, sem er lagt til með þeirri till., sem hér er til umræðu. Og ég vil vona það fyrir mitt leyti, að þeir aðilar úr stjórn SH, sem hér eiga sæti á Alþ., styðji fremur þessa till. en hitt. Ég held, að það sé orðið nauðsynjamál, eins og þessum málum er orðið háttað, einmitt vegna þessara heildarsamtaka, að fá það hreint á borðið, hvernig þessi mál öll liggja fyrir. Mér er það ljóst, að það hefur verið haldið uppi allmiklum áróðri um þessi samtök, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að í sumum tilfellum er þessi áróður óréttmætur. En hitt kann að vera, að það sé allmikið um það að ræða, að það sé misbrestur á um framkvæmd á ýmsum atriðum í rekstri þessara samtaka, og þá held ég, að það sé líka bezt fyrir samtökin sjálf að fá þetta uppgert og hreint. Hlutlaus rannsókn, sem Alþingi stendur fyrir, á ekki að geta orðið samtökunum á neinn hátt til tjóns. En hitt verður þeim til tjóns, ekki síst eftir þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram á Alþingi, að ætla að streitast gegn því, að opinber og hlutlaus athugun fari fram á þessu. Það verður þeim til tjóns, það er áreiðanlegt.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál hér að sinni. Ég vildi fyrst og fremst með orðum mínum leggja áherzlu á það, að ég vil vara við því í umr. hér um þetta og önnur skyld mál að draga afurðasölumálin á þann hátt inn í umr., sem hér hefur verið gert, þar sem hefur verið settur á þau allpólitískur blær og gefnar þær upplýsingar varðandi sölu á okkar afurðum, sem ég tel rangar og geti reynzt okkur beinlínis hættulegar í áframhaldandi samningum um þau mál.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) lét í ljós í dag í ræðu sinni, að hann teldi ósköp eðlilegt, þegar menn ræddu þessa þáltill., sem hér er til umr., að þá væri í leiðinni rætt um fiskverð til íslenzkra útgerðarmanna og fiskverð til íslenzkra sjómanna, og þetta væru í raun og veru tvær hliðar á sama málinu. Þetta er alveg óumdeilanlegt, og þess vegna hafa þessi mál mjög blandazt inn í umr. um till. Það skilur hver maður, að eftir því sem meira kynni að vera tekið af raunverulegu verðmæti íslenzkra sjávarafurða í ýmiss konar sölumeðferð eða fyrirgreiðslu, eftir því verður minna til framleiðendanna, útgerðarmanna og sjómanna, sem sé fiskverðið. Fiskverðið yrði þá til af þeim afgöngum, sem eftir væru, þegar ýmsir aðilar, sem þarna koma við sögu, væru búnir að taka sitt, ef til vill búnir að taka meiri hlut en hóflegt væri sér til handa. Þetta gæti verið gert t. d. í of háum vöxtum, þetta gæti verið gert í óhóflegum gróða til olíuhringanna, þetta gæti verið gert til óhóflegrar fjártöku hjá fisksöluhringunum, þetta gæti verið tekið með óhóflegum gróða vátryggjenda, þetta gæti verið tekið í óhóflegum gróða farskipaeigenda, og þetta gæti verið tekið í óhóflegri álagningu í sambandi við útvegun útgerðarnauðsynja, eins og kola, salts og veiðarfæra, og þá skilja auðvitað allir samhengið í því, að ef allir þessir eða einhverjir þeirra tækju of mikið í sinn hlut, þá gæti þetta komið til með að bitna á frumframleiðendunum, sjómönnum og útvegsmönnum, í of lágu fiskverði, þeir fengju afganga, sem væru of naumt skornir. Það er þetta, sem ég er hræddur um. Þess vegna er óskað eftir því, að rannsakað sé um einn stóran aðila, hvort hann hafi stungið þarna of miklu til sín, og mætti rannsaka það hjá fleiri aðilum að mínu áliti.

Af þessu, hvað íslenzkir útvegsmenn og sjómenn hafa fengið í sinn hlut, hafa risið deilur, alvarlegar deilur, sem hafa leitt til stöðvunar á atvinnulífinu, ekki aðeins vegna ágreinings við sjómennina, heldur einnig við útgerðarmennina, sem sumir hverjir eru stjórnendur í þessu fyrirtæki, sem hér er um að ræða. Neita nú t. d. sumir þeirra að semja í sínum heimahögum um smáuppbætur til sjómanna, eins og t. d. hlífðarfatapeninga og annað slíkt, þó að allar verstöðvar í kringum þá hafi samið um þetta, og geta látið stranda á þessu, geta stöðvað sína útgerð á þessu.

Hv. 1. þm. Vestf. var í dag miklu hógværari í ræðu sinni en hann var í gær, og ég hef ekkert út á hans málflutning að setja. Hann dró einmitt inn í þessar umr. með eðlilegum hætti olíuverð og minnti á það, að hann hefði verið í mþn., sem hefði fjallað fyrir nokkrum árum um olíuverðið. Nefndin framkvæmdi rannsókn á gróða olíufélaganna og komst að þeirri niðurstöðu, að það mætti vel þrengja meira að olíuhringunum, minnka þeirra gróða, og það skal ég fyllilega játa, að hv. 1. þm. Vestf. gekk kannske af þeim nm. einna lengst í því að telja, að þarna mætti skerða þeirra gróðahlut. Það er alveg rétt til getið hjá honum, að ég fékk þetta nál. á sínum tíma í mínar hendur, og það leiddi líka til þess, að þegar ég hafði afskipti af verðlagningu á olíu sem þátttakandi í ríkisstj., þá var það til verðlækkunar upp á 10 millj. kr., enda emjuðu olíufélögin þá mikið, þó að hv. þm. muni ekki eftir þeim ópum lengur. Hins vegar var sú aðstaða aftur hjá vinstri stjórninni og þá sennilega hjá öllum stjórnum með því skipulgi, sem þá var, að þegar aftur höfðu einhverjar hækkanir orðið á erlendum markaði, þá tók innflutningsskrifstofan við Skólavörðustíg þessi mál aftur til yfirvegunar og meðferðar og verðákvörðunar, og þá dugði ekki, þó að einhver aðili í þeirri nefnd vildi lækka, vildi þrengja að þeim, þá var því áfrýjað til ríkisstj. af einum aðila, einkanlega af fulltrúa Sjálfstfl. í inn-

flutningsskrifstofunni, til þess að knýja fram hækkanir í staðinn. Þetta leiddi til þess, að ekki fékkst eins mikil lækkun á olíuverðinu og bæði ég og ig heyri nú og vissi þá, að hv. 1. þm. Vestf. taldi réttmætt að knýja fram, því að það er sannast sagna, að hann var með þeim róttækustu í því, að það mætti þrengja mikið að olíuhringunum. Ef t. d. fulltrúi Sjálfstfl. í innflutningsskrifstofunni hefði verið á sama máli, þá hefði þetta fengizt fram, en hann áfrýjaði og fékk meðhald í ríkisstj. hjá vissum aðilum um að ganga ekki of nærri olíuhringunum.

Hv. 1. þm. Vestf. vék að því, ekki aðeins einu sinni í ræðu sinni í dag, heldur oftar, hvað eftir annað, að ég hefði tekið fram, að það mætti með engu móti fara að rannsaka neitt hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga í sambandi við fisksölumeðferð þess erlendis. Þetta er rangt hjá hv. þm. Ég vék aldrei að því og hef aldrei beðið SÍS neitt undan slíkri rannsókn. Það er mín skoðun, að hver sá aðili, sem fer með sölumeðferð fisks erlendis, eigi sjálfur að fallast á það, að slík hlutlaus rannsókn fari fram, svo að allar rangar hviksögur séu í eitt skipti fyrir öll kveðnar niður. En ég hef ekki heyrt þennan hv. þm. óska eftir því, að rannsókn færi fram á þessari meðferð fisksölumálanna hjá SH, sem hann ætti þó einmitt að óska eftir, ef hann er sannfærður um, að þarna sé allt hreint í pokanum. Hv. 3. þm. Austf. ætti líka að óska eftir þessu, í stað þess að ætlast til þess, að upplýsingar hans undan og ofan af hér frammi fyrir þingheimi séu teknar jafnt gildar og t. d. rannsóknarniðurstaða hlutlausrar þingnefndar, sem er tvennt ólíkt. En hann vikur að því einmitt í dag í sinni ræðu, hv. 3. þm. Austf., að hann sé á móti þessari rannsókn, því að hann telji, að hún miði að því að bregða fæti fyrir SH.

Hv. 1. þm. Vestf. hélt því fram, að fjárfestingin, sem nú er upplýst að er stórfelld erlendis hjá SH, sé gerð til þess að hækka fiskverð. Það má vel vera, að þessi góði tilgangur hafi vakað fyrir forráðamönnum SH, og væri það eitt af þeim atriðum, sem gæti þá komið í ljós við rannsókn, hvort þessi góði tilgangur hafi orðið að veruleika, hvort sú viðleitni hafi náð sínum tilgangi. En þetta liggur ekki á borðinu, þótt það sé fullyrt. Það gæti t. d. verið, að þessi hliðarfyrirtæki væru mynduð til þess að mynda gróða þeim til handa, en ekki til handa fiskframleiðendunum, sem hefðu lagt hráefnið til. Og það er einmitt þetta sem mundi upplýsast við rannsókn, hvort þessi gróði, sem þarna hefði kannske myndazt, færi til frumframleiðendanna, fiskeigenda og útgerðarmanna og sjómanna, eilegar til þeirra sérfyrirtækja og yrði séreign þeirra, sem þessa starfsemi annast, og væri þannig tekinn til hliðar.

Þá vék hv. 1. þm. Vestf. að því, sem ég hafði sagt út af þeim deilum, sem orðið hafa m. a. vegna þess, að fiskverð þyki of lágt hér í landi, og fullyrti, að sams konar lögbrot ættu sér stað hjá verkalýðssamtökunum í verkföllum, eins og, skildist mér, þau lögbrot, sem ég hafði skýrt frá í ræðu minni í gær að hefðu átt sér stað af hendi L.Í.Ú. í sambandi við sjómannadeiluna. Þetta er hinn mesti misskilningur, hin mesta firra, fjarri öllum sanni. Það hefur tíðkazt, að L.Í.Ú. hefur látið sína umbjóðendur skrifa upp á víxla upp á háar upphæðir til þess að hafa þá í eins konar skuldafjötri, ef þeir vildu knýja fram sinn eigin vilja, svo að þeir gætu ekki losnað úr umboði L.Í.Ú. Þetta er einhver grófasta kúgunaraðferð, sem hefur verið beitt af þessum samtökum og hindrar mjög frjálsa samningagerð. Þetta var ekki gert núna. En það var höfð önnur aðferð í þetta skiptið. Hin fékk að vonum á sig óorð, þegar henni var beitt, hún var fordæmd, enda algert síðleysi. Nú voru tekin ófafturkallanleg umboð af útgerðarmönnum á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og alls staðar í kringum landið, og þegar að því kom, að L.Í.Ú., sem hafði þessi umboð í höndum, var svo tregt til að ganga til móts við fulltrúa sjómanna um fiskverð og skiptakjör, að útgerðarmönnunum sjálfum úti um landið ofbauð og þeir létu í ljós: Við mundum vilja semja um meiri lagfæringar sjómönnum til handa, — og létu það í ljós, að þeir vildu semja, þá var kippt í spottann svo ónotanlega, að austur á Austfirði, vestur á Firði og norður í land var þessum mönnum tilkynnt: Ef þið vogið ykkur að láta ykkar báta fara í gang fyrir hærri kjör en við erum nú að þvinga í gegn í Reykjavík, þá skulu þeir verða gerðir upp. Þetta var samningafrelsið. Þetta var framkvæmdin á ákvæðum vinnulöggjafarinnar um, að tveir frjálsir samningsaðilar skuli mætast til þess að ákveða kaup og kjör og fiskverð í landinu. Þetta eru lögbrot. Slík lögbrot hefur verkalýðshreyfingin aldrei framið. Og núna, þegar okkar umboðsmenn höfðu sýnt svo mikla tilhliðrunarsemi og sanngirni, — meira en sanngirni, höfðu samið sig svo langt niður, að verkalýðssamtök í einum landshluta sögðu: Nú er komið niður fyrir þau kjör, sem við höfðum áður, og við getum ekki haldið okkar flota bundnum upp á mögulegkana á því að vera eingöngu samdir niður, — þá náði þeirra umboð ekki lengra. Þegar þeir sögðu: Við tökum okkar umboð til baka, — töldum við ríkari eign en umboð, og þá ákváðu þeir að semja á eigin spýtur. Við höfum hvorki tekið af þeim tryggingarvíxla né ófafturkallanleg umboð um, að þeir skyldu vera eins og mús í gildru. Nei, það voru eingöngu útgerðarmennirnir, sem höfðu hagað sér svo óvarlega og þannig gefið frá sér allan sjálfsákvörðunarrétt.

Það er alveg hárrétt sú skoðun, sem hv. 1. þm. Vestf. lét í ljós síðar í ræðu sinni. Hann sagði: Það er ólíkt íslenzkum verkamönnum að afhenda sjálfsákvörðunarrétt sinn öðrum í hendur. — Það gera þeir ekki. En það hafa útgerðarmenn glapizt á að gera og stóðu svo alveg varnarlausir gagnvart þessu, fengu ekki hreyft sín skip, þó að þeir vildu semja fyrir sanngjarnara fiskverð og sanngjarnari skipti við sína sjómenn en landssambandsforstöðuklíkan vildi vera láta, sem hafði ráð þeirra í hendi sér með ófafturkallanlegum umboðum og hafði þar með gert samningaréttinn að engu hjá þeim, sem áttu skipin. Í raun og veru hagaði 1. þm. Vestf. svo orðum sínum, að hann viðurkenndi þessi lögbrot og mælti þeim ekki bót, — það skal ég segja honum til lofs, — hann mælti þeim ekki bót, en vildi fullyrða, að sams konar lögbrot hefðu átt sér stað í hverju verkfalli af hendi verkalýðssamtakanna, og þá fannst honum þetta allt ganga upp og vera ágætt, afsaka þessi lögbrot með öðrum meintum lögbrotum af hendi verkalýðshreyfingarinnar. En í sambandi við þetta sagði hann: Þegar svona er komið,

þá er ómögulegt annað en Alþ. láti þetta til sín taka o. s. frv. — Það er kannske ætlunin að fara að grípa með löggjafarvaldinu inn í vinnudeilur og hafa tilefnið þetta: misnotkun L.Í.Ú. á samningsréttinum, — hafa það sem afsökun fyrir því að gera það. En ekki hygg ég, að það batni friðurinn um atvinnulífið í þjóðfélagi okkar, ef til slíkra óyndisúrræða yrði gripið og slíks ofbeldis.

Hv. 1. þm. Vestf. sagði, að hann og ýmsir fleiri skildu ekki, að það væri ekki hægt að velja aðra leið en þessa, sem hér væri farin, í skiptunum milli verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda. Já, það er nú margur gáfumaðurinn, fleiri en hv. 1. þm. Vestf., búinn að brjóta heilann um það, hvernig eigi að tryggja full mannréttindi og sjálfsákvörðunarrétt í skiptum milli atvinnurekenda og verkalýðs. Og það eru langir tímar liðnir, síðan hinir vitrustu menn í flestum lýðræðislöndum komust að þeirri niðurstöðu, að það yrði að viðurkenna verkalýðssamtökum verkfallsrétt, því að hann væri hliðstæður við þann rétt, sem atvinnurekendur ættu hægt með að beita sín á milli, sem væru fámennur hópur jafnan og kæmu sér alltaf saman um órjúfandi samstöðu, — það yrði að heimila verkalýðssamtökunum að hafa félagssamtök sín á milli og rétt til þess að segja til, hvenær þau vildu ekki láta vinnuafl sitt falt. Um þann rétt væri ekki hægt að neita verkamönnum, þ. e. verkfallsréttinn. Hins vegar gera þjóðfélögin ýmiss konar varúðarráðstafanir, og það hefur hið íslenzka þjóðfélag líka gert, um leið og það löggilti verkfallsréttinn. Þegar verkamenn leggja fram sínar kröfur um verðlð á sinni vinnu, það getur verið í formi fiskverðs m. a., þá er verkamönnunum skylt, samtökum þeirra, að láta trúnaðarmann ríkisvaldsins þegar í stað vita um þessar kröfur, gefa honum þannig kost á að fylgjast með þeim, og síðan á þessi trúnaðarmaður ríkisvaldsins að vera milligöngumaður milli hinna löggiltu samningsaðila, atvinnurekendanna og verkalýðssamtakanna, hefur þar visst vald til þess að knýja á um sáttfýsi af beggja hendi og bera fram miðlunartillögur og reyna þannig að ná sáttum. En viðurkenningin liggur fyrst og fremst í því, að báðir séu jafnréttháir samningsaðilar og eigi að leysa sín mál, fyrst og fremst við samningaborð, geti þeir það ekki einir og sjálfir, þá með milligöngu ríkisfulltrúans. Að fengnum samningum hins vegar er spursmálið um verkfall og verkfallsrétt búið. Þá kemur um það, hvernig á með að fara framkvæmd þeirra samninga, sem fengizt hafa. Og þar hefur ríkisvaldið sett dómsstól, sem á að dæma um það, hvenær sé um brot að ræða á hinum gerðu samningum og hvernig eigi að skilja viss ákvæði samninga, þegar atvinnurekandi heldur einu fram og verkalýðssamtökin öðru. Þetta er því í formi lýðræðis, laga, réttar og dómstóla í þessum lýðræðislöndum. Bretarnir hafa ekki kunnað önnur ráð, Frakkarnir ekki heldur, ekki Þjóðverjar eða nein menningarþjóð í Evrópu, ekki Norðurlöndin, ekki fundið nein form á þetta önnur skynsamlegri. Og ef hv. 1. þm. Vestf. gæti skákað öllum spekingum Evrópu og annarra landa og fundið eitthvað betra skipulag á þessi mál, þá held ég, að hans yrði minnzt í sögunni sem góðs Íslendings og viturs manns. Það er ekki nokkur vafi á því.

Þá vil ég víkja aðeins nokkrum orðum að hv. 3. þm. Austf. (EinS). Ég hafði mikið gaman af hans röggsamlegu ræðu í dag. Mér fannst hann leggja sig þar fram sem málsvari fyrir SH, og ég verð að segja það, að hann upplýsti ýmislegt, sem ástæða var til að upplýsa. En engan veginn sannfærðist ég um það, að hann hefði þar tíundað allt, og svör hans við þeim spurningum, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur lagt fram og sumar margendurtekið, hafa einhvern veginn farið fyrir ofan garð eða neðan hjá honum, og gaf hann engin svör við þeim. Hins vegar fullyrti hann í lok sinnar snörpu varnarræðu: Það er ekkert fé falið í SH, og það er því ekki hægt af þeim ástæðum að hækka fiskverð eða kaup. — Ef þetta er sannfæring hans og ef hann er alveg viss, að þetta sé svona, þá á hann að vera fyrsti maður til þess að greiða atkvæði með þeirri till., sem hér liggur fyrir, til þess að þetta sannist við hlutlausa rannsókn. Þá vænti ég þess ekki, að hann greiði atkvæði á móti þessari till. Það er ekki lagður fullur trúnaður á þetta, þó að hann segi það. Hann er í brjóstfylkingu þessara samtaka, sem hér eru til umræðu, og hann ætti einmitt að stuðla að því, að hlutlaus rannsókn þingnefndar færi fram, ef hann er sannfærður um, að þetta yrði hennar niðurstaða, því að þá væri mikill sigur unninn fyrir SH. En ef hann greiðir atkv. á móti þessari till., þá fæ ég illan bifur á honum, að hann viti í hugskoti sínu, að eitthvert fé sé falið hjá SH, sem, ef það væri dregið fram úr skúmaskotum, gæti orðið til þess að hækka fiskverð í landinu. Nú bíð ég eftir því, hvernig atkv. hans fellur gagnvart þessari till., og eftir því mynda ég mína skoðun á þessu.

Mér fannst það líka í engu samræmi við þessa fullyrðingu hans, þegar hann sló því hins vegar rétt á eftir föstu, að þessi till. væri SH ógagnleg, fjandsamleg, hættuleg, því að með henni væri lagður steinn í götu SH. Þessi till. væri því aðeins til að leggja stein í götu SH, að eitthvað kæmi í ljós við rannsóknina, sem væri ekki gott fyrir Sölumiðstöðina. En ef niðurstaðan af rannsókninni yrði sú, að hún sannaði sakleysi Sölumiðstöðvarinnar, þá væri henni mestur greiðinn gerður með framkomu þessarar till. og framkvæmd þessarar rannsóknar. Það er orðið upplýst einmitt af hv. 3. þm. Austf., að á annað hundrað millj. kr. hafa verið teknar til fjárfestingar í mörgum löndum í tveim heimsálfum. Það getur ekki verið, að þetta fé sé annars staðar komið en frá andvirði þess fisks, sem þessi fyrirtæki hafa haft til sölumeðferðar. Það er enn fremur upplýst af þessum sama hv. þm., að félög, sem Sölumiðstöðin hefur stofnað, hafi fest fé, fengið það að láni hjá SH og lánað það síðan út til útgerðarmanna til bátakaupa, til kaupa á togara, og er þetta auðvitað alveg á sama hátt og að stjórnendur Sölumiðstöðvarinnar hefðu krókalaust tekið að sér að lána einstökum mönnum þetta, án þess að sérstakt félag kæmi þar inn á milli. Þetta fé er vitanlega tekið til hliðar af andvirði þess fisks, sem þeir höfðu til sölumeðferðar. Nú kemur spurningin: Hefði nú, ef ekki hefði verið stofnað til þessarar fjárfestingar í Bandaríkjunum, Englandi og Hollandi og ekki verið teknar þessar millj. út úr rekstri Sölumiðstöðvarinnar, sem hafa verið lánaðar tryggingarstofnun, sem þeir hafa komið á fót, — hefði það ekki verið líklegt til þess, að þeir hefðu skilað hærra fiskverði til hraðfrystihúsanna og fljótar? Er ekki lík-

legt, að fjárfestingin hafi eitthvað tafið hröð skil? Og það er einmitt það, sem Sölumiðstöðin hefur verið gagnrýnd og tortryggð fyrir, að það kæmi ekki aðeins lágt verð, heldur líka seint. Og ég verð að segja, að það eru allar líkur til þess, að slík fjárfesting og slíkar lánveitingar hafi mjög orðið til þess að seinka því, að SH gæti skilað til réttra eigenda fisksins því verði, sem þeir áttu að fá. Og um þetta snýst í raun og veru málið. Þetta eru veigamikil atriði, sem rannsóknin, er till. fjallar um, átti að upplýsa. Spurningin mikla í sambandi við þetta mikla mál er þessi: Fá útgerðarmenn og sjómenn það fé til sín og eins fljótt og hægt væri, sem þeim ber fyrir þann sjávarafla, sem Sölumiðstöðin annast sölumeðferð á, eða er tekið of mikið af andvirði þessa sjávarafla til annarra aðila, sem þarna koma við sögu? Ég hef áður nefnt þá, þeir eru sex að tölu. Þó að hver af þeim taki ekki nema lítið eitt meira en hann nauðsynlega yrði að fá vegna síns rekstrar, sinnar þjónustu, og stingi því hjá sér, þá getur þetta orðið til þess, að sjómenn og útgerðarmenn fái minna en þeim ber, og einkanlega getur það orðið til þess að tefja fyrir því, að þeir fái það eins fljótt og þeir ættu og þyrftu að fá það. En það, að þeir fái það seint, kostar þá ekki lítið fé, með því vaxtaokri, sem þeir nú búa við. Ef þeir fengju sína fjármuni fljótt til baka, mundu lækka hjá þeim útgjöld vegna hinna svimaháu vaxta, og ef takmarkaður væri gróði olíufélaga, fisksöluhringa, vátryggjenda, farskipaeigenda og annarra slíkra aðila, þá vita það allir, að þetta gæti orðið til þess, að fiskverð hér yrði hærra, og þá fengjum við sennilega lausn á þeirri gátu, hvers vegna fiskverð er hér lægra en í okkar nágrannalöndum og þá sérstaklega í Noregi. Það er engin von til þess, að íslenzkir útgerðarmenn og sjómenn vilji una því að fá bara í sinn hlut einhvern afgang af raunverulegu verðmæti þess fisks, sem dreginn er á land á Íslandi. Nei, það á fyrst og fremst að ákveða verðið með tilliti til þess, að útvegsmaðurinn geti staðið undir sínum rekstri og sjómaðurinn hafi lífvænleg lífskjör. Afgangarnir eiga svo að renna til þeirra, sem önnur þjónustustörf annast í sambandi við íslenzkan sjávarútveg. Það eru ekki sjómennirnir, sem eiga að fá ugga og roð og afganga, það eru aðrir aðilar, og þeir hafa verið margsinnis nefndir í þessum umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Nd., 3. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 21 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

38. Viðskipti fjármálaráðuneytisins við Axel Kristjánsson og h/f Ásfjall.

Á 55. fundi í Sþ., 22. marz, var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á viðskiptum fjármálaráðuneytisins við Axel Kristjánsson og h/f Ásfjall [218. mál] (A. 583).

Á 80. fundi í Nd., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 81. fundi í Nd., 24. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., s. d., utan dagskrár, mælti

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að mótmæla því, að á dagskrá þessa fundar skuli ekki hafa verið tekin þáltill., sem ég og hv. 4. þm. Sunnl. höfum flutt um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á viðskiptum fjmrn. við Axel Kristjánsson og h/f Ásfjall. Till. þessi var á dagskrá í dag, en þá tekin út af henni, þótt fundi lyki mjög snemma. Hv. deildarmenn hafa beðið í allan dag eftir þeim fundi, sem nú er hafinn, og er því sýnilegt, að nægur tími hefði verið til þess að ræða þessa till. í dag. Þegar þessi fundur er svo loksins boðaður, þá er till. ekki á dagskrá, og ég óska skýringar hæstv. forseta á því, hvers vegna svona er að farið, og ég mótmæli því, að þetta mál skuli ekki vera tekið til umræðu í d., og óska eftir því við hæstv. forseta, að það verði tekið á dagskrá næsta fundar.

Forseti (BGr): Út af því, sem hv. 7. landsk. hefur sagt, vil ég aðeins segja, að í dag er annar dagur, síðan máli þessu var útbýtt. Á fyrsta degi, í gær, var það tekið fyrir og ákveðið, hvernig ræða skuli. Það hafa verið 220 mál á þessu þingi og eru ærið mörg, sem eiga tilkall til tíma síðustu þingdaga, og er reynt að fylgja venjulegum starfsreglum hvað þau mál snertir, sem ganga fyrir. En að þessu sögðu, þá mun ég reyna eins og unnt er að skapa aðstæður til þess, að mál þetta komi fyrir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að taka undir þá ósk og þá kröfu hv. 7. landsk., að þetta mál verði tekið á dagskrá, þannig að það geti farið fram umr. um það.

Ég vil út af því, sem hæstv. forseti sagði um, hve mörg mál hefðu verið flutt og hve mörg mál það væru, sem biðu hér afgreiðslu, taka fram, að það hefur gengið erfiðlega fyrir meginið af okkur, sem erum í stjórnarandstöðu, að fá þau mál, sem við höfum flutt hér á Alþingi, afgreidd úr nefndum. Það er orðið þannig nú, að það kemur vart fyrir, að mál, sem stjórnarandstaðan flytur, er afgr. úr nefnd, og fer satt að segja versnandi þing frá þingi um þetta. Þegar stjórnarmeirihluti er farinn nokkurn veginn að ræna minni hluta á þingi þeim rétti, að mál séu afgr. til 2. umr. og komi til 2. umr., þá er þó sá minnsti réttur, sem stjórn-

arandstaðan getur haft, að mál, sem fyrir eru lögð, komi þó til 1. umr. og atkvgr. þar.

Á 84. og 85. fundi í Nd., 25. og 27. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 27. marz, var frv. enn tekið til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 583 hef ég ásamt hv. 4. þm. Sunnl. (BFB) lagt fram till. til þál., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nd. Alþingis ályktar að skipa 5 manna n. samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka viðskipti fjmrn. og Axels Kristjánssonar, Hafnarfirði, og hlutafélagsins Ásfjalls í sambandi við ríkisábyrgð, sem heimiluð var á 22. gr. fjárlaga 1959, svo og útgerð Axels Kristjánssonar í ábyrgð ríkissjóðs á togaranum Brimnesi. N. skal hafa rétt til að heimta skýrslur, skriflegar og munnlegar, bæði af embættismönnum og einstökum aðilum."

Ábyrgðarheimild sú, sem vitnað er til í þáltill. þessari, var samþ. við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast fyrir Axel Kristjánsson eða væntanlegt hlutafélag í Hafnarfirði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 4320000 kr. lán til kaupa á togara frá Vestur-Þýzkalandi, þó ekki yfir 80% af kaupverði skipsins."

Sama vorið og þessi ríkisábyrgð var heimiluð hafði Bæjarútgerð Hafnarfjarðar uppi ráðagerð um að afla sér togara í stað annars, er fórst við Nýfundnaland. Var það jafnvel ætlun forráðamanna útgerðarinnar að kaupa þá þegar togara, ef byðist nýtt og gott skip, sem heppilegt þætti til að stunda veiðar á fjarlægum miðum. Svo fór, að allálitlegt skip, sem hafði verið í notkun í rúmt ár, bauðst í Vestur-Þýzkalandi, en sá hængur var á tilboðinu, að þann togara var ekki hægt að fá nema með því móti að kaupa um leið tvo gamla togara, sem sama fyrirtæki þurfti að koma út. Hins vegar var hægt að kaupa sérstaklega hvorn þessara gömlu togara sem var. Þessi skilyrði að kaupa gömlu togarana með hinum nýja voru talin óaðgengileg, og af kaupum varð ekki. Hins vegar átti annar þessara gömlu togara eftir að leggja leið sína til Íslands, því að Axel Kristjánsson, sem fyrr er nefndur, stofnaði hlutafélagið Ásfjall til þess að kaupa og gera út þennan togara, sem fluttur var til Íslands og skírður Keilir. Heimild til ríkisábyrgðar fyrir þetta hlutafélag miðaðist við allt að 4 millj. 320 þús. kr., en þó ekki meir en 80% af kaupverði skipsins, þ. e. a. s. að til þess að hægt væri að nota ábyrgðina að fullu, þurfti skipið að kosta a. m. k. 5.4 millj. kr., en 80% af þeirri upphæð eru 4 millj. 320 þús. Ríkisábyrgðin var notuð að fullu, svo að kaupverð togarans hefur verið talið eigi minna en 5.4 millj. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar var hins vegar boðið þetta skip á nálega 3.6 millj. kr. með nýja togaranum, en það hefði getað fengizt fyrir miklum mun lægra verð, ef það hefði verið keypt eitt, enda var því haldið fram í Alþýðublaðinu 19. jan. 1960 af forsvarsmönnum Keilis, að skipið hefði kostað nálega 2 millj. 880 þús. kr. Nokkrar endurbætur fóru fram á því, og hefðu þær því átt að kosta 2 millj. 520 þús. kr. eða nærri jafnmikið og skipið sjálft, til þess að endanlegt verð væri 5.4 millj. kr., og út á þann viðgerðarkostnað hefur verið veitt ríkisábyrgð að fullu.

Þegar Bæjarútgerð Hafnarfjarðar hafnaði kaupunum á svo til nýjum togara vegna þess, að það skip, sem síðar nefndist Keilir, þurfti að fylgja með ásamt öðrum gömlum togara, þá var það m. a. vegna þess, að skipið var talið vélvana, 600 tonna skip með 800 hestafla gufuvél. Kaup h/f Ásfjalls á þessum gamla togara komu því mörgum á óvart. En sýnilegt var, að þeir, sem keyptu, lögðu ekki ýkja mikið í hættu, því að til kaupanna á þessu skipi, sem var talið kosta 5.4 millj. kr., hafði hlutafélagið yfir að ráða 100 þús. kr. í hlutafé eða 1/54 af kaupverði. Áhætta ríkissjóðs var hins vegar 4.3 millj. kr. með gengisáhættu, og þar að auki mátti búast við því, að eftir nokkurn rekstur gætu verið komnar til sjóveðskröfur, sem gengju þá á undan ríkissjóði, og það hefur líka komið á daginn, að svo hefur orðið.

Það er skemmst frá því að segja, að ríkið varð að greiða þegar fyrstu afborgunina af láninu og greiddi á árinu 1960 1 millj. 832 þús. kr. samkvæmt upplýsingum hæstv. fjmrh., eða nálega átjánfalda upphæð hlutafjárins í Ásfjalli h/f, en hlutafélagið rak skipið áfram eftir það, þar til því var lagt rúmu ári eftir að það kom til landsins, þar sem hlutafélagið Ásfjall varð fjárþrota, sem út af fyrir sig er ekki ástæða til að undrast. Það er sjálfsagt á einskis manns færi að gera út togara í því ástandi, sem Keilir er, við þær aðstæður, sem togaraútgerðin býr við af völdum viðreisnarstefnunnar og náttúruaflanna, er þau leggjast á eitt. Og það er mistúlkun, sem fram hefur komið, að þáltill. sú, sem hér er til umr., sé flutt vegna þess, að flm. hennar telji það eitthvert einsdæmi, að togarafyrirtæki verði gjaldþrota á Íslandi eða þessi togari hafi verið verr rekinn en hver annar.

Það, sem er athugavert í þessu máli og rannsóknarskylt að okkar dómi og að ég hygg flestra þeirra, sem með þessu máli hafa fylgzt, eru ráðstafanir hæstv. fyrrv. fjmrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar, í sambandi við þetta mál. Upphæð ríkisábyrgðar þeirrar, sem veitt var, er athugaverð, sé það haft í huga, hvers virði má telja að togarinn Keilir hafi verið, þegar hann kom til landsins, og nú er ljóst, að hann er eftir árs notkun seldur á 1½ millj. kr., en ríkið er í ábyrgð fyrir 7 millj. kr. skuldum, er á honum hvíla, og þar við bætist 1½ millj. kr. í sjóveðskröfum, sem ganga á undan.

Það er með öllu óskiljanlegt, hvernig hæstv. fyrrv. fjmrh. hefur talið stætt á því að taka þetta gamla skip gilt sem veð fyrir ríkisábyrgðum þeim, er hann veitti, og það er fullkomin ástæða til þess, að sérstök n. frá þeim aðilum, sem veittu hæstv. ráðh. heimild til ábyrgðarinnar með því skilyrði, að gildar tryggingar væru teknar, rannsaki, hvernig kaupverð togarans hefur verið sannreynt, þegar togarinn var sýnilega í upphafi ekki kaupandi fyrir 5.4 millj. á gamla genginu, og það er fullkomin ástæða til þess að rannsaka það, hvernig veðhæfni skipsins hefur að öðru leyti verið könnuð og staðfest, m. a. hver hafa verið vottorð sérfróðra manna eða

skipaeftirlits ríkisins um ástand þessa 10 ára gamla vélvana togara. Svo mikið er víst, að sá sérfróði aðili, sem Bæjarútgerð Hafnarfjarðar hafði sér til ráðuneytis, þegar það fyrirtæki leitaði eftir skipi erlendis, lýsti því yfir, þegar hann sá í sölutilboði lýsinguna á þeim togara, sem nú heitir Keilir, að á svona skip liti hann ekki, það væri ónothæft fyrir Íslendinga. Þrátt fyrir þessar skoðanir þeirra, sem áður hafði boðizt þetta skip, þótti hæstv. ráðh. sjálfsagt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni, sem nú nemur 7 millj. kr., einungis með veði í þessu skipi, sem nærri hlutafjárlaust hlutafélag átti, þótt gert væri í ábyrgðarheimildinni frá Alþ. ráð fyrir því, að ábyrgðin væri því aðeins veitt, að gildar tryggingar yrðu veittar.

Þegar togarinn Keilir, sem frá upphafi hefur verið vélvana, hefur verið gerður út í aðeins eitt ár, er aflvél skipsins þannig á sig komin, að hún er talin ónothæf, og minnist ég þess, að þegar togarinn kom til landsins, þá sögðu þeir menn, sem ég hafði tal af og til véla þekkja og sáu vélarrúm Keilis, að vélin væri rusl og ætti hvergi heima nema á öskuhaugunum. Nú er hún talin ónýt, og endurnýjun mundi kosta milljónir kr., sennilega 8 millj. eða meira. Samt sem áður hikaði hæstv. fyrrv. fjmrh. ekki við að skuldbinda ríkissjóð um margar millj. kr. með baktryggingu í togaranum einum.

Hlutafélagið Ásfjall, sem keypti togarann Keili á 5.4 millj. kr., eftir því sem ríkisábyrgðin bendir til, og lagði aðeins fram 100 þús. kr. í hlutafé, lét sér ekki nægja þá ábyrgð, sem ríkissjóður veitti. Það sótti einnig um ábyrgð bæjarsjóðs Hafnarfjarðar á láni að upphæð 1.5 millj. kr. og bauð tryggingar í togaranum. Bæjarráð Hafnarfjarðar var ekki sama sinnis og hæstv. ráðh., að ekkert væri sjálfsagðara en að láta nægja tryggingu í 10 ára gömlum vélvana togara, og þegar frekari tryggingar fengust ekki, þegar eftir þeim var leitað, varð ekkert af því, að ábyrgð bæjarsjóðs yrði veitt, og þótt hlutafélagið lækkaði beiðni sína niður í 1 millj. kr., kom það fyrir ekki. Sú ákvörðun að taka ekki gildar tryggingar í skipinu einu hjá fjárlausu hlutafélagi stórríkra aðila hefur nú sparað Hafnarfjarðarbæ 1.5 millj. kr. Og ég býst við því, að ef sú ábyrgð hefði verið veitt og sú upphæð þar með tapazt, þá væri sú ákvörðun að veita ábyrgðina talin þarfnast skýringa, einkum ef það hefði átt sér stað, að einn einstaklingur hefði veitt hana á þeim grundvelli, að hann hefði til þess heimild einungis gegn gildum tryggingum, sem síðar hefðu reynzt svo sem raun hefur orðið á.

Almenningur, sem borgar brúsann af milljónatapi ríkissjóðs á þeim tíma, sem hert er að lífskjörum hans, á heimtingu á því, að mál þetta sé kannað til fulls. Og ráðstafanir þær, sem hæstv. ráðh. hefur gert, eru ekkert einkamál hans eða þeirra, sem næstir honum standa. Fjárhæðirnar eru ekki greiddar úr þeirra vasa. Hv. Alþ., sem veitti ábyrgðarheimildina í trausti þess, að gildar tryggingar yrðu teknar og að eðlilegrar varfærni yrði gætt, á þó ekki sízt heimtingu á því að fá sjálft að rannsaka þetta mál með því að kjósa til þess n. úr sínum hópi. Öll tregða á því að verða við þessum kröfum bendir til þess, að ekki sé allt með felldu um þetta mál. En sé hægt að koma með einhverjar eðlilegar skýringar eða leiðréttingar, ætti það að vera kærkomið þeim, sem að ábyrgð þessari hafa staðið, því að almennt telur það fólk, sem eitthvað þekkir til þessa máls, að hér sé margt óeðlilegt, tortryggilegt og athugavert.

Í þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, er einnig gert ráð fyrir því, að rannsökuð verði útgerð Axels Kristjánssonar á togaranum Brimnesi á ábyrgð ríkissjóðs. Seyðisfjarðarkaupstaður átti togarann Brimnes og gerði hann út þar til snemma á árinu 1959, að útgerð hans var stöðvuð vegna fjárþrots fyrirtækisins. Minnihlutastjórn Alþfl., sem þá var við völd, lét fara fram rannsókn á fjárreiðum útgerðarinnar, og á fjárlögum fyrir árið 1959 fékk ríkisstj. svo hljóðandi heimild frá Alþ., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að annast og ábyrgjast rekstur togarans Brimness fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til 1. sept. n. k.“ — þ. e. a. s. 1. sept. 1959 — „með það fyrir augum, að afla skipsins verði landað sem mest á Seyðisfirði, þó þannig, að rekstrarafkomu þess sé ekki stefnt í hættu með löndun aflans þar. Enn fremur að innleysa gegn veði í skipinu áhvílandi sjóveðs- og fjárnámskröfur.“

Heimild þessa notaði hæstv. fyrrv. fjmrh. síðan til þess að taka skipið af útgerðarstjórn þess á Seyðisfirði og fá það einum manni, Axel Kristjánssyni, til rekstrar á ábyrgð ríkissjóðs. Var þetta gert, eftir að samþ. hafði verið ábyrgðarheimildin til handa sama manni til kaupa á Keili og áður en sá togari kom til landsins. Til þess að koma skipinu af stað lagði ríkissjóður fram 2.5 millj. kr. Brimnes var þegar flutt til Reykjavíkur, en til Seyðisfjarðar kom það aldrei síðan, svo að ekki hefur umhyggja fyrir atvinnulífi Seyðisfjarðar stefnt rekstrarafkomu þess í hættu. Axel Kristjánsson gerði skipið út upp á sitt eindæmi, og engin útgerðarstjórn hafði afskipti af rekstrinum eða bókhaldi. Heimild ríkisstj. til að annast og ábyrgjast útgerð togarans náði fram til 1. sept. 1959, en sá tími leið og enn gerði Axel skipið út og fékk í árslok togarann Keili og gerði síðan báða út samtímis, Brimnesið fram á mitt árið 1960. Útgerð togarans Brimness á ábyrgð ríkissjóðs eftir 1. des. 1959 styðst ekki við neinar heimildir, og engar skýringar hafa verið gefnar á ráðstöfunum þessum. Á miðju ári 1960 var útgerð skipsins hætt og það bundið í Reykjavíkurhöfn, og þar hefur það legið síðan. Fullkomin ástæða er til, að hv. Alþ. láti sjálft rannsaka, hver hlutur ríkissjóðs hefur orðið af útgerð togarans Brimness undir einkastjórn Axels Kristjánssonar. Það er sérstök ástæða til að spyrja hæstv. núverandi fjmrh., hvar séu reikningarnir yfir þessa útgerð Brimness, og um útkomu ríkissjóðs í því máli.

Í áframhaldi af því, sem hér hefur verið rakið um útgerð togaranna Keilis og Brimness, er full ástæða til þess, að Alþ. láti rannsaka og kanna öll samskipti fjmrn. og Axels Kristjánssonar á þeim tíma, þegar Alþfl. sat einn í ríkisstjórn, öll samskipti þessara aðila í sambandi við ríkisábyrgð þá, sem veitt var, og útgerð þá á togaranum Brimnesi, sem rekin var á ábyrgð ríkissjóðs, — kanna enn fremur, hver eign ríkissjóðs er í skipum þessum, hvað þeim fylgir af veiðarfærum og öðru lauslegu og hvernig hagsmuna ríkissjóðs og alls almennings hefur verið gætt í sambandi við viðskipti þessi öll

og þær eignir, sem upp í milljónatöpin er ætlað að koma.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að umr. um málið verði frestað og málinu vísað til hv. fjhn.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að fara að halda hér langa ræðu í tilefni þess máls, sem hér liggur fyrir til umr. Till., grg. og ræða sú, sem hv. fyrri flm. flutti hér áðan, bera það greinilega með sér, að þetta mál er hér fram borið í því skyni að reyna að draga athyglina frá öðrum málum, sem flm. og hans flokkur kærir sig ekki um að athyglin beinist mjög að, auk þess sem tilgangurinn með flutningi till. er bersýnilega sá að reyna að ná sér niðri á pólitískum andstæðingi.

Ég skal þó með örfáum orðum gera grein fyrir afskiptum mínum sem fjmrh. á sinni tíð af þessum málum báðum. Ég vík fyrst að ábyrgð vegna kaupa togarans Keilis.

Það var snemma á árinu 1959, að Axel Kristjánsson sneri sér til ríkisstj. og tjáði henni, að hann hygðist festa kaup á gömlum togara í Þýzkalandi. Skýrði hann ríkisstj. frá, að um tvennt væri að velja, annaðhvort kaupa togarann í því ástandi, sem hann var, eða láta fyrst fara fram á honum viðgerð og kaupa hann síðan að viðgerð lokinni. Hann hafði látið sérstakan trúnaðarmann, sem mikið hefur fengizt við eftirlit með skipabyggingum og skipaviðgerðum, athuga skipið fyrir sig og gera um það skýrslu, hvað við það þyrfti að gera, til þess að það gæti talizt í fullkomnu ástandi. Niðurstaðan varð sú að ráði þessa sérfræðings, að Axel Kristjánsson ákvað að kaupa skipið, eftir að við það hefði verið gert eins og sérfróður maður tjáði honum að nauðsynlegt væri, og var verð skipsins þá ákveðið 900 þús. þýzk ríkismörk. Ríkisstj. sneri sér til fjvn., sendi henni upplýsingar um kaupverð skipsins og skipið sjálft og óskaði eftir því, að fjvn. bæri fram till. á Alþ. um, að ríkisstj. fengi heimild til að ábyrgjast andvirði þessa skips. Fjvn. varð við þessu einróma, og till. var samþ. ágreiningslaust á Alþingi, þ. á m. af flokksmönnum hv. flm. þessarar till. og þeim báðum. Eftir að till. hafði verið samþ., var kaupsamningurinn síðan lagður fyrir ríkisstj. undirritaður og ábyrgðin gefin út samkvæmt þeirri heimild, sem fyrir lá. Það var ekki farið út í það að krefjast neinna annarra trygginga en skipsins sjálfs, enda munu þess engin dæmi nú í fjöldamörg ár fyrir þær ríkisábyrgðir, sem gefnar hafa verið út vegna skipakaupa erlendis frá, að krafizt væri annarra trygginga en veðs í skipinu sjálfu.

Svo óheppilega vildi hins vegar til fyrir útgerð þessa skips, að þegar það kom til landsins, hófst útgerð þess á mjög miklum aflaleysistíma. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í byrjun ársins 1960 og reyndar allt árið var hið mesta aflaleysi hjá íslenzkum togurum, og voru þeir yfirleitt reknir með stórhalla. Þetta var mjög þungt áfall fyrir útgerð skipsins á byrjunarstigi, og þoldi hún ekki þá erfiðleika, sem af því leiddi. Ofan á þetta bættist svo það, að öxull skipsins brotnaði, og þarfnaðist því skipið viðgerðar að því leyti. Til þess að mæta þessum erfiðleikum þurfti útgerð skipsins að sjálfsögðu að afla sér lánsfjár eða eigin fjár, en það tókst ekki, eins og ástandið var hér í peningamálum. Leiddi það því til þess, að ríkissjóður lét selja skipið eða skipið var selt á uppboði.

Því hefur verið haldið fram, að vél skipsins sé ónýt. Hv. ræðumaður, sem talaði hér áðan, sagði, að sér hefði verið sagt, að hún væri ekki til annars en að henda henni á öskuhaugana. Ég er ekki dómbær um þessa hluti. En áður en skipið var keypt úti í Þýzkalandi var það skoðað af sérfróðum mönnum, og ég hef það eftir þeim, sem vit hafa á, að að vélinni sé ekki annað en að öxullinn hafi brotnað.

Þá skal ég víkja aðeins að Brimnesinu.

Útgerð Seyðfirðinga á Brimnesinu hafði gengið mjög erfiðlega um mörg ár. Á tímum vinstri stjórnarinnar var skipið selt á uppboði. Ríkisstj. varð að innleysa það og afhenda Seyðfirðingum það síðan aftur, eftir að ríkisstj. hafði tekið á sig nokkrar millj. kr. af þeim ábyrgðarskuldbindingum, sem á Brimnesinu hvíldu. En þó að ríkisstj. tæki þarna á sig stórar fjárfúlgur vegna Brimnessins, gekk útgerð þess samt ekki betur en svo, að henni var hætt síðari hluta ársins 1958. Það var mjög fast leitað eftir því við ríkisstj., að hún tæki að sér á kostnað ríkisins að annast rekstur skipsins. Undan þessu var skorazt, og vildi Alþfl.-stjórnin á sínum tíma ekki verða við tilmælum Seyðfirðinga um þennan rekstur, fyrr en Alþ. hefði við afgreiðslu fjárlaga gefið ríkisstj. heimild til að annast rekstur inn á ábyrgð ríkissjóðs. Eftir að þessi heimild hafði verið veitt, var látið undan tilmælum Seyðfirðinga og stjórnmálaflokkanna yfirleitt með það, að ríkisstj. tæki að sér rekstur Brimness. Það var nokkuð erfitt að fá nokkurn mann til þess að taka að sér framkvæmdastjórn skipsins, en í samráði við bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar var Axel Kristjánssyni falin framkvæmdastjórn skipsins. Ég fylgdist með rekstri skipsins, á meðan ég var í fjmrn., og ég veit með vissu, að eftir að ég fór þaðan, hefur áfram verið fylgzt með rekstri þess. Á árinu 1959 gekk rekstur Brimnessins betur en hann hafði nokkurn tíma áður gengið, og ég leyfi mér að staðhæfa, að þegar ég seinast vissi um þetta, áður en ég fór úr fjmrn., hafi vart verið um halla á rekstrinum að ræða, og er mér nær að halda, að þar hafi frekar verið ágóði en hitt. Svo kom árið 1960. Það var jafnerfitt fyrir Brimnesið og aðra togara, og er ekki nokkur vafi á því, að mjög hefur gengið niður á við á þeim tíma, sem skipið var starfrækt á árinu 1960. Það er að vísu rétt, að heimildin, sem samþ. var í fjárlögum til rekstrar skipsins, var bundin við 1. sept. 1959. En ég man ekki betur — og hef þó ekki getað kynnt mér það til þess að rifja það upp til hlítar — en að eftir því hafi verið leitað og að því staðið af öllum stjórnmálaflokkum, að reynt væri að halda áfram rekstri skipsins og yrði hann ekki stöðvaður, fyrr en hægt væri að ráðstafa því með einhverjum hætti þannig, að Seyðfirðingum yrði til sem mests hagræðis og sem minnsts bagga.

Því hefur verið haldið fram í þessu máli, að einhverja muni hafi vantað bæði í Keili og Brimnesið, þegar Axel Kristjánsson skilaði þessum hlutum af sér. Mér er tjáð, að hér sé farið með staðlausa stafi með öllu. Því er meira að segja haldið fram, að úttekt hafi verið látin fara fram á öðru hvoru

skipanna og hafi sú úttekt leitt í ljós, að eitthvað hafi þarna vantað. Ég hef spurzt fyrir hjá þeim, sem um þetta eiga að vita, og enginn kannast við, að nein slík úttekt hafi farið fram, og enginn kannast við, að neitt tilefni hafi gefizt til slíkrar úttektar. Hér virðist því vera um að ræða sögusagnir, sem aðstandendur þessarar þáltill. hafa látið sér sæma að búa til.

Reikningar Brimnessins og uppgjörið yfir Keili verður að sjálfsögðu endurskoðað og hefur sennilega verið endurskoðað að einhverju leyti af þeim opinberum stofnunum, sem um það mál eiga að fjalla. Þegar sú endurskoðun liggur fyrir, geta menn áttað sig á því og séð, með hverjum hætti reksturinn hefur verið. En að því er ég bezt veit til, hefur þarna ekkert það gerzt, sem gefur tilefni til neinnar sérstakrar rannsóknar.

Ég ætla svo ekki að hafa um þetta fleiri orð, m. a. vegna þess, að útvarpsumræður eiga nú að byrja eftir skamman tíma og ég á að taka þátt í þeim, og vildi því ógjarnan tefja allt of lengi við þetta mál.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru nokkur atriði í sambandi við þetta mál, sem mig langaði að vikja hér að nokkrum orðum.

Ég veitti því athygli, að hæstv. utanrrh. taldi, að svipuð vinnubrögð hefðu verið höfð í sambandi við veitingu á ríkisábyrgð fyrir togarann Keili og gert hafði verið áður til ýmissa annarra aðila, sem keypt hefðu togara, þar sem þeir hefðu fengið sína ríkisábyrgð eingöngu með viðkomandi skip sem baktryggingu. Ég álít hins vegar, að hér hafi staðið allmikið öðruvísi á en allajafna áður. Í þeim tilfellum, þegar veittar hafa verið ábyrgðir, sem nokkru nema, fyrir einstaklinga, hefur þar einvörðungu verið um að ræða ný skip eða ný tæki, sem vitanlega gegnir allt öðru máli um en gömul og mikið notuð skip eða um tíu ára gömul tæki. En hins vegar hefur meginhlutinn af þeim ábyrgðum, sem veittar hafa verið í svona tilfellum, verið til bæjarfélaga, og þar er vitanlega allt öðru máli að gegna en þar sem er um lítið hlutafélag að ræða. Þó að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir togarakaupum til bæjarfélaga eða almenningshlutafélaga, eins og mynduð hafa verið í nokkrum tilfellum, þar sem viðkomandi bæjarfélög hafa verið aðalhluthafarnir, þá gildir þar vitanlega allt annað um. Auðvitað eru ábyrgðir heilla bæjarfélaga eða slíkra almenningshlutafélaga gagnvart ríkissjóði allt annars eðlis, og ríkissjóður hefur þar miklum mun meiri möguleika á því að framfylgja ábyrgðinni, ef ríkissjóður telur ástæðu vera til þess.

Ég þekki ekki eitt einasta dæmi þess og vildi gjarnan fá það þá hér upplýst, ef eitthvert slíkt dæmi væri til, að einstaklingi eða hlutafélagi, sem aðeins hefur á bak við sig 100 þús. kr. tryggingu í hlutafé, hafi verið veitt slík milljónaábyrgð eins og hér um ræðir til þess að kaupa gamalt tæki, sem meira að segja opinber aðili eins og bæjarútgerðin í Hafnarfirði hafði fallið frá að kaupa, vegna þess að hún taldi það vera ónothæft tæki.

Ég held, að það sé því enginn vafi á því, að í þessu tilfelli hefur ríkisábyrgðin verið veitt undir allt öðrum kringumstæðum en jafnan áður. Það á ekki að draga neina fjöður yfir þetta. Þetta er svona. Hér er um það að ræða, að fjmrh. og ríkisstj. hafa ákveðið að veita einstaklingi slíka ábyrgð sem þessa, þó að á bak við væri raunverulega um gervihlutafélag að ræða, því að það var ekki svo vel, að sá einstaklingur, sem hér átti í hlut, legði fram allt sitt eða hann væri hér skuldbundinn sem einstaklingur. Hér lagði hann aðeins að veði þetta gervihlutafélag, sem hafði verið myndað, því að það sjá allir, að það hrekkur skammt til að kaupa heilan togara og efna að nýju til togaraútgerðar, þó að stofnað sé hlutafélag með 100 þús. kr. hlutafé.

Þá verð ég einnig að segja það, að ég tel líka, að það hafi verið farið inn á furðulega vafasama braut, þegar ábyrgð ríkissjóðs, sem er miðuð við 80% í heimild á fjárl., er ekki lengur miðuð við kaupverð skipsins, ekki hið rétta kaupverð skipsins, heldur verðið á skipinu eins og talið er, að það verði, eftir að fram hefur farið á því stórfelld breyting erlendis. Sé almennt farið út á slíka braut sem þessa, er verið að opna fyrir þann möguleika, að aðilar geti fengið 100% ábyrgð eða jafnvel meira, því að það getur verið erfitt að fá það fullsannað, hvað viðgerðarkostnaður á skipum kann að hafa numið miklu, sérstaklega þegar sá viðgerðarkostnaður er farinn að hlaupa á milljónum. Ég tel, að í þessu tilfelli hefði varla verið stætt á því að veita hærri ríkisábyrgð en út á sannanlegt kaupverð skipsins. En hér hefur hin leiðin verið farin með vitanlega þeim afleiðingum, sem síðan eru nú öllum kunnar.

Ég held því, að það verði ekki um það deilt, að hér hafa verið tekin upp vinnubrögð, sem eru óvenjuleg. Ríkisábyrgðin hefur verið veitt aðila, sem hefur sett minni tryggingar en allajafna áður, og út á vafasamara tæki en dæmi munu yfirleitt vera til um áður. Það er því augljóst mál, að hæstv. fjmrh. hefur ekki gætt þess, sem Alþingi lagði fyrir hann, að hann ætti að reyna að sjá um, að það væru nægilegar tryggingar settar fyrir þessari ríkisábyrgð. Hefði hann í þessu tilfelli gætt skyldu sinnar, þá álít ég, að hann hefði átt að sjá um það a. m. k., að þeir aðilar, sem hér áttu hlut að máli, legðu fram það, sem þeir áttu til, sem bakábyrgð gagnvart ríkissjóði, þegar um jafnvafasamt fyrirtæki var að ræða og þetta.

En það var aðallega í sambandi við togara Seyðfirðinga, Brimnes, sem ég ætlaði að gera hér nokkrar aths.

Eins og fram hefur komið í umr. hér, fór það svo, að ríkissjóður tók í rauninni í sínar hendur skip þeirra Seyðfirðinga, togarann Brimnes, snemma á árinu 1959, og þá var jafnframt veitt heimild á Alþingi til þess, að ríkissjóður mætti taka að sér rekstur á skipinu fram til 1. sept. 1959. Þegar þessi ábyrgð var veitt í sambandi við afgreiðslu fjárl., benti ég á það, að hér væri, eins og staðið væri að þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstj., farið inn á óvenjulega braut, þar sem ráð væri nú gert fyrir því, að einum manni væri fengin í hendur stjórn á þessum togara á ábyrgð ríkissjóðs, og þannig væri í fyrsta skipti efnt til þess, að ríkissjóður tæki á sig ábyrgð á togararekstri og aðeins einn maður settur til þess að hafa á hendi stjórn þessa skips. Þarna var ekki um að ræða neina útgerðarstjórn, eins og er þó um að ræða í sambandi við

alla aðra togara. Nei, hér var aðeins einum manni fengið þetta tæki og honum heimilað að reka það á kostnað ríkissjóðs. En helzt mátti afsaka þetta með því, að svona var á málinu haldið, að heimildin var til heldur stutts tíma, til 1. sept., en þá hafði verið gert ráð fyrir því, að fyrir þann tíma yrði komizt að niðurstöðu um það á milli ríkisins annars vegar og Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem var þá enn formlegur eigandi skipsins, hins vegar, hvernig skyldi fara með frambúðarrekstur skipsins. En þessi heimild var notuð á þann hátt, að það var ekki stanzað með rekstur skipsins 1. sept., heldur var haldið áfram a. m. k. fram á mitt árið 1960, án þess að nokkur heimild lægi þá fyrir um það að reka skipið á kostnað ríkissjóðs. Og ég mótmæli því fyrir mitt leyti, að það hafi verið haft samráð við aðra flokka um þennan framhaldandi rekstur skipsins, og mér er vel kunnugt um, að það var ekki að vilja Seyðfirðinga, að haldið var áfram með rekstur skipsins á þennan hátt. Þau loforð höfðu verið veitt Seyðisfjarðarkaupstað í þessum efnum, að skipið skyldi á þessu fyrra tímabili, eða frá því að ríkið tók við skipinu, gert út með sérstöku tilliti til þess að leggja upp aflann á Seyðisfirði, þó bundið því skilyrði, að ekki skyldi gengið svo langt í það að koma aflanum austur á Seyðisfjörð, að rekstri skipsins yrði beinlínis stefnt í hættu af þeim ástæðum, en meginafsökunin fyrir þessari heimild var þó sú, að það yrði reynt að leysa úr atvinnumálum Seyðfirðinga í leiðinni. En skipið kom aldrei austur með afla, og Seyðfirðingar höfðu ekkert af rekstri skipsins að segja, en sátu hins vegar uppi með hið dýra og mikla fiskiðjuver, sem ríkið var þá orðið eigandi að, og það lá þar óstarfrækt að mestu. En þegar hið raunverulega ábyrgðartímabil var útrunnið 1. sept., þá sjá allir, hversu ólíklegt það er, að það hafi verið í samráði við Seyðfirðinga að halda áfram rekstri skipsins, eftir að allir máttu sjá, að það var raunverulega í framkvæmd orðið eins og einkarekstrarfyrirtæki framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Axels Kristjánssonar, sem þá rak skipið á þann hátt, að hann landaði aflanum í eigin frystihús hér í Reykjavík og naut vitanlega alls þess hagnaðar af skipinu, sem hægt var að njóta af því, í formi þess afla, sem það kom með að landi. En enginn afli kom nokkurn tíma austur á Seyðisfjörð. Það er því alveg augljóst mál, að a. m. k. frá 1. sept. að telja og þar til skipið stöðvaðist var skipið rekið á ábyrgð ríkissjóðs, en án formlegrar heimildar Alþingis og rekið af þessum eina manni, sem hafði verið falið af ríkisstj. að annast um rekstur þess, og hann rak það sem sitt eigið skip og við hliðina á sínu eigin skipi og fyrir sitt eigið frystihús.

Ég skal ekkert um það segja, hvernig raunverulég rekstrarafkoma var hjá togaranum Brimnesi árið 1959. Það má vel vera, að það sé svo sem hæstv. utanrrh. sagði hér áðan, að líklega hafi taprekstur á skipinu ekki verið mikill á þessu ári. Það má vera. En hafi nú svo verið, að það hafi ekki verið um mikinn taprekstur þá að ræða, — en það þykir mér svona almennt séð heldur ólíklegt samt, — þá verð ég að segja, að það er nokkuð undarlegt, að þá skuli skipið hafa verið stöðvað algerlega á miðju ári 1960, þá eftir aðeins hálfs árs erfiðleika og þó eftir aðalvertíð ársins, að þá skuli skipinu hafa verið lagt og það látið liggja í fullkomnu reiðileysi á vegum ríkissjóðs allan tímann síðan, því að á því er enginn vafi, að togarinn Brimnes hefur legið í fullkomnu reiðileysi allan tímann síðan, og hefur án efa kostað ríkissjóð eða hlýtur að koma til með að kosta ríkissjóð margar milljónir króna að skilja skipið eftir í því ástandi, sem gert hefur verið, — fyrir utan þá fyrirhyggju, að ríkið lætur þennan togara, sem það á, liggja þarna ónotaðan, þó að næg verkefni væru fyrir skipið í almennum þjónustustörfum fyrir togaraflotann.

Ég held því, að það sé fullkomlega eðlilegt, að Alþingi fari í sambandi við rekstur togarans Brimness fram á fullkomna skýrslu um það, hvernig hefur tekizt til með rekstur þessa skips. Reikningarnir fyrir árið 1959 hljóta að vera til. Ég held, að það sé rétt munað hjá mér, að við höfum, alþm., almennt fengið hér á borðin til okkar reikning sjálfs ríkissjóðs fyrir árið 1959. Reikningar togarans Brimness hljóta að vera til fyrir árið 1959, og reyndar ætti að hafa verið full aðstaða til þess að láta reikningana fyrir árið 1960 liggja fyrir líka. Fyrst raunverulegum rekstri skipsins var lokið á miðju ári, hefði átt að vera hægt að ganga frá reikningunum seinni hluta ársins. Það er því full ástæða til að óska eftir upplýsingum um það, hvernig þessi rekstur hefur gengið á vegum ríkissjóðs, hvert er tapið og hvernig hefur staðið á því, að ríkisstj. afladi sér ekki heimildar til þess að mega halda áfram rekstri skipsins eftir 1. sept. 1959.

Þá er vitanlega einnig ástæða til þess að vekja athygli ríkisstj. á því, ef hún hefur gersamlega gleymt þessu skipi, að það er auðvitað þörf á því að taka einhverja afstöðu til þess, hvað á að gera við togarann Brimnes. Á hann að liggja hér endalaust í Reykjavíkurhöfn og grotna hér niður, eftir að búið er að leggja í hann þetta fé? Er ekki kominn tími til þess, að ríkið geri ráðstafanir í sambandi við þetta skip, ákveði eitthvað um að nota það, landsmönnum til gagns á einn eða annan hátt, eða þá að selja skipið úr landi ella?

Ég vildi gera þessar aths. við það, sem hér hefur komið fram. Ég tel fyrir mitt leyti, að hér hafi verið höfð í frammi mjög óvenjuleg vinnubrögð og þau standist ekki þær heimildir, sem liggja fyrir í þessum efnum, og það sé því þörf á því að fá þær upplýsingar, sem beðið er um í þeirri till., sem hér liggur fyrir.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, enda er tíminn naumur.

Það er rétt, sem hér hefur fram komið, að það er ekki neitt nýtt, að töp hafi orðið á ríkisábyrgðum vegna togararekstrar. En langoftast þegar slík töp hafa orðið, hafa þau stafað af því, að ríkið hefur verið að hjálpa til að efla togaraútgerð á stöðum, þar sem vafasöm skilyrði til togaraútgerðar voru fyrir hendi, og vildi vinna að því með þeim hætti að koma þar upp aukinni atvinnu, og langoftast hafa það þá verið bæjarfélögin sjálf eða félagssamtök, sem hafa staðið að slíkum rekstri. Í þessu tilfelli er ekki um neitt slíkt að ræða, og því er ekki að neita, að þetta mál er á margan hátt sérstakt og óvenjulegt og er þannig vaxið, að það er

ekki óeðlilegt, að það skapist ýmiss konar tortryggni í sambandi við það. Ég vil hins vegar ekki persónulega fullyrða neitt um það á þessu stigi, hvort hér kunni að vera um einhverja sekt að ræða eða ekki. Það álit ég óupplýst, eins og málið liggur fyrir nú. Þess vegna tel ég líka, að það sé mjög nauðsynlegt að fá um þetta mál fyllri og rækilegri upplýsingar af opinberri hálfu en þegar hafa fram komið, og ég vil taka fram í því sambandi, að mér finnst sú ræða, sem hæstv. utanrrh. flutti hér áðan, ekki vera fullnægjandi til að gefa þær upplýsingar um þetta mál, sem nauðsynlegt er af opinberri hálfu. Ég vil þess vegna leggja áherzlu á það, að sú þingnefnd, sem fær þetta mál til athugunar, — mér skilst, að hv. flm. hafi lagt til, að málið færi til fjhn. og fengi þar athugun — athugaði um það, hvort rétt væri að samþykkja þá tillögu eða ekki. Mér finnst, eins og ég sagði áðan, nauðsynlegt, að í þeirri nefnd verði þetta mál tekið til rækilegrar meðferðar og gengið eftir því af viðkomandi opinberum aðilum, að þeir gefi skýrslur um það, sem fullnægjandi séu, og fjhn. taki svo afstöðu til þess á eftir, hvort hún álítur rétt að stiga það spor, sem hér er lagt til, að skipuð verði þingrannsókn í málinu. En það er að vísu nokkuð veigamikið spor, þegar fyrirskipuð er þingrannsókn út af einu einstöku máli, og þess vegna þurfa að liggja fyrir gildar ástæður til þess, að svo sé gert. Og áður en það er gert, þá tel ég, að það sé nauðsynlegt, að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar hér í þinginu, gangi eftir rækilegum upplýsingum frá hæstv. ríkisstj. um þetta mál og byggi svo sínar ákvarðanir á því, hvort hún álítur framhaldsrannsókn vera nauðsynlega eða ekki eða þá rannsókn, sem þessi till. gerir ráð fyrir. En á það vil ég leggja áherzlu, að það er nauðsynlegt, að þetta mál verði betur upplýst af hálfu ríkisstj. en þegar er orðið og að það sé eðlilegt, að þingið gangi eftir því að fá þær upplýsingar, þó að ef til vill þurfi ekki að grípa til þeirra rannsóknaraðferða, sem gert er ráð fyrir í tillögunni. Um það verða menn að dæma, þegar það liggur fyrir, hve viðtækar upplýsingar ríkisstj. vill gefa um málið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég kann ekki við þann derring, sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. hér áðan. Honum hefði verið sæmst í máli eins og þessu að vera auðmjúkur sem þjónn Alþingis, en ekki koma hér fram sem neinn herra.

Hæstv. utanrrh. vildi skella skuldinni af því, sem hann álítur að hér kynni að vera misfarið í, yfir á okkur þingmenn, með því að samþykkja heimild til handa ríkisstj. að taka á sig ábyrgð, þá bæru þannig þingmenn ábyrgð á því, hvernig með þá ábyrgð væri farið. Þetta er nokkuð létt farið út í málið. Það hefur hingað til ekki staðið á þingmönnum að veita ríkisstj., hvort sem þeir væru með þeim eða á móti, ábyrgðir til að greiða fyrir atvinnulífi landsins, en það hefur alltaf verið gert í trausti þess, að af hálfu þess fjmrh., sem með slíkt færi, væri farið með málið eins og heiðarlegum manni sæmir og þar að auki eins og varkárum fjmrh. sæmir. Þegar hæstv. fyrrv. fjmrh. ætlar að fara að skella því yfir á okkur þingmenn, að þegar við veitum ábyrgð á einhverju máli, þá eigum við að grandskoða það, þá mun það þýða, að héðan af muni að öllum líkindum fjvn. sameinaðs Alþingis heimta að fá í sínar hendur undir öllum kringumstæðum öll þau gögn og taka að sér það hlutverk, sem fjmrh. annars er veitt. Það má vel vera, að það hefði verið nauðsynlegt, að það hefði verið gert, þegar hæstv. núv. utanrrh. var fjmrh., að hann hefði ekki verið látinn koma nærri því að framfylgja neinu því, sem fjmrh. er almennt trúað fyrir. A. m. k. virðist hann eftir þessu að dæma, hvernig hann hefur þarna staðið að, hafa farið nokkuð hvatskeytlega að. Hann sagði ekki eitt einasta orð um þetta. Kaupsamningurinn var lagður fyrir og ábyrgðin gefin. Ég er hræddur um, að það verði að fara að athuga dálítið alvarlega, hvernig fjmrh., sem svona hefur farið að, hefur staðið yfirleitt í sínu starfi.

Ef þetta hefur verið allt saman svona auðvelt, að þessi fyrrv. fjmrh. áleit, að þegar Alþingi væri búið að gefa heimild, þá þyrfti hann yfirleitt ekki að hugsa neitt meir, hvernig stóð þá á því, að þetta hlutafélag, Ásfjall, varð að sækja um ábyrgð til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar? Hver var þá ástæðan til þess, að það var verið að sækja um ábyrgð upp á 1½ millj., og hvernig stóð á, fyrst sú ábyrgð fékkst ekki, að þá var ekkert gert? Var ekki eitthvað verið að hugsa í sambandi við þetta, og af hverju var allt í einu hætt að hugsa? Einhverja meiri tryggingu virðast einhverjir aðilar þarna hafa viljað fá og ekki fengið og samt allt verið látið róa. Ég held, að það væri nú nauðsynlegt, að hæstv. utanrrh., þó að hann hafi að vísu oft og tíðum alllítinn tíma til að tala hér við þingið, gerði dálítið betri grein fyrir þessu.

Hann talar um, að það hafi einhverjir sérfræðingar athugað þetta mál. Hverjir voru þessir sérfræðingar? Voru það íslenzkir sérfræðingar? Voru það sérfræðingar í Þýzkalandi? Voru það sérfræðingar, sem íslenzka ríkisstj. skipaði í þetta, eða voru það sérfræðingar, sem viðkomandi kaupandi skikkaði í þetta? Það var sagt hér í framsöguræðunni frá áliti, sem íslenzkur sérfræðingur, sem meira að segja á sæti hér á Alþingi, hefði gefið um þetta skip. Hverjir voru þeir sérfræðingar, sem gáfu þetta álit, sem fyrrv. hæstv. fjmrh. tók gilt?

Svo er eitt, sem undrar mig satt að segja nokkuð, og vildi ég sérstaklega beina því líka til hæstv. núv. fjmrh. Í þeirri ábyrgð, sem tekin er á 22. gr. fjárlaga fyrir 1959, stendur, með leyfi hæstv. forseta, svo hljóðandi: „Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir Axel Kristjánsson eða væntanlegt hlutafélag í Hafnarfirði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 4 millj. 320 þús. kr. lán til kaupa á togara frá Vestur-Þýzkalandi, þó ekki yfir 80% af kaupverði skipsins.“ Þarna er samþykkt heimild til fjmrh. að ábyrgjast lán og ábyrgðin getur numið allt að 4 millj. og 320 þús. kr. Þetta er það hámark, sem þessari ríkisstj. og fjmrh. er heimilað að ganga í ábyrgð fyrir. Hér er ekkert rætt um neitt viðvíkjandi gengi eða neinu slíku. Hins vegar er talað um, að ef verðið mundi verða lægra en svo, að þetta væru 80% af kaupverðinu, þá mætti ábyrgðin ekki vera svona há. Nú held ég, að ég muni það rétt, að þegar hæstv. núv. fjmrh. gaf yfirlýsingar í fyrirspurnatíma hér á Alþingi um ábyrgðir, sem ríkissjóður stæði í, þá lýsti hann því yfir, að ríkissjóður stæði í ábyrgð fyrir þetta hluta-

félag fyrir 720 þús. mörk. Ég held ég muni það rétt. Og 720 þús. mörk eru nú um 7 millj. kr. Þó að það hafi verið nokkru lægra áður, þá er það þó í öllu falli allt önnur upphæð en sú, sem Alþingi hefur heimilað að ganga í ábyrgð fyrir. Hæstv. utanrrh. talaði hér áðan um eitthvert kaupverð upp á 900 þús. ríkismörk. Ég sé, að þessi upphæð muni kannske vera í einhverju hlutfalli við þá upphæð, muni ekki vera fjarri því að vera 80% þar af, en hún er bara nokkrum millj. hærri en það, sem Alþingi hefur heimilað fjmrh. að ábyrgjast, eftir því sem ég fæ bezt séð við fljóta athugun. Ef þess vegna er rétt það, sem hæstv. núv. fjmrh. hefur upplýst Alþ. um þetta, sem ég satt að segja efast ekki um, þá sé ég ekki annað en hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi gengið í miklu meiri ábyrgð en hann hafði heimild til. Fyrir utan það, sem á að vera uppistaðan í þessari till. og rannsóknarefni, matið á tryggingunum, hvort forsvaranlega sé frá því gengið af hálfu fjmrh., þá virðist mér koma þar inn í beinlínis rannsóknin á upphæðinni líka, hvort það hafi verið nokkurn tíma nokkur heimild til þess að ganga í þá ábyrgð. Mér finnst því hæstv. núv. utanrrh. ekki standa þannig að vígi í þessu máli, að hann geti leyft sér að koma hér upp í þennan ræðustól og segja bara: Hér er verið með pólitískar ofsóknir eða pólitískar ásakanir, — að ætla að vísa frá hér á Alþingi með einhverju slíku slagorði, vegna þess að þarna á hlut að máli maður, sem vafalaust er náinn flokksbróðir og kannske náinn samstarfsmaður hæstv. utanrrh. í fjármálaráði Alþfl., ætla þá bara að vísa þessu á bug með því, að þetta sé bara pólitísk ofsókn. Ekki sízt þegar hæstv. utanrrh. byrjar sína ræðu með því að segja, að það séu raunverulega allir alþm., sem hafi veitt þessa ábyrgð, þá eigum við fulla kröfu á því að fá að vita, hvernig með þetta hefur verið farið, og láta það ekki geta haldizt uppi, að það sé hlaupizt á brott án þess að gefa betri skýringar á slíku. Ég held þess vegna, að það sé alveg ófært annað en að þetta mál ekki aðeins komist nú til n. og verði þar athugað, heldur líka, að það verði sett sú rannsóknarnefnd, sem hér er lagt til.

Ég hef bent á það áður í sambandi við þær ráðstafanir, sem hér hafa verið gerðar af hálfu hæstv. ríkisstj. gagnvart efnahag alþýðuheimila í landinu, að það er ekki hægt að leyfa sér slíkar aðferðir og ætla svo að fara svona höndum um ráðstafanir, þar sem um það er að ræða, hvort fyrrv. fjmrh. landsins hafi tekið ófrjálsri hendi svo að skiptir millj. kr. úr ríkissjóði til að borga út til sinna flokksbræðra í fjármálaráði Alþfl. Ég vil bara minna á, að það hafa fyrr verið óreiður á opinberum sjóðum, sem menn í fjármálaráði Alþfl. hafa haft með að gera, og orðið að koma til opinberra dóma í því sambandi, þannig að ég geng út frá því, að hæstv. núv. utanrrh. eigi að vera svo jafn fyrir lögum eins og aðrir Íslendingar, að það verði komið jafnt lögum yfir hann og aðra, ef hann hefur gerzt brotlegur.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjhn. með 21 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Fyrirspurnir.

1. Lántökur erlendis.

Á deildafundum 12. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til viðskmrh. um lántökur erlendis [34. mál, 3] (A. 34).

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Fyrsti liður er svo hljóðandi: „Hve mikið fé hefur nú verið tekið að láni hjá Evrópusjóðnum og með hvaða skilmála um endurgreiðslu?" Eins og mönnum er í fersku minni, fékk hæstv. ríkisstj. heimild hjá Alþ. til að taka lán í þessum sjóði, og er spurningin af því tilefni.

2. tölul. hljóðar þannig: „Hve mikið hefur verið tekið að láni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og með hvaða kjörum?" Gildir alveg sama um þá spurningu og tilefni til hennar, en það er lánsheimild sú, sem stjórnin útvegaði sér í fyrravetur.

Í þriðja lagi er spurt, hverjar lántökur opinberra aðila hafi verið leyfðar á þessu ári af bönkum og ríkisstjórn. Tilefni þessarar spurningar er, að í lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, í 7. gr., er svo hljóðandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta: „Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs nema með samþykki ríkisstj. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu til lengri tíma en eins árs." Síðan segir: „Erlend lán til skemmri tíma en eins árs, þar með talinn hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu, skulu háð reglum, sem ríkisstj. setur." Af þessu tilefni leyfi ég mér að gera fsp. þá, sem er í 3. liðnum, sem sé, hverjar lántökur opinberra aðila hafi verið leyfðar á þessu ári af bönkum og ríkisstj.

Þá er það loks 4. liðurinn. Hann er einnig fram kominn vegna þessarar sömu lagagreinar, en samkvæmt þeirri lagagrein hefur ríkisstj. gefið út reglur um erlendar lántökur í auglýsingu frá 31. maí s. l., og er ákveðið í þeirri auglýsingu, að menn geti keypt vörur með gjaldfresti, enda semji þeir við viðskiptabankana um greiðslu á þeim vörum, sem þannig eru keyptar, ef gjaldfresturinn er þrír mánuðir eða minna. En síðan er tekið fram, að ef gjaldfresturinn er 3—12 mánuðir, skuli sækja sérstaklega um leyfi eða þá skuli sérstakt samþykki viðskiptabankanna koma til, eftir nánari reglum, sem ríkisstj. setur. Sýnist samkvæmt þessu þurfa samþykki fyrir öllum slíkum lánum, og af því tilefni er þessi 4. tölul. settur fram. En hann hljóðar þannig: „Hve miklu nema þær lántökur einkaaðila samtals, sem leyfðar hafa verið á þessu ári af ríkisstj. og bönkum?" Er þá átt við að sjálfsögðu þau lán, sem falla undir ákvæðin, sem ég var að rifja upp.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, að mér skuli hafa seinkað nokkuð til fundarins, en ég var bundinn við áríðandi símtal.

Fyrsta spurningin, sem hv. 1. þm. Austf. hefur beint til mín, hljóðar þannig: „Hve mikið fé hefur nú verið tekið að láni hjá Evrópusjóðnum og með hvaða skilmála um endurgreiðslu?"

Yfirdráttarheimild Íslands hjá Evrópusjóðnum er 12 millj. dollarar eða 456 millj. ísl. kr. Þar af hafa verið notaðar 7 millj. dollara eða 266 millj. ísl. kr. síðan 5. marz 1960, og verður að endurgreiða þessa upphæð fyrir 20. febr. 1962. Hinn óhreyfði hluti heimildarinnar, 5 millj. dollara eða 190 millj. kr., var til ráðstöfunar frá og með 1. ágúst 1960 og verður að endurgreiðast innan tveggja ára frá þeim tíma, að svo miklu leyti sem til notkunar hans kynni að koma. Vextir og kostnaður er ¼% í þjónustugjald auk 4% ársvaxta af þeirri upphæð, sem notuð hefur verið.

Önnur spurningin hljóðar svo: „Hve mikið hefur verið tekið að láni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og með hvaða kjörum?"

Yfirdráttarheimild Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum nemur 8437500 dollurum eða 320.6 millj. kr. Þar af hafa verið notaðir 6812500 dollarar eða 258.9 millj. ísl. kr. Þar af voru 91.2 millj. kr. notaðar til þess að greiða skuld vegna gullframlags Íslands til sjóðsins, sem talið er til eignar, þegar aðstaða Íslands gagnvart sjóðnum er gerð upp. Af yfirdráttarheimildinni hafa því raunverulega verið notaðar 167.7 millj. kr. Yfirdráttarheimildin gildir í eitt ár frá 23. febr. 1960 að því er tekur til þeirrar upphæðar, sem er umfram gullframlag Íslands til sjóðsins, að fjárhæð 2.8 millj. dollara eða 91.2 millj. ísl. kr. Skilyrðið er, að það, sem dregið er hverju sinni á sjóðinn, skuli endurgreiðast innan þriggja ára. Vextir og kostnaður eru ½% í þjónustugjald

og 2—4% í ársvexti, eftir lengd lánstímans og eins eftir því, hve mikið er notað af heimildinni, miðað við framlag Íslands til sjóðsins. Ef heimildin er t. d. aðeins notuð í eitt ár, reiknast 2% í vexti á ári.

Af svarinu við þessum tveim spurningum kemur fram, að það, sem búið er að nota af 760 millj. kr. yfirdráttarheimildunum hjá Evrópusjóðnum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, er samtals 433.7 millj. kr., 266 millj. hjá Evrópusjóðnum og 167.7 millj. hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Þegar notkun þessara yfirdráttarheimilda er athuguð eða þegar um hana er rætt, verður einnig að athuga, hver breyting hefur orðið á yfirdráttarskuldum bankanna, en yfirdrættir þeirra hafa lækkað síðan í febrúarlok á þessu ári um 442.6 millj. kr., eftir að tekið hefur verið tillit til þeirrar sölu á verðbréfum, sem átt hefur sér stað á þessum sama tíma, en verðbréfasalan hefur numið 88.6 millj. kr. Heildarlækkun yfirdráttarskuldanna nam 515.5 millj. kr., en þegar minnkun verðbréfaeignarinnar, 88.6, hefur verið dregin frá, reynist nettóminnkun yfirdráttarskuldanna 426.9 millj. kr. frá því í febrúarlok, en á tímabilinu frá því að gengisbreytingin var gerð og til febrúarloka nam lækkun yfirdráttarskuldanna 15.7 millj. kr., þannig að heildarlækkun þeirra frá gengislækkunardegi nemur 442.6 millj. kr. Lækkun yfirdráttarskulda gjaldeyrisbankanna nemur því 8.9 millj. kr. meira síðan 22. febr. s. l. en það fé nemur, sem búið er að nota af yfirdráttarheimildunum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington og Evrópusjóðnum í París.

Af þessu er augljóst mál, að þær 433.7 millj. kr., sem notaðar hafa verið af yfirdráttarheimildunum hjá þessum tveim alþjóðastofnunum, hafa allar gengið til þess að lækka yfirdráttarskuldir bankanna erlendis, sem voru orðnar mjög háar eða námu nettó 557.9 millj. kr. og raunar 8.9 millj. kr. betur.

Þriðja spurningin hljóðar þannig: „Hverjar lántökur opinberra aðila hafa verið leyfðar á þessu ári af bönkum og ríkisstjórn?“

Í lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála frá 25. maí 1960, í 7. gr. þeirra laga, er kveðið svo á, að hvorki opinberir aðilar né einkaaðilar megi semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs í senn nema með samþykki ríkisstj. Er hér um nýmæli að ræða, að því er einkaaðila snertir, en sams konar lagaákvæði hafði verið í gildi um opinbera aðila frá því 1945, en ekki verið framfylgt. Frá og með gildistöku laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála hinn 1. júní s. l. hafa umræddar lántökur hins vegar allar verið háðar samþykki ríkisstj. Frá þeim tíma hafa opinberir aðilar fengið heimild til lántöku erlendis til lengri tíma en eins árs sem hér segir:

1) Framkvæmdabanka Íslands hafa verið heimilaðar eftirtaldar lántökur erlendis: a) Lán að upphæð 2740950 kr. vegna Baader-þjónustunnar, þ. e. kaup á flökunarvélum. Lán að upphæð 639555 kr. til kaupa á niðursuðuvélum. c) Lán að upphæð 8828500 kr. til vörukaupa í Sviss. d) Lán að upphæð 11877450 kr. til kaupa á fiskiðnaðarvélum í Vestur-Þýzkalandi. e) Lán að upphæð 7309200 kr. til vélakaupa í Vestur-Þýzkalandi.

2) Rafveitu Hafnarfjarðar hefur verið veitt heimild til lántöku erlendis að upphæð 2966896 kr. til kaupa á rafbúnaði í nýja aðalspennistöð.

3) Rafmagnsveitum ríkisins hefur verið veitt heimild til lántöku erlendis að upphæð 3220500 kr. til kaupa á 2 disilvélasamstæðum.

4) Vita- og hafnarmálastjórn hefur verið veitt heimild til lántöku erlendis að upphæð 7439040 kr. vegna smíði á nýju vitaskipi.

Fjórða og síðasta spurningin hljóðar þannig: „Hversu miklu nema þær lántökur einkaaðila samtals, sem leyfðar hafa verið á þessu ári af ríkisstj. og bönkum?“

Að því leyti er missögn í fyrirspurninni, að það er eingöngu ríkisstj., sem veitir heimild til lántöku samkvæmt ákvæðum laganna. En lán þau, sem einkaaðilum hefur verið heimilað að taka frá 1. júní 1960 til lengri tíma en eins árs, nema alls 25701110 kr.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, svo langt sem þau ná. Ég mun ekki, fremur en ég er vanur við sams konar tækifæri, leggja út af þeim, því að ég álít, að það sé aðalatriðið við svona tækifæri að fá upplýsingar. Þó væri mikið tilefni til þess að ræða um þær lántökur, sem þegar hefur verið upplýst um. En ég sakna þess, að hæstv. ráðh. á eftir að svara einum lið fyrirspurnarinnar, og hann er sá, hversu miklar lántökur til vörukaupa nema, þær sem einstaklingar hafa fengið leyfi til þess að framkvæma og sumpart tilkynnt bönkunum um og samið við þá um greiðslu á samkv. auglýsingu hæstv. ríkisstj. Þetta fylgdi ekki með í svörunum, og má vera, að hæstv. ráðh. sé ekki búinn að fá skýrslu um þetta. Vildi ég vonast eftir að fá yfirlýsingu frá honum um það, að ég þyrfti ekki að endurtaka fyrirspurnina, til þess að þetta yrði upplýst einnig. En eins og hæstv. ráðh. hlýtur að vera ljóst, felst í fsp., eins og ég líka upplýsti, þegar ég talaði fyrir henni, að það er óskað eftir skýrslu um það, hversu miklu þessar vörukaupalántökur einstaklinga nemi í heild. Þetta hlýtur að vera til í bönkunum, því að það stendur skýrum stöfum í auglýsingunni, að það skuli tilkynna bönkunum um jafnvel þau vörukaup, sem gerð eru með þriggja mánaða fresti og minna, og fá samninga við þá um greiðsluna. Enn fremur stendur skýrum stöfum, að leyfi bankanna þarf, sem munu vera veitt í umboði ríkisstj., til þess að taka vörukaupalán, sem eru á milli 3 og 12 mánaða að lengd. Allir sjá, að það er náttúrlega ómögulegt að átta sig nokkurn skapaðan hlut á gjaldeyrisstöðu landsins, nema þessar upplýsingar komi fram.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég svaraði ekki öðru í upphafi en því, sem fsp. gaf með réttu beinlínis tilefni til. En eins og ég benti á áðan, er fjórða spurningin ekki alveg rétt orðuð, ef það vakir fyrir hv. þm., sem hann nú gat um í viðbótarathugasemdum sínum, því að eins og honum er áreiðanlega jafnljóst og mér, þá eru lagaákvæðin þannig, að leyfi ríkisstj. þarf til þess að taka lán til lengri tíma en eins árs. Hins vegar er innflytjendum heimilt að semja um greiðslufrest til allt að þriggja mánaða, án þess að leyfi ríkisstj. eða banka komi til, en til 3—12 mánaða greiðslufrests þarf leyfi banka. Ég skal gjarnan, að gefnu þessu tilefni frá hv. þm., skýra frá því, sem ég

veit um þessi atriði, því að það er alveg rétt hjá honum, að til þess að fá myndina fullkomna af gjaldeyrisstöðunni, er nauðsynlegt að hafa hugmynd um þetta, en bankarnir hafa einmitt í fyrsta skipti nú, síðan 1. júní, hafið skýrslugerð, sem gerir þeim kleift að fylgjast með því, hversu mikið er um notkun þeirrar heimildar, sem nú er gert ráð fyrir að innflytjendur geti notað til allt að eins árs greiðslufrests erlendis.

Útistandandi eru nú í frjálsum gjaldeyri, bæði í ábyrgðum og innheimtum, um 80 millj. kr., og er hér nær eingöngu um að ræða þriggja mánaða gjaldfrest, en yfirleitt hafa bankarnir ekki fallizt á greiðslufrest til lengri tíma en þriggja mánaða, nema hlutaðeigandi innflytjandi hafi getað sýnt fram á með alveg óyggjandi og fullum rökum, að það hafi verið venja áður í þeirri sömu viðskiptagrein. *Það má öllum kunnugum þessum málum vera ljóst,* að þó að áður hafi ekki verið leyfilegt að hagnýta neinn gjaldfrest erlendis, þá mun hafa kveðið að því í allverulegum mæli, og þarf það í sjálfu sér engum að koma á óvart. Sú reynsla, sem bankarnir hafa aflað sér um þessi atriði nú, eftir 1. júní, þegar farið var að framkvæma ákvæði hinna nýju laga, hefur leitt í ljós, að það hefur tvímælalaust verið um að ræða allverulega notkun á greiðslufresti erlendis áður, þótt lög hafi ekki gert ráð fyrir slíku. En ég endurtek, að um lengri greiðslufrest en þrjá mánuði er ekki að ræða, nema því aðeins að bönkum hafi verið gerð fullkomin grein fyrir því, að þar sé um óbreytta viðskiptahætti að ræða frá því, sem áður var. Útistandandi eru í vöruskiptagjaldeyri 78 millj. kr., þar af 57 vegna olíukaupa í Sovétríkjunum.

Vilji maður gera sér grein fyrir því, hvort hér sé um nokkuð óeðlilegt eða óvenjulegt að ræða eða hvort líkur séu á því, að notkun greiðslufrestsins hafi stefnt eða sé að stefna gjaldeyrisaðstöðu okkar í hættu, þá er einfaldast og ábyggilegast að athuga þær breytingar, sem hafa orðið á ábyrgðaskuldbindingum og greiðsluskuldbindingum bankanna við síðustu mánaðamót og á sama tíma í fyrra og breyta skuldbindingatölunni í fyrra í nýja gengið, til þess að tölurnar verði sambærilegar.

Ég hef upplýsingar um þessi atriði. Í septemberlok 1959 námu ábyrgðaskuldbindingar bankanna í frjálsum gjaldeyri 125 millj. kr., — tölunni hefur verið breytt í nýja gengið. Í septembermánuði s. l. námu ábyrgðarskuldbindingarnar 123.5 millj. kr. í frjálsum gjaldeyri. Ábyrgðarskuldbindingarnar hafa m. ö. o. lækkað, svo að þær eru 1½ millj. lægri í septemberlok í ár en þær voru í septemberlok í fyrra. Um greiðsluskuldbindingarnar er það að segja, að þær námu í septemberlok 1959 153 millj. kr. — á nýja genginu, en greiðsluskuldbindingarnar 30. sept. nú í ár námu 175.8 millj. kr. Þær hafa því aukizt um 22.8 millj. kr., sem verður áreiðanlega ekki talin há upphæð og ekki varhugaverð að neinu leyti.

Á þessu sést því, að ef teknar eru saman ábyrgðarskuldbindingar og greiðsluskuldbindingar bankanna í septemberlok í fyrra og í ár, þá er þar um aukningu um því sem næst 20 millj. kr. að ræða. Þetta er öruggasti mælikvarðinn á það, hvort heimildin til þess að hagnýta sér greiðslufrest erlendis hefur verið misnotuð þannig, að af því mætti teljast einhver hætta fyrir gjaldeyrisástandið. **(EOl:** Á hvaða gengi er þetta gamla reiknað þarna?) Reiknað á nýja genginu, reiknað á 38 kr. dollarinn. **(EOl:** Við hvað er miðað, þetta gamla?) 16.32 og 38 kr. — Þessar tölur taka af öll tvímæli um það, að á þessu sviði gjaldeyrisafkomunnar er ekki heldur um neina voveiflega atburði að ræða, ekki um neina þróun að ræða, sem ástæða sé til að óttast, þannig að gera þurfi sérstakar gagnráðstafanir.

Þá þykir mér að síðustu rétt, fyrst málin hafa borizt inn á þennan vettvang, að skýra hinu háa Alþingi frá nýjustu tölunum, sem fyrir hendi eru um gjaldeyrisaðstöðuna, til viðbótar þeim, sem nýlega hefur verið skýrt frá opinberlega og birzt í blöðum. Þróun gjaldeyrisaðstöðunnar á fyrstu tveim vikum þessa mánaðar, sem nú er að líða, eða á tímabilinu frá 1.—13. okt., er sú, að gjaldeyriskaup bankanna á fyrstu tveim vikum októbermánaðar í frjálsum gjaldeyri námu 83.3 millj., en salan 73.6 millj., þannig að í frjálsum gjaldeyri batnaði gjaldeyrisaðstaðan á fyrstu tveim vikum októbermánaðar um 9.7 millj. kr. Kaupin í vöruskiptagjaldeyri námu 16 millj. kr., en salan 12.9 millj. kr., þannig að einnig í vörukaupagjaldeyri batnaði gjaldeyrisaðstaðan um 3.1 millj. kr. Á fyrstu tveim vikum októbermánaðar hefur því gjaldeyrisaðstaðan í frjálsum gjaldeyri og vörukaupagjaldeyri batnað um 12.8 millj. kr., og er því enn um þá sömu þróun að ræða, sem verið hefur í þeim málum undanfarnar vikur og mánuði.

2. Lántökur ríkisins.

Á deildafundum 12. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til fjmrh. um lántökur ríkisins [34 mál, 1] (A. 34).

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. 1. liður fsp. á þskj. 34 hljóðar þannig: „Hve mikið er búið að borga inn til íslenzkra banka af umsömdu 6 millj. dollara láni í Bandaríkjunum, og hve miklu nemur sú fjárhæð í ísl. krónum?" Þessi liður þarfnast ekki neinnar framsögu eða skýringar.

2. liður hljóðar þannig: „Hefur ríkisstj. ráðstafað nokkru af lánsfé þessu umfram það, sem heimilað var í 22. gr. fjárl. 1959?" Það var heimilað í 22. gr. fjárl. 1959 að taka lán allt að 6 millj. dollara, og þá var um leið tilgreint, í hvað nokkur hluti lánsins skyldi fara, en ekki um hinn hlutann. Var þá vitanlega gert ráð fyrir, að það yrði lagt fyrir hv. Alþ. síðar, hvernig þeim hluta yrði ráðstafað. Að öðru leyti þarf þessi liður ekki skýringa.

3. liður er þannig: „Er ríkisstj. að leita fyrir sér um nýjar lántökur, og ef svo er, þá hverjar og í hvaða skyni“ Það er tilefni þessa liðs, að þegar efnahagslöggjöfin var sett á s. l. vetri, var það greinilega tekið fram, að það yrði að hafa hana svo stórfellda vegna þess, að Íslendingar yrðu að hætta erlendum lántökum og gætu ekki búizt við að hafa til ráðstöfunar á næstu missirum eða árum nema sínar eigin útflutningstekjur. En nú hefur gengið orðrómur um, að hæstv. ríkisstj. væri að leita fyrir sér um nýjar lántökur umfram það, sem heimilað var á þinginu í fyrra og ákveðið var í sambandi við sjálfa efnahagslöggjöfina, og þess vegna er þessi fsp. komin fram.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrsta spurningin er á þá leið: Hve mikið er búið að borga inn til íslenzkra banka af umsömdu 6 millj. dollara láni í Bandaríkjunum, og hve miklu nemur sú fjárhæð í íslenzkum krónum?“ Svarið er það, að búið er að greiða inn í dollaraupphæð 3743219.86, en í ísl. kr. er það 117609086.45.

Önnur spurningin er sú, hvort ríkisstj. hafi ráðstafað nokkru af lánsfé þessu umfram það, sem heimilað var í 22. gr. fjárlaga 1959. Svar: Ráðstöfun þessa fjár hefur verið til umr. í ríkisstj., en endanlegar ákvarðanir um ráðstöfun þess liggja ekki fyrir.

Þriðja spurningin: „Er ríkisstj. að leita fyrir sér um nýjar lántökur, og ef svo er, þá hverjar og í hvaða skyni?“ Ríkisstj. undirbýr nú áætlun um verklegar framkvæmdir og ný arðvænleg atvinnufyrirtæki á næstu árum. Hún hefur í hyggju að leita eftir hagkvæmum lánum til langs tíma hjá alþjóðlegum og erlendum lánsstofnunum til framkvæmda á þeirri áætlun.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, svo langt sem þau ná. Út af svarinu við 2. lið vil ég aftur leggja áherzlu á það, sem ég sagði áðan, sem ég að óreyndu að sjálfsögðu geri ráð fyrir að verði gert, að hæstv. ríkisstj. leggi fyrir Alþ. til samþykktar sínar till. um ráðstöfun á því, sem óráðstafað er af láninu, áður en bindandi ákvarðanir verða tekna.

Varðandi síðasta liðinn vil ég aðeins segja, að það kemur fram á honum, eins og raunar kom fram við fjárlagaumr., að ríkisstj. hefur hugsað sér að taka framkvæmdalán erlendis. Ég skal ekki fara út í hér að ræða, hvernig það kemur heim og saman við það, sem sagt var í fyrravetur. Við getum gert það við annað tækifæri. Ég vil aðeins nú leggja áherzlu á, að hæstv. ríkisstj. hafi þann hátt á að leggja þessar áætlanir sínar fyrir hv. Alþ., áður en hún tekur nokkrar bindandi ákvarðanir um að fara á stúfana í þessu efni.

3. Vörukaupalán í Bandaríkjunum.

Á deildafundum 12. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til fjmrh. um vörukaupalán í Bandaríkjunum [34. mál, 2] (A. 34).

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég veit, að mönnum er ljóst, að það er ómögulegt að átta sig á, hvernig horfir um viðskiptin við útlönd yfirleitt, og þá ekki heldur, hvernig horfir um möguleika fyrir lánum til ýmissa fjárfestingarframkvæmda í landinu sjálfu, nema fyrir liggi nokkuð þétt upplýsingar um það, hvernig þessi vörukaupalánaviðskipti við Bandaríkjamenn standa. En þannig er um þau viðskipti, að það eru keyptar þar vörur í talsvert stórum stíl og andvirðið er ekki greitt út úr landinu, heldur leggst fyrir hér í landinu sem eign Bandaríkjastjórnar, og ráðgert um leið, að talsvert mikill hluti af þessu fé geti orðið til útlána í framkvæmdir á Íslandi, en nokkur hluti aðeins og það mjög miklu minni hluti til ráðstöfunar í útgjöld Bandaríkjamanna hér í landinu eða kostnað þeirra hér. Það er sem sé langstærsti hlutinn af þessu fjármagni, sem á að geta komið til útlána innanlands. Og til þess að fá upplýsingar um þetta, áður en lengra er haldið að reyna að átta sig á viðhorfinu í efnahagsmálunum, þá eru þessar fsp. komnar fram. Ég held, að það sé alveg ástæðulaust fyrir mig að vera að lesa fsp. upp eða ræða nokkuð um hverja þeirra, og læt því þetta nægja.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er spurt um það í fyrsta lagi, hve mikil vörukaupalán, PL 480, hafi verið tekin samtals í Bandaríkjunum og hve mikið á þessu ári.

Svarið er á þessa leið: Síðan 1957 hafa árlega verið gerðir milli ríkisstjórna Bandaríkjanna og Íslands samningar um kaup á bandarískum umframbirgðum af landbúnaðarvörum fyrir alls 10270000.00 dollara. Af þessari upphæð hafa nú verið notaðir alls 8366936.60 dollarar eða í ísl. kr. 204880809.25 kr. til vörukaupa. Vörukaupasamningur þessa árs nemur 1850 þús. dollurum, og hafa þar af verið notaðir 567227.76 dollarar eða í ísl. kr. 21611378.70 kr.

Önnur spurningin er: „Hve mikið af þessu fé verður til útlána innanlands.“ Svarið er það, að af andvirði þeirra vara, sem þegar hafa verið keyptar til landsins, má verja til útlána innanlands alls 148982201.44 ísl. kr. Af þessari upphæð tilheyra 17.3 millj. sjóði, sem sérreglur gilda um.

Þriðja spurningin: „Hve mikið er búið að lána út innanlands og hverjum?“

Svar: Alls hafa verið lánaðar 87982218 kr., sem skiptist sem hér segir: Til virkjunar Efra-Sogs 72717418 kr. Rafmagnsveita Reykjavíkur 4 millj. Rafmagnsveitur ríkisins 10 millj. Til einkafyrirtækja 1264800 kr.

Fjórða spurning: „Hvað er áætlað, að þessi vörukaupalán muni nema miklu til ársloka og á næsta ári, og hvað verður til ráðstöfunar innanlands?“

Svar: Áætlað er, að á þessu ári muni PL 480

vörukaupin nema um 2 millj. 400 þús. dollurum og á næsta ári 2 millj. 200 þús. dollurum, ef um áframhald á þeim verður að ræða. Gert er ráð fyrir, að á þessu ári verði til ráðstöfunar til lánveitinga vegna innlendra framkvæmda um 54 millj., auk hins fyrrnefnda sjóðs. Af þessari upphæð ganga 16 millj. kr. til Sogsvirkjunarinnar, rafmagnsveitna ríkisins og rafmagnsveitu Reykjavíkur til að fullgera framkvæmdir, sem þegar hefur verið samið um að greiða af PL 480 fé. Áætlað er, að á næsta ári verði um 70 millj. kr. til ráðstöfunar til lánveitinga vegna innlendra framkvæmda, svo framarlega sem gerður verður nýr vörukaupasamningur fyrir það ár.

Fimmta spurningin hljóðar svo: „Hyggst ríkisstj. leggja fyrir Alþ. fyrirætlanir sínar um ráðstöfun þessa lánsfjár innanlands?"

Ráðstöfun vörukaupalána PL 480 mun ekki hingað til hafa verið lögð sérstaklega fyrir Alþingi, og ríkisstj. hefur ekki áformað að bregða frá þeirri venju.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þessi svör, en út af 5. liðnum og svari hans við honum vil ég aðeins segja þetta:

Eins og hæstv. ráðh. væntanlega er ljóst, er átt við í þessum lið, hvort ríkisstj. hafi í hyggju að bera undir Alþ., hvernig þeim — ef svo mætti segja — mótvirðissjóði í íslenzkum krónum, þ. e. a. s. því fé, sem hér safnast upp í íslenzkum krónum, verði ráðstafað til útlána innanlands. Auðvitað á ég við þetta. Ég á ekki við, að það verði lagt fyrir Alþ., hvaða vörur komi þarna til greina, þegar inn er flutt. Þetta ætla ég, að hæstv. ráðh. hljóti að hafa verið ljóst, og hef enga ástæðu til að halda annað eftir hans svari. En hitt vil ég segja, að ég mundi telja það eðlilegt og vil beina því til ríkisstj., þar sem um eins mikinn þátt er að ræða í okkar þjóðarbúskap og lánastarfsemi og þetta ætlar að verða, því að hér er stórfé til ráðstöfunar innanlands til útlána, og þar sem ríkisstj. Íslands mun hafa mjög mikil áhrif, sennilega úrslitaáhrif á það, í hvaða átt þessu fjármagni er beint, þá mundi ég telja eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. tæki upp þann hátt að leggja það fyrir Alþ., hvernig þessu fé verði ráðstafað.

4. Rafstrengur til Vestmannaeyja.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt:

Fsp. til raforkumrh. um lagningu rafstrengs til Vestmannaeyja [56. mál, 1] (A. 59).

Á 5. fundi í Sþ., 20. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þegar gengið var frá hinni stóru áætlun um rafvæðingu landsins, voru Vestmannaeyjar þar settar í þeirri framkvæmdaröð, að það var áætlað, að þær skyldu síðastar allra kaupstaða landsins komast í samband við raforkuveitur ríkisins eða á árinu 1960. Þessi ráðstöfun var að sjálfsögðu af Vestmanneyingum nokkuð umdeild, og mörgum fannst, að þar væri óhóflega seint gert ráð fyrir því, að Vestmannaeyjar yrðu aðnjótandi þess raforkukerfis, sem byggðist á vatnsvirkjunum landsins. Þóttu það vera nokkur rök í málinu, að ástæða væri til að flýta raforku til Vestmannaeyja, að þar var þá mjög í uppbyggingu fiskiðnaður, sem þurfti mikils rafmagns við, auk þess sem staðurinn var stækkandi og aðstaða öll til rafmagnsframleiðslu var þar sú, að ekki varð viðkomið neinu öðru en dísilstöðvum, en á þeim tíma var rafmagn a. m. k. allmiklu dýrara frá slíkum stöðvum en á þeim stöðum var, þar sem samband var við vatnsvirkjanirnar.

Ýmsir gerðu sér reyndar vonir um, að Vestmanneyingar þyrftu ekki eins lengi að bíða eftir því að komast í samband við raforkukerfi ríkisins og þessi áætlun benti til, því að strax á árinu 1952, eða áður en út var gefin hin stóra tíu ára áætlun, hafði þm. Vestm. þáv., Jóhann Þ. Jósefsson, fengið á Alþ. samþykkta 10 millj. kr. ábyrgð til handa ríkisstj. til þess að festa kaup á sæstreng til rafleiðslu milli lands og Eyja. En svo liðu árin og þessi heimild var ekki notuð, og Vestmanneyingar urðu að bíða eftir sínum rafstreng. Af Vestmanneyinga hálfu voru gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að reyna að flýta málinu. T. d. mun bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum nokkurn veginn árlega hafa sent stjórnarvöldum landsins áskorun um að flýta máli þessu. En við það sat, og má kannske segja, að með því að við vorum settir svo seint á áætlun, Vestmanneyingar, sem raun ber vitni, þá væri þess ekki mikil von, að við kæmumst í samband við rafveitukerfi ríkisins fyrr en að okkur kæmi í raforkuáætluninni.

En þá er þess næst að geta um framgang þessa máls, að árið 1958, þegar allir kaupstaðir landsins aðrir en Vestmannaeyjar voru þegar tengdir við rafveitukerfi ríkisins, þá var mjög tekið að tala um, að það mundi þurfa að endurskoða framkvæmd raforkuáætlunarinnar og jafnvel fresta einhverjum framkvæmdum af þeim, sem fyrirhugaðar höfðu verið. Á þingi 1958 fluttum við af þessu tilefni, ég og hv. þáv. þm. Vestm., Jóhann Þ. Jósefsson, þáltill. þess efnis, að Alþ. skoraði á stjórnarvöldin að hraða svo sem unnt væri lagningu Vestmanneyjaveitu. Sú till. var samþ. hér á Alþingi í aprílmánuði 1958, og taldi ég þá og við flm. báðir, að þar með hefði Alþ. slegið því föstu, að það væri þess vilji, að rafveita til Vestmannaeyja drægist a. m. k. ekki lengur en ráðgert var í raforkuáætluninni.

Árið 1959 birtist svo hér á Alþingi endurskoðuð tíu ára rafvæðingaráætlunin, og þar kom í ljós, að gert var ráð fyrir, að Vestmannaeyjaveita, frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja, yrði lögð á árinu 1960, eins og upphaflega hafði verið ráð fyrir gert, og kostnaður við hana áætlaður 12.7 millj. kr. Þegar á s. l. vetri áttum við þm. Sunnl. tal saman um þetta mál og fengum þá þær upplýsingar hjá hæstv. núv. raforkumrh., að hann hefði þegar í fyrravetur í sínu húsbóndavaldi yfir raforkumálum þjóðarinnar gefið raforkumálaskrifstofunni fyrirskipun

um að festa kaup á sæstreng til Vestmannaeyja, svo fljótt sem verða mætti, og var mjög gefið í skyn, að sá strengur yrði keyptur þá um veturinn. Svo hefur þó ekki orðið, og liggja nú fyrir upplýsingar um, að hvorugt hefur enn skeð, að fest hafi verið kaup á þessum sæstreng, sem leggja átti samkv. raforkuáætluninni s. l. sumar, né heldur, að hreyft hafi verið við þeirri framkvæmd að leiða rafmagn frá Hvolsvelli fram í Landeyjasand, sem er þó annar aðalþátturinn í þessari rafveitu.

Með því að Alþ. hefur sjálft gert ályktun í þessu máli og óskað eftir því, að stjórnarvöld landsins hröðuðu framkvæmd á þessu, og að því er ætla verður þar með slegið því föstu, að það væri ekki í samræmi við þingviljann, að þessar framkvæmdir drægjust fram yfir það, sem áætlun raforkumálastjórnarinnar, sú sem í gildi er, og endurskoðun hennar gerðu ráð fyrir, þykir mér ástæða til þess, að hér á Alþ. komi fram bein svör við því, hvað hér er á seyði, hvers vegna hér hefur dregizt úr hömlu framkvæmd og hvort hér sé um svo alvarlega hluti að ræða, að horfið hafi verið frá þessari framkvæmd, eða yfirleitt hvenær þess sé að vænta. að hún komist í framkvæmd. Þess vegna hef ég, ásamt hv. 2. og 4. þm. Sunnl., borið fram þá fsp., sem prentuð er á þskj. 59, þannig orðaða: ,,Hvað líður lagningu rafstrengs þess til Vestmannaeyja. sem samkv. rafvæðingaráætluninni átti að leggja sumarið 1956?" Vænti ég þess, að um þetta mál verði gefnar ýtarlegar upplýsingar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fsp. um þetta mál er sennilega eðlileg, enda þótt ég hafi, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, talað um það í fyrra við hv. fyrirspyrjendur, á hvaða leið þetta mál væri.

Lagning rafstrengs til Vestmannaeyja þarf mikinn tæknilegan undirbúning. Það er fyrsti rafstrengurinn, sem lagður er á svo djúpu vatni eins og er á milli lands og Eyja og þarf að standast þá strauma og áföll, sem af því leiðir að liggja þar. En ég vil rifja hér upp gang þessa máls með því að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, bréf, dags. 7. marz, s. l., sem hljóðar svo:

,,Eins og yður er kunnugt, herra raforkumálastjóri, var samþ. á Alþ. hinn 16. apríl 1958 svo hljóðandi þingsályktun um rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja:

,,Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hraða, svo sem unnt er, lagningu rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja, samkv. heimild í lögum nr. 65 1956, sbr. lög nr. 53 1954 og lög nr. 5 1956."

Með skírskotun til þessarar þál. og viðtals við rafmagnsveitustjóra vill ráðuneytið hér með fela yður að gera ráðstafanir til kaupa á efni til veitunnar og annað til undirbúnings framkvæmdum. Um efniskaup verði haft samráð við ráðuneytið.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur Briem."

Ég hef síðan fylgzt með gangi þessa máls og vitað, að rafmagnsveitustjóri, Eiríkur Briem, hefur unnið mikið að undirbúningi málsins. Hann hefur leitað tilboða hjá ýmsum verksmiðjum og fyrirtækjum, sem líkleg eru til þess að geta útvegað þennan streng, bæði traustan og ódýran, og nú, eftir að fsp. kom fram, bað ég hann um að staðfesta í bréfi til mín, hvað gerzt hefur í þessu máli og á hvaða stigi það er. Eiríkur Briem segir, með leyfi hæstv. forseta:

,,Með vísun til viðtals við yður, hæstv. ráðh., leyfi ég mér að staðfesta eftirfarandi:

Í nóvemberlok 1959 spurðuð þér mig, hvað liði lagningu Vestmannaeyjaveitu. Ég svaraði því, að tæknilegur undirbúningur veitunnar væri ekki nægilegur og að ekki yrði unnt að leggja hana á árinu 1960." — Ég held, að það hafi öllum verið ljóst allt þetta ár og líka í fyrravetur, að það væri ekki unnt að leggja strenginn 1960, vegna þeirra svara, sem Eiríkur Briem gaf, að tæknilegur undirbúningur væri ekki á því stigi og ekki enn vitað, hvaða verksmiðja gæti útvegað strenginn á viðunandi verði. — Eiríkur Briem heldur áfram: ,,Í framhaldi af þessu og fleiri viðtölum og með vísun til þál. frá 16. apríl 1958 fóluð þér mér með bréfi, dags. 7. marz s. l., að undirbúa framkvæmdir og gera nauðsynlegar ráðstafanir til kaupa á efni. Eins og ég tjáði yður munnlega fyrir nokkru, telja rafmagnsveiturnar tæknilegum undirbúningi veitunnar nú lokið, og er þá eftir að ganga frá kaupum á efni og gera orkusölusamning við rafveitu Vestmannaeyja." — Það er eftir að ganga frá kaupum á efni, en öllum tæknilegum undirbúningi er lokið, og nú er vitað, hvar hagkvæmast er að kaupa strenginn. Það mun vera hjá danskri verksmiðju. — Eiríkur Briem heldur áfram: ,,Er nú unnið að þeim málum og sé ég ekki ástæðu til að ætla annað en að unnt verði að leggja sæstrenginn í júlílok næsta sumar, sem er hentugasti tíminn til þessa verks, og að ljúka veitunni þá um haustið."

Þetta er það, sem Eiríkur Briem rafmagnsveitustjóri segir. Hann telur, að nú sé ekki annað eftir en að ganga frá kaupum hjá ákveðnu dönsku fyrirtæki og að það sé ekkert því til fyrirstöðu að leggja strenginn í júlílok næsta sumar, sem er hentugasti tíminn til þess að vinna þetta verk.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hér hefur gefið, og einkanlega sé ég sérstaka ástæðu til að fagna því, eða ég tek orð hans svo, — að vænta megi þess, að strengurinn verði lagður næsta sumar. En vissulega höfðum við Vestmanneyingar orðið nokkra ástæðu til að efast um, hvert málið stefndi, og stafar það ekki sízt af því, að í flokksblaði ráðh. í Vestmannaeyjum hefur þrívegis verið vikið að þessu máli í sumar og þar gefnar upplýsingar, sem hafa, eftir því sem á leið sumarið, orðið þess eðlis, að í rauninni gaf það tilefni til þess að ætla, að málið væri komið á eitthvert alvarlegt stig og mundi frestast út í bláa móðu framtíðarinnar jafnvel. Þessar upplýsingar eru gefnar í vikublaðinu Fylki, sem flokkur ráðh. gefur út í Vestmannaeyjum, og eru allar þess efnis, að þar er talið, að eina von Vestmanneyinga í málinu sé það, hvað Ingólfur Jónsson sé góður ráðh., en síður í hinu, að teknar hafi verið upp áætlanir og nokkur undirbúningur um málið. Ef ráðh. skyldi sjálfur ekki hafa fylgzt með þessu, þá vil ég leyfa mér að lofa honum aðeins að heyra svolitlar glefsur úr þessu, en fyrstu upplýsingarnar, sem við höfðum eftir þessum leiðum, Vestmanneyingar, voru úr grein, sem hv. 3. þm. kjördæmisins gaf í blað-

inu að loknu þingi, þar sem hann ræðir nokkuð um vandamál Vestmanneyinga sérstaklega og segir, með leyfi forseta:

„Svo vill til með öll þau mál, sem legið hafa fyrir hjá undanförnum ríkisstjórnum án þess að fá afgreiðslu, að þau heyra nú undir ráðuneyti Ingólfs Jónssonar, og hefur hann sýnt alveg ótvíræðan skilning og velvilja á að bæta úr þeirri vanrækslu, sem þessi hagsmunamál Vestmanneyinga hafa sætt hjá undanförnum ríkisstj. og þó einkanlega meðan vinstri stjórnin sat. En þau eru þessi helzt" — og síðan er talið upp og það, sem segir þar um þetta rafstrengsmál sérstaklega, er á þessa leið: „Þegar árið 1952 mun Alþ. hafa heimilað ríkisstj. að taka lán allt að 10 millj. kr. til kaupa á sæstreng frá línum Sogsvirkjunarinnar og út í Eyjar. En svo hefur viljað til, að allan þann tíma hafa raforkumálin heyrt undir ráðherra Framsfl., að undanskildu árinu 1959, meðan ríkisstj. Emils Jónssonar sat að völdum. Hefur bæjarstjórn árlega sent viðkomandi ríkisstjórnum áskorun um, að hafizt yrði handa um lagningu strengsins. Hefur strengurinn tvisvar verið tekinn inn á áætlun raforkumálastjóra, en úr framkvæmdum hefur ekki orðið, þar sem samþykki raforkumrh. hefur ekki fengizt" o. s. frv. Þar er sem sagt gefið til kynna, að allt til þessa hafi lagning strengsins strandað á því einu, að raforkumrh. hafi ekki samþykkt. En nú var sem sagt kominn góður raforkumrh., og átti ekki að standa á þessu máli.

Næstu upplýsingar, sem við fáum um málið, eftir að búið er að segja margt gott orðið um ráðh., þá segir í blaði, sem út kom hinn 1. júlí: „Úr þessu ætti ekki að skipta neinu höfuðmáli, hvort lagning strengsins fer fram árið 1961 eða 1962. Aðalatriðið er það, að tryggt er, að verkið verður framkvæmt". Sem sagt, þarna er kominn ólíkt lengri frestur á lagningunni en áður hafði nokkrum manni dottið í hug.

Síðast er vikið að þessu í sama blaði hinn 9. sept., og segir þar á þessa leið: „Þegar Ingólfur Jónsson varð raforkumrh. á síðasta hausti, tók hann mál þetta upp og kom því á þann rekspöl, að héðan af verður ekki snúið við og ekki hvikað frá framkvæmdum." En þar er meira að segja hætt að nefna ártöl, svo að við Vestmanneyingar höfðum vissulega ástæðu til þess að efast um, að hér væri allt á réttri braut. Þess vegna fagna ég alveg sérstaklega þeim upplýsingum ráðh., að hægt verði að leggja sæstrenginn til Vestmannaeyja á næsta sumri, enda þótt það sé orðið einu ári á eftir áætlun.

Hins vegar þykir mér ástæða til að geta þess, að Vestmannaeyjaveita er nú dálitið meira en sæstrengurinn einn. Það þarf einnig að leggja háspennulínu frá Hvolsvelli og fram í Landeyjasand, og það er nú eins og manni fyndist þrátt fyrir tæknilega örðugleika á lagningu sæstrengs, að það væri hægt að koma málinu áleiðis, þannig að sá hluti veitunnar yrði þó ekki síðastur eða til þess að tefja það, að raforka fengist til Vestmannaeyja.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki ástæða fyrir mig að segja öllu meira. Ég heyri, að hv. fyrirspyrjandi er ánægður með mín svör og meira að segja mjög ánægður, þar sem það er enn staðfest, að rafstrengurinn skuli lagður og það með bréfi frá rafmagnsveitustjóra.

Það eru ekki aðeins mín orð, heldur rafmagnsveitustjóra, að það sé ekkert lengur til fyrirstöðu, að strengurinn verði lagður á næsta sumri. En ég skil vel ummæli Fylkis. Það er ekki ritstjóri Fylkis, sem getur ákveðið, hvenær tæknilegum undirbúningi er lokið við svo mikið fyrirtæki sem þetta. Þess vegna er varlegast fyrir hann að fullyrða ekkert um það, hvort möguleikar væru á að gera þetta 1961 eða 1962. En það er rétt, sem stendur í blaðinu, að það verður ekki aftur snúið, úr því að fyrirmæli höfðu verið gefin um það, að verkið skyldi unnið svo fljótt sem möguleikar leyfðu. Og það var staðreynd, að það var gert, eftir að ég kom í rn., og ég veit, að hv. fyrirspyrjandi er alveg sérstaklega ánægður með það, að þm. Sunnl. hafi hafi tækifæri til þess að ýta málinu úr vör.

5. Virkjunarrannsóknir.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um virkjunarrannsóknir [56. mál, 2] (A. 59).

Á 5. fundi í Sþ., 20. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér, ásamt þeim hv. 2. þm. Sunnl. og 6. þm. Sunnl., að bera fram á þskj. 59 fsp. til ríkisstj. á þessa leið: „Hvað líður virkjunarrannsóknum á vatnasvæðum Hvítár og Þjórsár?"

Nokkur undanfarin ár mun rannsókn hafa farið fram á vegum raforkumálastjórnar ríkisins í þessu efni. Nú er svo komið, að Sogsvirkjuninni í Árnessýslu er að mestu lokið. Raforkuþörfin á Suðurlandi, í Reykjavík og í nágrenni Reykjavíkur vex óðfluga. Dreifingarkerfið stækkar, og hraða verður útaukningu þess. Vestmannaeyjar kalla á raforku úr landi og hafa lengi beðið. Loks kemur það til, að ekki fer á milli mála, að í náinni framtíð verður að hefjast handa í virkjunarmálum í því skyni, að upp rísi iðja og iðnaður í stærri stíl en áður hefur þekkzt á landi hér. Við höfum þegar stigið mikilsverð skref á þeirri braut, þar sem eru t. d. áburðar- og sementsverksmiðjurnar. Það er komið í ljós, sem vita mátti fyrir, að þessi framleiðslustarfsemi hefur orðið til ómetanlegs gagns fyrir alþjóð, fært okkur fram efnahagslega, sparað drjúgan erlendan gjaldeyri og aflað beinlínis þess gjaldeyris. Fyrirtækin hafa líka — og það er ekki sízt um vert — styrkt okkur í trúnni á þá möguleika, sem nýta má til hagsældar, ef rétt er að farið og dug og áræði ekki skortir. Það er nokkurn veginn ljóst, að sjávarútvegur og landbúnaður fá vart staðið undir hinni öru fólksfjölgun í landinu. Þar þarf fleira að koma til, ef tryggja skal, svo sem bezt má verða, aukinn

hag og velmegun landsmanna. Iðja og iðnaður, sem byggir á raforku úr vatnsorkuvirkjunum og hagnýtir sem allra mest innlend efni, hlýtur að koma til hjálpar og verða veigamikill þáttur í þjóðarbúskapnum. Stórvirkjun á Suðurlandi, þar sem vatnsaflið er mest í landi hér, er því mál, sem krefst úrlausnar og það fyrr en seinna. Áður þurfa að sjálfsögðu m. a. að eiga sér stað umfangsmiklar rannsóknir, hversu mikið virkjanlegt vatnsafl er til staðar, hvernig háttar virkjunarmöguleikum, hvar aðstaða er álitin bezt eða talin líklegust að vera það o. s. frv. Allt er þetta hið mikilsverðasta rannsóknarefni, sem sérfræðingar munu um skeið hafa haft með höndum. Til þess nú að fá vitneskju um það, á hverju stigi þessar rannsóknir eru, er fsp. fram borin. Hitt er eigi síður mikilvægt úrlausnarefni, með hverjum hætti hagkvæmust yrði notkun hins mikla afls, sem væntanlega má virkja úr þessum nefndu fallvötnum og þá sérstaklega Þjórsá, og þar kemur sjálfsagt margt til og deildar kunna að verða skoðanir um þær leiðir, sem fara á í því efni. Þetta er vandamál, sem liggur að vísu fyrir utan þessa fsp., sem hér hefur verið fram borin, en verður brennandi spurning, þegar virkjunarrannsóknum er komið það á veg, að segja má nokkurn veginn fyrir um orkuvinnslumöguleika.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Um nokkurra ára skeið hafa farið fram viðtækar rannsóknir og mælingar á vatnasvæði Þjórsár og Hvítár. Þetta er kostnaðarsamt og mikið starf og þarf *mikla nákvæmni við og nákvæma athugun, áður en* ráðizt er í virkjun svo stórra vatna sem Þjórsá og Hvítá eru.

Eftir að þessi fsp. kom fram, sneri ég mér til *raforkumálastjóra og bað hann um að taka saman*, á hvaða stigi þetta væri, og gefa mér skýrslu um það, og skýrsla raforkumálastjóra er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„*Eftir nokkurra ára rannsóknir hefur verið sett* fram till. að heildarskipulagi fullvirkjana Þjórsár og Hvítár. Rannsóknir þessar hafa mestmegnis verið framkvæmdar af innlendum verkfræðingum og öðrum *sérfræðingum. En árið 1959 voru fengnir að auki* amerískir verkfræðingar til að líta á staðhætti, yfirfara rannsóknarskýrslur og áætlanir íslenzkra verkfræðinga og gagnrýna hugmyndir þeirra um heildarfyrirkomulag á fullvirkjun þessara tveggja stóráa. Amerísku verkfræðingarnir voru frá Hass Engineering Company, og var ferð þeirra hingað kostuð að verulegu leyti af styrk frá ICA. Amerísku verkfræðingarnir gerðu ekki neinar verulegar brtt. frá hugmyndum íslenzku verkfræðinganna.

Samkvæmt þeirri mynd, sem þannig er fengin af virkjunarmöguleikum í þessum ám, er talið, að heppilegt muni vera að virkja Þjórsá og þverár hennar í 11 orkuverum, allt frá Bjallavirkjun í Tungnaá og stíflu við Norðlingaöldu í Þjórsá hið efsta og til Urriðafossvirkjunar neðst, en Hvítá frá virkjun úr Hvítárvatni efst í 7—10 orkuverum og að hugsanlegri virkjun við Selfoss neðst. Talið er, að þessi virkjun í Þjórsá og þverám hennar muni geta gefið um 8000 millj. árskw., en Hvítá um það bil 2700 millj. árskw.

Á undanförnum áratugum hafa verið framkvæmdar miklar landmælingar, vatnamælingar, jarðfræðiathuganir, kortagerð og útreikningar og áætlanir, og á þeim eru þær bráðabirgðatillögur, sem nú liggja fyrir, byggðar. En í ýtarlegri skýrslu, sem hið ameríska verkfræðingafirma hefur tekið saman fyrir okkur eftir athugun verkfræðinga þess hér, hefur það gert lauslega áætlun um, hversu mikið muni kosta viðbótarrannsókn, sem gera þarf, áður en þessi heildartillaga, sem þeir nefna á ensku Master Plan, um virkjun ánna getur talizt vera orðin nægjanlega vel rökstudd. Það eru einkum jarðfræðilegar og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir ásamt umfangsmiklum jarðborunum, lekamælingum, efnisleit, nákvæmar landmælingar og síðan frekari útreikningar og áætlanir, sem enn er eftir að framkvæma.

Frumáætlun að þessari rannsókn mun kosta um 40 millj. ísl. kr. Þetta er mikill kostnaður, og mun að sjálfsögðu verða erfitt að koma slíkum rannsóknum í kring á stuttum tíma, en það er því miður svo, að erfitt er og þykir viðsjárvert að hefja virkjanir í stórá, áður en gerð hefur verið nokkurn veginn full grein fyrir heildarskipulagi á fullvirkjun árinnar. Þess vegna er nokkuð aðkallandi að ljúka þessum frumrannsóknum, sem svo mætti nefna.

Nú á undanförnum árum hefur raforkumálastjórnin varið 4 millj. kr. á ári í þessar virkjunarrannsóknir. Æskilegt væri, að rannsóknum þeim, sem hið ameríska firma áætlar að muni kosta um 40 millj. kr., væri hægt að ljúka á næstu fjórum árum, en til þess mundi ekki veita af að verja allt að 10 millj. kr. á ári til virkjunarrannsókna næstu árin.

Í ár hefur sérstök áherzla verið lögð á að ljúka þeim athugunum, sem gera þurfti til þess, að hægt væri að taka ákvörðun um, hvaða orkuver skuli reisa nú næst eftir fullnaðarvirkjun Sogsins. Er talið nauðsynlegt að taka slíka ákvörðun nú þegar á miðjum vetri, til þess að nægur tími verði *til undirbúnings og framkvæmda á bygg*ingu þess orkuvers fyrir árslok 1964, sem álitið er að sé sá frestur, sem okkur er til þess gefinn.

Virkjun Hvítár við Hestvatn er talin vera eina vatnsaflsvirkjunin, *sem kemur til greina að gera* fyrir þann tíma. En til samanburðar við hana er áætluð jarðhitarafstöð í Hveragerði, svo sem kunnugt er, og þess er að vænta, að nauðsynlegar áætlanir liggi fyrir nú fyrir jól til þess að velja á milli þessara tveggja möguleika.

Ef ekki er um að ræða að afla raforku til neins stærri iðnaðar, er gert ráð fyrir, að jarðhitarafstöð, 15 þús. kw., muni endast til ársloka 1967, og ef Hvítárvirkjun við Hestvatn tæki við næst á eftir, mundi hún endast fram yfir árið 1970. Ef hins vegar kemur upp, að stofnað er til einhvers iðnaðar, sem þarf á að halda svo að skiptir tugum þúsunda kw., þarf að reisa orkuver örar en þetta eða fara í stærri virkjunarstað.

Samtímis öðrum virkjunarrannsóknum er nú unnið að sérstökum áætlunum um stórvirkjun í Þjórsá við Búrfell með það fyrir augum að fá á sama hátt og gert hefur verið við Jökulsá á Fjöllum allareiðanlegar verðáætlanir um raforku til stóriðnaðar, svo sem t. d. alúmíníumvinnslu. Hér er að sjálfsögðu ekki um neina fullnaðaráætlun að ræða, en vonazt til þess að ná þó nægilegri

nákvæmni til notkunar við yfirvegun um möguleika þess að koma slíkum iðnaði á fót hér á landi."

Eins og fram kemur í þessari skýrslu raforkumálastjóra, er að þessum málum unnið svo hratt sem mögulegt er, en undanfarið hefur verið veitt of lítið fjármagn til þessara framkvæmda. Ég hygg, að allir hv. alþm. vilji ekki bíða í 10 ár eftir því, að fullnaðarrannsókn á þessu vatnasvæði sé fengin, en það tekur 10 ár að rannsaka þetta, ef fjárveiting til rannsóknanna verður ekki aukin frá því, sem verið hefur.

Raforkumálastjóri leggur til, að það verði veittar í þessu skyni 10 millj. kr. á ári og rannsókninni verði lokið á fjórum árum, og virðist það vera sá lengsti tími, sem hægt er að bíða eftir þessum áætlunum, en út í það skal ekki farið hér. Mér er kunnugt um, að ríkisstj. hefur áhuga á því að hraða þessum áætlunum svo sem unnt er, þar sem nauðsynlegt er að geta fengið úr því skorið, hvar hagkvæmast er að virkja, og þar sem um það er hugsað nú fyrst í alvöru að koma upp stóriðju hér á landi.

Fyrirspyrjandi (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. raforkumrh. fyrir mikilsverðar upplýsingar, sem hann hefur gefið varðandi fsp. Það kemur í ljós, að mikil nauðsyn er til þess að auka framlag til rannsókna í þessu efni, og í raun og veru er það það, sem nú þarf að ske, að flýta svo sem auðið er þessum rannsóknum, svo að til úrslita dragi. Eins og ég sagði í fyrri ræðu, er hér mikið í húfi og vafalaust fyrir þjóðina hin fyllsta nauðsyn, áður en langir tímar líða, að geta byrjað á virkjun í stórum stíl og þá helzt við það fallvatnið, sem mest aflið gefur. Ég vildi vænta þess, að ríkisstj. legði meginkapp á að koma inn á fjárlög þeirri fjárfúlgu, sem raforkumálastjóri óskar eftir að fá, til þess að rannsóknum verði lokið í tilhlýðilegan tíma.

6. Veðdeild Búnaðarbankans.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt:

Fsp. til landbrh. um framkvæmd þál. frá 18. maí 1960 um ráðstafanir til að tryggja starfsgrundvöll veðdeildar Búnaðarbankans [76. mál] (A. 84).

Á 8. fundi í Sþ., 27. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. 18. maí s. l. var samþ. hér á Alþingi svo hljóðandi þál., með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka fjárþörf veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og undirbúa tillögur um, hvernig tryggja megi veðdeildinni starfsgrundvöll, með það fyrir augum, að hún geti gegnt hlutverki sínu fyrir landbúnaðinn á viðhlítandi hátt."

Í ályktun þessari er fjallað um mjög mikilsvert hagsmunamál fyrir landbúnaðinn. Það er alkunnugt, að veðdeildina hefur skort fjármagn til þess að bæta úr lánsfjárþörf bænda á fullnægjandi hátt. Það hefur engan veginn verið hægt að sinna öllum lánsumsóknum, og lánsumsækjendur hafa oft lengi þurft að bíða afgreiðslu. Hámark lánsfjárhæðar, 35 þús. kr., er einnig orðið allt of lágt nú og fullnægir mönnum því alls ekki. Veðdeildin hefur þó reynt að sinna lánsumsóknum eftir beztu getu og í raun og veru sjálfsagt umfram getu með töku bráðabirgðalána. Tekjustofnar veðdeildarinnar, bæði hluti stóreignaskatts og hluti skyldusparnaðar, hafa ekki reynzt fullnægjandi. Vandræðin, sem stafa af vangetu veðdeildarinnar, eru vaxandi vegna hinnar almennu lánsfjárkreppu í landinu.

Með tilliti til þess, hve hér er um þýðingarmikið og aðkallandi vandamál að ræða, hef ég leyft mér að beina til landbrh. fyrirspurninni á þskj. 84, varðandi framkvæmd áðurnefndrar þál. En fsp. er á þessa lund: „Hvað líður framkvæmd þál. frá 18. maí 1960, um ráðstafanir til að tryggja starfsgrundvöll veðdeildar Búnaðarbankans?" Þarf ekki um hana frekari skýringar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt, að um það sé spurt, hvort þál. þeirri, sem samþ. var s. l. vor, hafi verið gerð þau skil, sem æskilegt væri, þ. e. að verða við vilja hv. Alþ., sem samþykkti þessa till., og tryggja veðdeild Búnaðarbankans viðunandi starfsgrundvöll. En því miður verð ég að segja söguna eins og hún er, að þetta hefur ekki enn tekizt, og veit ég, að hv. alþm. út af fyrir sig undrast það ekki. Þeim er vitanlega vel ljóst, hvaða örðugleikum það er bundið og að veðdeildin hefði ekki starfað undanfarin mörg ár við fjárskort, ef það hefði verið auðið og mjög létt verk að afla henni nægilegs fjár.

Það er rétt, að hagur veðdeildarinnar er mjög bágborinn, því að eins og hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan hefur hún leitazt við að lána umfram getu vegna mikillar eftirspurnar og vegna mikillar þarfar á því að fá fé úr veðdeildinni. Þess vegna er það, að veðdeildin skuldar nú drjúgan skilding. Hún skuldar talsvert yfir 19 millj. kr., eingöngu vegna þess, að látið hefur verið undan þeirri pressu og hinni miklu þörf bændanna á lánsfé. Veðdeildin skuldar Seðlabankanum tæpar 3 millj. kr., atvinnuleysistryggingasjóði rúmar 3 millj., skyldusparnaði 9.7 millj. og sparisjóðsdeild Búnaðarbankans 3.6 millj. Þetta gerir samtals rúmlega 19 millj. Og ef við tökum til athugunar starfsemi veðdeildarinnar s. l. 10 ár, kemur í ljós, að hún hefur lánað frá ½ millj. og upp í 7 millj. árlega á þessum áratug. 1950 lánar hún 453 þús., 1951 409 þús., 1952 1 millj. 534 þús., 1953 863 þús., 1954 2 millj. 103 þús., 1955 4 millj. 732 þús., 1956 3 millj. 859 þús., 1957 6 millj. 750 þús., 1958 6 millj. 460 þús., 1959 7 millj. 227 þús. og 1960 til 1. nóv. 2 millj. 988 þús. kr., og hefur verið dregið úr lánum á þessu ári vegna þess, hversu veðdeildin skuldar orðið mikið. Lánin á undan-

förnum árum hafa verið umfram tekjur, og þess vegna hefur skuldum verið safnað. En í sjálfu sér gæti veðdeildin í ár lánað án þess að auka skuldina 6 millj. kr., því að hún á eftir að fá 3 millj. kr., sem ríkisstj. hefur lofað að greiða og er búið að samþykkja að deildin fái, en hefur eigi að síður dregizt. Vona ég, að það verði ekki lengi héðan af. Það stóð til, að það yrði greitt í september eða október, en verður væntanlega ekki fyrr en nú næstu daga. Þá gæti veðdeildin á árinu 1960 lánað um 6 millj. kr. án þess að hafa aukið skuld sína frá fyrra ári, en það hefur hún gert undanfarin ár. En þetta er, eins og vitanlegt er, allt of lítið, bæði það, að 35 þús. á hvert býli er of lítið, og svo þurfa lánin að vera miklu fleiri, um leið og þau eru hærri. Til þess að gera sér ljóst, hversu fjárþörfin er mikil hjá veðdeildinni, ef við hugsuðum okkur að hækka hvert lán úr 35 þús. upp í 50 þús. og það væru aðeins 200 lán, þá gerir það 10 millj. kr. eða til jafnaðar 10 lán í hverja sýslu. Það sjá allir, að enda þótt deildin gæti lánað 10 millj. kr. á ári, 50 þús. kr. hvert lán, þá er það mjög lítið og fullnægir vitanlega hvergi nærri þörfinni, sem fyrir hendi er.

Það, sem þarf að gera, er að afla deildinni fjár. Spurningin er bara, hvernig á að fara að því. Búnaðarþing gerði samþykkt á síðasta búnaðarþingi. Það var áskorun á ríkisstj. að útvega deildinni a. m. k. 50 millj. kr. erlent lán, og búnaðarþing sá ekki aðra leið en þá að taka erlent lán, vegna þess að hér á innlenda lánsfjármarkaðinum væri ekki möguleiki til þess að útvega þetta fé. Ég verð að segja það eins og er, að ríkisstj. hefur ekki enn leitað fyrir sér beinlínis um lán erlendis handa veðdeildinni. Enda þótt það hafi verið haft í huga ásamt öðru, þá segi ég, að það hafi ekki verið gert beinlínis vegna veðdeildarinnar enn, enda þótt hún gæti e. t. v. notið góðs af, ef til framkvæmda kæmi lán, sem leitað hefur verið eftir almennt.

Eftir að ráðuneytinu barst þessi till., eins og venja er að senda slíkar tillögur til viðkomandi ráðuneyta, var bankaráði Búnaðarbankans skrifað, og bankaráðið, sem er kunnugast um fjárreiður hinna ýmsu deilda bankans, var beðið um að gera tillögur í þessu máli, ef rn. gæti eitthvað stuðzt við það. En bankaráðið hefur ekki enn gert tillögur í þessu máli, vegna þess að það er enn í athugun hjá ráðinu. Það hefur orðið fyrir bankaráðinu eins og ríkisstj. ekki jafnauðvelt og æskilegt væri, og skil ég það vel. En ég vil taka það fram, að um leið og ræktunarsjóður og byggingarsjóður Búnaðarbankans eru í athugun hjá ríkisstj., þá er veðdeildin það að sjálfsögðu líka, og eins og ræktunarsjóður og byggingarsjóður eru nauðsynlegir fyrir landbúnaðinn, svo er það einnig nauðsynlegt, að veðdeildin geti veitt lán og verið aflögufær. Byggingarsjóður lánar aðeins út á byggingu íbúðarhúsa. Ræktunarsjóður lánar aðeins út á nýjar framkvæmdir, ræktun og byggingu peningshúsa. En það er engin deild Búnaðarbankans, sem lánar út á vélakaup, ekkert lánað út á jarðakaup, ef jarðaskipti verða o. s. frv. Af þessu er það ljóst, að veðdeildin hefur í rauninni ekki minna hlutverki að gegna en byggingarsjóður og ræktunarsjóður, og þörfin á því að efla hana jafnhliða er vissulega brýn.

Veðdeildin hefur undanfarinn áratug, eins og ég las upp, búið við fjárskort, hefur lánað 19 millj. meira og rúmlega það heldur en hún raunverulega gat, og skal það sízt lastað, þar sem fjárþörfin var og pressan á bankann. En þannig er vitanlega ekki hægt að halda áfram. Það verður að afla deildinni fjár, ef hún á að gegna hlutverki sínu, og hún þarf að fá miklu meira fé til ráðstöfunar en hún hefur haft. Eins og ég sagði áðan, þó að hún gæti lánað árlega 10 millj., þá er það ekki nema 200 lán. Það er allt of lítið. Og hún þarf vitanlega að borga allar skuldir, sem ég las upp.

Veðdeildin er ásamt ræktunarsjóði og byggingarsjóði í athugun hjá ríkisstj., og ég vona, að það finnist viðunandi lausn á þessum vanda.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka ráðh. fyrir hreinskilið svar og ýmsar gagnlegar upplýsingar, sem hann gaf hér í sambandi við þetta mál. Það er að vísu rétt, að það er ekki svo ýkja langur tími liðinn, síðan þessi till. var samþykkt, að í því er nokkur afsökun fólgin fyrir því að hafa ekki hafizt handa þegar um framkvæmd hennar. En í því sambandi vil ég þó minna á það, að þegar þessi till. var afgreidd hér á þingi, var flutt við hana brtt. frá hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúla Guðmundssyni, og hún var á þá lund, að við tillgr. bættist svo hljóðandi viðauki, með leyfi forseta: „Enn fremur ályktar þingið að skora á ríkisstj. að útvega veðdeildinni nú þegar nokkra fjárhæð, til þess að unnt sé að bæta úr brýnustu þörfum.“ Þessi viðaukatillaga var felld, og ég fyrir mitt leyti a. m. k. lagði þann skilning í þá afgreiðslu hjá þeim hv. þm., sem greiddu atkv. gegn þessari viðaukatillögu, að þeir gerðu ráð fyrir því, að ríkisstj. mundi bregða svo snöggt við um framkvæmd þáltill., að þess gerðist ekki þörf að samþykkja þessa viðaukatillögu.

Eins og ég sagði áðan, komu nú fram hjá hæstv. ráðh. ýmsar gagnlegar upplýsingar í þessu máli. Hans upplýsingar báru því vitni, sem reyndar var vitað, að veðdeildin á við erfiðan fjárhag að búa og það verður að gera sérstakar ráðstafanir til þess að greiða úr þeim erfiðleikum, þar sem hann upplýsti, að veðdeildin skuldaði nú yfir 19 millj. kr. En ef ég hef skilið ráðh. rétt, þá lýsti hann því þó yfir, að ríkisstj. hefði samþykkt það fyrir sitt leyti að greiða til veðdeildarinnar 3 millj. kr. Og ég vil þá vænta þess, að það verði gert á næstunni, og eftir upplýsingum ráðh. gæti veðdeildin að fengnum þessum 3 millj. kr. lánað út nú á þessu ári um 6 millj. kr. án þess að auka skuldir sínar fram yfir það, sem áður hefur verið. Þó að þetta sé að vísu hvergi nærri fullnægjandi, þá vildi ég fyrir mitt leyti leyfa mér að mælast til þess og vænta þess, að það yrði gerð gangskör að því að veita þessi lán nú á næstunni, því að það er liðið talsvert á árið 1960 og það eru áreiðanlega margir búnir að bíða nokkuð lengi eftir afgreiðslu. Það er að vísu sjálfsagt nokkur fróun í því fyrir suma að vita, að mál þetta sé í athugun hjá ríkisstj. ásamt

öðrum lánamálum landbúnaðarins, en samt sem áður verð ég að telja, að það sé full nauðsyn að fylgja þessari þál. fast eftir og gera gangskör að því að gera ráðstafanir til þess að tryggja framtíðarhag veðdeildarinnar, svo að hún geti sinnt sínu hlutverki á viðhlítandi hátt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins í sambandi við þá viðbótartillögu, sem hv. fyrirspyrjandi minntist á. Það var hv. 1. þm. Norðurl. v., sem flutti hana, og ég man, að þegar hann talaði fyrir þeirri till., lagði hann áherzlu á, að veðdeildinni væri tryggð einhver upphæð á þessu ári, allt væri betra en ekkert og þótt hún væri ekki nema lítil, og mig minnir, að hv. 1. þm. Norðurl. v. talaði um, að 2 millj. væru þó betra en ekkert. Þetta minnir mig. Og það er rétt, það er allt betra en ekkert, og 3 millj. eru nú tryggðar til veðdeildarinnar, sem verða greiddar bráðlega, og það er þá líka betra en ekkert. Af því leiðir, að enda þótt viðbótartill. hefði verið samþykkt, væri veðdeildin í dag ekkert betur sett. En ég veit, að hv. þm. skilja erfiðleikana á því að afla fjár, stórrar upphæðar, á ekki lengri tíma en þetta, og að það hlýtur að taka ríkisstj. nokkurn tíma að finna þá lausn á þessu máli, sem við öll æskjum, þar sem þessi sjóður hefur búið við fjárskort alltaf undanfarið. Það er ekki af viljaleysi þeirra, sem hafa ráðið. Það er vegna þess, að það hefur bara vantað möguleikana til þess. Og nú þessa mánuði, sem liðnir eru, síðan þáltill. var samþykkt, hefur ekki orðið sú breyt. á, að það séu ekki enn erfiðleikar á þessu sviði. Það veit ég að öllum er ljóst. En ég endurtek það, að þetta mál er í athugun og það er vilji fyrir hendi til þess að leysa það.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur verið minnzt á í þessum umr. brtt., sem ég bar fram á síðasta þingi við þá till. til þál. um veðdeild Búnaðarbankans, sem hér lá fyrir og samþ. var. Ég tók fram, þegar ég bar fram þessa brtt., að ég teldi að sjálfsögðu gott, að rannsökuð yrði fjárþörf veðdeildarinnar og reynt að tryggja starfsgrundvöll hennar í framtíðinni, en um leið þyrfti að gera ráðstafanir til að bæta úr brýnustu þörfinni, og þess vegna bar ég fram till. mína um viðbót við ályktunina. Hæstv. landbrh. sagði þá, að hann teldi ekki þörf á því að samþ. þessa till. mína. Það væri vitað mál, að það væri almennur vilji hjá þm. fyrir því, að útvegað yrði fé til veðdeildarinnar. Og hann sagði einnig, að hjá ríkisstj. væri vilji fyrir hendi til þess að útvega veðdeildinni fé svo fljótt sem mögulegt er. Ég fór fram á í minni till., að skorað væri á ríkisstj. að útvega veðdeildinni nú þegar nokkra fjárupphæð. Ég nefndi það ekki í ályktuninni, og ég held, að ég hafi ekki heldur nefnt það í ræðum um málið, hvaða lágmarksupphæð ætti að útvega, — ég mun hafa talað um nokkrar millj., þó að þær væru ekki margar, þá væri það strax betra en ekkert til að bæta úr brýnustu þörf. Ég minnist ekki þess, að ég nefndi ákveðna upphæð.

Ég hygg, að þessi ummæli hæstv. ráðh. þá um þennan vilja hjá ríkisstj. til að bæta hið fyrsta úr brýnustu þörf veðdeildarinnar hafi orðið til þess, að stuðningsmenn hans hér á þingi greiddu atkv. gegn brtt. minni.

Ráðh. sagði enn fremur, að ríkisstj. hefði hug á — hann sagði það í vor — að leysa mál veðdeildarinnar, og síðar, að hún hefði fullan hug á því. Ég get viðurkennt það, eins og fleiri hafa gert, að það sé ekki hægt að ásaka ríkisstj. svo mjög fyrir það, þó að hún sé ekki nú þegar búin að koma þessum málum í það horf, að það sé tryggt, að veðdeildin geti í framtíðinni að fullu gegnt sínu hlutverki. En hitt hefði áreiðanlega verið auðvelt fyrir hæstv. ríkisstj., að útvega veðdeildinni dálitla upphæð til bráðabirgða, þar sem nú er liðinn hálfur sjötti mánuður, síðan ályktunin var samþykkt. Hæstv. ráðh. segir að vísu, að það sé búið að ákveða að útvega veðdeildinni 3 millj. og hún fái þær væntanlega næstu daga. Ég vil vænta þess, að það dragist ekki lengi, og vil í því sambandi benda á, að ef nokkur von á að vera um það, að hægt verði að fá afgreidd einhver lán frá veðdeildinni á þessu ári, þá þarf hún að fá þessa upphæð nú næstu daga. Dragist það lengur, mun ekki verða hægt fyrir bankann að afgreiða nein lán fyrir áramótin.

7. Yfirvinna kennara.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um greiðslu fyrir yfirvinnu kennara [93. mál, 1] (A. 103).

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Það er nú á allra vitorði, að í okkar skólamálum er nokkur vá fyrir dyrum, þar sem erfiðara virðist með ári hverju að fá kennara til starfa til að fullnægja þeirri kennsluskyldu, sem samkvæmt fræðslulögum á að uppfylla gagnvart börnum og unglingum þjóðarinnar. Á s. l. hausti hefur kennaraskorturinn verið langmestur, sem hann nokkru sinni hefur verið, og þykir flestum, sem hugleitt hafa það mál, að ekki fari það á milli mála, að kennarar séu ekki nægilega vel launaðir til þess, að auðvelt sé að fá kennarastöður skipaðar hæfum mönnum og mönnum með réttindi til þeirra starfa. Það er til dæmis um þennan kennaraskort, að í einum kaupstað landsins t. d. mun nú vanta fast að því þriðja part af því kennaraliði, sem þyrfti, til þess að fullskipað væri kennaralið þeirrar stofnunar. Víðar mun nokkuð á vanta, að skólar hafi fullskipað kennaralið. En í þeim kaupstað, sem ég hér vitnaði sérstaklega í, var á s. l. hausti reynt að bjarga við kennaraskortinum með því að bjóða þá kennara, sem við skólann störfuðu, að leysa af hendi nokkra auka-

vinnu í starfsgrein sinni til þess að komast sem allra næst því að fullnægja kennsluskyldu samkvæmt fræðslulögum. Þetta var gert í októbermánuði, enda vissu kennarar þá ekki betur en að þeim yrði greitt yfirvinnuálag á þá tíma, sem þeir tækju að sér að kenna umfram sína kennsluskyldu. En þegar leið á októbermánuð, varð ljóst, að þetta álag neitaði bæði viðkomandi bæjarfélag og einnig ríkið að greiða. Þess vegna var það um s. l. mánaðamót, að í þessu tiltekna skólahéraði varð að umskipuleggja kennsluna, þar sem kennarar undu því ekki að fá ekkert yfirvinnuálag á störf sín, þau sem undir yfirvinnu eiga að falla, svo sem þó tíðkast um svo til allar eða alveg allar aðrar starfsstéttir þjóðfélagsins. Varð þess vegna að endursemja allar stundaskrár viðkomandi skóla og draga saman bóklega kennslu um frá 25—50% af kennslunni. Við þetta stendur, að a. m. k. á þessum stað er alls ekki framkvæmd full kennsluskylda. Og þó að þetta sé það dæmið, sem ég veit stærst um skerðingu á því, að þjóðin uppfylli við hina uppvaxandi kynslóð þá fræðsluskyldu, sem lög standa til, þá veit ég og til þess, að í fleiri skólahéruðum skortir einnig á, að hægt sé að uppfylla kennsluskylduna.

Nú er mér það að sjálfsögðu ljóst, að kaup kennara fer eftir launalögum og að það verður ekki gert án lagabreytinga að hreyfa til kaup þeirrar stéttar fremur en kaup annarra ríkisstarfsmanna. Hitt kemur mér hins vegar mjög á óvart, að samtímis því sem ríkisstj. hefur á sínum tíma gefið út reglugerð um það, að ríkisstarfsmenn skuli einmitt fá greitt álag á sína yfirvinnu eftir ákveðnum reglum, eins og fram kemur í reglugerð nr. 79 frá árinu 1955, þar sem segir, að álag á yfirvinnu skuli greitt 50—100% eftir eðli málsins, eftir því, hve mikil yfirvinnan er, þá verður einnig af þeirri reglugerð ljóst, að hún á ekki við að því er snertir kennara, því að vinnustundafjöldinn, sem viðkomandi ríkisstarfsmönnum er samkv. þeirri reglugerð gert að inna af hendi, áður en til yfirvinnu kemur, er sjáanlega ekki miðaður við vinnustundaskyldu kennara, sem samkv. eðli málsins er nokkru lægri en annarra starfsmanna. En það, sem mér þykir undarlegast, er, að stjórnarvöldin skuli ekki gera ráðstafanir til þess, þar sem þau alveg ótvírætt hafa þá heimild í gildandi lögum, að gefa einnig út reglugerð um greiðslu álags á yfirvinnu kennara svo sem annarra eða hliðstæða við það, sem öðrum ríkisstarfsmönnum er greitt, þegar í það óefni er komið, að hætt er að framfylgja fræðslulögum, einmitt vegna þess, að kennarar, ein stétt allra landsmanna, fá enga yfirvinnu greidda á sín laun, enda þótt allir aðrir ríkisstarfsmenn hafi rétt til þess samkv. reglugerð. Í tilefni af þessu hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstj.: „Hvers vegna lætur ríkisstj. ekki koma til framkvæmda greiðslu álags á laun kennara fyrir yfirvinnu á hliðstæðan hátt og slíkt er veitt öðrum ríkisstarfsmönnum?"

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í 22. gr. l. nr. 95 frá 1955, um laun starfsmanna ríkisins, segir, að laun stundakennara skuli ákveðin með reglugerð og skuli þau vera sem næst 80% af launum fastra kennara. Hefur þessi regla um laun stundakennara verið óbreytt í lögum allt frá árinu 1945, sbr. 32. gr. l. nr. 60 frá 1945, um laun starfsmanna ríkisins. Núgildandi reglugerð um laun stundakennara er nr. 150 frá 2. maí 1956, og eru launin mismunandi eftir skólum, eins og lög gera ráð fyrir, þannig að t. d. stundakennaralaun í barnaskólum nema nú með verðlagsuppbót 38.57 kr. á klst., en í menntaskólum og Kennaraskóla Íslands 59.12 kr. Þeirri reglu hefur alltaf verið fylgt, að fastakennarar, sem kenna umfram skyldukennslu, fái greitt sama tímakaup og stundakennarar, og engin aths. verið við það gerð af kennurum eða samtökum þeirra þá áratugi, sem þessi skipan hefur gilt, fyrr en nú nýverið, að raddir hafa heyrzt um, að aukakennslu fastakennara eftir venjulegan vinnutíma bæri að greiða eftir sömu reglum og greitt er fyrir yfirvinnu annarra ríkisstarfsmanna.

Í núgildandi reglugerð um yfirvinnu starfsmanna ríkisins, nr. 192 frá 1958, er yfirvinnukaup miðað við launaflokka, þannig að eftirvinnukaup starfsmanns nemur nú frá 31.98 kr. til 61.35 kr. eftir launaflokkum, en samkv. reglugerðinni er yfirvinnukaup ákveðið með hliðsjón af föstum launum starfsmanns miðað við 1800 klst. árlegan vinnutíma. En í því sambandi má geta þess, að skyldustundir kennara við barnaskóla, miðað við 9 mánaða starf og 40 mínútna kennslustund, eru 1296 á ári, en kennara í gagnfræðaskólum, miðað við 8 mánaða starf og 45 mínútna kennslustund, 960 stundir á ári. Þótt hér væri bætt við einhverjum stundum vegna heimavinnu, er ljóst, að árlegur vinnutími kennara nær ekki þeim tilskildu 1800 stundum, sem eru skilyrði þess, að um yfirvinnu þeirra gildi ákvæði áðurnefndrar reglugerðar um yfirvinnu starfsmanna ríkisins.

Annars er rétt að geta þess, að öll vafa- og ágreiningsatriði um framkvæmd þeirrar reglugerðar skal leggja undir úrskurð nefndar, sem skipuð er samkv. 25. gr. launalaga þrem mönnum tilnefndum af ríkisstj., Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og hæstarétti.

Þá er rétt að geta þess, að menntmrn. fól hinn 16. sept. s. l. fimm mönnum að athuga starfskjör barna-, gagnfræða- og húsmæðraskólakennara, þeim Jónatan Hallvarðssyni hæstaréttardómara, Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra menntmrn., Sigtryggi Klemenzsyni ráðuneytisstjóra fjmrn., Skúla Þorsteinssyni formanni Sambands ísl. barnakennara og Ólafi Ólafssyni formanni Félags gagnfræðaskólakennara í Reykjavík. Mun athugun þeirra að sjálfsögðu ná til stundakennslulauna og yfirvinnugreiðslna.

Þá starfar enn fremur á vegum menntmrn. nefnd, er skipuð var 16. okt. 1959 til þess að kanna, hve mikill skortur sé nú á kennurum við skyldufræðslustigið, hvað valdi þeim skorti og hvernig úr honum verði bætt. Í þessari nefnd eiga sæti Helgi Elíasson fræðslumálastjóri, sem er formaður n., Árni Gunnarsson fulltrúi í menntmrn., Sveinbjörn Sigurjónsson skólastjóri og Gunnar Guðmundsson yfirkennari. Þessi nefnd hefur ekki enn lokið störfum.

Af framansögðu er ljóst, að núv. ríkisstj. fylgir ekki öðrum reglum um stundakennslu og yfir-

vinnugreiðslu kennara en fylgt hefur verið lögum og venju samkvæmt af fyrrv. ríkisstj.

Enn fremur stendur nú yfir gaumgæfileg athugun á því, hvaða ráð kunni að vera tiltæk til að bæta úr kennaraskortinum, svo og almenn athugun á starfskjörum kennara, og elga fulltrúar kennara aðild að báðum þessum athugunum, en þær snerta m. a. það atriði, sem fsp. hv. þm. fjallar um.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur gefið hér allgreinargott yfirlit um það, hvað stendur um þessi mál í reglugerðum. Allt það, sem hann sagði um þau efni, þekki ég og veit að er rétt. Enn fremur hefur hann gefið hér upplýsingar um, að nefndir séu starfandi á vegum rn. til að athuga þessi mál, og er ég honum út af fyrir sig þakklátur fyrir þessar upplýsingar, sem ég hef enga ástæðu til að rengja. En eftir stendur samt sem áður ósvarað, hvers vegna ríkisstj. tekur sig ekki til í jafnaugljósu máli og hér er um að ræða og færir kjör kennara með nýrri reglugerð til samræmis við það, sem aðrar stéttir hafa, einmitt nú, þegar svo er komið, að hætt er að framfylgja fræðslulögum á þýðingarmiklum, fjölmennum stöðum á landinu og stöðugt sækir í það horf, að við hverfum frá því að veita uppvaxandi kynslóð þá kennslu, sem ætlazt er til samkv. fræðslulögum, og flestir alþm. munu vera sammála um, að því er ég ætla, að fræðslu íslenzkra ungmenna megi sízt af öllu minnka frá því, sem er.

Mér er það fullljóst, að reglugerðin um yfirvinnu starfsmanna ríkisins, sem gerir ráð fyrir því, að áður en til yfirvinnu kemur, skuli vinna sem svarar 1800 stundir á ári, á ekki við um kennara. Kennurum er samkv. þeim reglum, sem hæstv. menntmrh. vitnaði hér í, alls ekki ætlað að vinna svo langan tíma á ári hverju, heldur um það bil 1080 stundir, þ. e. a. s., eins og ráðh. vitnaði í, röskar 1200 kennslustundir. Þar af leiðandi er augljóst, að þessi reglugerð getur ekki átt við að því er varðar kennara að þessu leyti. En þeim mun sjálfsagðara hefði mér þá sýnzt, að ríkisstj. gerði ráðstafanir til þess að útbúa nýja reglugerð, hliðstæða þessu, sem ætti við um störf kennara.

Það er alveg hárrétt, sem hæstv. menntmrh. upplýsti, að núv. ríkisstj. fylgir alveg sömu reglu og gert hefur verið áður. Ég ber ekki fram fsp. mína sem sérstaka ásökun á ríkisstj. fyrir það, að hún hafi tekið upp nýja siði og óhollari kennarastéttinni en áður hafa tíðkazt. Ef ráðh. skyldi hafa haldið það, þá er það ekki meiningin, ég vil leiðrétta það. En á hinn bóginn hefur á þessa ríkisstj. lagzt meiri skylda í þessu efni en á nokkra aðra, vegna þess að nú kallar kennaraskorturinn meira á það, að framkvæmd sé yfirvinna í þessari starfsgrein, heldur en nokkru sinni hefur áður verið, og vænti ég þess, að ríkisstj. sé ekki alveg sljó fyrir því, að svo fari, sem horfir, að barna- og unglingafræðslan í landinu komi til með á næstu tímum að dragast verulega saman. Þess vegna er það, sem ég vildi mega bæta því við spurningar mínar hér að spyrja ráðherrann beinlínis: Hefur hann engar áhyggjur af því ástandi, sem er að skapast í fræðslumálum þjóðarinnar með kennaraskortinum? Og í öðru lagi: Finnst honum ekki sanngjarnt, að kennarastéttin njóti hliðstæðra kjara um sína yfirvinnu og aðrar stéttir hafa?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er hv. fyrirspyrjanda alveg sammála um, að kennaraskorturinn, hinn vaxandi kennaraskortur, er mikið vandamál, eitt af alvarlegri vandamálunum, sem við er að etja í íslenzka þjóðfélaginu í dag, og að brýna nauðsyn ber til að taka á því vandamáli af bæði festu og skilningi. Einmitt þess vegna var það, sem ég, eins og ég gat um áðan, á sínum tíma skipaði nefnd sérfróðra manna til þess að taka þetta vandamál til alveg sérstakrar athugunar, gera sér nákvæma grein fyrir því, hversu mikið kvæði að kennaraskortinum, — um það skortir eins fullkomnar upplýsingar og nauðsynlegt er að hafa, — og rekja ástæðurnar fyrir því, að til skorts hefur komið, og gera tillögur til úrbóta. Starfi þessarar nefndar er ekki lokið. Ég hef fylgzt nokkuð með því og veit, að hún telur það vandasamt og umfangsmikið. En ég get fullvissað bæði hann og aðra hv. þm. um, að ríkisstj. hefur augun vel opin fyrir því, að hér er mikið vandamál á ferðinni, og fullan hug á því að greiða úr því með þeim hætti, sem geti verið hinni uppvaxandi kynslóð að sem beztu gagni.

Að því er það snertir, hvers vegna ríkisstj. gefi ekki út reglugerð, nýja reglugerð, breyti ekki áratuga gömlum lögum eða reglugerðum, settum samkv. lögum, sem breyti í grundvallaratriðum greiðslutilhögun á launum kennara, þá er það að segja, að með því að gera slíkt væri verið að gera grundvallarbreytingu á launakjörum einnar stéttar opinberra starfsmanna, eins mjög stórs hóps opinberra starfsmanna. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að slíkt sé a. m. k. mjög torvelt, nema það sé gert sem liður í ráðstöfunum til breytinga á kjörum opinberra starfsmanna yfirleitt. Það er hv. fyrirspyrjanda áreiðanlega jafnljóst og mér, að bilið milli launa, t. d. barnakennara annars vegar og gagnfræðaskólakennara hins vegar, er svo lítið, að ógerningur er að gera nokkra breytingu, sem nokkru máli skiptir, á t. d. kjörum barnakennara, án þess að nauðsynlegt sé að gera alveg sams konar breytingu eða hliðstæða breyt. á kjörum gagnfræðaskólakennara, svo sem við megum báðir minnast, sem fjölluðum um launalögin, þegar þau síðast voru endurskoðuð 1956, í fjhn. hv. Nd. Alþ. Þá voru laun barnakennara hækkuð um einn flokk, þau flutt til um einn flokk og þar með bilið á milli launa barnakennara og gagnfræðaskólakennara minnkað. En það þótti þegar eftir setningu launalaganna svo hæpin ráðstöfun, að gera varð aðra stjórnvaldsráðstöfun til þess að leiðrétta það aukna bil, sem þarna hafði verið skapað.

Þess er enn fremur að geta, að ef kennararnir eru teknir í heild og laun þeirra borin saman við laun annarra hópa opinberra starfsmanna, mjög stórra, t. d. starfsmanna pósts og síma, er bilið á milli launa þessara tveggja mjög stóru hópa opinberra starfsmanna svo lítið, að búast má við því, að hver sú breyting, sem gerð yrði á starfskjörum annars hópsins, yrði talin verða að ná til hins hóps-

ins, og þá er í raun og veru um það að ræða að gera allsherjar breytingu á launakjörum opinberra starfsmanna. Það verður ekki gert, eins og hv. þm. tók fram, með öðrum hætti en þeim að endurskoða sjálf launalögin. Hér er um svo mikið vandamál að ræða, að það er ekki hægt að gera þá breyt., sem þyrfti að gera, eftir þeirri leið einni að breyta reglugerð. Það, sem yrði að gera, er að taka sjálf launalögin til endurskoðunar, og mér er fullljóst, að á því getur ekki orðið langur dráttur, úr því sem komið er, að launamál opinberra starfsmanna verði tekin til nokkurrar endurskoðunar.

8. Niðursuða sjávarafurða á Siglufirði.

Á 12. fundi í Sþ., 9. nóv., var útbýtt:

Fsp. til sjútvmrh. um framkvæmd þál. frá 4. maí 1960, um niðursuðu sjávarafurða á Siglufirði [93. mál, 2] (A. 103).

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 14. og 18. fundi í Sþ., 16. og 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Ég ásamt 1. og 4. þm. Norðurl. v. höfum leyft okkur að bera fram fsp. til hæstv. sjútvmrh. Fsp. er á þskj. 103, II. liður.

Á þinginu í fyrra var samþ. svo hljóðandi þáltill., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka, hvort hagkvæmt muni vera og líklegt til eflingar niðursuðuiðnaði í landinu að nota heimild laga nr. 47 7. marz 1946 til að reisa verksmiðju á Siglufirði til niðursuðu sjávarafurða."

Mál þetta er mikið áhugamál íbúa Siglufjarðarkaupstaðar. Til þingmanna kjördæmisins og uppbótarþingmanna þaðan hafa borizt ákveðnar óskir um að vinna að framgangi málsins við hæstv. ríkisstj. Í bréfi, sem borizt hefur frá bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar, þar sem rætt er um þetta mál og þáltill. frá því í fyrra, segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Mikið hefur verið rætt um verksmiðju til niðurlagningar og niðursuðuverksmiðju á síld hér á Siglufirði undanfarið. Staðreyndin er sú, að síldarsöltun stendur í dag í sömu sporum og fyrir 50 árum, þ. e. að hráefnið er sett í tunnur og selt óunnið úr landi. Rök þau, sem fram koma í grg. þáltill., tel ég vera réttmæt að öllu leyti, og auk þess sem það er vitanlega hagsmunamál Siglfirðinga að tryggja sem mesta atvinnu, þá er það einnig fullkomið hagsmunamál fyrir þjóðina alla, að sem mest verðmæti fáist fyrir afurðirnar."

Ég mun svo ekki fjölyrða frekar um fsp., en vænti þess, að hæstv. sjútvmrh. skýri Alþingi frá því, hvað hæstv. ríkisstj. hefur látið gera til framkvæmda þáltill. frá 4. maí 1960 og hvað þeirri rannsókn, sem þar er talað um, er langt á veg komið.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Áður en ég svara beinlínis þessari fsp., langar mig til þess að fara svo sem eitt ár aftur í tímann.

Árið 1959, 12. maí, var skipuð nefnd til að gera áætlanir um niðursuðuverksmiðju á Akureyri samkv. þál., sem samþ. hafði verið á Alþingi þá skömmu áður. Þessi nefnd var þannig skipuð, að í henni var Sigurður Pétursson gerlafræðingur, formaður, Jakob Jakobsson fiskifræðingur og Albert Sölvason járnsmiður. Þessi nefnd lauk störfum og hafði skilað áliti 11. marz s. l. um sína Akureyrarniðursuðuverksmiðju og hafði þá unnið, eftir því sem ég gat bezt litið til, ágætt starf, rannsakað hráefnið eins og frekast var fært, kynnt sér verksmiðjur erlendis og sölumöguleika á afurðunum, enda varð niðurstaðan sú, að nokkru síðar var þar verksmiðja reist.

Árið 1960, 4. maí s. l., var samþ. á Alþingi svipuð till. varðandi niðursuðuverksmiðju á Siglufirði, eða eins og það var orðað í þáltill.: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka, hvort hagkvæmt muni vera og líklegt til eflingar niðursuðuiðnaði í landinu að nota heimild laga nr. 47 7. maí 1946 til að reisa verksmiðju á Siglufirði til niðursuðu sjávarafurða."

Með því að þessi nefnd hafði athugað niðursuðumálið mjög vandlega og rétt nýlega lokið við að skila áliti um það verkefni, sem henni var falið á árinu 1959, þótti eðlilegt og rétt, að henni væri falið áframhald þessa verkefnis, þ. e. a. s. athugun á verksmiðju á Siglufirði, og 10—11 dögum eftir að þáltill. hafði verið samþ. hér á Alþingi, var þessari nefnd 16. maí s. l. falið að athuga málið viðvíkjandi Siglufirði og gefa rn. umsögn og tillögur sínar með hliðsjón af þeim árangri, sem fengizt hafði á Akureyri.

Þessi nefnd hefur síðan haft málið til meðferðar frá 16. maí s. l., að hún var skipuð, og nú aðeins fyrir nokkrum dögum, eða 14. nóv. s. l., hefur mér borizt nál. frá þessari nefnd. Þar sem hér er ekki um sjálft efni málsins að ræða, enda ekki venja að fara út í nál., áður en það hefur verið gaumgæfilega rannsakað, skal ég aðeins láta mér nægja að lesa upp niðurstöðuna af áliti n., sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er álit okkar, að hagkvæmast muni og líklegast til eflingar niðursuðuiðnaði í landinu, að á Siglufirði verði gerðar eftirfarandi ráðstafanir:

1) Fenginn verði til Siglufjarðar maður með góða kunnáttu í niðurlagningu á saltsíld að sænskri fyrirmynd.

2) Að sérfræðingi þessum sé veitt aðstaða til framleiðslu á sýnishornum, er send verði á erlendan markað.

3) Að undirbúin verði byggingaráætlun verksmiðju á Siglufirði til niðurlagningar á saltsíld, þannig að unnt verði að reisa verksmiðjuna strax og sýnt er orðið af framleiðslu og sölu sýnishornanna, að varan muni vera samkeppnisfær um verð og gæði á erlendum markaði."

Eins og ég gat um, er þetta nál. alveg nýkomið og ég hef ekki fengið tækifæri til að kynna mér það ofan í kjölinn, en mun gera það mjög fljótlega, því að mér er ljóst, hversu þýðingarmikið málið er.

Fyrirspyrjandi (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvmrh. gefnar upplýsingar. Það kemur þar í ljós, að þær eru mjög takmarkaðar, þær upplýsingar, sem hann getur gefið, og liggur það meðal annars í því, að sú nefnd, sem falið var að rannsaka þetta, hefur skilað áliti svo seint. Væntum við þess, að hæstv. ráðh. haldi þessu máli áfram, því að eins og ég sagði áðan, þá er þetta mál mjög mikið á dagskrá heima í okkar héraði, og eins og atvinnuástandi er þar háttað, þá er engum vafa undirorpið, að það mundi stórlega bæta úr, ef þar væri reist myndarleg niðursuðuverksmiðja.

Ég hef nýlega átt tal við menn, sem þessu eru mjög kunnugir, og seinast í morgun rætt við mann, sem hefur svolitið með niðursuðu að gera, og hann fullyrðir við mig, að það séu miklir möguleikar einmitt á sölu slíkra afurða, bæði í Vestur- og Austur-Evrópu, og það mun velta mjög mikið á því, hvort hægt er að selja þessar afurðir, hvaða afstöðu hæstv. ríkisstj. tekur til þeirra viðskipta, sem við höfum haft við Austur-Evrópulöndin. Það er vitað, að bæði Austur-Þjóðverjar og Tékkar og fleiri þjóðir hafa mikinn áhuga á því að kaupa niðursuðuvörur héðan. Það er líka vitað, að það hráefni, sem Norðurlandssíldin er, það er eitthvert bezta hráefni, sem hægt er að fá til slíkrar framleiðslu. Einmitt norðlenzka síldin er eitt allra bezta hráefni til niðursuðu. Hingað til hefur þetta verið flutt út að mestu leyti óunnið. Við seljum síld í tugum þúsunda tunna bæði til Svíþjóðar og Finnlands, sem er svo lögð niður í dósir og send út um allan heim. Við höfum leyft okkur það undanfarin ár að selja þessa framleiðslu út úr landinu sem óunnin matvæli, en allar líkur benda til, að við gætum unnið hana sjálfir sem fullunnin matvæli, sem væri svo hægt að selja á borð húsmæðranna í viðkomandi löndum, sem vörurnar keyptu.

Ég tel, að niðursuðumálið yfirleitt sé eitthvert allra þýðingarmesta mál fyrir sjávarútveginn nú, eins og sakir standa, og ég vil ítreka þá ósk mína til hæstv. ráðh., að hann haldi þessu máli áfram og vinni að því, eftir því sem hægt er. Hér er um stórkostlegt hagsmunamál að ræða, ekki eingöngu fyrir Siglfirðinga, heldur fyrir þjóðina alla. Ég hef þá trú, að hæstv. ráðh. séu mér sammála um, að nauðsyn beri til að breyta til um þær verkunaraðferðir, sem hingað til hafa gilt í síldariðnaðinum, og önnur leið mun ekki vera handhægari til breytingar en sú að koma upp mjög öflugum niðursuðu- og niðurlagningariðnaði, bæði á Siglufirði og annars staðar. Slíkt mál sem þetta þolir enga bið. Þjóðarhagsmunir krefjast þess, að niðursuða og niðurlagning á síld sé hrundið í framkvæmd nú þegar eða svo fljótt sem ástæður leyfa.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara út í það að ræða frekar um þörfina fyrir verksmiðju eins og hér er flutt tillaga um. Það viðurkenna allir, að það er æskilegt og nauðsynlegt að reyna að fullvinna okkar framleiðsluvörur eins og mögulegt er. En það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi minnast á, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, og það er, að hann taldi vinnubrögð nefndarinnar hafa gengið seint. Ég tel þvert á móti, að n. hafi unnið sitt starf mjög fljótt, og ég er henni þakklátur fyrir það, að hún hefur getað komið því af á þessum tíma. Hún er skipuð í maímánuði s. l., og hún skilar áliti í nóvember. En til samanburðar skal ég geta þess, að tilsvarandi verkefni fyrir Akureyri, sem hún hafði áður með höndum, tók um það bil eitt ár. Það er vitaskuld ekki hlaupið að því að gera áætlanir eins og þessar, ef eitthvert vit á að vera í þeim. En það er enginn vandi að gera áætlun, sem kannske er að verulegu leyti út í bláinn og kemur svo viðkomandi í koll, þegar á að koma til framkvæmdanna. Það er um að gera, að þetta sé vel undirbyggt, áður en í það er ráðizt.

9. Samstarfsnefndir launþega og vinnuveitenda.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var útbýtt:

Fsp. til félmrh. um framkvæmd þál. um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja [107. mál, 1] (A. 121).

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram tvær fsp., sem eru á þskj. 121, til hæstv. félmrh. Sú fsp., sem nú er til umr., hljóðar á þessa leið: „Hvað líður framkvæmd þál. frá 1. júní 1960 um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja?"

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er: „Hvað líður framkvæmd þál. frá 1. júní 1960 um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja?"

Út af þessari þál., sem samþ. var 1. júní 1960, var bréf sent til Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands 16. júní s. l. Jafnframt óskaði ráðuneytið tillagna sambandsins um það, á hvern hátt hagkvæmast verði að framkvæma umrædda rannsókn og tillagnagerð.

Svör bárust frá bæði Vinnuveitendasambandinu og Alþýðusambandinu, sem eru ekki lengri en það, að ég held, að ég geti, með leyfi hæstv. forseta, lesið þau upp. Þau eru svo hljóðandi:

Frá Vinnuveitendasambandinu: „Með vísun til bréfs yðar til vor, dags. 16. júní 1960, er fylgir þál. um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja, þar sem óskað er eftir tillögum vorum um

það, á hvern hátt hagkvæmast verði að framkvæma umrædda rannsókn og tillagnagerð, viljum vér taka fram, að vér teljum, að nefnd skipuð fulltrúum frá aðalsamtökum vinnuveitenda og launþega sé eðlilegasti vettvangurinn til að fjalla um málið.“

Og frá Alþýðusambandi Íslands, dags. 6. sept., svo hljóðandi: „Vér höfum móttekið bréf frá félmrn. um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja, þar sem þess er óskað, að Alþýðusambandið geri tillögur um, á hvern hátt hagkvæmast sé að framkvæma umræddá rannsókn og tillagnagerð.

Er umrædd þáltill. var til umr. á Alþingi, létu ýmsir fulltrúar verkalýðssamtakanna í ljós, að þeir væru þess í sjálfu sér fýsandi, að samstarfsnefndum launþega og atvinnurekenda yrði komið á fót, þar sem slíkt samstarf gæti átt við og orðið að gagni, en það er einna helzt í stærri fyrirtækjum með verksmiðjusniði. En eigi þetta að takast, er það nauðsynlegt frumskilyrði, að gagnkvæmur vilji sé fyrir hendi milli aðilanna á vinnumarkaðinum. Veltur þar ekki sízt á vilja atvinnurekenda til að veita verkafólki sínu aðstöðu til slíks samstarfs.“

Bréfið er lengra, en að lokum segir í bréfinu: „Að lokum skal þetta tekið fram: Alþýðusambandið er fyrir sitt leyti hlynnt hugmyndinni um samstarfsnefndir innan stórra atvinnufyrirtækja og vill fúslega taka þátt í að undirbyggja slíkt samstarf, ef það fær hljómgrunn í röðum atvinnurekenda og hjá Vinnuveitendasambandi Íslands.“

Eftir að þessi svör bárust rn. frá samböndunum, Vinnuveitendasambandinu og Alþýðusambandinu, sendi ráðuneytið þessar till. til samvinnunefndar atvinnurekenda og verkalýðsfélaga til umsagnar, en sú n. hefur verið starfandi síðan 1955.

Ráðuneytinu barst umsögn með bréfi, dags. 24. okt. s. l., frá samvinnunefndinni. Þar segir, að n. hafi samþ. að leitast við að semja drög að starfsreglum fyrir slíkar samstarfsnefndir, sem síðar yrðu send heildarsamtökum þeim, sem nefndirnar tilnefna, og öðrum þeim, er ástæða væri talin til, með tilmælum um, að málið yrði ýtarlega rætt á þeim grundvelli, sem þannig fyndist, og hrundið í framkvæmd, ef gerlegt þætti.

Þessi samvinnunefnd atvinnurekenda og verkalýðsfélaga er skipuð þessum mönnum: Björgvin Sigurðssyni framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, Gylfa Þ. Gíslasyni menntmrh., Karli Guðjónssyni alþm. og Þorvarði J. Júlíussyni framkvæmdastjóra, en þessi n. er til orðin, eins og ég sagði, vegna þáltill. hér á Alþingi frá 1955, 20. apríl, og hún hefur starfað síðan og tók þetta verkefni að sér, eins og kemur fram í bréfi hennar 24. okt. s. l., þannig að ég geri ráð fyrir, að hún gangi frá málinu fyrir sitt leyti, semji drög að tillögum, sem síðan verði sendar viðkomandi aðilum til athugunar og til þess að gera athugasemdir, ef þeim þykir rétt, að svo sé.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. félmrh. fyrir skýr og greinargóð svör. Ég vil jafnframt fagna því, að þetta mál skuli þó vera komið á þennan rekspöl, að þess megi vænta, að frá þessari samstarfsnefnd launþega og atvinnurekenda komi fram ákveðnar tillögur í þessu efni. Ef þær koma fram, þarf ekki að óttast, að þetta mál nái ekki fram að ganga, því að eins og í bréfi Alþýðusambandsins segir, þá er vilji fyrir hendi hjá þeim fyrir þessum nefndum, ef hljómgrunnur fæst í röðum atvinnurekenda.

Ég skýrði frá því á þinginu í vor, þegar þetta var til umr., að það hefðu borizt umsagnir um þetta mál frá stærstu samtökum vinnuveitenda hér á landi, sem lýstu sig mjög fylgjandi þessu máli.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál, en vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. félmrh. fyrir svör hans.

10. Lífeyrissjóður fyrir sjómenn, verkamenn o. fl.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var útbýtt:

Fsp. til félmrh. um framkvæmd þál. um athugun á stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn o. fl. [107 mál, 2] (A. 121).

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp., sem hljóðar á þessa leið: „Hvað líður framkvæmd þál. frá 31. maí 1957 um athugun á stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn, verkamenn, bændur og útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum?“

Ég geri þetta af sérstöku tilefni. Þannig er mál með vexti, að stærstu samtök sjómanna hér á landi hafa farið fram á breyt. á l. um lífeyrissjóð togarasjómanna, þannig að allir starfandi sjómenn eigi aðgang að þessum sjóði. Hæstv. núv. félmrh. mun hafa skipað n. fyrir rúmu ári til þess að fjalla um þetta mál, en n. þessi klofnaði, þannig að í minni hl. lentu fulltrúar sjómannasamtakanna, sem halda fast við þessa ósk sína, en meiri hl., sem mun vera skipaður fulltrúum útgerðarmanna og Tryggingastofnunarinnar, mun hafa verið á annarri skoðun.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að þarna eru mörg ljón á veginum, og þess vegna hef ég borið fram þessa fsp., vegna þess að í sambandi við þessa þál. var skipuð n., sem átti að rannsaka, hvaða leiðir væru færar til að koma þessum sameiginlega lífeyrissjóði á stofn. Ég hef og borið hana fram vegna þess, að það hafa heyrzt mjög sterkar raddir nú upp á síðkastið frá samtökum launþega um stofnun lífeyrissjóðs fyrir launþega almennt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hinn 31. maí 1957 var samþ. ályktun hér á Alþingi um

að athuga, hvort tiltækilegt væri að stofna lífeyrissjóð fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristrygginga hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Hálfu öðru ári síðar, eða 20. des. 1958, skipaði fyrrv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, 5 manna n. til að gera tillögur í samræmi við þessa þál. Í þessa n. voru skipaðir: Guðmundur J. Guðmundsson verkamaður, Gunnar Möller hrl., Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður n., Ólafur Jóhannesson prófessor og Sverrir Þorbjarnarson forstjóri.

Þessi n. hefur síðan haft málið til athugunar, og þessa dagana hefur hún verið að ganga frá sínu nál. Þegar ég fyrst leitaði til hennar um, hvað liði hennar störfum, þá var formaður n. ekki viss um, að hún gæti lokið þeim nú alveg þessa dagana, en það varð þó úr, að svo var gert, og nál. hefur verið sent ráðuneytinu.

Ég skal aðeins geta um niðurstöðurnar í áliti n., sem eru svo hljóðandi:

„1) Sett verði löggjöf um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn eigi kost á að tryggja sig hjá.

2) Slíkur almennur lífeyrissjóður veiti tryggingu, sem aðeins verði viðbótartrygging við almannatryggingarnar.

3) Unnið verði að breytingu á núverandi sérsjóðum, svo að þeir allir verði framvegis aðeins viðbótartrygging við almannatryggingarnar."

Út af því, sem hv. fyrirspyrjandi, hv. 12. þm. Reykv. (PS), minntist hér á tryggingu sjómannanna, skal ég staðfesta það, sem hann sagði, að nefnd sú, sem það mál hafði sérstaklega til athugunar, sem var önnur n., hún lauk störfum í vetur sem leið og klofnaði. En áður en ákvörðun yrði tekin um meðferð málsins, vildi rn. fá heildarumsögn um allar lífeyristryggingarnar frá þessari n., sem hér hefur verið að störfum, áður en frá því máli yrði gengið sérstaklega, og þar sem þetta nál. liggur nú fyrir, þá ætla ég, að fljótlega muni hægt að taka ákvörðun um, á hvaða grundvelli málið verður nú borið fram.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. félmrh. fyrir skýr og greinagóð svör. Ég vil jafnframt leyfa mér að fagna þeirri niðurstöðu, sem þessi n. hefur komizt að, sem hefur haft þetta mál til meðferðar. Og eins og hæstv. félmrh. tók fram, þá eru þessar niðurstöður það nýtilkomnar, að þeir menn, sem þarna hafa hagsmuna að gæta, munu að sjálfsögðu endurskoða afstöðu sína til fyrri óska í samræmi við þessar niðurstöður.

11. Rannsóknarmál ríkisins.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., var útbýtt:

Fsp. til menntmrh. um rannsóknarmál ríkisins [107. mál, 3] (A. 121).

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Sþ., 23. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 30. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 121 að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um það, hvað líði endurskoðun lagasetningar um rannsóknarmál ríkisins.

Það hefur verið mikið rætt um rannsóknarmál í landinu að undanförnu, og er ekki að undra, þar sem um mjög mikilsvert mál er að ræða, sem í flestum tilfellum verður að teljast undirstaða að öllum raunhæfum framkvæmdum í landinu. Mönnum hefur hins vegar ekki borið saman um það, að hve miklu leyti hið opinbera sinnti þessum málum, og þess vegna er fsp. þessi borin fram, til þess að fá fulla vitneskju um það.

Ég vænti greinagóðra svara ráðh. um þessi mál.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hinn 20. apríl 1955 samþ. Alþingi þál. um kosningu mþn. til að gera till. um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa. Hefur n. þessi síðan verið kölluð atvinnumálanefnd ríkisins. Í n. voru kjörnir þessir menn: Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, Eggert G. Þorsteinsson alþm., Einar Olgeirsson alþm., Hermann Jónasson alþm., Jóhann Jakobsson efnafræðingur, Magnús Jónsson alþm. og Vilhjálmur Þór bankastjóri. Formaður n. var kjörinn Hermann Jónasson, en eftir að hann varð forsrh. 1956, tók Vilhjálmur Þór við formennsku.

Í fyrstu var Þorbjörn Sigurgeirsson eðlisfræðingur, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs ríkisins, framkvæmdastjóri n., en þegar hann var skipaður prófessor við háskólann, en Steingrímur Hermannsson verkfræðingur ráðinn eftirmaður hans, tók hann einnig við framkvæmdastjórastörfum fyrir nefndina.

Í þál. var þessari n. enn fremur falið að gera tillögur um, hvernig bezt væri til frambúðar skipulögð og samræmd starfsemi þeirra rannsóknarstofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauðæfum landsins, og leitað úrræða til að auka og endurbæta afköst í ýmsum atvinnugreinum. Skyldi n. einnig endurskoða gildandi lagaákvæði um þessar stofnanir.

Í apríl s. l. lauk n. við samningu frv. til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og skyldi það frv. koma í stað núgildandi laga um rannsóknaráð ríkisins, atvinnudeild háskólans og landbúnaðarrannsóknir, sem eru frá árinu 1940. Allir nm. nema einn stóðu að samningu frv. Einn þeirra, Einar Olgeirsson, lýsti sig því hins vegar andvígan. Einn nm., Eggert G. Þorsteinsson, hafði og fyrirvara, sem laut að því, að hann óskaði eftir aðild verkalýðssamtaka að stjórn hinna ýmsu rannsóknarstofnana, og kvað sig fúsan til að samþykkja hliðstæða aðild vinnuveitendasamtakanna að henni, en um það varð ekki samkomulag í nefndinni.

Þetta frv. er allmikill lagabálkur í 56 gr. og gerir ráð fyrir gagngerri endurskipulagningu á rannsóknarmálum á Íslandi. Það hefur verið í athugun síðan í apríl hjá ríkisstj. Þeirri athugun er ekki lokið enn að fullu. Ríkisstj. er hins vegar þeirrar skoðunar, að brýna nauðsyn beri til að endur-

skipuleggja rannsóknarmál þjóðarinnar, m. a. með nýrri lagasetningu. Hún mun, jafnskjótt og athugun hennar í málinu er lokið, leggja frv. um nýskipan rannsókna í þágu atvinnuveganna fyrir hið háa Alþingi.

Í frv. n. er gert ráð fyrir fimm stofnunum, þ. e. a. s. rannsóknaráði ríkisins, rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, rannsóknarstofnun iðnaðarins, rannsóknarstofnun landbúnaðarins og rannsóknarstofnun sjávarútvegsins. Gert er ráð fyrir mjög verulegri breytingu á skipun rannsóknaráðs. Í stað þriggja manna ráðs, sem valið sé af stærstu flokkum Alþingis, er gert ráð fyrir 17 manna rannsóknaráði undir forsæti forsrh. eða annars ráðh., sem hann tilnefni. En auk þess eiga þar sæti 5 alþm., kosnir af Alþingi, 5 fulltrúar atvinnuveganna og framkvæmdalífsins og 6 fulltrúar rannsóknarstofnananna. Gert er ráð fyrir, að rannsóknarstofnanirnar séu undir yfirstjórn hlutaðeigandi ráðh., en stjórn þeirra að öðru leyti í tengslum við þá atvinnugrein, sem hverri er ætlað að þjóna.

N. hefur gert sér ljóst, að þótt endurbætur á skipulagi rannsóknarmálanna séu að sjálfsögðu mikilvægar, er hitt þó enn mikilvægara, að aukið fé sé veitt til rannsóknarstarfseminnar. Þótt í frv. séu ekki ákvæði, sem feli í sér auknar fjárveitingar eða nýja tekjuöflun til rannsóknarstarfseminnar, er gert ráð fyrir því í frv., að tekjur hinna einstöku rannsóknarstofnana verði meiri en þær fjárveitingar, sem veittar eru á fjárl., og er fyrst og fremst gert ráð fyrir álagi á framleiðsluvörur þeirra atvinnugreina, sem hlutaðeigandi stofnanir eiga fyrst og fremst að þjóna.

Það getur ekki leikið á tveim tungum, að brýna nauðsyn ber til þess að endurbæta skipulag rannsóknarmálanna. Hitt er þó enn mikilvægara, að auka rannsóknarstarfsemina sjálfa, en það verður að sjálfsögðu ekki gert án þess að nota til hennar aukið fé. Fyrir skömmu var í blöðum og útvarpi skýrt frá rannsókn, sem rannsóknaráð ríkisins hefur látið framkvæma á fé því, sem hér á landi er varið til rannsókna, og var það borið saman við þær upphæðir, sem varið er í líku skyni í ýmsum öðrum löndum, í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Var niðurstaðan sú, að Íslendingar stæðu öðrum þjóðum langt að baki í þessum efnum. Mér þykir rétt að nota þetta tækifæri til þess að gera nokkrar aths. í sambandi við þessa staðhæfingu og skýra hinu háa Alþingi frá staðreyndum, sem vissulega eru ekki síður mikilvægar en þær, sem margundirstrikaðar hafa verið í blöðum undanfarið í framhaldi af skýrslu rannsóknaráðs og eru að ýmsu leyti ekki fallnar til þess að auka hróður Íslendinga meðal annarra þjóða.

Í fyrsta lagi væri það að sjálfsögðu ekki undarlegt, þótt Íslendingar stæðu að baki nágrannaþjóðum sínum og þó einkum iðnaðarþjóðunum í þessum efnum. Hér á Íslandi hefur á rúmri hálfri öld verið byggt upp frá grunni nútímaþjóðfélag. Lífskjör eru hér orðin sambærileg því, sem gerist í nálægum löndum. Framfarir hafa líklega orðið hér örari en dæmi eru um annars staðar á jafnskömmum tíma á þessari öld. Það er því í sjálfu sér ekki undarlegt, þótt einhver svið í uppbyggingu nútímaþjóðfélags séu ekki orðin það, sem þau ættu að vera, og sambærileg því, sem á sér stað hjá öðrum þjóðum.

Í öðru lagi er þess að geta, að allur samanburður við önnur lönd í þessum efnum er mjög varhugaverður vegna ólíkra aðstæðna, hugsanlegrar ónákvæmni í skýrslugerð og ósambærilegra upplýsinga. Mér dettur í hug, að samtímis því, sem rannsóknaráð ríkisins sendir frá sér skýrslu um, að Íslendingar standi öllum öðrum þjóðum langt að baki í rannsóknarmálum, sendir Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, frá sér alþjóðlega skýrslu um framlög einstakra þjóða til fræðslumála á mann. Röð 10 efstu þjóðanna er þessi: Sovétríkin, Bandaríkin, Kanada, Ísland, Noregur, Belgía, Bretland, Frakkland, Danmörk og Þýzkaland. Einhver mundi nú eflaust segja, að verið gæti, að hvorugar upplýsingarnar væru fullkomlega nákvæmar, eða ef þær væru réttar, eigi skýringin á því, að við Íslendingar höfum ekki enn gert allt það, sem við viljum gera í rannsóknarmálum, rót sína að rekja til þess, hversu mikið við höfum verið að gera á skyldu sviði, þ. e. a. s. í fræðslumálunum.

Í þriðja lagi, — og það er einkum það atriði, sem ég vil leggja áherzlu á og skýra hinu háa Alþingi frá, — er það svo, að upplýsingar um, að hér á landi sé hlutfallslega minna fé varið til rannsóknarstarfa en í nálægum löndum, gætu valdið misskilningi, ef ekki eru látnar fylgja sérstakar skýringar og þær undirstrikaðar jafnsterklega og sjálf meginstaðreyndin. Sú staðreynd, sem mestu máli skiptir um ástand rannsóknarmála hér á landi nú, er sú, að íslenzkir atvinnuvegir, íslenzk fyrirtæki verja hér nær engu fé til rannsókna, þegar frá er skilið útflutningsgjald á sjávarafurðum, sem varið hefur verið til rannsókna í þágu sjávarútvegsins. Þessi staðreynd er meginskýringin á því, að fé það í heild, sem varið er til rannsóknarmála, er hér hlutfallslega minna en í nálægum löndum. Langmestur hluti þess fjár, sem hér er varið til rannsókna, er frá ríkisvaldinu. Þessa er að vísu getið í skýrslu rannsóknaráðs, en ekki lögð á það sú áherzla, sem vera ber. Það er m. ö. o. ekki undirstrikað svo sem vert væri, að það, sem fyrst og fremst vantar, eru stóraukin framlög frá íslenzkum atvinnuvegum til rannsókna í þágu þeirra sjálfra. Þá yrði og hægara um vik að auka fjárveitingar af hálfu hins opinbera til þessara þarfa, svo sem ég tel mjög æskilegt.

Til þess að sýna, hver hlutur ríkisvaldsins hefur verið í þessum málum, hef ég látið taka saman skýrslu um fjárveitingar á fjárlögum til rannsóknarmála síðan í stríðslok. Ég mun ekki rekja þá skýrslu í einstökum atriðum, heldur aðeins skýra frá nokkrum niðurstöðum. Heildarútgjöld til rannsóknarmála voru 1945 1.9 millj., 1955 18.3 millj. og 1960 48.2 millj. Það er um að ræða 25-földun síðan í stríðslok. Til almennra rannsókna hefur verið varið sem hér segir: 1945 0.2 millj., 1955 0.9 millj., 1960 3.5 millj. Um er að ræða 23-földun. Til rannsókna í þágu sjávarútvegsins: 1945 ½ millj., 1955 6.1 millj., 1960 17.6 millj. Þar er um að ræða 35-földun síðan í stríðslok. Rannsóknir í þágu landbúnaðarins: 1945 0.5 millj., 1955 5.9 millj., 1960 9.9 millj. 19-földun. Rannsóknir í þágu iðnaðarmála: 1945 0.2 millj., 1955 1.4 millj., 1960 2.7 millj.

27-földun. Orkumál: 1945 ekki neitt, 1946 0.7 millj., 1955 2.5 millj., 1960 11.9 millj. Um það bil 118-földun. Læknisfræði: 1945 0.5 millj., 1955 1.6 millj., 1960 2.7 millj. Um það bil 6-földun. Hér verður að sjálfsögðu að taka tillit til verðlagsbreytinga. Einkum hefur kaupgjald breytzt mjög verulega, en kaupgjald er stærsti kostnaðarliðurinn í þessum tölum. Þess vegna hef ég látið umreikna kaupgjaldsliðina til núgildandi kaupgjalds. Niðurstaðan verður þá þessi: Til almennra rannsókna: 1945 151 þús., 1955 422 þús., 1960 906 þús. Sexföldun miðað við óbreytt kaup. Rannsóknir í sjávarútvegi: 633 þús. 1945, 1955 1 millj. 415 þús., 1960 1 millj. 952 þús. Þreföldun. Rannsóknir í landbúnaði: 1945 490 þús., 1955 1 millj. 550 þús., 1960 2 millj. 348 þús. Fimmföldun. Rannsóknir í iðnaði: 1945 518 þús., 1955 1 millj. 29 þús., 1960 1 millj. 494 þús. Þreföldun. Orkurannsóknir: ekkert 1945, 1955 203 þús., 1960 275 þús. Rannsóknir í læknisfræði: 1945 785 þús., 1955 968 þús., 1960 1 millj. 586 þús. Heildarframlög til rannsóknarstarfsemi, launakostnaðurinn: 1945 2 millj. 577 þús., 1955 5 millj. 588 þús., 1960 8 millj. 560 þús. Um það bil þrefaldað.

Af þessum tölum er ljóst, að ríkisvaldið hefur aukið framlag sitt til rannsóknarmála mjög verulega eftir stríð, þótt ég vilji engan veginn segja, að þar hafi verið nóg að gert. Aftur á móti er ástæða til að skýra frá því einnig og undirstrika, að deildir atvinnudeildar háskólans hafa tekið við öllum sérfræðingum, hver á sínu sviði, sem á annað borð hafa verið fáir til starfa, jafnharðan og þeir hafa lokið námi, og að þeim hefur einatt verið veitt leyfi frá störfum á talsverðum hluta launa til þess að ljúka framhaldsnámi. Má því segja, að aukning rannsóknarstarfanna hafi a. m. k. einnig takmarkazt af skorti á sérfræðingum, en ekki eingöngu af fjárveitingum hins opinbera.

Meginatriði þessa máls og það, sem ég vildi sérstaklega undirstrika, er, að það, sem einkum skortir nú hér á landi til eflingar rannsóknarmálanna, eru framlög íslenzkra atvinnuvega sjálfra til rannsóknarmálanna, til jafns við það eða eitthvað í áttina við það, sem tíðkast með öðrum þjóðum. Það er á þessu sviði, sem Íslendingar eru sérstaklega eftirbátar annarra þjóða, en ekki hvað snertir framlög ríkisvaldsins til þessara mála. Með þessu er ég þó ekki að segja, að þau framlög eigi ekki og verði ekki að auka. Mér er þetta þvert á móti kærkomið tilefni til að lýsa því yfir, að ég tel framlög hins opinbera til rannsóknarmála eiga að aukast frá því, sem nú er. Í ríkisstj. er fullur skilningur á þessu máli, svo sem m. a. kemur fram í því, að á fjárlagafrv. fyrir 1961, sem Alþ. er einmitt nú að fjalla um, er m. a. 900 þús. kr. ný fjárveiting til eðlisfræðistofnunar háskólans, til sérstakra rannsókna, sem auk þess hefur fengizt fé til frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í Vín. Rannsóknarmálin í heild eru til athugunar hjá ríkisstj., og ég segi það aftur, að ríkisstj. er ljós nauðsyn þess að efla íslenzkar rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Fyrirspyrjandi (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir mjög greinagóð svör við þessari fsp. minni. Af eðlilegum ástæðum voru mér nokkuð kunn störf sjálfrar atvinnumálanefndar, sem mjög kom við sögu í hans svari. En ég vil þó sérstaklega taka undir þau orð hans, að áherzlu beri að leggja á það, að atvinnuvegirnir sjálfir leggi þarna nokkuð af mörkum, til þess að rannsóknarstörfin geti aukizt, auk þess sem framlög þess opinbera verði stóraukin.

Ég vil svo að lokum lýsa þeirri ósk minni, að ríkisstj. leggi sem fyrst fram frumvörp á grundvelli þeirra till., sem atvinnumálanefnd hefur gert, og að æskilegt væri, að þau sæju sem fyrst dagsins ljós.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. minntist á það áðan í sinni ræðu réttilega, að ég hefði í veigamiklum atriðum verið andvígur því frv. til laga og áliti, sem meiri hl. atvinnumálanefndar skilaði. Ég mun skila til ríkisstj. minnihlutaáliti, sem ég vona að mér auðnist að skila, áður en langt líður, þar sem ég set fram mínar till. í þessum efnum. Ágreiningur minn fjallar aðallega um þrennt. Það er í fyrsta lagi um sjálfa uppbyggingu rannsóknarstarfsins, skipulagningu þess og yfirstjórn. Mér sýnist það verða allt of mikið bákn, sem meiri hl. n. leggur til að skapa. Í öðru lagi fjallar ágreiningur minn um þátt ríkisvaldsins annars vegar og einkaaðilanna eða atvinnurekendavaldsins hins vegar. Mér sýnist of miklar ráðstafanir gerðar í þessum till. til að draga úr valdi ríkisins í þessu efni og færa valdið í hendur einkaaðila. Og í þriðja lagi benti ég í n. á leið til tekjuöflunar, sem hins vegar var ekki samkomulag um. En það er rétt, eins og hæstv. ráðh. undirstrikaði, að auðvitað þyrfti að vera ein höfuðuppistaða í svona till., á hvern hátt menn öfluðu sér tekna, vegna þess að það er alveg rétt, að það, sem fyrst og fremst hefur staðið þessu rannsóknarstarfi fyrir þrifum, er of lítið fé til þess. Það, hvort við viljum fá það fé frá atvinnuvegunum eða ríkinu, getur oft verið ágreiningsmál. En ef hvort sem er, eins og löngum hefur verið, meginið af fénu, sem atvinnurekendurnir hafa, er komið frá ríkinu, þá hefur það ekki verið sérstaklega stórvægilegt, á hvern hátt og í gegnum hvaða leiðir þetta yrði borgað. Hitt er aðalatriðið, að fé fáist til þess. Ég vil þess vegna vona, að hæstv. ríkisstj. athugi þessa hluti, áður en hún tekur þarna endanlegar ákvarðanir, og mun ég fyrir mitt leyti reyna að hraða minum hluta starfsins.

12. Ríkisábyrgðir vegna togarakaupa.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til fjmrh. um ríkisábyrgðir vegna togarakaupa [139. mál] (A. 206).

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Eins og fsp. ber með sér, er hér spurt um fjögur atriði: 1) Hverjum hafi verið veittar ríkisábyrgðir til togarakaupa á árunum 1959 og 1960. 2) Hver sé lánstími og önnur kjör á þeim lánum, sem ábyrgzt hafa verið. 3) Hve miklu lánin nemi á hvert skipanna. 4) Hve miklum hluta af kaupverði skipanna lánið nemi, m. ö. o. það komi fram, hvert kaupverð skipanna hefur verið hvers um sig.

Ég þori ekki að fullyrða, hvað í gildi er af heimildum til að ábyrgjast lán til togarakaupa, en ég vil aðeins minnast á tvennt. Það er í fyrsta lagi, að í fjárlögum 1959 er heimild til þess að ábyrgjast fyrir Axel Kristjánsson eða væntanlegt hlutafélag í Hafnarfirði tiltekna fjárhæð til togarakaupa. Þá var sett 1956 löggjöf um skipakaup ríkisins, og eftir því sem ég bezt fæ vitað, mun framkvæmd þeirra laga hafa snúizt upp í, að í stað þess að ríkið keypti beinlínis skip og seldi þau aftur, hafi verið ábyrgzt lán til félaga og einstaklinga til skipakaupa. Ýmsar tilkynningar hafa komið á þessum árum um þessar framkvæmdir. Stundum hefur verið getið um, að ríkisstj. stæði fyrir skipakaupum samkv. þessum lögum, og stundum fregnir um það, að aðrir hafi keypt skip. En heildaryfirlit hefur ekki komið fram um framkvæmd þessara laga, og vænti ég, að það fáist með svörum við þeim fsp., sem hér eru nú gerðar.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er spurt um, hverjum hafi verið veittar ríkisábyrgðir til togarakaupa árin 1959 og 1960, hver sé lánstími og önnur kjör á þeim lánum, hve miklu nemi lánin á hvert skip og hve miklum hluta af kaupverði skipanna.

Ríkisábyrgðir á lánum vegna togarakaupa á árinu 1959 voru sem hér segir:

1) Hlutafélagið Ásfjall, Hafnarfirði, vegna Keilis. Veitt ríkisábyrgð á láni að fjárhæð 720 þús. þýzk mörk. Lánið er til 5 ára með 6½% vöxtum á ári og nemur 80% af kaupverði skipsins.

2) Bæjarútgerð Hafnarfjarðar vegna Maí. Veitt ríkisábyrgð á láni að fjárhæð 2 millj. 580 þús. þýzkra marka. Lánið er til 5 ára og vextir 6%. Lánsfjárhæðin nemur 60% af kaupverði skipsins.

Varðandi þessi mál bæði er rétt að taka fram, að bæði hlutafélagið Ásfjall og bæjarútgerð Hafnarfjarðar hafa undirritað yfirlýsingu, þar sem lántakendur skuldbinda sig til þess að útvega nauðsynleg lán til þess, að þessi erlendu lán verði í reyndinni 15 ára lán.

3) Guðmundur Jörundsson, Akureyri, vegna Narfa. Ríkisábyrgð veitt á láni að fjárhæð 3468645 þýzk mörk. Lánið er til 12 ára með 6½% vöxtum á ári og nemur 90% af grunnverði skipsins.

4) Ísbjörninn h/f, Reykjavík, vegna Freys. Ríkisábyrgð veitt á láni að fjárhæð 3728950 þýzk mörk. Lánið er til 11½ árs með 6½% vöxtum og nemur 85% af kaupverði skipsins.

5) H/f Ísfell, Flateyri, vegna Sigurðar. Veitt ríkisábyrgð á láni að fjárhæð 3948300 þýzk mörk. Lánið er veitt til 12 ára með 6½% vöxtum og nemur 90% af kaupverði skipsins.

6) Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness h/f vegna Víkings. Það er sama lánsfjárhæð, greiðsluskilmálar, vaxtakjör og hluti af kaupverði og hjá Ísfelli h/f.

Þessar ríkisábyrgðir voru allar veittar á árinu 1959, en engar nýjar ábyrgðir hafa verið veittar vegna togarakaupa á árinu 1960.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég vil aðeins í framhaldi af því, sem hann tók fram um þessar ábyrgðir á lánum til 5 ára, benda á, að vitaskuld ríður mikið á því, að staðið verði við þær yfirlýsingar, sem gefnar voru í sambandi við þau lán. Eftir því sem ég hef fengið upplýst í sambandi við uppgjör ríkissjóðs fyrir nóvembermánuð, mun vera búið að leggja út úr ríkissjóði vegna h/f Ásfjalls 1 millj. 832 þús. á árinu 1960 og samtals allstóra fúlgu vegna bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, sem ég geri ráð fyrir að sé að mestu leyti vegna þess, hve þessi lán eru stutt. Það sýnist því ríða mikið á, að það geti orðið staðið við þær skuldbindingar eða yfirlýsingar, sem gefnar voru um að útvega hæfilega löng lán.

13. Framlag frá Bandaríkjunum.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um ráðstöfun 6 milljón dollara framlags frá Bandaríkjunum [154. mál, 1] (A. 271).

Á 33. fundi í Sþ., 19. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Það er engum blöðum um það að fletta, að það hefur orðið stórfelld uppbygging og miklar framfarir hér í landinu á síðustu áratugum, og þeirri uppbyggingu verður að halda áfram. Á þeim fáu mínútum, sem ég hef til að tala fyrir þessari fsp., verður ekki gerð mikil grein fyrir ýmsum möguleikum, sem eru á því að byggja upp íslenzkt atvinnulíf, en höfuðáherzlu ber auðvitað að leggja á, að það verði sem fjölbreyttast.

Alls staðar blasa möguleikarnir við, og má nefna í því sambandi t. d. framleiðslu fjölbreytilegra sjávarafurða, sem fluttar verði út tilbúnar til neyzlu, aukinn landbúnað og margvíslega vinnslu úr framleiðsluvörum landbúnaðarins, bæði til neyzlu innanlands og útflutnings. Þá má nefna fóðurbætisframleiðslu, fiskrækt, hagnýtingu jarðhita, efnaiðnað, vinnslu byggingarefna, skipa- og bátabygginga og margvíslegan iðnað annan, sem jöfnum höndum byggist á góðri verkmenningu og nægilegri orku, en undirstaðan er að sjálfsögðu hagnýting sjálfra orkulindanna. Í þessum greinum eru verkefnin nánast óþrjótandi, sem eiga að geta orðið undirstaða að áframhaldandi framförum og nægilegri atvinnu allra, sem búa hér á landinu, um ófyrirsjáanlega framtíð. Standa Íslendingar alveg

óvenjulega vel að vígi í þessu tillliti, þegar litið er til hinna mörgu ónotuðu möguleika.

Til þess að vel fari í þessum stórmálum og allir möguleikar nýtist svo sem hægt er, veltur á miklu, hvaða verkefni eru látin sitja fyrir stuðningi ríkisvaldsins og sitja fyrir því fé, sem til umráða er, hvort sem það er eigið fé eða fengið erlendis frá.

Það er sérstaklega þýðingarmikið, að það fé, sem fæst erlendis frá, verði ekki að eyðslueyri, heldur gangi til framkvæmda, sem verði undirstaða velmegunar í framtíðinni. Mótvirðisfé vegna gjafa frá Bandaríkjunum, á meðan Marshallaðstoðin stóð, var að mestu lagt til Framkvæmdabankans og er lánað þaðan til fjárfestingarlána í margar aðkallandi framkvæmdir, og er þetta fjármagn þegar orðið undirstaða mikilla framfara í landinu og verður framvegis aftur og aftur, jafnóðum og féð innheimtist og er lánað út aftur. Þannig þarf þetta að verða um sem allra mest af því fé, sem þjóðinni áskotnast, að það geti orðið undirstaða framkvæmda og framfara, en verði ekki að eyðslueyri.

Nú hefur komið tilkynning um, að Bandaríkjamenn hafi lagt fram 6 milljón dollara gjafafé, sem mundi samsvara sem allra næst 230 millj. ísl. kr., og hefur þá vaknað sú spurning hjá mörgum, eins og eðlilegt er, hvað hyggilegt muni vera að gera við mótvirðisfé þessarar fjárhæðar, sem kemur til með að safnast hér fyrir. Ég vil mega vona, að þetta fé geti orðið hér til ráðstöfunar á hliðstæðan hátt og annað mótvirðisfé hefur verið. Þessi fsp. lýtur að meðferðinni á þessu mótvirðisfé, þessum um það bil 230 millj. íslenzku kr. með núverandi gengi, sem ættu að verða til ráðstöfunar á næstunni, jafnóðum og þetta fé kemur inn í landið. Fsp. er því þannig: „Til hvers er ætlunin að verja mótvirði þeirra 6 millj. dollara, sem Bandaríkjastjórn lætur Íslandi í té samkv. tilkynningu ríkisstj., dags. 30. des. 1960?“

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og skýrt var frá í fréttatilkynningu ríkisstj. þann 30. des. s. l., hefur Bandaríkjastjórn veitt Íslandi 6 milljón dollara óafturkræft framlag til að styrkja gjaldeyrisstöðu landsins og stuðla að því, að jafnvægi geti náðst í efnahagsmálum þess. Til þess að þessi árangur geti náðst, má ekki að svo stöddu greiða út mótvirði fjárins í íslenzkum krónum. Það verður þess vegna geymt á sérstökum reikningi í Seðlabankanum. Frá þessu var einnig skýrt í tilkynningu ríkisstj. frá 30. des. s. l. Þegar öruggu jafnvægi hefur verið náð í efnahagsmálunum og gjaldeyrisaðstaðan er orðin nægilega trygg, má að sjálfsögðu losa hið geymda fé hægt og hægt, þannig að jafnvæginu verði ekki raskað né gjaldeyrisstöðunni stefnt í hættu. Enn hafa auðvitað engar ákvarðanir verið teknar um, hvernig þessu fé verði varið, þegar þar að kemur.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir upplýsingarnar. En ekki er hægt að vera mjög bjartsýnn um samkv. því, sem hann sagði, að því er mér virtist, að þetta fé komi fljótlega í umferð til framkvæmda. En ég vil leggja áherzlu á það fyrir mitt leyti, að það verði sem fyrst teknar ákvarðanir um að ráðstafa þessu mótvirðisfé innanlands til nauðsynlegra framkvæmda. Og það er mín skoðun, að það megi byrja á þeim ráðstöfunum mjög fljótlega, án þess að nokkur hætta sé á því, að það raski því, sem kallað er jafnvægi í fjármálum landsins. Í því sambandi vísa ég til þess, hvernig framkvæmdin hefur verið varðandi mótvirðisfé vegna Marshallaðstoðarinnar. Því hefur verið ráðstafað til útlána, að vísu talsverðum hluta af því smátt og smátt á talsvert löngu árabili. Ég fyrir mitt leyti legg áherzlu á, að það verði sem allra fyrst settar reglur um að nota þetta fé í því skyni að greiða fyrir framkvæmdum, til útlána, og þó að það verði ekki allt tekið í einu til þess, þá verði sem allra fyrst sett um það löggjöf til þess að tryggja, að þetta verði ekki að eyðslueyri.

Forsrh. (Ólafur Thors): Út af þessum seinustu ummælum hv. 1. þm. Austf. vil ég aðeins endurtaka það, sem ég áðan sagði, að þessu fé verður varið þannig, að það megi koma þjóðinni að sem beztum notum. og við skulum þá gjarnan segja: sem fyrst, án þess — og það er aðalatriðið — að með því verði tefit í tvísýnu um, að af því skapist ný verðbólga í landinu. Þetta verður auðvitað á hverjum tíma eftir því, hvert mat valdhafanna er, sem þá taka ákvarðanir. Og við vitum það þá, að ef hv. 1. þm. Austf. sezt aftur í sinn gamla stól, þá hefur hann þar að sjálfsögðu enn þá meiri áhrif en nú um það, hver hraðinn verður, og hann sýnist óska eftir, að hann verði sem mestur. Við óskum auðvitað í núv. stjórn eftir því, að þetta megi sem fyrst koma að því gagni, en leggjum megináherzlu á að forðast, að af þessu skapist nýr jafnvægisskortur í efnahagsmálum þjóðarinnar.

14. Lán til framkvæmda.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um viðræður varðandi lán til framkvæmda [154. mál, 2] (A. 271).

Á 33. fundi í Sþ., 19. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég þarf ekki langan formála fyrir þessari fsp. Ég fór áðan nokkrum orðum um fjárfestingarmálin almennt og skal ekkert endurtaka af því. En ég vil minna á, að hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún ætli að láta semja framkvæmdaáætlun fyrir næstu ár, og einkum hefur hæstv. forsrh. drepið á þetta og m. a. lýst þessu yfir í áramótaræðunni nú síðast. Ástæðan til þess, að ég kom með þessa fsp., er nánast sú, að í þessari ræðu lét hæstv. forsrh. þess getið, að viðræður væru hafnar við erlendar fjármálastofnanir, sem lagt gætu fjármagn til slíkra framkvæmda, eins og hann sagði orðrétt. En þar sem málið er svona langt komið áleiðis,

að farið er að ræða við erlendar fjármálastofnanir um einstakar framkvæmdir í þessu sambandi, eða þannig hef ég skilið þessi ummæli, þá finnst mér bráðnauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. greini Alþingi frá því, hvaða framkvæmdir það eru, sem hún hefur valið úr og telur að eigi að sitja fyrir í þessu efni og er þá væntanlega byrjað að ræða við erlendar fjármálastofnanir um. Ég vil í því sambandi alveg sérstaklega láta í ljós, að þar sem það er eitt höfuðatriðið í þjóðarbúskapnum að velja úr, hvað eigi að gera, þá tel ég mikla nauðsyn, að hæstv. ríkisstj. hafi samráð um það við Alþingi, og það er einnig ástæðan fyrir því, að ég taldi tímabært að spyrja um þessi mál nú.

Forsrh. (Ólafur Thors): Út af þessari fsp. hv. 1. þm. Austf. vil ég aðeins taka þetta fram:

Það var einn megintilgangur þeirra efnahagsráðstafana, sem ríkisstj. beitti sér fyrir á s. l. ári, að skapa nýjan grundvöll, til þess að Ísland gæti með eðlilegum hætti fengið lán til arðbærra framkvæmda frá þeim stofnunum, sem slík lán veita á alþjóðavettvangi. Ég á hér fyrst og fremst við Alþjóðabankann og systurstofnanir hans tvær og enn fremur Export Import bankann í Bandaríkjunum og hinn alþjóðlega framkvæmdasjóð Bandaríkjastjórnar. Það er augljóst, að nokkur tími varð að líða frá því, að ráðstöfununum var hrundið í framkvæmd, þar til sú reynsla væri komin á um framgang þeirra, að hægt væri að hefja viðræður við þessar stofnanir. Svo var það á ársfundi Alþjóðabankans í Washington í septembermánuði s. l., að fulltrúar Íslands áttu á þeim fundi viðræður við fulltrúa bankans. Var niðurstaða þeirra viðræðna, að tímabært þætti, að bankinn sendi bráðlega sendinefnd til Íslands, en bankinn hafði enga slíka nefnd sent hingað til landsins í hér um bil fimm ár, enn fremur tæki bankinn sérstaklega til athugunar eina ákveðna framkvæmd, þ. e. a. s. aukningu hitaveitunnar í Reykjavík. Jafnframt var rætt við fulltrúa bankans um þá allsherjar framkvæmdaáætlun, sem ríkisstj. hafði þá þegar ákveðið að láta semja, og möguleika bankans til þess að veita lán til annarra framkvæmda hér á landi, svo sem til raforkuframkvæmda, vega- og hafnargerða o. fl. Sendinefnd bankans kom svo hingað til landsins nú eftir áramótin og dvaldist hér um tveggja vikna skeið. Hún kynnti sér ástand efnahagsmála almennt og fyrirætlanir um framkvæmdir, einkum á sviði raforkumála, hafnar- og vegagerða, auk þeirrar aukningar hitaveitunnar, sem ég áðan gat um. Vonir standa til þess, að bankinn geti, áður en langt um líður, veitt lán til aukningar hitaveitunnar og að í kjölfar þess láns geti síðar sigið lán til annarra framkvæmda á grundvelli þeirrar framkvæmdaáætlunar, sem samin verður. Ríkisstj. hefur einnig kynnt sér nokkuð tækifæri Íslands eða möguleika til öflunar fjármagns til arðbærra framkvæmda frá öðrum aðilum, einkum frá Evrópulöndum. Ljóst er, að viðreisnaraðgerðir ríkisstj. hafa skapað algerlega nýtt viðhorf í þessum efnum. Haldist og treystist sá árangur, sem af þeim aðgerðum hefur náðst, munu allt önnur tækifæri skapast til heilbrigðrar fjáröflunar til eflingar atvinnulífsins en verið hefur á undanförnum árum.

Vænti ég, að þessar upplýsingar fullnægi hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég vil fyrst segja, að ég tek ekki sérlega hátíðlega þessar yfirlýsingar hæstv. forsrh. um, að hinar nýju efnahagsmálaráðstafanir ríkisstj. opni einhverja sérstaka möguleika eða muni vekja traust á Íslandi erlendis. Við getum talað um það á öðrum vettvangi. Það er nú upplýst, hvernig ástatt er með greiðsluútkomuna eða greiðsluhallann og þjóðarbúskapinn yfir höfuð eftir þetta fyrsta ár viðreisnarinnar, og það er hægt að segja ýmsum, en tæplega okkur, sem til þekkjum, að sú útkoma sé sérstaklega traustvekjandi, enda er ekkert nýtt í því, að Ísland fái lán erlendis. Það hefur verið stöðugt samband við Export Import bankann í Washington og margar lántökur verið framkvæmdar þar svo að segja árlega og eins efnahagsmálastofnun Bandaríkjanna. Það eina nýja, sem hefur gerzt í þessu, er þá það, að hingað hefur komið þessi nefnd frá Alþjóðabankanum. En eins og kunnugt er, voru síðustu viðskiptin við hann þau, að hann neitaði Íslendingum um lán til sementsverksmiðjunnar, af því að hún væri ríkisrekin.

Fram komu þær upplýsingar hjá hæstv. forsrh., að hitaveitan væri sú eina framkvæmd, sem ríkisstj. hefði farið fram á að fá lán til, eða þannig skildi ég hann, og hann leiðréttir það þá, ef það er misskilningur, — hitaveitan væri númer eitt, og geri ég ekki ráð fyrir því, að nokkur vilji finna að því.

En þá kom fram hjá honum, að þeir hefðu drepið á í þessum umr. við Alþjóðabankann, skildist mér, hafnarmál og vegamál og raforkuframkvæmdirnar. Vildi ég sérstaklega spyrja út af þessu, hvaða vegagerðir það eru, sem hæstv. ríkisstj. hefur þar sérstaklega í huga, og þá hvort Keflavíkurvegurinn nýi er þar í. Og einnig vildi ég leyfa mér, fyrst vegamálin ber hér á góma, að spyrja hæstv. forsrh. að því, hvernig ríkisstj. hefur hugsað sér að útvega fjármagn til Keflavíkurvegarins, því að það hefur ekki verið skýrt frá því hér á hv. Alþingi enn þá.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég legg áherzlu á, að hæstv. ríkisstj. hafi samráð við Alþingi um, hvaða framkvæmdir verða látnar sitja í fyrirrúmi, áður en hún fer lengra í þessum málum. Mér finnst það alveg eðlilegt og sjálfsagt.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég þekki nú hv. 1. þm. Austf. af langri viðkynningu, og mér datt náttúrlega ekki í hug að halda, að ég með einni setningu gæti snúið honum frá villu síns vegar í því máli, sem hér hefur verið deilt um vikum saman á þinginu. Ég hef víst að hans áliti alveg hæfilega mikið og hátt mat á sjálfum mér, en svo hátt hef ég það nú ekki, að ég geti náð úr honum allri þvermóðskunni með einni meinlausri setningu. En ég mætti kannske þó aðeins leiða athygli hans að því, að á seinni stjórnarárum hans sjálfs var Alþjóðabankinn ekki til viðtals um lánveitingar til Íslendinga, af hverju sem það stafaði, hann veit það eins vel og ég, og að nú hins vegar er Alþjóðabankinn til viðræðna um þetta og hefur sýnt

það í verki með því að senda hingað menn, eins og ég áðan gat um.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að hitaveitan er það mál, sem hefur fyrst komið til umræðu. Það er rétt, svo langt sem það nær. En það stafar líka af því, að eins og hann réttilega gat um, er hitaveitan mál, sem víst flestir eða allir hv. þm. geta sameinazt um, en auk þess er það eina málið, sem var fullundirbúið eða svo fullkomlega undirbúið, að það væri hægt að ræða það á grundvelli þeirra áætlana, sem fyrir liggja.

Ríkisstj. hefur hins vegar fullan hug á að hrinda í framkvæmd sem víðtækustum framfaramálum alþjóð til velfarnaðar. Og okkar fyrirhyggja er sú, að erlendir og innlendir fræðimenn leggi saman þekkingu sína og vitsmuni til þess að búa sem bezt úr garði þá framkvæmdaáætlun, sem svo yrði hafizt handa um að framkvæma. Um þetta hafa farið fram ýmsar viðræður, og ég held, að ég megi segja, að við höfum góðar vonir um, að það þurfi ekki að líða allt of langur tími, þar til betur sést fram á veginn í þessum efnum.

Hv. þm. spurði sérstaklega um, hvaða vegamál við hefðum í hyggju sérstaklega. Ég treysti mér ekki til að svara því á þessari stundu. Það hefur verið rætt hér á Alþingi oftar en einu sinni um, að nauðsyn bæri til, að þeir vegir, sem mest er umferðin um, gætu orðið byggðir úr varanlegra efni en nú er. Ég býst ekki við, að það þurfi að valda ágreiningi.

Þá spurði hv. þm. að lokum um, hvaðan yrði tekið fé til Keflavíkurvegar. Það hefur verið hugsað, að fyrstu byrjunarframkvæmdirnar allverulegar gætu fengizt af PL-peningunum, og svo eru frammi fleiri bollaleggingar um fjáröflun í því skyni, sem ég hygg að sé ekki tímabært að ræða um hér í dag. En það er unnið að því eftir leiðum, sem maður telur farsælastar verða fyrir hagsmuni þjóðarinnar.

15. Lán frá Bandaríkjunum.

Á 32. fundi í Sþ., 18. jan., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. varðandi ráðstöfun 6 milljón dollara lánsins frá Bandaríkjunum [154. mál, 3] (A. 271).

Á 33. fundi í Sþ., 19. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Eins og menn vita, hefur verið framkvæmd 6 milljón dollara lántaka í Bandaríkjunum. Þetta lánsfé hefur verið að koma inn í landið smátt og smátt undanfarin missiri. Ég er ekki einu sinni viss um, að það sé alveg allt komið inn í landið. Samt sem áður mun það nú að mestu leyti komið. Í fjárl. fyrir árið 1959 er þessi lántaka heimiluð og þar er heimiluð ráðstöfun á 98 millj. ísl. kr. af þessu láni. Þáv. hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, að það mundi verða síðar leitað samþykktar Alþingis fyrir ráðstöfun þess, sem eftir væri af fjármagninu, en það hefur ekki verið gert. Á hinn bóginn er það augljóst af ýmsu, að hæstv. ríkisstj. hefur ráðstafað miklu meira af þessu lánsfé en þessum 98 millj. En það er allt óljóst enn fyrir hv. þm. og öðrum, hversu miklu hefur verið ráðstafað af þessu stóra láni umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlagagr. frá 1959, og þá hvernig. Mér finnst þekki mega seinna vera, að hv. Alþ. fái skýrslu um, hvað búið er að gera í þessu, og raunar hefði mér fundizt, og ég vil alveg sérstaklega undirstrika það, að það hefði átt að leggja fyrir Alþ. til samþykktar í framhaldi af því, sem gert var 1959, hvernig ráðstafa skyldi því, sem eftir var af láninu.

Í leiðinni vildi ég svo fá að vita, ef hægt væri, og það ætti að vera hægt að segja um það núna, hversu mikið lánið muni nema samtals í íslenzkum krónum. Það hlýtur að vera hægt að sjá það núna, þar sem sér fyrir endann á því gengi, sem lánið verður yfirfært á, en það hefur verið yfirfært á mismunandi gengi. Sumt af því var flutt inn fyrir gengisbreytinguna og annað eftir gengisbreytinguna, þannig að það er ómögulegt fyrir ókunnuga að átta sig á því, hvað lánsfjárhæðin er há, og því spyr ég um það.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta lán mun nema samtals í íslenzkum krónum um 200 millj. Ríkisstj. hefur ákveðið ráðstöfun á jafnvirði 102 millj. kr. umfram þær 98 millj., sem ráðstafað var samkv. 22. gr. fjárlaga fyrir 1959. Þetta fé mun verða lánað eftirgreindum aðilum: 1) Raforkusjóði 52 millj 2) Fiskveiðasjóði Íslands 40 millj. 3) Sementsverksmiðju ríkisins 10 millj. kr. Samtals 102 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar, en aðeins endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég hefði álitið rétt, að hæstv. ríkisstj. hefði leitað samþykkis Alþingis fyrir ráðstöfun á þessum 102 millj., eins og gert var um hinar 98 milljónirnar.

16. Aðild ríkisstofnana að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um aðild ríkisstofnana að Vinnuveitendasambandi Íslands [176. mál] (A. 309).

Á 36. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Fsp. þessi hljóðar um það, hvaða ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki séu aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands og hvert hafi verið til-

lag þessara stofnana og fyrirtækja til Vinnuveitendasambandsins seinustu árin. Ástæðan til þess, að ég hef leyft mér að bera þessa fsp. fram, er í fyrsta lagi sú, að mér finnst það óeðlilegt fyrirkomulag, að ríkið eða ríkisstofnanir séu aðilar að Vinnuveitendasambandinu. Með þessu er síður en svo átt við það, að ég áliti ekki vinnuveitendasambönd eða samtök vera eðlileg og nauðsynleg. Ég tel, að þau séu sjálfsögð. En ég tel jafnframt, að ríkið eigi að standa utan og ofan við stéttadeilurnar, eigi ekki að vera aðili að neinum stéttasamtökum, heldur sé hlutverk þess einmitt að vera sáttasemjari milli stéttanna. Af þessari ástæðu tel ég þetta fyrirkomulag óeðlilegt, að ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir séu aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands. Auk þess er svo það að athuga, að þessu mun fylgja verulegur kostnaður. Ég man eftir því, að árið 1958 fékk ég upplýsingar um það, að gjöld Skipaútgerðar ríkisins til Vinnuveitendasambandsins hefðu numið tæpum 100 þús. kr. á því ári, og ég býst við, að þau gjöld hafi ekki lækkað síðan. Ýmis önnur fyrirtæki ríkisins, sem eru aðilar að Vinnuveitendasambandinu, munu jafnvel hafa greitt hærri upphæðir en þetta, að því er mér hefur verið sagt. Ég hef óskað eftir því, að þessar upplýsingar um tillög viðkomandi fyrirtækja til Vinnuveitendasambandsins næðu nokkuð langt aftur í tímann, m. a. til þess að fá um þetta sem fyllstar upplýsingar, og svo enn fremur, að ég hef talið rétt að láta það koma fram, að ég er ekki að ásaka núverandi hæstv. ríkisstj. fyrir það, að þetta fyrirkomulag hefur komizt upp, heldur hafa fyrirrennarar hennar skapað fordæmið í þessum efnum. En mér finnst þetta vera jafnóheppilegt fyrirkomulag fyrir það og þess vegna ætti að vinna að því, að það sköpuðust eðlileg samtök sem allra flestra um það, að þessu verði breytt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er: „Hvaða ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands?" Og í öðru lagi: „Hvert hefur verið tillag þessara stofnana og fyrirtækja til Vinnuveitendasambandsins seinustu 10 árin?"

Mér hefur þótt eðlilegast að fá um þetta svör beint frá Vinnuveitendasambandi Íslands og hef óskað eftir því að fá þau þaðan, og með bréfi, dags. í gær, hef ég fengið þau. Þetta bréf Vinnuveitendasambandsins hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt munnlegum tilmælum leyfum vér oss að gefa yður eftirfarandi upplýsingar um þær ríkisstofnanir og fyrirtæki, sem eru félagsmenn í Vinnuveitendasambandi Íslands, og hvert tillag þeirra hefur verið til sambands vors s. l. 10 ár.

Félagsmenn vorir, sem hér um ræðir, eru: Áburðarsala ríkisins, Landssmiðjan, allar síldarverksmiðjur ríkisins, þ. e. a. s. S. R. P. á Siglufirði, S. R. 30 á Siglufirði, S. R. N. á Siglufirði og S. R. 46 á Siglufirði, síldarverksmiðjan á Skagaströnd, síldarverksmiðjan á Húsavík og síldarverksmiðjan á Raufarhöfn. Auk þess Skipaútgerð ríkisins og Tunnuverksmiðjur ríkisins, bæði á Akureyri og Siglufirði."

„Framangreindir aðilar hafa," segir í bréfi Vinnuveitendasambandsins áfram, „greitt oss samtals á árunum 1951—1960, bæði árin meðtalin, kr. 1198462.66, eða sem svarar rétt rúmum 100 þús. kr. frá öllum fyrirtækjunum árlega samtals.

Til frekari upplýsinga sendum vér hér með afrit af bréfi forsrh. til sambands vors, dags. 30. apríl 1951, varðandi aðild ríkisstofnana að Vinnuveitendasambandi Íslands."

Þetta bréf er undirritað af Vinnuveitendasambandi Íslands, *Björgvin Sigurðsson.*

Ég tel rétt til frekari skýringar að lesa upp þetta fylgiskjal, sem vitnað er til í bréfi Vinnuveitendasambands Íslands og er frá forsrh. til Vinnuveitendasambandsins, dags. 30. apríl 1951, en bréf rn. er svo hljóðandi:

„Ríkisstj. hefur ákveðið, að þessar stofnanir skuli gerast aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands: 1) Grænmetisverzlun ríkisins og áburðarsala. 2) Skipaútgerð ríkisins. 3) Tunnuverksmiðjur ríkisins á Siglufirði og Akureyri. Landssmiðjan og síldarverksmiðjur ríkisins eru nú þegar aðilar að samtökunum. Þar sem samtök prentsmiðjueigenda eru ekki innan Vinnuveitendasambandsins, mun ríkisstj. taka til athugunar um þátttöku ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, þegar prentsmiðjueigendur kynnu að gerast aðilar. Áfengis- og tóbakseinkasölurnar munu eigi hafa í þjónustu sinni fólk, er verkföll taka til, og því ekki ástæða til, að þær gerist aðilar."

Þetta bréf er undirritað af þáverandi forsrh., Steingrími Steinþórssyni og ráðuneytisstjóranum, Birgi Thorlacius.

Fleira hef ég svo ekki um þetta að segja, vænti, að þessi svör fullnægi hv. fyrirspyrjanda. Um það, hvort rétt sé eða ekki rétt, að ríkið taki þátt í þessum samtökum eða fyrirtæki þess eða ekki, skal ég ekki ræða hér, enda tel ég það ekki eiga heima í þessum fyrirspurnatíma.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svar hans, þó að mér hefði þótt eðlilegra, að upplýsinganna hefði verið aflað hjá viðkomandi ríkisstofnunum heldur en Vinnuveitendasambandinu. Um þá upphæð, sem er nefnd í bréfi Vinnuveitendasambandsins, verð ég að segja það, að mér finnst hún vera grunsamlega lág, vegna þess að hún virðist ekki hafa verið öllu meiri til jafnaðar á ári en nemur því gjaldi, sem Skipaútgerð ríkisins greiðir ein. A. m. k. hygg ég, að mér sé óhætt að fullyrða það, að nú seinustu árin, 1958, 1959 og 1960, hafi gjöld þau, sem Skipaútgerð ríkisins hefur greitt Vinnuveitendasambandinu verið í kringum 100 þús. kr. á ári, og þar af leiðandi virðast greiðslurnar frá hinum fyrirtækjunum vera einkennilega litlar.

Ég er sammála hæstv. félmrh. um, að það liggur ekki fyrir í þessu sambandi eða í tilefni af þessari fsp. að ræða nánar um það, hvort rétt sé, að viðkomandi fyrirtæki séu áfram aðilar að Vinnuveitendasambandinu eða ekki, heldur er að sjálfsögðu eðlilegt, að það mál verði tekið upp með öðrum hætti.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í framhaldi af því, sem ég sagði áðan, og sem svar við þessum athugasemdum hv. fyrirspyrjanda skal ég

segja það, að ég hafði skilið síðari setninguna í hans fyrirspurn þannig, að þar væri einungis átt við heildarframlögin frá þessum fyrirtækjum til Vinnuveitendasambands Íslands. Það stendur, með leyfi hæstv. forseta, orðað þannig í fyrirspurninni: „Hvert hefur verið framlag þessara stofnana og fyrirtækja til Vinnuveitendasambandsins seinustu 10 árin?“ Skildi ég það svo, að þar væri átt við framlagið í heild. Annars mun að sjálfsögðu vera hægt að fá það nánar upplýst og sundurliðað, ef hv. fyrirspyrjandi kynni að óska eftir því, en slíka sundurliðun hef ég ekki við höndina.

En hvað því viðvíkur, að þessi framlög séu lág, — eða hann vildi næstum því telja, að þau væru tortryggilega lág, skildist mér, þar sem þau væru frá öllum þessum stofnunum samanlagt árlega rúmar 100 þús. kr. að meðaltali yfir þetta 10 ára tímabil, þá hef ég ekki annað svar við því að gefa en að bréfi Vinnuveitendasambandsins fylgir yfirlýsing frá endurskoðanda sambandsins, Hirti Péturssyni, löggiltum endurskoðanda, sem ég skal leyfa mér að lesa upp og er svo hljóðandi:

„Vinnuveitendasamband Íslands, Frikirkjuveg 3, Reykjavík.

Að beiðni yðar hef ég yfirfarið greiðslur ríkisfyrirtækja þeirra, sem nú eru meðlimir í samtökum yðar, en þau eru: Áburðarsala ríkisins, Landssmiðjan, Síldarverksmiðjur ríkisins, Skipaútgerð ríkisins og Tunnuverksmiðjur ríkisins. Samkvæmt bókum yðar hafa téð fyrirtæki greitt á árunum 1951—1960, að báðum árunum meðtöldum, samtals kr. 1198462.66“, eins og ég las upp áðan, þannig að upphæðin liggur fyrir vottuð af löggiltum endurskoðanda.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er rétt, að það komi fram, um leið og verið er að ræða og gefa upplýsingar um þetta, að eftir þessum upplýsingum er sem sé ætlað, að stærstu fyrirtæki ríkisins, áburðarverksmiðjan og sementsverksmiðjan, séu bæði utan við Vinnuveitendasamband Íslands og þess vegna ekki að neinu leyti bundin af þeim skuldbindingum, sem Vinnuveitendasamband Íslands kann að hafa skuldbundið sína meðlimi með, sem raunar hefði verið fróðlegt að fá að vita einnig, en um það mundi þurfa að spyrja sérstaklega, hvers konar skuldbindingar það eru, sem fyrirtæki ríkisins hafa gengið undir viðvíkjandi skaðabótum og öðru slíku með því að ganga í Vinnuveitendasamband Íslands.

Áburðarverksmiðja ríkisins er utan við þetta vinnuveitendasamband, og vegna þess að ég býst við, að margir hafi í huga þær vinnudeilur, sem fyrir dyrum standa, og mögulelka á kauphækkunum, sem atvinnurekendur í Vinnuveitendasambandi Íslands nú mjög sverja fyrir að þeir geti látið í té, þá er rétt að minna á, að áburðarverksmiðja ríkisins hefur greitt í vinnulaun samkv. reikningum næstsíðasta árs 5 millj. kr. til verkamanna sinna og hefur í tekjuafgang 11 millj. kr., sem mundi nægja, ef þeim tekjuafgangi væri varið einvörðungu til kauphækkunar, til þess að þrefalda kaupgreiðslur, þó að það sé að vísu ekki tillaga mín. En við sjáum á þessu eina fyrirtæki, sem við höfum þarna reikninga fyrir um, hvílíkur ofsagróði liggur þarna fyrir, og það væri æskilegt, að upplýsingar kæmu um fleiri fyrirtæki, líka þau, sem innan Vinnuveitendasambandsins eru, áður en sverfur til stáls.

17. Niðurgreiðsla á vöruverði.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um niðurgreiðslu á vöruverði [191. mál, 2] (A. 368).

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 368 flyt ég ásamt hv. 1. þm. Vestf. (ÁB) fsp. til hæstv. ríkisstj. um niðurgreiðslu á vöruverði. Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1) Hvaða vörutegundir voru greiddar niður, og hve miklu nam niðurgreiðslan á hverri vörutegund á s. l. ári miðað við kg eða lítra?

2) Hvað er áætlað, að niðurgreiðsla á hverri vörutegund nemi miklu samtals á yfirstandandi ári?“

Á fjárlögum yfirstandandi árs og fjárlögum 1960 eru áætlaðar 302.9 millj. kr. til niðurgreiðslna. Þar sem hér er um verulega háa fjárhæð að ræða, ber nauðsyn til, að hv. Alþ. fái þær upplýsingar, hvernig þetta skiptist á hinar einstöku vörutegundir eða hvort niðurgreiðslan á s. l. ári hefur numið þeirri upphæð, sem gert var ráð fyrir. Á a. m. k. tveim síðustu þingum hefur verið um það spurt hér á hv. Alþ., hvernig þessar niðurgreiðslur hafi skipzt á einstakar vörutegundir, og hefur hæstv. viðskmrh. orðið fyrir svörum af hálfu hæstv. ríkisstj. og gefið um það greinagóð svör. Ég vonast því til að fá um þessa fsp. einnig góð svör af hendi hæstv. ríkisstjórnar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrri fsp. er um það, hvaða vörutegundir hafi verið greiddar niður á s. l. ári og hversu miklu niðurgreiðslan hafi numið á hverri vörutegund. Sem svar við þessari fsp. vil ég gefa eftirfarandi upplýsingar, sem eru tæmandi skrá um þær niðurgreiðslur, sem í gildi voru um s. l. áramót:

Niðurgreiðsla á dilka- og geldfjárkjöti nam 7.80 kr. á kg, á ærkjöti 3.40 kr. á kg, en auk þessa er að geta um geymslu- og vaxtakostnað á kjöti, en þar er um að ræða mánaðarlega hækkun, sem nemur 30 aurum á kg frá 1. nóv. 1960. Á mjólk, — og er þar miðað við mjólk frá mjólkurbúum og heimamjólk, sem seld er frá viðurkenndum mjólkurbúðum, — er niðurgreiðslan 2.72 kr. á lítra. Niðurgreiðsla á heimamjólk, sem seld er utan mjólkurbúða beint til neytenda, nemur 1.80 kr. á lítra. Auk þess er greiddur niður hluti af flöskugjaldi, sem nemur 5 aurum á lítra. Niðurgreiðsla á smjöri nemur 34.35 kr. á kg. Niðurgreiðsla á kartöflum nemur 2.36 kr.

á kg, og er þá miðað við fyrsta flokks kartöflur, en auk þess er greiddur niður geymslukostnaður kartaflna, og var sú niðurgreiðsla 24 aurar á kg frá 1. nóv. s. l. til 1. febr., þegar hún hækkaði upp í 50 aura. Niðurgreiðsla á smjörlíki nemur 7.99 kr. á kg. Niðurgreiðsla á saltfiski nemur 9.15 kr. á kg. Niðurgreiðsla á nýjum þorski nemur 1.90 kr. á kg og nýrri ýsu 1.60 kr. á kg. Niðurgreiðsla á kaffi er ekki miðuð við kg, heldur er ákveðinn hundraðshluti af fob-verði hins innflutta kaffis, og nemur sá hundraðshluti 16.8% af fob-verðinu. Sama gildir um innfluttar fóðurvörur og innfluttan áburð, að niðurgreiðslan er miðuð við fob-verð í innflutningi, og nemur niðurgreiðslan á innfluttum fóðurbæti 18.61% af fob-verði og á innfluttum áburði sömu tölu, 18.61%. Er með þessu svarað fyrri fsp., um upphæð niðurgreiðslnanna á vörueiningu.

Síðari fsp. er um það, hvað áætlað sé, að heildarniðurgreiðslan á hverri vörutegund muni nema miklu samtals á því ári, sem nú er nýbyrjað, árinu 1961. Til þess að geta svarað þeirri fsp. þarf að áætla það magn, sem gert er ráð fyrir að seljist af hverri einstakri vörutegund á yfirstandandi ári. Þá áætlun, sem ég nú get um, hefur hagstofan gert eftir nýjustu og beztu fáanlegum upplýsingum og hefur endurskoðað þá áætlun, sem gerð var á sínum tíma í sambandi við undirbúning fjárlaga, og tekið tillit til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur síðan, og þeirrar nýjustu vitneskju, sem nú liggur fyrir. Ég ætla að geta um hvort tveggja, bæði vörumagnið, sem gert er ráð fyrir að selt verði, þó að ekki sé um það beinlínis spurt, og svo líka heildarniðurgreiðsluupphæðina á hverri vörutegund, og hygg ég, að með því verði svarið við spurningunni ljósast eða komi það greinilegast fram, sem fyrir hv. fyrirspyrjendum hefur vakað.

Áætlað magn af dilka- og geldfjárkjöti til sölu á yfirstandandi ári er 7600 tonn, þannig að heildarniðurgreiðsla er áætlað að munu verða 59 millj. 280 þús. Magn af ærkjöti er áætlað að munu verða 350 tonn, þannig að heildarniðurgreiðslan verður 1 millj. 190 þús. kr. En niðurgreiðslan af geymslu- og vaxtakostnaðinum, sem ég gat um áðan, 30 aurar á mánuði á kg, mun kosta 11 millj. 500 þús. Mjólkurmagnið, sem gert er ráð fyrir frá mjólkurbúum, og heimamjólk, seld úr viðurkenndum mjólkurbúðum, er áætlað að munu nema 40 millj. lítra, þannig að niðurgreiðsla á þessari mjólk mun kosta 108 millj. 800 þús. kr. Magn af heimamjólk seldri utan mjólkurbúða beint til neytenda er áætlað 2 millj. lítra, og er sú niðurgreiðsla talin kosta 3.6 millj. 5 aura niðurgreiðslan á flöskugjaldinu á 20 millj. lítra er talin munu kosta 1 millj. kr. Smjörsalan er áætluð 1200 tonn, þannig að smjörniðurgreiðslan mun kosta 41.2 millj. kr. Kartöflurnar eru áætlaðar 10 þús. tonn, þannig að kartöfluniðurgreiðslan mun kosta 23.6 millj. kr. Auk þess kemur sú niðurgreiðsla á geymslukostnaði kartaflna, sem ég gat um áðan og er áætlað að munu kosta 1 millj. kr. Smjörlíkismagnið er talið munu nema 2100 tonnum, þannig að smjörlíkisniðurgreiðslan er áætlað að munu nema 16 millj. 779 þús. kr. Saltfisksmagnið er talið munu vera 950 tonn, svo að saltfiksniðurgreiðsla er áætluð 8 millj. 693 þús. kr. Magnið af nýjum þorski er áætlað 2200 tonn, svo að sú niðurgreiðsla nemur 4 millj. 180 þús. kr., og magn af nýrri ýsu 4400 tonn, þannig að ýsuniðurgreiðslan er áætluð 7 millj. og 40 þús. kr. Kaffiinnflutningurinn er áætlaður 1350 tonn, svo að kaffiniðurgreiðslan verður 6.5 millj. kr. Fóðurvöruinnflutningurinn er áætlaður 18500 tonn, svo að fóðurvöruniðurgreiðslan nemur 12 millj. kr. Og áburðarinnflutningurinn er áætlaður 12 þús. tonn, þannig að áburðarniðurgreiðslan nemur 4.5 millj. kr. Kostnaður á yfirstandandi ári við allar þessar niðurgreiðslur — og listinn er tæmandi — er því áætlaður 310 millj. 862 þús. kr. Hér er um ellitíð hærri upphæð að ræða en gert er ráð fyrir í gildandi fjárlögum, en þar er gert ráð fyrir 302.9 millj. kr. í niðurgreiðslur, og stafar þessi mismunur af því, að hagstofan hefur framkvæmt endurskoðun á því magni, sem væntanlega muni koma til sölu og niðurgreiðslu af öllum þessum vörutegundum, samkv. þeirri reynslu, sem fengizt hefur, síðan hagstofan gerði sína áætlun í sambandi við undirbúning fjárl., og samkv. nýjustu upplýsingum, sem fyrir liggja. En hér skakkar í raun og veru mjög litlu.

Þá vil ég að síðustu geta þess, að niðurgreiðsla á unnum mjólkurvörum, öðrum en smjöri, var felld alveg niður frá og með 16. sept. s. l., og enn fremur er rétt, að það komi fram, að á árinu 1960 var hætt að greiða niður verð á ull, gærum og skinnum.

Með þessu vona ég, að fyrirspurnin hafi fengið tæmandi svar.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Tilgangur okkar fyrirspyrjenda var sá einn að fá þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. hefur nú gefið, svo að ég þakka honum fyrir upplýsingarnar, sem voru mjög greinagóðar.

18. Vistheimili fyrir stúlkur.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um undirbúning að byggingu og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur [191. mál, 1] (A. 368).

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var fsp. tekin til *meðferðar, hvort leyfð skyldi.*

Fsp. leyfð með 33:1 atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr,. var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 1. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Herra forseti. Árið 1955 var breytt lögum nr. 29 frá 9. apríl 1947. um vernd barna og ungmenna, þannig: „Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur. Ríkisstj. er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimilið og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir.“

Eftir að þessi lög höfðu verið samþykkt, var skipuð nefnd til þess að athuga húsnæði, sem nota mætti, eða benda á stað, sem heppilegur væri til þess að byggja á nýtt heimili. Skilaði sú nefnd ýtarlegu nál. Síðan urðu svo stjórnarskipti, og skilst mér, að sú hæstv. ríkisstj., sem þá tók við, hafi skipað nýja nefnd í málið og síðan hafi lítið eða ekkert verið gert í málinu, og því hef ég leyft mér að bera fram spurningar á þskj. 368, svo hljóðandi: „1) Hvað líður undirbúningi að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur samkv. l. nr. 20 16. apríl 1955? 2) Hve margar íslenzkar stúlkur hafa verið sendar á erlend vistheimili síðan 1956, og hve margar dveljast þar nú?" Er mér kunnugt um, að það var tekinn upp sá háttur að senda stúlkur út í staðinn fyrir að hafa þær hér heima. Væri því fróðlegt að fá að vita um, hve margar stúlkur eru erlendis á slíkum heimilum. „3) Eru til nokkrar skýrslur um það, hve margar stúlkur þurfa heimilisvist, og ef svo er, þá hverjar?" Í sambandi við þessa spurningu vil ég leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á, til að fyrirbyggja allan misskilning, að það er ekki spurt um það, hverjar séu stúlkurnar, sem þurfi vist, heldur hverjar séu skýrslurnar, sem fyrir hendi eru. „4) Hvað hyggst ríkisstj. gera til þess að framkvæma fyrrnefnd lög frá 1955?" Ég veit, að hæstv. menntmrh., sem hefur með þessi mál að gera, mun hafa kynnt sér þessi mál og er sjálfsagt kunnugur því, hvar skórinn kreppir hér að, og vænti ég því að fá svör við þessum spurningum nú á þessum fundi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. 1. liður fsp. er um það, hvað líði undirbúningi að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur samkv. lögum nr. 20 frá 16. apríl 1955.

Hinn 28. apríl 1955 fól menntmrn. stjórnarnefnd vistheimilisins að Breiðuvík, þeim Gísla Jónssyni alþm., Magnúsi Sigurðssyni skólastjóra og Þorkatli Kristjánssyni fulltrúa, að athuga um undirbúning að stofnun vistheimilis fyrir stúlkur, gera tillögur um hentugt húsnæði og annað, er að málinu lyti, og var þetta gert í framhaldi af þeirri lagabreytingu, sem hv. fyrirspyrjandi gat um í ræðu sinni áðan. Þessi nefnd skilaði álitsgerð 8. okt. 1955 og lagði eftirfarandi til: Í fyrsta lagi, að hafizt verði þegar handa um að koma upp nýrri vistheimilisbyggingu í þessu skyni fyrir a. m. k. 30 stúlkur, auk starfsmanna, með nauðsynlegum vinnustofum og kennslustofum. Húsameistari ríkisins gerði fyrir n. uppdrætti að slíku heimili, og var byggingarkostnaður þá áætlaður um 2 millj. kr. Í öðru lagi, að tekin verði árlega í fjárlög 1 millj. kr. til byggingarinnar, unz henni verði lokið, eða lægri fjárhæð að viðbættri lántökuheimild, er samtals nemi framangreindri upphæð. Í þriðja lagi var það í till. þessarar n., að stofnuninni yrði tryggt nægilegt land og hitaréttindi að Sólheimum í Grímsnesi eða Reykjanesi ásamt Reykjalundi í Grímsnesi. Og í fjórða lagi, að leitað væri eftir samkomulagi við bæjar- og sveitarfélög, sem þurfa að koma fyrir börnum og öryrkjum í sérstökum stofnunum, með samstarfi um stofnun og rekstur slíkra heimila.

Þetta voru tillögur stjórnarnefndar vistheimilisins á Breiðuvík varðandi framkvæmd þeirrar lagabreytingar, þar sem gert var ráð fyrir heimild til handa ríkisstj. að koma upp nýju vistheimili fyrir stúlkur. Hins vegar var ekkert fé veitt á fjárlögum til byggingar slíks vistheimilis, og þess vegna var að sjálfsögðu ekki hægt að hefjast handa um neinar framkvæmdir. Höfuðástæða þess, að Alþingi veitti ekki fé á fjárlögum til byggingar vistheimilis fyrir stúlkur, hefur án efa verið sú, að ríkið var að byggja vistheimili fyrir pilta í Breiðuvík, og Alþingi mun eflaust hafa þótt rétt að nota það fé allt, sem á annað borð væri tiltækilegt í þágu þessara málefna, til þess að ljúka byggingu heimilisins í Breiðuvík, áður en hafin yrði bygging nýs heimilis fyrir stúlkur.

Eftir að ég tók við forstöðu menntmrn. sumarið 1956, varð ég þess auk þess var, að talsverður ágreiningur var meðal þeirra, sem áhuga og kunnugleika höfðu á þessum málum, um bæði stærð og staðarval slíks nýs vistheimilis fyrir stúlkur. Þess vegna var það, að hinn 2. des. 1957 skipaði menntmrh. nefnd til að athuga og gera rökstuddar tillögur um stofnun, staðsetningu og rekstur vistheimilis fyrir stúlkur, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum, eins og segir í skipunarbréfi n. Í n. áttu sæti dr. Símon Jóhannes Ágústsson prófessor, formaður, skipaður af ráðuneytinu án tilnefningar, Halldóra Eggertsdóttir námsstjóri, tilnefnd af Bandalagi kvenna, Jóhanna Egilsdóttir, tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands, Guðlaug Narfadóttir, tilnefnd af áfengisvarnanefnd kvenna, Jónína Guðmundsdóttir, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands, og Petrína Jakobsson, skipuð af rn. án tilnefningar. Í forföllum Halldóru Eggertsdóttur tók Valgerður Gísladóttir síðan sæti í n. Tillögur þessarar n. voru eftirfarandi: 1) Vistheimili verði reist fyrir 12 stúlkur, sem taldar eru á glapstigum, á aldrinum 13—18 ára. 2) Staðsetning heimilisins verði að Úlfarsá í Mosfellssveit. 3) Jafnframt því, sem Alþingi veiti fé til þess að reisa vistheimilið, geri menntmrn. ráðstafanir til þess, að a. m. k. 3 konur búi sig á beztu stöðum erlendis undir það að starfa við heimilið, tvær til að verða forstöðukonur, húsmæður, en ein til að verða árkona (social worker). N. taldi koma til greina að reka að Úlfarsá til bráðabirgða heimili fyrir 6 stúlkur.

Þessar tillögur hafa því miður ekki heldur getað komið til framkvæmda, þar eð fjárveitingar hafa ekki heldur verið nægilegar til að hrinda þeim í framkvæmd, þó að framkvæmd þessara tillagna mundi að vísu kosta mun minna en þeirra tillagna stjórnarnefndar Breiðuvíkurheimilisins, sem ég gat um fyrr. Þó er þess að geta, að árið 1959 voru teknar 300 þús. kr. í fjárlög til byggingar slíks vistheimilis fyrir stúlkur, og hefur sú upphæð verið á fjárlögum síðan, þannig að nú eru fyrir hendi 900 þús. kr. til byggingar slíks vistheimilis fyrir stúlkur. En til samanburðar má geta þess, að stofnkostnður drengjaheimilisins í Breiðuvík er nú orðinn 3.5 millj. kr., en miklum stofnkostnaðarframkvæmdum er enn ólokið. Árlegur rekstrarkostnaður drengjaheimilisins í Breiðuvík er 972 þús. kr. En enn hefur ekkert fé verið veitt á fjárlögum til rekstrar vistheimilis fyrir stúlkur.

Þessar 900 þús. kr., sem veittar hafa verið til stofnkostnaðarframkvæmdanna, eru ekki enn nægi-

lega mikil fjárhæð til þess, að verjandi sé að hefja með því fé byggingu vistheimilis, sem án efa mun kosta þre- eða fjórfalda þessa upphæð. En þar eð mér er og var ljóst, að hér er um mikið vandamál að ræða, datt mér á sínum tíma í hug, hvort ekki væri unnt að leysa vandræði a. m. k. sumra þeirra stúlkna, sem hér um ræðir, með því að koma þeim fyrir á viðurkenndum skóla- eða vistheimilum erlendis, enda mundi stúlkunum í mörgum tilfellum verða auðveldara í umhverfi, sem þekkir ekki bresti þeirra, að snúa inn á hollari brautir og auk þess minni hætta á, að þær lendi aftur í sömu örðugleikum heima, ef gömul óheillasambönd hafa gersamlega verið rofin með dvöl erlendis í nokkurn tíma. Menntmrn. leitaði aðstoðar danskra stjórnarvalda til að mega vista nokkrar stúlkur á slíkum heimilum þar í landi og fékk um það fyrirheit. Í samræmi við þetta hafa nokkrar stúlkur verið vistaðar erlendis.

Hinn 26. febr. 1959 skipaði ráðuneytið n. til að fjalla um vandamál þeirra stúlkna, sem til greina kæmi að vista erlendis, og fylgjast með þeim. Í þessari n. eiga sæti Guðlaug Narfadóttir, formaður, Sigríður Sumarliðadóttir lögreglukona og Magnús Sigurðsson skólastjóri, en 22. sept. 1960 tók Auður Vilhjálmsdóttir stud. theol. sæti í n. í stað Sigríðar Sumarliðadóttur, sem nú dvelst erlendis við framhaldsnám.

2. liður fsp. er um það, hversu margar stúlkur hafi verið sendar á erlend vistheimili síðan 1956 og hversu margar dveljist þar nú, og 3. liðurinn er um það, hvort nokkrar skýrslur séu til um það, hversu margar stúlkur þurfi heimilisvist, og ef svo er, hverjar þær skýrslur þá séu. Samkv. skýrslu þeirrar nefndar, sem ég nú var að nefna og hefur ráðstafað stúlkum til vistar í Danmörku, hafa 9 stúlkur dvalizt erlendis á vegum n. Eru 4 þeirra nú á vistheimilum í Danmörku, en 5 komnar heim aftur, og virðist árangur af dvöl þeirra ýmist sæmilegur eða ágætur, eftir því sem segir í skýrslu n. 2 stúlkur bíða nú eftir hælisvist í Danmörku.

Í skýrslu n. þeirrar, sem prof. Simon Jóh. Ágústsson var formaður fyrir og ég gat um áðan, en skýrslan er dags. 11. nóv. 1958, segir svo um fjölda þeirra stúlkna, sem kynnu að þarfnast hælisvistar: Samkv. upplýsingum frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur 1958 hefur hún haft skipti af 20 stúlkum að meðaltali á ári á aldrinum 13—16 ára undanfarin fimm ár. Kvenlögreglan í Reykjavík hafði árið 1957 skipti af 36 stúlkum á aldrinum 13—17 ára, sem neyta oft víns. Verið getur raunar, að hjálpa mætti mörgum þessum stúlkum á annan veg en með því að koma þeim á vistheimili, en hitt er á að líta, að heimili þetta tæki við stúlkum af öllu landinu. — Í framhaldi af þessum upplýsingum n. má geta þess, að á árunum 1959 og 1960 mun barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafa haft afskipti af svipuðum fjölda stúlkna og á undan er getið, eða um 20 á ári, og telur Þorkell Kristjánsson fulltrúi barnaverndarnefndar, að um 15 þessara stúlkna mundu þurfa hælisvist, en vandræði þessara stúlkna munu hafa verið fólgin í útivist, lauslæti og drykkjuskap. Á árinu 1958 hafði kvenlögreglan í Reykjavík afskipti af 57 stúlkum á aldrinum 13—18 ára, en á árinu 1959 var fjöldi þessara stúlkna 89, en af þeim telur Guðrún Sverrisdóttir lögreglukona að um 18 muni hafa brýna þörf á hælisvist.

4. liður fsp. er um það, hvað ríkisstj. hyggist gera til þess að framkvæma áðurnefnd lög frá 1955. Eins og komið hefur fram þegar í því, sem ég hef sagt til svars við þremur fyrstu liðum fsp., hefur á undanförnum árum allmikið verið unnið að þessu máli, enda hafa þrjár nefndir manna og kvenna, sem hafa reynslu og sérþekkingu í þessum efnum, unnið með ýmsum hætti að undirbúningi málsins og framkvæmdum. Í því sambandi hafa ýmsir, svo sem dr. Simon Jóh. Ágústsson, Halldóra Eggertsdóttir námsstjóri og Sigríður Sumarliðadóttir lögreglukona, kynnt sér rekstur stúlknaheimila erlendis. En ekki verður lögð nógsamlega rík áherzla á, að mál af þessu tagi hljóti mjög vandlegan og rækilegan undirbúning og ekki verði rasað í neinu um ráð fram varðandi staðarval og fyrirkomulag heimilisins að öðru leyti. En n. þær, sem fjallað hafa um þetta mál og falið hefur verið að gera tillögur um það, hafa ekki verið sammála, hvorki um staðarval né heldur fjölda viststúlkna, þ. e. stærð heimilisins, en hvort tveggja þetta eru grundvallaratriði í sambandi við frambúðarlausn málsins.

Þá er rétt að víkja að þeirri tilraun, sem gerð hefur verið í því skyni að leysa þetta mikla vandamál til bráðabirgða með þeim hætti að vista stúlkur á skóla- eða vistheimilum erlendis. Eins og ég gat um áðan, hafa 9 stúlkur verið vistaðar í Danmörku í þessu skyni og eru 5 þeirra komnar heim aftur, og segir svo um reynslu af dvöl þessara stúlkna í bréfi frá kvenlögreglu Reykjavíkur, dags. 29. okt. s. l.:

„Stúlkur þær, sem kvenlögreglan hafði áður mikil afskipti af, en dvalið hafa um tíma á vistheimilum erlendis á vegum nefndar þeirrar, sem skipuð var af menntmrn. 26. sept. 1959, hafa eftir heimkomu sína komið vel fram og hvergi komið við sögu kvenlögreglu síðan.“

Þá eru og mjög athyglisverðar umsagnir foreldra þessara stúlkna. Um stúlku A segja foreldrar, að hún hafi mikið mannazt af dvöl sinni erlendis, og votta foreldrarnir n. og þeim, sem sáu um dvöl hennar erlendis, mikið þakklæti. Um stúlku B segir, að eftir heimkomuna hafi hún strax farið í vinnu, sem hún stundi mjög vel, sjálf sé hún mjög ánægð með veru sína í skólanum og þakklát fyrir hjálpina. Virðist hún með veru sinni erlendis hafa komizt yfir alla örðugleika. Fyrir þetta er ég þakklátur, segir faðir stúlkunnar í bréfi. Stúlka C er af móður sinni sögð hafa haft mjög gott af veru sinni í Danmörku, sé byrjuð að vinna og sé áhugasöm fyrir starfi sínu. Foreldrar stúlku D telja, að engin leið sé ákjósanlegri en sú, sem farin var, til þess að ná góðum árangri. Foreldrar stúlku E þakka þá miklu aðstoð, sem þeim er veitt til að vista dóttur þeirra erlendis, og segir svo í umsögn þeirra: „Teljum vér, að för þessi hafi bjargað dóttur okkar af villigötum. Er hún gerbreytt stúlka eftir dvöl þessa ytra. Reynsla er komin á, að hér er ekki aðeins um skammvinna breytingu að ræða, því að nú er liðið á annað ár, frá því að hún kom heim, en hún hefur komið í hvívetna vel fram síðan.“

Þessi tilraun með vistun stúlkna erlendis virðist

því greinilega hafa gefið góða raun og bætt að nokkru úr brýnustu þörf í bili, og ég tel reynsluna af þessari tilraun vera svo athyglisverða, að slíkar ráðstafanir hljóti framvegis að vera meðal þeirra úrræða, sem til greina koma, þegar velja skal í einstökum tilvikum um leiðir til að bjarga ungum stúlkum af glapstigum. Í þessu sambandi tel ég og rétt og skylt að geta þess, að dönsk stjórnarvöld hafa sýnt frábæra lipurð og framúrskarandi fyrirgreiðslu í sambandi við vistun framangreindra stúlkna á skóla- og vistheimilum í Danmörku, en aðsókn þarlendra að slíkum heimilum er miklum mun meiri en hægt er að fullnægja, og elga dönsk stjórnarvöld því miklar þakkir skildar fyrir aðstoð við Íslendinga í þessum efnum.

Þegar samstaða hefur fengizt um staðaryal og stærð vistheimilis fyrir stúlkur og önnur grundvallarsjónarmið liggja ljóst fyrir og þegar nægilegt fé hefur verið veitt af Alþingi á fjárlögum til byggingar slíks heimilis, tel ég rétt og sjálfsagt að hefjast handa um byggingu, og er vonandi, að þessum skilyrðum, sem ég nú gat um, verði fullnægt innan tíðar, því að um það á enginn ágreiningur að þurfa að vera, að hér sé um knýjandi þjóðfélagsvandamál að ræða og auk þess viðkvæm tilfinningamál, sem varða heill og hamingju margra einstaklinga og fjölskyldna. En á það vil ég aftur leggja áherzlu, að það er mjög mikilvægt, að mjög sé vandað til undirbúnings máls eins og þessa og gætt fyllstu forsjár og framsýni í hvívetna.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans glöggu upplýsingar í sambandi við þetta mál. Það gefst að sjálfsögðu ekki tími hér til þess að ræða hin einstöku atriði. Til þess að það sé hægt, verður að bera málið fram í öðru formi, þar sem umræður í fyrirspurnatímum eru takmarkaðar. En hér eru svo margar upplýsingar athyglisverðar, að þær gefa mér tilefni til þess að hreyfa málinu á ný og ræða þá sérstaklega staðarvalið, þar sem ég tel, að ríkisstj. uppfylli ekki ákvæði 1. gr. l. frá 1947, nema því aðeins að hún hefjist handa strax um að ákveða stað og stærð heimilisins. Það er skýrt ákveðið í l., að þetta skuli gert. Ég er engan veginn sammála þeirri nefnd, sem skipuð var síðar, og sýnist mér, að verk hennar hafi verið til þess að torvelda þetta mál, en ekki til þess að bjarga því, því að ég hygg, að ef það verður lagt undir dóm óvilhallra manna, þá sé Úlfarsá einhver óheppilegasti staðurinn fyrir slíkt heimili og tillaga um þann stað beinlínis til skemmdar fyrir málið, en ekki til að hjálpa því áfram. Því vænti ég þess, að hæstv. ráðh. láti þegar hefjast handa um að ákveða, hvar heimilið skuli reist og hve stórt það skuli vera.

1956 lágu fyrir teikningar um bæði stúlkna- og drengjaheimili, og þá voru áætlanir um, að hvort heimilið um sig ætti að vera fyrir 30 vistmenn og kosta um 6 millj. kr. hvort á þeim tíma, svo að heimilið í Breiðuvík, sem er nú komið upp í 3½ millj., hefur þó ekki náð þeirri upphæð enn, sem gert var ráð fyrir, enda engan veginn getað teklð við nema 15 nemendum. Hitt er svo vitað, að sá árangur, sem hefur náðst í Breiðuvík, er miklu meiri en sem svarar því fé, sem lagt er til þess árlega. Það vita þeir bezt, sem þar hafa unnið að.

Ég skal ekki ræða um þetta mál nánar nú, en mér gefst kannske tækifæri til þess að ræða annan þátt málsins, sem er sending stúlknanna til útlanda, því að það er miklu alvarlegra mál en kemur fram í þessum umræðum.

19. Lánveitingar úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um lánveitingar úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitabæja [199. mál] (A. 396).

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Sþ., 1. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Sú venja hefur skapazt að undanförnu, að lánveitingar úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitabæja hafa aðallega farið fram í desembermánuði eða á síðustu vikum hvers árs. En þær umsóknir, sem borizt hafa skömmu fyrir áramót og ekki unnt að afgreiða fyrir áramótin, hafa að jafnaði verið afgreiddar síðari hluta vetrar, í febrúar og marzmánuði. Á þessum vetri var þessari venju fylgt að því leyti, að margar umsóknir um lán úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði voru afgreiddar fyrir áramótin. Hins vegar munu þrátt fyrir það vera óafgreiddar allmargar umsóknir um lán úr þessum sjóðum, og hygg ég, að til þess að veita lán samkv. þeim umsóknum, sem enn eru óafgreiddar, þurfi sjóðirnir að hafa til ráðstöfunar nokkrar milljónir króna. Nú eru komin mánaðamót febrúar og marz, og ég hygg, að lánveitingar hafi ekki enn þá hafizt samkv. þeim umsóknum, sem eru óafgreiddar. Þess vegna hef ég ásamt 2. þm. Sunnl. og 1. þm. Vesturl. leyft mér að bera fram fsp. þá, sem prentuð er á þskj. 396.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fsp. samhljóða þessari var svarað hér fyrir að mig minnir rúmri viku, en þá mun þessi fsp. hafa verið komin í prentun, að öðrum kosti hygg ég, að hún hefði ekki verið lögð formlega fram. Þetta var undir umr. hér í hv. Alþ., og fyrirspyrjandinn þá var hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég get að sjálfsögðu ekkert nýtt sagt í þessu sambandi nú varðandi þessa fsp., en ég get til áréttingar endurtekið það, sem ég þá sagði.

Það er rétt, sem hv. fyrsti fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að það hefur skapazt venja í sambandi við lánamál ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs sveitabæja, sú venja að lána mestan hlutann í desembermánuði ár hvert, en þær umsóknir, sem berast svo seint, að ekki gefst tími til að afgreiða þær fyrir jól, hafa alltaf verið látnar bíða a. m. k.

fram í marzmánuð. Það hefur verið reglan. Á s. l. ári mun þetta hafa dregizt fram í apríl. Það, sem nú er eftir að lána út á framkvæmdir fyrra árs, er ekki meira en verið hefur undanfarin ár. Það, sem fyrir liggur af umsóknum um lán úr ræktunarsjóði, er um 6.8 millj. kr. og úr byggingarsjóði um 2.3 millj. kr., samtals 9.1 millj.

Ég get endurtekið það, sem ég sagði, þegar fsp. var borin fram óformlega hér áður, að þessar lánveitingar munu fara fram í marz eða apríl n. k. Hef ég svo ekki neinu verulegu við þetta að bæta, vona, að hv. fyrirspyrjendur láti sér þetta nægja.

Fyrirspyrjandi (Páll Þorsteinsson): Ég vil þakka hæstv. landbrh. þau svör, sem hann hefur gefið við þessum fyrirspurnum. En út af því, sem fram kom í svari hans, að þessu máli hefði verið svarað vegna óformlegrar fyrirspurnar fyrir viku, vil ég taka það fram, að það mun hafa átt sér stað, að ég ætla, við umr. í Nd., en þar sem ég á sæti í Ed., var mér ekki um það kunnugt. Og á hinn bóginn ber fyrirspurnin það með sér, að þetta er 199. mál þingsins, og mun þá hafa verið búið að leggja fsp. fram í handriti, þótt nokkur dráttur yrði á, að þskj. yrði prentað. Í öðru lagi má ætla, að hæstv. ráðherra finnist það ekki miður farið, að slíkar fsp. komi fram á prentuðu þskj., eins og þingsköp mæla fyrir um. En um efni málsins er það að segja, að ég fagna því, að hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir hér, að lánveitingar úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði út á þær umsóknir, sem enn eru óafgreiddar, muni fara fram í þessum mánuði eða hinum næsta, og vil ég treysta því, að þetta bregðist ekki. Ráðh. staðfestir með svari sínu það, sem ég gaf í skyn í fyrri ræðu minni, að óafgreiddar umsóknir mundu vera svo margar, að sjóðirnir þyrftu að hafa til ráðstöfunar nokkrar milljónir til að geta afgreitt þær. Það kom fram í svari hæstv. ráðh., að til þess muni þurfa 9.1 millj. kr. samtals.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. gat um í svari sínu, að fyrirspurn um þetta sama atriði bar hér að í hv. Nd. fyrir nálega viku. Þá gat hann þess, sem hann gerði nú, að þetta lánamál yrði leyst í marz eða ef til vill dægist það eitthvað fram í apríl. En hann gat þess þá, sem hann vék ekki að núna, hæstv. ráðh., að hann gerði ráð fyrir, að það þyrfti engrar fjáröflunar til deildanna, byggingarsjóðs eða ræktunarsjóðs, í þessu skyni, vegna þess að þessir sjóðir ættu á tímabilinu frá janúar til marz eða í lengsta lagi til apríl að geta verið sjálfbjarga í þessu efni vegna þá innkominna afborgana og vaxta af lánum, sem hefði ekki um áramót verið búið að greiða.

Ég vil ekki efa það, að hæstv. ráðh. telur sig ekki vita betur en að þetta mál leysist á þeim tíma, sem hann talar um. En ég óttast, að hæstv. ráðh. sé of bjartsýnn í því efni, ef svo er, að þessar lánadeildir bankans eigi að leysa málið algerlega með eigin handbæru fé. Ég tel það ákaflega veika von og reyndar mjög hæpna, að hægt sé að treysta því, að ræktunar- og byggingarsjóður verði á tímabilinu jan.—marz eða jafnvel fram í apríl búnir að fá inn í vexti og afborganir af lánum nálægt 9 millj. kr., sem hægt sé svo að verja til nýrra lána. Hæstv. ráðh. hlýtur að vera það jafnljóst og öðrum, að bændur eru almennt verr settir nú en verið hefur um langt árabil í því efni að geta staðið í skilum, og það er ekki sennilegt, að þeir, sem ekki gátu greitt af lánum sínum fyrir áramót, geti það almennt í stórum stíl á þessu umrædda tímabili, ekki sízt þegar á það er að líta, að í marz og apríl er mikill útgjaldatími fyrir bændur vegna áburðarkaupa, sáðvara o. fl., o. fl.

Ég vil þess vegna vænta þess, að hæstv. ráðh. íhugi þetta nánar og geri ráðstafanir til, að bætt verði við fé til deildanna, ef með þarf. Og einnig vænti ég þess, að ekki dragist lengur en fram í þennan nýbyrjaða mánuð, að umrædd lán verði öll afgreidd. Hér er um mjög aðkallandi mál að ræða, sem þolir ekki lengri bið en orðin er, eins og hv. fyrirspyrjandi vék að.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefði eiginlega ekki þurft að taka í árina með flokksbróður sínum, hv. 5. þm. Austf., í sambandi við þetta og bæta við þessum athugasemdum. Hv. þm. átti að vera það nóg, að ég lýsti því hér yfir áðan, að þessi lán mundu fara fram í marz og apríl. Hvort það verður af því fé, sem bankinn innheimtir í vöxtum og afborgunum vegna útistandandi lána á þessu tímabili, eða með öðru fé, þá skiptir það vitanlega ekki aðalmáli, og bændurnir, sem lánin eiga að fá, spyrja ekki að því. Þeir spyrja ekki að því, hvort það sé nýtt fé, sem ríkisstj. hefur útvegað bankanum, eða hvort það séu vaxtatekjur og afborganagreiðslur, sem bankinn hafi. Þeir spyrja að því, hvort þeir fái lánin, og þeir hafa fengið svar við því, og það eru alveg óþarfar vífilengjur hjá þessum hv. þm. eftir þau svör, sem ég hafði gefið hér áðan. Enda þótt hann sé nú orðinn bankastjóri og ætti að vera kunnugur bankarekstri, þá er alveg óþarfi fyrir hann að vera að vekja alveg sérstaklega athygli á því hér við þessa umræðu.

Það má benda á, að ræktunarsjóður fær fé á fjárlögum, það er lítið, en það er 1.6 millj., sem hann má þó nota í þessu skyni. Byggingarsjóður fær 2.5 millj. kr. á fjárlögum, sem eitthvað mætti gera við, en ógreiddar voru úr byggingarsjóði 2.3 millj. kr.

Vaxtatekjur af útistandandi skuldum ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs og afborganir á þessum tíma hljóta að verða talsverðar. Ég vek athygli á því. Að vísu eiga þessi árgjöld að greiðast fyrir áramót, en bankinn gerir sérstakar ráðstafanir, ef ekki er greitt fyrir marzlok, sendir út sérstakar rukkanir með sérstökum áminningum og vekur athygli á því, að það þurfi að greiðast í síðasta lagi fyrir marzlok. Að því leiðir að menn, sem greiddu ekki fyrir áramót, munu keppast við að greiða fyrir marzlok til þess að verða ekki vanskilamenn. Það getur verið, að einhverjum finnist, að ég ætti að þakka fyrir þær ráðleggingar, sem hv. þm. gaf mér hér áðan, en ég ætla nú að láta það vera, og ég ætla, að flestum öðrum hv. þm. nægi það svar, sem ég gaf áðan.